ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 54

21. árgangur

25.9.2014

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2014/EES/54/01 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 84/2014 frá 30. janúar 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Pediococcus pentosaceus* DSM 14021, *Pediococcus pentosaceus* DSM 23688 eða *Pediococcus pentosaceus* DSM 23689 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 1

2014/EES/54/02 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2014 frá 5. febrúar 2014 um töku fóðuraukefnanna kóbaltklóríðhexahýdrats, kóbaltnítrathexahýdrats og kóbaltsúlfatmónóhýdrats af markaði og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1334/2003 . . . 5

2014/EES/54/03 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 101/2014 frá 4. febrúar 2014 um leyfi fyrir L-týrósíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 7

2014/EES/54/04 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 121/2014 frá 7. febrúar 2014 um leyfi fyrir L-selenmeþíóníni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 10

2014/EES/54/05 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1365/2013 frá 18. desember 2013 um leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fóðuraukefni fyrir aukategundir alifugla til eldis og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) 13

2014/EES/54/06 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 5/2014 frá 6. janúar 2014 um breytingu á tilskipun 2008/38/EB um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun fóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga 16

2014/EES/54/07 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1404/2013 frá 20. desember 2013 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er BASF SE) 23

2014/EES/54/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 131/2014 frá 11. febrúar 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013 um leyfi fyrir kóbalt(II)asetattetrahýdrati, kóbalt(II)karbónati, kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)-mónóhýdrati, kóbalt(II)súlfatheptahýdrati og húðuðu, kornuðu kóbalt(II)-karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati sem fóðuraukefnum 26

2014/EES/54/09 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 209/2013 frá 11. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar örverufræðilegar viðmiðanir fyrir spírur og reglur um töku sýna úr alifuglaskrokkum og nýju alifuglakjöti 34

2014/EES/54/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2013 frá 22. júlí 2013 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar faggildingu opinberra rannsóknarstofa sem annast opinberar prófanir vegna tríkínu og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 39

2014/EES/54/11 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1086/2011 frá 27. október 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar *salmonellu* í nýju alifuglakjöti 41

2014/EES/54/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1317/2013 frá 16. desember 2013 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2,4-D, beflúbútamíð, sýklanilíð, díníkónasól, flórasúlam, metólaklór, S-metólaklór og milbemektín í eða á tilteknum afurðum 46

2014/EES/54/13 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 51/2014 frá 20. janúar 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dímetómorf, indoxakarb og pýraklóstróbín í eða á tilteknum afurðum 89

2014/EES/54/14 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 36/2014 frá 16. janúar 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir amínópýralíð, klórantranilípról, sýflúfenamíð, mepíkvat, metalaxýl-M, própamókarb, pýríófenón og kínoxýfen í eða á tilteknum afurðum 104

2014/EES/54/15 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 61/2014 frá 24. janúar 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýrómasín, fenprópidín, formetanat, oxamýl og tebúkónasól í eða á tilteknum afurðum 145

2014/EES/54/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 79/2014 frá 29. janúar 2014 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bífenasat, klórprófam, esfenvalerat, flúdíoxóníl og þíóbenkarb í eða á tilteknum afurðum 177

2014/EES/54/17 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 136/2014 frá 11. febrúar 2014 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) 224

2014/EES/54/18 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 133/2014 frá 31. janúar 2014 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 582/2011 í þeim tilgangi að aðlaga þær að tækniframförum að því er varðar losunarmörk 259

2014/EES/54/19 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/10/ESB frá 19. mars 2013 um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa til þess að aðlaga ákvæði hennar um merkingu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna 316

2014/EES/54/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2014 frá 31. janúar 2014 um að tilgreina málsmeðferð við breytingar á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra 319

2014/EES/54/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 89/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja bis(N-sýklóhexýldíaseníumdíoxý)-kopar (Cu-HDO) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 322

2014/EES/54/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 90/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja dekansýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4, 18 og 19 325

2014/EES/54/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 91/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja S-metópren sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 329

2014/EES/54/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 92/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja síneb sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 332

2014/EES/54/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 93/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja oktansýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4 og 18 335

2014/EES/54/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 94/2014 frá 31. janúar 2014 um að samþykkja joð, þ.m.t. pólývínýlpýrrólídónjoð, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 3, 4 og 22 339

2014/EES/54/27 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/1/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í legum og slitflötum í lækningatækjum sem verða fyrir jónandi geislun, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 343

2014/EES/54/28 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/2/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum í fosfórhúðir í skyggnimögnurum fyrir röntgenmyndir til 31. desember 2019 og í varahluti fyrir röntgentæki sem sett eru á markað í Evrópusambandinu fyrir 1. janúar 2020, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 345

2014/EES/54/29 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/3/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir merkiefnið blýasetat til notkunar í hnitstýrða (e. stereotactic) höfuðramma til notkunar við tölvusneiðmyndatöku og segulómun og í staðsetningarkerfi í búnað fyrir gammageisla- og agnageislameðferð, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 347

2014/EES/54/30 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/4/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý til að gera lofttæmisheldar tengingar mögulegar milli áls og stáls í röntgenskyggnimögnurum, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 349

2014/EES/54/31 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/5/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni á prentplötur, húðir á úttakstengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og húðir á prentplötum, lóðningarefni til að tengja víra og rafstrengi og lóðningarefni til að tengja ferjöld og skynjara, sem eru notuð varanlega við hitastig undir – 20° C við eðlileg notkunar- og geymsluskilyrði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 351

2014/EES/54/32 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/6/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í yfirborðshúðir á pinnatengikerfum sem krefjast óseglaðs tengilbúnaðar sem er notaður varanlega við hitastig undir – 20 °C við eðlileg notkunar- og geymsluskilyrði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 353

2014/EES/54/33 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/7/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni, húðir á úttakstengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og prentplötum, tengingar raftauga, hlífa og umluktra tengja, sem eru notuð a) í segulsviði innan kúlurýmis með 1 m geisla í kringum segulmiðju í læknisfræðilegum segulómtækjum, þ.m.t. lífsmarkavaktarar sem eru hannaðir til notkunar innan þessa rýmis, eða b) í segulsviði innan 1 m fjarlægðar frá ytri flötum segla hringhraðla og segla til færslu og stefnustýringar geisla, sem eru notaðir við agnageislameðferð, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 355

2014/EES/54/34 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/8/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni til að festa stafræna fylkisfjölnema úr kadmíumtellúri og kadmíumsinktellúri á prentplötur, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 357

2014/EES/54/35 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/9/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý og kadmíum í málmtengi sem búa til ofurleiðandi segulrásir í nemum segulómtækja (MRI), ofurleiðnisegulmæla (SQUID), kjarnsegulómsefnagreina (NMR) eða Fourier-vörpunarmassagreina (FTMS), í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 359

2014/EES/54/36 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/10/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í málmblendi sem ofurleiðara eða varmaleiðara til nota í kulhausa lághitakæla og/eða í lághitakælda kulkanna (*e. cold probes*) og/eða í lághitakæld spennujöfnunarkerfi í lækningatækjum (í 8. flokki) og/eða í vöktunar- og stýritækjum í iðnaði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 361

2014/EES/54/37 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/11/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir sexgilt króm í basaskammtara sem eru notaðir til framleiðslu á ljósbakskautum í röntgenskyggnimögnurum til 31. desember 2019 og í varahluti fyrir röntgentæki sem eru sett á markað í Evrópusambandinu fyrir 1. janúar 2020, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 363

2014/EES/54/38 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/12/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni á prentplötur nema og gagnasöfnunareininga fyrir jáeindaskanna sem eru innbyggðir í segulómtæki (MRI), í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 365

2014/EES/54/39 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/13/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni á prentplötur með íhlutum sem eru notaðar í færanleg lækningatæki, önnur en færanleg neyðarhjartastuðtæki, í II. flokki a og II. flokki b í tilskipun 93/42/EBE, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum . . 367

2014/EES/54/40 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/14/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir 3,5 mg af kvikasilfri á hverja peru í sambyggðum flúrlömpum með einum sökkli til almennrar lýsingar < 30 W með a.m.k. 20 000 klst. endingartíma, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 369

2014/EES/54/41 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/15/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý, kadmíum og sexgilt króm í endurnotuðum varahlutum úr lækningatækjum sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2014 og notuð í búnað í 8. flokki sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2021, að því tilskildu að sú endurnotkun fari fram í endurskoðunarhæfu, lokuðu skilakerfi fyrir viðskipti á milli fyrirtækja og að endurnotkun hlutanna sé tilkynnt neytendum, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 371

2014/EES/54/42 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/16/ESB frá 18. október 2013 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem örvara í flúrljómandi dufti úrhleðslupera þegar þær eru notaðar í lampa til ljósmeðferðar á blóði utan líkama (*e. extracorporeal photopheresis lamps*) og innihalda BSP-fosfór (BaSi2O5:Pb), í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum 373

2014/EES/54/43 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 848/2012 frá 19. september 2012 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi fenýlkvikasilfurssamböndum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 375

2014/EES/54/44 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 254/2013 frá 20. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 378

2014/EES/54/45 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 487/2013 frá 8. maí 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum . . . 390

2014/EES/54/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 658/2013 frá 10. júlí 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur 449

2014/EES/54/47 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 655/2013 frá 10. júlí 2013 um sameiginlegar viðmiðanir um rökstuðning fyrir fullyrðingum sem eru notaðar í tengslum við snyrtivörur 465

2014/EES/54/48 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/88/ESB frá 16. nóvember 2011 um breytingu á tilskipun 97/68/EB að því er varðar ákvæði um hreyfla sem settir eru á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni 469

2014/EES/54/49 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2013/58/ESB frá 11. desember 2013 um breytingu á tilskipun 2009/138/EB (Gjaldþolsáætlun II) að því er varðar lögleiðingardag hennar og gildistökudag hennar, og dagsetningu niðurfellingar tiltekinna tilskipana (Gjaldþolsáætlun I) 474

2014/EES/54/50 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 759/2013 frá 30. apríl 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 að því er varðar kröfur um upplýsingar um breytanleg og skiptanleg skuldabréf 477

2014/EES/54/51 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 526/2013 frá 21. maí 2013 um Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins (ENISA) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 460/2004 486

2014/EES/54/52 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. desember 2013 um viðurkenningu á Georgíu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (tilkynnt með númeri C(2013) 9224) (2013/794/ESB) 504

2014/EES/54/53 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 305/2013 frá 26. nóvember 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar samræmda veitingu rekstrarsamhæfðs neyðarnúmers fyrir ökumenn á vegum (*e. eCall*) innan alls Evrópusambandsins 506

2014/EES/54/54 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 83/2014 frá 29. janúar 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 510

2014/EES/54/55 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 523

2014/EES/54/56 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/35/ESB frá 26. júní 2013 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (20. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) og niðurfellingu tilskipunar 2004/40/EB 552

2014/EES/54/57 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. desember 2013 um breytingu á ákvörðun 2007/506/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir sápu, hárþvottalög og hárnæringu (tilkynnt með númeri C(2013) 9223) (2013/793/ESB) 573

2014/EES/54/58 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/33/ESB frá 21. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/32/EB að því er varðar brennisteinsinnihald skipaeldsneytis . . 574

2014/EES/54/59 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1359/2013/ESB frá 17. desember 2013 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að skýra ákvæði um tímasetningu uppboða á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda 587

2014/EES/54/60 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. desember 2013 um breytingu á ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/EB hvað varðar þá geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka (tilkynnt með númeri C(2013) 9186) (2014/9/ESB) 588

2014/EES/54/61 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 715/2013 frá 25. júlí 2013 um viðmiðanir til að ákvarða hvenær koparrusl hættir að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB 592

2014/EES/54/62 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 67/2014 frá 27. janúar 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2015 yfir aukamarkbreytur varðandi félagslega þátttöku og skort á efnislegum gæðum 599

2014/EES/54/63 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 141/2013 frá 19. febrúar 2013 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar hagskýrslur sem eru byggðar á evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (*e. EHIS*) . . . 607

2014/EES/54/64 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1185/2009 frá 25. nóvember 2009 um hagskýrslur um varnarefni 636

2014/EES/54/65 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 408/2011 frá 27. apríl 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar afhendingarsnið 658

2014/EES/54/66 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 656/2011 frá 7. júlí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar skilgreiningar og skrá yfir virk efni 660

2014/EES/54/67 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1383/2013 frá 17. desember 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 99/2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 696

2014/EES/54/68 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/52/ESB frá 20. desember 2012 um ráðstafanir til að auðvelda viðurkenningu á lyfseðlum sem eru gefnir út í öðru aðildarríki 697

2014/EES/54/69 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júní 2013 um breytingu á ákvörðun 2011/30/ESB um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum (tilkynnt með númeri C(2013) 3491) (2013/288/ESB) 700

2014/EES/54/70 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. júní 2013 um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (tilkynnt með númeri C(2013) 3402) (2013/280/ESB) 704

2014/EES/54/71 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. júní 2013 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (tilkynnt með númeri C(2013) 3404) (2013/281/ESB) 708

2014/EES/54/72 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 481/2013 frá 24. maí 2013 um aðlögun á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 að því er varðar fjölda sýna sem Króatíu ber að taka og greina úr samsetningum af varnarefnaleifum og vörum 710

2014/EES/54/73 Tilskipun ráðsins 2013/15/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði frjálsra völuflutninga vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu 711

2014/EES/54/74 Tilskipun ráðsins 2013/17/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði umhverfismála vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu 723

2014/EES/54/75 Tilskipun ráðsins 2013/18/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu 760

2014/EES/54/76 Tilskipun ráðsins 2013/20/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði stefnu er varðar öryggi matvæla og heilbrigði dýra og plantna vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu 761

2014/EES/54/77 Tilskipun ráðsins 2013/21/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun á tilskipun ráðsins 67/548/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB á sviði umhverfismála vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu 767

2014/EES/54/78 Tilskipun ráðsins 2013/22/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði stefnu í flutningamálum vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu 769

2014/EES/54/79	Tilskipun ráðsins 2013/23/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði fjármálaþjónustu vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu	775
2014/EES/54/80	Tilskipun ráðsins 2013/24/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði félagaréttar vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu	778
2014/EES/54/81	Tilskipun ráðsins 2013/25/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu	781
2014/EES/54/82	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/26/ESB frá 8. febrúar 2013 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði stefnu er varðar öryggi matvæla og heilbrigði dýra og plantna vegna aðildar Króatíu	789
2014/EES/54/83	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júní 2013 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu vegna aðildar Króatíu (tilkynnt með númeri C(2013) 3474) (2013/290/ESB)	792
2014/EES/54/84	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júní 2013 um umbreytingarráðstafanir vegna tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og eru fluttar inn til Króatíu frá þriðju löndum fyrir 1. júlí 2013 (tilkynnt með númeri C(2013) 3475) (2013/291/ESB)	795
2014/EES/54/85	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 656/2013 frá 10. júlí 2013 um umbreytingarráðstafanir að því er varðar fyrirmynd að vegabréfi sem er gefið út í Króatíu fyrir hunda, ketti og frettur	797
2014/EES/54/86	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júní 2013 um samþykkt áætlunar, sem Króatía hefur lagt fram, um samþykki fyrir starfsstöðvum vegna viðskipta innan Sambandsins með alifugla og útungunaregg samkvæmt tilskipun ráðsins 2009/158/EB (tilkynnt með númeri C(2013) 3988) (2013/346/ESB)	799
2014/EES/54/87	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júní 2013 um samþykkt viðbragðsáætlana, sem Króatía hefur lagt fram, til að verjast tilteknum dýrasjúkdómum (tilkynnt með númeri C(2013) 3992) (2013/347/ESB)	800
2014/EES/54/88	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 frá 25. apríl 2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS)	802
2014/EES/54/89	Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 235/2008/EB frá 11. mars 2008 um stofnun evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um verklagsreglur í hagskýrslugerð	808
2014/EES/54/90	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008 frá 23. apríl 2008 um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu	811
2014/EES/54/91	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 frá 23. apríl 2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun	815
2014/EES/54/92	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál	822
2014/EES/54/93	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 421/2014 frá 16. apríl 2014 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins með tilliti til framkvæmdar á alþjóðasamningi um beitingu sameiginlegrar markaðstengdrar heildarráðstöfunar um alþjóðlega losun frá flugi eigi síðar en árið 2020	884

2014/EES/54/94 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri 888

2014/EES/54/95 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE 909

2014/EES/54/96 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 707/2009 frá 5. ágúst 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu, að því er varðar uppfærslu á kröfum um gögn 923

2014/EES/54/97 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 520/2010 frá 16. júní 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 831/2002 að því er varðar aðgang að gögnum háðum trúnaðarkvöðum í vísindaskyni að því er varðar fyrirliggjandi kannanir og hagskýrsluheimildir 931

2014/EES/54/98 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. október 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu *(tilkynnt með númeri C(2011) 7564)* (2011/707/ESB) 933

2014/EES/54/99 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 73/44/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og 2008/121/EB 937

2014/EES/54/100 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað 1001

2014/EES/54/101 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulagsins milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags 1013

2014/EES/54/102 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð 1033

2014/EES/54/103 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB 1047

2014/EES/54/104 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1372/2007 frá 23. október 2007 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu 1072

2014/EES/54/105 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1227/2010 frá 20. desember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1055/2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 að því er varðar gæðaviðmiðanir og gæðaskýrslur varðandi hagskýrslur um greiðslujöfnuð 1074

2014/EES/54/106 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júlí 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar afturköllun á útrýmingaráætlun vegna nýrnaveiki á yfirráðasvæði Stóra-Bretlands og samþykki fyrir eftirlitsáætlun varðandi ostruherpesveiru 1 µvar fyrir Guernsey *(tilkynnt með númeri C(2011) 4770)* (2011/403/ESB) 1076

2014/EES/54/107 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 2011 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar umfermingu afurðasendinga, sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins eða þriðju landa, á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingarnar eru fluttar inn *(tilkynnt með númeri C(2011) 2067)* (2011/215/ESB) 1079

2014/EES/54/108 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. desember 2011 um leiðbeiningar varðandi samskráningu í ESB, skráningu í þriðju löndum og hnattræna skráningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) *(tilkynnt með númeri C(2011) 8896)* (2011/832/ESB) 1082

2014/EES/54/109 Reglugerð evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1292/2013 frá 11. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 294/2008 um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu 1096

2014/EES/54/110 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 275/2010 frá 30. mars 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja 1107

2014/EES/54/111 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. desember 2010 um breytingu á ákvörðun 2009/980/ESB að því er varðar skilyrði fyrir notkun leyfðrar heilsufullyrðingar um áhrif vatnsleysanlegs tómatþykknis á blóðflagnaþyrpingar *(tilkynnt með númeri C(2010) 8828)* (2010/770/ESB) 1113

2014/EES/54/112 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. maí 2012 um breytingu á ákvörðun 2002/840/EB um samþykkt skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu til að geisla matvæli *(tilkynnt með númeri C(2012) 3179)* (2012/277/ESB) 1115

2014/EES/54/113 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal að því er varðar tækniforskriftir efnisþáttanna og sundurliðanir þeirra 1117

2014/EES/54/114 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 328/2011 frá 5. apríl 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar tölfræðigögn um dánarorsakir 1157

2014/EES/54/115 Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 2. mars 2010 um að fyrirbyggja og minnka etýlkarbamatmengun í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum og um vöktun á etýlkarbamatinnihaldi þessara drykkja (2010/133/ESB) 1160

2014/EES/54/116 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1269/2013 frá 5. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 802/2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja 1165

2014/EES/54/117 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1296/2013 frá 11. desember 2013 um áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun (EaSI) og um breytingu á ákvörðun nr. 283/2010/ESB um að koma á fót evrópskri örfjármögnunarleið innan Progress-áætlunarinnar í þágu atvinnu og félagslegrar aðildar 1201

2014/EES/54/118 Tilskipun ráðsins 2013/16/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði opinberra innkaupa vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu 1216

2014/EES/54/119 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1106/2012 frá 27. nóvember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins, að því er varðar uppfærslu á landa- og svæðaflokkunarkerfi 1225

2014/EES/54/120 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 224/2007 frá 1. mars 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1216/2003 að því er varðar atvinnustarfsemi sem vísitala launakostnaðar tekur til 1234

2014/EES/54/121 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1381/2013 frá 17. desember 2013 um að koma á fót áætlun um réttindi, jafnrétti og borgararétt fyrir tímabilið 2014-2020 . . . 1236

2014/EES/54/122 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 557/2013 frá 17. júní 2013 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 að því er varðar aðgang að trúnaðargögnum í vísindaskyni og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002 1247

2014/EES/54/123 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1288/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót „Erasmus+“: áætlun Sambandsins um menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir og um niðurfellingu ákvarðana nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB 1251

2014/EES/54/124 Leiðrétting á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB 1275

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 84/2014 **2014/EES/54/01**

frá 30. janúar 2014

um leyfi fyrir blöndum með *Pediococcus pentosaceus* DSM 14021, *Pediococcus pentosaceus* DSM 23688 eða *Pediococcus pentosaceus* DSM 23689 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 1.–4. mgr. 10. gr. hennar, eru sett fram sértæk ákvæði varðandi mat á vörum sem notaðar eru í Sambandinu sem aukefni í votfóður á þeim degi sem sú reglugerð tók gildi.

2) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru blöndur með *Pediococcus pentosaceus* DSM 14021, *Pediococcus pentosaceus* DSM 23688 og *Pediococcus pentosaceus* DSM 23689 færðar inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur, sem tilheyra virka hópnum aukefni í votfóður, fyrir allar dýrategundir.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir þessum blöndum sem fóðuraukefnum fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnin yrðu sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. júní 2013([2]) að við tillögð notkunarskilyrði teljist notkun stofnanna við framleiðslu votfóðurs örugg fyrir búfjártegundir, neytendur afurða af dýrum sem fá meðhöndlað votfóður og fyrir umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig til þeirrar niðurstöðu að allar blöndurnar þrjár geti mögulega bætt framleiðslu á votfóðri með því að lækka sýrustigið og auka styrk mjólkursýrunnar sem leiðir til aukins geymsluþols þurrefna í fóðurjurtum sem er auðvelt til meðalerfitt að votfóðursverka. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessara blandna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 28, 31.1.2014, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3284.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blöndurnar, sem eru tilgreindar í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blöndurnar, sem eru framleidd og merkt fyrir 20. ágúst 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 20. febrúar 2014, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður									
1k1009	—	*Pediococcus pentosaceus* DSM 14021	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Pediococcus pentosaceus* DSM 14021 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Pediococcus pentosaceus* DSM 14021 *Greiningaraðferð*(1) Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð þar sem notaður er MSR-agar (EN 15786) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^{8} CFU/kg fersks efnis í efni sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka(2). 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska við meðhöndlun.	20. febrúar 2024
1k1010		*Pediococcus pentosaceus* DSM 23688	Samsetning aukefnis Blanda með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23688 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins Lífvænlegar frumur *Pediococcus pentosaceus* DSM 23688 Greiningaraðferð(1) Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð þar sem notaður er MSR-agar (EN 15786) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýra-tegundir				1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^{8} CFU/kg fersks efnis í efni sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka(2). 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska við meðhöndlun.	

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU/kg fersks efnis			
1k1011	—	*Pediococcus pentosaceus* DSM 23689	Samsetning aukefnis Blanda með *Pediococcus pentosaceus* DSM 23689 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins Lífvænlegar frumur *Pediococcus pentosaceus* DSM 23689 Greiningaraðferð([1]) Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð þar sem notaður er MSR-agar (EN 15786) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^{8} CFU/kg fersks efnis í efni sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka([2]). 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska við meðhöndlun.	20. febrúar 2024

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

([2]) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni. Fóðurjurtir sem er meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5–3,0% leysanleg kolvetni í fersku efni. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 107/2014 **2014/EES/54/02**

frá 5. febrúar 2014

um töku fóðuraukefnanna kóbaltklóríðhexahýdrats, kóbaltnítrathexahýdrats og kóbaltsúlfatmónóhýdrats af markaði og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1334/2003 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE([2]).

2) Fóðuraukefnin kóbaltklóríðhexahýdrat, kóbaltnítrathexahýdrat og kóbaltsúlfatmónóhýdrat voru leyfð án tímamarka með tilskipun 70/524/EBE sem efnasambönd snefilefnisins kóbalt og skilyrði fyrir leyfum fyrir þeim voru síðast sett fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003([3]). Þessi fóðuraukefni voru síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Engar umsóknir um leyfi fyrir notkun þessara fóðuraukefna, sem tilheyra flokknum snefilefni, voru lagðar fram í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 áður en fresturinn, sem kveðið er á um í því ákvæði, rann út.

4) Því ber að taka þessi fóðuraukefni af markaði.

5) Brotthvarf þessara fóðuraukefna hefur í för með sér að nauðsynlegt er að fella þau brott úr færslunni „E3 Kóbalt – Co“ í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1334/2003. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1334/2003 til samræmis við það.

6) Rétt þykir að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila en innan þess má nýta fyrirliggjandi birgðir af aukefnum, sem á að taka af markaði, forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum sem hafa verið framleidd með þessum aukefnum.

7) Afturköllun á vörunum þremur af markaði er með fyrirvara um veitingu leyfis fyrir þær eða um samþykkt ráðstafana sem varða stöðu þeirra í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Afturköllun

Fóðuraukefnin kóbaltklóríðhexahýdrat, kóbaltnítrathexahýdrat og kóbaltsúlfatmónóhýdrat, sem tilheyra flokknum „snefilefni“, skulu tekin af markaði.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1334/2003

Færslurnar „kóbaltklóríðhexahýdrat“, „kóbaltnítrathexahýdrat“ og „kóbaltsúlfatmónóhýdrat“, sem eru tengdar frumefninu E3 Kóbalt – Co, í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1334/2003 falli brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fyrirliggjandi birgðir af vörunum sem um getur í 1. mgr. má áfram setja á markað og nota sem fóðuraukefni fram til 26. ágúst 2014.

2. Forblöndur, sem eru framleiddar með aukefnunum sem um getur í 1. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 26. febrúar 2015.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni, sem eru merkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 767/2009 fram til 26. ágúst 2015 og framleidd með aukefnunum sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 36, 6.2.2014, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 frá 25. júlí 2003 um breytingu á skilyrðum varðandi leyfi fyrir nokkrum aukefnum úr flokki snefilefna í fóðri (Stjtíð. ESB L 187, 26.7.2003, bls. 11).

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 101/2014 **2014/EES/54/03**

frá 4. febrúar 2014

um leyfi fyrir L-týrósíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-týrósíni sem fóðuraukefni í virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-týrósíni, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 20. júní 2013([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-týrósín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að það geti talist eiga virkan þátt í að fullnægja þörfum allra dýrategunda fyrir amínósýrur sem innihalda brennistein. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á því efni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 5.2.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3310.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
José Manuel BARROSO
forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c401	—	L-týrósín	*Samsetning aukefnis* Duft sem er framleitt með vatnsrofi á hyrni úr alifuglafjöðrum með 95% lágmarksinnihald L-týrósíns *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* IUPAC-heiti: (2S)-2-amínó-3-(4-hýdroxýfenýl)própansýra CAS-númer: 60-18-4 Efnaformúla: C9H11NO3 *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða L-týrósín í fóðuraukefninu: Títrunarmæling, Evrópska lyfjaskráin (Ph. Eur. 6.0, aðferð 01/2008-1161). Til að ákvarða L-týrósín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009([2]) (III. viðauki, F).	Allar tegundir	—	—	—	—	1. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 2. Notkunarleiðbeiningar skulu innihalda ráðleggingar um að innihald L-týrósíns fari ekki yfir 5 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og 15 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.	25. febrúar 2024

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/authorisation/evaluation_reports/Pages/index.aspx
([2]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 121/2014 **2014/EES/54/04**

frá 7. febrúar 2014

um leyfi fyrir L-selenmeþíóníni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir selenmeþíóníni. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Sú umsókn varðar leyfi fyrir L-selenmeþíóníni, sem er lífrænt efnasamband selens, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. maí 2013([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-selenmeþíónín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun þess geti talist skilvirkur gjafi selens fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á L-selenmeþíóníni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að takmörkun á viðbót lífræns selens, sem fastsett er fyrir önnur lífræn efnasambönd selens, ætti einnig gilda um L-selenmeþíónín. Í þeim tilvikum þegar öðrum efnasamböndum selens er bætt í fóðrið ætti viðbót lífræns selens þar að auki ekki að fara yfir 0,2 mg á hvert kg heilfóðurs.

7) Í kjölfar framangreinds álits Matvælaöryggisstofnunarinnar lagði umsækjandinn fram viðbótargögn til að sýna fram á stöðugleika aukefnisins þegar því hefur verið bætt í forblöndur sem innihalda snefilefnasambönd.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 39, 8.2.2014, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(5), 3219.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Selen í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b815	—	L-selen-meþíónín	*Lýsing á eiginleikum aukefnisins* Föst efnablanda selenmeþíóníns með < 40 g/kg seleninnihald *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífrænt selen í formi L-selenmeþíóníns (2-amínó-4-metýlselanýlbútansýra) úr efnasmíði Efnaformúla: $C_5H_{11}NO_2Se$ CAS-númer: 3211-76-5 Kristallað duft með > 97% L-selenmeþíónín og > 39% selen *Greiningaraðferð*([1]) Til að ákvarða L-selenmeþíónín í fóðuraukefninu: háþrýstivökvaskiljun og rafgasmassagreining (HPLC-ICPMS) eftir þrefalda prótínsundrun. Til að ákvarða heildarinnihald selens í fóður-aukefninu: rafgasmassagreining (ICPMS) eða rafgasgeislunargreining (ICP-AES). Til að ákvarða heildarinnihald selens í for-blöndum, fóðurblöndum og fóðurefni: hýdríðfrumeindagleypnimæling (HGAAS) eftir örbylgjusundrun (EN 16159:2012).	Allar tegundir	—		0,50 (samtals)	1. Aukefnið skal vera í forblöndu þegar það er notað í fóður. 2. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 3. Það skal tryggt að rykmyndun tæknilegra aukefna eða fóðurefna, sem aukefnablandan inniheldur, sé < 0,2 mg selen/m^3 lofts 4. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 5. Hámarksviðbót lífræns selens: 0,20 mg Se/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 6. Ef efnablandan inniheldur tæknilegt aukefni eða fóðurefni sem hámarksinnihald hefur verið fastsett fyrir eða sætir öðrum takmörkum skal framleiðandi fóðuraukefnisins miðla þessum upplýsingum til viðskiptavinanna.	28. febrúar 2024

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/authorisation/evaluation_reports/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1365/2013 **2014/EES/54/05**

frá 18. desember 2013

um leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fóðuraukefni fyrir aukategundir alifugla til eldis og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun á blöndu með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun blöndu með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94) og endó-1,4-beta-glúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir aukategundir alifugla til eldis og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur.

4) Notkun blöndunnar var leyfð til tíu ára fyrir eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 237/2012([2]).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. júní 2013 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94) og endó-1,4-beta-glúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti verið áhrifarík fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og að það megi framreikna yfir á aukategundir alifugla til eldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 343, 19.12.2013, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 237/2012 frá 19. mars 2012 um leyfi fyrir alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem framleiddur er með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem framleiddur er með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) (Stjtíð. ESB L 80, 20.3.2012, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3286.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

_____

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a17	Kerry Ingredients and Flavours	Alfa-galaktósíðasi EC 3.2.1.22 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4	*Samsetning aukefnis* Blanda með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), með virkni að lágmarki: – 1000 U ([1]) alfagalaktósíðasi/g, – 5700 U ([2]) endó-1,4-betaglúkanasi/g. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Alfagalaktósíðasi (EC 3.2.1.22), framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94) og endó-1,4-betaglúkanasi (EC 3.2.1.4), framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604). *Greiningaraðferð*([3]) Til að ákvarða: – alfagalaktósíðasa: litmæling sem mælir p-nítrófenól sem alfagalaktósíðasi leysir úr hvarfefni p-nítrófenýl-alfagalaktópýranósíðs, – endó-1,4-betaglúkanasa: litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaglúkanasi leysir úr hvarfefni byggs, glúkani, sem er víxltengt asúríni,	Auka-tegundir alifugla til eldis. Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur.	—	alfagalaktó-síðasi 50 U endó-1,4-beta-glúkanasi 285 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur: – 100 U alfagalaktósíðasi/kg heilfóðurs, – 570 U endó-1,4-betaglúkanasi/kg heilfóðurs. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	8. janúar 2024

([1]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól p-nítrófenóls á mínútu úr p-nítrófenýl-alfagalaktópýranósíði (pNPG) við pH-gildið 5,0 og 37 °C.
([2]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 mg afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr betaglúkani við pH-gildið 5,0 og 50 °C.
([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 5/2014 **2014/EES/54/06**

frá 6. janúar 2014

um breytingu á tilskipun 2008/38/EB um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun fóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB([1]), einkum 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 voru nokkrar umsóknir lagðar fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. september 2010 um leyfi fyrir uppfærslu á skránni yfir fyrirhugaða notkun eins og um getur í 10. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Sumar þessara umsókna varða breytingar á skilyrðum sem tengjast sérstöku næringarmarkmiðunum „næringarleg uppbygging, afturbati“ að því er varðar hunda og „að koma hinni lífeðlisfræðilegu meltingu í jafnvægi“ að því er varðar fóður, sem gæti innihaldið aukefni í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður, eins og um getur í 2. mgr. 8. gr. (EB) nr. 767/2009. Hinar umsóknirnar varða ný, sérstök næringarmarkmið að því er varðar kröfuna sem er fastsett í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009.

3) Að auki barst framkvæmdastjórninni umsókn, í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, um að bæta við sérstöku næringarmarkmiðunum „minnkun á joðinnihaldi í fóðri ef um er að ræða ofvirkni skjaldkirtils“ að því er varðar ketti.

4) Sérstök aðferð til fóðrunar er að nota forðastaut (e. *bolus*). Til að tryggja viðeigandi og örugga notkun á forðastaut sem fóðri með sérstök næringarmarkmið í huga ætti að koma á almennum kröfum varðandi skilyrði sem tengjast tiltekinni fyrirhugaðri notkun.

5) Framkvæmdastjórnin kom öllum umsóknunum, þ.m.t. málsskjölunum, á framfæri við aðildarríkin.

6) Í málsskjölunum, sem eru með umsóknunum, er sýnt fram á að hin tiltekna samsetning viðkomandi fóðurs þjóni þeim sérstöku næringarmarkmiðum sem stefnt er að: „næringarleg uppbygging, afturbati“ að því er varðar hunda, „að koma hinni lífeðlisfræðilegu meltingu í jafnvægi“ og „minnkun á joðinnihaldi í fóðri ef um er að ræða ofvirkni skjaldkirtils“ að því er varðar ketti, „stuðningur við undirbúning fyrir og afturbata eftir íþróttaáreynslu“ (e. *sport effort*) að því er varðar dýr af hestaætt, „mótvægi við ónógan járnforða eftir fæðingu“ að því er varðar mjólkurgrísi og kálfa, „stuðningur við endurmyndun hófa, klaufa og húðar“ að því er varðar hesta, jórturdýr og svín, „stuðningur við undirbúning fyrir gangmál og æxlun“ að því er varðar spendýr og fugla og „ seinleystur snefilefna- og/eða vítamínforði fyrir dýr á beit“ að því er varðar jórturdýr með virka vömb.

7) Að auki sýndi matið að fóðrið, sem um er að ræða, hafi engin skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna, á umhverfið eða á velferð dýra. Mat á málsskjölunum náði yfir staðfestingu á því að eiginleikalýsingin „mikið innihald tiltekins fóðuraukefnis“ merki marktækt innihald af viðkomandi aukefni, sem er nálægt viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður en fer ekki yfir það innihald.

8) Umsóknirnar eru því gildar og bæta ætti sérstöku næringarmarkmiðunum á skrána yfir fyrirhugaða notkun og breyta skilyrðum sem tengjast sérstöku næringarmarkmiðunum „næringarleg uppbygging, afturbati“ og „að koma hinni lífeðlisfræðilegu meltingu í jafnvægi“.

9) Því ber að breyta tilskipun 2008/38/EB til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 2, 7.1.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

10) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum varðandi fóður, sem nú er sett á markað á löglegan hátt, af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýju kröfurnar.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2008/38/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Fóður sem er skráð í viðaukann við þessa reglugerð og um getur í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, sem hefur þegar verið sett á markað á löglegan hátt fyrir 1. september 2010, sem er framleitt og merkt fyrir 27. júlí 2014, má áfram setja á markað og nota þar til fyrirliggjandi birgðir eru uppurnar. Ef þetta fóður er ætlað gæludýrum er dagsetningin, sem nefnd er í setningunni hér á undan, 27. janúar 2016.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2008/38/EB er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta bætist eftirfarandi liður við:

„10. Þegar fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota er sett á markað í formi forðastauts, hvort sem um er að ræða fóðurefni eða fóðurbæti sem er ætlaður til inngjafar um munn við þvingunareldi, skal merkimiðinn á fóðrinu, ef við á, innihalda hámarkstíma stöðugrar losunar úr forðastautnum og daglegt losunarmagn fyrir hvert aukefni sem hámarksinnihald í heilfóður hefur verið ákveðið fyrir. Að beiðni lögbærs yfirvalds skal stjórnandi fóðurfyrirtækis, sem setur forðastaut á markað, leggja fram sönnun fyrir því að það magn aukefnis sem er daglega tiltækt í meltingarvegi fari ekki, ef við á, yfir það hámarksinnihald sem fastsett hefur verið fyrir aukefnið á hvert kg heilfóðurs meðan á heildarfóðrunartíma stendur (hæglosandi áhrif). Mælt er með því að dýralæknir eða annar þar til bær aðili gefi fóður í formi forðastauts.“

2) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
a) Eftirfarandi lína bætist við á milli línunnar fyrir sérstöku næringarmarkmiðin „stjórnun á fituefnaskiptum ef um of mikla blóðfitu er að ræða“ og línunnar fyrir sérstöku næringarmarkmiðin „að draga úr uppsöfnun kopars í lifur“:					
„Minnkun á joðinnihaldi í fóðri ef um er að ræða ofvirkni skjaldkirtils	Takmarkað joðinnihald: að hámarki 0,26 mg/kg heilfóðurs fyrir gæludýr, með 12% rakainnihald	Kettir	Heildarjoðinnihald	Allt að 3 mánuðir til að byrja með	Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita ráðgjafar hjá dýralækni fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“
b) Í stað línunnar fyrir sérstöku næringarmarkmiðin „næringarleg uppbygging, afturbati“, tegund eða flokkur dýra: „hundar og kettir“ komi eftirfarandi:					
„Næringarleg uppbygging, afturbati(*)	Mikið orkuinnihald, mikill styrkleiki mikilvægra næringarefna og auðmeltanleg innihaldsefni	Hundar og kettir	– Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á – Orkugildi – Innihald n-3-fitusýrna og n-6-fitusýrna (sé þeim bætt við)	Þar til dýrið hefur náð sér	Þegar sérstaklega er tekið fram að fóður skuli gefið með slöngu komi eftirfarandi fram á merkimiða: „Gefið undir eftirliti dýralæknis.“
	Enterococcus faecium DSM 10663/NCIMB 10415 (E1707) Fóðurbætirinn má innihalda fóðuraukefni úr virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Hundar	Heiti og viðbætt magn þarmaflórustöðgarans	10 til 15 dagar	– Notkunarleiðbeiningar með fóðrinu skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald þarmaflórustöðgarans fyrir heilfóður sé virt. – Á merkimiða komi fram: „Ráðlagt er að leita ráðgjafar dýralæknis fyrir notkun og áður en notkunartími er framlengdur.“

(*) Framleiðanda er heimilt að bæta tilvísuninni „fitulifur í köttum“ við dálkinn „sérstök næringarmarkmið“.

c) Í stað línunnar fyrir sérstöku næringarmarkmiðin „að koma hinni lífeðlisfræðilegu meltingu í jafnvægi“ komi eftirfarandi:

„Að koma hinni lífeðlisfræðilegu meltingu í jafnvægi	Lítil jafnarýmd og auðmeltanleg innihaldsefni	Smágrísir	– Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á – Jafnarýmd – Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við) – Slímefnagjafar (sé þeim bætt við)	2 til 4 vikur	Á merkimiða komi fram: „Þegar hætta er á meltingartruflunum, ef meltingartruflanir koma upp og meðan dýrið er að ná sér eftir slíkan kvilla.“
	Auðmeltanleg innihaldsefni	Svín	– Auðmeltanleg innihaldsefni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á – Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við) – Slímefnagjafar (sé þeim bætt við)		
	Fóðuraukefni sem tilheyra virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ í flokknum „dýraræktaraukefni“ eins og um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Fóðurbætirinn má innihalda fóðuraukefni úr virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Dýrategundir sem þarmaflóru-stöðgarinn er leyfður fyrir	Heiti og viðbætt magn þarmaflórustöðgarans	Allt að 4 vikur	Á merkimiða fóðursins komi fram: 1) „Þegar hætta er á meltingartruflunum, ef meltingartruflanir koma upp og meðan dýrið er að ná sér eftir slíkan kvilla.“ 2) Ef við á: „Fóðrið inniheldur þarmaflórustöðgara í styrk sem nemur meira en hundraðföldu leyfilegu hámarksinnihaldi í heilfóðri.“ Notkunarleiðbeiningar með fóðrinu skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald þarmaflórustöðgarans fyrir heilfóður sé virt.“

d) Eftirfarandi línur bætist við á milli línunnar fyrir sérstöku næringarmarkmiðin „að draga úr hættu á blóðsýringu“ og línunnar fyrir sérstöku næringarmarkmiðin „að koma vökva og rafkleyfum efnum í jafnvægi“:

„Seinleystur snefilefna- og/eða vítamínforði fyrir dýr á beit“	Mikið innihald – Snefilefna og/eða	Jórturdýr með virka vömb	– Heiti og heildarmagn hvers viðbætts snefilefnis, vítamíns, forvítamíns og efnafræðilega vel skilgreinds efnis með áþekka verkun.	Allt að 12 mánuðir	– Notkun í formi forðastauts er leyfileg. Forðastautur má innihalda allt að 20% af járni í óvirku, ekki lífaðgengilegu formi, til að auka eðlismassann.

	– vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun. Fóðurbætirinn má innihalda fóðuraukefni í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.		+– Daglegt losunarmagn fyrir hvert snefilefni og/eða vítamín ef forðastautur er notaður, – Hámarkstími stöðugrar losunar snefilefnis eða vítamíns, ef forðastautur er notaður.		– Á merkimiða fóðursins komi fram: „— Forðast skal að gefa samtímis aukefni með hámarksinnihald, sem koma frá öðrum gjöfum en þau sem forðastauturinn inniheldur, ef við á. — Fyrir notkun er mælt með því að fá ráðgjöf frá dýralækni eða næringarfræðingi að því er varðar: 1) jafnvægi snefilefna í daglegum skammti, 2) snefilefnastöðu hjarðarinnar — Forðastauturinn inniheldur x% af óvirku járni til að auka eðlismassa hans, ef við á.“
Mótvægi við ónógan járnforða eftir fæðingu	Mikið innihald járnsambanda sem eru leyfð í virka hópnum „snefilefnasambönd“ í flokknum „viðbætt næringarefni“ eins og um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Fóðurbætirinn má innihalda járn í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Mjólkurgrísir og kálfar	Heildarjárninnihald	Eftir fæðingu í allt að 3 vikur	Notkunarleiðbeiningar með fóðrinu skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald járns fyrir heilfóður sé virt.
Stuðningur við endurmyndun hófa, klaufa og húðar	Mikið innihald sinks. Fóðurbætirinn má innihalda sink í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Hestar, jórturdýr og svín	Heildarmagn – sinks – meþíóníns	Allt að 8 vikur	Notkunarleiðbeiningar með fóðrinu skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald sinks fyrir heilfóður sé virt.

Stuðningur við undirbúning fyrir gangmál og æxlun	– Mikið innihald selens og lágmarksinnihald E-vítamíns á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald nemur 53 mg fyrir svín, 35 mg fyrir kanínur, 88 mg fyrir hunda, ketti og minka, lágmarksinnihald E-vítamíns á dýr og dag nemur 100 mg fyrir sauðfé, 300 mg fyrir nautgripi, 1 100 mg fyrir hesta eða – Mikið innihald A-vitamins og/eða D-vítamíns og/eða lágmarksinnihald betakarótíns nemur 300 mg á dýr og dag. Fóðurbætirinn má innihalda selen, A- og D-vítamín í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Spendýr	Heiti og heildarmagn hvers viðbætts snefilefnis og vítamíns.	– Kýr: 2 vikur fyrir lok meðgöngu þar til næsta þungun er staðfest. – Gyltur: 7 dagar fyrir þar til 3 dögum eftir got og 7 dagar fyrir þar til 3 dögum eftir pörun. – Önnur kvenspendýr: frá síðasta hluta meðgöngu þar til næsta þungun er staðfest. – Karldýr: á æxlunartímabilum.	– Notkunarleiðbeiningar með fóðrinu skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald fyrir heilfóður sé virt, eftir því sem við á. – Á merkimiða fóðursins komi fram: „Leiðbeiningar um við hvaða aðstæður skuli nota þetta fóður.“ “
	– Mikið innihald A- og/eða D-vítamíns eða – Mikið innihald selens og/eða sinks og/eða lágmarksinnihald E-vítamíns nemur 44 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. Fóðurbætirinn má innihalda selen, sink, A- og D-vítamín í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Fuglar	Heiti og heildarmagn hvers viðbætts snefilefnis og vítamíns.	– Fyrir kvendýr: við gangmál – Fyrir karldýr: á æxlunartímabilum“	

e) Eftirfarandi lína bætist við á milli línunnar fyrir sérstöku næringarmarkmiðin „mótvægi við tap á rafkleyfum efnum við mikla svitnun“ og línunnar fyrir sérstöku næringarmarkmiðin „næringarleg uppbygging, afturbati“, tegund eða flokkur dýra: „dýr af hestaætt“:

„Stuðningur við undirbúning fyrir og afturbata eftir íþróttaáreynslu	Mikið innihald selens og lágmarksinnihald E-vítamíns sem nemur 50 mg á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. Fóðurbætirinn má innihalda selensambönd í styrk sem nemur meira en hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður.	Dýr af hestaætt	Heildarmagn – E-vítamín – selen.	Allt að 8 vikur fyrir íþróttaáreynslu – Allt að 4 vikur eftir íþróttaáreynslu	Notkunarleiðbeiningar með fóðrinu skulu tryggja að lögboðið hámarksinnihald selens fyrir heilfóður sé virt.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1404/2013 **2014/EES/54/07**

frá 20. desember 2013

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er BASF SE) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713) og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldissvín.

4) Notkun blöndunnar var leyfð til 10 ára fyrir fráfærugrísi, eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna og eldisendur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2009 ([2]) og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna til undaneldis, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aðrar aukafuglategundir (aðrar en eldisendur) og skrautfugla með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1068/2011 ([3]).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) staðfesti í áliti sínu frá 18. júní 2013([4]) fyrri niðurstöður sínar um að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713) og endó-1,3-(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að hún geti verið áhrifarík fyrir eldissvín. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 349, 21.12.2013, bls. 88. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2009 frá 2. apríl 2009 um leyfi fyrir blöndu endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,4-beta-glúkanasa sem aukefni í fóður fyrir smágrísi sem búið er að venja undan, eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna og aliendur (handhafi leyfis er BASF SE) (Stjtíð ESB L 91, 3.4.2009, bls. 5).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1068/2011 frá 21. október 2011 um leyfi fyrir ensímblöndu af endó-1,4-betaxýlanasa, sem framleiddur er með Aspergillus niger (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem framleiddur er með Aspergillus niger (DSM 18404), sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna til undaneldis, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aðrar aukafuglategundir (aðrar en eldisendur) og skrautfugla (leyfishafi er BASF SE) (Stjtíð. ESB L 277, 22.10.2011, bls. 11).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(7), 3285.*

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a7	BASF SE	Endó-1,4-ß-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,4-ß-glúkanasi EC 3.2.1.4	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), með virkni að lágmarki: 5600 TXU ([1]) og 2500 TGU ([2])/g. Fast og fljótandi form. ***Lýsing á eiginleikum virka efnisins*** endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713) og endó-1,4-betaglúkanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404). *Greiningaraðferð*([3]) Fyrir magnákvörðun á virkni endó-1,4-betaxýlanasa: Seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan (arabínoxýlan úr hveiti) við pH-gildið 3,5 og 55 °C. Fyrir magnákvörðun á virkni endó-1,4 betaglúkanasa: Seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaglúkanasa á hvarfefni sem í er glúkan (betaglúkan úr byggi) við pH-gildið 3,5 og 40 °C.	Eldissvín	—	560 TXU 250 TGU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Ráðlagðir skammtar á hvert kíló heilfóðurs: 560–840 TXU/250–375 TGU. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	12. janúar 2024

([1]) 1 TXU er það magn ensíms sem leysir 5 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani úr hveiti við pH-gildið 3,5 og 55 °C.
([2]) 1 TGU er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH-gildið 3,5 og 40 °C.
([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 131/2014 **2014/EES/54/08**

frá 11. febrúar 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013 um leyfi fyrir kóbalt(II) asetattetrahýdrati, kóbalt(II)karbónati, kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati, kóbalt(II) súlfatheptahýdrati og húðuðu, kornuðu kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati sem fóðuraukefnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2013 ([2]) frá 24. júní 2013 voru veitt leyfi fyrir kóbalt(II)asetattetrahýdrati, kóbalt(II)karbónati, kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati, kóbalt(II) súlfatheptahýdrati og húðuðu, kornuðu kóbalt(II) karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati sem fóðuraukefnum sem tilheyra flokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“.

2) Í því skyni að skýra sanngreininguna á aukefninu kóbalt(II)karbónati ætti að fella efnaformúluna fyrir kóbalthýdroxíð brott úr virku efnunum.

3) Fyrir skýrleika sakir og til að koma í veg fyrir rugling við kenninúmerin á efnasamböndum selens, sem leyfð eru sem fóðuraukefni, þykir rétt að gera tæknilega breytingu á kenninúmerunum fyrir efnasambönd kóbalts.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 12. júní 2012 ([3]),([4]) og 22. maí 2012 ([5]) að gera ætti ráð fyrir sértækum ráðstöfunum til að vernda notendur. Viðkomandi kröfu um að efnasambönd, sem hafa mikla tilhneigingu til rykmyndunar, verði að setja á markað í kögglaformi má útvíkka þannig að hún nái einnig til annarra efnasambanda, sem eru ekki í duftformi, án þess að það stofni notendum í hættu.

5) Umsækjandinn um leyfið fyrir húðaða, kornaða kóbalt(II) karbónathýdroxíð (2:3)mónóhýdratinu lagði fram gögn til að færa sönnur á að húðaða efnið væri kóbalt(II) karbónat en ekki kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3) mónóhýdrat. Eftir sannprófun á umsóknarmálsskjölum, sem lágu áðurnefndu áliti Matvælaöryggisstofnunar([6]) til grundvallar, virðist nauðsynlegt að breyta skilyrðum fyrir leyfi fyrir þessari vöru til samræmis við það.

6) Eftir veitingu nýrra leyfa með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013 eru ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 ([7]) sem varða kóbaltasetat, fjórvatnað, basískt kóbaltkarbónat, einvatnað og kóbaltsúlfat, sjövatnað orðin úrelt og ætti að fella þau brott.

7) Í kjölfar þessara breytinga ætti að framlengja umbreytingartímabilið, sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013, til að hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla kröfurnar sem fylgja breytingunum. Að því er varðar fóður sem ætlað er fyrir gæludýr er að finna á markaðnum mikinn fjölda mismunandi vara með sérstök merkingarkerfi. Því er rétt að framlengja slíkt umbreytingartímabil til að gera hlutaðeigandi stjórnendum fóðurfyrirtækja kleift að aðlagast snurðulaust

8) Breyta ber framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013 til samræmis við það.

9) Að auki ætti að fastsetja umbreytingartímabil fyrir rekstraraðila sem hafa beitt ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 601/2013.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2013 frá 24. júní 2013 um leyfi fyrir kóbalt(II)asetattetrahýdrati, kóbalt(II)karbónati, kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati, kóbalt(II)súlfatheptahýdrati og húðuðu, kornuðu kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati sem fóðuraukefnum (Stjtíð ESB L 172, 25.6.2013, bls. 14).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2791.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2782.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(6), 2727.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2782.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 frá 25. júlí 2003 um breytingu á skilyrðum varðandi leyfi fyrir nokkrum aukefnum úr flokki snefilefna í fóðri (Stjtíð. ESB L 187, 26.7.2003, bls. 11).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013 skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 1. gr. a bætist við:

„1. gr. a

Breyting á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 (*)

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1334/2003 falli færslurnar „kóbaltasetat, fjórvatnað“, „basískt kóbaltkarbónat, einvatnað, “ og „kóbaltsúlfat, sjövatnað“, sem tengjast frumefninu E3 Kóbalt – Co, brott.“

(*) Stjtíð. ESB L 187, 26.7.2003, bls. 11.

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Efnin sem tilgreind eru í viðaukanum, sem voru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og fóður sem inniheldur þau, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. september 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. júlí 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar. Að því er varðar fóður sem er ætlað fyrir gæludýr skal frestur vegna framleiðslu og merkingar, sem um getur í fyrstu setningunni, renna út 4. mars 2016.“

3. Í stað viðaukans komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Efnin sem eru tilgreind í viðaukanum, sem voru leyfð samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013, og fóður sem inniheldur þau, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. september 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. mars 2014, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar. Að því er varðar fóður sem er ætlað fyrir gæludýr skal frestur vegna framleiðslu og merkingar, sem um getur í fyrstu setningunni, renna út 4. mars 2016.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Frumefni (CO) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b301	—	Kóbalt(II) asetattetra-hýdrat	*Samsetning aukefnis* Kóbalt(II)asetattetrahýdrat, sem kristallar/korn, með a.m.k. 23% kóbaltinnihaldi Agnir < 50 μm: undir 1% *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Efnaformúla: $Co(CH_3COO)_2 \times 4H_2O$ CAS-númer: 6147-53-1 *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að sanngreina asetat í aukefninu: – Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 01/2008:20301. Kristallafræðileg lýsing á eiginleikum aukefnisins: – Röntgengeislabrot. Ákvörðun á heildarinnihaldi kóbalts í aukefninu, forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: – EN 15510 — rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eða	jórturdýr með virka vömb, dýr af hestaætt, nartarar, nagdýr, skriðdýr sem eru jurtaætur og spendýr í dýragörðum	—	—	1 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. 2. Gera skal verndarráðstafanir samkvæmt landsbundnum reglugerðum um framkvæmd löggjafar ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum, þ.m.t. tilskipunum ráðsins 89/391/EBE ([2]), 89/656/EBE ([3]), 92/85/EBE ([4]) og 98/24/EB ([5]). Við meðhöndlun skal nota viðeigandi hlífðarhanska, öndunarvörn og augnhlífar samkvæmt tilskipun ráðsins 89/686/EBE ([6]). 3. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblönduna: – Kóbaltinnihald – „Mælt er með að takmarka viðbót kóbalts við 0,3 mg/kg í heilfóðri. Í þessu samhengi skal taka tillit til áhættu á kóbaltskorti vegna staðarskilyrða og sérstakrar samsetningar á fóðri.“ 4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á notkunarleiðbeiningum fyrir fóðurblöndur: „Gera skal verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir váhrif af völdum kóbalts við innöndun eða með íkomuleið um húð.“	15. júlí 2023

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Frumefni (CO) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			– CEN/TS 15621 — rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eftir leysingu undir þrýstingi Ákvörðun á dreifingu kornastærðar: – ISO 13320:2009 — greining kornastærðar — leysigeislamælingar						
3b302	—	Kóbalt(II) karbónat	*Samsetning aukefnis* Kóbalt(II)karbónat, sem duft, með a.m.k. 46% kóbaltinnihaldi Kóbaltkarbónat: að lágmarki 75% Kóbalthýdroxíð: 3–15% Vatn: að hámarki 6% Agnir < 11 μm: undir 90% *Lýsing á eiginleikum virku efnanna* Efnaformúla: $CoCO_3$ CAS-númer: 513-79-1 *Greiningaraðferðir* ([7]) Til að sanngreina karbónat í aukefninu: – Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 01/2008:20301. Kristallafræðileg lýsing á eiginleikum aukefnisins: – Röntgengeislabrot.	jórturdýr með virka vömb, dýr af hestaætt, nartarar, nagdýr, skriðdýr sem eru jurtaætur og spendýr í dýragörðum	—	—	1 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. Setja skal þessa fóðurblöndu á markað í öðru formi en duftformi. 2. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir losun kóbalts í andrúmsloftið og váhrif við innöndun eða með íkomuleið um húð. Ef slíkar ráðstafanir eru tæknilega ekki mögulegar eða ófullnægjandi skal gera verndarráðstafanir samkvæmt landsbundnum reglugerðum um framkvæmd löggjafar ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustað, þ.m.t. tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 89/391/EBE, 89/656/EBE, 92/85/EBE, 98/24/EB og 2004/37/EB ([7]). Við meðhöndlun skal nota viðeigandi hlífðarhanska, öndunarvörn og augnhlífar samkvæmt tilskipun ráðsins 89/686/EBE. 3. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblönduna: – Kóbaltinnihald	15. júlí 2023

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Frumefni (CO) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Ákvörðun á heildarinnihaldi kóbalts í aukefninu, forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: – EN 15510 — rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eða – CEN/TS 15621 — rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eftir leysingu undir þrýstingi Ákvörðun á dreifingu kornastærðar: – ISO 13320:2009 — greining kornastærðar — leysigeislamælingar					– „Mælt er með að takmarka viðbót kóbalts við 0,3 mg/kg í heilfóðri. Í þessu samhengi skal taka tillit til áhættu á kóbaltskorti vegna staðarskilyrða og sérstakrar samsetningar á fóðri.“ 4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á notkunarleiðbeiningum fyrir fóðurblöndur: „Gera skal verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir váhrif af völdum kóbalts við innöndun eða með íkomuleið um húð.“	
3b303	—	Kóbalt(II) karbónat-hýdroxíð (2:3) mónó-hýdrat	*Samsetning aukefnis* Kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3) mónóhýdrat, sem duft, með a.m.k. 50% kóbaltinnihaldi Agnir < 50μm: undir 98% *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Efnaformúla: $2CoCO_3 \times 3Co(OH)_2 \times H_2O$ CAS-númer: 51839-24-8 *Greiningaraðferðir* [9] Til að sanngreina karbónat í aukefninu: – Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 01/2008:20301.	jórturdýr með virka vömb, dýr af hestaætt, nartarar, nagdýr, skriðdýr sem eru jurtaætur og spendýr í dýragörðum	—	—	1 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. Setja skal þessa fóðurblöndu á markað í öðru formi en duftformi. 2. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir losun kóbalts í andrúmsloftið og váhrif við innöndun eða með íkomuleið um húð. Ef slíkar ráðstafanir eru tæknilega ekki mögulegar eða ófullnægjandi skal gera verndarráðstafanir samkvæmt landsbundnum reglugerðum um framkvæmd löggjafar ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustað, þ.m.t. tilskipunum 89/391/EBE, 89/656/EBE, 92/85/EBE, 98/24/EB og 2004/37/EB. Við meðhöndlun skal nota viðeigandi hlífðarhanska, öndunarvörn og augnhlífar samkvæmt tilskipun ráðsins 89/686/EBE. 3. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblönduna: – Kóbaltinnihald	15. júlí 2023

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Frumefni (CO) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Kristallafræðileg lýsing á eiginleikum aukefnisins: – Röntgengeislabrot. Ákvörðun á heildarinnihaldi kóbalts í aukefninu, forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: – EN 15510 — rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eða – CEN/TS 15621 — rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eftir leysingu undir þrýstingi Ákvörðun á dreifingu kornastærðar: – ISO 13320:2009 — greining kornastærðar — leysigeislamælingar					– „Mælt er með að takmarka viðbót kóbalts við 0,3 mg/kg í heilfóðri. Í þessu samhengi skal taka tillit til áhættu á kóbaltskorti vegna staðarskilyrða og sérstakrar samsetningar á fóðri.“ 4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á notkunarleiðbeiningum fyrir fóðurblöndur: „Gera skal verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir váhrif af völdum kóbalts við innöndun eða með ókomuleið um húð.“	
3b304	—	Húðað, kornað kóbalt(II) karbónat	*Samsetning aukefnis* Húðuð efnablanda af kornuðu kóbalt(II)karbónati með 1– 5% kóbaltinnihaldi Yfirborðsmeðferðarefni (2,3–3,0%) og dreifiefni (valkostir eru pólýoxýetýlen, sorbítanmónólárat, glýserólpólýetýlenglýkólrísínóleat, pólýetýlenglýkól 300, sorbítól og maltódextrín) Agnir < 50 μm: undir 1% *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Efnaformúla: $CoCO_3$ CAS-númer: 513-79-1	jórturdýr með virka vömb, dýr af hestaætt, nartarar, nagdýr, skriðdýr sem eru jurtaætur og spendýr í dýragörðum	—	—	1 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Gera skal verndarráðstafanir samkvæmt landsbundnum reglugerðum um framkvæmd löggjafar ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustað, þ.m.t. tilskipunum 89/391/EBE, 89/656/EBE, 92/85/EBE og 98/24/EB. Við meðhöndlun skal nota viðeigandi hlífðarhanska, öndunarvörn og augnhlífar samkvæmt tilskipun ráðsins 89/686/EBE. 3. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblönduna, ef við á: – Kóbaltinnihald	15. júlí 2023

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Frumefni (CO) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferðir [1] Til að sanngreina karbónat í aukefninu: Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 01/2008:20301. Kristallafræðileg lýsing á eiginleikum aukefnisins: Röntgengeislabrot. Ákvörðun á heildarinnihaldi kóbalts í aukefninu, forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: EN 15510 — rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eða CEN/TS 15621 — rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eftir leysingu undir þrýstingi Ákvörðun á dreifingu kornastærðar: ISO 13320:2009 — greining kornastærðar — leysigeislamælingar					– „Mælt er með að takmarka viðbót kóbalts við 0,3 mg/kg í heilfóðri. Í þessu samhengi skal taka tillit til áhættu á kóbaltskorti vegna staðarskilyrða og sérstakrar samsetningar á fóðri.“	
3b305	—	Kóbalt(II) súlfat-hepta-hýdrat	*Samsetning aukefnis* Kóbalt(II)súlfatheptahýdrat, sem duft, með a.m.k. 20% kóbaltinnihaldi Agnir < 50 μm: undir 95 % *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Efnaformúla: $CoSO_4 \times 7H_2O$ CAS-númer: 10026-24-1	jórturdýr með virka vömb, dýr af hestaætt, nartarar, nagdýr, skriðdýr sem eru jurtaætur og spendýr í dýragörðum	—	—	1 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. Setja skal þessa fóðurblöndu á markað í öðru formi en duftformi. 2. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir losun kóbalts í andrúmsloftið og váhrif við innöndun eða með íkomuleið um húð. Ef slíkar ráðstafanir eru tæknilega ekki mögulegar eða ófullnægjandi skal gera verndarráðstafanir samkvæmt landsbundnum reglugerðum um framkvæmd löggjafar ESB um heilbrigði og	15. júlí 2023

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Frumefni (CO) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferðir ([1]) Til að sanngreina súlfat í aukefninu: – Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 01/2008:20301. Kristallafræðileg lýsing á eiginleikum aukefnisins: – Röntgengeislabrot. Ákvörðun á heildarinnihaldi kóbalts í aukefninu, forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: – EN 15510 — rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eða – CEN/TS 15621 — rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eftir leysingu undir þrýstingi Ákvörðun á dreifingu kornastærðar: – ISO 13320:2009 — greining kornastærðar — leysigeislamælingar					öryggi á vinnustað, þ.m.t. tilskipunum 89/391/EBE, 89/656/EBE, 92/85/EBE, 98/24/EB og 2004/37/EB. Við meðhöndlun skal nota viðeigandi hlífðarhanska, öndunarvörn og augnhlífar samkvæmt tilskipun ráðsins 89/686/EBE. 3. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblönduna: – Kóbaltinnihald – „Mælt er með að takmarka viðbót kóbalts við 0,3 mg/kg í heilfóðri. Í þessu samhengi skal taka tillit til áhættu á kóbaltskorti vegna staðarskilyrða og sérstakrar samsetningar á fóðri.“ 4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á notkunarleiðbeiningum fyrir fóðurblöndur: „Gera skal verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir váhrif af völdum kóbalts við innöndun eða með íkomuleið um húð.“	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx
([2]) Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 393, 30.12.1989, bls. 18.
([4]) Stjtíð. EB L 348, 28.11.1992, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.
([6]) Stjtíð. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18.
([7]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 50.“

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 209/2013 **2014/EES/54/09**

frá 11. mars 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar örverufræðilegar viðmiðanir fyrir spírur og reglur um töku sýna úr alifuglaskrokkum og nýju alifuglakjöti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli([1]), einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 852/2004 er mælt fyrir um almennar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti sem varða matvæli, með sérstöku tilliti til beitingar meginreglna um greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS). Í 4. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja eigi að gera sérstakar ráðstafanir vegna hollustuhátta, m.a. fara að örverufræðilegum viðmiðum vegna matvæla og kröfum um sýnatökur og greiningar.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli([2]) er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tilteknar örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla þegar þeir hrinda almennum og sértækum ráðstöfunum um hollustuhætti, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, í framkvæmd.

3) Í 1. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 eru settar fram matvælaöryggisviðmiðanir sem skal uppfylla að því er varðar tiltekna matvælaflokka, þ.m.t. sýnatökuáætlanir, tilvísunargreiningaraðferðir og viðmiðunarmörk vegna örvera eða eiturefna þeirra og umbrotsefna. Í þeim kafla eru tilgreindar matvælaöryggisviðmiðanir fyrir spíruð fræ að því er varðar salmonellu.

4) Í kjölfar uppkomu kólígerla sem mynda sígatoxín (STEC) innan Sambandsins í maí 2011 var tilgreint að neysla á spírum væri líklegasti uppruni hennar.

5) Hinn 20. október 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit um þá áhættu sem stafar af kólígerlum sem mynda sígatoxín og öðrum sjúkdómsvaldandi bakteríum í fræjum og spíruðum fræjum (*Scientific Opinion on the risk posed by Shiga toxin-producing Escherichia coli and other pathogenic bacteria in seeds and sprouted seeds*)([3]). Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að mengun í þurrum fræjum af völdum sjúkdómsvaldandi baktería sé líklegasta uppspretta uppkomanna sem tengdust spírunum. Í álitinu var auk þess skýrt frá því að sjúkdómsvaldandi bakteríur, sem eru fyrir hendi á þurrum fræjum, geti fjölgað sér meðan á spírun stendur vegna mikils raka og ákjósanlegs hitastigs og leitt til áhættu fyrir lýðheilsu.

6) Í áliti sínu lagði Matvælaöryggisstofnunin m.a. til að örverufræðileg viðmið yrðu efld sem einn af þáttunum í stjórnunarkerfi sem tengist öryggi matvæla varðandi framleiðsluferli spíraðra fræja. Þessar ráðleggingar varða gildandi örverufræðilegar viðmiðanir um *Salmonella* fyrir spíruð fræ og að taka til athugunar örverufræðilegar viðmiðanir fyrir aðra sjúkdómsvalda. Matvælaöryggisstofnunin skýrði einnig frá því að fyrirliggjandi gögn bendi til að spírum fylgi meiri áhætta en öðrum spíruðum fræjum.

7) Í áliti sínu tók Matvælaöryggisstofnunin til athugunar mismunandi kosti vegna örverufræðilegra viðmiðana fyrir sjúkdómsvaldandi kólígerla í fræjum; áður en framleiðsluferlið hefst, meðan á spírun stendur og í lokaafurðinni. Í því samhengi skýrði Matvælaöryggisstofnunin frá því að það geti fylgt því kostir að mengunarvandamál greinist og dregið sé úr áhrifum þess fyrr í framleiðsluferli spíraðra fræja þar eð það kemur í veg fyrir að mengunin magnist í öllu spírunarferlinu. Hún benti einnig á að með því að prófa eingöngu fræin sé ekki hægt að greina mengun sem gæti orðið á síðara stigi í framleiðsluferlinu. Matvælaöryggisstofnunin komst því að þeirri niðurstöðu að örverufræðilegar viðmiðanir gætu verið gagnlegar meðan á spírunartímabilinu stendur og/eða vegna lokaafurðarinnar. Matvælaöryggisstofnunin tók mið af því við skoðun á örverufræðilegum viðmiðunum fyrir lokaafurðina spíruð fræ að sá tími sem þarf fyrir greiningaraðferðir fyrir sjúkdómsvaldandi bakteríur ásamt stuttu geymsluþoli gefi hugsanlega ekki færi á að innkalla framleiðsluna ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Matvælaöryggisstofnunin taldi í áliti sínu að sem stendur sé ekki hægt að meta umfang þeirrar lýðheilsuverndar sem fengist með sértækum örverufræðilegum viðmiðunum

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)) og II.viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2424.

fyrir fræ og spíruð fræ. Þetta undirstrikar að þörf er á gagnasöfnun til framkvæma megindlegt áhættumat. Þessi viðmiðun skal því endurskoðuð með tilliti til framfara í vísindum, tækni og aðferðafræði, nýrra sjúkdómsvaldandi örvera í matvælum og upplýsinga úr áhættumati.

8) Til að tryggja vernd lýðheilsu í Sambandinu og í ljósi þessa álits Matvælaöryggisstofnunarinnar voru reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 211/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur varðandi útgáfu vottorða fyrir innflutning til Sambandsins á spírum og fræjum sem eru ætluð til framleiðslu á spírum([4]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur um rekjanleika að því er varðar spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírum([5]) samþykktar.

9) Auk þeirra ráðstafana sem mælt er fyrir um í þessum gerðum og að teknu tilliti til mögulegrar, alvarlegrar heilbrigðisáhættu, sem stafar af hugsanlegum sjúkdómsvöldum í spírum, skal mæla fyrir um ákvæði um örverufræðilegar viðbótarviðmiðanir á grundvelli ráðlegginga Matvælaöryggisstofnunarinnar, einkum vegna sermihópa kólígerla sem mynda sígatoxín og eru taldir mesta hættan fyrir lýðheilsu.

10) Örverufræðilegar viðmiðanir eru einn af nokkrum eftirlitsmöguleikum vegna öryggis matvæla og stjórnendur matvælafyrirtækja skulu nota þær sem aðferð til að sannprófa að stjórnunarkerfi sem tengist öryggi matvæla sé skilvirkt í framkvæmd. Vegna lágs algengis og misleitrar dreifingar sumra sjúkdómsvalda í fræjum og spíruðum fræjum, tölfræðilegra takmarkana sýnatökuáætlana og skorts á upplýsingum um beitingu á góðum starfsvenjum í landbúnaði við framleiðslu á fræjum er þó nauðsynlegt að gera prófanir vegna sjúkdómsvalda á öllum framleiðslulotum af fræjum í þeim tilvikum þegar stjórnendur matvælafyrirtækja hafa ekki komið upp stjórnunarkerfum sem tengjast öryggi matvæla, þ.m.t. aðgerðum sem draga úr örverufræðilegri áhættu. Ef stjórnunarkerfi vegna matvæla eru fyrir hendi og ef skilvirkni þeirra er staðfest með rannsóknarsögulegum gögnum má taka til athugunar að draga úr tíðni sýnatöku. Sýnataka skal þó aldrei fara fram sjaldnar en einu sinni í mánuði.

11) Þegar mælt er fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir spírur skal gera ráð fyrir sveigjanleika varðandi stig sýnatöku og gerð sýna sem taka skal í því skyni að taka tillit til fjölbreytilegra framleiðslukerfa en viðhalda um leið jafngildum öryggisstöðlum vegna matvæla. Einkum er rétt að gera ráð fyrir annars konar aðferðum við sýnatöku úr spírum í þeim tilvikum þegar sýnatakan er erfið af tæknilegum ástæðum. Lagt hefur verið til að nota prófanir á notuðu vökvunarvatni m.t.t. sjúkdómsvaldandi örvera sem annars konar aðferð þar eð það virðist gefa góða vísbendingu um tegundir örveranna í spírunum sjálfum. Þar eð óvissa ríkir um næmi þessarar aðferðar þurfa stjórnendur matvælafyrirtækja, sem nota þessa staðgönguaðferð, að koma á sýnatökuáætlun, þ.m.t. sýnatökuaðferðir og -staðir þar sem tekin eru sýni úr notaða vökvunarvatninu.

12) Vitað er að tilteknir sermihópar kólígerla sem mynda sígatoxín (nánar tiltekið O157, O26, O103, O111, O145 og O104:H4) valda flestum tilvikum af blóðlýsuþvageitrunarheilkenni (e. *Haemolytic Uremic Syndrome* (HUS)) sem verða í Evrópusambandinu. Auk þess var það sermigerð O104:H4 sem olli uppkomunni í Sambandinu í maí 2011. Því skal taka til athugunar örverufræðilegar viðmiðanir fyrir þessa sex sermihópa. Ekki er hægt að útiloka að aðrir sermihópar kólígerla sem mynda sígatoxín geti einnig valdið sjúkdómum hjá mönnum. Í reynd gætu slíkir kólígerlar sem mynda sígatoxín valdið sjúkdómum sem eru ekki jafn alvarlegir, s.s. niðurgangi eða blóðugum niðurgangi og gætu einnig valdið blóðlýsuþvageitrunarheilkenni og því stofnað heilbrigði neytenda í hættu.

13) Líta skal á spírur sem tilbúin matvæli þar eð hægt er að neyta þeirra án þess að þörf sé á eldun eða annarri vinnslu sem gagnast til að eyða eða draga úr sjúkdómsvaldandi örverum þannig að viðunandi teljist. Stjórnendur matvælafyrirtækja sem framleiða spírur skulu því fara að matvælaöryggisviðmiðunum vegna tilbúinna matvæla sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins, þ.m.t. töku sýna á vinnslusvæðum og úr búnaði sem hluta af sýnatökuáætlun sinni.

14) Markmiðið með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum([6]) er að tryggja að gripið sé til réttra og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast *Salmonella* og öðrum smitvöldum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, sem skipta máli, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri áhættu sem steðjar að lýðheilsu vegna þeirra.

15) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1086/2011([7]), er mælt fyrir um nákvæmar reglur um matvælaöryggisviðmiðanir vegna *Salmonella* fyrir nýtt alifuglakjöt. Í kjölfar breytinganna sem voru gerðar á reglugerð (EB) nr. 2160/2003 var reglugerð (EB) nr. 2073/2005 einnig breytt með reglugerð (ESB) nr. 1086/2011. Með þeirri breytingu var þó tiltekin tvíræðni í íðorðanotkun tekin upp í texta reglugerðar (EB) nr. 2073/2005. Til að tryggja gagnsæi og samræmi í löggjöf Sambandsins skal sú tvíræðni skýrð.

16) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2073/2005 til samræmis við það.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

([4]) Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 26.
([5]) Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 16.
([6]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1.
([7]) Stjtíð. ESB L 281, 28.10.2011, bls. 7.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. gr. bætist eftirfarandi m-liður við:

„m) skilgreiningin á „spírur“ í a-lið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur um rekjanleika að því er varðar spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírum(*).“

(*) Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 16.“

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. kafla er breytt sem hér segir:

a) Neðanmálsgrein 12 falli brott.

b) Í línu 1.18 komi tilvísun í 23. neðanmálsgrein í stað tilvísunar í 12. neðanmálsgrein.

c) Eftirfarandi lína 1.29 og samsvarandi 22. og 23. neðanmálsgrein bætist við:

„1.29 Spírur([23])	Kólígerlar sem framleiða sígatoxín (STEC) O157, O26, O111, O103, O145 og O104:H4	5	0	Finnst ekki í 25 g	CEN/ ISO TS 13136([22])	Afurðir sem settar eru á markað á geymsluþolstíma þeirra

([22]) Að undanskildum spírum sem hafa verið meðhöndlaðar á skilvirkan hátt til að útrýma *Salmonella* spp. og kólígerlum sem mynda sígatoxín.“

([23]) Með tilliti til nýjustu samþykktar tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir kólígerla, þ.m.t. kólígerla sem mynda verótoxín, til greiningar á kólígerlum sem mynda sígatoxín O104:H4.

2) Ákvæðum 3. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í lið 3.2. er hlutanum sem varðar „Reglur um töku sýna af alifuglaskrokkum og úr nýju alifuglakjöti“ breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Í sláturhúsum skal taka sýni af heilum alifuglaskrokkum með húð á hálsi til greiningar á salmonellu. Stykkjunar- og vinnslustöðvar, aðrar en þær sem eru aðliggjandi sláturhúsinu og stykkja og vinna einungis kjöt frá því sláturhúsi, skulu einnig taka sýni til greiningar á salmonellu. Við þá greiningu skal lögð megináhersla á heila alifuglaskrokka með húð á hálsi, ef til er, en tryggja skal að einnig séu teknir til greiningar alifuglahlutar með húð og/eða alifuglahlutar án húðar eða aðeins með lítið magn af húð og valið skal byggt á áhættumati.“

ii. Í stað fjórðu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Þegar sýni eru tekin úr nýju alifuglakjöti, öðru en alifuglaskrokkum, til að greina salmonellu skal taka fimm sýni sem eru a.m.k. 25 g úr sömu framleiðslulotunni. Sýni, sem tekið er úr alifuglahlutum með húð, skal innihalda húð og þunna sneið af yfirborði vöðvans ef magn húðar nægir ekki í úrtakseiningu. Sýni, sem tekið er úr alifuglahlutum án húðar eða einungis með lítið magn af húð, skal innihalda þunna sneið eða sneiðar af yfirborði vöðva sem bætt er við þá húð sem er fyrir hendi til að úrtakseining verði nægilega stór. Kjötsneiðarnar skulu teknar þannig að eins mikið af yfirborði kjötsins og unnt er fylgi með.“

b) Eftirfarandi liður 3.3 bætist við:

„3.3. *Reglur um töku sýna úr spírum*

Í þessum hluta gilda skilgreiningarnar á framleiðslulotu í b-lið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar ESB nr. 208/2013.

A. Almennar reglur um sýnatöku og prófanir

1. Forprófun á framleiðslulotu fræja

Stjórnendur matvælafyrirtækja sem framleiða spírur skulu framkvæma forprófun á dæmigerðum sýnum úr öllum framleiðslulotum fræjanna. Dæmigert sýni skal innihalda a.m.k. 0.5% af þyngd framleiðslulotu fræjanna í 50 g undirsýnum eða skulu valin samkvæmt skipulagðri sýnatökuaðferð sem er tölfræðilega jafngild og lögbært yfirvald hefur sannprófað.

Til að framkvæma þessa forprófun skal stjórnandi matvælafyrirtækisins láta fræin í dæmigerða sýninu spíra við sömu skilyrði og afganginn af framleiðslulotum fræjanna sem verður látinn spíra.

2. Sýnataka og prófun á spírum og notuðu vökvunarvatni

Stjórnendur matvælafyrirtækja sem framleiða spírur skulu taka sýni fyrir örverufræðilegar prófanir á því stigi þegar líkurnar á að finna kólígerla sem mynda sígatoxín og *Salmonella* spp. eru mestar og í öllu falli ekki fyrr en 48 klukkustundum eftir að spírunin hefst.

Greina skal sýni úr spírum samkvæmt kröfunum í línu 1.18 og 1.29 í 1. kafla.

Ef stjórnandi matvælafyrirtækis sem framleiðir spírur er með sýnatökuáætlun, þ.m.t. sýnatökuaðferðir og -staði þar sem tekin eru sýni úr notaða vökvunarvatninu, er honum þó heimilt að nota greiningu á fimm 200 ml sýnum úr vatninu sem var notað til að vökva spírurnar í staðinn fyrir kröfurnar varðandi sýnatöku samkvæmt sýnatökuáætlununum sem settar eru fram í línu 1.18 og 1.29 í 1. kafla.

Í því tilviki skulu kröfurnar, sem settar eru fram í línu 1.18 og 1.29 í 1. kafla, gilda um greiningu á vatninu, sem var notað til að vökva spírurnar, miðað við þau mörk að ekkert finnist í 200 ml.

Stjórnanda matvælafyrirtækis, sem gerir prófun á framleiðslulotu fræja í fyrsta sinn, er einungis heimilt að setja spírur á markað ef niðurstöðurnar úr örverufræðilegu greiningunni eru í samræmi við kröfurnar í línu 1.18 og 1.29 í 1. kafla eða miðað við þau mörk að ekkert finnist í 200 ml ef greining er framkvæmd á notaða vökvunarvatninu.

3. Tíðni sýnatöku

Stjórnendur matvælafyrirtækja sem framleiða spírur skulu taka sýni fyrir örverufræðilegar greiningar a.m.k. einu sinni í mánuði á því stigi þegar líkurnar á að finna kólígerla sem mynda sígatoxín og *Salmonella* spp. eru mestar og í öllu falli ekki fyrr en 48 klukkustundum eftir að spírunin hefst.

B. Undanþágur frá forprófun á öllum framleiðslulotum fræja, eins og sett er fram í lið A.1 í þessum þætti

Stjórnendur matvælafyrirtækja sem framleiða spírur verða undanþegnir ákvæðum um sýnatöku sem sett eru fram í lið A.1 í þessum þætti ef rök eru færð fyrir því á grundvelli eftirfarandi skilyrða og ef lögbært yfirvald veitir leyfi til þess:

a) lögbæra yfirvaldið telur fullvíst að stjórnandi matvælafyrirtækisins komi upp stjórnunarkerfi sem tengist öryggi matvæla í vinnslustöðinni, sem getur falið í sér aðgerðir í framleiðsluferlinu sem draga úr örverufræðilegri áhættu og

b) söguleg gögn staðfesta að í a.m.k. 6 mánuði samfellt, áður en heimildin er veitt, hafi allar framleiðslulotur með mismunandi tegundum af spírum, sem voru framleiddar í vinnslustöðinni, uppfyllt matvælaöryggisviðmiðanirnar sem eru settar fram í línu 1.18 og 1.29 í 1. kafla.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 702/2013 **2014/EES/54/10**

frá 22. júlí 2013

um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar faggildingu opinberra rannsóknarstofa sem annast opinberar prófanir vegna tríkínu og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 63. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um umtalsverðar breytingar á reglum og verklagsreglum við opinbert eftirlit. Hún tók gildi frá og með 1. janúar 2006. Það hefði þó í vissum tilvikum valdið erfiðleikum í framkvæmd ef sumum þeirra reglna og verklagsreglna, sem þar var mælt fyrir um, hefði verið beitt þegar frá þeim degi.

2) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er þess krafist að rannsóknarstofur, sem annast greiningu sýna sem tekin eru við opinbert eftirlit, séu faggiltar í samræmi við tiltekna Evrópustaðla sem þar er getið um. Hins vegar er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 frá 30. nóvember 2009 um bráðabirgðaráðstafanir til framkvæmdar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004([2]) kveðið á um tilteknar umbreytingarráðstafanir (þar nefndar „bráðabirgðaráðstafanir“), þ.m.t. undanþágu frá umræddri kröfu fyrir rannsóknarstofur til að koma megi á hnökralausri umbreytingu yfir í fulla framkvæmd nýju reglnanna og verklagsreglnanna. Reglugerð (EB) nr. 1162/2009 gildir til 31. desember 2013.

3) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júlí 2009 til Evrópuþingsins og ráðsins um reynsluna af beitingu hollustuháttareglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 ([3]) „hefur það að markmiði að sýna á raunsannan hátt þá reynslu sem fengist hefur, þ.m.t. þá erfiðleika sem upp komu, af framkvæmd hollustuháttapakkans hjá öllum hagsmunaaðilum á árunum 2006, 2007 og 2008“ („skýrslan“).

4) Í skýrslunni er m.a. farið yfir reynsluna af umbreytingarráðstöfunum, þ.m.t. þeim sem kveðið var á um í reglugerð (EB) nr. 882/2004. Í skýrslunni kemur fram að enn eru erfiðleikar til staðar að því er varðar faggildingu rannsóknarstofa í sláturhúsum.

5) Taka þarf á þessum erfiðleikum með endurskoðun á reglugerð (EB) nr. 882/2004. Til samræmis við það var hrint af stað mati á áhrifum, sem fylgir slíkri endurskoðun, strax að lokinni birtingu skýrslunnar.

6) Hinn 6. maí 2013 samþykkti framkvæmdastjórnin tillögu um reglugerð frá Evrópuþinginu og ráðinu um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði, fjölgunarefni plantna og plöntuvarnarefni ([4]) sé beitt. Í þeirri tillögu er kveðið á um að reglugerð (EB) nr. 882/2004 verði felld úr gildi og kveðið á um hugsanlega undanþágu frá faggildingu opinberra rannsóknarstofa sem sinna því hlutverki einu að greina tríkínu í kjöti.

7) Það að auki hefur reynslan sýnt að rannsóknarstofur sem framkvæma opinberar prófanir vegna tríkínu og staðsettar eru í sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr þurfa viðbótartíma til að ná að fullu faggildingu, þar eð faggilding er flókið og erfitt ferli. Því skal í þessari reglugerð kveða á um frekari umbreytingarráðstafanir meðan þess er beðið að Evrópuþingið og ráðið samþykki hina nýju reglugerð.

8) Rétt er því að setja ákvæði um frekara umbreytingartímabil þar sem umbreytingarráðstafanirnar, sem er sem stendur mælt fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1162/2009, gilda áfram. Til glöggvunar skal breyta reglugerð (EB) nr. 1162/2009 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 882/2004 á umbreytingartímabili sem stendur frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2016.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 199, 24.7.2013, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 10.

([3]) COM(2009) 403, lokagerð.

([4]) COM(2013) 265, lokagerð.

2. gr.

Þrátt fyrir 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 getur lögbært yfirvald tilnefnt rannsóknarstofu, sem framkvæmir opinberar prófanir vegna tríkínu og staðsett er í sláturhúsi eða starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr, að því tilskildu að rannsóknarstofan, þó að hún hafi ekki faggildingu í samræmi við Evrópustaðlana sem um getur í a-lið þeirrar málsgreinar:

a) sýni fram á að hún hafi hafist handa við og sé í nauðsynlegu faggildingarferli í samræmi við a-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004,

b) veiti lögbæra yfirvaldinu fullnægjandi ábyrgðir fyrir því að áætlanir um gæðastjórnun vegna greininganna, sem hún framkvæmir á sýnum vegna opinbers eftirlits, liggi fyrir.

Aðildarríki sem beita þessum umbreytingarráðstöfunum skulu leggja fram skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um framvindu við faggildingu allra tilnefndra rannsóknarstofa eigi síðar en 31. desember á hverju ári.

3. gr.

Ákvæði IV. kafla reglugerðar (EB) nr. 1162/2009 falli brott.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1086/2011 2014/EES/54/11

frá 27. október 2011

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar *salmonellu* í nýju alifuglakjöti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum ([1]), einkum 6. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli([2]), einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er að tryggja að gripið sé til réttra og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, sem skipta máli, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri áhættu sem steðjar að lýðheilsu vegna þeirra. Sú reglugerð tekur m.a. til samþykktar á markmiðum sem sett eru til að draga úr algengi tiltekinna sjúkdóma, sem berast milli manna og dýra, í dýrastofnum og samþykktar á reglum varðandi viðskipti innan Sambandsins og innflutning frá þriðju löndum á tilteknum dýrum og afurðum þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2007 frá 12. júní 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003, að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í holdakjúklingum, og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1091/2005([3]) er fastsett markmið Sambandsins um að draga úr algengi þessara tveggja sermigerða salmonellu í holdakjúklingum. Markmiðið með þeirri reglugerð er að ná fram lækkun í hópum holdakjúklinga, sem eru áfram jákvæðir fyrir *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium,* í 1% eða minna fyrir 31. desember 2011.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 584/2008 frá 20. júní 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar það markmið að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í kalkúnum([4]) er fastsett markmið Sambandsins um að draga úr algengi þessara tveggja sermigerða salmonellu í hópum kalkúna. Markmiðið með þeirri reglugerð er að ná fram lækkun í hópum eldiskalkúna, sem eru áfram jákvæðir fyrir *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium,* í 1% eða minna fyrir 31. desember 2012.

4) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003 eru settar fram sértækar ráðstafanir sem á að grípa til í því skyni að verjast sjúkdómum sem berast milli manna og dýra og smitvöldum þeirra sem skráðir eru í I. viðauka við reglugerðina. Nánar tiltekið er í 1. lið E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003 kveðið á um að frá og með 12. desember 2010 sé ekki heimilt að setja tiltekið nýtt alifuglakjöt af dýrum, sem tilgreind eru í I. viðauka við reglugerðina, á markað til manneldis nema það uppfylli eftirfarandi viðmiðun: „Salmonella: engin í 25 grömmum“. Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um að mælt verði fyrir um nákvæmar reglur varðandi þessa viðmiðun þar sem m.a. verða tilgreind sýnatökukerfi og greiningaraðferðir.

5) Að því er varðar nýtt alifuglakjöt skal gera ráðstafanir til að tryggja að nákvæmar reglur varðandi viðmiðunina fyrir salmonellu í alifuglakjöti leiði til viðunandi tryggingar fyrir því að það sé laust við viðkomandi salmonellu og að samræmd beiting leiði til sanngjarnrar samkeppni og svipaðra skilyrða að því er varðar setningu á markað.

6) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli([5]) er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tilteknar örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla þegar þeir hrinda almennum og sértækum ráðstöfunum um hollustuhætti, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, í framkvæmd.

7) Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins er rétt að gera breytingar á sértæku kröfunum, sem varða nýtt alifuglakjöt og settar eru fram í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003, og innleiða nákvæmar reglur varðandi viðmiðunina fyrir salmonellu í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 281, 28.10.2011, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 21.

([4]) Stjtíð. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 3.

([5]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

8) Í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/636/EB frá 1. september 2005 um fjárframlag Bandalagsins til grunnrannsóknar, sem gera skal í aðildarríkjunum, á algengi *Salmonella* spp. í hópum holdakjúklinga af tegundinni *Gallus gallus*([6]), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/662/EB frá 29. september 2006 um fjárframlag Bandalagsins til grunnrannsóknar á algengi salmonellu í kalkúnum sem gera skal í aðildarríkjunum([7]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/516/EB frá 19. júlí 2007 um fjárframlag Bandalagsins til rannsóknar, sem gera skal í aðildarríkjunum, á algengi *Campylobacter* spp. í hópum holdakjúklinga og þoli þess gegn sýkingalyfjum og um algengi *Campylobacter* spp. og *Salmonella* spp. í skrokkum af holdakjúklingum([8]) voru teknar saman upplýsingar um algengi salmonellu í hópum holdakjúklinga, hópum kalkúna og skrokkum af holdakjúklingum, eftir því sem við á. Niðurstöður úr þessum könnunum svo og bráðabirgðaniðurstöður frá fyrsta ári landsbundinna varnaráætlana gegn salmonellu í holdakjúklingum (2009), í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, sýna að algengi salmonellu í hópum holdakjúklinga og kalkúna er enn mikið([9]). Auk þess urðu landsbundnar varnaráætlanir gegn salmonellu í kalkúnum, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2160/2003, einungis skyldubundnar frá og með árinu 2010. Ef viðmiðunum er beitt varðandi allar sermigerðir salmonellu áður en sýnt hefur verið fram á að dregið hafi verulega úr algengi salmonellu í hópum holdakjúklinga og kalkúna getur það leitt til óhóflegra efnahagslegra áhrifa fyrir iðnaðinn. Því ber að breyta 1. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 til samræmis við það.

9) Samkvæmt skýrslu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu sem ber heitið yfirlitsskýrsla Bandalagsins um leitni og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og smitvalda þeirra og uppkomu sjúkdóma sem berast með matvælum í Evrópusambandinu árið 2008 (Community Summary Report on trends and sources of zoonoses, and zoonotic agents and food-borne outbreaks in the European Union in 2008) ([10]) eru u.þ.b. 80% allra tilfella salmonellusýkinga í mönnum af völdum *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* sem er svipað hlutfall og á næstliðnum árum. Alifuglakjöt er enn helsti orsakavaldur salmonellusýkingar í mönnum.

10) Setning viðmiðana fyrir *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* myndi skapa besta jafnvægið á milli þess að draga úr salmonellusýkingum í mönnum, sem tengjast neyslu á alifuglakjöti, og efnahagslegra afleiðinga þess að beita þessum viðmiðunum. Um leið myndi það hvetja stjórnendur matvælafyrirtækja til að grípa til ráðstafana á fyrri stigum alifuglaframleiðslunnar sem gætu stuðlað að því að draga úr algengi allra sermigerða salmonellu sem hafa þýðingu fyrir lýðheilsu. Áhersla á þessar tvær sermigerðir myndi einnig vera í samræmi við markmið Sambandsins sem eru fastsett fyrir frumframleiðslu alifugla.

11) Í reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er kveðið á um sýnatökuáætlanir varðandi aðrar matvælaöryggisviðmiðanir vegna salmonellu. Sýnt hefur verið fram á að þær eru hagnýtar til notkunar fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og því eru þær einnig hentugar vegna sýnatöku úr nýju alifuglakjöti.

12) Alþjóðlegi staðallinn EN/ISO 6579 er þverlæg aðferð til að greina *Salmonella* spp. í matvælum og fóðri. Auk þess er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 kveðið um að sá staðall skuli vera tilvísunaraðferð fyrir allar viðmiðanir vegna salmonellu. Af þeim sökum skal einnig mæla fyrir um að staðallinn sé tilvísunaraðferð fyrir viðmiðanir fyrir nýtt alifuglakjöt, með fyrirvara um ákvæði um notkun staðgönguaðferða sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir salmonellu mælir með því að rétt sé að nota White-Kaufmann-Le Minor-kerfið sem tilvísunaraðferð fyrir sermigerðargreiningu.

13) Einfasa stofnar *Salmonella typhimurium* hafa á skömmum tíma orðið ein algengasta sermigerð salmonellu í allmörgum dýrategundum og í klínísku einangri úr mönnum. Samkvæmt vísindalegu áliti um vöktun og mat á áhættu fyrir lýðheilsu af völdum „stofna sem líkjast *Salmonella typhimurium*“ (Scientific Opinion on monitoring and assessment of the public health risk of ‘*Salmonella typhimurium*-like’ strains) ([11]) teljast einfasa stofnar *Salmonella typhimurium* með ónæmisvakaformúluna 1,4,[5],12:i:- afbrigði *Salmonella typhimurium* og nýlegar vísbendingar hafa staðfest að þessir stofnar virðast hafa í för með sér svipaða áhættu fyrir lýðheilsu og aðrir stofnar *Salmonella typhimurium*. Því er rétt að skýra að ákvæði um *Salmonella typhimurium* gilda einnig um þessa einfasa stofna.

14) Í reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er mælt fyrir um viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu sem á við um salmonellu í skrokkum holdakjúklinga og kalkúna eftir kælingu í sláturhúsum. Markmiðið með viðmiðuninni varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu er að verjast saurmengun í alifuglaskrokkum ef þeir koma úr sýktum hópum eða vegna víxlmengunar í sláturhúsinu. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 2073/2005 skal endurskoða viðmiðanir og skilyrði sem varða salmonellu í alifuglaskrokkum í ljósi breytinga sem koma í ljós varðandi algengi salmonellu. Þar eð markmið Sambandsins, sem mælt er fyrir um fyrir hópa holdakjúklinga í reglugerð (EB) nr. 646/2007 og fyrir kalkúna í reglugerð (EB) nr. 584/2008, eiga að nást fyrir árslok 2011 og árslok 2012, í þeirri röð, skal fækka þeim fjölda úrtakseininga sem mega fara yfir fastsett viðmiðunarmörk. Því ber að breyta 2. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 til samræmis við það.

15) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 2160/2003 og (EB) nr. 2073/2005 til samræmis við það.

([6]) Stjtíð. ESB L 228, 3.9.2005, bls. 14.
([7]) Stjtíð. ESB L 272, 3.10.2006, bls. 22.
([8]) Stjtíð. ESB L 190, 21.7.2007, bls. 25.
([9]) www.efsa.europa.eu
([10]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(1), 1496.
([11]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(10), 1826.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Í stað 1. liðar E-hluta í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003 komi eftirfarandi:

„1. Frá og með 1. desember 2011 skal nýtt alifuglakjöt af dýrastofnum, sem tilgreindir eru í I. viðauka, uppfylla viðeigandi, örverufræðilegar viðmiðanir sem settar eru fram í línu 1.28 í 1. kafla I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 (*).

(*) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.“

2. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð:

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. kafla bætist við eftirfarandi lína 1.28 og samsvarandi 20. og 21. neðanmálsgrein:

„1.28 Nýtt alifuglakjöt([20])	*Salmonella typhimurium*([21]) *Salmonella enteritidis*	5	0	Finnst ekki í 25 g	EN/ISO 6579 (til greiningar) White-Kaufmann-Le Minor-kerfið (til sermigerðar-greiningar)	Afurðir sem settar eru á markað á geymsluþolstíma þeirra

([20]) Þessi viðmiðun skal gilda um nýtt kjöt af hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*, varphænur, holdakjúklinga og hópa kalkúna til undaneldis og hópa eldiskalkúna.
([21]) Að því er varðar einfasa *Salmonella typhimurium* fellur einungis 1,4,[5],12:i:- þar undir.“

2) Í stað línu 2.1.5 í 2. kafla komi eftirfarandi og samsvarandi 10. neðanmálsgrein bætist við:

„2.1.5 Skrokkar af holdakjúklingum og kalkúnum	*Salmonella* spp.([10])	50 ([5])	7 ([6]) Frá 1.1.2012 c = 5 fyrir holdakjúklinga Frá 1.1.2013 c = 5 fyrir kalkúna	Finnst ekki í 25 g safnsýni af húð á hálsi	EN/ISO 6579 (til greiningar)	Skrokkar eftir kælingu	Umbætur í hollustuháttum við slátrun og endurskoðun eftirlits með ferlinu, með uppruna dýranna og með ráðstöfunum varðandi líföryggi á upprunabújörðunum

([10]) Ef *Salmonella* spp. greinist skal sermigerðarprófa einangrin enn frekar með tilliti til *Salmonella typhimurium og Salmonella enteritidis* í því skyni að sannprófa að farið sé að örverufræðilegu viðmiðuninni sem sett er fram í línu 1.28 í 1. kafla.“

3) Í stað liðar 3.2 í 3. kafla komi eftirfarandi:

„3.2. *Sýnataka, til bakteríufræðilegra greininga, í sláturhúsum og húsnæði þar sem framleitt er hakkað kjöt, unnar kjötvörur, vélúrbeinað kjöt og nýtt kjöt*

Reglur um töku sýna af skrokkum nautgripa, svína, sauðfjár, geita og hesta

Töku sýna með eyðileggingaraðferð og aðferð án eyðileggingar, vali á sýnatökustöðum og reglum um geymslu og flutning sýna sem skal nota er lýst í ISO-staðli 17604.

Velja skal af handahófi fimm skrokka til töku sýna í hverri sýnatökulotu. Velja skal sýnatökustaði með tilliti til þeirrar tækni til slátrunar sem notuð er í hverri stöð.

Þegar sýni eru tekin til að greina iðrabakteríur og ákvarða fjölda lofthäðra þyrpinga skal taka sýni á fjórum stöðum á hverjum skrokki. Taka skal með eyðileggingaraðferðinni fjögur vefjasýni sem samtals eru 20 cm^2. Þegar aðferðin án eyðileggingar er notuð í þessum tilgangi skal sýnatökusvæðið ná yfir a.m.k. 100 cm^2 (50 cm^2 ef um er að ræða skrokka af smáum jórturdýrum) á hverjum sýnatökustað.

Þegar tekin eru sýni til að greina salmonellu skal nota aðferð þar sem sýni eru tekin með hrjúfum svampi (e. *abrasive sponge sampling method*). Velja skal svæði sem eru líklegust til að vera menguð. Sýnatökusvæðið í heild skal ná yfir a.m.k. 400 cm^2.

Þegar sýni eru tekin af mismunandi stöðum á skrokknum verður að hópa þau áður en rannsókn fer fram.

Reglur um töku sýna af alifuglaskrokkum og úr nýju alifuglakjöti

Í sláturhúsum skal taka sýni af heilum alifuglaskrokkum með húð á hálsi til greiningar á salmonellu. Í öðrum vinnslustöðvum, sem vinna nýtt alifuglakjöt, skal taka sýni til greiningar á salmonellu með megináherslu á heila

alifuglaskrokka með húð á hálsi, ef til er, en tryggja skal að einnig séu teknir til greiningar kjúklingahlutar með húð og/eða kjúklingahlutar án húðar eða aðeins með lítið magn af húð og valið skal byggt á áhættumati.

Í sláturhúsum skal sýnatökuáætlunin ná yfir alifuglaskrokka úr hópum sem óvíst er að hafi smitast af salmonellu eða sem vitað er að eru jákvæðir fyrir *Salmonella enteritidis* eða *Salmonella typhimurium*.

Þegar gerðar eru prófanir í sláturhúsum fyrir salmonellu í alifuglaskrokkum gagnvart viðmiðun um hollustuhætti í framleiðsluferlinu, sem sett er fram í línu 2.1.5 í 2. kafla, skal taka sýni af handahófi úr húð á hálsi á a.m.k. 15 alifuglaskrokkum í hverri sýnatökulotu og eftir kælingu. Taka skal u.þ.b. 10 g hluta úr húð af hálsi á hverjum alifuglaskrokki. Í hverju tilviki skal hópa sýni af húð á hálsi þriggja alifuglaskrokka úr sama upprunahópi fyrir rannsókn þannig að 5 × 25 g lokasýni fáist. Einnig skal nota þessi sýni til að sannprófa að farið sé að matvælaöryggisviðmiðunum sem sett eru fram í línu 1.28 í 1. kafla.

Þegar sýni eru tekin úr nýju alifuglakjöti, öðru en alifuglaskrokkum, til að greina salmonellu skal taka fimm sýni sem eru a.m.k. 25 g úr sömu framleiðslulotunni Sýni, sem tekið er úr kjúklingahlutum með húð, skal innihalda húð og þunna sneið af yfirborði vöðvans ef magn húðar nægir ekki í úrtakseiningu. Sýni, sem tekið er úr kjúklingahlutum án húðar eða einungis með lítið magn af húð, skal innihalda þunna sneið eða sneiðar af yfirborði vöðva sem bætt er við þá húð sem er fyrir hendi til að úrtakseining verði nægilega stór. Kjötsneiðarnar skulu teknar þannig að eins mikið af yfirborði kjötsins og unnt er fylgi með.

Viðmiðunarreglur fyrir sýnatöku

Nákvæmari viðmiðunarreglur um töku sýna úr skrokkum, einkum að því er varðar sýnatökustaði, mega fylgja með leiðbeiningunum um góðar starfsvenjur sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004.

Tíðni sýnatöku að því er varðar skrokka, hakkað kjöt, unnar kjötvörur, vélúrbeinað kjöt og nýtt alifuglakjöt

Stjórnendur sláturhúsa eða vinnslustöðva, sem framleiða hakkað kjöt, unnar kjötvörur, vélúrbeinað kjöt eða nýtt alifuglakjöt, skulu taka sýni til örverufræðilegra greininga a.m.k. einu sinni í viku. Breyta skal sýnatökudegi vikulega til að tryggja að tekin séu sýni alla daga vikunnar.

Heimilt er að draga úr sýnatökutíðni og framkvæma þær hálfsmánaðarlega, þegar um ræðir sýnatöku til greiningar á *E. coli* og ákvörðunar á fjölda lofthárra þyrpinga í hökkuðu kjöti og unnum kjötvörum og sýnatöku úr skrokkum til greiningar á iðrabakteríum og ákvörðunar á fjölda lofthárra þyrpinga, ef fullnægjandi niðurstöður fást í sex vikur samfleytt.

Ef um er að ræða sýnatöku til að greina salmonellu í hökkuðu kjöti, unnum kjötvörum, skrokkum og nýju alifuglakjöti nægir að taka sýni hálfsmánaðarlega ef fullnægjandi niðurstöður hafa fengist í 30 vikur samfleytt. Einnig má fækka sýnatökum til að greina salmonellu ef við lýði er landsbundin eða svæðisbundin varnaráætlun og ef í umræddri áætlun er gert ráð fyrir prófunum sem koma í stað þeirrar sýnatöku sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein. Fækka má sýnatökum enn frekar ef landsbundna eða svæðisbundna varnaráætlunin gegn salmonellu leiðir í ljós að algengi salmonellu er lítið í þeim dýrum sem sláturhúsið kaupir.

Lítil sláturhús og vinnslustöðvar, sem framleiða hakkað kjöt, unnar kjötvörur og nýtt alifuglakjöt í litlu magni, verða þó undanþegin ákvæðunum um þessa sýnatökutíðni ef unnt er, á grundvelli áhættugreiningar, að færa rök fyrir því og lögbært yfirvald veitir í kjölfarið leyfi til þess.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1317/2013 **2014/EES/54/12**

frá 16. desember 2013

um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2,4-D, beflúbútamíð, sýklanilíð, díníkónasól, flórasúlam, metólaklór, S-metólaklór og milbemektín í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Ákvæðum I., III., IV., IX. og XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er hér með breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008

Reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 37., 38., 39. og 40. liður bætist við í 2. gr.:

„37. „nettóafl“: aflið sem fæst á prófunarbekk við enda sveifaráss eða því sem samsvarar honum á samsvarandi snúningshraða hreyfils eða vélar með aukabúnaðinum, prófað í samræmi við XX. viðauka (Mælingar nettóhreyfilafls, nettóafls og hámarksafls rafaflrásar á 30 mínútum) og er ákvarðað við viðmiðunarskilyrði í andrúmslofti,

38. „hámarksnettóafl“: hámarksgildi nettóafls sem mælt er við fullt hreyfilálag,

39. „hámarksafl á 30 mínútum“: hámarksnettóafl rafaflrásar á jafnstraumspennu eins og sett er fram í málsgrein 5.3.2 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85([6]),

40. „kaldræsing“: hitastig kælivökva hreyfils (eða sambærilegt hitastig) við ræsingu hreyfils er lægra en eða jafnt og 35 °C og minna en eða samsvarandi 7 K yfir umhverfishita (ef hann liggur fyrir) við ræsingu hreyfils.“

2) Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Til að fá EB-gerðarviðurkenningu að því er varðar losun og upplýsingar um viðgerðir og viðhald, skal framleiðandinn sýna fram á að ökutæki séu í samræmi við prófunaraðferðirnar sem tilgreindar eru í III. til VIII., X. til XII., XIV., XVI. og XX. viðauka við þessa reglugerð. Framleiðandinn skal einnig tryggja samræmi við forskriftir fyrir viðmiðunareldsneyti sem settar eru fram í IX. viðauka við þessa reglugerð.“

3) Í stað 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef allar viðeigandi kröfur eru uppfylltar skal viðurkenningaryfirvaldið veita EB-gerðarviðurkenningu og gerðarviðurkenningarnúmer í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

Með fyrirvara um ákvæði VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skal 3. þáttur í gerðarviðurkenningarnúmerinu settur saman í samræmi við 6. viðbæti I. viðauka við þessa reglugerð.

Viðurkenningaryfirvaldi er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.

Fyrir ökutæki með gerðarviðurkenningu í samræmi við Euro 5 losunarmörk sem gefin eru upp í töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (EB) 715/2007, skulu viðeigandi kröfur teljast uppfylltar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) kröfunum í 13. gr. er fullnægt,

b) ökutækið er viðurkennt samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 06, nr. 101, röð breytinga nr. 01 og, ef um er að ræða ökutæki með þjöppukveikju, nr. 24, III. hluti, röð breytinga nr. 03.

Í því tilviki sem um getur í fjórðu undirgrein skal 14. gr. einnig gilda.“

4) Ákvæðum I., III., IV., IX., XI. og XII. viðauka er breytt til samræmis við II. viðauka við þessa reglugerð.

5) Nýr XX. viðauki bætist við og texti hans kemur fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 582/2011

Ákvæðum VIII. og IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Frá og með 1. janúar 2015 skulu framleiðendur leggja fram samræmisvottorð sem eru í samræmi við þessa reglugerð.

2. Til að ákvæði XX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 séu uppfyllt skulu vottorð sem gefin voru út fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar og veitt voru vegna þess að kröfur í tilskipun 80/1269/EBE og/eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 voru uppfylltar, vera í gildi til 31. ágúst 2018.

3. Ákvæði IV. viðauka við þessa reglugerð gilda frá og með þeim dagsetningum sem settar eru fram í röð C í töflu 1 í 9. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011.

([6]) Stjtíð. ESB L 326, 24.11.2006, bls. 55.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Ákvæðum I., III., IV., IX. og XI viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir 3.3.1.1.1 og 3.3.1.1.2 bætist við:

„3.3.1.1.1. Hámarksnettóafl ([n]) ..... kW

(uppgefið gildi framleiðanda)

3.3.1.1.2. Hámarksafl á 30 mínútum ([n]) ..... kW

(uppgefið gildi framleiðanda)“,“

b) í skýringum komi eftirfarandi í stað skýringarinnar ([n]):

„([n]) Ákvarðað í samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 715/2007 eða reglugerðar (EB) nr. 595/2009, eftir því sem við á.“

2) í I. hluta A í III. viðauka bætist eftirfarandi liðir 3.3.1.1.1 og 3.3.1.1.2 við:

„3.3.1.1.1. Hámarksnettóafl ([n]) ..... kW

(uppgefið gildi framleiðanda)

3.3.1.1.2. Hámarksafl á 30 mínútum ([n]) ..... kW

(uppgefið gildi framleiðanda)“,“

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

i. Liður 40 í töflunni falli brott.

ii. Skýring 7 falli brott,

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. viðbæti við I. hluta:

i. Í töflu 1 komi eftirfarandi í stað liðar 2:

„2	Losun léttra ökutækja (Euro 5 og 6)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 715/2007		A
			a) Innbyggt greiningarkerfi (OBD)	Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi sem uppfyllir kröfurnar í 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 692/2008 (innbyggða greiningarkerfið skal hannað þannig að það skrái að lágmarki bilun hreyfilstjórnunarkerfis). Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki.
			b) Samræmi ökutækja í notkun	á ekki við
			c) Aðgangur að upplýsingum	Það nægir að framleiðandinn veiti greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald.

			d) Aflmæling	*(Þegar framleiðandi ökutækis notar hreyfla frá öðrum framleiðanda).* Gögn úr prófunarbekk frá framleiðanda hreyfilsins eru samþykkt að því tilskildu að hreyfilstýringarkerfi hreyfilsins sé eins (þ.e. með a.m.k. sömu rafstýrieiningu (ECU)). Gera má prófun á hreyfilaflsafköstum á aflmælissamstæðu. Taka skal tillit til afltaps í gírskiptingunni.“

ii. Liður 40 í töflu 1 falli brott.

iii. Í töflu 1. komi eftirfarandi í stað liðar 41A:

„41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 595/2009		A Að undanskildum þeim kröfum sem tengjast innbyggðum greiningarkerfum og aðgangi að upplýsingum.
			Aflmæling	(Þegar framleiðandi ökutækis notar hreyfla frá öðrum framleiðanda). Gögn úr prófunarbekk frá framleiðanda hreyfilsins eru samþykkt að því tilskildu að hreyfilstýringarkerfi hreyfilsins sé eins (þ.e. með a.m.k. sömu rafstýrieiningu (ECU)). Gera má prófun á hreyfilaflsafköstum á aflmælissamstæðu. Taka skal tillit til afltaps í gírskiptingunni.“

iv. Í töflu 2 komi eftirfarandi í stað liðar 2:

„2	Losun léttra ökutækja (Euro 5 og 6)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 715/2007		A
			a) Innbyggt greiningarkerfi (OBD)	Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi sem uppfyllir kröfurnar í 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 692/2008 (innbyggða greiningarkerfið skal hannað þannig að það skrái að lágmarki bilun hreyfilstjórnunarkerfis). Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki.
			b) Samræmi ökutækja í notkun	á ekki við

			c) Aðgangur að upplýsingum	Það nægir að framleiðandinn veiti greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald.
			d) Aflmæling	*(Þegar framleiðandi ökutækis notar hreyfla frá öðrum framleiðanda).* Gögn úr prófunarbekk frá framleiðanda hreyfilsins eru samþykkt að því tilskildu að hreyfilstýringarkerfi hreyfilsins sé eins (þ.e. með a.m.k. sömu rafstýrieiningu (ECU)). Gera má prófun á hreyfilaflsafköstum á aflmælissamstæðu. Taka skal tillit til afltaps í gírskiptingunni.“

v. Liður 40 í töflu 2 falli brott.

vi. Í töflu 2. komi eftirfarandi í stað liðar 41A:

„41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 595/2009		A Að undanskildum þeim kröfum sem tengjast innbyggðum greiningarkerfum og aðgangi að upplýsingum.
			Aflmæling	(Þegar framleiðandi ökutækis notar hreyfla frá öðrum framleiðanda). Gögn úr prófunarbekk frá framleiðanda hreyfilsins eru samþykkt að því tilskildu að hreyfilstýringarkerfi hreyfilsins sé eins (þ.e. með a.m.k. sömu rafstýrieiningu (ECU)). Gera má prófun á hreyfilaflsafköstum á aflmælissamstæðu. Taka skal tillit til afltaps í gírskiptingunni.“

c) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. viðbæti við I. hluta:

i. Í stað liðar 2a í I. hluta 4. liðar töflunnar komi eftirfarandi:

„2a.	Reglugerð (EB) nr. 715/2007 (Losun léttra ökutækja (Euro 5 og 6)/aðgangur að upplýsingum)	*Losun gegnum útblástursrör* a) Gera skal prófun I í samræmi við III. viðauka við tilskipun 692/2008 með spillistuðlunum sem um getur í lið 1.4 í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. Nota skal mörkin sem eru tilgreind í töflu I og töflu II í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007.

b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3 000 km akstur ökutækis eins og um getur í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83.

c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunareldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við reglugerð 692/2008.

d) Setja skal aflmæli upp í samræmi við tæknilegar kröfur sem settar eru fram í lið 3.2 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83.

e) Ekki skal framkvæma prófunina sem um getur í a-lið ef hægt er að sýna fram á að ökutækið sé í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í 2. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008.

Losun við uppgufun

Í ökutækjum með bensínhreyfli skal þess krafist að mengunarvarnarkerfi fyrir losun við uppgufun (t.d. viðarkolahylki) sé fyrir hendi.

Losun frá sveifarhúsi

Krefjast skal þess að til staðar sé búnaður til að endurvinna lofttegundir frá sveifarhúsi.

Innbyggt greiningarkerfi

a) Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi.

b) Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki sem notuð eru við reglubundnar tækniskoðanir.

Reykþéttni

a) Ökutæki sem búin eru dísilhreyfli skulu prófuð í samræmi við prófunaraðferðirnar sem um getur í 2. viðbæti við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008.

b) Leiðrétt gildi gleypnistuðuls skal fest á með áberandi hætti og á stað sem auðvelt er að komast að.

Losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun

a) Prófun skal gerð í samræmi við XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008.

b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3 000 km akstur ökutækis eins og krafist er í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83.

c) Ef ökutækið er í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í 2. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 og því ekki krafist að prófanir séu gerðar á losun gegnum útblástursrör skulu aðildarríki reikna losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun með formúlunum sem settar eru fram í skýringum ([b]) og ([c]).

		Aðgangur að upplýsingum Ákvæðin varðandi aðgang að upplýsingum gilda ekki. *Aflmæling* a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda þar sem fram koma hámarks hreyfilafköst í kW ásamt samsvarandi snúningshraða á mínútu. b) Einnig má vísa til línurits um hreyfilafköst sem veitir sömu upplýsingar.“

ii. í lið 4 í 1. hluta töflunnar falli liður 40 brott.

iii. í lið 4 1. hluta töflunnar bætist liður 41a við.

„41a.	Reglugerð (EB) nr. 595/2009 Losun (Euro VI) þung ökutæki – innbyggt greiningarkerfi	*Losun gegnum útblástursrör* a) Gera skal prófun í samræmi við III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 með spillistuðlunum sem settir eru fram í lið 3.6.1 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. b) Nota skal mörkin sem sett eru fram í töflunni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009. c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunareldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við reglugerð (ESB) 582/2011. *Losun koltvísýrings* Losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun skulu ákvarðast í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. *Innbyggt greiningarkerfi* a) Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. b) Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við ytra skönnunartæki fyrir innbyggt greiningarkerfi, eins og lýst er í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. ***Kröfur til að tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana*** Ökutækið skal búið kerfi sem tryggir rétta virkni NOx-varnarráðstafana í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. Ákvæðin um aðrar gerðarviðurkenningar sem sett eru fram í lið 2.1 í þeim viðauka gilda einnig. ***Aflmæling*** a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda þar sem fram koma hámarks hreyfilafköst í kW ásamt samsvarandi snúningshraða á mínútu. b) Einnig má vísa til línurits um hreyfilafköst sem veitir sömu upplýsingar.“

iv. Í stað liðar 2a í II. hluta 4. liðar töflunnar komi eftirfarandi:

„2a.	Reglugerð (EB) nr. 715/2007 (Losun léttra ökutækja (Euro 5 og 6)/ aðgangur að upplýsingum)	*Losun gegnum útblástursrör* a) Gera skal prófun I í samræmi við III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 með spillistuðlunum sem um getur í lið 1.4 í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. Nota skal mörkin sem eru tilgreind í töflu I og töflu II í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3 000 km akstur ökutækis eins og um getur í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83. c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunareldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. d) Setja skal aflmæli upp í samræmi við tæknilegar kröfur sem settar eru fram í lið 3.2 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83. e) Ekki skal framkvæma prófunina sem um getur í a-lið ef hægt er að sýna fram á að ökutækið sé í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í 2. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. *Losun við uppgufun* Í ökutækjum með bensínhreyfli skal þess krafist að mengunarvarnarkerfi fyrir losun við uppgufun (t.d. viðarkolahylki) sé fyrir hendi. ***Losun frá sveifarhúsi*** Krefjast skal þess að til staðar sé búnaður til að endurvinna lofttegundir frá sveifarhúsi. ***Innbyggt greiningarkerfi*** a) Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. b) Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki sem notuð eru við reglubundnar tækniskoðanir. ***Reykþéttni*** a) Ökutæki sem búin eru dísilhreyfli skulu prófuð í samræmi við prófunaraðferðirnar sem um getur í 2. viðbæti við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. b) Leiðrétt gildi gleypnistuðuls skal fest á með áberandi hætti og á stað sem auðvelt er að komast að. ***Losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun*** a) Prófun skal gerð í samræmi við XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3 000 km akstur ökutækis eins og krafist er í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83.

		c) Ef ökutækið er í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í 2. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 og því ekki krafist að prófanir séu gerðar á losun gegnum útblástursrör skulu aðildarríki reikna losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun með formúlunum sem settar eru fram í skýringum ([b]) og ([c]). ***Aðgangur að upplýsingum*** Ákvæðin varðandi aðgang að upplýsingum gilda ekki. ***Aflmæling*** a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda þar sem fram koma hámarks hreyfilafköst í kW ásamt samsvarandi snúningshraða á mínútu. b) Einnig má vísa til línurits um hreyfilafköst sem veitir sömu upplýsingar.“

v. í 4. lið II. hluta töflunnar falli liður 40 brott.

vi. í 4. lið II. hluta töflunnar bætist liður 41a við

„41a.	Reglugerð (EB) nr. 595/2009 Losun (Euro VI) þung ökutæki – innbyggt greiningarkerfi	*Losun gegnum útblástursrör* a) Gera skal prófun í samræmi við III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 með spillistuðlunum sem settir eru fram í lið 3.6.1 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. b) Nota skal mörkin sem sett eru fram í töflunni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009. c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunareldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við reglugerð (ESB) 582/2011. *Losun koltvísýrings* Losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun skulu ákvarðast í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. *Innbyggt greiningarkerfi* a) Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. b) Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við ytra skönnunartæki fyrir innbyggt greiningarkerfi, eins og lýst er í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. *Kröfur til að tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana* Ökutækið skal búið kerfi sem tryggir rétta virkni NOx-varnarráðstafana í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. Ákvæðin um aðrar gerðarviðurkenningar sem sett eru fram í lið 2.1 í þeim viðauka gilda einnig. *Aflmæling* a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda þar sem fram koma hámarks hreyfilafköst í kW ásamt samsvarandi snúningshraða b) Einnig má vísa til línurits um hreyfilafköst sem veitir sömu upplýsingar.“

4) í viðbæti við VI. viðauka falli 40. liður töflunnar brott.

5) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

i. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR M_1 (fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl ([g]): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) ([1])

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])“

ii. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR M_2 (fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl ([g]): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) ([1])

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])“

iii. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR M_3 (fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl ([g]): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) ([1])

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])“

iv. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR N_1 (fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl ([g]): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) ([1])

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) ([1])“

v. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR N_2 (fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl (g): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) (1

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)“

vi. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR N_3 (fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl (g): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) (1)

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)“

b) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

i. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR M_1 (ófullbúin ökutæki)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl (g): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) (1)

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)“

ii. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR M_2 (ófullbúin ökutæki)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl (g): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) (1)

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)“,

iii. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR M_3 (ófullbúin ökutæki)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl (g): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) (1)

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)“,

iv. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR N_1 (ófullbúin ökutæki)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl (g): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) (1)

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)“,

v. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR N_2 (ófullbúin ökutæki)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl (g): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) (1

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.3. Hámarksnettóafl: ... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)“,

vi. í stað 27. liðar á „SÍÐU 2 ÖKUTÆKJAFLOKKUR N_3 (ófullbúin ökutæki)“ komi eftirfarandi:

„27. **Hámarksafl**

27.1. Hámarksnettóafl (g): ..... kW við ..... $mín^{-1}$ (brunahreyfill) (1)

27.2. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.3. Hámarksnettóafl: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)

27.4. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW (rafmagnshreyfill) (1)“,

II. VIÐAUKI

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 692/2008

Reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1) í skrá yfir viðauka bætist XX. viðauki við:

„*XX. viðauki* Mælingar á nettóafli hreyfils“

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað liðar 2.4:

„2.4. **Framkvæmd prófana**

2.4.1. Mynd I.2.4 sýnir framkvæmd prófana fyrir gerðarviðurkenningu ökutækis. Tilgreindum prófunaraðferðum er lýst í viðaukum II, III, IV, V, VI, VII, VIII, X, XI, XII, XVI([7]) og XX.

([7]) Tilteknar prófunaraðferðir fyrir vetnisökutæki og lífdísilknúin ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti verða skilgreindar síðar.

Mynd I.2.4

Beiting prófunarkrafna fyrir gerðarviðurkenningu og rýmkun

Ökutækjaflokkur	Ökutæki með hreyfil með rafkveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki									Ökutæki með hreyfil með þjöppukveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki		Ökutæki sem eru eingöngu rafknúin	Vetnisknúin ökutæki með efnarafal
	Knúið einni eldsneytistegund				Knúið tveimur eldsneytistegundum[1]			Knúið fjölblöndueldsneyti[1]		Knúið fjölblöndu-eldsneyti	Knúið einni eldsneytis-tegund		
Viðmiðunar-eldsneyti	Bensín (E5/E10)[5]	Fljótandi jarðolíugas (LPG)	Jarðgas/ Lífmetan	Vetni	Bensín (E5/E10)[5] Fljótandi jarðolíugas (LPG)	Bensín (E5/E10)[5] Jarðgas/ lífmetan	Bensín (E5/E10)[5] Vetni	Bensín (E5/E10)[5] Etanól (E85)	Jarðgas/lífmetan Vetnis- og jarðgas	Dísilolía (B5/B7)[5] Lífdísilolía	Dísilolía (B5/B7)[5]	—	—
Mengandi lofttegundir (Prófun 1)	Já	Já	Já	Já[4]	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)[11]	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (aðeins B5/B7) [2][5]	Já	—	—
Agnamassi og agnafjöldi (Prófun 1)	Já	—	—	—	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	—	Já (aðeins B5/B7) [2][5]	Já	—	—
Losun í lausagangi (Prófun 2)	Já	Já	Já	—	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (eingöngu bensín)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (eingöngu jarðgas/ lífmetan)	—	—	—	—
Losun frá sveifarhúsi (Prófun 3)	Já	Já	Já	—	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu jarðgas/ lífmetan)	—	—	—	—
Losun við uppgufun (Prófun 4)	Já	—	—	—	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	—	—	—	—	—
Ending (Prófun 5)	Já	Já	Já	Já	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu jarðgas/ lífmetan)	Já (aðeins B5/B7) [2][5]	Já	—	—
Losun við lágt hitastig (Prófun 6)	Já	—	—	—	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já[3] (báðar eldsneytis-tegundir)	—	—	—	—	—

Ökutækjaflokkur	Ökutæki með hreyfil með rafkveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki									Ökutæki með hreyfil með þjöppukveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki		Ökutæki sem eru eingöngu rafknúin	Vetnisknúin ökutæki með efnarafal
	Knúið einni eldsneytistegund				Knúið tveimur eldsneytistegundum([1])			Knúið fjölblöndueldsneyti([1])		Knúið fjölblöndu-eldsneyti	Knúið einni eldsneytis-tegund		
Samræmi ökutækja í notkun	Já	Já	Já	Já	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (aðeins B5/B7) ([2])([5])	Já	—	—
Innbyggð greiningarkerfi	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	—	—
Losun koltvísýrings, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og drægi á rafmagni	Já	Já	Já	Já	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (aðeins B5/B7) ([2])([5])	Já	Já	Já
Reykþéttni	—	—	—	—	—	—	—	—	—	Já (aðeins B5/B7) ([2])([5])	Já	—	—
Hreyfilafl	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já“

1) Þegar ökutæki sem knýja má með tveimur eldsneytistegundum er sameinað ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti gilda báðar prófunarkröfurnar.
2) Þetta ákvæði er tímabundið, tillögur að frekari kröfum fyrir lífdísilolíu verða lagðar fram síðar.
3) Aðeins prófað með bensíni fyrir dagsetningarnar sem tilgreindar eru í 6. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007. Prófunin verður framkvæmd með báðum eldsneytistegundum eftir þessar dagsetningar. Nota skal viðmiðunareldsneyti E75 sem tilgreint er í B-lið IX. viðauka.
4) Aðeins skal ákvarða losun NO_x þegar ökutækið gengur fyrir vetni.
5) Framleiðandi hefur val þegar kemur að ökutækjum sem búin eru hreyfli með rafkveikju eða þjöppukveikjuhreyfli um hvort þau eru prófuð með annað hvort E5 eða E10 eldsneyti annars vegar eða B5 eða B7 eldsneyti hins vegar. Þó gildir eftirfarandi:
— Eigi síðar en sextán mánuðum frá þeim dagsetningum sem settar eru fram í 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007 skal aðeins framkvæma nýjar gerðarviðurkenningar með E10 og B7 eldsneyti,
— Eigi síðan en þremur árum eftir þær dagsetningar sem settar eru fram í 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2010 skulu öll ný ökutæki gerðarviðurkennd með E10 og B7 eldsneyti.“

b) eftirfarandi texti bætist við á eftir mynd I.2.4:

„Til skýringar:

Gildistökudagsetningar fyrir viðmiðunareldsneytin E10 og B7 fyrir öll ný ökutæki hafa verið sett fram til að prófunarbyrðin verði sem minnst. Ef tækniþekking um ökutæki sem vottuð eru með E5 eða B5 viðmiðunareldsneyti sýnir hins vegar fram á að losun sé umtalsvert meiri þegar þau eru prófuð með E10 eða B7 skal framkvæmdastjórnin gera tillögu um að flýta þessum innleiðingardagsetningum.“,

c) Ákvæðum 3. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. í stað neðanmálsgreinar ([a]) í liðum 3.2.1.8 og 3.2.1.10, komi eftirfarandi:

„[a]) Ákvarðað í samræmi við kröfur XX. viðauka við þessa reglugerð.“,

ii. Í stað liðar 3.3.1.1 komi eftirfarandi:

„3.3.1.1. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW

(uppgefið gildi framleiðanda)

3.3.1.1.1. Hámarksnettóafl ([a]) ..... kW

(uppgefið gildi framleiðanda)

3.3.1.1.2. Hámarksafl á 30 mínútum (a) ..... kW

(uppgefið gildi framleiðanda)“,“

iii. Í stað liðar 3.5.3 komi eftirfarandi:

„3.5.3 Raforkunotkun fyrir rafknúin ökutæki“

iv. eftirfarandi liðir 3.5.3.1 og 3.5.3.2 bætist við:

„3.5.3.1. Raforkunotkun fyrir ökutæki sem eru eingöngu rafknúin ..... Wh/km

3.5.3.2. Raforkunotkun fyrir fjölknúin rafökutæki sem hægt er að hlaða utan ökutækis

3.5.3.2.1. Raforkunotkun (skilyrði A, samsett skilyrði) ..... Wh/km

3.5.3.2.2. Raforkunotkun (skilyrði B, samsett skilyrði) ..... Wh/km

3.5.3.2.3. Raforkunotkun (veginn, blandaður akstur) ..... Wh/km“

v. liðir 3.5.4 til 3.5.4.3 falli niður.

d) í 4. viðbæti er „viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...“ breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi liður 1.11.3 bætist við:

„1.11.3 Hámarkssnúningsvægi (nettó) ..... Nm, við ..... $mín^{-1}$“

ii. Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. Aflmæling

Hámarksnettóafl brunahreyfils, nettóafl og hámarksafl rafaflrásar á 30 mínútum

4.1. Nettóafl brunahreyfils

4.1.1. Snúningshraði (sn./mín.) .....

4.1.2. Mælt eldsneytisstreymi (g/h) .....

4.1.3. Mælt snúningsvægi (Nm) .....

4.1.4. Mælt afl (kW) .....

4.1.5. Loftþrýstingur (kPa) .....

4.1.6. Gufuþrýstingur vatns (kPa) .....

4.1.7. Hitastig innsogslofts (K) .....

4.1.8. Leiðréttingarstuðull rafmagns, þegar við á .....

4.1.9. Leiðrétt afl (kW), ...

4.1.10. Varaafl (kW), ...

4.1.11. Nettóafl (kW) .....

4.1.12. Nettósnúningsvægi (Nm) .....

4.1.13. Leiðrétt tiltekin eldsneytisnotkun (g/kWh) .....

4.2. Rafaflrás(ir):

4.2.1. Uppgefnar tölur

4.2.2. Hámarksnettóafl: ..... kW, við ..... $mín^{-1}$

4.2.3. Hámarkssnúningsvægi (nettó) ..... Nm, við ..... $mín^{-1}$

4.2.4. hámarkssnúningsvægi (nettó) við núll-hraða: ..... Nm

4.2.5. Hámarksafl á 30 mínútum: ..... kW

4.2.6. Mikilvæg einkenni rafaflrásar

4.2.7. Jafnstraumspenna við prófun: V

4.2.8. Vinnsluháttur: .....

4.2.9. Kælikerfi:

4.2.10. Hreyfill: vökvi/loft([1])

4.2.11. Hraðastillir: vökvi/loft([1])“

([1]) Strika skal yfir það sem ekki á við.

iii. Eftirfarandi liður 5 bætist við:

„5. Athugasemdir: .....“.

e) í stað töflu 1 í 6. viðbæti komi eftirfarandi tafla:

„*Tafla 1*

Rittákn	Losunar-staðall	Staðall innbyggðs greiningar-kerfis	Ökutækjaflokkur og undirflokkur	Hreyfill	Innleiðingar-dagsetning: nýjar gerðir	Innleiðingar-dagsetning: ný ökutæki	Síðasta dagsetning skráningar
A	Euro 5a	Euro 5	M, N_1 I. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2009.	1.1.2011.	31.12.2012
B	Euro 5a	Euro 5	M_1 til að uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir (að undanskildu M_1G)	þj.kv.	1.9.2009	1.1.2012	31.12.2012
C	Euro 5a	Euro 5	M_1G til að uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir	þj.kv.	1.9.2009	1.1.2012	31.8.2012
D	Euro 5a	Euro 5	N_1 II. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2010	1.1.2012	31.12.2012
E	Euro 5a	Euro 5	N_1 III. flokkur, N_2	r.kv., þj.kv.	1.9.2010	1.1.2012	31.12.2012
F	Euro 5b	Euro 5	M, N_1 I. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2011	1.1.2013	31.12.2013
G	Euro 5b	Euro 5	M_1 til að uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir (að undanskildu M_1G)	þj.kv.	1.9.2011	1.1.2013	31.12.2013
H	Euro 5b	Euro 5	N_1 II. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2011	1.1.2013	31.12.2013
I	Euro 5b	Euro 5	N_1 III. flokkur, N_2	r.kv., þj.kv.	1.9.2011	1.1.2013	31.12.2013
J	Euro 5b	Euro 5+	M, N_1 I. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2011	1.1.2014	31.8.2015
K	Euro 5b	Euro 5+	M_1 til að uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir (að undanskildu M_1G)	þj.kv.	1.9.2011	1.1.2014	31.8.2015
L	Euro 5b	Euro 5+	N_1 II. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2011	1.1.2014	31.8.2016
M	Euro 5b	Euro 5+	N_1 III. flokkur, N_2	r.kv., þj.kv.	1.9.2011	1.1.2014	31.8.2016
N	Euro 6a	Euro 6-	M, N_1 I. flokkur	þj.kv.			31.12.2012
O	Euro 6a	Euro 6-	N_1 II. flokkur	þj.kv.			31.12.2012
P	Euro 6a	Euro 6-	N_1 III. flokkur, N_2	þj.kv.			31.12.2012
Q	Euro 6b	Euro 6-	M, N_1 I. flokkur	þj.kv.			31.12.2013
R	Euro 6b	Euro 6-	N_1 II. flokkur	þj.kv.			31.12.2013

Rittákn	Losunar-staðall	Staðall innbyggðs greiningar-kerfis	Ökutækjaflokkur og undirflokkur	Hreyfill	Innleiðingar-dagsetning: nýjar gerðir	Innleiðingar-dagsetning: ný ökutæki	Síðasta dagsetning skráningar
S	Euro 6b	Euro 6-	N_1 III. flokkur, N_2	þj.kv.			31.12.2013
T	Euro 6b	Euro 6-plús IUPR	M, N_1 I. flokkur	þj.kv.			31.8.2015
U	Euro 6b	Euro 6-plús IUPR	N_1 II. flokkur	þj.kv.			31.8.2016
V	Euro 6b	Euro 6-plús IUPR	N_1 III. flokkur, N_2	þj.kv.			31.8.2016
W	Euro 6b	Euro 6-1	M, N_1 I. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2014	1.9.2015	31.8.2018
X	Euro 6b	Euro 6-1	N_1 II. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2015	1.9.2016	31.8.2019
Y	Euro 6b	Euro 6-1	N_1 III. flokkur, N_2	r.kv., þj.kv.	1.9.2015	1.9.2016	31.8.2019
ZA	Euro 6c	Euro 6-1	M, N_1 I. flokkur	r.kv., þj.kv.			31.8.2018
ZB	Euro 6c	Euro 6-1	N_1 II. flokkur	r.kv., þj.kv.			31.8.2019
ZC	Euro 6c	Euro 6-1	N_1 III. flokkur, N_2	r.kv., þj.kv.			31.8.2019
ZD	Euro 6c	Euro 6-2	M, N_1 I. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2017	1.9.2018	
ZE	Euro 6c	Euro 6-2	N_1 II. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2018	1.9.2019	
ZF	Euro 6c	Euro 6-2	N_1 III. flokkur, N_2	r.kv., þj.kv.	1.9.2018	1.9.2019	
ZX	Á ekki við	Á ekki við	Öll ökutæki	Rafgeymir, eingöngu rafmagns	1.9.2009	1.1.2011.	
ZY	Á ekki við	Á ekki við	Öll ökutæki	Efnarafall, eingöngu rafmagns	1.9.2009	1.1.2011	
ZZ	Á ekki við	Á ekki við	Öll ökutæki með vottorð samkvæmt lið 2.1.1 í I. viðauka	r.kv., þj.kv.	1.9.2009	1.1.2011	

Skýringar:

„Euro 5a“ losunarstaðall = að undanskildri endurskoðaðri aðferð við mælingu á efnisögnum, viðmið um fjölda efnisagna og prófun á losun ökutækis, sem knúið er fjölblöndueldsneyti, við notkun lífeldsneytis við lágt hitastig.
„Euro 5b losunarstaðall = allar Euro 5 losunarkröfur, þ.m.t. endurskoðuð aðferð við mælingu á efnisögnum, viðmið um staðal um fjölda agna í ökutæki með þjöppukveikjuhreyfli og prófun á losun ökutækis, sem knúið er fjölblöndueldsneyti, við notkun lífeldsneytis við lágt hitastig.
„Euro 6a“ losunarstaðall = að undanskildri endurskoðaðri aðferð við mælingu á efnisögnum, viðmið um fjölda efnisagna og prófun á losun ökutækis, sem knúið er fjölblöndueldsneyti, við notkun lífeldsneytis við lágt hitastig.
„Euro 6b losunarstaðall = Euro 6 losunarkröfur, þ.m.t. endurskoðuð aðferð við mælingu á efnisögnum, viðmið um staðal (bráðabirgðagildi) um fjölda agna í ökutæki rafkveikjuhreyfli og prófun á losun ökutækis, sem knúið er fjölblöndueldsneyti, við notkun lífeldsneytis við lágt hitastig.
„Euro 6c“ losunarstaðall = Allar Euro 6 kröfur, þ.e. Euro 6b losunarstaðall og staðall fyrir endanlegan fjölda agna fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfli og notkun E10 og B7 viðmiðunareldsneytis (eftir atvikum),
„Euro 5“ staðall innbyggðs greiningakerfis = grunnkröfur Euro 5 fyrir innbyggð greiningarkerfi að frátöldu frammistöðuhlutfalli í notkun (in-use performance ratio — IUPR), NOx-vöktun fyrir bensínhreyfla og hertum viðmiðunargildum fyrir massa agna fyrir dísil.
„Euro 5+“ staðall innbyggðs greiningakerfis = að meðtaldri tilslökun á frammistöðuhlutfalli í notkun (in-use performance ratio — IUPR), NOx vöktun fyrir bensínhreyfla og hertum viðmiðunargildum fyrir massa agna fyrir dísil.
„Euro 6-“ staðall innbyggðs greiningarkerfis = tilslökuð viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins,
„Euro 6- plús IUPR“ staðall innbyggðs greiningarkerfis = að meðtaldri tilslökun á viðmiðunargildum innbyggða greiningarkerfisins og tilslökun á frammistöðuhlutfalli í notkun (IUPR).
„Euro 6-1“ staðall innbyggðs greiningarkerfis = Allar Euro 6 kröfur um innbyggt greiningarkerfi en með bráðabirgða viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins eins og það er skilgreint í lið 2.3.4 í XI. viðauka og einkum tilslakað frammistöðuhlutfall í notkun.
„Euro 6-2“ staðall innbyggðs greiningarkerfis = Allar Euro 6 kröfur um innbyggt greiningarkerfi en með endanlegu viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins eins og það er skilgreint í lið 2.3.3 í XI. viðauka.“

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 3.4 komi eftirfarandi:

„3.4. Litið skal svo á að hlutfall vetniskolefna í lið 8.2 sé eftirfarandi:

Fyrir bensín (E5) ($C_1H_{1,89}O_{0,016}$) d = 0,631 g/l

Fyrir bensín (E10) ($C_1H_{1,93}O_{0,033}$) d = 0,645 g/l

Fyrir dísilolíu (B5) ($C_1H_{1,86}O_{0,005}$) d = 0,622 g/l

Fyrir dísilolíu (B7) ($C_1H_{1,86}O_{0,007}$) d = 0,623 g/l

Fyrir fljótandi jarðolíugas ($C_1H_{2,525}$) d = 0,649 g/l

Fyrir jarðgas/lífmetan (CH_4) d = 0,714 g/l

Fyrir etanól (E85) ($C_1H_{2,74}O_{0,385}$) d = 0,932 g/l

Fyrir etanól (E75) ($C_1H_{2,61}O_{0,329}$) d = 0,886 g/l

Fyrir vetnis- og jarðgas $d = \frac{9,104\ A\ 136}{1524,152\ 0,583A}$ g/l

Þar sem A er magn jarðgass/lífmetans í blöndunni H_2NG, gefið upp í hundraðshlutum rúmmáls.“

b) Í stað töflunnar í lið 3.8 komi eftirfarandi:

„Eldsneyti	X
Bensín (E5)	13,4
Bensín (E10)	13,4
Dísilolía (B5)	13,5
Dísilolía (B7)	13,5
Fljótandi jarðolíugas (LPG)	11,9
Jarðgas/lífmetan	9,5
Etanól (E85)	12,5
Etanól (E75)	12,7“

4) Í stað liðar 2.2 í 1. viðbæti IV. viðauka komi eftirfarandi:

„2.2. Litið skal svo á að frumeindahlutföll sem tilgreind eru í lið 5.3.7.3 séu eftirfarandi:

Hcv = Frumeindahlutfall vetnis og kolefnis

— fyrir bensín (E5) 1,89

— fyrir bensín (E10) 1,93

— fyrir fljótandi jarðolíugas 2,53

— fyrir jarðgas/lífmetan 4,0

— fyrir etanól (E85) 2,74

— fyrir etanól (E75) 2,61

Frumeindahlutfall súrefnis og kolefnis = Frumeindahlutfall súrefnis og kolefnis

— fyrir bensín (E5) 0,016

— fyrir bensín (E10) 0,033

— fyrir fljótandi jarðolíugas 0,0

— fyrir jarðgas/lífmetan 0,0

— fyrir etanól (E85) 0,39

— fyrir etanól (E75) 0,329“,

5) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

i. í 1. lið er eftirfarandi töflu bætt við á milli töflunnar „Gerð: Bensín (E%)“ og töflunnar „Gerð: Etanól (E85)“:

„Gerð: Bensín (E10):

Mæliþáttur	Eining	Mörk (1)		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Prófunaroktantala, RON(3)		95,0	98,0	EN ISO 5164
Hreyfilsoktantala, MON(3)		85,0	89,0	EN ISO 5163
Eðlismassi við 1 5°°C	kg/m3	743,0	756,0	EN ISO 12185
Gufuþrýstingur (DVPE)	kPa	56,0	60,0	EN 13016-1
Vatnsinnihald		hámark 0,05% v/v Útlit við– 7 °C: tært og bjart		EN 12937
Eiming:				
— uppgufun við 70 °C	% v/v	34,0	46,0	EN ISO 3405
— uppgufun við 100 °C	% v/v	54,0	62,0	EN ISO 3405
— uppgufun við 150 °C	% v/v	86,0	94,0	EN ISO 3405
— lokasuðumark	°C	170	195	EN ISO 3405
Leifar	% v/v	—	2,0	EN ISO 3405
Vetniskolefnisgreining:				
— ólefín	% v/v	6,0	13,0	EN 22854
— arómöt	% v/v	25,0	32,0	EN 22854
— bensen	% v/v	—	1,00	EN 22854 EN 238
— mettuð sambönd	% v/v	skal tilgreina		EN 22854

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([1])		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Kolefnis-/vetnishlutfall		skal tilgreina		
Kolefnis-/súrefnishlutfall		skal tilgreina		
Örvunartímabil([4])	mín.	480	—	EN ISO 7536
Súrefnisinnihald([5])	% massahlutfall	3,3	3,7	EN 22854
Gúmmí þvegið með leysiefnum (Núverandi gúmmíinnihald)	mg/100 ml	—	4	EN ISO 6246
Brennisteinsinnihald([6])	mg/kg	—	10	EN ISO 20846 EN ISO 20884
Kopartæring 3 klst., 50°°C		—	1. flokkur	EN ISO 2160
Blýinnihald	mg/l	—	5	EN 237
Fosfórinnihald([7])	mg/l	—	1,3	ASTM D 3231
Etanól([5])	% v/v	9,0	10,0	EN 22854“

([1]) Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftunum, eru raungildi. Ákvörðun viðmiðunargildanna byggist á staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli og við ákvörðun hámarksgildis og lágmarksgildis er lágmarksmunurinn 4R (R = samanburðarnákvæmni). Þrátt fyrir þessa ráðstöfun, sem er nauðsynleg af tæknilegum ástæðum, skal framleiðandi eldsneytis samt stefna að núllgildi ef tilskilið hámarksgildi er 2R og að meðalgildi þegar tilgreint er bæði hámark og lágmark. Komi upp spurning um hvort eldsneyti uppfylli kröfur í forskriftunum skal taka mið af ISO 4259.

([2]) Jafngildar EN/ISO-aðferðir verða samþykktar þegar þær verða gefnar út fyrir eiginleika sem taldir eru upp hér að framan.“

([3]) Leiðréttingarstuðull upp á 0,2 fyrir MON (hreyfilsoktantala) og RON (prófunaroktantala) skal dreginn frá útreikningum fyrir lokaniðurstöðu í samræmi við EN 228:2008.

([4]) Eldsneytið má innihalda oxunartálma og málmbinda sem venjulega eru notaðir til að jafna bensínstreymi í olíuvinnslustöðvum, en hreinsandi/tvístrandi aukefnum og leysiefnaolíum skal ekki bætt við.

([5]) Etanól er eina súrefnissambandið sem skal bæta af ásettu ráði í viðmiðunareldsneytið. Etanólið sem notast er við skal vera í samræmi við EN 15376.

([6]) Gefa skal upp rauninnihald brennisteins í eldsneytinu sem notað er við prófun 6.

([7]) Ekki skal af ásettu ráði bæta neinum efnasamböndum sem innihalda fosfór, járn, mangan eða blý í þetta viðmiðunareldsneyti.

ii. Eftirfarandi tafla bætist við í lið 2:

„Gerð: Dísilolía (B7):

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([1])		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Setanstuðull		46,0		EN ISO 4264
Setantala([2])		52,0	56,0	EN ISO 5165
Eðlismassi við 15 °C	kg/m^3	833,0	837,0	EN ISO 12185
Eiming:				
— 50% suðumarks	°C	245,0	—	EN ISO 3405
— 95% suðumarks	°C	345,0	360,0	EN ISO 3405
— lokasuðumark	°C	—	370,0	EN ISO 3405

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([1])		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Blossamark	°C	55	—	EN ISO 2719
Gruggunarmark	°C	—	-10	EN 23015
Seigja við 40 °C	mm^2/s	2,30	3,30	EN ISO 3104
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni	% massahlutfall	2,0	4,0	EN 12916
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	10,0	EN ISO 20846 EN ISO 20884
Kopartæring 3 klst., 50°°C		—	Flokkur 1	EN ISO 2160
Conradson-kolefnisleifar (10% DR)	% massahlutfall	—	0,20	EN ISO 10370
Öskuinnihald	% massahlutfall	—	0,010	EN ISO 6245
Heildarmengun	mg/kg	—	24	EN 12662
Vatnsinnihald	mg/kg	—	200	EN ISO 12937
Sýrutala	mg KOH/g	—	0,10	EN ISO 6618
Smureiginleikar (HFRR, þvermál slitskönnunar við 60 °C)	µm	—	400	EN ISO 12156
Stöðugleiki gegn oxun við 110 °C([3])	h	20,0		EN 15751
Fitusýrumetýlester (FAME)([4])	% rúmmálshlutfall	6,0	7,0	EN 14078“

([1]) Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftunum, eru raungildi. Ákvörðun viðmiðunargildanna byggist á staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli og við ákvörðun hámarksgildis og lágmarksgildis er lágmarksmunurinn 4R (R = samanburðarnákvæmni). Þrátt fyrir þessa ráðstöfun, sem er nauðsynleg af tæknilegum ástæðum, skal framleiðandi eldsneytis samt stefna að núllgildi ef tilskilið hámarksgildi er 2R og að meðalgildi þegar tilgreint er bæði hámark og lágmark. Komi upp spurning um hvort eldsneyti uppfylli kröfur í forskriftunum skal taka mið af ISO 4259.

([2]) Það svið, sem tilgreint er fyrir setantölu, er í ósamræmi við kröfurnar um lágmarkssviðið 4R. Rísi ágreiningur milli eldsneytisbirgis og -notanda er þó heimilt að taka mið af ISO 4259 til að leysa úr ágreiningi, að því tilskildu að nægilega margar mælingar séu gerðar til að ná tilskilinni nákvæmni frekar en að nota stakar mælingar.

([3]) Jafnvel þótt eftirlit sé haft með stöðugleika oxunar má telja líklegt að geymsluþol verði takmarkað. Leita skal ráða hjá birgi um geymsluskilyrði og geymsluþol.

([4]) Magn fitusýrumetýlestera (FAME) skal uppfylla skilyrði EN 14214.

b) í B-hluta er eftirfarandi töflu bætt við á milli töflunnar „Gerð: Bensín (E%)“ og töflunnar „Gerð: Etanól (E75)“:

„Gerð: Bensín (E10):

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([1])		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Prófunaroktantala, RON([3])		95,0	98,0	EN ISO 5164
Hreyfilsoktantala, MON([3])		85,0	89,0	EN ISO 5163
Eðlismassi við 15 °C	kg/m^3	743,0	756,0	EN ISO 12185
Gufuþrýstingur (DVPE)	kPa	56,0	95,0	EN 13016-1
Vatnsinnihald		hámark 0,05% v/v Útlit við – 7 °C: tært og bjart		EN 12937

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([1])		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Eiming:				
— uppgufun við 70 °C	% rúmmálshlutfall	34,0	46,0	EN ISO 3405
— uppgufun við 100 °C	% rúmmálshlutfall	54,0	62,0	EN ISO 3405
— uppgufun við 150 °C	% rúmmálshlutfall	86,0	94,0	EN ISO 3405
— lokasuðumark	°C	170	195	EN ISO 3405
Leifar	% rúmmálshlutfall	—	2,0	EN ISO 3405
Vetniskolefnisgreining:				
— ólefín	% rúmmálshlutfall	6,0	13,0	EN 22854
— arómöt	% rúmmálshlutfall	25,0	32,0	EN 22854
— bensen	% rúmmálshlutfall	—	1,00	EN 22854 EN 238
— mettuð sambönd	% rúmmálshlutfall	skal tilgreina		EN 22854
Kolefnis-/vetnishlutfall		skal tilgreina		
Kolefnis-/súrefnishlutfall		skal tilgreina		
Örvunartímabil([4])	mín.	480	—	EN ISO 7536
Súrefnisinnihald([5])	% massahlutfall	3,3	3,7	EN 22854
Gúmmí þvegið með leysiefnum (Núverandi gúmmíinnihald)	mg/100 ml	—	4	EN ISO 6246
Brennisteinsinnihald([6])	mg/kg	—	10	EN ISO 20846 EN ISO 20884
Kopartæring 3 klst., 50 °C		—	1. flokkur	EN ISO 2160
Blýinnihald	mg/l	—	5	EN 237
Fosfórinnihald([7])	mg/l	—	1,3	ASTM D 3231
Etanól([5])	% rúmmálshlutfall	9,0	10,0	EN 22854“

([1]) Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftunum, eru raungildi. Ákvörðun viðmiðunargildanna byggist á staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli og við ákvörðun hámarksgildis og lágmarksgildis er lágmarksmunurinn 4R (R = samanburðarnákvæmni). Þrátt fyrir þessa ráðstöfun, sem er nauðsynleg af tæknilegum ástæðum, skal framleiðandi eldsneytis samt stefna að núllgildi ef tilskilið hámarksgildi er 2R og að meðalgildi þegar tilgreint er bæði hámark og lágmark. Komi upp spurning um hvort eldsneyti uppfylli kröfur í forskriftunum skal taka mið af ISO 4259.

([2]) Jafngildar EN/ISO-aðferðir verða samþykktar þegar þær verða gefnar út fyrir eiginleika sem taldir eru upp hér að framan.“

([3]) Leiðréttingarstuðull upp á 0,2 fyrir MON (hreyfilsoktantala) og RON (prófunaroktantala) skal dreginn frá útreikningum fyrir lokaniðurstöðu í samræmi við EN 228:2008.

([4]) Eldsneytið má innihalda oxunartálma og málmbinda sem venjulega eru notaðir til að jafna bensínstreymi í olíuvinnslustöðvum, en hreinsandi/tvístrandi aukefnum og leysiefnaolíum skal ekki bætt við.

([5]) Etanól er eina súrefnissambandið sem skal bæta af ásettu ráði í viðmiðunareldsneytið. Etanólið sem notast er við skal vera í samræmi við EN 15376.

([6]) Gefa skal upp rauninnihald brennisteins í eldsneytinu sem notað er við prófun 6.

([7]) Ekki skal af ásettu ráði bæta neinum efnasamböndum sem innihalda fosfór, járn, mangan eða blý í þetta viðmiðunareldsneyti.

6) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka:

a) í lið 2.3.3 kemur eftirfarandi tafla í stað töflunnar „Endanleg viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins samkvæmt Euro 6“:

„Endanleg viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins samkvæmt Euro 6

		Viðmiðunar-massi (RM) (kg)	Massi kolsýrings		Massi vetnis-kolefna, annarra en metans		Massi köfnunar-efnisoxíða		Massi efnisagna([1])		Fjöldi agna ([1])	
			(CO) (mg/km)		(NMHC) (mg/km)		(NO_x) (mg/km)		(Massi agna) (mg/km)		(Fjöldi agna) (#/km)	
Flokkur	Flokkur		PI	þj.kv.	PI	þj.kv.	PI	þj.kv.	þj.kv.	PI	þj.kv.	PI
M	—	Allt	1900	1750	170	290	90	140	12	12		
N_1	I	RM ≤ 1305	1900	1750	170	290	90	140	12	12		
	II	1305 < RM ≤ 1760	3400	2200	225	320	110	180	12	12		
	III	1760 < RM	4300	2500	270	350	120	220	12	12		
N_2	—	Allt	4300	2500	270	350	120	220	12	12“		

Skýringar: PI = rafkveikja (positive ignition), CI = þjöppukveikja (compression ignition)“

([1]) Mörk fyrir agnamassa fyrir ökutæki með rafkveikju gilda einungis um ökutæki sem hafa hreyfla með beinni innsprautun.

b) í lið 2.3.4 kemur eftirfarandi tafla í stað töflunnar „Bráðabirgðaviðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins samkvæmt Euro 6“:

„Bráðabirgðaviðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins samkvæmt Euro 6

		Viðmiðunar-massi (RM) (kg)	Massi kolsýrings		Massi vetniskolefna, annarra en metans		Massi köfnunar-efnisoxíða		Massi efnisagna ([1])	
			(CO) (mg/km)		(NMHC) (mg/km)		(NOx) (mg/km)		(Massi agna) (mg/km)	
Flokkur	Flokkur		PI	þj.kv.	PI	þj.kv.	PI	þj.kv.	þj.kv.	PI
M	—	Allt	1900	1750	170	290	150	180	25	25
N_1	I	RM ≤ 1305	1900	1750	170	290	150	180	25	25
	II	1305 < RM ≤ 1760	3400	2200	225	320	190	220	25	25
	III	1760 < RM	4300	2500	270	350	210	280	30	30
N_2	—	Allt	4300	2500	270	350	210	280	30	30“

Skýringar: PI = rafkveikja (positive ignition), CI = þjöppukveikja (compression ignition)“

([1]) Mörk fyrir agnamassa fyrir ökutæki með rafkveikju gilda einungis um ökutæki sem hafa hreyfla með beinni innsprautun.

c) í stað liðar 2.5 komi eftirfarandi:

„2.5. Skilja ber lið 3.3.3.1 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 83 á eftirfarandi hátt:

Innbyggða greiningarkerfið skal vakta minnkandi skilvirkni hvarfakútsins með tilliti til losunar á heildarmagni vetniskolefna, annarra en metan, og köfnunarefnisoxíða. Framleiðendur geta vaktað fremsta hvarfakútinn eingöngu eða ásamt næsta hvarfakút fyrir aftan. Líta skal svo á að hver vaktaður hvarfakútur eða samtengdir hvarfakútar séu bilaðir þegar losun er yfir viðmiðunargildum vetniskolefna, annarra en metans, eða köfnunarefnisoxíða sem kveðið er á um í lið 2.3 í þessum viðauka. Þrátt fyrir þetta skal krafan um vöktun á minnkandi skilvirkni hvarfakúts með tilliti til losunar á köfnunarefnisoxíðum aðeins gilda frá þeim dagsetningum sem settar eru fram í 17. gr.“,

7) Ákvæðum XII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 2.2.2 komi eftirfarandi:

„2.2.2 Að því er varðar fljótandi jarðolíugas og jarðgas skal nota það eldsneyti sem framleiðandi velur fyrir mælingu á nettóafli í samræmi við XX. viðauka við þessa reglugerð. Tilgreina skal eldsneytið sem valið er í upplýsingaskjalinu sem sett er fram í 3. viðbæti við I. viðauka við þessa reglugerð.

b) í stað liðar 2.3 komi eftirfarandi:

3.2.12.2.8.8.3.	Skrifleg lýsing og/eða teikning af viðvörunarmerkjum ([6])“	
3.2.12.2.8.8.4.	Önnur viðurkenning notuð, eins og kveðið er á um í lið 2.1 í XIII. viðauka við reglugerð (ESB) Nr. 582/2011: já/nei ([1])	
3.2.12.2.8.8.5.	Upphitaður/óupphitaður geymir fyrir virka efnið og skömmtunarkerfi (sjá lið 2.4 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49)“	

z) í 4. viðbæti er viðbæti við upplýsingaskjalið breytt sem hér segir:

i. Í stað töflu 1 komi eftirfarandi:

„*Tafla 1*

Búnaður	Lausa-gangur	Lítill hraði	Mikill hraði	Æskilegur hraði ([2])	n95h
P_a Aukabúnaður/búnaður sem krafist er skv. 6. viðbæti við 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49					
P_b Aukabúnaður/búnaður sem ekki er krafist skv. 6. viðbæti við 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49“					

ii. í stað fyrirsagnar í lið 5.1 komi eftirfarandi:

„5.1. Prófunarhraði hreyfils vegna losunarprófunar í samræmi við III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 ([9])([d5])“

iii. í stað fyrirsagnar í lið 5.2 komi eftirfarandi:

„5.2. Uppgefin gildi fyrir aflprófun í samræmi við XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 ([9]) (D5)“

aa) í 5. viðbæti er viðbótinni við EB-gerðarviðurkenningarvottorð breytt sem hér segir:

i. í stað liðar 1.1.5 komi eftirfarandi:

„1.1.5. Hreyfilflokkur: Dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki/etanól (ED95)/etanól (E85)/fljótandi jarðgas/LNG_{20} ([1])“

ii. á eftir lið 1.1.5 bætist við eftirfarandi liður 1.1.5.1:

„1.1.5.1. Gerð hreyfils sem gengur fyrir tveimur gerðum eldsneytis: Gerð 1A/Gerð 1B/Gerð 2A/Gerð 2B/Gerð 3B ([1])([d1])“

iii. í stað liðar 1.4 komi eftirfarandi:

„1.4. Losun hreyfils/stofnhreyfils ([1])

Spillistuðull (DF): reiknaður út/fastákveðinn ([1])

Tilgreina skal spillistuðulsgildin og losunina í WHSC-prófuninni (ef við á) og WHTC-prófuninni í eftirfarandi töflu:“

iv. í stað töflu 4 komi eftirfarandi:

„*Tafla 4*

WHSC-prófun

WHSC-prófun (ef við á) ([10])([d5])							
DF	CO	THC	NMHC ([d4])	NO_x	Massi efnisagna	NH_3	Fjöldi efnisagna
Margf./viðb. ([1])							
Losun	CO (mg/kWh)	THC (mg/kWh)	NMHC ([d4]) (mg/kWh)	NO_x (mg/kWh)	Massi efnisagna (mg/kWh)	NH_3 milljónar-hlutar	Fjöldi efnisagna (#/kWh)
Niðurstaða prófunar							
Reiknuð með spillistuðli:							
Koltvísýringslosun: ..... g/kWh							
Eldsneytisnotkun ..... g/kWh“							

v) í stað töflu 5 komi eftirfarandi:

„*Tafla 5*

WHTC-prófun

WHTC-prófun ([10])([d5])								
DF	CO	THC	NMHC ([d4])	CH4 ([d4])	NO_x	Massi efnisagna	NH_3	Fjöldi efnis-agna
Margf./viðb. ([1])								
Losun	CO (mg/kWh)	THC (mg/kWh)	NMHC ([d4]) (mg/kWh)	CH4 ([d4]) (mg/kWh)	NO_x (mg/kWh)	Massi efnisagna (mg/kWh)	NH_3 milljónar-hlutar	Fjöldi efnis-agna (#/kWh)
Kaldræsing								
Heitræsing án endurnýjunar								
Heitræsing með endurnýjun ([1])								
$k_{r,u}$ (margf./viðb.) ([1])								
$k_{r,d}$ (margf./viðb.) ([1])								
Vegin niðurstaða úr prófun								
Lokaniðurstaða úr prófun með spillistuðli								
Koltvísýringslosun: ..... g/kWh								
Eldsneytisnotkun: ..... g/kWh“								

ab) í 7. viðbæti er viðbótinni við EB-gerðarviðurkenningarvottorð breytt sem hér segir:

i. í stað liðar 1.1.5 komi eftirfarandi:

„1.1.5. Hreyfilflokkur: Dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki/etanól (ED95)/etanól (E85)/fljótandi jarðgas/LNG_{20} ([1])“

ii. á eftir lið 1.1.5 bætist við eftirfarandi liður 1.1.5.1:

„1.1.5.1. Gerð hreyfils sem gengur fyrir tveimur gerðum eldsneytis: Gerð 1A/Gerð 1B/Gerð 2A/Gerð 2B/Gerð 3B ([1])([d1])“

iii. í stað liðar 1.4 komi eftirfarandi:

„1.4. Losun hreyfils/stofnhreyfils ([1])

Spillistuðull (DF): reiknaður út/fastákveðinn ([1])

Tilgreina skal spillistuðulsgildin og losunina í WHSC-prófuninni (ef við á) og WHTC-prófuninni í eftirfarandi töflu:“

iv. í stað töflu 4 komi eftirfarandi:

„*Tafla 4*

WHSC-prófun

WHSC-prófun (ef við á) ([10])([d5])							
DF	CO	THC	NMHC ([d4])	NO_x	Massi efnisagna	NH_3	Fjöldi efnisagna
Margf./viðb. ([1])							
Losun	CO (mg/kWh)	THC (mg/kWh)	NMHC ([d4]) (mg/kWh)	NO_x (mg/kWh)	Massi efnisagna (mg/kWh)	NH_3 milljónar-hlutar	Fjöldi efnisagna (#/kWh)
Niðurstaða prófunar							
Reiknuð með spillistuðli:							
Koltvísýringslosun: ..... g/kWh							
Eldsneytisnotkun: ..... g/kWh“							

v. í stað töflu 5 komi eftirfarandi:

„*Tafla 5*


WHTC-prófun

WHTC-prófun ([10])([d5])								
DF	CO	THC	NMHC ([d4])	CH4 ([d4])	NO_x	Massi efnis-agna	NH_3	Fjöldi efnis-agna
Margf./viðb. ([1])								
Losun	CO (mg/kWh)	THC (mg/kWh)	NMHC ([d4]) (mg/kWh)	CH4 ([d4]) (mg/kWh)	NO_x (mg/kWh)	Massi efnisagna (mg/kWh)	NH_3 milljónar-hlutar	Fjöldi efnis-agna (#/kWh)
Kaldræsing								
Heitræsing án endurnýjunar								
Heitræsing með endurnýjun ([1])								
$k_{r,u}$ (margf./viðb.)([1])								
$k_{r,d}$ (margf./viðb.)([1])								
Vegin niðurstaða úr prófun								
Lokaniðurstaða úr prófun með spillistuðli								
Koltvísýringslosun: ..... g/kWh								
Eldsneytisnotkun: ..... g/kWh“								

ac) í stað 8. viðbætis komi eftirfarandi:

„8. viðbætir

Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki





Viðurkenningarmerkið í þessum viðbæti sem er fest á hreyfil sem er viðurkenndur sem aðskilin tæknieining sýnir að um er að ræða gerð 2B sem knúin er tveimur gerðum eldsneytis, er hönnuð er til að ganga á lofttegundum í bæði H- og L-flokki og hefur verið viðurkennd í Belgíu (e6) samkvæmt losunaráfanga C, eins og sett er fram í 9. viðbæti við þennan viðauka.“

ad) í stað töflu 1 í 9. viðbæti komi eftirfarandi:

„*Tafla 1*

Rittákn	NO_x OTL ([1])	PM OTL ([2])	Gæði og notkun virks efnis	Innleiðingar-dagsetningar: nýjar gerðir	Innleiðingar-dagsetningar: öll ökutæki	Síðasta dagsetning skráningar
A	Línan „frestur til innleiðingar í áföngum“ í 1. og 2. töflu	Vöktun á frammi-stöðu ([3])	Innleiðing í áföngum ([4])	31.12.2012.	31.12.2013	31.08.2015
B	Línan „frestur til innleiðingar í áföngum“ í 1. og 2. töflu	Línan „frestur til innleiðingar í áföngum“ í 1. töflu	Innleiðing í áföngum ([4])	1.9.2014	1.9.2015	30.12.2016
C	Línan „almennar kröfur“ í 1. og 2. töflu	Línan „almennar kröfur“ í 1. töflu	Almennt ([5])	31.12.2015	31.12.2016“	

ae) Ákvæðum 10. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi komi í stað skýringar ([5]):

„([5]) Gildi fyrir samanlagða WHTC-prófun, þ.m.t. kaldan og heitan hluta, í samræmi við VIII. viðauka við þessa reglugerð“

ii. eftirfarandi skýring ([10]) bætist við:

„[10]) Ef um er að ræða hreyfla sem falla undir liði 1.1.3 og 1.1.6 .. í I. viðauka við þessa reglugerð, skal endurtaka upplýsingarnar fyrir allt eldsneyti sem prófað er eftir því sem við á.“

iii. eftirfarandi skýringar ([d]) til ([d5]) bætast við á eftir skýringu ([b]):

„([d]) Hreyflar knúnir tveimur gerðum eldsneytis

([d1]) Ef um er ræða hreyfil eða ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis.

([d2]) Ef um er að ræða hreyfil sem knúinn er tveimur gerðum eldsneytis af gerðum 1B, 2B og 3B.

([d3]) Nema þegar um er ræða hreyfla eða ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis.

([d4]) Í þeim tilfellum sem mælt er fyrir um í töflu 1 í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 fyrir hreyfla sem knúnir eru með tveimur gerðum eldsneytis, og í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 fyrir hreyfla með rafkveikju.

([d5]) Ef um er að ræða hreyfla af gerðum 1B, 2B og 3B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis, skal endurtaka upplýsingarnar bæði í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis og í dísilham.“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liðir 2.7 til 2.7.1.2 bætast við á eftir lið 2.6:

„2.7 **Hreyflar og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis**

2.7.1. Hreyflar og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis skulu uppfylla eftirfarandi viðbótarkröfur:

2.7.1.1. Gera skal prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis.

2.7.1.2 Ef um er að ræða hreyfla af gerð 1B, 2B og 3B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis skal framkvæma viðbótarprófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun í dísilham á sama hreyfli og ökutæki strax á eftir eða áður en prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun er framkvæmd í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis.

Í slíku tilfelli skal ákvörðunin um hvort lotan sem athuguð er með tölfræðiaðferðinni sem tilgreind er í þessum viðauka stenst eða stenst ekki byggð á eftirfarandi:

a) einstakt ökutæki telst standast ef prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun er staðin, bæði í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis og í dísilham,

b) einstakt ökutæki telst ekki standast ef prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun er ekki staðin í annað hvort ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis eða í dísilham.“

b) í stað liðar 4.6.6 komi eftirfarandi:

„4.6.6. Færanlega mælikerfið fyrir losun skal fá rafafl sem kemur úr ytri aflgjafa en ekki aflgjafa sem dregur orku sína með beinum eða óbeinum hætti frá hreyflinum sem verið er að prófa, nema í þeim tilfellum sem sett eru fram í liðum 4.6.6.1 og 4.6.6.2“

c) eftirfarandi liðir 4.6.6.1 og 4.6.6.2 bætist við á eftir lið 4.6.6:

„4.6.6.1 Annar möguleiki í stað liðar 4.6.6 er að rafafl færanlega mælikerfisins fyrir losun komi frá innra rafkerfi ökutækisins á meðan aflþörf prófunarbúnaðarins eykur ekki afköst hreyfilsins um meira en 1% af hámarksafli og gripið er til ráðstafana til að koma í veg fyrir of mikla afhleðslu rafgeymisins þegar hreyfillinn er ekki í gangi eða hann er í lausagangi.

4.6.6.2 Komi upp ágreiningur skulu niðurstöður mælinga sem gerðar eru með færanlegu mælikerfi fyrir losun sem knúið er af ytri aflgjafa ganga framar niðurstöðum sem fengnar eru í samræmi við aðrar aðferðir sem kveðið er á um lið 4.6.6.1“

d) í stað liða 5.1.2 og 5.1.2.1 komi eftirfarandi:

„5.1.2 *Snúningsvægismerki*

5.1.2.1 Samræmi snúningsvægismerkisins sem reiknað er út með færanlega mælikerfinu fyrir losun úr upplýsingum frá gagnastreymi rafstýrieiningarinnar sem gerð er krafa um í lið 5.2.1 í I. viðauka skal sannprófað við fullt álag.“

e) á eftir lið 5.1.2.1 bætist við eftirfarandi liður 5.1.2.1.1:

„5.1.2.1.1 Aðferðinni sem notuð er til að kanna þetta samræmi er lýst í 4. viðbæti.“

f) á eftir lið 5.1.2.3 bætist við eftirfarandi liður 5.1.2.3:

„5.1.2.4. Hreyflar og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis skulu, að auki, uppfylla kröfur og undanþágur sem tengjast leiðréttingum á snúningsvægi sem settar eru fram í lið 10.2.2 í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

g) eftirfarandi liðir 6.3.1 og 6.3.2 bætist við á eftir lið 6.3:

„6.3.1. Ef um er að ræða ökutæki af gerð 2A og 2B sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis og starfrækt í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis, skal ákvarða viðeigandi losunarmörk vegna beitingar á samræmisþáttum sem notaðir eru við framkvæmd á prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun, á grundvelli raunverulegs gasorkuhlutfalls sem reiknað er út frá þeirri eldsneytisnotkun sem mæld er við prófun á vegi.

6.3.2. Annar möguleiki í stað liðar 6.3.1, þegar ekki er til staðar traust leið til að mæla gas- eða dísilolíunotkun á meðan á prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun stendur, er að framleiðandi hafi heimild til að nota það GER_{WHTC} sem ákvarðað er á meðan á heita hluta WHTC-prófunar stendur“

h) Ákvæðum 1. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. í stað neðanmálsgreinar ([4]) í lið 2.2 komi eftirfarandi:

„([4]) Skráð gildi skal vera annað hvort a) nettósnúningsvægi hreyfils miðað við snúningshraða og álag í samræmi við lið 2.4.4 í þessum viðbæti eða b) nettósnúningsvægi hreyfils miðað við snúningshraða og álag eins og það er reiknað út frá snúningsvægi í samræmi við lið 2.4.4 í þessum viðbæti.“

ii. í stað liðar 2.4.4 komi eftirfarandi:

„2.4.4. *Tenging við rafstýrieiningu ökutækis*

Notast skal við gagnaskráningartæki til að skrá starfrækslumörk hreyfils sem skráð eru í 1. töflu. Gagnaskráningartækið getur notast við tengibraut ökutækisins við stjórnsvæðisnet (CAN-net) til að nálgast rafstýrieiningagögnin sem tilgreind eru í 1. töflu 5. viðbætis við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 og send eru á CAN-netinu samkvæmt stöðluðum samskiptareglum svo sem SAE J1939, J1708 eða ISO 15765-4. Það getur reiknað úr nettósnúningsvægi hreyfils miðað við snúningshraða og álag eða umreiknað einingar.“

iii. í lið 2.4.5 komi eftirfarandi í stað annars liðar:

„Sýnatökunema skal komið fyrir í útblástursröri í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í lið 9.3.10 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

iv. í stað liðar 2.5.3 komi eftirfarandi:

„2.5.3. *Athugun og kvörðun greiningartækja*

Framkvæma skal núllstillingu, mælisviðskvörðun og línuleikaathugun greiningartækja með kvörðunarlofttegundum sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í lið 9.3.3. í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49. Línuleikaathugun skal hafa verið framkvæmd innan þriggja mánaða fyrir raunverulega prófun.“

v. í stað liðar 2.7.1 komi eftirfarandi:

„2.7.1. *Athugun greiningartækja*

Framkvæma skal núllstillingu, mælisviðskvörðun og línuleikaathugun greiningartækja, eins og lýst er í lið 2.5.3, með kvörðunarlofttegundum sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í lið 9.3.3. í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

vi. í lið 2.7.5 komi eftirfarandi í stað fyrsta liðar:

„Ef leiðrétt er fyrir reki í samræmi við lið 2.7.4 skal hinn leiðrétti styrkur reiknaður í samræmi við lið 8.6.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

vii. í stað liðar 3.1.1 komi eftirfarandi:

„3.1.1. *Gögn úr gasgreiningartækjum*

Gögn úr gasgreiningartækjum skulu vera samræmd með réttum hætti aðferðinni sem mælt er fyrir um í lið 9.3.5 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

viii. í lið 3.2.1 komi eftirfarandi í stað fyrsta liðar:

Samkvæmni gagnanna (massi útblástursstreymis mældur með streymismæli útblásturslofts og gasgreiningartækjum) skal sannprófuð á grundvelli fylgni á milli upplýsinga um mælt eldsneytisstreymi frá rafstýrieiningu og eldsneytisstreymis eins og það er reiknað út með formúlunni í lið 8.4.1.6 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49. Línulegu aðhvarfi skal beitt á mæld og reiknuð gildi eldsneytisstreymis. Nota skal aðferð minnstu kvaðrata (tvívelda) þar sem hentugasta jafnan er á forminu:“

ix. í stað a-liðar í lið 3.2.3 komi eftirfarandi:

„a) eldsneytisnotkunar sem er reiknuð út frá losunargögnum (gögnum úr gasgreiningartækjum varðandi styrk og massa útblástursstreymis) samkvæmt formúlunni sem kveðið er á um í lið 8.4.1.6 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49,“

x. í stað liðar 3.3 komi eftirfarandi:

„3.3. **Leiðrétting úr þurru ástandi í rakt ástand**

Ef styrkur er mældur í þurru ástandi skal umreikna hann yfir á rakt ástand samkvæmt formúlunni sem kveðið er á um í lið 8.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

xi. í stað liðar 3.5 komi eftirfarandi:

„3.5. **Útreikningur á augnablikslosun lofttegunda**

Massi losunar skal ákvarðast eins og lýst er í lið 8.4.2.3 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

xii. í stað fjórða liðar í lið 4.1. komi eftirfarandi:

„Massi losunar (mg/glugga) skal ákvarðast eins og lýst er í lið 8.4.2.3 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

i) Ákvæðum 2. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrsta liðar í lið 2.2. komi eftirfarandi:

„Lofttegundir skulu greindar með tækni af því tagi sem tilgreind er í lið 9.3.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.“

ii. í stað liða 2.3 og 2.4 komi eftirfarandi:

„2.3. **Sýnataka til að ákvarða losun mengandi lofttegunda**

Sýnatökunemar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum A.2.1.2 og A.2.1.3 í 2. viðbæti við 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49. Sýnatökuleiðslurnar skulu hitaðar í 190 °C (+/– 10 °C).

2.4. **Önnur mælitæki**

Mælitæki skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í töflu 7 og lið 9.3.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

j) í stað liða 1.1, 1.2 og 1.3 í 3. viðbæti komi eftirfarandi:

„1.1. **Kvörðunarlofttegundir**

Gasgreiningartæki færanlega mælikerfisins fyrir losun skal kvarðað með gasi í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lið 9.3.3 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

1.2. Lekaprófun

Lekaprófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun skal gerð í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lið 9.3.4 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

1.3. Könnun á svörunartíma greiningarkerfisins

Könnun á svörunartíma færanlega mælikerfisins fyrir losun skal fara fram í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í lið 9.3.5 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 1.1 komi eftirfarandi:

„1.1. Í þessum viðauka er sett fram aðferðin sem notuð er til að mæla losun kolsýrings í lausagangi (eðlilegum og hröðum) frá rafkveikjuhreyflum sem settir eru upp í ökutækjum í flokki M_1 með tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu sem ekki er meiri en 7,5 tonn, sem og í ökutækjum í flokkum M_2 og N_1.“

b) á eftir lið 1.1 bætist við eftirfarandi liður 1.2:

„1.2. Þessi viðauki gildir ekki um hreyfla og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis.“

4) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liða 3.1 og 3.1.1 komi eftirfarandi:

„3.1. Liðir 3.1.1 og 3.1.2 gilda um þjöppukveikjuhreyfla, hreyfla sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis og rafkveikjuhreyfla sem knúnir eru jarðgasi/lífmetani eða fljótandi jarðolíugasi.

3.1.1. Hreyflar sem búnir eru hverfiþjöppum, dælum, blásurum eða forþjöppum fyrir inntöku lofts mega losa lofttegundir úr sveifarhúsi í andrúmsloftið ef losuninni er bætt við losun með útblæstri (annað hvort í reynd eða stærðfræðilega) meðan á öllum losunarprófunum stendur, í samræmi við lið 6.10 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

b) í stað liðar 3.2.1 komi eftirfarandi:

„3.2.1. Mæla skal þrýstinginn í sveifarhúsinu meðan á prófunarlotum vegna losunar stendur á viðeigandi stað. Hann skal mældur í gegnum op fyrir olíukvarða með sveigðum þrýstingsmæli.“

c) eftirfarandi liðir 3.2.1.1 og 3.2.1.2 bætist við á eftir lið 3.2.1:

„3.2.1.1. Þrýstingur í soggrein skal mældur með ± 1 kPa nákvæmni.

3.2.1.2. Þrýstingur mældur í sveifarhúsi skal mældur með ± 0,01 kPa nákvæmni.“

5) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 3.1 komi eftirfarandi:

„3.1. Almennar kröfur skulu vera þær sem settar eru fram í lið 4 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

b) eftirfarandi liður 3.2 bætist við:

„3.2. Ef um er að ræða hreyfil sem knúinn er tveimur gerðum eldsneytis má notast við aðlögunaráætlanir að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) hreyfillinn verði alltaf knúinn þeim tveimur gerðum eldsneytis sem hann hefur verið gerðarviðurkenndur fyrir,

b) fyrir hreyfla af gerð 2 sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis, skal munurinn á milli hæsta og lægstan gildis GER_{WHTC} innan hópsins aldrei vera meiri en hundraðshlutinn sem tilgreindur er í lið 3.1.1 í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49,

c) þessum áætlunum er lýst yfir og þær uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessum viðauka.“

c) í stað liða 4.1 og 4.1.1 komi eftirfarandi:

„4.1. Nothæfiskröfur skulu vera þær sem settar eru fram í 5. lið í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undantekningum sem settar eru fram í lið 4.1.1 í þessari reglugerð.

4.1.1. Skilja ber a-lið í lið 5.1.2 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

a) notkun þeirra er að verulegu leyti felld inn í viðeigandi gerðarviðurkenningarprófanir, þ.m.t. prófunaraðferðir fyrir losun utan lotu sem kveðið er á um í 6. lið VI. viðauka við þessa reglugerð og í notkunarákvæðum sem sett eru fram í 12. gr. þessarar reglugerðar.“

d) liðir 4.1.2 til 4.1.4 falli niður.

e) í stað liða 6 til 6.1.1 komi eftirfarandi:

„6. PRÓFUN Á LOSUN UTAN LOTU Á RANNSÓKNARSTOFU Í TENGSLUM VIÐ GERÐARVIÐURKENNINGU OG PRÓFUN ÖKUTÆKJA SEM ERU Í NOTKUN VIÐ GERÐARVIÐURKENNINGU

6.1. Aðferðin fyrir prófun utan lotu í tengslum við gerðarviðurkenningu skal fylgja aðferðafræðinni fyrir prófun utan lotu á rannsóknarstofu og prófun á hreyflum í notkun við gerðarviðurkenningu eins og lýst er í 7. lið 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeirri undanþágu sem kveðið er á um í l ið 6.1.1.

6.1.1. Skilja ber fyrsta undirlið í lið 7.3 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„Prófun ökutækja sem eru í notkun

Framkvæma skal tilraunaprófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun við gerðarviðurkenningu með því að prófa stofnhreyfilinn í ökutæki með aðferðinni sem lýst er í 1. viðbæti þessa viðauka.“

f) liðir 6.1.2 til 6.1.6 falli niður.

g) eftirfarandi liðum 6.2., 6.2.1 og 6.3 er bætt við á eftir lið 6.1.1:

„6.2. **Hreyflar og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis**

Tilraunaprófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun við gerðarviðurkenningu sem gerð er krafa um í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 skal gerð með prófun á stofnhreyfli í hreyflahóp sem knúinn er tveimur gerðum eldsneytis þegar hann er starfræktur í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis.

6.2.1. Ef um er að ræða hreyfla af gerð 1B, 2B og 3B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis skal framkvæma viðbótarprófun með færanlega mælikerfinu í dísilham á sama hreyfli og ökutæki strax á eftir eða áður en tilraunaprófun með færanlega mælikerfinu fyrir losun er framkvæmd í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis.

Í slíku tilfelli er aðeins hægt að veita vottun ef tilraunaprófun með færanlega mælikerfinu fyrir losun er staðin, bæði í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis og í dísilham.

6.3. Frekari kröfur varðandi prófun ökutækja sem eru í notkun verða tilgreindar síðar í samræmi við 3. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.“

h) í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

„7. YFIRLÝSING UM AÐ FARIÐ SÉ AÐ ÁKVÆÐUM FYRIR LOSUN UTAN LOTU

7.1. Yfirlýsing um að farið sé að ákvæðum fyrir losun utan lotu skal samin í samræmi við 10. lið í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeirri undanþágu sem sett er fram í lið 7.1.1.

7.1.1. Skilja ber fyrsta undirlið í lið 10 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„Yfirlýsing um að farið sé að ákvæðum fyrir losun utan lotu

Í umsókn um gerðarviðurkenningu skal framleiðandi gefa yfirlýsingu um að hreyflahópur eða ökutæki uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð um takmörkun á losun utan lotu. Til viðbótar við þessa yfirlýsingu skal sannprófa, með viðbótarprófunum, hvort farið sé að viðeigandi losunartakmörkunum og notkunarkröfum.““

i) í stað 8. liðar komi eftirfarandi:

„8. UPPLÝSINGAR

Skilja ber 11. lið í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

Viðurkenningaryfirvald skal gera kröfu um að framleiðandi leggi fram upplýsingamöppu. Í henni skal lýst öllum smíðaeiningum og mengunarvarnaraðferðum hreyfilkerfisins og þeim aðferðum sem notaðar eru til að stýra frálagsbreytum, hvort sem sú stýring er bein eða óbein.

Upplýsingarnar skulu innihalda tæmandi lýsingu á mengunarvarnaraðferðinni. Til viðbótar gæti þetta falið í sér upplýsingar um virkni allra aukalosunaraðferða og grunnlosunaraðferða, þ.m.t. lýsingu á mæliþáttum sem breytast fyrir tilstuðlan aukalosunaraðferðar og jaðarskilyrðunum sem aukalosunaraðferðir eru virkar við og ábendingar um hvaða aukalosunaraðferðir og grunnlosunaraðferðir eru líklegar til að vera virkar samkvæmt þeim skilyrðum og prófunaraðferðum sem settar eru fram í þessum viðauka.

Þessi upplýsingamappa skal lögð fram í samræmi við ákvæðin í 8. lið I. viðauka við þessa reglugerð.“

j) ákvæði 9. og 10. liðar falli brott.

6) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) á eftir lið 1.2 bætist við eftirfarandi liður 1.3:

„1.3 Ef um er að ræða hreyfla sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis gildir einnig liður 6.5 í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

b) í stað liðar 2.1 komi eftirfarandi:

„2.1. Val á hreyflum skal framkvæmt í samræmi við lið 2 í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

c) liðir 2.2 til 2.3.1 falli niður,

d) í stað liðar 3.1 komi eftirfarandi:

„3.1. Kröfurnar til þess að koma á spillistuðlum fyrir nýtingartíma skulu vera þær sem settar eru fram í 3. lið í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undanþágum sem settar eru fram í liðum 3.1.1 til 3.1.6.“

e) eftirfarandi liðir 3.1.1 til 3.1.6 bætist við á eftir lið 3.1:

„3.1.1. Skilja ber lið 3.2.1.3 í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„3.2.1.3. Losunargildin á upphafspunktinum og endapunkti nýtingartíma, sem reiknað er út í samræmi við lið 3.5.2, skulu uppfylla viðmiðunarmörkin sem tilgreind eru í töflunni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 en einstakar losunarniðurstöður frá prófunarpunktum geta verið yfir þessum viðmiðunarmörkum.“

3.1.2. Skilja ber lið 3.2.1.9 í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„3.2.1.9. Áætlun um uppsafnaða prófun er hægt að stytta með því að flýta öldrun á grundvelli eldsneytisnotkunar. Þetta skal byggt á hlutfalli á milli eldsneytisnotkunar við hefðbundna notkun og eldsneytisnotkunar í öldrunarlotu. Áætlun um uppsafnaða prófun skal ekki stytt um meira en 30 af hundraði, jafnvel þó eldsneytisnotkun í öldrunarlotu sé meira en 30 af hundraði umfram eldsneytisnotkun við hefðbundna notkun.“

3.1.3. Skilja ber lið 3.5.1 í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„3.5.1. Fyrir hvert mengunarefni sem mælt er í heitum WHTC- og WHSC-prófunum á hverjum prófunarpunkti á meðan áætlun um uppsafnaða prófun stendur yfir skal framkvæma „hentugustu“ aðhvarfsgreiningu á grundvelli allra prófunarniðurstaðna. Niðurstöður allra prófana á öllum mengunarefnum skulu settar fram með sama fjölda aukastafa sem viðmiðunarmark fyrir viðkomandi mengunarefni og fram kemur í töflu í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 að viðbættum einum aukastaf. Ef samþykkt hefur verið að aðeins ein prófunarlota (heit WHTC eða WHSC) sé keyrð á hverjum prófunarpunkti og að hin prófunarlotan (heit WHTC eða WHSC) sé aðeins keyrð við upphaf og lok kerfisbundins eftirlits skal, í samræmi við lið 3.2.1.4 í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, aðeins gera aðhvarfsgreininguna á grundvelli prófunarniðurstaðna úr prófanalotum sem keyrðar eru á hverjum prófunarpunkti.

Ólínulegt aðhvarf skal heimilt ef framleiðandi óskar eftir því og að fengnu fyrirframsamþykki viðurkenningaryfirvaldsins.“

3.1.4. Skilja ber lið 3.7.1 í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„3.7.1. Hreyflar skulu uppfylla öll viðkomandi losunarmörk fyrir hvert mengunarefni, eins og þau eru gefin upp í töflunni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009, eftir að spillistuðlum hefur verið beitt á prófunarniðurstöðurnar eins og þær eru mældar í samræmi við III. viðauka (e_{gas}, e_{PM}). Eftirfarandi ákvæði skulu gilda eftir því um hvers konar spillistuðul (DF) er að ræða:

a) margfaldandi: (e_{gas} eða e_{PM}) * DF ≤ losunarmörk

b) viðbætinn: (e_{gas} eða e_{PM}) + DF ≤ losunarmörk“

3.1.5. Skilja ber lið 3.8.1 í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„3.8.1. Samræmi framleiðslu að því er varðar losun er kannað á grundvelli krafna sem settar eru fram í 7. lið I. viðauka við þessa reglugerð.“

3.1.6. Skilja ber lið 3.8.3 í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„3.8.3. Að því er varðar gerðarviðurkenningu skulu aðeins þeir spillistuðlar sem kveðið er á um í liðum 3.5 eða 3.6 í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, tilgreindir í liðum 1.4.1 og 1.4.2 í viðbótinni við 5. viðbæti og í liðum 1.4.1 og 1.4.2 í viðbótinni við 7. viðbæti í I. viðauka við þessa reglugerð.“

f) í stað liðar 3.2 komi eftirfarandi:

„3.2. Notkun markaðseldsneytis er heimil við framkvæmd áætlunar um uppsafnaða prófun. Notast skal við viðmiðunareldsneyti við losunarprófun.“

g) liðir 3.2.1 til 3.8.3 falli niður,

h) eftirfarandi komi í stað liðar 4:

„4. VIÐHALD

Viðhaldskröfur skulu vera þær sem settar eru fram í 4. lið í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

i) liðir 4.1.1 til 4.4.2 falli niður.

7) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 2.1 komi eftirfarandi:

„2.1. Almennu kröfurnar skulu vera þær sem settar eru fram í lið 2 í 12. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

b) ákvæði liðar 2.2 falli brott,

c) í stað liða 3.1 og 3.1.1 komi eftirfarandi:

„3.1. Kröfurnar til þess að ákvarða losun koltvísýrings skulu vera þær sem settar eru fram í 3. lið í 12. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeirri undanþágu sem sett er fram í lið 3.1.1.

3.1.1. Ákvæði liðar 3.1 og 1. viðbætis við 12. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 gilda ekki um hreyfla og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis. Í stað skulu ákvæði liðar 10.3 í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 gilda, sem kveða á um viðbótarkröfur fyrir ákvörðun á koltvísýringi fyrir tilteknar tvær gerðir eldsneytis.“

d) liðir 3.1.2 til 3.3.2 falli niður,

e) í stað liðar 4.1 komi eftirfarandi:

„4.1. Kröfurnar vegna ákvörðunar eldsneytisnotkunar skulu vera þær sem settar eru fram í 4. lið í 12. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

f) liðir 4.2 til 4.4.2 falli niður,

g) eftirfarandi 5. til 5.3 liður bætist við:

„5. Ákvæði um losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun vegna rýmkunar á EB-gerðarviðurkenningu ökutækis sem er gerðarviðurkennt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessari reglugerð og hefur viðmiðunarmassa yfir 2380 kg en þó ekki yfir 2610 kg.

5.1. Ákvæði um losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun vegna rýmkunar á gerðarviðurkenningu ökutækis sem er gerðarviðurkennt samkvæmt þessari reglugerð og hefur viðmiðunarmassa yfir 2380 kg en þó ekki yfir 2610 kg skulu vera þau sem sett eru fram í 1. viðbæti við 12. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undanþágum sem kveðið er á um í liðum 5.1.1 og 5.1.2 í þessari reglugerð.

5.1.1. Skilja ber lið A.1.1.1 í 1. viðbæti við 12. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„A.1.1.1. Í þessum viðbæti er kveðið á um ákvæði og prófunaraðferðir vegna skýrslugjafar um losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun vegna rýmkunar á EB-gerðarviðurkenningu ökutækis sem er gerðarviðurkennt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessari reglugerð og hefur viðmiðunarmassa yfir 2380 kg en þó ekki yfir 2610 kg.“

5.1.2. Skilja ber lið A.1.2.1 í 1. viðbæti við 12. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„A.1.2.1. Til að fá rýmkun á EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki, að því er varðar hreyfil þess sem gerðarviðurkenndur er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessari reglugerð, í ökutæki sem hefur viðmiðunarmassa yfir 2380 kg en þó ekki yfir 2610 kg, skal framleiðandi uppfylla kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 101, með þeim undanþágum sem kveðið er á um í liðum A.1.2.1.2 og A.1.2.1.3.“

5.2. Rýmkun á gerðarviðurkenningu samkvæmt þessum lið skal ekki vera möguleg fyrir ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis.“

h) ákvæði 1. viðbætis falli brott.

8) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í liðnum sem samsvarar tæknigögnum um eldsneyti fyrir prófun þjöppukveikjuhreyfla, skal eftirfarandi koma í stað heitisins:

„Tæknigögn um eldsneyti fyrir prófun þjöppukveikjuhreyfla og hreyfla sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis“,

b) í liðnum sem samsvarar tæknigögnum um eldsneyti fyrir prófun rafkveikjuhreyfla, skal eftirfarandi koma í stað heitisins:

„Tæknigögn um eldsneyti fyrir prófun rafkveikjuhreyfla og hreyfla sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis“,

c) í stað töflunnar sem samsvarar gerð eldsneytis Jarðgas/Lífmetan komi eftirfarandi:

„Gerð: Jarðgas/lífmetan

Eiginleikar	Einingar	Grunngildi	Mörk		Prófunaraðferð
			lágmark	hámark	
Viðmiðunareldsneyti G_R					
Samsetning:					
Metan		87	84	89	
Etan		13	11	15	
Jafnvægi([1])	% mólhlutfall	—	—	1	ISO 6974
Brennisteinsinnihald	mg/m^3 ([2])	—		10	ISO 6326-5

([1]) Hvarftregar lofttegundir + C_{2+}.
([2]) Gildi ákvarðað við staðalaðstæður 293,2 K (20 °C) og 101,3 kPa.

Viðmiðunareldsneyti G_{23}					
Samsetning:					
Metan		92,5	91,5	93,5	
Jafnvægi ([1])	% mólhlutfall	—	—	1	ISO 6974
N_2	% mólhlutfall	7,5	6,5	8,5	
Brennisteinsinnihald	mg/m^3 ([2])	—	—	10	ISO 6326-5

([1]) Hvarftregar lofttegundir (aðrar en N2) + C2 + $C2_+$
([2]) Gildi ákvarðað við 293,2 K (20 °C) og 101,3 kPa.

Viðmiðunareldsneyti G_{25}					
Samsetning:					
Metan	% mólhlutfall	86	84	88	

Jafnvægi ([1])	% mólhlutfall	—	—	1	ISO 6974
N_2	% mólhlutfall	14	12	16	
Brennisteinsinnihald	mg/m^3 ([2])	—	—	10	ISO 6326-5

([1]) Hvarftregar lofttegundir (aðrar en N2) + C2 + $C2_+$
([2]) Gildi ákvarðað við 293,2 K (20 °C) og 101,3 kPa.

Viðmiðunareldsneyti G_{20}

Samsetning:					
Metan	% mólhlutfall	100	99	100	ISO 6974
Jafnvægi ([1])	% mólhlutfall	—	—	1	ISO 6974
N_2	% mólhlutfall				ISO 6974
Brennisteinsinnihald	mg/m^3 ([2])	—	—	10	ISO 6326-5
Wobbe-stuðull (nettó)	MJ/m^3 ([3])	48,2	47,2	492	

([1]) Hvarftregar lofttegundir (aðrar en N2) + C2 + $C2_+$.
([2]) Gildi ákvarðað við 293,2 K (20 °C) og 101,3 kPa.
([3]) Gildi ákvarðað við 273,2 K (0 °C) og 101,3 kPa.“

9) Ákvæðum X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 2.1 komi eftirfarandi:

„2.1. Almennar kröfur skulu vera þær sem settar eru fram í 2. lið í 9. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undanþágum sem settar eru fram í lið 2.2.1 í þessari reglugerð.“

b) í eftir lið 2.1 bætist við eftirfarandi liður 2.1.1:

„2.1.1. Skilja ber liði 2.3.2.1 og 2.3.2.2 í viðauka 9A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, á eftirfarandi hátt:

„2.3.2.1. Virkni eftirmeðferðartækisins fyrir agnir, þ.m.t. síunin og stöðuga endurnýjunarferlið, skal vöktuð með tilliti til viðmiðunargilda innbyggðra greiningarkerfa sem tilgreind eru í töflu 1 í þessum viðauka.

2.3.2.2. Fyrir dagsetningarnar sem tilgreindar eru í 8. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar og þegar um er að ræða dísilagnasíu sem notar veggstreymi, getur framleiðandi valið að beita kröfunum varðandi vöktun á frammistöðu, sem settar eru fram í 8. viðbæti við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, í stað krafna liðar 2.3.3.1, ef hann getur sýnt fram á með tæknigögnum að jákvæð fylgni sé á milli minnkunar síunarskilvirkni og minnkunar þrýstingsfalls (delta-þrýstingur) í veggsíunni við notkunarskilyrði hreyfilsins sem tilgreind eru í prófuninni sem lýst er í 8. viðbæti við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.““

c) í stað liðar 2.2 komi eftirfarandi:

„2.2. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun á kröfunum um vöktun sem settar eru fram í lið 2.3.3.1 í viðauka 9A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, eigi síðar en 31. desember 2012. Ef sýnt er fram á að ekki sé hægt að uppfylla viðkomandi kröfur fyrir dagsetningarnar sem tilgreindar eru í 8. mgr. 4. gr. í þessari reglugerð af tæknilegum ástæðum, þá skal framkvæmdastjórnin leggja til viðeigandi breytingar á þeim dagsetningum.“

d) liðir 2.3 til 2.3.3.4 falli niður.

e) í stað liðar 2.4.1 komi eftirfarandi:

„2.4.1. Ef framleiðandi óskar eftir því skal litið svo á, í tilviki ökutækja í flokki M_2, N_1 og ökutækja í flokki M_1 og N_2 sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn og ökutækja í flokki M_3, undirflokki I, II, A og B, sbr. skilgreiningu í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB, sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn, að samræmi við kröfur sem settar eru fram í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, jafngildi því að kröfur þessa viðauka hafi verið uppfylltar, í samræmi við eftirfarandi jafngildi:“

f) eftirfarandi liðir 2.4.1.1 til 2.4.1.b.2 bætist við á eftir lið 2.4.1:

„2.4.1.1. Euro 6 staðall fyrir innbyggt greiningarkerfi – til viðbótar við frammistöðuhlutfall í notkun í töflu 1 í 6. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 skal teljast jafngildur bókstafnum A í töflu 1 í 9. viðbæti við I. viðauka við þessa reglugerð.

2.4.1.2. Euro 6 staðall fyrir innbyggt greiningarkerfi – 1 í töflu 1 í 6. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 skal teljast jafngildur bókstafnum B í töflu 1 í 9. viðbæti við I. viðauka við þessa reglugerð.

2.4.1.3. Euro 6 staðall fyrir innbyggt greiningarkerfi – 2 í töflu 1 í 6. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 skal teljast jafngildur bókstafnum C í töflu 1 í 9. viðbæti við I. viðauka við þessa reglugerð.

2.4.1.a. Ef slík annars konar viðurkenning er notuð skulu upplýsingarnar í 3.2.12.2.7 í 3. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 koma í stað upplýsinganna sem tengjast innbyggðum greiningarkerfum í liðum 3.2.12.2.7.1 til 3.2.12.2.7.4 í 2. hluta 4. viðbætis við I. viðauka.

2.4.1.b. Jafngildin sem sett eru fram í lið 2.4.1 gilda með eftirfarandi hætti:

2.4.1.b.1. Viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa og dagsetningar sem um getur í töflu 1 í 9. viðbæti við I. viðauka við þessa reglugerð, og eiga við fyrir úthlutaða bókstafi sem sótt er um gerðarviðurkenningu fyrir, skulu gilda.

2.4.1.b.2. Kröfur um NO_x-varnarráðstafanir sem settar eru fram í lið 2.1.2.2.1 til 2.1.2.2.5 í XIII. viðauka skulu gilda.“

g) eftirfarandi liðir 2.6 til 2.6.3 bætist við á eftir lið 2.5:

„2.6. **Hreyflar og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis**

2.6.1. Hreyflar og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis skulu uppfylla kröfurnar sem eiga við um dísilhreyfla og tilgreindar eru í þessum viðauka, óháð því hvort þau eru starfrækt í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis eða dísilham.

2.6.2. Til viðbótar við lið 2.6.1 skulu hreyflar og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis uppfylla kröfur um innbyggð greiningarkerfi sem settar eru fram í 7. lið 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

2.6.3. Ákvæðin fyrir annars konar viðurkenningu sem sett eru fram í lið 2.4.1 gilda ekki fyrir ökutæki og hreyfla sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis.“

h) í stað liða 3.2.1 og 3.2.2 komi eftirfarandi:

„3.2.1. Viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins sem eiga við um innbyggða greiningarkerfið eru þau sem tilgreind eru í línunum „almennar kröfur“ í töflu 1 fyrir hreyfla með þjöppukveikju og í töflu 2 fyrir hreyfla með rafkveikju.

3.2.2. Þar til fresturinn til innleiðingar í áföngum sem settur er fram í 7. mgr. 4. gr. rennur út gilda viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins sem tilgreind eru í línunum „frestur til innleiðingar í áföngum“ í töflu 1 fyrir hreyfla með þjöppukveikju og í töflu 2 fyrir hreyfla með rafkveikju.

Tafla 1

Viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa (hreyflar með þjöppukveikju, þ.m.t. hreyflar knúnir tveimur gerðum eldsneytis)

	Mörk í mg/kWh	
	NO_x	Massi efnisagna
Frestur til innleiðingar í áföngum	1500	25
Almennar kröfur	1200	25

Tafla 2

Viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa (hreyflar með rafkveikju)

	Mörk í mg/kWh	
	NO_x	CO
Frestur til innleiðingar í áföngum	1500	7500 ([1])
Almennar kröfur	1200	7500

([1]) Mörkin gilda frá þeim dagsetningum sem settar eru fram í línu B í töflu 1 í 9. viðbæti við I. viðauka.“

i) í stað liðar 4.1 komi eftirfarandi:

„4.1. Sýnikröfur skulu vera þær sem settar eru fram í 4. lið í viðauka 9A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

j) ákvæði liðar 4.2 falli brott,

k) í stað liðar 5.1 komi eftirfarandi:

„5.1. Kröfur um upplýsingar skulu vera þær sem settar eru fram í 5. lið í viðauka 9A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49. Upplýsingamappa skal lögð fram í samræmi við ákvæði 3. mgr. 5. gr. og 8. liðar I. viðauka við þessa reglugerð.“

l) í stað liða 6 til 6.2.2 komi eftirfarandi:

„6. NOTHÆFISKRÖFUR FYRIR ÖKUTÆKI Í NOTKUN

6.1. Nothæfiskröfur fyrir ökutæki í notkun skulu vera þær sem settar eru fram í 6. lið í viðauka 9A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undanþágum sem settar eru fram í liðum 6.1.1 til 6.1.3 í þessari reglugerð.

6.1.1. Upplýsingamappa skal lögð fram í samræmi við ákvæði 3. mgr. 5. gr. og 8. liðar 1. viðauka við þessa reglugerð.

6.1.2. Lágmarkshlutfall frammistöðu í notkun

Skilja ber lið 6.2.2 í viðauka 9A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„Gildi lágmarkshlutfalls frammistöðu í notkun IUPR(min) er 0,1 fyrir alla vaktara.“

6.1.3. Skilyrðin sem sett eru fram í lið A1.5 í 1. viðbæti við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 skulu vera háð endurskoðun, eftir að fresturinn til innleiðingar í áföngum sem tilgreindur er í 7. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar rennur út.

6.2. Mat á frammistöðu í notkun á meðan á fresti til innleiðingar í áföngum stendur

6.2.1. Á meðan fresti til innleiðingar í áföngum sem settur er fram í 7. mgr. 4. gr. stendur skal mat á frammistöðu í notkun innbyggða greiningakerfisins framkvæmt í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í 5. viðbæti við þennan viðauka.

6.2.2. Á meðan frestur til innleiðingar í áföngum sem settur er fram í 7. mgr. 4. gr. stendur yfir þurfa innbyggð greiningarkerfi ekki að uppfylla kröfur sem settar eru fram í lið 6.2.3 í viðauka 9A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

m) liðir 6.2.3 til 6.5.5.1 falli niður,

n) Viðbætar 1 til 4 og 6 falli niður.

10) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka:

a) í stað liðar 4.3.1 komi eftirfarandi:

„4.3.1. *Lýsing á aðferð sem notuð er við mat á losun*

Hreyflarnir sem eru tilgreindir í a-lið 4. mgr. 16. gr. og búnir eru fullbúnu mengunarvarnarkerfi, þ.m.t. endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði af þeirri gerð sem óskað hefur verið viðurkenningar á, skulu undirgangast prófanir sem hæfa fyrirhugaðri notkun eins og lýst er í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, til þess að hægt sé að bera frammistöðu þess saman við frammistöðu upprunalega mengunarvarnarkerfisins samkvæmt aðferðinni sem lýst er í liðum 4.3.1.1 og 4.3.1.2.“

b) í stað annars liðar í lið 4.3.2.1 komi eftirfarandi:

„Eftirmeðferðarkerfið fyrir útblástursloft skal formeðhöndlað með 12 WHSC-lotum. Að formeðhöndlun lokinni skulu hreyflarnir prófaðir samkvæmt WHDC-prófunaraðferðunum sem lýst er í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49. Framkvæma skal þrjár prófanir á útblástursloftí fyrir hverja viðeigandi gerð.“

c) í stað annars liðar í lið 4.3.2.2 komi eftirfarandi:

„Eftirmeðferðarkerfið fyrir útblástursloft, sem endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn hefur verið settur upp í, skal því næst formeðhöndlað með 12 WHSC-lotum. Að formeðhöndlun lokinni skulu hreyflarnir prófaðir samkvæmt WHDC-prófunaraðferðunum sem lýst er í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49. Framkvæma skal þrjár prófanir á útblástursloftí fyrir hverja viðeigandi gerð.“

d) í stað annars liðar í lið 4.3.2.5 komi eftirfarandi:

„Eftirmeðferðarkerfin fyrir útblástur sem hafa farið í öldrunarferli skulu formeðhöndluð með 12 WHSC-lotum og því næst prófuð með WHDC-aðferðunum sem lýst er í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49. Framkvæma skal þrjár prófanir á útblástursloftí fyrir hverja viðeigandi gerð.“

e) í stað liðar 4.3.2.6 komi eftirfarandi:

„4.3.2.6. Ákvörðun öldrunarstuðuls fyrir endurnýjunarmengunarvarnarbúnað

Öldrunarstuðull hvers mengunarefnis skal vera hlutfall gildandi losunargilda á lokapunkti nýtingartíma og við upphaf kerfisbundins eftirlits (þ.e. ef losun mengunarefnis A er t.d. 1,50 g/kWh við upphaf kerfisbundins eftirlits og 1,82 g/kWh á lokapunkti nýtingartíma, þá er öldrunarstuðullinn 1,82/1,50 = 1,21).“

11) Ákvæðum XII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 2.1 komi eftirfarandi:

„2.1. Ákvæði 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, 5. breytingu, gilda um prófun á samræmi ökutækja sem eru í notkun.“

b) í stað liðar 2.3.1 komi eftirfarandi:

„2.3.1. Skilja ber allar tilvísanir í WHTC og WHSC sem tilvísanir í ETC og ESC, sbr. skilgreiningu í viðauka 4A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, 5. breytingu.“

c) í stað liðar 2.3.7 komi eftirfarandi:

„2.3.7. Að beiðni framleiðandans geta viðurkenningaryfirvöld tekið ákvörðun um úrtaksáætlun samkvæmt liðum 3.1.1, 3.1.2 og 3.1.3 í II. viðauka eða skv. 3. viðbæti við 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, 5. breytingu.“

12) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liða 2. og 2.1 komi eftirfarandi:

„2. ALMENNAR KRÖFUR

Almennar kröfur skulu vera þær sem settar eru fram í 2. lið í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undanþágum sem settar eru fram í liðum 2.1 til 2.1.5 í þessari reglugerð.

2.1. Annars konar viðurkenning“,

b) eftirfarandi liðir 2.1.1 til 2.1.5 bætist við á eftir lið 2.1:

„2.1.1. Ef framleiðandi óskar eftir því skal litið svo á, í tilviki ökutækja í flokki M_2 og N_1 og ökutækja í flokki M_1 og N_2 sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn og ökutækja í flokki M_3, undirflokki I, II, A og B, sbr. skilgreiningu í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB, sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn, að samræmi við kröfur sem settar eru fram í XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, jafngildi því að kröfur þessa viðauka hafi verið uppfylltar.

2.1.2. Ef notast er við aðra viðurkenningu:

2.1.2.1. Upplýsingarnar í lið 3.2.12.2.8 í 3. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 koma í stað upplýsinganna um rétta virkni NO_x-varnarráðstafanna, í liðum 3.2.12.2.8.1 til 3.2.12.2.8.5 í 2. hluta 4. viðbætis við I. viðauka við þessa reglugerð.

2.1.2.2. Eftirfarandi undanþágur gilda varðandi beitingu krafna sem settar eru fram í XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 og í þessum viðauka:

2.1.2.2.1. Ákvæði um vöktun á gæðum virks efnis sem sett eru fram í liðum 7.1 og 7.2 í þessum viðauka gilda í stað 4. hluta XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008.

2.1.2.2.2. Ákvæði um vöktun á notkun virks efnis sem sett eru fram í liðum 8.3 og 8.4 í þessum viðauka gilda í stað 5. hluta XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008.

2.1.2.2.3. Líta skal svo á að viðvörunarkerfi fyrir ökumann sem um getur í 4., 7. og 8. lið þessa viðauka sé hið sama og viðvörunarkerfi fyrir ökumann í 3. lið XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008.

2.1.2.2.4. Ákvæði 6. liðar XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 gilda ekki.

2.1.2.2.5. Ákvæði sem sett eru fram í lið 5.2 í þessum viðauka gilda, ef um er að ræða ökutæki sem notuð eru af björgunarþjónustu, eða hreyfla eða ökutæki sem tilgreind eru í b-lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

2.1.3. Skilja ber lið 2.2.1 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„2.2.1. Framleiðandi skal veita upplýsingar sem lýsa nákvæmlega starfrænum rekstrareiginleikum hreyfilkerfis sem fellur undir þennan viðauka, á því sniði sem sett er fram í 4. viðbæti við I. viðauka við þessa reglugerð.“

2.1.4. Skilja ber fyrsta lið í lið 2.2.4 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„2.2.4. Þegar framleiðandi sækir um viðurkenningu hreyfils eða hóps hreyfla sem aðskilda tæknieiningu skal hann láta fylgja í upplýsingamöppunni, sem um getur í 3. mgr. 5.gr, 3. mgr. 7. gr. eða 3. mgr. 9. gr., viðeigandi kröfur sem munu tryggja að ökutækið muni uppfylla kröfur þessa viðauka þegar því er ekið á vegum eða annars staðar, eftir því sem við á. Þessi gögn skulu fela í sér eftirfarandi:“

2.1.5. Skilja ber lið 2.3.1 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„2.3.1. Öll hreyfilkerfi sem falla undir gildissvið þessa viðauka skulu halda mengunarvarnarvirkni sinni við allar aðstæður sem reglulega eru til staðar á yfirráðasvæði Sambandsins, sér í lagi við lágan umhverfishita, í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.““ “,

c) liðir 2.2 til 2.5 falli niður,

d) í stað liðar 3.1 komi eftirfarandi:

„3.1. Viðhaldskröfur skulu vera þær sem settar eru fram í 3. lið í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

e) liðir 3.2 til 3.7 falli niður,

f) í stað liðar 4.1 komi eftirfarandi:

„4.1. Eiginleikar og starfræksla viðvörunarkerfis fyrir ökumann skulu vera þau sem sett eru fram í 4. lið í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undanþágum sem settar eru fram í lið 4.1.1 í þessari reglugerð.“

g) í eftir lið 4.1 bætist við eftirfarandi liður 4.1.1:

„4.1.1. Skilja ber lið 4.8 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„4.8. Setja má búnað sem gerir ökumanni kleift að deyfa sjónrænar viðvaranir sem viðvörunarkerfið gefur frá sér í ökutæki sem notuð eru af björgunarþjónustu eða í ökutækjum í þeim flokkum sem skilgreindir eru í b-lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2007/46/EB.““

h) liðir 4.2 til 4.10 falli niður,

i) í stað liðar 5.1 komi eftirfarandi:

„5.1. Eiginleikar og starfræksla þvingunarkerfis fyrir ökumann skulu vera þau sem sett eru fram í 5. lið í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undantekningum sem settar eru fram í lið 5.1.1 í þessari reglugerð.“

j) á eftir lið 5.1 bætist við eftirfarandi liður 5.1.1:

„5.1.1. Skilja ber lið 5.2 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„5.2. Krafan um viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann gildir ekki um hreyfla eða ökutæki sem notuð eru af björgunarþjónustu eða um hreyfla eða ökutæki sem eru tilgreind í b-lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2007/46/EB. Viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann skal aðeins afvirkjað varanlega af framleiðanda hreyfilsins eða ökutækisins.““

k) liðir 5.2 til 5.8 falli niður,

l) í stað liðar 6.1 komi eftirfarandi:

„6.1. Ráðstafanir varðandi tiltækileika virks efnis skulu vera þær sem settar eru fram í lið 6 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

m) liðir 6.2 til 6.3.3 falli niður,

n) í stað liða 7.1 og 7.1.1 komi eftirfarandi:

„7.1. Ráðstafanir varðandi vöktun með gæðum virks efnis skulu vera þær sem settar eru fram í 7. lið í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undanþágum sem kveðið er á um í liðum 7.1.1, 7.1.2 og 7.1.3 í þessari reglugerð.

7.1.1. Skilja ber lið 7.1.1 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„7.1.1. Framleiðandi skal tilgreina lægsta ásættanlega styrk virks efnis CD_{min}, sem leiðir til þess að losun gegnum útblástursrör fari ekki fram úr viðmiðunarmörkunum sem tilgreind eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009.“ “,

o) liðir 7.1.1.1 og 7.1.1.2 falli brott,

p) í stað liða 7.1.2 og 7.1.3 komi eftirfarandi:

„7.1.2. Skilja ber lið 7.1.1.1 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„7.1.1.1. Að því er varðar lið 7.1 skal gildið 900 mg/kWh koma í stað tilvísunar í viðmiðunarmörk fyrir losun NO_x sem vísað er til í I. viðauka við reglugerð (EB) 595/2009 meðan á fresti til innleiðingar í áföngum skv. 7. mgr. 4. gr. stendur og ef framleiðandi óskar eftir því.“

7.1.3. Skilja ber lið 7.1.1.2 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„7.1.1.2. Sýna skal fram á hið rétta gildi CD_{min} þegar gerðarviðurkenning fer fram með aðferðinni sem kveðið er á um í 6. viðbæti við 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 og skráð í ítarlegu upplýsingamöppuna eins og tilgreint er í 3. gr. og 8. lið I. viðauka við þessa reglugerð.“ “,

q) liðir 7.1.4 til 7.3.3 falli niður,

r) í stað liðar 8.1 komi eftirfarandi:

„8.1 Ráðstafanir varðandi vöktun á notkun virks efnis skulu vera þær sem settar eru fram í 8. lið í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undanþágum sem settar eru fram í lið 8.1.1 í þessari reglugerð.“

s) á eftir lið 8.1 bætist við eftirfarandi liður 8.1.1:

„8.1.1. Skilja ber lið 8.4.1.1 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„8.4.1.1. Þar til fresti til innleiðingar í áföngum skv. 7. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar lýkur skal viðvörunarkerfið fyrir ökumann sem lýst er í 4. lið 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 virkjað ef yfir 50% frávik er greint milli meðalnotkunar virks efnis og tilskilinnar meðalnotkunar hreyfilkerfisins á virku efni á tímabili sem skilgreint er af framleiðanda, sem skal ekki vera lengra en hámarkstímabilið sem skilgreint er í lið 8.3.1 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“ “,

t) liðir 8.2 til 8.5.3 falli niður,

u) í stað liðar 9.1 komi eftirfarandi:

„9.1. Ráðstafanir varðandi mistök við vöktun sem hægt er að rekja til þess að átt hafi verið við kerfið skulu vera þær sem settar eru fram í lið 6 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“

v) liðir 9.2 til 9.4.3 falli niður,

w) eftirfarandi liðir 10 til 12 bætist við:

„10. Hreyflar og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis

Kröfur til að tryggja rétta virkni NO_X-varnarráðstafana í hreyflum og ökutækjum sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis skulu vera þær sem settar eru fram í 8. lið í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undantekningum sem settar eru fram í lið 10.1 í þessari reglugerð:

10.1. Skilja ber lið 8.1 í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„8.1. Ákvæði 1. til 9. liðar í þessum viðauka gilda um HDDF-hreyfla og -ökutæki, hvort sem þau eru starfrækt í dísilham eða ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis.“

11. Skilja ber c-lið í lið A.1.4.3 í 1. viðbæti við 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

„c) Sýniprófa má lækkun snúningsvægis, sem þörf er á til að ná fram vægri viðbragðsþvingun, á sama tíma og almenna viðurkenningarferlið á afköstum hreyfilsins fer fram samkvæmt þessari reglugerð. Í þessu tilfelli þarf ekki að mæla snúningsvægi sérstaklega við sýniprófun viðbragðsþvingandi kerfisins, Sú hraðatakmörkun sem nauðsynleg er til að ná fram öflugri viðbragðsþvingun skal sýniprófuð í samræmi við kröfur 5. liðar í þessum viðauka.“

12. Skilja ber fyrsta og annan lið 4. viðbætis við 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

Þessi viðbætir gildir þegar framleiðandi ökutækis óskar eftir EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með viðurkenndan hreyfil að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis í samræmi við þessa reglugerð og reglugerð (EB) nr. 595/2009.

Í slíku tilfelli þarf að sýna fram á rétta uppsetningu, til viðbótar uppsetningarkröfum I. viðauka við þessa reglugerð. Þetta skal sýna fram á með því að kynna viðurkenningaryfirvaldinu tæknileg gögn á borð við verkfræðiteikningar, greiningar á virkni og niðurstöður fyrri prófana.“ “,

x) viðbætar 1 til 5 falli brott,

y) í stað 6. viðbætis komi eftirfarandi:

„6. viðbætir

Sýnt fram á minnstu ásættanlegu gæði virks efnis CD_{min}

1. Framleiðandi skal sýna fram á minnstu ásættanlegu gæði virks efnis CD_{min} á meðan á gerðarviðurkenningu stendur í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í 6. viðbæti við 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undanþágum sem kveðið er á um í lið 1.1 í þessum viðbæti:

1.1. Skilja ber lið A.6.3 þannig:

„A.6.3 Losun mengunarefna sem á sér stað við prófunina skal vera undir losunarmörkum sem tilgreind eru í liðum 7.1.1 og 7.1.1.1 í þessum viðauka.“

13) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liða 2.2.1 til 2.2.4 komi eftirfarandi:

„2.2.1. Þegar um er að ræða hreyfla með rafkveikju sem knúnir eru bensíni eða E85 skal skilja lið 5.2.3.1 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 með eftirfarandi hætti:

Eldsneytið sem notast er við skal vera það sem fáanlegt er á markaði. Komi upp ágreiningur skal notast við viðeigandi viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í IX. viðauka við þessa reglugerð. Í stað viðmiðunareldsneytis sem tilgreint er í IX. viðauka við þessa reglugerð má nota viðmiðunareldsneyti sem skilgreind eru af samhæfingarráði Evrópu fyrir þróun prófana á smurolíum og eldsneyti fyrir hreyfla (hér á eftir „CEC“), fyrir bensínhreyfla í CEC-skjölum RF-01-A-84 og RF-01-A-85.“

2.2.2. Ef um er að ræða hreyfla með rafkveikju og hreyfla sem ganga fyrir fljótandi jarðolíugasi og knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis:

2.2.2.1 Ef um er að ræða hreyfla sem laga sig sjálfvirkt að eldsneytinu skal skilja lið 5.2.3.1 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 með eftirfarandi hætti:

Eldsneytið sem notast er við skal vera það sem fáanlegt er á markaði. Komi upp ágreiningur skal notast við viðeigandi viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í IX. viðauka við þessa reglugerð. Í stað viðmiðunareldsneyta sem tilgreind eru í IX. viðauka við þessa reglugerð má nota viðmiðunareldsneytin sem tilgreind eru í 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85.“

2.2.2.2. Ef um er að ræða hreyfla sem laga sig ekki sjálfvirkt að eldsneytinu skal skilja lið 5.2.3.2.2 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 með eftirfarandi hætti:

„Eldsneytið sem notað er skal vera viðmiðunareldsneytið sem tilgreint er í IX. viðauka við þessa reglugerð eða notast má við viðmiðunareldsneytið sem tilgreint er í 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr.85, sem hefur lægsta C_3-innihald eða“

2.2.3. Fyrir hreyfla með rafkveikju og hreyfla sem ganga fyrir jarðgasi/lífmetani og knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis:

2.2.3.1. Ef um er að ræða hreyfla sem laga sig sjálfvirkt að eldsneytinu skal skilja lið 5.2.3.3.1 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 með eftirfarandi hætti:

Eldsneytið sem notast er við skal vera það sem fáanlegt er á markaði. Komi upp ágreiningur skal notast við viðeigandi viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í IX. viðauka við þessa reglugerð. Í stað viðmiðunareldsneyta sem tilgreind eru í IX. viðauka við þessa reglugerð má nota viðmiðunareldsneytin sem tilgreind eru í 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85.“

2.2.3.2. Ef um er að ræða hreyfla sem laga sig ekki sjálfvirkt að eldsneytinu skal skilja lið 5.2.3.3.2 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 með eftirfarandi hætti:

„Eldsneytið sem notað er skal vera það sem aðgengilegt er á markaði með Wobbe-stuðull upp á a.m.k. 52,6 MJm^{-3} (20 °C, 101,3 kPa). Komi upp ágreiningur skal notast við viðeigandi viðmiðunareldsneyti G_R sem tilgreint er í IX. viðauka við þessa reglugerð.“

2.2.3.3. Í tilviki hreyfils sem er merktur sérstökum eldsneytisflokkum ber að skilja lið 5.2.3.3.3 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 þannig:

„Eldsneytið, sem er notað, skal vera markaðseldsneyti með Wobbe-stuðul sem er a.m.k. 52,6 MJm^{-3} (20 °C, 101,3 kPa) ef hreyfillinn er merktur H-gasflokki, eða a.m.k. 47,2 MJm^{-3} (20 °C, 101,3 kPa) ef hreyfillinn er merktur L-gasflokki. Komi upp ágreiningur skal eldsneytið, sem er notað, vera viðmiðunareldsneytið G_R sem tilgreint er í IX. viðauka við þessa reglugerð ef hreyfillinn er merktur H-gasflokki, eða viðmiðunareldsneytið G_{23} ef hreyfillinn er merktur L-gasflokki, þ.e. eldsneytið með hæsta Wobbe-stuðulinn fyrir viðkomandi flokk eða“

2.2.4. Fyrir hreyfla með þjöppukveikju sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis skal skilja lið 5.2.3.4 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 með eftirfarandi hætti:

Eldsneytið sem notast er við skal vera það sem fáanlegt er á markaði. Komi upp ágreiningur skal notast við viðeigandi viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í IX. viðauka við þessa reglugerð. Í stað viðmiðunareldsneyta sem tilgreind eru í IX. viðauka við þessa reglugerð má nota viðmiðunareldsneytin sem CEC skilgreinir fyrir hreyfla með þjöppukveikju í CEC-skjali RF-03-A84.“

b) í stað liðar 2.3.2 komi eftirfarandi:

„2.3.2. Ákvæði liðar 6.3 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 um hreyfilafl skulu gilda um losunarprófun sem framkvæmd er með aðferðunum sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð.“

———

IV. VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

SANNPRÓFUN LOSUNAR MEÐ ÚTBLÆSTRI

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka er sett fram prófunaraðferð fyrir sannprófun á losun með útblæstri.

2. ALMENNAR KRÖFUR

2.1. Kröfur vegna framkvæmdar prófana og túlkunar á niðurstöðum þeirra skulu vera þær sem settar eru fram í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, og notast við viðeigandi viðmiðunareldsneyti eins og tilgreint er í IX. viðauka við þessa reglugerð.

2.2. Ef um er að ræða hreyfla og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis gilda viðbótarkröfur og undanþágur sem settar eru fram í 4. viðbæti við 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

2.3. Fyrir prófun á hreyflum með rafkveikju með þynningarkerfi fyrir útblástur er heimilt að nota greiningarkerfi sem uppfylla almennar kröfur og tilhögun kvörðunar sem kveðið er á um í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83. Í slíku tilfelli gilda ekki ákvæði 9. liðar og 2. viðbætis við 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

Prófunaraðferðir sem kveðið er á um í 7. lið 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 og losunarútreikningar sem kveðið er á um í 8. lið 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, skulu þó gilda.“

_____

V. VIÐAUKI

XVIII. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR HREYFLA OG ÖKUTÆKI SEM KNÚIN ERU TVEIMUR GERÐUM ELDSNEYTIS

1. Gildissvið

Þessi viðauki gildir um hreyfla og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis og falla undir þessa reglugerð, í honum eru settar fram viðbótarkröfur og undanþágur sem eiga við framleiðendur vegna gerðarviðurkenningar hreyfla og ökutækja sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis.

1.1 Hreyflar sem knúnir er tveimur gerðum eldsneytis og eru, þegar þeir eru starfræktir yfir heitan hluta WHTC-prófunarlotu, með meðalgashlutfall sem ekki er yfir 10 hundraðshlutum ($GER_{WHTC} \leq 10\%$) og hafa ekki dísilham, eru bannaðir.

2. Í viðbæti er kveðið á um skrá yfir tegundir hreyfla sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis og falla undir þessa reglugerð og helstu kröfur um starfrækslu.

3. Kröfur vegna viðurkenningar sem eru sértækar fyrir tvær gerðir eldsneytis

3.1. Kröfur vegna viðurkenningar sem eru sértækar fyrir tvær gerðir eldsneytis skulu vera þær sem settar eru fram í lið 3 í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

4. Almennar kröfur

4.1. Hreyflar og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis skulu uppfylla almennar kröfur sem tilgreindar eru í liðum 4.1 til 4.7 í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

5. Kröfur um afköst

5.1. Losunarmörk sem eiga við fyrir hreyfla af gerð 1A og 1B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis

5.1.1. Losunarmörk sem eiga við um hreyfla af gerð 1A og 1B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis og eru starfræktir í ham þar sem notast er við tvær tegundir eldsneytis eru þau sem sett eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 fyrir rafkveikjuhreyfla.

5.1.2. Losunarmörk sem eiga við um hreyfla af gerð 1B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis og eru starfræktir í dísilham eru þau sem sett eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 fyrir þjöppukveikjuhreyfla.

5.2. Losunarmörk sem eiga við fyrir hreyfla af gerð 2A og 2B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis

5.2.1. Losunarmörk sem gilda á meðan á WHSC-prófunarlotu stendur

Fyrir hreyfla af gerð 2A og 2B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis og starfræktir eru bæði í dísilham og ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis eru mörk losunar með útblæstri, þ.m.t. fjöldatakmörkun efnisagna, á meðan á WHSC-prófunarlotu stendur þau sem eiga við fyrir þjöppukveikjuhreyfla á meðan á WHSC-prófunarlotu stendur, eins og sett er fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009.

5.2.2. Losunarmörk sem gilda á meðan á WHTC-prófunarlotu stendur

5.2.2.1. Losunarmörk fyrir CO, NO_x, NH_3 og massa efnisagna í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis

Losunarmörk fyrir CO, NO_x, NH_3 og efnisagnir, á meðan á WHTC-prófunarlotu stendur, sem eiga við um hreyfla af gerð 2A og 2B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis og eru starfræktir í ham þar sem notast er við tvær tegundir eldsneytis eru þau sem eiga við um bæði þjöppu- og rafkveikjuhreyfla á meðan á WHTC-prófunarlotu stendur, eins og sett er fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009.

5.2.2.2. Losunarmörk fyrir vetniskolefni í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis

5.2.2.2.1. Hreyflar knúnir jarðgasi/lífmetani

Losunarmörk fyrir THC, NMHC og CH_4 á meðan á WHTC-prófunarlotu stendur sem eiga við hreyfla af gerð 2A og 2B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis og eru starfræktir með jarðgasi/lífmetani í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis, eru reiknuð út frá þeim sem eiga við um þjöppu- og rafkveikjuhreyfla á meðan á WHTC-prófunarlotu stendur, eins og sett er fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009, í samræmi við reikningsaðferðina sem tilgreind er í lið 5.2.3 í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

5.2.2.2.2. Hreyflar sem knúnir eru fljótandi jarðolíugasi

Losunarmörk fyrir THC (tetrahýdrókannabínól) sem eiga við um hreyfla af gerð 2A og 2B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis og eru starfræktir með fljótandi jarðolíugasi í ham þar sem notast er við tvær tegundir eldsneytis eru þau sem eiga við um þjöppukveikjuhreyfla á meðan á WHTC-prófunarlotu stendur, eins og sett er fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009.

5.2.2.3. Losunarmörk fyrir fjölda efnisagna í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis

Losunarmörk fyrir fjölda efnisagna á meðan á WHTC-prófunarlotu stendur sem eiga við hreyfla af gerð 2A og 2B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis og eru starfræktir í ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis, eru reiknuð út frá þeim sem eiga við um þjöppu- og rafkveikjuhreyfla á meðan á WHTC-prófunarlotu stendur, eins og sett er fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009, í samræmi við reikningsaðferðina sem tilgreind er í lið 5.2.4 í 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

5.2.2.4. Losunarmörk í dísilham

Losunarmörk, þ.m.t. fjöldatakmörk efnisagna, á meðan á WHTC-prófunarlotu stendur, sem eiga við um hreyfla af gerð 2B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis og eru starfræktir í dísilham eru þau sem sett eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 fyrir þjöppukveikjuhreyfla.

5.3. Losunarmörk sem eiga við fyrir hreyfla af gerð 3B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis

Losunarmörk sem eiga við um hreyfla af gerð 3B sem knúnir eru tveimur gerðum eldsneytis, hvort sem þeir eru starfræktir í dísilham eða ham þar sem notast er við tvær gerðir eldsneytis, eru þau mörk vegna losunar með útblæstri sem eiga við um þjöppukveikjuhreyfla og sett eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009.

6. Sýnikröfur

6.1. Hreyflar og ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis skulu uppfylla viðbótarkröfur og undanþágur sem tengjast því að sýna fram á samræmi eins og sett er fram í 6. lið 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.

7. Gögn um uppsetningu hreyfils með gerðarviðurkenningu sem knúinn er tveimur gerðum eldsneytis í ökutæki

7.1. Í uppsetningargögnum hreyfilkerfis skal framleiðandi hreyfils sem knúinn er tveimur gerðum eldsneytis og hefur gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining taka fram viðeigandi kröfur sem skulu tryggja að þegar ökutækið er notað á vegi eða annars staðar sem viðeigandi er, uppfylli það kröfur sem sérstaklega eiga við um tvær gerðir eldsneytis og settar eru fram í þessari reglugerð. Þessi gögn skulu m.a. fela í sér eftirfarandi:

a) ítarlegar tæknilegar kröfur, þ.m.t. ákvæði sem tryggja að farið sé að ákvæðum um innbyggða greiningarkerfi hreyfilkerfisins,

b) sanngreiningaraðferð sem beita skal.

Kanna má hvort slíkar uppsetningarkröfur séu til staðar og séu fullnægjandi meðan á viðurkenningarferli hreyfilkerfisins stendur.

7.2. Í þeim tilfellum þar sem framleiðandinn sem sækir um EB-gerðarviðurkenningu fyrir uppsetningu hreyfilkerfis í ökutæki er sami framleiðandi og fær gerðarviðurkenningu fyrir hreyfil knúinn tveimur gerðum eldsneytis sem aðskilda tæknieiningu er ekki gerð krafa um gögnin sem tilgreind eru í lið 7.1.

_____

1. viðbætir

Gerðir hreyfla og ökutækja sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis - skrá yfir helstu starfrækslukröfur

	GER_{WHTC}	Lausagangur með dísilolíu	Dísilolía til upphitunar	Starfræksla aðeins með dísilolíu	Starfræksla án gass	Athugasemdir
Gerð 1A	$GER_{WHTC} \geq 90\%$	EKKI leyfilegt	Aðeins heimilað í þjónustuham	Aðeins heimilað í þjónustuham	Þjónustuhamur	
Gerð 1B	$GER_{WHTC} \geq 90\%$	Aðeins heimilað í dísilham	Aðeins heimilað í dísilham	Aðeins heimilað í dísil- og þjónustuham	Dísilhamur	
Gerð 2A	$10\% < GER_{WHTC} < 90\%$	Leyfilegt	Aðeins heimilað í þjónustuham	Aðeins heimilað í þjónustuham	Þjónustuhamur	$GER_{WHTC} \geq 90\%$ heimilað
Gerð 2B	$10\% < GER_{WHTC} < 90\%$	Leyfilegt	Aðeins heimilað í dísilham	Aðeins heimilað í dísil- og þjónustuham	Dísilhamur	$GER_{WHTC} \geq 90\%$ heimilað
Gerð 3A	HVORKI SKILGREINT NÉ HEIMILT					

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/10/ESB **2014/EES/54/19**

frá 19. mars 2013

um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa til þess að aðlaga ákvæði hennar um merkingu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa ([1]), einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 75/324/EBE er kveðið á um flokkun úðabrúsa sem „óeldfimir“, „eldfimir“ eða „afar eldfimir“, samkvæmt flokkunarviðmiðunum sem kveðið er á um í viðauka tilskipunarinnar. Þegar úðabrúsi flokkast sem „eldfimur“ eða „afar eldfimur“ skal hann merktur með logatákni og varnaðarsetningunum (e. *safety phrases*) V2 og V16, sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([2]).

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ([3]) er kveðið á um samræmingu flokkunar og merkingar efna og blandna innan Sambandsins. Í henni eru innleiddar viðmiðanir fyrir flokkun og merkingu efna og blandna, sem kveðið er á um í hnattsamræmda kerfinu til flokkunar og merkingar íðefna, sem hefur verið samþykkt á alþjóðavísu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

3) Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 mun fella úr gildi og koma í stað tilskipunar 67/548/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ([4]), frá og með 1. júní 2015. Því er nauðsynlegt að aðlaga ákvæði tilskipunar 75/324/EBE um merkingu að þeirri reglugerð.

4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal greina á milli gildistíma landbundinna lögleiðingarákvæða um úðabrúsa, sem innihalda eitt efni, og gildistíma landsbundinna lögleiðingarákvæða um úðabrúsa sem innihalda blöndur. Kjósi framleiðendur úðabrúsa, sem innihalda blöndur, af frjálsum vilja, að beita kröfum þessarar tilskipunar um merkingu fyrr, skal það aftur á móti vera leyfilegt.

5) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og til að íþyngja ekki fyrirtækjum að óþörfu, skal kveða á um umbreytingartímabil fyrir úðabrúsa sem innihalda blöndur, sem eru merktir í samræmi við viðeigandi ákvæði, fyrir 1. júní 2015, og settir á markað fram að þeim degi, sem gerir þeim kleift að halda áfram markaðssetningu án þess að merkja úðabrúsana á ný.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipuninni um úðabrúsa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun ráðsins 75/324/EBE

Tilskipun 75/324/EBE er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. mgr. 8. gr. er breytt sem hér segir:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40.

([2]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

a) Eftirfarandi komi í stað inngangsmálsliðarins:

„1. Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 (*) skulu vera merkingar á öllum úðabrúsum eða á merkimiða, sem festur er við þá, ef ekki er hægt að koma upplýsingunum fyrir á úðabrúsunum vegna smæðar þeirra (hámarksrúmtak 150 ml eða þar undir), þar sem tekin eru fram eftirfarandi atriði með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

(*) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.“

b) Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) upplýsingarnar, sem um getur í lið 2.2 í viðaukanum,“.

2) Viðaukanum er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liðir 1.7a og 1.7b bætist við í 1. lið:

„1.7a. **Efni**

„Efni“: efni, eins og það er skilgreint í 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

1.7b. **Blanda**

„Blanda“: blanda, eins og hún er skilgreind í 8. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.“,

b) í 2. lið komi eftirfarandi í stað liðar 2.2 –2.4:

„2.2. **Merking**

Með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skulu eftirfarandi merkingar vera á öllum úðabrúsum með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

a) hvert svo sem innihaldið er:

i. hættusetningin H229: „Þrýstiílát: Getur sprungið við upphitun.“,

ii. varnaðarsetningarnar (e. *precautionary statement*) V210 og V251, sem kveðið er á um í töflu 6.2 í 1. hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

iii. varnaðarsetningarnar V410 og V412, sem kveðið er á um í töflu 6.4 í 1. hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

iv. varnaðarsetningin V102, sem kveðið er á um í töflu 6.1 í 1. hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, þegar úðabrúsinn er neysluvara,

v. viðbótarvarúðarráðstafanir, sem vekja athygli neytenda á sérstakri hættu, sem varan hefur í för með sér; ef úðabrúsa fylgja sérstakar notkunarleiðbeiningar skulu slíkar varúðarráðstafanir einnig koma fram í þeim,

b) ef úðaefnið flokkast sem „óeldfimt“, samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9, er viðvörunarorðið „varúð“,

c) ef úðaefnið flokkast sem „eldfimt“, samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9, er viðvörunarorðið „varúð“ og önnur merkingaratriði í „2. undirflokki fyrir úðabrúsa með eldfimum efnum“, sem kveðið er á um í töflu 2.3.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

d) ef úðaefnið flokkast sem „afar eldfimt“, samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9, er viðvörunarorðið „hætta“ og önnur merkingaratriði í „1. undirflokki fyrir úðabrúsa með eldfimum efnum“, sem kveðið er á um í töflu 2.3.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

2.3. **Rúmmál vökva**

Rúmmál vökva við 50°C má ekki fara yfir 90% af nettórúmtaki.“

2. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þrátt fyrir þriðju undirgrein 1. mgr. 3. gr. er heimilt að merkja úðabrúsa, sem innihalda blöndur, í samræmi við 1. gr., fyrir 1. júní 2015.

2. Þrátt fyrir þriðju undirgrein 1. mgr. 3. gr., er þess ekki krafist að úðabrúsar, sem innihalda blöndur og eru settir á markað fyrir 1. júní 2015, séu merktir á ný í samræmi við 1. gr. fyrr en 1. júní 2017.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 19. mars 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 19. júní 2014 að því er varðar úðabrúsa sem innihalda efni.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júní 2015 að því er varðar úðabrúsa sem innihalda blöndur.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgi slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 88/2014 **2014/EES/54/20**

frá 31. janúar 2014

um að tilgreina málsmeðferð við breytingar á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 28 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 eru 1., 2., 3., 4. og 5. flokkur vel skilgreindir til að gefa færi á tilteknum forsendum að því er varðar eiginleika efnanna sem falla þar undir. Færsla á skrá í 6. flokk í þeim viðauka útheimtir framlagningu á gagnapakka til að unnt sé að vinna fullt áhættumat um fyrirhugaða notkun. Málsmeðferð við breytingu á einum þessara flokka samkvæmt beiðni, í því skyni að bæta í hann virkum efnum eða breyta takmörkunum sem þar koma fram, ætti að vera gagnsæ og jöfn fyrir alla umsækjendur. Því er rétt að tilgreina hana nánar.

2) Gögnin, sem krafist er fyrir færslu virks efnis á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012, ættu að vera fullnægjandi til að færa sönnur á að efnið sé ekki áhyggjuefni í skilningi 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Til að halda samræmi ætti málsmeðferð við framlagningu og fullgildingu umsóknar um færslu virks efnis á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 að vera eins og málsmeðferð við framlagningu og fullgildingu umsóknar um samþykki fyrir virku efni. Ef fyrrnefnda málsmeðferðin útheimtir mögulega framlagningu færri gagna ætti þó að aðlaga málsmeðferð við mat til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur sem um getur í 1. mgr. 82. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um málsmeðferðarreglur sem skal fylgja í þeim tilgangi að breyta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012, að beiðni umsækjanda, í því skyni að:

a) bæta virkum efnum í 1., 2., 3., 4., 5. eða 6. flokk í viðaukanum, í samræmi við 1. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar, eða

b) gera breytingar á viðkomandi takmörkununum í þessum flokkum.

2. gr.

Kröfur um gögn vegna umsóknar

Umsókn um færslu á skrá eða breytingu, sem um getur í 1. gr., skal innihalda upplýsingarnar sem eru tilgreindar í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Framlagning og fullgilding umsókna

1. Málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 7. gr. (1. og 2. mgr.), 7. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.) og 7. gr. (6. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, skal gilda um framlagningu umsókna um færslu á skrá eða breytingar sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ef umsóknin varðar 6. flokk í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 7. gr. og 4. og 5. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar gilda um fullgildingu umsóknarinnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

4. gr.

Mat á umsóknum

1. Lögbært matsyfirvald skal meta hvort færðar séu sönnur á að efnið sé ekki áhyggjuefni í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og, ef við á, hvaða takmörkunum notkun þess skuli sæta. Það skal senda matsskýrslu og niðurstöður úr mati sínu til Efnastofnunar Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]), (hér á eftir nefnd „Efnastofnunin“). Ef umsóknin varðar færslu á skrá í 1., 2., 3., 4. eða 5. flokk í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal leggja matsskýrsluna og niðurstöðurnar fram innan 180 daga frá greiðslu þóknananna sem um getur í þriðju undirgrein 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar. Ef umsóknin varðar færslu á skrá í 6. flokk í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal leggja matsskýrsluna og niðurstöðurnar fram innan 365 daga frá fullgildingu umsóknarinnar.

Áður en lögbæra matsyfirvaldið leggur niðurstöður sínar fyrir Efnastofnunina skal það gefa umsækjandanum færi á að leggja fram skriflegar athugasemdir um matsskýrsluna og um niðurstöður matsins innan 30 daga. Lögbæra matsyfirvaldið skal taka tilhlýðilegt tillit til þeirra athugasemda í endanlegu mati sínu.

2. Ef svo virðist sem þörf sé á viðbótarupplýsingum til að unnt sé að vinna matið skal lögbæra matsyfirvaldið fara fram á að umsækjandinn leggi þær upplýsingar fram innan tiltekins frests og skal tilkynna Efnastofnuninni þar um. Frestirnir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, rofna sama dag og beiðnin er lögð fram og halda ekki áfram að líða fyrr en daginn þegar tekið er við upplýsingunum. Rof á fresti skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema það sé réttlætanlegt vegna eðlis gagnanna, sem krafist er, eða vegna sérstakra aðstæðna.

3. Umsókn sem varðar færslu virks efnis á skrá í 1., 2., 3., 4. eða 5. flokk í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 sem, í kjölfar beiðni um viðbótargögn skv. 2. mgr., uppfyllir ákvæði 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 í einu og öllu skal, ef umsækjandinn fer fram á það,

a) teljast umsókn um færslu á skrá í 6. flokk í I. viðauka við þá reglugerð og

b) háð fullgildingu skv. 2. mgr. 3. gr.

4. Efnastofnunin skal, með hliðsjón af niðurstöðum lögbærs matsyfirvalds, semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álitið sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 innan 270 daga frá því að henni berast niðurstöður matsins, ef um er að ræða umsókn um færslu á skrá í 6. flokk í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012, og innan 180 daga frá móttökunni ef um er að ræða umsókn um færslu á skrá í 1,. 2., 3., 4. eða 5. flokk í I. viðauka við þá reglugerð.

5. gr.

Álit Efnastofnunarinnar sem geta legið til grundvallar við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

Að því tilskildu að sönnur séu færðar á að virka efnið sé ekki áhyggjuefni í skilningi 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja ákvörðun samkvæmt þeirri grein, sem breytir I. viðauka við þá reglugerð í þeim skilningi sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar, ef Efnastofnunin hefur lagt fram álit samkvæmt:

a) 4. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar,

b) 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 eða

c) einni þeirra gerða sem kveðið er á um í 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

VIÐAUKI

Kröfur um gögn vegna færslu virks efnis á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012

ÞÁTTUR A

Gögn vegna færslu á skrá í 1., 2., 3., 4. eða 5. flokk

1. Í umsókn um færslu virks efnis í 1., 2., 3., 4. eða 5. flokki á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal tilgreina viðkomandi flokk, auðkenni efnisins og fyrirhugaða notkun vörunnar sem sótt verður um leyfi fyrir og umsóknin skal innihalda fullnægjandi sannanir til að sýna fram á eftirfarandi:

   a) að efnið sé í samræmi við lýsinguna á viðkomandi flokki og

   b) að fyrir hendi séu traust, samhljóma sérfræðiálit um að efnið sé ekki áhyggjuefni í samræmi við 2. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar.

   Sannanirnar, sem um getur í b-lið, skulu innihalda öll viðeigandi birt gögn úr fræðiritum sem varða viðkomandi efni og öll viðeigandi gögn um efnið sem umsækjandinn hefur aflað. Þær mega einnig innihalda ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum um efnafræðilega hliðstæð/raðkvæm efni, spár um eigindleg eða megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR), gögn úr fyrirliggjandi rannsóknum, rannsóknir í glasi, rannsóknarsöguleg gögn um menn eða niðurstöður frá öðrum eftirlitsyfirvöldum eða reglurömmum.

2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr., ef fullnægjandi sannanir um traust, samhljóma sérfræðiálit að því er varðar einn eða fleiri endapunkta eru ekki fyrir hendi, skal umsókn innihalda öll viðbótargögn sem eru nauðsynleg til að sýna fram á að efnið sé ekki áhyggjuefni í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

ÞÁTTUR B

Gögn vegna færslu á skrá í 6. flokk

Umsókn um færslu virks efnis á skrá í 6. flokk í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal innihalda öll gögn sem um getur í 6. gr. þeirrar reglugerðar til að unnt sé að vinna áhættumat sem byggist á nýjustu þekkingu.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 89/2014 **2014/EES/54/21**

frá 31. janúar 2014

um að samþykkja bis(N-sýklóhexýldíaseníumdíoxý)-kopar (Cu-HDO) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]). Sú skrá nær yfir bis(N-sýklóhexýldíaseníumdíoxý)-kopar (Cu-HDO).

2) Bis(N-sýklóhexýldíaseníumdíoxý)-kopar (Cu-HDO) hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 8 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Austurríki var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 25. febrúar 2008 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 13. desember 2013.

5) Sú skýrsla hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 8 og innihalda bis(N-sýklóhexýldíaseníumdíoxý)-kopar (Cu-HDO), uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB.

6) Því er rétt að samþykkja bis(N-sýklóhexýldíaseníumdíoxý)-kopar (Cu-HDO) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8.

7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal bis(N-sýklóhexýldíaseníumdíoxý)-kopar (Cu-HDO) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
Bis(N-sýklóhexýl-díaseníumdíoxý)-kopar (Cu-HDO)	IUPAC-heiti: bis(N-sýklóhexýl-díaseníumdíoxý)-kopar EB-nr.: á ekki við CAS-nr.: 312600-89-8	981 g/kg	1. september 2015	31. ágúst 2025	8	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2. Grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu í því skyni að vernda landrænt umhverfishólf. Á merkimiðum og, ef þau eru í boði, öryggisblöðum fyrir sæfivörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, skal einkum koma fram að notkun í iðnaði skal fara fram inni á lokuðu svæði eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði, að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum þeim sæfivörum sem fara til spillis.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 90/2014 **2014/EES/54/22**

frá 31. janúar 2014

um að samþykkja dekansýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4, 18 og 19 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]). Sú skrá nær yfir dekansýru.

2) Dekansýra hefur verið metin í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, og vöruflokki 19, fæliefni og löðunarefni, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar, eftir því sem við á, vöruflokki 4, 18 eða 19 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Austurríki var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslur lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 7. desember 2010 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslur lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í tvær matsskýrslur á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 13. desember 2013.

5) Þær skýrslur hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokkum 4, 18 og 19 og innihalda dekansýru, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB.

6) Því er rétt að samþykkja dekansýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4, 18 og 19.

7) Þar eð mötin fjölluðu ekki um nanóefni ættu samþykkin ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Að því er varðar notkun í vöruflokk 4 fjallaði matið ekki um íblöndun sæfivara, sem innihalda dekansýru, í efnivið og hluti sem ætlað er að komast með beinum eða óbeinum hætti í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004([4]). Fyrir slíkan efnivið gæti reynst nauðsynlegt að setja sértæk mörk fyrir flæði yfir í matvæli, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Samþykkið ætti því ekki að ná yfir slíka notkun, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett slík mörk eða sýnt hafi verið fram á samkvæmt þeirri reglugerð að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal dekansýru sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4, 18 og 19, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
Dekansýra	IUPAC-heiti: n-dekansýra EB-nr.: 206-376-4 CAS-nr.: 334-48-5	985 g/kg	1. september 2015	31. ágúst 2025	4	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005([4]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa. Ekki skal blanda sæfivörum sem innihalda dekansýru í efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett sértæk mörk fyrir flæði dekansýru yfir í matvæli eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg.
					18	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Leyfi fyrir vörum til annarrar notkunar en í atvinnuskyni eru háð þeim skilyrðum að umbúðirnar séu hannaðar til að draga sem mest úr váhrifum sem notendur verða fyrir, nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir vörunni að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
						Þegar um er að ræða vörur sem geta leitt af sér efnaleifar í matvælum eða fóðri skal ganga úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný eða breyta gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð (EB) nr. 396/2005 og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.
					19	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 91/2014 **2014/EES/54/23**

frá 31. janúar 2014

um að samþykkja S-metópren sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]). Sú skrá nær yfir S-metópren.

2) S-metópren hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 18 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Írland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 29. október 2010 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 13. desember 2013.

5) Sú skýrsla hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 18 og innihalda S-metópren, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB.

6) Því er rétt að samþykkja S-metópren til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18.

7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal S-metópren sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
S-metópren	IUPAC-heiti: Ísóprópýl-(2E,4E,7S)-11-metoxý-3,7,11-trímetýl-2,4-dódekadíenóat EB-nr.: á ekki við CAS-nr.: 65733-16-6	950 g/kg	1. september 2015	31. ágúst 2025	18	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005([4]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1)

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 92/2014 **2014/EES/54/24**

frá 31. janúar 2014

um að samþykkja síneb sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]). Sú skrá nær yfir síneb.

2) Síneb hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 21, gróðurhindrandi efni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 21 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Írland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 29. mars 2011 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 13. desember 2013.

5) Sú skýrsla hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 21 og innihalda síneb, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að skilyrðin, sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð, séu uppfyllt. Því er rétt að samþykkja síneb til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21.

6) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal síneb sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
Síneb	IUPAC-heiti: Sinketýlenbis(díþíó-karbamat) (fjölliða) EB-nr.: 235-180-1 CAS-nr.: 12122-67-7	940 g/kg	1. janúar 2016	31. desember 2025	21	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Aðilar, sem bjóða vörur sem innihalda síneb fram á markaði fyrir notendur sem ekki nota efnið í atvinnuskyni, skulu sjá til þess að vörurnar séu afhentar ásamt viðeigandi hönskum. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Á merkimiðum og notkunarleiðbeiningum, ef þær eru látnar í té, skal koma fram að halda skuli börnum fjarri þar til meðhöndlaðir yfirborðsfletir eru orðnir þurrir. 3) Á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum fyrir vörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, skal koma fram að notkun, viðhald og viðgerðir skuli fara fram inni á lokuðu svæði, á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði eða á jörðinni, sem skal þakin ógegndræpu efni til að koma í veg fyrir leka og lágmarka losun út í umhverfið, og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum efnum sem fara til spillis, eða úrgangi, sem innihalda síneb. 4) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005([4]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Veruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
						Ef meðhöndluð vara hefur verið meðhöndluð með sínebi eða inniheldur efnið af ásetningi og, ef nauðsyn krefur, vegna hugsanlegrar snertingar við húð svo og losunar sínebs við venjuleg notkunarskilyrði, skal aðilinn sem ber ábyrgð á setningu meðhöndluðu vörunnar á markað sjá til þess að á merkimiðanum séu tilgreindar upplýsingar um áhættu á húðnæmingu sem og upplýsingarnar sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1)

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 93/2014 **2014/EES/54/25**

frá 31. janúar 2014

um að samþykkja oktansýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4 og 18 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]). Sú skrá nær yfir oktansýru.

2) Oktansýra hefur verið metin í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, og vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar, eftir því sem við á, vöruflokki 4 eða 18 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Austurríki var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslur lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 7. desember 2010 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslur lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í tvær matsskýrslur á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 13. desember 2013.

5) Þær skýrslur hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokkum 4 og 18 og innihalda oktansýru, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB.

6) Því er rétt að samþykkja oktansýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4 og 18.

7) Þar eð mötin fjölluðu ekki um nanóefni ættu samþykkin ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Að því er varðar notkun í sæfivörur í vöruflokki 4 fjallaði matið ekki um íblöndun sæfivara, sem innihalda oktansýru, í efnivið og hluti sem ætlað er að komast með beinum eða óbeinum hætti í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004([4]). Fyrir slíkan efnivið gæti reynst nauðsynlegt að setja sértæk mörk fyrir flæði yfir í matvæli, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Samþykkið ætti því ekki ná yfir slíka notkun, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett slík mörk eða sýnt hafi verið fram á samkvæmt þeirri reglugerð að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal oktansýru sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 4 og 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
José Manuel BARROSO
forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
Oktansýra	IUPAC-heiti: n-oktansýra EB-nr.: 204-677-5 CAS-nr.: 124-07-2	993 g/kg	1. september 2015	31. ágúst 2025	4	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005([4]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa. 3) Ekki skal blanda sæfivörum sem innihalda oktansýru í efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett sértæk mörk fyrir flæði oktansýru yfir í matvæli eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg.
					18	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
						Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Leyfi fyrir vörum til annarrar notkunar en í atvinnuskyni eru háð þeim skilyrðum að umbúðirnar séu hannaðar til að draga sem mest úr váhrifum sem notendur verða fyrir, nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir vörunni að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Þegar um er að ræða vörur sem geta leitt af sér efnaleifar í matvælum eða fóðri skal ganga úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný eða breyta gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð (EB) nr. 396/2005 og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1)

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 94/2014 **2014/EES/54/26**

frá 31. janúar 2014

um að samþykkja joð, þ.m.t. pólývínýlpýrrólídónjoð, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 3, 4 og 22 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]). Sú skrá nær yfir joð.

2) Joð hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 1, sæfiefni í hreinlætisvörum fyrir menn, vöruflokki 3, sæfiefni í hreinlætisvörum fyrir dýr, vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, og vöruflokki 22, vökvar til notkunar við líksmurningu og uppstoppun, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar , eftir því sem við á, vöruflokki 1, 3, 4 eða 22 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Gögnin, sem lögð voru fram að því er varðar matið, gerðu það kleift að draga einnig ályktanir varðandi pólývínýlpýrrólídónjoð.

4) Svíþjóð var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 20. apríl 2011 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

5) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 13. desember 2013.

6) Sú skýrsla hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokkum 1, 3, 4 og 22 og innihalda joð, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að skilyrðin, sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð, séu uppfyllt.

7) Því er rétt að samþykkja joð, þ.m.t. pólývínýlpýrrólídónjoð, til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 3, 4 og 22.

8) Þar eð mötin fjölluðu ekki um nanóefni ættu samþykkin ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

9) Matið fjallaði ekki um íblöndun sæfivara, sem innihalda joð, í efnivið og hluti sem ætlað er að komast með beinum eða óbeinum hætti í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004([4]). Fyrir slíkan efnivið gæti reynst nauðsynlegt að setja sértæk mörk fyrir flæði yfir í matvæli, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Samþykkið ætti því ekki ná yfir slíka notkun, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett slík mörk eða sýnt hafi verið fram á samkvæmt þeirri reglugerð að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

10) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, hagsmunaaðilar og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 1.2.2014, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal joð, þ.m.t. pólývínylpýrrólídónjoð, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 3, 4 og 22, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
Joð (þ.m.t. pólývínýlpýrrólídónjoð)	IUPAC-heiti: Joð EB-nr.: 231-442-4 CAS-nr.: 7553-56-2 IUPAC-heiti: Pólývínýlpýrrólídónjoð EB-nr. ekki úthlutað CAS-nr.: 25655-41-8	995 g/kg af joði Að því er varðar pólývínýlpýrrólídón-joð: hreinleiki joðsins skal vera 995 g/kg	1. september 2015	31. ágúst 2025	1	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.
					3	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005([4]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.
					4	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Þegar um er að ræða vörur sem geta leitt af sér efnaleifar í matvælum eða fóðri skal ganga úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný eða breyta gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð (EB) nr. 396/2005 og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa. 2) Ekki skal blanda vörum sem innihalda joð í efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett sértæk mörk fyrir flæði joðs yfir í matvæli eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
					22	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1)

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/1/ESB 2014/EES/54/27

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í legum og slitflötum í lækningatækjum sem verða fyrir jónandi geislun, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Eina áreiðanlega þurra smurefnið með langan líftíma, sem brotnar ekki niður þegar það verður fyrir jónandi geislun, hefur reynst vera málmblendi sem inniheldur blýagnir.

3) Ekki er unnt að útiloka núverandi notkun blýs sem málmblendisþáttar í legum og slitflötum í lækningatækjum sem verða fyrir jónandi geislun, og tæknilega fýsileg staðgönguefni standa ekki heldur til boða.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 23. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„23. Blý sem málmblendisþáttur í legum og slitflötum í lækningatækjum sem verða fyrir jónandi geislun. Fellur úr gildi 30. júní 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/2/ESB 2014/EES/54/28

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum í fosfórhúðir í skyggnimögnurum fyrir röntgenmyndir til 31. desember 2019 og í varahluti fyrir röntgentæki sem sett eru á markað í Evrópusambandinu fyrir 1. janúar 2020, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun kadmíums í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Neikvæð heildaráhrif staðgöngukosta á umhverfi og heilbrigði vega þyngra en kostir þess að skipta út kadmíumi í fosfórhúðir í skyggnimögnurum fyrir röntgenmyndir og í varahluti fyrir röntgentæki.

3) Því ætti notkun kadmíums í fosfórhúðir í skyggnimögnurum fyrir röntgenmyndir og í varahluti fyrir röntgentæki að vera undanþegin banninu.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 21. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„21. Kadmíum í fosfórhúðir í skyggnimögnurum fyrir röntgenmyndir til 31. desember 2019 og í varahluti fyrir röntgentæki, sem eru sett á markað í Evrópusambandinu fyrir 1. janúar 2020.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/3/ESB 2014/EES/54/29

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir merkiefnið blýasetat til notkunar í hnitstýrða (e. *stereotactic*) höfuðramma til notkunar við tölvusneiðmyndatöku og segulómun og í staðsetningarkerfi í búnað fyrir gammageisla- og agnageislameðferð, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Blýasetat er ákjósanlegt efni til notkunar sem merkiefni í höfuðrömmum sem notaðir eru til staðsetningar í geislameðferð og þegar æxli er fjarlægt með gammageislum.

3) Ekki er vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út í tengslum við viðkomandi notkun og svo virðist sem nothæft staðgönguefni verði ekki tiltækt í náinni framtíð.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 22. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„22. Merkiefnið blýasetat til notkunar í hnitstýrða (e. *stereotactic*) höfuðramma til notkunar við tölvusneiðmyndatöku og segulómun og í staðsetningarkerfi í búnað fyrir gammageisla- og agnageislameðferð. Fellur úr gildi 30. júní 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/4/ESB 2014/EES/54/30

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý til að gera lofttæmisheldar tengingar mögulegar milli áls og stáls í röntgenskyggnimögnurum, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Blý er notað í röntgenskyggnimagnara til gera lofttæmisheldar tengingar mögulegar milli áls og stáls.

3) Það að skipta út blýi myndi leiða til þess að skyggnimagnarar yrðu ekki nægilega áreiðanlegir og verður því sem stendur að teljast tæknilega ógerlegt. Í ljósi heilbrigðis og öryggis sjúklinga er því enn gerð krafa um áframhaldandi notkun á blýi til að gera lofttæmisheldar tengingar mögulegar milli áls og stáls í röntgenskyggnimögnurum.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 24. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„24. Blý til að gera lofttæmisheldar tengingar mögulegar milli áls og stáls í röntgenskyggnimögnurum. Fellur úr gildi 31. desember 2019.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/5/ESB 2014/EES/54/31

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni á prentplötur, húðir á úttakstengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og húðir á prentplötum, lóðningarefni til að tengja víra og rafstrengi og lóðningarefni til að tengja ferjöld og skynjara, sem eru notuð varanlega við hitastig undir – 20° C við eðlileg notkunar- og geymsluskilyrði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf-og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Sem stendur er ekki mögulegt að skipta út blýi eða taka það út þegar um er að ræða lóðningarefni á prentplötur, húðir á úttakstengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og húðir á prentplötum, lóðningarefni til að tengja víra og rafstrengi og lóðningarefni til að tengja ferjöld og skynjara, sem eru notuð varanlega við hitastig undir – 20 °C við eðlileg notkunar- og geymsluskilyrði.

3) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 26. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„26. Blý í

— lóðningarefni á prentplötur,

— húðir á úttakstengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og húðir á prentplötum,

— lóðningarefni til að tengja víra og rafstrengi,

— lóðningarefni til að tengja ferjöld og skynjara,

sem eru notuð varanlega við hitastig undir – 20 °C við eðlileg notkunar- og geymsluskilyrði. Fellur úr gildi 30. júní 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/6/ESB 2014/EES/54/32

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í yfirborðshúðir á pinnatengikerfum sem krefjast óseglaðs tengilbúnaðar sem er notaður varanlega við hitastig undir – 20 °C við eðlileg notkunar- og geymsluskilyrði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Engin tæknilega raunhæf staðgönguefni standa til boða fyrir blý í yfirborðshúðir á pinnatengikerfum sem krefjast óseglaðs tengilbúnaðar sem er notaður varanlega við hitastig undir – 20 °C við eðlileg notkunar- og geymsluskilyrði.

3) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 25. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„25. Blý í yfirborðshúðir á pinnatengikerfum sem krefjast óseglaðs tengilbúnaðar sem er notaður varanlega við hitastig undir – 20 °C við eðlileg notkunar- og geymsluskilyrði. Fellur úr gildi 30. júní 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/7/ESB 2014/EES/54/33

frá 18. október 2013

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni, húðir á úttakstengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og prentplötum, tengingar raftauga, hlífa og umluktra tengja, sem eru notuð a) í segulsviði innan kúlurýmis með 1 m geisla í kringum segulmiðju í læknisfræðilegum segulómtækjum, þ.m.t. lífsmarkavaktarar sem eru hannaðir til notkunar innan þessa rýmis, eða b) í segulsviði innan 1 m fjarlægðar frá ytri flötum segla hringhraðla og segla til færslu og stefnustýringar geisla, sem eru notaðir við agnageislameðferð, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Blý er sem stendur notað í lóðningarefni, húðir á úttakstengjum (e. *termination coatings*) á rafmagns- og rafeindaíhlutum og prentplötum, tengingar raftauga, hlífa og umluktra tengja, sem eru notuð annars vegar í segulsviði innan kúlurýmis með 1 m geisla í kringum segulmiðju í læknisfræðilegum segulómtækjum, þ.m.t. lífsmarkavaktarar sem eru hannaðir til notkunar innan þessa rýmis, og hins vegar í segulsviði innan 1 m fjarlægðar frá ytri flötum segla hringhraðla og segla til færslu og stefnustýringar geisla, sem eru notaðir við agnageislameðferð.

3) Sem stendur standa ekki til boða nein vísindalega og tæknilega nothæf og nægilega áreiðanleg staðgönguefni fyrir framangreinda notkun á blýi. Framleiðendur þurfa meiri tíma til að finna áreiðanlegar og öruggar blýlausar lausnir.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 27. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„27. Blý í

— lóðningarefni,

— húðir á úttakstengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og prentplötum,

— tengingar raftauga, hlífa og umluktra tengja,

sem eru notuð í

a) segulsviði innan kúlurýmis með 1 m geisla í kringum segulmiðju í læknisfræðilegum segulómtækjum, þ.m.t. lífsmarkavaktarar sem eru hannaðir til notkunar innan þessa rýmis, eða

b) segulsviði innan 1 m fjarlægðar frá ytri flötum segla hringhraðla og segla til færslu og stefnustýringar geisla, sem eru notaðir við agnageislameðferð.

Fellur úr gildi 30. júní 2020.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/8/ESB 2014/EES/54/34

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni til að festa stafræna fylkisfjölnema úr kadmíumtellúri og kadmíumsinktellúri á prentplötur, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Ekki er tryggt að staðgönguefni fyrir blý í lóðningarefni til að festa stafræna fylkisfjölnema úr kadmíumtellúri og kadmíumsinktellúri á prentplötur séu áreiðanleg.

3) Prófun á áreiðanleika og hæfi annarra lausna tekur tíma.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 28. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„28. Blý í lóðningarefni til að festa stafræna fylkisfjölnema úr kadmíumtellúri og kadmíumsinktellúri á prentplötur. Fellur úr gildi 31. desember 2017.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/9/ESB 2014/EES/54/35

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý og kadmíum í málmtengi sem búa til ofurleiðandi segulrásir í nemum segulómtækja (MRI), ofurleiðnisegulmæla (SQUID), kjarnsegulómsefnagreina (NMR) eða Fourier-vörpunarmassagreina (FTMS), í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs og kadmíums í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Gildandi undanþága nr. 12 nær eingöngu yfir nema segulómtækja (MRI) og ofurleiðnisegulmæla (SQUID) en einnig þarf undanþágu fyrir undirflokk 9, notkun í iðnaði.

3) Sem stendur er ekki unnt að skipta út blýi og kadmíumi eða taka þau út þegar um er að ræða nema segulómtækja (MRI), ofurleiðnisegulmæla (SQUID), kjarnsegulómsefnagreina (NMR) eða Fourier-vörpunarmassagreina (FTMS).

4) Prófun á áreiðanleika og hæfi annarra lausna tekur tíma.

5) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 61. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Í stað 12. liðar IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„12. Blý og kadmíum í málmtengi sem búa til ofurleiðandi segulrásir í nemum segulómtækja (MRI), ofurleiðnisegulmæla (SQUID), kjarnsegulómsefnagreina (NMR) eða Fourier-vörpunarmassagreina (FTMS). Fellur úr gildi 30. júní 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/10/ESB 2014/EES/54/36

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í málmblendi sem ofurleiðara eða varmaleiðara til nota í kulhausa lághitakæla og/eða í lághitakælda kulkanna (e. *cold probes*) og/eða í lághitakæld spennujöfnunarkerfi í lækningatækjum (í 8. flokki) og/eða í vöktunar- og stýritækjum í iðnaði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Sem stendur er ekki mögulegt að skipta út blýi eða taka það út í málmblendi sem ofurleiðara eða varmaleiðara til nota í kulhausa lághitakæla og/eða í lághitakælda kulkanna og/eða í lághitakæld spennujöfnunarkerfi í lækningatækjum (í 8. flokki) og/eða í vöktunar- og stýritækjum í iðnaði. Sem stendur er hagkvæmur blýlaus búnaður til þessara nota ekki fáanlegur á markaði.

3) Prófun á áreiðanleika og vöruskráning annarra lausna tekur tíma.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 29. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„29. Blý í málmblendi sem ofurleiðara eða varmaleiðara til nota í kulhausa lághitakæla og/eða í lághitakælda kulkanna (e. *cold probes*) og/eða í lághitakæld spennujöfnunarkerfi í lækningatækjum (í 8. flokki) og/eða í vöktunar- og stýritækjum í iðnaði. Fellur úr gildi 30. júní 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/11/ESB 2014/EES/54/37

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir sexgilt króm í basaskammtara sem eru notaðir til framleiðslu á ljósbakskautum í röntgenskyggnimögnurum til 31. desember 2019 og í varahluti fyrir röntgentæki sem eru sett á markað í Evrópusambandinu fyrir 1. janúar 2020, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun sexgilts króms í raf-og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Sexgilt króm er notað í basaskammtara sem eru notaðir til framleiðslu á ljósbakskautum í röntgenskyggnimögnurum. Ekki er mögulegt að taka út sexgilt króm eða skipta því út í framleiðsluferli ljósbakskauta þar eð núverandi staðgönguefni og staðgöngutækni eru ekki nægilega áreiðanleg eða tiltæk til að ná yfir allt það vöruúrval sem eftirspurn er eftir.

3) Sumt af sexgilda króminu úr framleiðsluferli ljósbakskauta verður óhjákvæmilega eftir inni í vörunni sem sett er á markað.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 30. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„30. Sexgilt króm í basaskammtara sem eru notaðir til framleiðslu á ljósbakskautum í röntgenskyggnimögnurum til 31. desember 2019 og í varahluti fyrir röntgentæki sem eru sett á markað í Evrópusambandinu fyrir 1. janúar 2020.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/12/ESB 2014/EES/54/38

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni á prentplötur nema og gagnasöfnunareininga fyrir jáeindaskanna sem eru innbyggðir í segulómtæki (MRI), í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Mikill titringur skapast í jáeindaskönnum sem eru innbyggðir í segulómtæki (MRI). Rannsóknir hafa sýnt að blýlaus lóðningarefni, sem hafa verið rannsökuð með tilliti til viðkvæmni fyrir titringi, eru viðkvæmari fyrir ótímabærri bilun þegar þau verða fyrir miklum titringi en tengi sem eru gerð með lóðningarefni úr tini/blýi. Sérstök skilyrði og rúmfræðilegar takmarkanir búnaðarins takmarka notkunarsvið aflfræðilegra aðgerða sem gætu eytt eða dregið nægilega úr áhrifum þessa mikla titrings.

3) Sem stendur er ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út. Þörf er á tímabundinni undanþágu til að gefa framleiðendum nægilegan tíma til rannsókna til að finna hentug, blýlaus efni og hönnun.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 32. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„32. Blý í lóðningarefni á prentplötur nema og gagnasöfnunareininga fyrir jáeindaskanna sem eru innbyggðir í segulómtæki (MRI). Fellur úr gildi 31. desember 2019.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/13/ESB 2014/EES/54/39

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni á prentplötur með íhlutum sem eru notaðar í færanleg lækningatæki, önnur en færanleg neyðarhjartastuðtæki, í II. flokki a og II. flokki b í tilskipun 93/42/EBE, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Færanleg lækningatæki eru lækningatæki, sem eru hönnuð og samþykkt af tilkynntum aðila samkvæmt tilskipun ráðsins 93/42/EBE([2]), til að bera í hendi eða flytja á eigin hjólum, á kerru eða handvagni eða í ökutæki, loftfari eða skipi meðan þau eru í notkun og/eða þess á milli.

3) Sem stendur er ekki tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út þegar um er að ræða prentplötur með íhlutum sem eru notaðar í færanleg lækningatæki. Þörf er á tímabundinni undanþágu til að leyfa áframhaldandi notkun lóðningarefna úr blýi þar til frekari rannsóknir hafa verið gerðar til að greina málmblendi sem eru áreiðanleg miðað við eðlilegan endingartíma færanlegra lækningatækja.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 33. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„33. Blý í lóðningarefni á prentplötur með íhlutum sem eru notaðar í færanleg lækningatæki, önnur en færanleg neyðarhjartastuðtæki, í II. flokki a og II. flokki b í tilskipun 93/42/EBE. Fellur úr gildi 30. júní 2016 að því er varðar flokk II a og 31. desember 2020 að því er varðar flokk II b.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/14/ESB 2014/EES/54/40

frá 18. október 2013

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir 3,5 mg af kvikasilfri á hverja peru í sambyggðum flúrlömpum með einum sökkli til almennrar lýsingar < 30 W með a.m.k. 20 000 klst. endingartíma, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun kvikasilfurs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Sambyggðir flúrlampar með einum sökkli til almennrar lýsingar < 30 W með a.m.k. 20 000 klst. endingartíma þurfa 3,5 mg af kvikasilfri til að koma í veg fyrir að lýsingin bili á líftíma vörunnar. Hentug staðgönguefni eru ekki fyrir hendi sem stendur.

3) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 71. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi liður bætist við í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„1.g.	Til almennrar lýsingar < 30 W með a.m.k. 20 000 klst. endingartíma: 3,5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2017.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/15/ESB 2014/EES/54/41

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý, kadmíum og sexgilt króm í endurnotuðum varahlutum úr lækningatækjum sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2014 og notuð í búnað í 8. flokki sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2021, að því tilskildu að sú endurnotkun fari fram í endurskoðunarhæfu, lokuðu skilakerfi fyrir viðskipti á milli fyrirtækja og að endurnotkun hlutanna sé tilkynnt neytendum, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs, kadmíums og sexgilts króms í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Þeir hlutar lækningatækja sem oftast eru endurnýttir eru röntgenlampar, spólur úr segulómtækjum, prentplötur úr margs konar búnaði og nemar og íhlutir nema (t.d. geislunarnemar). Sumir þeirra innihalda lítið magn af blýi, kadmíumi og sexgiltu krómi.

3) Samanburður á umhverfisáhrifum af því að nota endurnýjaða hluta í framangreindum tilvikum og því að skipta endurnýjuðum hlutum út fyrir nýja færir sönnur á að samanlögð neikvæð áhrif á öryggi umhverfis, heilbrigðis og neytenda af völdum útskiptingar myndu vega þyngra en samanlagður ávinningur af því að nota nýja hluta.

4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 31. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„31. Blý, kadmíum og sexgilt króm í endurnotuðum varahlutum úr lækningatækjum sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2014 og notuð í búnað í 8. flokki sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2021, að því tilskildu að sú endurnotkun fari fram í endurskoðunarhæfu, lokuðu skilakerfi fyrir viðskipti á milli fyrirtækja og að endurnotkun hluta sé tilkynnt neytendum. Fellur úr gildi 21. júlí 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/16/ESB 2014/EES/54/42

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem örvara í flúrljómandi dufti úrhleðslupera þegar þær eru notaðar í lampa til ljósmeðferðar á blóði utan líkama (e. *extracorporeal photopheresis lamps*) og innihalda BSP-fosfór ($BaSi_2O_5$:Pb), í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Blý er notað sem örvari í flúrljómandi dufti úrhleðslupera þegar þær eru notaðar í lampa til ljósmeðferðar á blóði utan líkama og innihalda BSP-fosfór($BaSi_20_5$:Pb). Sem stendur er hvorki vísindalega né tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út að því er varðar þessa notkun.

3) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 34. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„34. Blý sem örvari í flúrljómandi dufti úrhleðslupera þegar þær eru notaðar í lampa til ljósmeðferðar á blóði utan líkama (e. *extracorporeal photopheresis lamps*) og innhalda BSP-fosfór ($BaSi_2O_5$:Pb). Fellur úr gildi 22. júlí 2021.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 848/2012 2014/EES/54/43

frá 19. september 2012

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi fenýlkvikasilfurssamböndum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í orðsendingu sinni til ráðsins og Evrópuþingsins um áætlun Bandalagsins um kvikasilfur([2]) tilgreindi framkvæmdastjórnin nauðsyn þess að draga úr magni kvikasilfurs í umhverfinu og váhrifum þess á menn og lagði til þau markmið, meðal annarra, að draga úr því að kvikasilfur komist í dreifingu í samfélaginu með því að minnka framboð á kvikasilfri og eftirspurn eftir því, draga úr kvikasilfurslosun og verjast kvikasilfurslosun. Sú orðsending var endurskoðuð 2010([3]).

2) Ráðið hefur nokkrum sinnum áréttað skuldbindingu sína gagnvart heildarmarkmiðinu um verndun heilbrigðis manna og umhverfisins fyrir losun kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda með því að lágmarka og, ef mögulegt er, koma að lokum á heimsvísu í veg fyrir kvikasilfurslosun af mannavöldum í lofti, vatni og á landi. Í því samhengi lagði ráðið áherslu á að vörum sem kvikasilfri væri bætt í skyldi skipt út í áföngum og eins hratt og fullkomlega og kostur væri, ef raunhæfir valkostir eru fyrir hendi, og lokatakmarkið væri að skipta ætti út í áföngum öllum vörum sem kvikasilfri er bætt í, að teknu tilhlýðilegu tilliti til tæknilegra og efnahagslegra aðstæðna og þarfa á vísindalegum rannsóknum og þróun([4]).

3) Kvikasilfur og efnasambönd þess eru mjög eitruð mönnum, vistkerfum og villtum lífverum. Stórir skammtar geta verið banvænir mönnum en jafnvel hlutfallslega litlir skammtar geta haft alvarleg, taugaþroskunarfræðileg áhrif og hafa einnig verið tengdir mögulega skaðlegum áhrifum á hjarta- og æðakerfi, ónæmiskerfi og æxlunarfæri. Litið er á kvikasilfur sem þrávirkt mengunarefni á hnattræna vísu sem dreifist milli vatns, setlaga, jarðvegs og lífríkis í mismunandi formum og sem getur breyst í umhverfinu í metýlkvikasilfur sem er eitraðasta form þess.

4) Í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að telji aðildarríki að framleiðsla efnis, setning þess á markað eða notkun, hvort sem það er eitt sér, í blöndu eða í vöru, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægilega vel í skefjum og þurfi að bregðast við, skal það taka saman málsskjöl eftir að hafa tilkynnt Efnastofnun Evrópu (hér á eftir „Efnastofnunin“) að það hyggist gera svo.

5) Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn([5]) var reglugerð (EB) nr. 1907/2006 tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

6) Noregur hefur tekið saman málsskjöl varðandi fimm efnasambönd fenýlkvikasilfurs, nánar tiltekið fenýlkvikasilfursasetat, fenýlkvikasilfurspróþíónat, fenýlkvikasilfur-2-etýlhexanóat, fenýlkvikasilfursoktanóat og fenýlkvikasilfursneódekanóat, sem sýna fram á að nauðsynlegt er að bregðast við áhættunni fyrir heilbrigði manna og umhverfisins vegna framleiðslu, notkunar og setningar þessara efna á markað, ein sér, í blöndu eða í vöru, með aðgerðum á vettvangi Sambandsins. Málsskjölin voru lögð fyrir Efnastofnunina í því skyni að hefja málsmeðferðina varðandi takmarkanir.

7) Vitað er að fenýlkvikasilfurssamböndin fimm eru notuð sem hvatar í pólýúretankerfum til húðunar, sem límefni, þéttiefni og teygjuefni. Kvikasilfurshvatarnir falla inn í byggingu fjölliðunnar og sitja eftir í tilbúinni vörunni sem kvikasilfurs- eða fenýlkvikasilfurssambönd sem ekki er ætlað að losna úr henni. Ekki er vitað til að önnur fenýlkvikasilfurssambönd séu notuð sem hvatar í pólýúretankerfum og eru þau því ekki tekin með í matið sem framkvæmt er fyrir málsskjölin.

8) Vistferill fenýlkvikasilfurssambanda hefur í för með sér umtalsverða losun á kvikasilfri út í umhverfið og eykur heildarlosun kvikasilfurs. Sér í lagi brotna fenýlkvikasilfurssambönd niður í umhverfinu og mynda niðurbrotsefni, þ.m.t. metýlkvikasilfur, sem valda jafn miklum áhyggjum og þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. Gagnkvæm hvörf

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 253, 20.9.2012, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) COM(2005) 20, lokagerð.

([3]) COM(2010) 723, lokagerð.

([4]) Niðurstaða ráðsins frá 15. mars 2011 um endurskoðun á áætlun Bandalagsins um kvikasilfur, frá 4. desember 2008 um að bregðast við kvikasilfursvandanum á hnattrænum vettvangi og frá 24. júní 2005 um áætlun Bandalagsins um kvikasilfur.

([5]) Stjtíð. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 11.

umbrotsefna fenýlkvikasilfurssambanda geta orðið til þess að þau berist langar leiðir. Vegna myndunar ummyndunarefna/niðurbrotsefna, sem eru þrávirk og safnast fyrir í lífverum og eru eitruð, þarf því að fara með fenýlkvikasilfurssamböndin sjálf sem þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð að því er varðar losun og váhrifavarnir. Í þessu skyni skal draga sem mest úr váhrifum þeirra fyrir menn og umhverfi og losun þeirra.

9) Helstu váhrif fyrir menn frá umhverfinu geta verið með fæðu sem niðurbrotsefni fenýlkvikasilfurssambandanna geta verið í, þ.m.t. metýlkvikasilfur. Metýlkvikasilfur lífmagnast sérstaklega í fæðukeðju vatns og það gerir hópa manna og villtar lífverur sem nærast mikið á fiski og sjávarafurðum sérlega berskjölduð. Metýlkvikasilfur flæðir auðveldlega yfir bæði fylgjutálmann og blóðheilatálmann og getur hamlað andlegum þroska þegar fyrir fæðingu og váhrif á konur á barnseignaraldri og á börn valda því miklum áhyggjum.

10) Hinn 10. júní 2011 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar álit sitt á fyrirhuguðu takmörkuninni með hliðsjón af þeim árangri sem hún skilar við að draga úr áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Auk þess staðfesti áhættumatsnefndin að nota mætti önnur lífræn kvikasilfurssambönd sem hvata í fjölliðuframleiðslu. Þessi efni voru þó ekki tekin með í matinu sem framkvæmt var fyrir málsskjölin.

11) Hinn 15. september 2011 samþykkti nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu álit sitt á fyrirhuguðu takmörkuninni með tilliti til þess hve heppileg hún er til að bregðast við greindri áhættu með hliðsjón af því að félagslegur og hagrænn ávinningur hennar sé í réttu hlutfalli við félagslegan og hagrænan kostnað hennar.

12) Efnastofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu.

13) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja ákvæðunum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. október 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist við eftirfarandi 62. færsla:

„62. a) Fenýlkvikasilfursasetat EB-nr.: 200-532-5 CAS-nr.: 62-38-4 b) Fenýlkvikasilfursprópíónat EB-nr.: 203-094-3 CAS-nr.: 103-27-5 c) Fenýlkvikasilfur-2-etýlhexanóat EB-nr.: 236-326-7 CAS-nr.: 13302-00-6 d) Fenýlkvikasilfursoktanóat EB-nr.: - CAS-nr.: 13864-38-5 e) Fenýlkvikasilfursneódekanóat EB-nr.: 247-783-7 CAS-nr.: 26545-49-3	1. Skal ekki framleitt, sett á markað eða notað sem efni eða í blöndum eftir 10. október 2017 ef kvikasilfursstyrkurinn í blöndunum er jafn mikill eða meiri en 0,01% af þyngd. 2. Vörur eða hluti í þeim sem innihalda eitt eða fleiri af þessum efnum skal ekki setja á markað eftir 10. október 2017 ef kvikasilfursstyrkurinn í vörunum eða hlutum í þeim er jafn mikill eða meiri en 0,01% af þyngd.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 254/2013 **2014/EES/54/44**

frá 20. mars 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 74. gr. og 132. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Við endurskoðun reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008 frá 16. apríl 2008 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ([2]), sem fram fór skv. 2. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar, kom í ljós að ýmsar breytingar þarf að gera á þeirri reglugerð.

2) Vegna réttarvissu er rétt að skýra þær afleiðingar sem leiða af seinkun á greiðslu til Efnastofnunarinnar. Efnastofnunin skal ekki endurgreiða þóknanir eða gjöld áður en viðkomandi framlagningu hefur verið hafnað. Þóknun eða gjöld sem eru greidd eftir slíka höfnun skal þó endurgreiða sem ótilhlýðilega greiðslu.

3) Að því er varðar uppfærslu á skráningarskjölum varðandi kröfur um trúnaðarkvöð þykir rétt að þóknanir séu lagðar á með samræmdum hætti óháð því hvenær beiðnin var lögð fram. Að því er varðar uppfærslur á skráningu, öðrum en uppfærslu á tonnafjölda, þykir rétt að veita skráningaraðilanum möguleika á sækja um framlengingu á seinni frestinum til að greiða viðkomandi þóknun, til að veita skráningaraðilanum viðbótartíma til að reiða greiðsluna af hendi.

4) Vegna réttarvissu er einnig rétt að skýra gildandi ákvæði um lægri þóknanir fyrir kröfur um trúnaðarkvöð í sameiginlegri framlagningu eða frá leiðandi skráningaraðila.

5) Að því er varðar þóknanir fyrir umsóknir skv. 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og gjöld fyrir endurskoðanir leyfa skv. 61. gr. þeirrar reglugerðar, skal hver váhrifasviðsmynd ekki lengur sjálfkrafa teljast ein notkun þar eð sá fjöldi frekari notkunarsviða til viðbótar sem sótt er um í umsókn um leyfi eða endurskoðunarskýrslu um leyfi er ekki endilega sá sami og fjöldi váhrifasviðsmynda sem fram koma í þessum framlagningum.

6) Einnig er rétt að taka fram að Efnastofnunin skal gefa út einn reikning sem nær yfir grunnþóknunina eða gjaldið og allar viðbótarþóknanir eða gjöld, þ.m.t. í umsóknum um sameiginleg leyfi og sameiginlegar endurskoðunarskýrslur.

7) Efnastofnunin má fara fram á gögn sem sanna að skilyrði fyrir lækkun þóknana eða gjalda eða niðurfellingu þóknunar séu til staðar. Til að hægt sé að staðfesta að þessi skilyrði séu uppfyllt er nauðsynlegt að krefjast framlagningar slíkra sönnunargagna á einu af opinberum tungumálum Evrópusambandsins eða, ef þau eru aðeins fáanleg á öðru tungumáli, með vottaðri þýðingu yfir á eitt af opinberum tungumálum Evrópusambandsins.

8) Eftir endurskoðunina á þóknununum og gjöldunum, í samræmi við 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 340/2008 og í ljósi gildandi 3,1% meðal-ársverðbólgustigs í apríl 2012 sem Hagstofa Evrópusambandsins birti, er einnig viðeigandi að laga staðlaðar þóknanir og gjöld að því stigi.

9) Lægri þóknanir og gjöld, sem eru í gildi og eiga við um örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki, skulu lækkuð enn frekar til að lágmarka reglubyrðina og þær mörgu áskoranir sem örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir þegar kemur að því að fara að skuldbindingum REACH efnareglnanna, einkum skráningarskyldunni eins og hún er tilgreind í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, í samræmi við 117. gr. (4. mgr.) REACH efnareglnanna og 46. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1272/2008 (e. *CLP*) og endurskoðun á tilteknum þáttum REACH efnareglnanna í samræmi við 75. gr. (2. mgr.) og 138. gr. (2., 3. og 6. mgr.) ([3]).

10) Til að koma aftur jafnvægi á dreifingu þóknana og gjalda á milli mismunandi stærðarflokka fyrirtækja skulu staðlaðar þóknanir og gjöld hækkuð um 4% á skráningarsviðinu og um 3,5% á leyfissviðinu, með tilliti

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 79, 21.3.2013, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 107, 17.4.2008, bls. 6.

([3]) COM(2013) 49, lokagerð, SWD(2013) 25, lokagerð

til annars vegar kostnaðar sem Efnastofnunin verður fyrir og tengds kostnaðar við þjónustu sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna veita, og hins vegar frekari lækkunar þóknana og gjalda fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki og þann fjölda örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem um er að ræða.

11) Heildarbreyting þóknana og gjalda er ákvörðuð þannig að tekjurnar af þeim, ásamt öðrum tekjuliðum Efnastofnunarinnar skv. 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, nægi fyrir kostnaðinum við veitta þjónustu.

12) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 340/2008 til samræmis við það.

13) Vegna réttarvissu gildir þessi reglugerð ekki um gildar framlagningar sem bíða umfjöllunar á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

14) Í ljósi þess að efni í skráningarbið, sem um getur í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, verða að vera skráð fyrir 31. maí 2013 er brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst.

15) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 340/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 7. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„7. Ef skráningunni hefur verið hafnað sökum þess að skráningaraðili leggur ekki fram upplýsingar sem vantar eða greiðir ekki þóknunina áður en frestirnir renna út skal ekki endurgreiða skráningaraðila þær þóknanir sem greiddar hafa verið í tengslum við skráninguna áður en henni var hafnað eða færa honum þær til tekna á annan hátt.“

2) Í stað 7. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„7. Ef skráningunni hefur verið hafnað sökum þess að skráningaraðili leggur ekki fram upplýsingar sem vantar eða greiðir ekki þóknunina áður en frestirnir renna út skal ekki endurgreiða skráningaraðila þær þóknanir sem greiddar hafa verið í tengslum við skráninguna áður en henni var hafnað eða færa þær honum til tekna á annan hátt.“

3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgreinar bætist við á eftir annarri undirgrein 2. mgr.:

„Fyrir breytingu á aðgangi sem veittur er að upplýsingum í skráningarskjölum skal Efnastofnunin innheimta þóknun fyrir hvert atriði sem kemur fram í uppfærslunni, eins og sett er fram í töflum 3 og 4 í III. viðauka.

Ef um er að ræða uppfærslu sem varðar rannsóknarsamantektir eða ítarlegar rannsóknarsamantektir skal Efnastofnunin innheimta þóknun fyrir hverja rannsóknarsamantekt eða ítarlega rannsóknarsamantekt sem uppfærslan varðar.“

b) Í stað þriðju undirgreinar 6. mgr. komi eftirfarandi:

„Þegar um er að ræða aðrar uppfærslur þar sem greiðslan er ekki innt af hendi áður en seinni fresturinn rennur út, skal Efnastofnunin hafna uppfærslunni. Efnastofnunin skal framlengja seinni frestinn, fari umsækjandi fram á það, að því tilskildu að beiðnin um framlenginguna hafi verið lögð fram áður en seinni fresturinn rann út. Ef greiðslan er ekki innt af hendi áður en framlengdi fresturinn rennur út skal Efnastofnunin hafna uppfærslunni.“

c) Í stað 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Ef uppfærslunni hefur verið hafnað sökum þess að skráningaraðili leggur ekki fram upplýsingar sem vantar eða greiðir ekki þóknunina áður en frestirnir renna út skal ekki endurgreiða skráningaraðila þær þóknanir sem greiddar hafa verið í tengslum við uppfærsluna áður en henni var hafnað eða færa þær honum til tekna á annan hátt.“

4) Í stað 3. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„3. Ef um er að ræða beiðni sem varðar sameiginlega framlagningu skal Efnastofnunin innheimta lægri þóknun, eins og sett er fram í IV. viðauka. Ef um er að ræða beiðni af hálfu leiðandi skráningaraðila skal Efnastofnunin einungis innheimta lægri þóknun frá leiðandi skráningaraðilanum, eins og sett er fram í IV. viðauka.“

5) Í stað 5. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„5. Ef tilkynningu eða beiðni um framlengingu hefur verið hafnað, sökum þess að framleiðandinn, innflytjandinn eða framleiðandi hluta leggur ekki fram upplýsingar sem vantar eða greiðir ekki þóknunina eða gjöldin áður en frestirnir renna út, skal ekki endurgreiða þeim aðila sem sendir tilkynninguna eða beiðnina þær þóknanir eða gjöld sem greidd voru í tengslum við tilkynninguna eða beiðnina áður en til höfnunar kom eða færa þær honum til tekna á annan hátt.“

6) Í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„Efnastofnunin skal gefa út einn reikning sem nær yfir grunnþóknunina og allar viðeigandi viðbótarþóknanir ef um er að ræða umsókn um sameiginlegt leyfi.“

7) Í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„Efnastofnunin skal gefa út einn reikning sem nær yfir grunngjaldið og öll viðeigandi viðbótargjöld, þ.m.t. ef um er að ræða sameiginlegar endurskoðunarskýrslur.“

8) Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir fyrsta undirlið 3. mgr. 13. gr.:

„Ef sönnunargögnin sem lögð eru fram fyrir Efnastofnunina eru ekki á einu af opinberum tungumálum Evrópusambandsins skal þeim fylgja vottuð þýðing yfir á eitt af þessum opinberu tungumálum.“

9) Í stað 2. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal einnig láta fara fram stöðuga endurskoðun á þessari reglugerð í ljósi þess að mikilvægar upplýsingar kunna að verða fáanlegar í tengslum við grundvallarforsendur fyrir áætlaðar tekjur og útgjöld Efnastofnunarinnar. Fyrir 31. janúar 2015 skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa reglugerð með það í huga að breyta henni, ef við á, einkum með tilliti til kostnaðar sem Efnastofnunin verður fyrir og tengdan kostnað við þjónustu sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna veita.

10) Í stað I.–VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 340/2008 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerðin nær ekki til gildra framlagninga sem bíða umfjöllunar 22. mars 2013.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir skráningar sem lagðar eru fram skv. 6., 7. eða 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Stöðluð þóknun

	Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 1 til 10 tonn	1 714 evrur	1 285 evrur
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 10 til 100 tonn	4 605 evrur	3 454 evrur
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 100 til 1000 tonn	12 317 evrur	9 237 evrur
Þóknanir fyrir efni í meira magni en 1 000 tonn	33 201 evra	24 901 evra

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki

	Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 1 til 10 tonn	1 114 evrur	835 evrur	600 evrur	450 evrur	86 evrur	64 evrur
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 10 til 100 tonn	2 993 evrur	2 245 evrur	1 612 evrur	1 209 evrur	230 evrur	173 evrur
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 100 til 1000 tonn	8 006 evrur	6 004 evrur	4 311 evrur	3 233 evrur	616 evrur	462 evrur
Þóknanir fyrir efni í meira magni en 1 000 tonn	21 581 evra	16 185 evrur	11 620 evrur	8 715 evrur	1 660 evrur	1 245 evrur

II. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir skráningarskjöl sem lögð eru fram skv. 17. gr. (2. mgr.), 18. gr. (2. og 3. mgr.) eða 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Stöðluð þóknun

	Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
Þóknun	1 714 evrur	1 285 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki

	Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Þóknun	1 114 evrur	835 evrur	600 evrur	450 evrur	86 evrur	64 evrur

III. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir uppfærslu skráninga skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Staðlaðar þóknanir fyrir uppfærslu á magni efnis í tonnum

	Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
Úr 1–10 tonna bilinu í 10–100 tonna bilið	2 892 evrur	2 169 evrur
Úr 1–10 tonna bilinu í 100–1 000 tonna bilið	10 603 evrur	7 952 evrur
Úr 1–10 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	31 487 evrur	23 616 evrur
Úr 10–100 tonna bilinu í 100–1 000 tonna bilið	7 711 evrur	5 783 evrur
Úr 10–100 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	28 596 evrur	21 447 evrur
Úr 100–1 000 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	20 885 evrur	15 663 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir frá örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrir uppfærslu á magni efna í tonnum

	Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Úr 1–10 tonna bilinu í 10–100 tonna bilið	1 880 evrur	1 410 evrur	1 012 evrur	759 evrur	145 evrur	108 evrur
Úr 1–10 tonna bilinu í 100–1 000 tonna bilið	6 892 evrur	5 169 evrur	3 711 evrur	2 783 evrur	530 evrur	398 evrur
Úr 1–10 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	20 467 evrur	15 350 evrur	11 021 evra	8 265 evrur	1 574 evrur	1 181 evra
Úr 10–100 tonna bilinu í 100–1 000 tonna bilið	5 012 evrur	3 759 evrur	2 699 evrur	2 024 evrur	386 evrur	289 evrur
Úr 10–100 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	18 587 evrur	13 940 evrur	10 008 evrur	7 506 evrur	1 430 evrur	1 072 evrur
Úr 100–1000 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	13 575 evrur	10 181 evra	7 310 evrur	5 482 evrur	1 044 evrur	783 evrur

Tafla 3

Þóknanir fyrir aðrar uppfærslur

Tegund uppfærslu	
Breyting á auðkenni skráningaraðila sem hefur í för með sér breytingu á réttarstöðu lögaðila	1 607 evrur

Tegund uppfærslu		Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
Breyting á aðgangi að upplýsingum í framlagningunni:	Hreinleiki og/eða auðkenning óhreininda eða aukefna	4 820 evrur	3 615 evrur
	Viðkomandi mörk fyrir tonnafjölda	1 607 evrur	1 205 evrur

Tegund uppfærslu		Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
	Rannsóknarsamantekt eða ítarleg rannsóknarsamantekt	4 820 evrur	3 615 evrur
	Upplýsingar á öryggisblaði	3 213 evrur	2 410 evrur
	Viðskiptaheiti efnisins	1 607 evrur	1 205 evrur
	IUPAC-heiti efna sem eru ekki í skráningarbið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	1 607 evrur	1 205 evrur
	IUPAC-heiti efna sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem notuð eru sem milliefni, í vísindarannsóknum og -þróun eða vöru- og ferlamiðuðum rannsóknum og þróun	1 607 evrur	1 205 evrur

Tafla 4

Lægri þóknanir frá örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrir aðrar uppfærslur

Tegund uppfærslu		Meðalstórt fyrirtæki		Lítið fyrirtæki		Örfyrirtæki	
Breyting á auðkenni skráningaraðila sem hefur í för með sér breytingu á réttarstöðu lögaðila		1 044 evrur		562 evrur		80 evrur	
Tegund uppfærslu		Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Breyting á aðgangi að upplýsingum í framlagningunni:	Hreinleiki og/eða auðkenning óhreininda eða aukefna	3 133 evrur	2 350 evrur	1 687 evrur	1 265 evrur	241 evra	181 evra
	Viðkomandi mörk fyrir tonnafjölda	1 044 evrur	783 evrur	562 evrur	422 evrur	80 evrur	60 evrur
	Rannsóknarsamantekt eða ítarleg rannsóknarsamantekt	3 133 evrur	2 350 evrur	1 687 evrur	1 265 evrur	241 evra	181 evra
	Upplýsingar á öryggisblaði	2 088 evrur	1 566 evrur	1 125 evrur	843 evrur	161 evra	120 evrur
	Viðskiptaheiti efnisins	1 044 evrur	783 evrur	562 evrur	422 evrur	80 evrur	60 evrur
	IUPAC-heiti efna sem eru ekki í skráningarbið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	1 044 evrur	783 evrur	562 evrur	422 evrur	80 evrur	60 evrur
	IUPAC-heiti efna sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem notuð eru sem milliefni, í vísindarannsóknum og -þróun eða vöru- og ferlamiðuðum rannsóknum og þróun	1 044 evrur	783 evrur	562 evrur	422 evrur	80 evrur	60 evrur

IV. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir beiðnir skv. xi. lið a-liðar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Stöðluð þóknun

Liður sem óskað er eftir að trúnaðarkvöð hvíli á	Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
Hreinleiki og/eða auðkenning óhreininda eða aukefna	4 820 evrur	3 615 evrur
Viðkomandi mörk fyrir tonnafjölda	1 607 evrur	1 205 evrur
Rannsóknarsamantekt eða ítarleg rannsóknarsamantekt	4 820 evrur	3 615 evrur
Upplýsingar á öryggisblaði	3 213 evrur	2 410 evrur
Viðskiptaheiti efnisins	1 607 evrur	1 205 evrur
IUPAC-heiti efna sem eru ekki í skráningarbið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	1 607 evrur	1 205 evrur
IUPAC-heiti efna sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem notuð eru sem milliefni, í vísindarannsóknum og -þróun eða vöru- og ferlamiðuðum rannsóknum og þróun	1 607 evrur	1 205 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki

Liður sem óskað er eftir að trúnaðarkvöð hvíli á	Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Hreinleiki og/eða auðkenning óhreininda eða aukefna	3 133 evrur	2 350 evrur	1 687 evrur	1 265 evrur	241 evra	181 evra
Viðkomandi mörk fyrir tonnafjölda	1 044 evrur	783 evrur	562 evrur	422 evrur	80 evrur	60 evrur
Rannsóknarsamantekt eða ítarleg rannsóknarsamantekt	3 133 evrur	2 350 evrur	1 687 evrur	1 265 evrur	241 evra	181 evra
Upplýsingar á öryggisblaði	2 088 evrur	1 566 evrur	1 125 evrur	843 evrur	161 evra	120 evrur
Viðskiptaheiti efnisins	1 044 evrur	783 evrur	562 evrur	422 evrur	80 evrur	60 evrur
IUPAC-heiti efna sem eru ekki í skráningarbið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	1 044 evrur	783 evrur	562 evrur	422 evrur	80 evrur	60 evrur
IUPAC-heiti efna sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem notuð eru sem milliefni, í vísindarannsóknum og -þróun eða vöru- og ferlamiðuðum rannsóknum og þróun	1 044 evrur	783 evrur	562 evrur	422 evrur	80 evrur	60 evrur

V. VIÐAUKI

Þóknanir og gjöld fyrir tilkynningar um vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun skv. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Þóknanir fyrir tilkynningar um vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun

Stöðluð þóknun	536 evrur
Lægri þóknun fyrir meðalstórt fyrirtæki	348 evrur
Lægri þóknun fyrir lítið fyrirtæki	187 evrur
Lægri þóknun fyrir örfyrirtæki	27 evrur

Tafla 2

Gjöld fyrir framlengingu á undanþágu vegna vöru- og ferlamiðaðra rannsókna og þróunar

Staðlað gjald	1 071 evra
Lægra gjald fyrir meðalstórt fyrirtæki	696 evrur
Lægra gjald fyrir lítið fyrirtæki	375 evrur
Lægra gjald fyrir örfyrirtæki	54 evrur

VI. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir umsóknir um leyfisveitingu skv. 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Stöðluð þóknun

Grunnþóknun	53 300 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	10 660 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	10 660 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er ekki örfyrirtæki, lítið eða meðalstórt fyrirtæki: 39 975 evrur
	Viðbótarumsækjandi er meðalstórt fyrirtæki: 29 981 evra
	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 17 989 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 3 998 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir meðalstór fyrirtæki

Grunnþóknun	39 975 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	7 995 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	7 995 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er meðalstórt fyrirtæki: 29 981 evra
	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 17 989 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 3 998 evrur

Tafla 3

Lægri þóknanir fyrir lítil fyrirtæki

Grunnþóknun	23 985 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	4 797 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	4 797 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 17 989 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 3 998 evrur

Tafla 4

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki

Grunnþóknun	5 330 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	1 066 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	1 066 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi: 3 998 evrur

VII. VIÐAUKI

Gjöld fyrir endurskoðun á leyfisveitingu skv. 61. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Stöðluð gjöld

Grunngjald	53 300 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	10 660 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	10 660 evrur
Viðbótargjald fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er ekki örfyrirtæki, lítið eða meðalstórt fyrirtæki: 39 975 evrur
	Viðbótarumsækjandi er meðalstórt fyrirtæki: 29 981 evra
	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 17 989 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 3 998 evrur

Tafla 2

Lægri gjöld fyrir meðalstór fyrirtæki

Grunngjald	39 975 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	7 995 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	7 995 evrur
Viðbótargjald fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er meðalstórt fyrirtæki: 29 981 evra
	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 17 989 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 3 998 evrur

Tafla 3

Lægri gjöld fyrir lítil fyrirtæki

Grunngjald	23 985 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	4 797 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	4 797 evrur
Viðbótargjald fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 17 989 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 3 998 evrur

Tafla 4

Lægri gjöld fyrir örfyrirtæki

Grunngjald	5 330 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	1 066 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	1 066 evrur
Viðbótargjald fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 3 998 evrur

VIII. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir kærur skv. 92. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Stöðluð þóknun

Kæra vegna ákvörðunar sem tekin er samkvæmt:	Þóknun
9. eða 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	2 356 evrur
27. eða 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	4 712 evrur
51. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	7 069 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki

Kæra vegna ákvörðunar sem tekin er samkvæmt:	Þóknun
9. eða 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	1 767 evrur
27. eða 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	3 534 evrur
51. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	5301 evra

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 487/2013 **2014/EES/54/45**

frá 8. maí 2013

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006([1]), einkum 53. mgr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eru samræmd ákvæði og viðmiðanir fyrir flokkun og merkingu efna, blandna og ákveðinna nánar tiltekinna hluta innan Sambandsins.

2) Í þeirri reglugerð er tekið tillit til hnattsamræmds kerfis Sameinuðu þjóðanna til flokkunar og merkingar íðefna (hér á eftir nefnt „hnattsamræmt kerfi“).

3) Viðmiðanir hnattsamræmda kerfisins fyrir flokkun og reglur um merkingu eru endurskoðaðar reglulega á vettvangi Sameinuðu Þjóðanna. Fjórða endurskoðaða útgáfan af hnattsamræmda kerfinu er til komin vegna breytinga sem voru samþykktar í desember 2010 af sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning hættulegra efna og um hnattsamræmda kerfið til flokkunar og merkingar íðefna. Í henni eru breytingar varðandi, meðal annars, nýja hættuundirflokka fyrir efnafræðilega óstöðugar lofttegundir og úðaefni sem eru ekki eldfim og frekari rökstuðningur fyrir varnaðarsetningum. Það er því nauðsynlegt að laga tæknileg ákvæði og viðmiðanir í viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 að fjórðu endurskoðuðu útgáfunni af hnattsamræmda kerfinu.

4) Samkvæmt hnattsamræmda kerfinu er yfirvöldum heimilt að samþykkja undanþágur vegna merkinga fyrir efni eða blöndur sem eru flokkaðar sem ætandi fyrir málma en ekki ætandi fyrir húð og/eða augu. Hnattsamræmda kerfið gefur einnig færi á þeim möguleika að sleppa tilteknum merkingaratriðum af pakkningum ef rúmmál efnisins eða blöndunnar er undir tilteknu magni. Því skulu fastsett ákvæði til framkvæmdar þessum ráðstöfunum á vettvangi Sambandsins.

5) Einnig skal breyta íðorðanotkun í mismunandi ákvæðum í viðaukunum og tilteknum tæknilegum viðmiðunum til að auðvelda rekstraraðilum og eftirlitsyfirvöldum framkvæmd þeirra, bæta samræmi í lagatextanum og auka gagnsæi.

6) Kveða skal á um umbreytingartímabil og skal gildistöku þessarar reglugerðar frestað til að tryggja að birgjar efna geti lagað sig að nýju ákvæðunum um flokkun, merkingu og pökkun sem eru tekin upp með þessari reglugerð. Í því skal felast sá möguleiki að beita af frjálsum vilja ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, áður en umbreytingartímabilinu lýkur.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 149, 1.6.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. mgr. 14. gr. falli c-liður brott.

2) Eftirfarandi f-liður bætist við 23. gr.:

„f) efni eða blöndur sem eru flokkaðar sem ætandi fyrir málma en ekki ætandi fyrir húð og/eða augu.“

3) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

4) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

6) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

7) Ákvæðum V. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

8) Ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.

9) Ákvæðum VII. viðauka er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Þrátt fyrir aðra málsgrein 3. gr. er heimilt að flokka, merkja og pakka efnum og blöndum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, fyrir 1. desember 2014, annars vegar, og 1. júní 2015, hins vegar.

2. Þrátt fyrir aðra málsgrein 3. gr. er þess ekki krafist að efni, sem eru flokkuð, merkt og þeim pakkað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og sett á markað fyrir 1. desember 2014, séu merkt aftur og þeim umpakkað í samræmi við þessa reglugerð fyrr en 1. desember 2016.

3. Þrátt fyrir aðra málsgrein 3. gr. er þess ekki krafist að blöndur, sem eru flokkaðar, merktar og þeim pakkað í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([3]) eða reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og settar á markað fyrir 1. júní 2015, séu merktar aftur og þeim umpakkað í samræmi við þessa reglugerð fyrr en 1. júní 2017.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir að því er varðar efni frá 1. desember 2014 og að því er varðar blöndur frá 1. júní 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([3]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

A. Ákvæðum 1. hluta er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður 1.3.6 bætist við:

„1.3.6. ***Efni eða blöndur sem eru flokkaðar sem ætandi fyrir málma en ekki ætandi fyrir húð og/eða augu***

Þess er ekki krafist að hættumerkið HSK05 sé á merkimiða á efnum eða blöndum, sem eru flokkaðar sem ætandi fyrir málma en ekki ætandi fyrir húð og/eða augu, sem eru pakkað til neyslu í endanlegri mynd sinni.“

2) Eftirfarandi liðir 1.5.2.4 og 1.5.2.5 bætast við:

„1.5.2.4. *Merking innri umbúða þar sem innihaldið er ekki yfir 10 ml*

1.5.2.4.1. Heimilt er að sleppa þeim merkingaratriðum af innri umbúðum sem krafist er skv. 17. gr.:

a) ef innihald innri umbúðanna er ekki yfir 10 ml,

b) ef efnið eða blandan er sett á markað til afhendingar til dreifingaraðila eða eftirnotanda, til vísindalegra rannsókna og þróunar eða greiningar við gæðaeftirlit og

c) ef innri umbúðirnar eru í ytri umbúðum sem uppfylla kröfurnar í 17. gr.

1.5.2.4.2. Þrátt fyrir liði 1.5.1.2 og 1.5.2.4.1 skulu merkimiðarnir á innri umbúðunum hafa vörukennið og, eftir því sem við á, hættumerkin HSK01, HSK05, HSK06 og/eða HSK08. Ef notuð eru fleiri en tvö hættumerki getur HSK06 og HSK08 haft forgang yfir HSK01 og HSK05.

1.5.2.5. Liður 1.5.2.4 gildir ekki fyrir efni eða blöndur sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eða (ESB) nr. 528/2012.“

B. Ákvæðum 2. hluta er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi komi í stað annarrar setningar í lið 2.1.2.1:

„Prófunaraðferðunum er lýst í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, handbók um prófanir og viðmiðanir (e. *UN RTDG*, hér á eftir nefnt „tilmæli SÞ, handbók um prófanir og viðmiðanir“), I. hluta.“

2) Í f-lið liðar 2.1.2.2 falli orðið „sprengifim“ brott.

3) Í lið 2.1.2.3 og í dálkinum sem ber titilinn „Viðmiðanir“ í töflu 2.1.1 komi orðin „tilmæli Sameinuðu þjóðanna“ í stað orðanna „tilmæli Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi“.

4) Í lið 2.1.3 komi varnaðarsetningin „V280“ í stað „V281“ í dálkinum í töflu 2.1.2 sem ber titilinn „Óstöðugt, sprengifimt efni“.

5) Í fyrsta lið og í neðanmálsgreininni við mynd 2.1.1 í lið 2.1.4.1 komi orðin „tilmæli SÞ“ í stað orðanna „tilmæli Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi“.

6) Í fyrsta lið liðar 2.1.4.2 komi orðin „tilmæli SÞ“ í stað orðanna „tilmæli Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi“.

7) Í a-lið liðar 2.1.4.3 komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi“.

8) Eftirfarandi komi í stað liða 2.2 til 2.3.4.1:

„2.2. **Eldfimar lofttegundir (þ.m.t. efnafræðilega óstöðugar lofttegundir)**

2.2.1. ***Skilgreiningar***

2.2.1.1. „Eldfim lofttegund“: lofttegund eða blanda af lofttegundum með sprengisvið í andrúmslofti við 20 °C og staðalþrýsting upp á 101,3 kPa.

2.2.1.2. „Efnafræðilega óstöðug lofttegund“: eldfim lofttegund sem getur hvarfast með sprengingu, jafnvel án andrúmslofts eða súrefnis.

2.2.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.2.2.1. Eldfim lofttegund skal flokkuð í þennan flokk í samræmi við töflu 2.2.1:

Tafla 2.2.1

Viðmiðanir fyrir eldfimar lofttegundir

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Lofttegundir sem við 20 °C og við staðalþrýstinginn 101,3 kPa: a) eru eldfimar þegar þær eru í blöndu við andrúmsloft í styrknum 13% eða minna, miðað við rúmmál, eða b) hafa sprengisvið í andrúmslofti sem nær yfir a.m.k. 12 hundraðshluta, óháð lægri mörkum sprengisviðsins.
2	Lofttegundir, aðrar en þær sem eru í 1. undirflokki, sem hafa sprengisvið í andrúmslofti við 20 °C og staðalþrýsting 101,3 kPa.

Athugasemd:
Úðabrúsar skulu ekki flokkaðir með eldfimum lofttegundum, sjá lið 2.3.

2.2.2.2. Eldfim lofttegund sem er einnig efnafræðilega óstöðug skal auk þess flokkuð í annan af tveimur undirflokkum fyrir efnafræðilega óstöðugar lofttegundir með því að nota aðferðirnar sem er lýst í III. hluta tilmæla SÞ, handbók um prófanir og viðmiðanir, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tafla 2.2.2

Viðmiðanir fyrir efnafræðilega óstöðugar lofttegundir

Undirflokkur	Viðmiðanir
A	Eldfimar lofttegundir sem eru efnafræðilega óstöðugar við 20 °C og við staðalþrýstinginn 101,3 kPa
B	Eldfimar lofttegundir sem eru efnafræðilega óstöðugar við hitastig sem er hærra en 20 °C og/eða þrýsting sem er yfir 101,3 kPa.

2.2.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.2.3.

Tafla 2.2.3


Merkingaratriði fyrir eldfimar lofttegundir (þ.m.t. efnafræðilega óstöðugar lofttegundir)

Flokkun	Eldfim lofttegund		Efnafræðilega óstöðug lofttegund	
	1. undirflokkur	2. undirflokkur	Undirflokkur A	Undirflokkur B
HSK-hættumerki		Ekkert hættumerki	Engin viðbótar-hættumerki	Engin viðbótar-hættumerki
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð	Ekkert viðbótar-viðvörunarorð	Ekkert viðbótar-viðvörunarorð
Hættusetning	H220: Afar eldfim lofttegund	H221: Eldfim lofttegund	H230:Getur hvarfast með sprengingu, jafnvel án andrúmslofts	H231: Getur hvarfast með sprengingu, jafnvel án andrúmslofts, við aukinn þrýsting og/eða hitastig
Varnaðarsetning - forvarnir	V210	V210	V202	V202
Varnaðarsetning - viðbrögð	V377 V381	V377 V381		
Varnaðarsetning - geymsla	V403	V403		
Varnaðarsetning - förgun				

Aðferðin við flokkun er sett fram í eftirfarandi ákvörðunarferli (sjá myndir 2.2.1 til 2.2.2).


Mynd 2.2.1

Eldfimar lofttegundir



Mynd 2.2.2

Efnafræðilega óstöðugar lofttegundir



2.2.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.2.4.1. Ákvarða skal eldfimi með prófunum eða, þegar um er að ræða blöndur þar sem fyrir liggja fullnægjandi gögn, með útreikningi í samræmi við aðferðirnar sem samþykktar eru af Alþjóðlegu staðlasamtökunum (sjá ISO 10156 með áorðnum breytingum, „Gases and gas mixtures — Determination of fire potential and oxidising ability for the selection of cylinder valve outlet“). Ef ekki liggja fyrir næg gögn til að nota þessar aðferðir er hægt að nota prófunaraðferð EN 1839 með áorðnum breytingum („Ákvörðun á sprengimörkum lofttegunda og gufa“).

2.2.4.2. Ákvarða skal efnafræðilegan óstöðugleika í samræmi við aðferðina sem er lýst í III. hluta tilmæla SÞ, handbók um prófanir og viðmiðanir. Ef útreikningarnir í samræmi við ISO 10156 með áorðnum breytingum sýna að blanda lofttegunda sé ekki eldfim er ekki nauðsynlegt að framkvæma prófanirnar til að ákvarða efnafræðilegan óstöðugleika vegna flokkunar.

2.3. **Úðabrúsar**

2.3.1. ***Skilgreiningar***

„Úðaefni í merkingunni úðabrúsar“: öll einnota hylki úr málmi, gleri eða plasti sem innihalda lofttegund sem er samþjöppuð, fljótandi eða uppleyst undir þrýstingi, með eða án vökva, krems eða dufts og með losunarbúnaði sem gerir kleift að losa innihaldið sem fastar eða fljótandi agnir, leystar í lofttegund, sem froðu, krem, duft eða vökva eða lofttegund.

2.3.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.3.2.1. Til greina kemur að flokka úðabrúsa sem eldfima í samræmi við lið 2.3.2.2 ef þeir innihalda einhvern efnisþátt sem er flokkaður sem eldfimur samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum sem eru settar fram í þessum hluta:

– fljótandi efni með blossamark ≤ 93 °C, þ.m.t. eldfim, fljótandi efni samkvæmt lið 2.6,

– eldfimar lofttegundir (sjá lið 2.2),

– eldfim föst efni (sjá lið 2.7),

1. athugasemd:

Eldfimir efnisþættir taka ekki til efna og blandna sem eru loftkveikjandi, sjálfhitandi eða vatnshvarfgjörn því slíkir efnisþættir eru aldrei notaðir sem innihaldsefni í úðabrúsum.

2. athugasemd:

Úðabrúsar falla ekki, að auki, undir liði 2.2 (eldfimar lofttegundir), 2.5 (lofttegundir undir þrýstingi), 2.6 (eldfimir vökvar) og 2.7 (eldfim, föst efni). Úðabrúsar geta þó, með hliðsjón af innihaldinu, fallið undir aðra hættuflokka, þ.m.t. hvað varðar merkingaratriði.


2.3.2.2. Úðabrúsi skal flokkast í einn af þremur undirflokkum þessa flokks á grundvelli efnisþátta í honum, brennsluvarma hans og, ef við á, niðurstöðu úr froðuprófun (fyrir froðuúðabrúsa) og prófun á íkviknunarfjarlægð og prófun á íkviknun í lokuðu rými (fyrir vökvaúðabrúsa) í samræmi við myndir 2.3.1a til 2.3.1c í þessum viðauka og undirliði 31.4, 31.5 og 31.6 í III. hluta tilmæla SÞ, handbók um prófanir og viðmiðanir. Úðabrúsar sem uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir að vera í 1. eða 2. undirflokki skulu flokkaðir í 3. undirflokk.

Athugasemd:

Úðabrúsar sem innihalda meira en 1% af eldfimum efnisþáttum eða hafa brennsluvarma sem er a.m.k. 20 kJ/g, sem eru ekki flokkaðir samkvæmt flokkunaraðferðum vegna eldfimi í þessum hluta, skulu flokkaðir sem úðabrúsar, 1. undirflokkur.

Mynd 2.3.1a


Úðabrúsar



Sjá ákvörðunarferli 2.3.1 (b) fyrir vökvaúðabrúsa
Sjá ákvörðunarferli 2.3.1 (c) fyrir froðuúðabrúsa


Mynd 2.3.1b

Vökvaúðabrúsar



Mynd 2.3.1c

Froðuúðabrúsar



2.3.3. ***Hættuboð***

Nota skal merkingaratriði fyrir efni eða blöndur, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk, í samræmi við töflu 2.3.1.

Tafla 2.3.1

Merkingaratriði fyrir úðabrúsa með eldfimum efnum og efnum sem eru ekki eldfim

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
HSK-hættumerki			Ekkert hættumerki
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð	Varúð
Hættusetning	H222: Úðabrúsi með afar eldfimum efnum H229: Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	H223: Úðabrúsi með eldfimum efnum H229: Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	H229: Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
Varnaðarsetning - forvarnir	V210 V211 V251	V210 V211 V251	V210 V251
Varnaðarsetning - viðbrögð			
Varnaðarsetning - geymsla	V410 + V412	V410 + V412	V410 + V412
Varnaðarsetning - förgun			

2.3.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.3.4.1. Brennsluvarminn (ΔH_c), í kílójúlum á hvert gramm (kJ/g), er margfeldi fræðilegs brennsluvarma (ΔH_{comb}) og brennslunýtni, sem er venjulega undir 1,0 (venjuleg brennslunýtni er 0,95 eða 95%).

Fyrir efnasamsetningu í úðabrúsa er efnafræðilegur brennsluvarmi summan af vigtuðum brennsluvarma fyrir einstaka efnisþætti:

$$\Delta H_{c\ (vara)} = \sum_{i}^{n} [w_i\ \% \times \Delta H_{c(i)}]$$

þar sem:

ΔH_c = brennsluvarmi (kJ/g)

$w_i\%$ = massahlutfall efnisþáttarins „i“ í vörunni

$\Delta H_{c(i)}$ = tiltekinn brennsluvarmi (kJ/g) efnisþáttarins „i“ í vörunni.

Brennsluvarma má finna í fagritum eða reikna hann út eða fastsetja með prófunum (sjá ASTM D 240 með áorðnum breytingum — Standard Test Methods for Heat of Combustion of Liquid Hydrocarbon Fuels by Bomb Calorimeter, EN/ISO 13943 með áorðnum breytingum, 86.1 til 86.3 — Fire safety — Vocabulary, og NFPA 30B með áorðnum breytingum — Code for the Manufacture and Storage of Aerosol Products).“

9) Í stað athugasemdarinnar neðan við töflu 2.4.1 í lið 2.4.2.1 komi eftirfarandi:

„Athugasemd:

„Lofttegundir sem valda eða stuðla að bruna á öðru efni í meira mæli en loft getur gert“: hreinar lofttegundir eða blöndur lofttegunda með oxandi verkun yfir 23,5%, sem er ákvarðað með aðferð sem lýst er í ISO 10156, með áorðnum breytingum.“

10) Í stað liðar 2.4.4 komi eftirfarandi:

„2.4.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

Til að flokka oxandi lofttegund skal nota prófanir eða útreikningsaðferðir eins og lýst er í ISO 10156, með áorðnum breytingum, „Gases and gas mixtures — Determination of fire potential and oxidising ability for the selection of cylinder valve outlet“.

11) Í stað fyrsta liðar í lið 2.5.1.1 komi eftirfarandi:

„Lofttegundir undir þrýstingi eru lofttegundir sem eru í íláti við þrýstinginn 200 kPa (samkvæmt mæli), eða meira, við 20 °C eða sem eru fljótandi eða fljótandi og kældar.“

12) Í stað liðar 2.5.2 komi eftirfarandi:

„2.5.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.5.2.1. Lofttegundir undir þrýstingi skulu flokkaðar í einn af fjórum hópum, samkvæmt eðlisástandi þeirra við pökkun, í samræmi við töflu 2.5.1:

Tafla 2.5.1

Viðmiðanir fyrir lofttegundir undir þrýstingi

Hópur	Viðmiðanir
Þjöppuð lofttegund	Lofttegund sem er algerlega í gasham við –°50 °C þegar henni er pakkað undir þrýstingi, þ.m.t. allar lofttegundir með markhita ≤ – 50 °C.
Fljótandi lofttegund	Lofttegund sem er fljótandi að hluta til við hitastig yfir – 50°C þegar henni er pakkað undir þrýstingi. Greinarmunur er gerður milli: i. fljótandi lofttegundar undir miklum þrýstingi: lofttegund með markhita milli – 50 °C og + 65 °C, og ii. fljótandi lofttegundar undir litlum þrýstingi: lofttegund með markhita yfir 65 °C.
Kæld, fljótandi lofttegund	Lofttegund sem er fljótandi að hluta til við pökkun vegna lágs hitastigs hennar.
Uppleyst lofttegund	Lofttegund sem er leyst upp í leysi í vökvafasa þegar henni er pakkað undir þrýstingi.

Athugasemd:

Úðaefni skulu ekki flokkuð með lofttegundum undir þrýstingi. Sjá lið 2.3.

13) Í lið 2.5.4 komi eftirfarandi í stað annars liðar:

„Finna má gögn í fagritum eða reikna þau út eða fastsetja með prófunum. Flestar hreinar lofttegundir eru þegar flokkaðar í tilmælum SÞ, fyrirmyndir að reglugerðum.“

14) Í liðum 2.7.2.1 og 2.7.2.3 komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi“.

15) Í stað neðanmálsgreinarinnar við e-lið liðar 2.8.2.1 komi eftirfarandi:

„1) Sjá tilmæli SÞ, handbók um prófanir og viðmiðanir, undirliði 28.1, 28.2 og 28.3 og töflu 28.3.“

16) Í lið 2.8.2.4 komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi“.

17) Í lið 2.8.4.1 komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi“.

18) Í a- og b lið liðar 2.8.4.2 komi orðin „tilmælum/tilmæli SÞ“ í stað orðanna „tilmælum/tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi“.

19) Í inngangsmálsliðum liða 2.9.2.1, 2.10.2.1, 2.11.2.1, 2.11.2.2, 2.12.2.1 og 2.13.2.1 komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi“.

20) Í lið 2.13.4.4 komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi“.

21) Í inngangsmálslið liðar 2.14.2.1 komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi“.

22) Í stað neðanmálsgreinarinnar við g-lið liðar 2.15.2.2 komi eftirfarandi:

„1) Sjá tilmæli SÞ, handbók um prófanir og viðmiðanir, undirliði 28.1, 28.2 og 28.3 og töflu 28.3.“

23) Lið 2.15.2.3 er breytt sem hér segir:

i. Í stað neðanmálsgreinarinnar við b-lið komi eftirfarandi: „([1]) Eins og ákvarðað er með prófunarsyrpu E sem lýst er í tilmælum SÞ, handbók um prófanir og viðmiðanir, II. hluta.“

ii. Í öðrum lið komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi“.

24) Í lið 2.15.4.1 komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi“.

25) Í inngangsmálslið liðar 2.16.2.1 komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi“.

26) Eftirfarandi athugasemd bætist við undir töflu 2.16.2 í lið 2.16.3:

„Athugasemd:

Ef efni eða blanda er flokkuð sem ætandi fyrir málma en ekki ætandi fyrir húð og/eða augu skal nota ákvæðin um merkingar sem eru sett fram í lið 1.3.6.“

27) Í inngangsmálslið liðar 2.16.4.1 komi orðin „tilmælum SÞ“ í stað orðanna „tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi“.

C. Ákvæðum 3. hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað athugasemdar c neðan við töflu 3.1.1 í lið 3.1.2.1 komi eftirfarandi:

„c) Sviðið, sem matsgildi bráðra eiturhrifa (ATE) vegna eiturhrifa við innöndun spanna og eru notuð í töflunni, byggjast á prófunum á váhrifum í 4 klukkustundir. Umreikna má fyrirliggjandi gögn um eiturhrif við innöndun, sem byggjast á váhrifum í eina klukkustund, með því að deila með tveimur fyrir lofttegundir og gufur og deila með fjórum fyrir ryk og úða.“

2) Eftirfarandi komi í stað liða 3.1.3.6.2.2 og 3.1.3.6.2.3:

„3.1.3.6.2.2. Ef efnisþáttur, sem engar nothæfar upplýsingar til flokkunar eru um, er notaður í blöndu í styrknum ≥ 1% er niðurstaðan sú að ekki sé hægt að tilgreina endanlegt matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir blönduna. Í slíkum tilvikum skal flokka blönduna eingöngu á grundvelli þekktra efnisþátta og skal eftirfarandi viðbótaryfirlýsing koma fram á merkimiðanum og öryggisblaðinu að: „× hundraðshlutfall blöndunnar eru einn eða fleiri efnisþættir sem hafa óþekkt bráð eiturhrif“, að teknu tilliti til ákvæðanna sem eru sett fram í lið 3.1.4.2.

3.1.3.6.2.3. Ef heildarstyrkur viðkomandi innihaldsefnis eða -efna, sem hafa óþekkt, bráð eiturhrif, er ≤ 10% skal nota formúluna sem sett er fram í lið 3.1.3.6.1. Ef heildarstyrkur viðkomandi innihaldsefnis eða -efna, sem hafa óþekkt eiturhrif, er > 10% skal formúlan, sem sett er fram í lið 3.1.3.6.1, leiðrétt með tilliti til hlutfalls óþekkta innihaldsefnisins eða -efnanna, með eftirfarandi hætti:

$$\frac{100 - (\Sigma\ C_{\text{óþekkt ef}} > 10\%)}{ATE_{\text{blöndu}}} = \sum_{n} \frac{C_i}{ATE_i\text{“}}$$

3) Í stað töflu 3.1.3 í lið 3.1.4.1 komi eftirfarandi:

„Tafla 3.1.3

Merkingaratriði fyrir bráð eiturhrif

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur	4. undirflokkur
HSK-hættumerki				
Viðvörunarorð	Hætta	Hætta	Hætta	Varúð
Hættusetning: Við inntöku	H300: Banvænt við inntöku	H300: Banvænt við inntöku	H301: Eitrað við inntöku	H302: Hættulegt við inntöku
– Um húð	H310:Banvænt í snertingu við húð	H310:Banvænt í snertingu við húð	H311: Eitrað í snertingu við húð	H312: Hættulegt í snertingu við húð
– Við innöndun (sjá 1. aths.)	H330:Banvænt við innöndun	H330: Banvænt við innöndun	H331: Eitrað við innöndun	H332: Hættulegt við innöndun
Varnaðarsetning - forvarnir (við inntöku)	V264 V270	V264 V270	V264 V270	V264 V270
Varnaðarsetning - viðbrögð (við inntöku)	V301 + V310 V321 V330	V301 + V310 V321 V330	V301 + V310 V321 V330	V301 + V312 V330
Varnaðarsetning - geymsla (við inntöku)	V405	V405	V405	
Varnaðarsetning - förgun (við inntöku)	V501	V501	V501	V501
Varnaðarsetning - forvarnir (um húð)	V262 V264 V270 V280	V262 V264 V270 V280	V280	V280
Varnaðarsetning - viðbrögð (um húð)	V302 + V352 V310 V321 V361 + V364	V302 + V352 V310 V321 V361 + V364	V302 + V352 V312 V321 V361 + V364	V302 + V352 V312 V321 V362 + V364
Varnaðarsetning - geymsla (um húð)	V405	V405	V405	
Varnaðarsetning - förgun (um húð)	V501	V501	V501	V501

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur	4. undirflokkur
Varnaðarsetning - forvarnir (við innöndun)	V260 V271 V284	V260 V271 V284	V261 V271	V261 V271
Varnaðarsetning - viðbrögð (við innöndun)	V304 + V340 V310 V320	V304 + V340 V310 V320	V304 + V340 V311 V321	V304 + V340 V312
Varnaðarsetning - geymsla (við innöndun)	V403 + V233 V405	V403 + V233 V405	V403 + V233 V405	
Varnaðarsetning - förgun (við innöndun)	V501	V501	V501“	

4) Eftirfarandi liður 3.1.4.2 bætist við:

„3.1.4.2. Hættusetningar vegna bráðra eiturhrifa aðgreina hættu eftir váhrifaleiðum. Tilgreiningar um flokkun að því er varðar bráð eiturhrif ættu einnig að endurspegla þá aðgreiningu. Ef efni eða blanda er flokkuð með tilliti til fleiri en einnar váhrifaleiðar skal tilgreina allar viðeigandi flokkanir á öryggisblaðinu, eins og tilgreint er í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, og viðkomandi þættir hættuboða hafðir með á merkimiðanum, eins og kveðið er á um í lið 3.1.3.2. Ef setningin „×% blöndunnar samanstendur af innihaldsefni eða -efnum sem hafa óþekkt, bráð eiturhrif“ er tilgreind, eins og kveðið er á um í lið 3.1.3.6.2.2, er einnig unnt í upplýsingunum á öryggisblaðinu að aðgreina á grundvelli váhrifaleiðar. Til dæmis „x% blöndunnar samanstendur af innihaldsefni eða -efnum sem hafa óþekkt bráð eiturhrif við inntöku“ og „x% blöndunnar samanstendur af innihaldsefni eða -efnum sem hafa óþekkt bráð eiturhrif á húð“.“

5) Í stað liðar 3.2.3.3.5 komi eftirfarandi:

„3.2.3.3.5. Stundum geta áreiðanleg gögn sýnt að ekki er augljós hætta á að innihaldsefni valdi húðætingu eða húðertingu þegar efnið er til staðar í magni sem er við almenn styrkleikamörk, sem um getur í töflum 3.2.3 og 3.2.4 í lið 3.2.3.3.6, eða yfir þeim. Í þessum tilvikum skal blandan flokkuð í samræmi við þau gögn (sjá einnig 10. og 11. gr.) Í öðrum tilvikum, þegar búist er við að ekki sé augljós hætta á að innihaldsefni valdi húðætingu eða húðertingu þegar efnið er í magni sem er við almenn styrkleikamörk, sem um getur í töflum 3.2.3 og 3.2.4, eða yfir þeim, skal prófun á blöndunni íhuguð. Í þeim tilvikum skal nota stigskipta áætlun við ákvörðun sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga eins og sett er fram í lið 3.2.2.5.“

6) Í stað töflu 3.2.5 í lið 3.2.4 komi eftirfarandi:

„Tafla 3.2.5

Merkingaratriði fyrir húðætingu/húðertingu

Flokkun	Undirflokkur 1 A/1 B/1 C	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H314: Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða	H315: Veldur húðertingu

Flokkun	Undirflokkur 1 A/1 B/1 C	2. undirflokkur
Varnaðarsetning - forvarnir	V260 V264 V280	V264 V280
Varnaðarsetning - viðbrögð	V301 + V330 + V331 V303 + V361 + V353 V363 V304 + V340 V310 V321 V305 + V351 + V338	V302 + V352 V321 V332 + V313 V362 + V364
Varnaðarsetning - geymsla	V405	
Varnaðarsetning - förgun	V501“	

7) Í stað liðar 3.3.3.3.5 komi eftirfarandi:

„3.3.3.3.5. Stundum geta áreiðanleg gögn sýnt að afturhverf/varanleg áhrif innihaldsefnis á augu séu ekki augljós þegar efnið er til staðar í magni sem er við almenn styrkleikamörk, sem um getur í töflum 3.3.3 og 3.3.4 í lið 3.3.3.3.6, eða yfir þeim. Í þessum tilvikum skal blandan flokkuð í samræmi við þau gögn. Í öðrum tilvikum, þegar ekki er búist við að augljós hætta sé á að innihaldsefni valdi húðætingu eða húðertingu eða afturhverfum/varanlegum áhrifum á augu þegar efnið er í magni sem er við almenn styrkleikamörk, sem um getur í töflum 3.3.3. og 3.3.4, eða yfir þeim, skal prófun á blöndunni íhuguð. Í slíkum tilvikum skal nota stigskipta áætlun við ákvörðun sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga.“

8) Í stað 1. athugasemdar neðan við töflu 3.4.6 í lið 3.4.3.3.2 komi eftirfarandi:

„1. athugasemd:

Þessi styrkleikamörk vegna framköllunar eru notuð fyrir sérstöku merkingarkröfurnar í lið 2.8. í II. viðauka til að vernda einstaklinga sem eru þegar næmir. Öryggisblaðs er krafist ef blandan inniheldur efnisþátt við þennan styrk eða yfir honum. Að því er varðar næmandi efni með sértæk styrkleikamörk sem eru lægri en 0,1% skulu styrkleikamörkin vegna framköllunar vera einn tíundi hluti af sértæku styrkleikamörkunum.“

9) Í stað töflu 3.4.7 í lið 3.4.4 komi eftirfarandi:

„Tafla 3.4.7

Merkingaratriði fyrir næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu

Flokkun	Næming öndunarfæra	Húðnæming
	1. undirflokkur og undirundirflokkar 1A og 1B	1. undirflokkur og undirundirflokkar 1A og 1B
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð

Flokkun	Næming öndunarfæra	Húðnæming
	1. undirflokkur og undirundirflokkar 1A og 1B	1. undirflokkur og undirundirflokkar 1A og 1B
Varnaðarsetning - forvarnir	V261 V284	V261 V272 V280
Varnaðarsetning - viðbrögð	V304 + V340 V342 + V311	V302 + V352 V333 + V313 V321 V362 + V364
Varnaðarsetning - geymsla		
Varnaðarsetning - förgun	V501	V501“

10) Í stað töflu 3.5.2 í lið 3.5.3.1.1 komi eftirfarandi:

„*Tafla 3.5.2*

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem eru flokkuð sem kímfrumustökkbreytar, sem ráða flokkun blöndunnar

Innihaldsefni, flokkað sem:	Styrkleikamörk sem ráða því að blandan er flokkuð svo:		
	stökkbreytir í 1. undirflokki		stökkbreytir í 2. undirflokki
	Undirflokkur 1A	Undirflokkur 1B	
stökkbreytir í undirflokki 1A	≥ 0,1%	—	—
stökkbreytir í undirflokki 1B	—	≥ 0,1%	—
stökkbreytir í 2. undirflokki	—	—	≥ 1,0%“

11) Í stað töflu 3.5.3 í lið 3.5.4.1 komi eftirfarandi:

„*Tafla 3.5.3*

Merkingaratriði fyrir stökkbreytandi áhrif á kímfrumur

Flokkun	1. undirflokkur (undirflokkur 1A, 1B)	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H340: Getur valdið erfðagöllum (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér)	H341: Grunað um að valda erfðagöllum (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér)

Flokkun	1. undirflokkur (undirflokkur 1A, 1B)	2. undirflokkur
Varnaðarsetning - forvarnir	V201 V202 V280	V201 V202 V280
Varnaðarsetning - viðbrögð	V308 + V313	V308 + V313
Varnaðarsetning - geymsla	V405	V405
Varnaðarsetning - förgun	V501	V501“

12) Í stað töflu 3.6.2 í lið 3.6.3.1.1 komi eftirfarandi:

„*Tafla 3.6.2*

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldar, sem ráða flokkun blöndunnar

Innihaldsefni, flokkað sem:	Almenn styrkleikamörk sem ráða því að blandan er flokkuð svo:		
	krabbameinsvaldur í 1. undirflokki		krabbameinsvaldur í 2. undirflokki
	Undirflokkur 1A	Undirflokkur 1B	
krabbameinsvaldur í undirflokki 1A	≥ 0,1%	—	—
krabbameinsvaldur í undirflokki 1B	—	≥ 0,1%	—
krabbameinsvaldur í 2. undirflokki	—	—	≥ 1,0 % [1. aths.]“

13) Í stað töflu 3.6.3 í lið 3.6.4.1 komi eftirfarandi:

„*Tafla 3.6.3*

Merkingaratriði fyrir krabbameinsvaldandi áhrif

Flokkun	1. undirflokkur (undirflokkur 1A, 1B)	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H350: Getur valdið krabbameini (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér)	H351: Grunað um að valda krabbameini (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér)

Flokkun	1. undirflokkur (undirflokkur 1A, 1B)	2. undirflokkur
Varnaðarsetning - forvarnir	V201 V202 V280	V201 V202 V280
Varnaðarsetning - viðbrögð	V308 + V313	V308 + V313
Varnaðarsetning - geymsla	V405	V405
Varnaðarsetning - förgun	V501	V501“

14) Í stað töflu 3.7.2 og athugasemda í lið 3.7.3.1.2 komi eftirfarandi:

„*Tafla 3.7.2*

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem eru flokkuð sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun eða með tilliti til áhrifa á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk, sem ráða flokkun blöndunnar

Innihaldsefni, flokkað sem:	Almenn styrkleikamörk sem ráða því að blandan er flokkuð svo:			
250	1-amínó-2-nítró-4-(2′,3′-díhýdroxýprópýl) amínó-5-klórbensen + 1,4-bis-(2′,3′-díhýdroxýprópýl) amínó-2-nítró-5-klórbensen	HC Red No 10 + HC Red No 11	95576-89-9 + 95576-92-4		a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,0% Að því er varðar a- og b-lið: Notist ekki með nítrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	a) Prenta skal á merkimiðann: Blöndunarhlutfallið. „⚠ Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“. “
					b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 2,0%“		

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 655/2013 2014/EES/54/47

frá 10. júlí 2013

um sameiginlegar viðmiðanir um rökstuðning fyrir fullyrðingum sem eru notaðar í tengslum við snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Endanlegir notendur, eins og þeir eru skilgreindir í f-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, standa frammi fyrir mjög fjölbreyttum fullyrðingum í tengslum við virkni, innihald og áhrif snyrtivara. Þar eð snyrtivörur gegna svo miklu hlutverki í lífi endanlegra notenda er mikilvægt að sjá til þess að upplýsingarnar sem þeim eru veittar með slíkum fullyrðingum séu nytsamlegar, skiljanlegar og áreiðanlegar og geri þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir og velja þær vörur sem hæfa best þörfum þeirra og væntingum.

2) Helsti tilgangur fullyrðinga um snyrtivörur er að upplýsa endanlega notendur um eiginleika og gæði varanna. Fullyrðingarnar eru nauðsynlegar til að gera greinarmun á vörum. Þær stuðla einnig að því að hvetja til nýsköpunar og ýta undir samkeppni.

3) Mæla skal fyrir um sameiginlegar viðmiðanir á vettvangi Sambandsins í því skyni að færa rök fyrir notkun fullyrðingar í tengslum við snyrtivörur. Aðalmarkmiðið með því að mæla fyrir um sameiginlegar viðmiðanir er að tryggja hátt verndarstig fyrir endanlega notendur, einkum vegna villandi fullyrðinga í tengslum við snyrtivörur. Sameiginleg nálgun á vettvangi Sambandsins ætti einnig tryggja að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna stefni fremur að sama marki með aðgerðum sínum og koma í veg fyrir röskun á innri markaðnum. Slík nálgun ætti einnig að auka samvinnu milli landsbundinna yfirvalda sem bera ábyrgð á framfylgd neytendaverndar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) ([2]).

4) Ákvæði 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 gilda um vörur sem falla undir skilgreininguna á snyrtivöru í 2. gr. þessarar reglugerðar. Sameiginlegu viðmiðanirnar eiga aðeins við þegar svo hefur verið metið að varan sem um ræðir sé í raun snyrtivara. Það er lögbærra landsyfirvalda og landsdómstóla að ákveða hvaða reglurammi gildir í hverju tilviki fyrir sig.

5) Sameiginlegu viðmiðanirnar skulu gilda með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti)([3]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/114/EB frá 12. desember 2006 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar (kerfisbundin útgáfa)([4]) og um aðra gildandi löggjöf Sambandsins.

6) Nota skal sveigjanlega nálgun við að miðla skilaboðunum til endanlegra notenda til þess að tekið sé tillit til félagslegrar, málfarslegrar og menningarlegrar fjölbreytni Sambandsins og til að viðhalda nýsköpun og samkeppni í evrópskum iðnaði. Slík nálgun er í samræmi við meginreglurnar sem Evrópudómstóllinn setti fram en hann hefur nokkrum sinnum bent á að til að ákvarða hvort fullyrðing geti verið villandi fyrir neytandann sé nauðsynlegt að íhuga væntingar hins síðarnefnda, að teknu tilliti til hins sértæka samhengis og aðstæðna sem fullyrðingin verður til í, þ.m.t. félagslegra, menningarlegra og málfarslegra þátta([5]).

7) Sameiginlegu viðmiðanirnar skulu ekki miða að því að skilgreina og tilgreina orðalag sem er hægt að nota í fullyrðingum um snyrtivörur en tryggja um leið að sömu meginreglur séu virtar í öllu Sambandinu.

8) Til að sjá til þess að sameiginlegu viðmiðanirnar um snyrtivörur gildi frá sama degi og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 skal þessi reglugerð gilda frá 11. júlí 2013.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Stjtíð. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.

([4]) Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 21.

([5]) Sjá t.d. mál C-220/98, Estée Lauder Cosmetics vs. Lancaster [2000] ECR I-00117, 29. málsgrein.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þessi reglugerð skal gilda um fullyrðingar í formi texta, heita, vörumerkja, mynda og myndrænna tákna eða annars konar tákna, sem gefa til kynna með beinum eða óbeinum hætti eiginleika snyrtivöru eða virkni hennar, á merkingum, við að bjóða hana fram á markaði og við auglýsingar. Hún skal gilda um allar fullyrðingar, án tillits til miðils eða gerðar tækis til markaðssetningar, fullyrðinga um virkni vörunnar og markhópinn.

2. gr.

Ábyrgðaraðilinn, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, skal sjá til þess að orðalag fullyrðingar í tengslum við snyrtivörur samræmist þeim sameiginlegu viðmiðunum sem eru settar fram í viðaukanum og sé í samræmi við gögnin, sem sanna áhrifin sem fullyrt er að snyrtivaran hafi, í vöruupplýsingaskjalinu sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 11. júlí 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

SAMEIGINLEGAR VIÐMIÐANIR

1. **Samræmi við lög**

1) Fullyrðingar sem gefa í skyn að varan hafi verið leyfð eða samþykkt af lögbæru yfirvaldi innan Sambandsins skulu ekki leyfðar.

2) Ásættanleiki fullyrðingar skal byggjast á skilningi endanlegs meðalnotanda, sem er tiltölulega vel upplýstur og tiltölulega athugull og varkár, á snyrtivörunni, að teknu tilliti til félagslegra, menningarlegra og málfarslegra þátta á markaðnum sem um er að ræða.

3) Fullyrðingar sem gefa þá hugmynd til kynna að sérstakur ávinningur sé af vöru þegar sá ávinningur er einungis uppfylling á lágmarksskilyrðum laga skulu ekki leyfðar.

2. **Sannleiksgildi**

1) Ef fullyrt er á vörunni að hún innihaldi tiltekið innihaldsefni skal það innihaldsefni hafa verið sett í vöruna af ásetningi.

2) Fullyrðingar sem vísa til eiginleika tiltekins innihaldsefnis skulu ekki gefa til kynna að fullunna varan hafi sömu eiginleika ef svo er ekki.

3) Kynningarefni (e. *marketing communications*) skal ekki gefa til kynna að tjáðar skoðanir séu sannprófanlegar fullyrðingar nema skoðunin byggist á sannprófanlegum gögnum.

3. **Stuðningsgögn til sönnunar**

1) Fullyrðingar vegna snyrtivara, bæði beinar og óbeinar, skulu studdar fullnægjandi og sannprófanlegum sönnunargögnum, án tillits til þess hvers konar stuðningsgögn eru notuð þeim til rökstuðnings, þ.m.t. mat sérfræðinga, eftir því sem við á.

2) Taka skal tillit til nýjustu tækni í starfsvenjum vegna sönnunargagna við rökstuðning fullyrðinga.

3) Ef rannsóknir eru notaðar sem sönnunargögn skulu þær eiga við um vöruna og um fullyrtan ávinning, notuð skal vel útfærð, vel framkvæmd aðferð (gild, áreiðanleg og samanburðarnákvæm) og siðferðileg sjónarmið skulu virt.

4) Umfang sannana eða rökstuðnings skal vera í samræmi við tegund fullyrðingar sem gerð er, einkum að því er varðar fullyrðingar um verkun sem gæti valdið öryggisvandamáli ef hún er ófullnægjandi.

5) Ekki skal gerð krafa um rökstuðning með yfirlýsingum sem eru greinilega ýktar og sem ekki er ætlast til að endanlegur meðalnotandi taki bókstaflega (ofhvörf) eða með yfirlýsingum af óhlutbundnum (e. *abstract)* toga.

6) Yfirlýsing sem eignar (beint eða óbeint) fullunnu vörunni innihaldseiginleika skal studd fullnægjandi og sannprófanlegum sönnunargögnum, s.s. með því að sýna fram á að innihaldsefnið sé fyrir hendi í hrifstyrk.

7) Mat á ásættanleika fullyrðingar skal byggt á vægi rökstuddra vísbendinga úr öllum tiltækum rannsóknum, gögnum og upplýsingum, með hliðsjón af eðli fullyrðingarinnar og ríkjandi, almennri þekkingu endanlegu notendanna.

4. **Ráðvendni**

1) Kynning á nothæfi vöru skal afmarkast við fyrirliggjandi stuðningsgögn.

2) Fullyrðingar skulu ekki eigna viðkomandi vöru tiltekna (þ.e. einstaka) eiginleika ef svipaðar vörur hafa sömu eiginleika.

3) Ef verkan vöru tengist tilgreindum skilyrðum, s.s. notkun með öðrum vörum, skal það koma greinilega fram.

5. **Sanngirni**

1) Fullyrðingar vegna snyrtivara skulu vera hlutlægar (e. *objective*) og skulu ekki kasta rýrð á samkeppnisaðila né heldur á innihaldsefni sem eru notuð á löglegan hátt.

2) Fullyrðingar vegna snyrtivara skulu ekki skapa rugling við vöru samkeppnisaðila.

6. **Upplýst ákvarðanataka**

1) Fullyrðingar skulu vera greinilegar og skiljanlegar endanlegum meðalnotanda.

2) Fullyrðingar eru óaðskiljanlegur hluti vara og skulu fela í sér upplýsingar sem gera endanlegum meðalnotanda kleift að taka upplýsta ákvörðun.

3) Kynningarefni skal taka tillit til getu markhópsins (íbúa viðkomandi aðildarríkis eða hluta íbúa þess, t.d. endanlegra notenda á mismunandi aldri og af ólíku kyni) til að skilja efnið. Kynningarefni skal vera greinilegt, nákvæmt, eiga við og vera markhópnum skiljanlegt.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/88/ESB

2014/EES/54/48

frá 16. nóvember 2011

um breytingu á tilskipun 97/68/EB að því er varðar ákvæði um hreyfla sem settir eru á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum ([3]) varðar losun með útblæstri og losunarmörk fyrir loftmengunarefni frá hreyflum í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega og stuðlar að heilsuvernd manna og verndun umhverfisins. Í tilskipun 97/68/EB var kveðið á um að í stað losunarmarka sem giltu fyrir gerðarviðurkenningu meirihluta þjöppukveikjuhreyfla skv. III. áfanga A skyldu koma strangari mörk skv. III. áfanga B. Þessi mörk gilda frá 1. janúar 2010 að því er varðar gerðarviðurkenningu þessara hreyfla og frá 1. janúar 2011 að því er varðar að þessir hreyflar séu settir á markað.

2) Framkvæmdastjórnin undirbýr nú endurskoðun tilskipunar 97/68/EB í samræmi við kröfurnar í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/26/EB frá 21. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 97/68/EB ([4]). Til að tryggja að endurskoðaða tilskipunin sé í samræmi við viðmiðunarreglur Sambandsins um loftgæði og með hliðsjón af reynslu, niðurstöðum vísindarannsókna og fyrirliggjandi tækni skal framkvæmdastjórnin, við fyrirhugaða endurskoðun tilskipunar 97/68/EB og með fyrirvara um mat á áhrifum, taka eftirfarandi til athugunar:

– koma á nýjum losunaráfanga — V. áfanga — sem skal, með fyrirvara um að vera framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti, byggjast á kröfum Euro VI-staðalsins fyrir þung ökutæki,

– taka upp nýjar kröfur um fækkun efnisagna, þ.e. mörk fyrir fjölda agna sem gilda fyrir alla flokka hreyfla með þjöppukveikju, þar sem það er tæknilega mögulegt, til að tryggja árangursríka fækkun mjög fíngerðra efnisagna,

– taka upp heildarnálgun, sem hvetur til setningu ákvæða sem draga úr losun, og ísetningu endurbótarhluta fyrir eftirmeðferð útblásturs í þann flota færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega sem nú er í umferð, á grundvelli umræðnanna sem nú standa yfir á vegum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu varðandi samræmdar kröfur fyrir ísetningu endurbótarhluta fyrir stjórnun á losun; þessi nálgun ætti að styðja við aðgerðir aðildarríkjanna varðandi bætt loftgæði og efla vernd starfsmanna,

– koma á aðferð sem kveður á um reglubundna prófun á færanlegum vélbúnaði og ökutækjum til nota utan vega, einkum í því skyni að staðfesta að mengunarvarnageta þeirra sé í samræmi við gildin sem tilgreind eru við skráningu,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 48, 15.2.2011, bls. 134.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 25. október 2011 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 8. nóvember 2011.

([3]) Stjtíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 146, 30.4.2004, bls. 1.

– skoða möguleikann á að heimila við ákveðin skilyrði varahreyfla sem uppfylla ekki kröfur III. áfanga A fyrir spor- og eimreiðar,

– skoða möguleikann á samræmingu sérstakra losunarstaðla fyrir járnbrautir á alþjóðavettvangi til að tryggja framboð á hreyflum á viðráðanlegu verði sem uppfylla sett losunarmörk.

3) Umskiptin yfir í III. áfanga B fela í sér stökk að því er varðar breytingar á tækni sem munu krefjast umtalsverðs kostnaðar við að hrinda þeim í framkvæmd vegna endurhönnunar hreyflanna og vegna þróunar á háþróuðum tæknilausnum. Núverandi alþjóðlega fjármála- og efnahagskreppan, eða önnur efnahagsleg áföll, ættu hins vegar ekki að leiða til lækkunar á umhverfisstöðlum. Endurskoðun tilskipunar 97/68/EB skal því teljast undantekningartilvik. Enn fremur eru fjárfestingar í umhverfisvænni tækni mikilvægar til að stuðla að framtíðarvexti, atvinnu og öryggi í heilbrigðismálum.

4) Í tilskipun 97/68/EB er kveðið á um sveigjanleikaáætlun til að heimila framleiðendum búnaðar að kaupa, á tímabilinu á milli tveggja losunaráfanga, takmarkaðan fjölda hreyfla sem uppfylla ekki viðmiðunarmörk fyrir losun sem gilda á því tímabili, en hafa verið viðurkenndir í samræmi við kröfurnar í þeim áfanga sem kemur næst á undan þeim áfanga sem við á.

5) Í b-lið 2. gr. tilskipunar 2004/26/EB er kveðið á um mat á hugsanlegri þörf fyrir frekari sveigjanleika.

6) Í III. áfanga B skal hámarksfjöldi hreyfla, sem notaðir eru til annars en að knýja sporreiðar, eimreiðar eða skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, sem setja má á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni, aukinn í hverjum hreyfilflokki úr 20% í 37,5% af árlegum fjölda búnaðar með hreyflum í þeim flokki, sem framleiðandi búnaðarins setur á markað. Annar kostur sem ætti að vera fyrir hendi er að heimila að ákveðinn fjöldi hreyfla sé settur á markað innan sveigjanleikaáætlunarinnar. Sá fjöldi hreyfla skal einnig endurskoðaður og skal ekki vera meiri en hámörkin sem mælt er fyrir um í lið 1.2.2 í XIII. viðauka við tilskipun 97/68/EB.

7) Aðlaga skal reglurnar sem gilda um sveigjanleikaáætlunina þannig að beiting áætlunarinnar sé rýmkuð svo að hún gildi um hreyfla sem ætlaðir eru til að knýja eimreiðar í mjög takmarkaðan tíma.

8) Bætt loftgæði eru eitt af helstu markmiðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu ([5]). Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að ráðast gegn losun við upptök hennar, þ.m.t. með því að minnka losun frá færanlegum vélbúnaði til nota utan vega.

9) Fyrirtæki sem nota hreyfla sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar skulu njóta góðs af evrópskum áætlunum um fjárstuðning eða öðrum viðeigandi stuðningsáætlunum aðildarríkjanna. Þessar stuðningsáætlanir ættu einkum að styðja að ströngustu losunarstaðlarnir séu teknir upp snemma.

10) Í tilskipun 97/68/EB er kveðið á um undanþágu fyrir varahreyfla, sem gildir ekki um spor- og eimreiðar. Hins vegar, að teknu tilliti til þyngdar- og stærðartakmarkana, er nauðsynlegt að kveða á um takmarkaða undanþágu fyrir varahreyfla í spor- og eimreiðar.

11) Ráðstafanirnar sem settar eru fram í þessari tilskipun endurspegla tímabundna erfiðleika sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir og því skal beiting þessara ráðstafana vera takmörkuð við þann tíma sem III. áfangi B stendur yfir eða í þrjú ár, ef ekki er fyrir hendi síðara stig.

12) Með tilliti til sérstakrar grunngerðar breska járnbrautakerfisins, sem hefur í för með sér aðra sporvídd og þ.a.l. þyngdar- og stærðartakmarkanir og þarf af þeim sökum lengri aðlögunartíma vegna nýrra losunarmarka, er viðeigandi að kveða á um meiri sveigjanleika fyrir þennan tiltekna markað fyrir hreyfla í eimreiðar.

13) Því ber að breyta tilskipun 97/68/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 97/68/EB

Tilskipun 97/68/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 6. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„6. Setja má á markað þjöppukveikjuhreyfla sem ekki eru ætlaðir til að knýja sporreiðar eða skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, samkvæmt sveigjanleikaáætlun, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í XIII. viðauka, auk 1. – 5. mgr.“,

([5]) Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2008, bls. 1.

2) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) önnur undirgrein 1. mgr. a falli brott,

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„1b. Þrátt fyrir 3. mgr. g, 3. mgr. i og 4. mgr. a 9. gr. mega aðildarríkin heimila að eftirfarandi hreyflar fyrir sporreiðar og eimreiðar séu settir á markað:

a) varahreyflar sem uppfylla mörk III. áfanga A, þegar þeir koma í stað hreyfla í spor- og eimreiðum sem:

i. uppfylla ekki staðal III. áfanga A eða

ii. uppfylla staðal III. áfanga A en uppfylla ekki staðal III. áfanga B,

b) varahreyflar sem uppfylla ekki mörk III. áfanga A, þegar þeir koma í stað hreyfla í sporreiðum án stjórntækja til aksturs og sem ekki er hægt að aka einum og sér, að því tilskildu að slíkir varahreyflar uppfylli staðal sem er ekki síður strangur en staðallinn sem hreyflar, sem settir eru í núverandi sporreiðar sömu gerðar, uppfylla.

Aðeins má veita heimildir samkvæmt þessari málsgrein í þeim tilvikum þar sem viðurkenningaryfirvald aðildarríkisins er þess fullvist að notkun varahreyfils, sem uppfyllir kröfur síðast gildandi losunaráfanga í þeirri spor- eða eimreið sem um er að ræða, feli sér umtalsverð tæknileg vandkvæði.

1c. Festa skal miða með textanum „VARAHREYFILL“ og einkvæmri tilvísun í viðkomandi undanþágu á hreyfla sem falla undir 1. mgr. a eða 1. mgr. b.

1d. Framkvæmdastjórnin skal meta umhverfisáhrif og hugsanleg tæknileg vandkvæði að því er varðar að farið sé að ákvæðum 1. mgr. b. Með hliðsjón af því mati skal framkvæmdastjórnin eigi síðar en 31. desember 2016 leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um endurskoðun 1. mgr. b ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf og þ.m.t. lokadagsetningu fyrir beitingu þeirrar málsgreinar.“,

c) í stað 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Aðildarríkin skulu heimila að hreyflar, eins og þeir eru skilgreindir í i., ii., og v. lið A-liðar 1. hluta I. viðauka, séu settir á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram XIII. viðauka.“,

3) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. nóvember 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. nóvember 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	W. SZCZUKA

VIÐAUKI

Í stað 1. þáttar í XIII viðauka komi eftirfarandi:

„1. AÐGERÐIR AF HÁLFU FRAMLEIÐANDA UPPRUNALEGS BÚNAÐAR

1.1. Að frátöldum III. áfanga B, skal framleiðandi upprunalegs búnaðar, sem óskar eftir að nýta sér sveigjanleikaáætlunina, að undanskildum hreyflum til að knýja spor- og eimreiðar, sækja um leyfi hjá viðurkenningaryfirvaldi fyrir hreyfilframleiðendur sína til að setja á markað hreyfla sem eingöngu verði notaðir af þessum framleiðanda upprunalegs búnaðar sjálfum. Fjöldi hreyfla sem samrýmast ekki gildandi viðmiðunarmörkum um losun, en eru viðurkenndir samkvæmt nýjustu mörkum fyrir losun sem giltu í fyrri áfanga, skal ekki fara yfir efri mörkin sem sett eru fram í liðum 1.1.1 og 1.1.2.

1.1.1. Fjöldi hreyfla, sem settir eru á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni, skal ekki vera meiri, í hverjum hreyfilflokki, en 20% af árlegu magni búnaðar með hreyflum í þeim flokki sem framleiðandi upprunalegs búnaðar setur á markað (reiknað sem meðaltal af sölu á markaði í Evrópusambandinu síðastliðin fimm ár). Ef framleiðandi upprunalegs búnaðar hefur sett búnað á markað í Evrópusambandinu skemur en 5 ár skal meðaltalið reiknað út miðað við þann tíma sem framleiðandinn hefur sett búnað á markað í Evrópusambandinu.

1.1.2. Annar kostur en sá sem tilgreindur er í lið 1.1.1 og að undanskildum hreyflum fyrir spor- og eimreiðar, er að framleiðandi upprunalegs búnaðar sæki um heimild fyrir hreyfilframleiðendur sína til að setja á markað tiltekinn fjölda hreyfla sem eingöngu verði notaðir af þessum framleiðanda upprunalegs búnaðar sjálfum. Fjöldi hreyfla í hverjum hreyfilflokki skal ekki vera meiri en eftirfarandi tölur segja til um:

Hreyfilflokkur P (kW)	Fjöldi hreyfla
$19 \leq P < 37$	200
$37 \leq P < 75$	150
$75 \leq P < 130$	100
$130 \leq P \leq 560$	50

1.2. Á III. áfanga B, en þó ekki lengur en á 3 ára tímabili frá upphafi áfangans, að undanskildum hreyflum til að knýja spor- og eimreiðar, skal framleiðandi upprunalegs búnaðar sem óskar eftir að nýta sér sveigjanleikaáætlunina sækja um leyfi hjá viðurkenningaryfirvaldi fyrir hreyfilframleiðendur sína til að setja á markað hreyfla sem eingöngu verði notaðir af þessum framleiðandi upprunalegs búnaðar sjálfum. Fjöldi hreyfla sem samrýmast ekki gildandi viðmiðunarmörkum um losun, en eru viðurkenndir samkvæmt nýjustu mörkum fyrir losun sem giltu í fyrri áfanga, skal ekki fara yfir efri mörkin sem sett eru fram í liðum 1.2.1 og 1.2.2.

1.2.1. Fjöldi hreyfla, sem settir eru á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni, skal ekki vera meiri, í hverjum hreyfilflokki, en 37,5% af árlegu magni búnaðar með hreyflum í þeim flokki sem framleiðandi upprunalegs búnaðar setur á markað (reiknað sem meðaltal af sölu á markaði í Evrópusambandinu síðastliðin fimm ár). Ef framleiðandi upprunalegs búnaðar hefur sett búnað á markað í Evrópusambandinu skemur en 5 ár skal meðaltalið reiknað út miðað við þann tíma sem framleiðandinn hefur sett búnað á markað í Evrópusambandinu.

1.2.2. Annar kostur en sá sem tilgreindur er í lið 1.2.1 er að framleiðandi upprunalegs búnaðar sæki um heimild fyrir hreyfilframleiðendur sína til að setja á markað tiltekinn fjölda hreyfla sem eingöngu verði notaðir af þessum framleiðanda upprunalegs búnaðar sjálfum. Fjöldi hreyfla í hverjum hreyfilflokki skal ekki vera meiri en eftirfarandi tölur segja til um:

Hreyfilflokkur P (kW)	Fjöldi hreyfla
$37 \leq P < 56$	200
$56 \leq P < 75$	175
$75 \leq P < 130$	250
$130 \leq P \leq 560$	125

1.3. Að því er varðar hreyfla til að knýja eimreiðar á III. áfanga B, en þó ekki lengur en á 3 ára tímabili frá upphafi áfangans, má framleiðandi upprunalegs búnaðar sækja um heimild fyrir hreyfilframleiðendur sína til að setja á markað að hámarki 16 hreyfla, sem eingöngu verði notaðir af þessum framleiðanda upprunalegs búnaðar sjálfum. Framleiðandi upprunalegs búnaðar má einnig sækja um heimild fyrir hreyfilframleiðendur sína til að setja á markað að hámarki 10 hreyfla til viðbótar, með málafl yfir 1800 kW, til að setja í eimreiðar sem eru eingöngu hannaðar til notkunar á breska járnbrautarnetinu. Eimreiðar teljast aðeins uppfylla þessa kröfu ef þær eru með, eða hægt er að gefa út fyrir þær, öryggisskírteini fyrir notkun á breska járnbrautarnetinu.

Slík heimild skal aðeins veitt ef ekki er hægt að hlíta mörkum III. áfanga B af tæknilegum ástæðum.

1.4. Framleiðandi upprunalegs búnaðar skal láta eftirfarandi upplýsingar fylgja með umsókninni til viðurkenningaryfirvalds:

a) sýniseintak af þeim merkimiðum sem festa skal á hverja færanlega vél sem notuð er utan vega og hreyfill verður settur í samkvæmt ákvæðum sveigjanleikaáætlunarinnar. Merkimiðarnir skulu bera eftirfarandi áletranir: „VÉL NR. ... (í röð véla) AF ... (heildarfjöldi véla á viðkomandi aflsviði) MEÐ HREYFIL NR. ... MEÐ GERÐARVIÐURKENNINGU (tilskipun 97/68/EB) NR. ...“,

b) sýniseintak af viðbótarmerkimiðanum sem festa skal á hreyfilinn með textanum sem um getur í lið 2.2.

1.5. Framleiðandi upprunalegs búnaðar skal láta viðurkenningaryfirvaldi í té allar nauðsynlegar upplýsingar sem tengjast beitingu sveigjanleikaáætlunarinnar sem viðurkenningaryfirvaldið getur óskað eftir til að taka ákvörðun.

1.6. Framleiðandi upprunalegs búnaðar skal láta í té sérhverju viðurkenningaryfirvaldi aðildarríkis sem þess óskar allar upplýsingar sem viðurkenningaryfirvaldið biður um til að staðfesta að hreyflar, sem fullyrt er að séu eða eru þannig merktir að þeir séu settir á markað innan sveigjanleikaáætlunarinnar, séu það með réttu.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2013/58/ESB **2014/EES/54/49**

frá 11. desember 2013

um breytingu á tilskipun 2009/138/EB (Gjaldþolsáætlun II) að því er varðar lögleiðingardag hennar og gildistökudag hennar, og dagsetningu niðurfellingar tiltekinna tilskipana (Gjaldþolsáætlun I) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr. og 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([2]) er kveðið á um nútímalegt, áhættumiðað kerfi til stjórnunar og eftirlits á vátryggingaog endurtryggingafélögum Sambandsins. Það kerfi er nauðsynlegt til að tryggja örugg og traust tryggingafélög sem geta veitt sjálfbærar vátryggingar og stutt við raunhagkerfi með því að hvetja til langtímafjárfestinga og viðbótarstöðugleika.

2) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/89/ESB ([3]) voru gerðar tilteknar breytingar á 212. gr. til 262. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem eiga að gilda frá 10. júní 2013.

3) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/23/ESB ([4]) breytist tilskipun 2009/138/EB með því að fresta lögleiðingardagsetningu frá 31. október 2012 til 30. júní 2013, umsóknardagsetningu frá 1. nóvember 2012 til 1. janúar 2014 og niðurfellingardegi gildandi

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 341, 18.12.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 21. nóvember 2013 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 5. desember 2013.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/89/ESB frá 16. nóvember 2011 breytir tilskipunum 98/78/EB, 2002/87/EB, 2006/48/EB og 2009/138/EB að því er varðar viðbótareftirlit fjármálafyrirtækja í fjármálasamsteypum (Stjtíð. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 113).

([4]) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/23/ESB frá 12. september 2012 er tilskipun 2009/138/EB breytt að því er varðar lögleiðingardag hennar og gildistökudag hennar, og dagsetningu niðurfellingar tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 249, 14.9.2012, bls. 1).

vátrygginga- og endurtryggingatilskipana ([5]) (sem hér á eftir eru sameiginlega nefndar „Gjaldþolsáætlun I“) frá 1. nóvember 2012 til 1. janúar 2014.

4) Þann 19. janúar 2011 samþykkti framkvæmdastjórnin tillögu („Omnibus II tillagan“) til að breyta m.a. tilskipun 2009/138/EB til að taka tillit til nýrrar tilhögunar eftirlits vegna trygginga, það er að segja stofnun evrópska eftirlitsyfirvaldsins (Evrópska eftirlitsstofnunin á vátrygginga- og lífeyrissjóðamarkaði) (e. EIOPA). Omnibus II tillagan nær einnig yfir ákvæði til að fresta lögleiðingardegi og þeim degi þegar tilskipun 2009/138/EB kemur til framkvæmda, og niðurfellingardegi Gjaldþolsáætlunar I, og er leið til að laga tilskipun 2009/138/EB að gildistöku sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins með því að umbreyta ákvæðunum sem veita framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir.

5) Í ljósi margslunginnar gerðar Omnibus II tillögunnar er hætta á að hún hafi ekki öðlast gildi fyrir lögleiðingardag og gildistökudag tilskipunar 2009/138/EB. Haldist þessar dagsetningar óbreyttar myndi það leiða til þess að tilskipun 2009/138/EB yrði framkvæmd áður en umbreytingareglurnar öðlast gildi og viðeigandi breytingar, þ.m.t. frekari útlistun á valdeflingu framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem kveðið er á um af Omnibus II tillögunni.

6) Til að komast hjá óhóflega íþyngjandi lagalegum skuldbindingum fyrir aðildarríki samkvæmt tilskipun 2009/138/EB og síðar samkvæmt nýrri tilhögun eftirlits sem fyrirséð er af Omnibus II tillögunni, er því viðeigandi að fresta lögleiðingardegi og þeim degi sem tilskipun 2009/138/EB kemur til framkvæmda, til að gera eftirlitsaðilum og vátrygginga- og endurtryggingafélögum kleift að undirbúa sig fyrir beitingu nýrrar tilhögunar.

7) Það er augljóst af tímaröð atburða að frestuð dagsetning lögleiðingar og dagurinn þegar tilskipun 2009/138/EB kemur til framkvæmda skulu einnig gilda um breytingarnar þar, sem voru gerðar með tilskipun 2011/89/EB.

8) Með skírskotun til réttarvissu ber að fresta niðurfellingardagsetningu Gjaldþolsáætlunar I til samræmis.

9) Með tilliti til þess stutta tíma fram að viðkomandi dagsetningum sem mælt var fyrir um í tilskipun 2009/138/EB, skal þessi tilskipun öðlast gildi án tafar.

10) Af þessum sökum er réttlætt að beita undantekningunni í áríðandi tilvikum sem kveðið er á um í 4. gr. bókunar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu, í þessu tilviki að því er varðar að leggja drög að þessari tilskipun fyrir þjóðþingin,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2009/138/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr. 309. gr.:

a) í fyrstu undirgrein komi dagsetningin „31. mars 2015“ í stað „30. júní 2013“,

([5]) Tilskipun ráðsins 64/225/EBE frá 25. febrúar 1964 um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði endurtrygginga (Stjtíð. EB 56, 4.4.1964, bls. 878/64), fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3), tilskipun ráðsins 73/240/EBE frá 24. júlí 1973 um afnám hafta á staðfesturétti á sviði atvinnurekstrar með frumtryggingar aðrar en líftryggingar (Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 20), tilskipun ráðsins 76/580/EBE frá 29. júní 1976 um breytingar á tilskipun 73/239/EBE (Stjtíð. EB L 189, 13.7.1976, bls. 13), tilskipun ráðsins 78/473/EBE frá 30. maí 1978 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um samtryggingar innan Bandalagsins (Stjtíð. EB L 151, 7.6.1978, bls. 25), tilskipun ráðsins 84/641/EBE frá 10. desember 1984 með breytingu á fyrstu tilskipun 73/239/EBE, einkum að því er varðar aðstoð við ferðamenn (Stjtíð. EB L 339, 27.12.1984, bls. 21), tilskipun ráðsins 87/344/EBE frá 22. júní 1987 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um réttaraðstoðarvátryggingar (Stjtíð. EB L 185, 4.7.1987, bls. 77), önnur tilskipun ráðsins 88/357/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur (Stjtíð. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1), tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, (Þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingahópi (Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001 um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga (Stjtíð. EB L 110, 20.4.2001, bls. 28), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).

b) í annarri undirgrein komi dagsetningin „1. janúar 2016“ í stað „1. janúar 2014“,

2) í fyrstu málsgrein 310. gr. komi dagsetningin „1. janúar 2016“ í stað „1. janúar 2014“,

3) í annarri málsgrein 311. gr. komi dagsetningin „1. janúar 2016“ í stað „1. janúar 2014“.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	V. LEŠKEVIČIUS

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 759/2013 **2014/EES/54/50**

frá 30. apríl 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 að því er varðar kröfur um upplýsingar um breytanleg og skiptanleg skuldabréf (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]), einkum 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga ([2]) eru settar fram lágmarksupplýsingar sem lýsing [áður: útboðs- og skráningarlýsing] skal innihalda um mismunandi gerðir verðbréfa í því skyni að uppfylla kröfur 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

2) Útgefandalýsing fyrir hluti skal gilda um hluti og önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum en einnig önnur verðbréf sem veita aðgang að hlutafé útgefanda vegna breyti- eða skiptiákvæða þegar undirliggjandi hlutir hafa enn ekki verið teknir til viðskipta [áður: skráðir] á skipulegum verðbréfamarkaði.

3) Þegar útgefandi undirliggjandi hluta tilheyrir sömu samstæðu og útgefandi breytanlegu eða skiptanlegu skuldabréfanna en undirliggjandi hlutir hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hafa fjárfestar ekki greiðan aðgang að upplýsingum um útgefandann. Því skal grunnskjal útgefandalýsingar fyrir hluti gilda um viðkomandi undirliggjandi hluti og skal henni bætt við þær samsetningar sem notaðar eru við samningu lýsingarinnar.

4) Þegar verðbréf með áskriftarréttindi eða afleidd verðbréf veita rétt til að kaupa hluti útgefanda eða samstæðu og viðkomandi hlutir hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal veita fjárfestum viðkomandi upplýsingar sem settar eru fram í grunnskjali verðbréfalýsingar fyrir afleidd verðbréf.

5) Þegar skuldabréf eru skiptanleg eða breytanleg í hluti sem hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hafa hluthafar og fjárfestar almennt aðgang að upplýsingum um undirliggjandi hluti. Því skal koma skýrt fram að það nægi að bæta við yfirlýsingu, þar sem fram kemur tegund undirliggjandi þáttar og hvar unnt sé að fá upplýsingar um hann í samsetningunni sem notuð er við gerð verðbréfalýsingarinnar.

6) Þegar skuldabréf eru skiptanleg eða breytanleg í hluti sem útgefandi verðbréfsins, eða eining sem tilheyrir sömu samstæðu, hefur gefið út eða mun gefa út og viðkomandi undirliggjandi hlutir hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal einnig láta fjárfestum í té yfirlýsingu um veltufé og yfirlýsingu um fjármögnun og skuldsetningu útgefanda undirliggjandi hluta. Þessar yfirlýsingar munu veita fjárfestum í verðbréfalýsingunni sömu upplýsingar um áframhaldandi rekstrarhæfi útgefanda undirliggjandi hluta og skuldsetningu hans í samanburði við fjármögnun og vera aðgengilegar þegar fjárfest er beint í hlutum.

7) Þegar þriðji aðili gefur út undirliggjandi hluti og þeir hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hafa fjárfestar ekki greiðan aðgang að lýsingu á viðkomandi undirliggjandi hlutum. Því skal bæta við frekara viðbótarskjali með lýsingu á undirliggjandi hlut við samsetningarnar sem notaðar eru við samningu verðbréfalýsingar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

([2]) Stjtíð. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1.

8) Til að tryggja réttarvissu er nauðsynlegt að skýra í töflunni sem sett er fram í XVIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 809/2004 hvernig grunn- og viðbótarskjöl skulu sett saman við samningu lýsingar, þ.m.t. þegar aðeins er krafist tiltekinna upplýsinga úr grunn- og viðbótarskjölum, þegar tilteknar upplýsingar gilda ekki vegna tiltekinna samsetninga grunn- og viðbótarskjala í sérstökum tilvikum, og þegar útgefandi, tilboðsgjafi eða einstaklingur sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði getur valið á milli mismunandi grunn- og viðbótarskjala í samræmi við tiltekin mörk, s.s. lágmarksnafnverð skuldabréfa eða skilyrði sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 809/2004.

9) Heitið „skuldabréf“ (e. *debt securities*) skal koma í stað heitisins „skuldabréf“ (e. *bonds*) til að tryggja samkvæmni hugtaka í reglugerð (EB) nr. 809/2004.

10) Notkun viðbótarskjalsins fyrir pro forma fjárhagsupplýsingar sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 809/2004 er háð því að um umtalsverða verga breytingu sé að ræða á stærð útgefanda og því skal bæta orðunum „(ef við á)“ við fyrirsögn dálksins sem ber titilinn „VIÐBÓTARSKJAL“ sem gildir um skráningarskjalið í XVIII. viðauka við þá reglugerð til að endurspegla skilyrta notkun II. viðauka við þá reglugerð.

11) Breytanleg eða skiptanleg skuldabréf geta veitt aðgang að nýjum hlutum útgefanda ef handhafi þeirra nýtir rétt sinn til að skrá sig fyrir þeim. Til samræmis við það skulu útgáfur með forkaupsrétti, sem unnt er að breyta eða skipta í nýja hluti útgefanda, einnig falla undir hlutfallslegu upplýsingagjöfina, sem sett er fram í 26. gr. a í reglugerð (EB) nr. 809/2004, að því tilskildu að undirliggjandi hlutir séu nýir hlutir gefnir út af sama útgefanda og gefur út skuldabréfið. Lýsingin fyrir útboðið eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði að því er varðar skuldabréf sem unnt er að breyta eða skipta í hluti útgefanda sem gefnir eru út af litlum og meðalstórum fyrirtækjum og fyrirtækjum með lækkað markaðsverðmæti skal einnig falla undir hlutfallslegu upplýsingagjöfina, sem sett er fram í 26. gr. b í reglugerð (EB) nr. 809/2004. Til samræmis við það skal samsetning grunn- og viðbótarskjala sem er notuð við útgáfu með forkaupsrétti, sem unnt er að breyta eða skipta í nýja hluti útgefanda sem gefnir eru út af litlum og meðalstórum fyrirtækjum og fyrirtækjum með lækkað markaðsverðmæti, einnig falla undir hlutfallslegu upplýsingagjöfina sem sett er fram í XVIII. viðauka.

12) Svo tekið sé tillit til þarfarinnar á að veita útgefendum umbreytingarfrest til að aðlagast nýjum skyldum sem teknar eru upp með þessari reglugerð skal þessi reglugerð aðeins gilda um lýsingu og grunnlýsingu sem lögbært yfirvald hefur samþykkt á gildistökudegi eða eftir gildistöku hennar.

13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 809/2004 til samræmis við það,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 809/2004

Reglugerð (EB) nr. 809/2004 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 6. gr.:

„3. Þegar hlutir með áskriftarréttindi veita rétt til að kaupa hluti útgefanda og viðkomandi hlutir hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal einnig veita þær upplýsingar sem krafist er í grunnskjalinu sem sett er fram í XII. viðauka, að undanskildum lið 4.2.2“.

2) Eftirfarandi 3., 4. og 5. mgr. bætast við 8. gr.:

„3. Þegar skuldabréf eru skiptanleg eða breytanleg í hluti sem hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal einnig veita upplýsingarnar sem krafist er í lið 4.2.2 í grunnskjalinu sem sett er fram í XII. viðauka.

4. Þegar skuldabréf eru skiptanleg eða breytanleg í hluti sem útgefandi skuldabréfsins, eða eining sem tilheyrir sömu samstæðu, hefur gefið út eða mun gefa út og viðkomandi undirliggjandi hlutir hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal einnig veita upplýsingar um útgefanda undirliggjandi hluta í samræmi við liði 3.1 og 3.2 í grunnskjalinu sem sett er fram í III. viðauka eða, eftir því sem við á, í hlutfallslega grunnskjalinu sem sett er fram í XXIV. viðauka.

5. Þegar skuldabréf með áskriftarréttindi veita rétt til að kaupa hluti útgefanda og viðkomandi hlutir hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal einnig veita þær upplýsingar sem krafist er í grunnskjalinu sem sett er fram í XII. viðauka, að undanskildum lið 4.2.2“.

3) Í stað 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„2. Grunnskjalið gildir um verðbréf sem falla ekki undir gildissvið annarra grunnskjala fyrir verðbréfalýsingu, sem um getur í 6., 8. og 16. gr., nema í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. 6. gr., 3. mgr. og 5. mgr. 8. gr. og 3. mgr. og 5. mgr. 16. gr. Grunnskjalið gildir um tiltekin verðbréf þegar skuldbindingar varðandi greiðslur og/eða afhendingu skuldbindingar tengjast undirliggjandi verðbréfi.“

4) Við 16. gr. bætast eftirfarandi 3., 4. og 5. mgr.:

„3. Þegar skuldabréf eru skiptanleg eða breytanleg í hluti sem hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal einnig veita upplýsingarnar sem krafist er í lið 4.2.2 í grunnskjalinu sem sett er fram í XII. viðauka.

4. Þegar skuldabréf eru skiptanleg eða breytanleg í hluti sem útgefandi skuldabréfsins, eða eining sem tilheyrir sömu samstæðu, hefur gefið út eða mun gefa út og viðkomandi undirliggjandi hlutir hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal einnig veita upplýsingar um útgefanda undirliggjandi hluta í samræmi við liði 3.1 og 3.2 í grunnskjalinu sem sett er fram í III. viðauka eða, eftir því sem við á, í hlutfallslega grunnskjalinu sem sett er fram í XXIV. viðauka.

5. Þegar skuldabréf með áskriftarréttindi veita rétt til að kaupa hluti útgefanda og viðkomandi hlutir hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal einnig veita þær upplýsingar sem krafist er í grunnskjalinu sem sett er fram í XII. viðauka, að undanskildum lið 4.2.2“.

5) Í stað 2. liðar 2. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„2. að því tilskildu að útgefandi verðbréfsins, aðili sem tilheyrir sömu samstæðu eða þriðji aðili gefi eða muni gefa út þessa hluti eða önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum, og að þau hafi enn ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða jafngildum markaði utan Sambandsins á þeim tíma sem lýsingin, sem tekur til verðbréfanna, er staðfest og að unnt sé að afhenda undirliggjandi hluti eða önnur framseljanleg verðbréf sem jafngilda hlutum með hlutrænu uppgjöri.“

6) Í stað fyrirsagnar XIV. viðauka komi eftirfarandi:

„Viðbótarskjal til frekari upplýsinga um undirliggjandi hluti“

7) Í stað XVIII. viðauka komi textinn í viðaukanum við reglugerð þessa.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þessi reglugerð gildir ekki um samþykki á viðauka við lýsingu eða grunnlýsingu ef lýsingin eða grunnlýsingin var samþykkt fyrir dagsetninguna sem um getur í 3. gr.

2. Ef lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins tilkynnir lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins með vottorði um samþykki, í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2003/71/EB, í tengslum við lýsingu eða grunnlýsingu, sem var samþykkt fyrir dagsetninguna sem um getur í 3. gr., skal lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu, með skýrum og nákvæmum hætti, tilgreina í vottorðinu að lýsingin eða grunnlýsingin hafi verið samþykkt fyrir dagsetninguna sem um getur í 3. gr.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„XVIII. VIÐAUKI

I. HLUTI

Samsetningartafla

Nr.	**XVIII. VIÐAUKI I. hluti**		**ÚTGEFANDALÝSING**									
			GRUNNSKJÖL					**VIÐBÓT-ARSKJAL**	**GRUNNSKJÖL**			
	TEGUNDIR VERÐBRÉFA		Hlutur	Skuldabréf og afleidd verðbréf (<100 000 evrur)	Skuldabréf og afleidd verðbréf Skuldabréf (> eða = 100 000 evrur)	Eignavarin verðbréf	Skuldabréf og afleidd verðbréf	Pro forma upplýsingar *(ef við á)*	Lokaður sjóður um sameigin-lega fjárfest-ingu	Skuldabréf ríkja og svæðis- og staðaryfir-valda þeirra	Opinberar alþjóðlegar stofnanir/skuldabréf sem aðildarríki að Efnahags- og framfarastofnuninni gengur í ábyrgð fyrir
1	Hlutir (forgangshlutir, innleysanlegir hlutir, hlutir með forgangsrétti o.s.frv.)										
2	Skuldabréf (einföld skuldabréf (e. *vanilla debt securities*), tekjutengd skuldabréf (e. *income debt securities*), samsett skuldabréf (e. *structured debt securities*) o.s.frv.) þar sem nafnvirði hverrar einingar er lægra en 100 000 evrur			EÐA			EÐA				
3	Skuldabréf (einföld skuldabréf (e. *vanilla debt securities*), tekjutengd skuldabréf (e. *income debt securities*), samsett skuldabréf (e. *structured debt securities*) o.s.frv.) þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 100 000 evrur				EÐA		EÐA				
4	Skuldabréf sem þriðji aðili gengur í ábyrgð fyrir			EÐA	EÐA		EÐA				
5	Afleidd verðbréf sem þriðji aðili gengur í ábyrgð fyrir			EÐA	EÐA		EÐA				
6	Eignavarin verðbréf										
7	Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðja aðila eða útgefenda eða samstæðuhlutir sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði			EÐA	EÐA		EÐA				
8	Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðja aðila sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Útgefandi skiptanlegra eða breytanlegra skuldabréfa		EÐA	EÐA		EÐA				
		Útgefandi (undirliggjandi) hluta									

Nr.	XVIII. VIÐAUKI I. hluti		ÚTGEFANDALÝSING									
			GRUNNSKJÖL					VIÐBÓT-ARSKJAL	GRUNNSKJÖL			
	TEGUNDIR VERÐBRÉFA		Hlutur	Skuldabréf og afleidd verðbréf (<100 000 evrur)	Skuldabréf og afleidd verðbréf Skuldabréf (> eða = 100 000 evrur)	Eignavarin verðbréf	Skuldabréf og afleidd verðbréf	Pro forma upplýsingar *(ef við á)*	Lokaður sjóður um sameigin-lega fjárfest-ingu	Skuldabréf ríkja og svæðis- og staðaryfir-valda þeirra	Opinberar alþjóðlegar stofnanir/skuldabréf sem aðildarríki að Efnahags- og framfarastofnuninni gengur í ábyrgð fyrir
9	Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti útgefanda sem eru ekki teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði											
10	Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti samstæðu sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Útgefandi skiptanlegra eða breytanlegra skuldabréfa		EÐA	EÐA		EÐA					
		Útgefandi (undirliggjandi) hluta										
11	Skuldabréf með áskriftarréttindi til að kaupa hluti útgefanda sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði											
12	Hlutir með áskriftarréttindi til að kaupa hluti útgefanda sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði											
13	Afleidd verðbréf sem veita rétt til að gerast áskrifandi að hlutum eða kaupa hluti útgefanda sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði											
14	Afleidd verðbréf sem veita rétt til að kaupa samstæðuhluti sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði			EÐA	EÐA		EÐA					
15	Afleidd verðbréf sem veita rétt til að gerast áskrifandi að hlutum útgefanda eða samstæðuhlutum sem hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og afleidd verðbréf sem tengjast öðrum undirliggjandi gerningi en hlutir útgefanda eða samstæðuhlutir sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (þ.m.t. afleidd verðbréf sem veita rétt til uppgjörs í reiðufé)			EÐA	EÐA		EÐA					

Nr.	XVIII. VIÐAUKI I. hluti		VERÐBRÉFALÝSING						
			GRUNNSKJÖL				FREKARI VIÐBÓTARSKJÖL		
	TEGUNDIR VERÐBRÉFA		Hlutur	Skuldabréf (<100 000 evrur)	Skuldabréf (> eða = 100 000 evrur)	Afleidd verðbréf	Ábyrgðir	Eignavarin verðbréf	Undirliggjandi hlutur
1	Hlutir (forgangshlutir, innleysanlegir hlutir, hlutir með forgangsrétti o.s.frv.)								
2	Skuldabréf (einföld skuldabréf (e. *vanilla debt securities*), tekjutengd skuldabréf (e. *income debt securities*), samsett skuldabréf (e. *structured debt securities*) o.s.frv.) þar sem nafnvirði hverrar einingar er lægra en 100 000 evrur								
3	Skuldabréf (einföld skuldabréf (e. *vanilla debt securities*), tekjutengd skuldabréf (e. *income debt securities*), samsett skuldabréf (e. *structured debt securities*) o.s.frv.) þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 100 000 evrur								
4	Skuldabréf sem þriðji aðili gengur í ábyrgð fyrir			EÐA	EÐA				
5	Afleidd verðbréf sem þriðji aðili gengur í ábyrgð fyrir								
6	Eignavarin verðbréf			EÐA	EÐA				
7	Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðja aðila eða útgefenda eða samstæðuhlutir sem hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði			EÐA	EÐA	OG einungis liður 4.2.2			
8	Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðja aðila sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Skiptanleg eða breytanleg skuldabréf		EÐA	EÐA				
		(Undirliggjandi) hlutir							OG nema liður 2
9	Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti útgefanda sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði EÐA		OG einungis liðir 3.1 og 3.2	EÐA	EÐA				
10	Skuldabréf sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti samstæðu sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Skiptanleg eða breytanleg skuldabréf		EÐA	EÐA				
		(Undirliggjandi) hlutir	OG einungis liðir 3.1 og 3.2						
11	Skuldabréf með áskriftarréttindi til að kaupa hluti útgefanda sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði			EÐA	EÐA	OG nema liður 4.2.2			
12	Hlutir með áskriftarréttindi til að kaupa hluti útgefanda sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði					OG nema liður 4.2.2			

Nr.	XVIII. VIÐAUKI I. hluti	VERÐBRÉFALÝSING						
		GRUNNSKJÖL				FREKARI VIÐBÓTARSKJÖL		
	TEGUNDIR VERÐBRÉFA	Hlutur	Skuldabréf (<100 000 evrur)	Skuldabréf (> eða = 100 000 evrur)	Afleidd verðbréf	Ábyrgðir	Eignavarin verðbréf	Undirliggjandi hlutur
13	Afleidd verðbréf sem veita rétt til að gerast áskrifandi að hlutum eða kaupa hluti útgefanda sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði				OG nema liður 4.2.2			
14	Afleidd verðbréf sem veita rétt til að kaupa samstæðuhluti sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði				OG nema liður 4.2.2			
15	Afleidd verðbréf sem veita rétt til að gerast áskrifandi að hlutum útgefanda eða samstæðuhlutum sem hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og afleidd verðbréf sem tengjast öðrum undirliggjandi gerningi en hlutir útgefanda eða samstæðuhluti sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (þ.m.t. afleidd verðbréf sem veita rétt til uppgjörs í reiðufé)							

II. HLUTI

Samsetningartafla að því er varðar útgáfur skuldabréfa með forkaupsrétti, sem unnt er að breyta eða skipta í hluti útgefanda, og skuldabréfa með forkaupsrétti, sem unnt er að breyta eða skipta í hluti útgefanda í þeim tilvikum sem slík skuldabréf eru gefin út af litlum og meðalstórum fyrirtækjum eða fyrirtækjum með lágt markaðsverðmæti (e. *Small Caps*) (hlutfallsleg upplýsingagjöf)

Útgefendur geta þó valið að gera lýsinguna í samræmi við fulla upplýsingagjöf.

Nr.	XVIII. VIÐAUKI II. hluti: HLUTFALLSLEG UPPLÝSINGAGJÖF	ÚTGEFANDALÝSING								
		GRUNNSKJÖL					VIÐBÓT-ARSKJAL	GRUNNSKJÖL		
	TEGUNDIR VERÐBRÉFA	Hlutur	Skuldabréf og afleidd verðbréf (<100 000 evrur)	Skuldabréf og afleidd verðbréf (> eða = 100 000 evrur)	Eignavarin verðbréf	Skuldabréf og afleidd verðbréf banka	Pro forma upplýsingar *(ef við á)*	Lokaður sjóður um sameiginlega fjárfestingu	Skuldabréf ríkja og svæðis- og staðaryfirvalda þeirra	Opinberar alþjóðlegar stofnanir/ skuldabréf sem aðildarríki að Efnahags- og framfarastofnuninni gengur í ábyrgð fyrir
1	Útgáfur skuldabréfa með forkaupsrétti, sem unnt er að breyta eða skipta í hluti útgefanda, þegar útgefandinn á hluti í sama flokki sem þegar hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorg fjármálagerninga, ef skilyrðin í 2. mgr. 26. gr. a eru uppfyllt.									
2	Skuldabréf lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lágt markaðsverðmæti (e. *Small Caps*) sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðja aðila eða útgefenda eða samstæðuhluti sem hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði		EÐA	EÐA		EÐA				

Nr.	XVIII. VIÐAUKI II. hluti: HLUTFALLSLEG UPPLÝSINGAGJÖF		ÚTGEFANDALÝSING									
			GRUNNSKJÖL					VIÐBÓT-ARSKJAL	GRUNNSKJÖL			
	TEGUNDIR VERÐBRÉFA		Hlutur	Skuldabréf og afleidd verðbréf (<100 000 evrur)	Skuldabréf og afleidd verðbréf (> eða = 100 000 evrur)	Eignavarin verðbréf	Skuldabréf og afleidd verðbréf banka	Pro forma upplýsingar *(ef við á)*	Lokaður sjóður um sameiginlega fjárfestingu	Skuldabréf ríkja og svæðis- og staðaryfirvalda þeirra	Opinberar alþjóðlegar stofnanir/ skuldabréf sem aðildarríki að Efnahags- og framfarastofnuninni gengur í ábyrgð fyrir
3	Skuldabréf lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lágt markaðsverðmæti sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðja aðila sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Skiptanleg eða breytanleg skuldabréf		EÐA	EÐA		EÐA				
		(Undirliggjandi) hlutir									
4	Skuldabréf lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lágt markaðsverðmæti sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti útgefanda sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði											
5	Skuldabréf lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lágt markaðsverðmæti sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti samstæðu sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Skiptanleg eða breytanleg skuldabréf		EÐA	EÐA		EÐA				
		(Undirliggjandi) hlutir									

Nr.	XVIII. VIÐAUKI II. hluti: HLUTFALLSLEG UPPLÝSINGAGJÖF	VERÐBRÉFALÝSING						
		GRUNNSKJÖL				FREKARI VIÐBÓTARSKJÖL		
	TEGUNDIR VERÐBRÉFA	Hlutur	Skuldabréf (<100 000 evrur)	Skuldabréf (> eða = 100 000 evrur)	Afleidd verðbréf	Ábyrgðir	Eignavarin verðbréf	Undirliggjandi hlutur
1	Útgáfur skuldabréfa með forkaupsrétti, sem unnt er að skipta eða breyta í hluti útgefanda, þegar útgefandinn á hluti í sama flokki sem þegar hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorg fjármálagerninga, ef skilyrðin í 2. mgr. 26. gr. a eru uppfyllt.	OG einungis liðir 3.1 og 3.2	EÐA	EÐA				OG nema liður 2
2	Skuldabréf lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lágt markaðsverðmæti (e. *Small Cap*) sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðja aðila eða útgefenda eða samstæðuhluti sem hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði		EÐA	EÐA	OG einungis liður 4.2.2			

Nr.	**XVIII. VIÐAUKI II. hluti: HLUTFALLSLEG UPPLÝSINGAGJÖF**		**VERÐBRÉFALÝSING**						
			GRUNNSKJÖL				**FREKARI VIÐBÓTARSKJÖL**		
	TEGUNDIR VERÐBRÉFA		Hlutur	Skuldabréf (<100 000 evrur)	Skuldabréf (> eða = 100 000 evrur)	Afleidd verðbréf	Ábyrgðir	Eignavarin verðbréf	Undirliggjandi hlutur
3	Skuldabréf lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lágt markaðsverðmæti sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti þriðja aðila sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Skiptanleg eða breytanleg skuldabréf		EÐA	EÐA				
		Undirliggjandi hlutir							OG nema liður 2
4	Skuldabréf lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lágt markaðsverðmæti sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti útgefanda sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði		OG einungis liðir 3.1 og 3.2	EÐA	EÐA				
5	Skuldabréf lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lágt markaðsverðmæti sem eru skiptanleg eða breytanleg í hluti samstæðu sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Skuldabréf		EÐA	EÐA				
		(Undirliggjandi) hlutir	OG einungis liðir 3.1 og 3.2“						

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 526/2013

2014/EES/54/51

frá 21. maí 2013

um Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins (ENISA) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 460/2004 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Rafræn fjarskipti, grunnvirki og þjónusta eru grundvallarþættir, bæði beint og óbeint, í efnahagslegri og samfélagslegri þróun. Þau gegna lífsnauðsynlegu hlutverki fyrir samfélagið og eru í sjálfu sér orðin útbreiddar nauðsynjar á sama hátt og rafmagns- og vatnsveita, auk þess sem þau eru afar mikilvægur þáttur í afhendingu rafmagns, vatns og annarrar mikilvægrar þjónustu. Samskiptanet gegna hlutverki félagslegra hvata og ýta undir nýsköpun, margfalda áhrif tækninnar og móta hegðun neytenda, viðskiptalíkön og atvinnuvegi og einnig réttindi og skyldur borgaranna og þátttöku þeirra í stjórnmálastarfi. Röskun á þeim getur valdið umtalsverðu efnislegu, félagslegu og fjárhagslegu tjóni, sem undirstrikar mikilvægi þess að fyrir liggi ráðstafanir til að auka vernd og viðnámsþol sem miða að því að tryggja áframhald mikilvægrar þjónustu. Við öryggi rafrænna fjarskipta, grunnvirkja og þjónustu, einkum heilleiki þeirra, aðgengi og leynd, blasa sífellt fleiri áskoranir, sem tengjast m.a. einstökum þáttum fjarskiptavirkisins og hugbúnaðinum sem stýrir þessum þáttum, grunnvirkinu í heild og þeirri þjónustu sem það veitir. Þetta er vaxandi áhyggjuefni í þjóðfélaginu, ekki síst vegna hugsanlegra vandamála sem stafa af því hve kerfin eru flókin, bilunum, kerfisbilunum, óhöppum, mistökum og árásum sem geta haft afleiðingar fyrir rafræn og efnisleg grunnvirki sem veita þjónustu sem er nauðsynleg fyrir velferð borgara Evrópu.

2) Ógnir taka sífellt breytingum og váatvik geta grafið undan trausti notenda á tækni, netkerfum og þjónustu og þannig haft áhrif á getu þeirra til að nýta sér til fulls innri markaðinn og almenna notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni.

3) Reglubundið mat á stöðu net- og upplýsingaöryggis í Sambandinu, byggt á áreiðanlegum gögnum Sambandsins, og kerfisbundin spá um þróun, áskoranir og ógnanir í framtíðinni, á vettvangi Sambandsins og á heimsvísu, eru því mikilvæg fyrir stefnumótendur, iðnaðinn og notendur.

4) Með ákvörðun 2004/97/EB, KBE ([3]), sem samþykkt var á fundi leiðtogaráðsins 13. desember 2003, ákváðu fulltrúar aðildarríkjanna að Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu (ENISA), sem koma átti á fót á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar, hefði aðsetur sitt í Grikklandi, í þeirri borg sem grísk stjórnvöld ákvæðu. Í kjölfar þeirrar ákvörðunar ákváðu grísk stjórnvöld að Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu ætti að hafa aðsetur sitt í borginni Heraklíon á Krít.

5) Hinn 1. apríl 2005 gerðu Net- og upplýsingaöryggisstofnunin og gistiaðildarríki hennar með sér samning um höfuðstöðvar (samning um aðsetur).

6) Gistiaðildarríki Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar ætti að tryggja bestu mögulegu aðstæður fyrir snurðulausan og skilvirkan rekstur stofnunarinnar. Til að Net- og upplýsingaöryggisstofnunin geti gegnt skyldustörfum sínum á viðeigandi hátt og af skilvirkni, svo að ráða megi starfsfólk og halda því og til að auka skilvirkni þátttöku hennar í netsamstarfi er brýnt að staðsetning hennar sé viðeigandi, m.a. með tilliti til samgöngutenginga, og að fyrir hendi sé aðstaða fyrir maka og börn sem fylgja starfsfólki stofnunarinnar. Mæla ætti fyrir um nauðsynlegt fyrirkomulag í samningi milli Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og gistiaðildarríkisins eftir að stjórn stofnunarinnar hefur veitt samþykki sitt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 107, 6.4.2011, bls. 58.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2013 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 13. maí 2013.

([3]) Ákvörðun 2004/97/EB, KBE, tekin með sameiginlegu samkomulagi fulltrúa aðildarríkjanna á fundi ríkis- og ríkisstjórnarleiðtoga 13. desember 2003 um aðsetur tiltekinna skrifstofa og sérstofnana Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 29, 3.2.2004, bls. 15).

7) Til að bæta skilvirkni í störfum Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar hefur verið sett upp útibússkrifstofa á höfuðborgarsvæði Aþenu, sem halda ætti úti með samþykki og stuðningi gistiaðildarríkisins og þar sem starfsfólk á aðgerðasviði stofnunarinnar (e. operational staff) ætti að vera staðsett. Starfsfólk sem fyrst og fremst annast stjórnsýslu Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar (þ.m.t. framkvæmdastjóri hennar), fjármál, gagnarannsóknir og -greiningu (e. desk research and analysis), upplýsingatækni og rekstur aðstöðu, mannauðsmál, þjálfun, samskipti og almannatengsl ætti að vera staðsett í Heraklíon.

8) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin hefur rétt til að ákvarða eigið skipulag til að tryggja að verkefni hennar séu innt af hendi á viðeigandi hátt og af skilvirkni, en þó með þeim hætti að ákvæði um aðsetur og um útibússkrifstofuna í Aþenu, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu virt. Til að sinna verkefnum sem fela í sér samskipti við helstu hagsmunaaðila, s.s. stofnanir Sambandsins, ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin einkum að koma á nauðsynlegu hagnýtu fyrirkomulagi til að auka skilvirkni í slíkum störfum.

9) Árið 2004 samþykktu Evrópuþingið og ráðið reglugerð (EB) nr. 460/2004 ([4]) um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu til að vinna að því að tryggja öflugt net- og upplýsingaöryggi innan Sambandsins og þróa net- og upplýsingaöryggismenningu í þágu borgara, neytenda, fyrirtækja og opinberrar stjórnsýslu. Árið 2008 samþykktu Evrópuþingið og ráðið reglugerð (EB) nr. 1007/2008 ([5]) þar sem umboð Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar var framlengt til mars 2012. Með reglugerð (EB) nr. 580/2011 ([6]) var umboð hennar framlengt til 13. september 2013.

10) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að taka við af Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu eins og henni var komið á með reglugerð (EB) nr. 460/2004. Innan ramma ákvörðunar fulltrúa aðildarríkjanna, sem komu saman á fundi leiðtogaráðsins 13. desember 2003, ætti gistiaðildarríkið að viðhalda gildandi hagnýtu fyrirkomulagi og þróa það frekar til að tryggja snurðulausan og skilvirkan rekstur Net- og upplýsing aöryggisstofnunarinnar, þ.m.t. útibússkrifstofu hennar í Aþenu, og greiða fyrir því að ráða megi mjög hæft starfsfólk og halda í það.

11) Frá því að Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu var komið á fót hafa áskoranir í net- og upplýsingaöryggi breyst með tækni-, markaðs- og félagslegri og hagrænni þróun og frekari umfjöllun og umræður farið fram um þær. Til að bregðast við breyttum áskorunum hefur Sambandið uppfært forgangsmál net- og upplýsingaöryggisstefnu sinnar. Með þessari reglugerð er miðað að því að styrkja Net- og upplýsingaöryggisstofnunina svo að hún geti stuðlað, á árangursríkan hátt, að viðleitni stofnana Sambandsins og aðildarríkjanna til að þróa getu í Evrópu til að takast á við áskoranir er varða net- og upplýsingaöryggi.

12) Með ráðstöfunum á innri markaðnum á sviði öryggis í rafrænum fjarskiptum og, í almennari skilningi, net- og upplýsingaöryggis, er krafist mismunandi tæknilegrar og skipulagslegrar beitingar af hálfu stofnana Sambandsins og aðildarríkjanna. Mismunandi beiting getur leitt til óskilvirkni og orsakað hindranir á innri markaðinum. Þetta kallar á miðstöð sérfræðiþekkingar á vettvangi Sambandsins, þar sem veitt er leiðsögn ráðgjöf og aðstoð við málefni sem tengjast net- og upplýsingaöryggi, sem stofnanir Sambandsins og aðildarríkin geta reitt sig á. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin getur mætt þessum þörfum með því að þróa mikla sérþekkingu og viðhalda henni og aðstoða stofnanir Sambandsins, aðildarríkin og viðskiptalífið við að uppfylla lagaskilyrði og reglufestar kröfur um net- og upplýsingaöryggi og greina vandamál er varða net- og upplýsingaöryggi og leysa þau og stuðla þannig að eðlilegri starfsemi innri markaðarins.

13) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að inna af hendi þau verkefni sem henni eru falin með lagagerningum Sambandsins á sviði rafrænna fjarskipta og almennt stuðla að hærra öryggisstigi rafrænna fjarskipta, aukinni friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga, m.a. með því að leggja til sérþekkingu og veita ráðgjöf og með því að ýta undir miðlun bestu starfsvenja og koma með tillögur á sviði stefnumótunar.

14) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ([7]) var þess krafist að þeir sem bjóða fram almenn rafræn fjarskiptanet eða rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg geri viðeigandi ráðstafanir til þess að standa vörð um heildstæði þeirra og öryggi, og innleidd sú skylda að landsbundin eftirlitsyfirvöld, þar sem við á, tilkynni m.a. Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni um hvers konar öryggisbrot eða tap á heilleika, sem hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi neta eða þjónustu, og leggi árlega fyrir framkvæmdastjórnina og stofnunina

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 460/2004 frá 10. mars 2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu (Stjtíð. ESB L 77, 13.3.2004, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1007/2008 frá 24. september 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 460/2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu að því er varðar starfstíma hennar (Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 580/2011 frá 8. júní 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 460/2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu að því er varðar starfstíma hennar (Stjtíð. ESB L 165, 24.6.2011, bls. 3).

([7]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

yfirlitsskýrslu um tilkynningar sem hafa borist og til hvaða aðgerða var gripið. Í tilskipun 2002/21/EB er Net- og upplýsingaöryggisstofnunin enn fremur hvött til þess að stuðla að samræmingu viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana með álitsgerðum.

15) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti)([8]) er þess krafist að sá sem býður fram rafræna fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, geri viðeigandi ráðstafanir, tæknilega og skipulagslega, til að standa vörð um öryggi þeirrar þjónustu sem hann veitir og einnig að hann tryggi fjarskiptaleynd og leynd tengdra umferðargagna. Með tilskipun 2002/58/EB eru komið á upplýsinga- og tilkynningarskyldu þeirra sem veita rafræna fjarskiptaþjónustu vegna brota á reglum um persónuupplýsingar. Þá er þess einnig krafist að framkvæmdastjórnin hafi samráð við Net- og upplýsingaöryggisstofnunina um hvers konar tæknilegar framkvæmdaráðstafanir sem til stendur að samþykkja varðandi aðstæður, framsetningu og málsmeðferðarreglur sem eiga við um upplýsinga- og tilkynningarskyldu. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([9]), er þess krafist að aðildarríkin kveði á um að ábyrgðaraðilinn geri viðeigandi, tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn eyðingu eða tapi af slysni eða gegn ólöglegri eyðingu, breytingum og óheimilli birtingu eða aðgangi, einkum ef vinnslan felur í sér sendingu gagna á neti, og gegn allri ólöglegri vinnslu í hvaða mynd sem er.

16) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að stuðla að öflugu net- og upplýsingaöryggi, aukinni vernd einkalífs og persónuupplýsinga og þróun net- og upplýsingaöryggismenningar í þágu borgaranna, neytenda, fyrirtækja og opinberra stofnanna í Sambandinu og stuðla þannig að eðlilegri starfsemi innri markaðarins. Til að ná þessu markmiði ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að fá nauðsynlegar fjárveitingar.

17) Með tilliti til vaxandi mikilvægis rafrænna netkerfa og fjarskipta, sem nú mynda meginstoð hagkerfis Evrópu, og raunstærðar stafræna hagkerfisins, ætti að auka það fjármagn og þann mannauð sem Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni er úthlutað til að endurspegla aukið hlutverk hennar og verkefni og mikilvæga stöðu hennar við að verja hið stafræna vistkerfi Evrópu (e. European digital ecosystem).

18) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að starfa sem miðstöð og öðlast traust og trúverðugleika í krafti sjálfstæðis síns, gæða ráðgjafar sem hún veitir og upplýsinganna, sem hún kemur á framfæri, gagnsæis í málsmeðferð og starfsaðferðum og þeirrar kostgæfni sem hún sýnir við lausn þeirra verkefna sem henni eru falin. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að byggja á innlendu starfi og starfi innan Sambandsins og því inna verkefni sín af hendi í fullu samstarfi við stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins og aðildarríkin og vera opin gagnvart tengslum við iðnaðinn og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Auk þess ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að byggja á framlagi frá og samstarfi við einkageirann, sem gegnir mikilvægu hlutverki í að tryggja rafræn fjarskipti, grunnvirki og þjónustu.

19) Röð verkefna ætti að liggja til grundvallar því hvernig Net- og upplýsingaöryggisstofnunin á að ná markmiðum sínum, jafnframt því sem stofnunin hefur ákveðinn sveigjanleika í starfsemi sinni. Á meðal verkefna Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar ætti að vera söfnun viðeigandi upplýsinga og gagna sem þarf til greiningar á áhættu fyrir öryggi og viðnámsþol rafrænna fjarskipta, grunnvirkja og þjónustu og til að meta, í samvinnu við aðildarríkin, framkvæmdastjórnina og, þar sem við á, viðeigandi hagsmunaaðila, stöðu net- og upplýsingaöryggis í Sambandinu. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að tryggja samræmingu og samstarf við stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins og aðildarríkin og efla samstarf milli hagsmunaaðila í Evrópu, einkum með því að fá til liðs við sig þar til bæra landsbundna aðila og aðila Sambandsins og virta sérfræðinga í einkageiranum á viðkomandi sviðum, einkum þá sem starfrækja rafræn fjarskiptanet og þjónustu, framleiðendur nettengds búnaðar og seljendur hugbúnaðar, með tilliti til þess að netkerfi og upplýsingakerfi eru samsett úr vélbúnaði, hugbúnaði og þjónustu. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að aðstoða stofnanir Sambandsins og aðildarríkin í skoðanaskiptum þeirra við atvinnulífið um öryggistengd vandamál að því er varðar vélbúnaðar- og hugbúnaðarvörur og stuðla þannig að samstarfi í net- og upplýsingaöryggismálum.

20) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að fá Net- og upplýsingaöryggisáætlanir, sem stofnun, aðili, skrifstofa eða sérstofnun Sambandsins eða aðildarríki birtir, henni til upplýsingar og til að forðast tvíverknað. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að greina áætlanirnar og stuðla að því að þær verði settar fram á formi sem auðveldar samanburð. Hún ætti að gera áætlanirnar og greiningar sínar aðgengilegar almenningi með rafrænum hætti.

21) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að aðstoða framkvæmdastjórnina með ráðgjöf, álitsgerðum og greiningum á öllum málefnum Sambandsins sem tengjast stefnumótun á sviði net- og upplýsingaöryggis, þ.m.t. vernd og viðnámsþoli þýðingarmikilla upplýsingagrunnvirkja. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti einnig að aðstoða stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins

([8]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.
([9]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

og, þar sem við á, aðildarríkin, að beiðni þeirra, í viðleitni þeirra til að móta net- og upplýsingaöryggisstefnu og byggja upp getu á því sviði.

22) Við ráðgjöf sína til stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins og, þar sem við á, til aðildarríkjanna, að beiðni þeirra, varðandi þörf á rannsóknum á sviði net- og upplýsingaöryggis ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að taka fullt tillit til yfirstandandi rannsókna, þróunar og tæknilegrar matsstarfsemi, einkum þeirra sem framkvæmdar eru innan mismunandi framtaksverkefna Sambandsins á sviði rannsókna.

23) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að aðstoða stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins, og einnig aðildarríkin, í viðleitni þeirra til að byggja upp og auka getu sína og viðbúnað yfir landamæri til að koma í veg fyrir og uppgötva net- og upplýsingaöryggisvandamál og váatvik og bregðast við þeim. Að því er þetta varðar ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að greiða fyrir samstarfi milli aðildarríkjanna og milli framkvæmdastjórnarinnar og annarra stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins og aðildarríkjanna. Stofnunin ætti, í þessu skyni, að styðja aðildarríkin í stöðugri viðleitni sinni til að bæta viðbragðsgetu sína og við að skipuleggja og framkvæma æfingar í viðbrögðum við váatvikum á evrópskum vettvangi og, að beiðni aðildarríkjanna, á landsvísu.

24) Til að öðlast betri skilning á áskorunum á sviði net- og upplýsingaöryggis þarf Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að greina núverandi og nýja áhættu. Í því skyni ætti hún að safna viðeigandi upplýsingum í samstarfi við aðildarríkin og, eins og við á, hagskýrslustofnanir og aðra aðila. Enn fremur ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að aðstoða stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins og aðildarríkin í viðleitni sinni til að safna og miðla gögnum um net- og upplýsingaöryggi og greina þau. Söfnun viðeigandi tölfræðilegra upplýsinga og gagna, sem þarf til að framkvæma greiningar á áhættu fyrir öryggi og viðnámsþol rafrænna fjarskipta, grunnvirkja og þjónustu, ætti að fara fram á grundvelli upplýsinga, sem aðildarríkin láta í té, og þeirrar sýnar sem Net- og upplýsingaöryggisstofnunin hefur á upplýsinga- og fjarskiptatæknigrunnvirki stofnana Sambandsins í samræmi við ákvæði Sambandsins og ákvæði landslaga sem eru í samræmi við löggjöf Sambandsins. Á grundvelli þessara upplýsinga ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ávallt að vera meðvituð um stöðuna í net- og upplýsingaöryggismálum og tengdri þróun í Sambandinu í þágu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins og aðildarríkjanna.

25) Við framkvæmd verkefna sinna ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að greiða fyrir samstarfi milli Sambandsins og aðildarríkjanna um að efla vitund um stöðu net- og upplýsingaöryggismála í Sambandinu.

26) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að greiða fyrir samstarfi meðal lögbærra, óháðra eftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna, einkum með því að styðja mótun, eflingu og miðlun bestu starfsvenja og staðla fyrir fræðsluáætlanir og átak til vitundarvakningar. Aukin upplýsingaskipti milli aðildarríkja munu auðvelda slíkar aðgerðir. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að stuðla að því að vekja einstaka notendur rafrænna fjarskipta, grunnvirkja og þjónustu til vitundar, m.a. með því að aðstoða aðildarríki, sem hafa kosið að nota upplýsingavettvang sem gagnast almenningi, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ([10]), við að taka saman viðeigandi upplýsingar um net- og upplýsingaöryggi í þágu almannahagsmuna og einnig með því að aðstoða við að þróa slíkar upplýsingar sem eiga að fylgja nýjum tækjum sem ætluð eru til nota við fjarskiptanet fyrir almenning. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti einnig að styðja samstarf milli hagsmunaaðila á vettvangi Sambandsins, að hluta með því að stuðla að miðlun upplýsinga, herferðum til vitundarvakningar og fræðslu- og þjálfunaráætlunum.

27) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti m.a. að aðstoða viðeigandi stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins og aðildarríkin við fræðsluherferðir fyrir endanlega notendur, sem miða að því að ýta undir örugga hegðun einstaklinga á Netinu og vekja fólk til vitundar um mögulegar hættur í netheimum, þ.m.t. tölvubrot eins og vefveiðiárásir (e. phising attacks), laumunet (e. botnet) og fjármála- og bankasvik, og einnig hvetja til ráðgjafar um grunnsannvottun og gagnavernd.

28) Til að tryggja að Net- og upplýsingaöryggisstofnunin nái markmiðum sínum að fullu ætti hún að hafa samráð við viðeigandi aðila, m.a. þá sem sinna tölvubrotum, s.s. Evrópsku lögregluskrifstofuna (Europol), og yfirvöld sem bera ábyrgð á verndun einkalífsins, til að skiptast á þekkingu og bestu starfsvenjum og veita ráðgjöf um net- og upplýsingaöryggisþætti sem gætu haft áhrif á starf þeirra. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að stefna að því að ná fram samlegðaráhrifum milli viðleitni þessara aðila og eigin viðleitni til að stuðla að bættu net- og upplýsingaöryggi. Fulltrúar löggæsluyfirvalda og yfirvalda sem bera ábyrgð á vernd einkalífsins, landsbundinna og einnig Sambandsins, ættu að koma til álita sem fulltrúar í fastahópi hagsmunaaðila. Við samráð sitt við löggæsluaðila varðandi net- og upplýsingaöryggisþætti, sem gætu haft áhrif á störf þeirra, ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að virða þær boðleiðir og þau kerfi sem fyrir eru.

29) Framkvæmdastjórnin hefur hrundið úr vör evrópsku samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila um viðnámsþol, sem sveigjanlegum samstarfsvettvangi um viðnámsþol upplýsinga- og fjarskiptatæknigrunnvirkja sem nær til alls Sambandsins, þar sem Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að gegna því hlutverki að greiða fyrir því að hagsmunaaðilar komi saman til að ræða forgangsmál innan opinberrar stefnu, efnahagslega og markaðslega þætti áskorana og ráðstafanir til að auka viðnámsþol í upplýsinga- og fjarskiptatækni.

([10]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

30) Í því skyni að stuðla að net- og upplýsingaöryggi og sýnileika þess ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að greiða fyrir samstarfi meðal lögbærra opinberra aðila í aðildarríkjunum, einkum með því að styðja þróun og miðlun bestu starfsvenja og átaks til vitundarvakningar og með því að efla upplýsingastarfsemi sína út á við. (e. outreach activities). Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti einnig að styðja samstarf milli hagsmunaaðila og stofnana Sambandsins, að hluta með því að stuðla að miðlun upplýsinga og starfsemi til vitundarvakningar.

31) Til að hækka stig net- og upplýsingaöryggis í Sambandinu ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að stuðla að samstarfi og miðlun upplýsinga og bestu starfsvenja milli viðeigandi aðila, s.s. viðbragðsteyma vegna váatvika er varða tölvuöryggi (e. CSIRTs) og viðbragðsteyma vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi (e. CERTs).

32) Kerfi vel starfandi viðbragðsteyma vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi á vettvangi Sambandsins ætti að vera hornsteinn net- og upplýsingaöryggisgrunnvirkis Sambandsins. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að styðja viðbragðsteymi aðildarríkjanna og viðbragðsteymi Sambandsins vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi við starfrækslu nets slíkra viðbragðsteyma, þ.m.t. þau sem eru hluti af hópi viðbragðsteyma stjórnvalda Evrópulanda vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi. Til að aðstoða við að tryggja að hvert viðbragðsteymi vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi hafi næga getu og að þessi geta samsvari eins og hægt er getu þróuðustu viðbragðsteymanna ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að stuðla að því að koma á fót og starfrækja kerfi jafningjaryni. Enn fremur ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að ýta undir og styðja samstarf milli viðeigandi viðbragðsteyma vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi ef til váatvika, árása eða raskana kemur á kerfum eða grunnvirkjum, sem þau stjórna eða vernda og sem snerta eða gætu snert a.m.k. tvö viðbragðsteymi í neyðartilvikum er varða tölvuöryggi.

33) Skilvirk net- og upplýsingaöryggisstefna ætti að byggjast á vel þróuðum aðferðum við áhættumat, bæði innan opinbera geirans og einkageirans. Aðferðir og verklagsreglur við áhættumat eru notuð á hinum ýmsu stigum og engar sameiginlegar venjur eru um hvernig ber að beita þeim á skilvirkan hátt. Með því að efla og móta bestu starfsvenjur við áhættumat og við rekstrarsamhæfðar lausnir við áhættustjórnun innan opinberra stofnana og einkastofnana mun öryggisstig net- og upplýsingakerfa í Sambandinu hækka. Í þessu skyni ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að styðja samstarf hagsmunaaðila á vettvangi Sambandsins og greiða fyrir viðleitni þeirra til að setja og taka upp evrópska og alþjóðlega staðla um áhættustjórnun og mælanlegt öryggi rafeindavara, -kerfa, -neta og -þjónustu sem, ásamt hugbúnaði, mynda net- og upplýsingakerfi.

34) Eftir því sem við á og gagnlegt er fyrir Net- og upplýsingaöryggisstofnunina að því er varðar markmið hennar og verkefni ætti hún að miðla reynslu sinni og almennum upplýsingum með stofnunum, aðilum, skrifstofum og sérstofnunum Sambandsins sem fjalla um net- og upplýsingaöryggi. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að leggja sitt af mörkum til að finna forgangsatriði í rannsóknum á vettvangi Sambandsins, á sviði viðnámsþols netkerfa og net- og upplýsingaöryggis, og beina þekkingu sinni á þörfum atvinnulífsins til viðeigandi rannsóknastofnana.

35) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að hvetja aðildarríkin og þjónustuveitendur til að hækka almenna öryggisstaðla sína svo að allir Netnotendur geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja persónulegt öryggi sitt á Netinu.

36) Vandamál er varða net- og upplýsingaöryggi eru hnattræns eðlis. Þörf er á nánari alþjóðlegri samvinnu til að bæta öryggisstaðla, þ.m.t. skilgreiningu á sameiginlegum hegðunarreglum og -viðmiðum, og miðlun upplýsinga, sem mun stuðla að skjótari alþjóðlega samvinnu til að bregðast við, auk sameiginlegrar hnattrænnar nálgunar, net- og upplýsingaskiptavandamálum. Í því skyni ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að styðja enn frekar tengsl Sambandsins og samstarf við þriðju lönd og alþjóðastofnanir með því að miðla nauðsynlegri sérfræðiþekkingu og greiningum til stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins, eftir því sem við á.

37) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að starfa í samræmi við nálægðarregluna og tryggja viðeigandi samræmingu milli aðildarríkjanna í málefnum sem varða net- og upplýsingaöryggi og bæta skilvirkni landsbundinna stefna og auka með þeim hætti virðisauka þeirra, en ekki ganga lengra, í samræmi við meðalhófsregluna, en nauðsynlegt er til að ná markmiðum þessarar reglugerðar. Framkvæmd verkefna Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar ætti að styrkja, en ekki brjóta í bága við, valdheimildir landsbundinna eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipunum sem tengjast rafrænum fjarskiptanetum og þjónustu, ekki heldur valdheimildir evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1211/2009 ([11]), fjarskiptanefndarinnar sem um getur í tilskipun 2002/21/EB, evrópskra staðlastofnana, landsbundinna staðlastofnana og fastanefndarinnar sem um getur í tilskipun 98/34/EB ([12]) og sjálfstæðra eftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna eins og um getur í tilskipun 95/46/EB, né heldur ætti hún að hafa forgang fram yfir eða skara viðkomandi heimildir og verkefni eða standa í vegi fyrir þeim.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1211/2009 frá 25. nóvember 2009 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og skrifstofu hans (Stjtíð. ESB L 337, 18.12.2009, bls. 1).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða, einnig reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37).

38) Hrinda þarf í framkvæmd tilteknum meginreglum að því er varðar stjórnunarhætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar til samræmingar við sameiginlegu yfirlýsinguna og sameiginlegu nálgunina, sem innanhússvinnuhópurinn um sjálfstæðar stofnanir ESB komst að samkomulagi um í júlí 2012 og höfðu það að markmiði að sníða vankanta af starfsemi stofnananna og bæta frammistöðu þeirra.

39) Sameiginlega yfirlýsingin og sameiginlega nálgunin ættu einnig að endurspeglast með viðeigandi hætti í starfsáætlunum Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinn ar, mati hennar, skýrslugjöf og stjórnsýsluvenjum.

40) Til að tryggja eðlilega starfsemi Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar ættu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin að tryggja að aðilar, sem skipaðir eru í stjórn hennar, búi yfir viðeigandi sérfræðiþekkingu. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu einnig að leitast við að takmarka mannaskipti á fulltrúum sínum í stjórninni til að tryggja samfellu í starfi hennar.

41) Brýnt er að Net- og upplýsingaöryggisstofnunin geti sér gott orð fyrir óhlutdrægni, heilindi og háa fagstaðla og viðhaldi því. Á sama hátt ætti Net- og upplýsingaöryggisstofnunin að samþykkja heildarreglur, sem taka til allrar stofnunarinnar, um það hvernig koma skal í veg fyrir hagsmunaárekstra og taka á þeim.

42) Með tilliti til sérstakrar stöðu Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og þeirra erfiðu áskorana sem hún stendur frammi fyrir ætti að einfalda og efla stjórnskipulag hennar til að tryggja meiri skilvirkni og betri árangur. Því ætti m.a. að koma á fót framkvæmdastjórn til að gera stjórninni kleift að beina athygli sinni að málefnum sem hafa skipulagslega þýðingu.

43) Stjórnin ætti að skipa þann sem fer með bókhaldsstjórn í samræmi við reglur sem samþykktar eru samkvæmt reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012 ([13]) („fjárhagsreglugerðinni“).

44) Til að tryggja að Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skili árangri ættu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin að eiga fulltrúa í stjórninni, sem ætti að skilgreina almenna stefnu í aðgerðum stofnunarinnar og sjá til þess að hún inni af hendi verkefni sín í samræmi við þessa reglugerð. Fela ætti stjórninni nauðsynlegar heimildir til að semja fjárhagsáætlun, hafa eftirlit með framkvæmd hennar, samþykkja viðeigandi fjárhagsreglur, koma á gagnsæjum vinnureglum við ákvarðanatöku Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, samþykkja starfsáætlun hennar, samþykkja starfsreglur sínar og eigin starfsreglur Net- og upplýsingaöryggisstofnunarin nar, skipa framkvæmdastjóra, ákveða hvort skipunartími framkvæmdastjóra skuli framlengdur, að fengnu áliti Evrópuþingsins, og taka ákvörðun um að binda endi á hann. Stjórnin ætti að koma á fót framkvæmdastjórn til að aðstoða sig við verkefni sem snúa að stjórnsýslu og fjárhagsáætlun.

45) Nauðsynlegt er, svo að Net- og upplýsingaöryggisstofnunin geti starfað sem skyldi, að framkvæmdastjóri hennar sé skipaður á grundvelli verðleika sinna og skjalfestra stjórnsýslu- og stjórnunarhæfileika auk hæfni og reynslu sem tengist net- og upplýsingaöryggi og að viðkomandi sinni skyldum framkvæmdastjóra algjörlega óháð skipulagi á innra starfi stofnunarinnar. Í þessu skyni ætti framkvæmdastjórinn að leggja fram tillögu að starfsáætlun Net- og upplýsingaöryggisstofnuna rinnar, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi framkvæmd starfsáætlunar stofnunarinnar. Framkvæmdastjórinn ætti að semja ársskýrslu, sem lögð er fyrir stjórnina, taka saman drög að yfirliti yfir áætlaðar tekjur og gjöld Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og sjá um framkvæmd fjárhagsáætlunar.

46) Framkvæmdastjórnin ætti að eiga kost á að stofna sérstaka vinnuhópa til að fjalla um tiltekin mál, einkum vísindalegs, tæknilegs, lagalegs eða félagslegs og hagræns eðlis. Þegar framkvæmdastjórinn kemur á sérstökum vinnuhópum ætti hann að leita eftir framlagi frá og nýta sér viðeigandi sérfræðinga utan stofnunarinnar sem þörf er á til að Net- og upplýsingaöryggisstofnunin geti haft aðgang að nýjustu upplýsingum sem völ er á um öryggisáskoranir sem fylgja upplýsingasamfélagi í örri þróun. Framkvæmdastjórinn ætti að tryggja að þeir sem eiga sæti í sérstökum vinnuhópum séu valdir samkvæmt ströngustu reglum um sérfræðiþekkingu og gera ráðstafanir til að tryggja jafnvægi, eftir því sem við á, samkvæmt þeim tilteknu málefnum sem um er að ræða, milli fulltrúa opinberra stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna, stofnana Sambandsins og einkageirans, þ.m.t. atvinnulífsins, notenda og háskólasérfræðinga í net- og upplýsingaöryggi. Framkvæmdastjórnin ætti að geta, eins og við á og í hverju tilviki fyrir sig, boðið einstökum sérfræðingum, sem viðurkennt er að hafa til að bera hæfni á viðeigandi sviði, að taka þátt í störfum vinnuhópsins. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að standa straum af útgjöldum þeirra í samræmi við innri reglur hennar og reglur sem samþykktar eru samkvæmt fjárhagsreglugerðinni.

47) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal hafa fastahóp hagsmunaaðila sér til ráðgjafar, til að tryggja reglubundin skoðanaskipti við einkageirann, neytendasamtök og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Fastahópur hagsmunaaðila,

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

sem stjórnin kemur á fót að tillögu framkvæmdastjórans, ætti að einbeita sér að málefnum sem varða hagsmunaaðila og vekja athygli Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar á þeim. Framkvæmdastjórinn ætti, eftir því sem við á og í samræmi við dagskrá funda, að geta boðið fulltrúum Evrópuþingsins og annarra viðeigandi aðila að sækja fundi hópsins.

48) Þar eð séð er fyrir því að hagsmunaaðilar eigi næga fulltrúa í fastahópi hagsmunaaðila og að hafa eigi samráð við þann hóp um drög að starfsáætlun, er ekki lengur þörf á að kveða á um að hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í stjórn.

49) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að beita viðeigandi ákvæðum Sambandsins um almennan aðgang að skjölum eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 ([14]). Upplýsingar, sem Net- og upplýsingaöryggisstofnunin vinnur í sambandi við innra starf sitt og einnig upplýsingar sem hún vinnur við framkvæmd verkefna sinna, ættu að falla undir reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([15]).

50) Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ætti að uppfylla ákvæði sem gilda um stofnanir Sambandsins og innlenda löggjöf varðandi meðferð viðkvæmra skjala.

51) Til að tryggja fullt sjálfræði og sjálfstæði Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og til að gera henni kleift að vinna viðbótarverkefni og taka að sér ný verkefni, þ.m.t. ófyrirséð verkefni í neyðartilvikum, ætti hún að hafa fullnægjandi og sjálfstæðan fjárhag og tekjur hennar fyrst og fremst að byggjast á framlagi Sambandsins og framlagi frá þriðju löndum sem taka þátt í starfi Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar. Meirihluti starfsfólks Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar ætti að sinna beint verklegri framkvæmd umboðs stofnunarinnar. Gistiaðildarríkinu, eða hvaða aðildarríki öðru sem er, ætti að vera heimilt að leggja fram valfrjáls framlög til tekna Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar. Fjárlagagerð Sambandsins ætti að gilda áfram fyrir hugsanleg fjárframlög af almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Enn fremur ætti Endurskoðunarrétturinn að endurskoða reikninga Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar til að tryggja gagnsæi og ábyrgð.

52) Í ljósi þess að ógnir taka sífellt breytingum og í ljósi þróunar stefnu Sambandsins um net- og upplýsingaöryggi og í því skyni að aðlaga sig að fjárhagsrammanum til margra ára, ætti umboð Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar að vera til takmarkaðs tíma, eða sjö ára, með möguleika á framlengingu.

53) Starfsemi Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar ætti að sæta óháðu mati. Við matið ætti að hafa hliðsjón af því hvernig Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni gengur að ná markmiðum sínum, starfsaðferðum hennar og því hvort verkefni hennar séu viðeigandi, í því skyni að ákvarða hvort markmið hennar séu enn gild eða ekki og, á grundvelli þessa, hvort framlengja beri umboð hennar og þá til hve langs tíma.

54) Hafi framkvæmdastjórnin, undir lok gildistíma umboðs Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, ekki lagt fram tillögu um framlengingu umboðsins ættu stofnunin og framkvæmdastjórnin að gera viðeigandi ráðstafanir, einkum varðandi starfsmannasamninga og fyrirkomulag fjárhagsáætlunar.

55) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Sambandsins í því skyni að stuðla að öflugu net- og upplýsingaöryggi innan Sambandsins, auka vitund fólks og þróa og stuðla að net- og upplýsingaöryggismenningu í þjóðfélaginu í þágu borgaranna, neytenda, fyrirtækja og opinberra stofnana í Sambandinu og stuðla þannig að tilkomu og eðlilegri starfsemi innri markaðarins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

56) Fella ætti reglugerð (EB) nr. 460/2004 úr gildi.

57) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og samþykkti hún álit 20. desember 2010 ([16]).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

([15]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

([16]) Stjtíð. ESB C 101, 1.4.2011, bls. 20.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

STARFSSVIÐ, MARKMIÐ OG VERKEFNI

1. gr.

Efni og starfssvið

1. Með þessari reglugerð er komið á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins (ENISA, hér á eftir nefnd „Net- og upplýsingaöryggisstofnunin“) til að vinna þau verkefni sem henni eru falin við að stuðla að öflugu net- og upplýsingaöryggi innan Sambandsins, auka vitund fólks og þróa og ýta undir net- og upplýsingaöryggismenningu í þjóðfélaginu í þágu borgaranna, neytenda, fyrirtækja og opinberra stofnana í Sambandinu og stuðla þannig að tilkomu og eðlilegri starfsemi innri markaðarins.

2. Markmið og verkefni Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar skulu ekki hafa áhrif á valdsvið aðildarríkjanna að því er varðar net- og upplýsingaöryggi né í neinum tilvikum á starfsemi sem varðar almannaöryggi, varnarmál, öryggi ríkisins (þ.m.t. efnahagsleg velferð ríkisins ef starfsemin tengist öryggismálum ríkisins) og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu.

3. Í þessari reglugerð merkir „net- og upplýsingaöryggi“ getu nets eða upplýsingakerfis til að standast, með tilteknu öryggisstigi, atburði sem verða fyrir slysni eða aðgerðir sem eru ólöglegar eða framdar af illum hvötum sem stofna í hættu aðgengi, sannvottuðum uppruna, heilleika og leynd vistaðra eða sendra gagna og tengdri þjónustu sem boðin er eða er aðgengileg um þessi net og kerfi.

2. gr.

Markmið

1. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal koma sér upp og viðhalda mikilli sérþekkingu.

2. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal aðstoða stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins við mótun stefna á sviði net- og upplýsingaöryggis.

3. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal aðstoða stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins við að framfylgja nauðsynlegum stefnum til að uppfylla kröfur laga og reglna um net- og upplýsingaöryggi samkvæmt gildandi lagagerningum og framtíðarlagagerningum Sambandsins og stuðla þannig að eðlilegri starfsemi innri markaðarins.

4. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal aðstoða Sambandið og aðildarríkin við að auka og efla getu sína og viðbúnað til að koma í veg fyrir og uppgötva net- og upplýsingaöryggisvandamál og váatvik og bregðast við þeim.

5. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal nota sérfræðiþekkingu sína til að örva víðtækt samstarf milli einkaaðila og opinberra aðila.

3. gr.

Verkefni

1. Að því er varðar tilganginn sem fram kemur í 1. gr. og til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 2. gr., jafnframt því að virða ákvæði 2. mgr. 1. gr., skal Net- og upplýsingaöryggisstofnunin hafa á hendi eftirfarandi verkefni:

a) að styðja mótun stefnu og laga Sambandsins með:

   i. aðstoð og ráðgjöf um hvers konar málefni sem tengjast stefnu og lögum Sambandsins á sviði net- og upplýsingaöryggis,

   ii. undirbúningsvinnu, ráðgjöf og greiningum í tengslum við mótun og uppfærslu stefnu og laga Sambandsins á sviði net- og upplýsingaöryggis,

   iii. greiningu á net- og upplýsingaöryggisáætlunum, sem birtar eru almenningi, og kynningu á birtingu þeirra,

b) að styðja uppbyggingu getu með því:

   i. að styðja aðildarríki, að beiðni þeirra, í viðleitni þeirra til að þróa og bæta forvarnir gegn net- og upplýsingaöryggisvandamálum og váatvikum og til að nema þau og greina og hafa getu til að bregðast við þeim, og láta þeim í té nauðsynlega þekkingu,

   ii. að ýta undir valfrjálst samstarf milli aðildarríkjanna og milli stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins og aðildarríkjanna, og greiða fyrir því, í viðleitni þeirra til að koma í veg fyrir og nema upplýsingaöryggisvandamál og váatvik þegar þau hafa áhrif yfir landamæri og bregðast við þeim,

   iii. að aðstoða stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins í viðleitni sinni til að þróa forvarnir gegn net- og upplýsingaöryggisvandamálum og váatvikum, og til að nema þau og greina og hafa getu til að bregðast við þeim, einkum með því að styðja starfrækslu viðbragðsteymis vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi fyrir þær,

   iv. að styrkja getu landsbundinna viðbragðsteyma og viðbragðsteyma Sambandsins vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi, m.a. með því að ýta undir skoðana- og upplýsingaskipti, í því skyni að tryggja, með tilliti til nýjustu og fullkomnustu tækni, að sérhvert viðbragðsteymi vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi uppfylli tilteknar lágmarkskröfur um getu og starfi í samræmi við bestu starfsvenjur,

v. að styðja skipulagningu og framkvæmd æfinga á sviði net- og upplýsingaöryggis á vettvangi Sambandsins og veita aðildarríkjunum ráðgjöf, að beiðni þeirra, um æfingar á landsvísu,

vi. að aðstoða stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins í viðleitni sinni til að safna, greina og, í samræmi við öryggiskröfur aðildarríkjanna, dreifa viðeigandi gögnum um net- og upplýsingaöryggi; og, á grundvelli upplýsinga frá stofnunum, aðilum, skrifstofum og sérstofnunum Sambandsins og aðildarríkjunum, í samræmi við ákvæði laga Sambandsins og landsbundin ákvæði sem eru í samræmi við lög Sambandsins, að vera stöðugt meðvituð um stöðuna í net- og upplýsingaöryggismálum í Sambandinu fyrir hönd stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins og í þágu þeirra,

vii. að styðja þróun viðvörunarkerfis Sambandsins sem kemur til fyllingar kerfum aðildarríkjanna,

viii. að bjóða þjálfun í net- og upplýsingaöryggi fyrir viðeigandi opinbera aðila, í samvinnu við hagsmunaaðila þar sem við á,

c) að styðja valfrjálst samstarf milli þar til bærra opinberra aðila og milli hagsmunaaðila, þ.m.t. háskóla og rannsóknarmiðstöðva í Sambandinu, og stuðla að vitundarvakningu, m.a. með því:

i. að ýta undir samstarf milli landsbundinna viðbragðsteyma vegna neyðartilvika eða vegna váatvika er varða tölvuöryggi og slíkra viðbragðsteyma stjórnvalda, þ.m.t. viðbragðsteyma vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi fyrir stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins,

ii. að ýta undir mótun og miðlun bestu starfsvenja með það að markmiði að ná háu stigi net- og upplýsingaöryggis,

iii. að greiða fyrir skoðanaskiptum og viðleitni til að móta og miðla bestu starfsvenjum,

iv. að ýta undir notkun bestu starfsvenja við miðlun upplýsinga og vitundarvakningu,

v. að styðja stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins og einnig aðildarríkin og viðeigandi aðila þeirra, að beiðni þeirra, við að skipuleggja vitundarvakningu, einnig á vettvangi einstakra notenda, og aðra starfsemi sem miðar að því að ná til fólks, til að auka net- og upplýsingaöryggi og sýnileika þess með því að miðla til þeirra bestu starfsvenjum og leiðbeiningum,

d) að styðja rannsóknir og þróun og stöðlun, með því:

i. að greiða fyrir því að komið verði á evrópskum og alþjóðlegum stöðlum fyrir áhættustjórnun og um öryggi rafeindavara, rafrænna neta og þjónustu, og þeir verði innleiddir,

ii. að vera Sambandinu og aðildarríkjunum til ráðgjafar varðandi þörf á rannsóknum á sviði net- og upplýsingaöryggis, í því skyni að hægt sé að bregðast á skilvirkan hátt við núverandi og nýtilkominni áhættu og ógnum á sviði net- og upplýsingaöryggis, m.a. að því er varðar nýtilkomna upplýsinga- og fjarskiptatækni, og að nota megi tækni til að draga úr áhættu með skilvirkum hætti,

e) samstarf við stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins, þ.m.t. þær sem sinna tölvubrotum og vernd einkalífsins og persónuupplýsinga, með það að markmiði að takast á við málefni sem varða sameiginlega hagsmuni, m.a. með því:

i. að skiptast á þekkingu og bestu starfsvenjum,

ii. að veita ráðgjöf um viðeigandi þætti net- og upplýsingaöryggis í því skyni að finna út samlegðaráhrif,

f) að taka þátt í aðgerðum Sambandsins til að vinna með þriðju löndum og alþjóðastofnunum og ýta þannig undir alþjóðlega samvinnu um málefni er snerta net- og upplýsingaöryggi, m.a. með því:

i. að taka þátt, eftir því sem við á, sem áheyrnarfulltrúi og í skipulagningu alþjóðlegra æfinga og greina og gefa skýrslu um niðurstöður slíkra æfinga,

ii. greiða fyrir miðlun bestu starfsvenja milli viðeigandi stofnana,

iii. láta stofnunum Sambandsins í té sérfræðiþekkingu.

2. Stofnanir, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins og stofnanir aðildarríkja geta beðið Net- og upplýsingaöryggisstofnunina um ráðgjöf ef til öryggisbrots kemur eða við tap á heilleika sem hefur veruleg áhrif á stafsemi neta og þjónustu.

3. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal inna af hendi þau verkefni sem henni eru falin með lagagerningum Sambandsins.

4. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal, með sjálfstæðum hætti, setja fram ályktanir, leiðsögn og veita ráðgjöf um málefni sem eru innan gildissviðs og markmiða þessarar reglugerðar.

2. ÞÁTTUR

SKIPULAG

4. gr.

Samsetning Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar

1. Til Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar teljast:

a) stjórn,

b) framkvæmdastjóri og starfsfólk og

c) fastahópur hagsmunaaðila.

2. Til að stuðla að aukinni skilvirkni og árangri við rekstur Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar skal stjórnin koma á fót framkvæmdastjórn.

5. gr.

Stjórn

1. Stjórnin skal skilgreina almenna stefnu í störfum Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og sjá til þess að hún starfi í samræmi við reglur og meginreglur þessarar reglugerðar. Hún skal einnig tryggja að starf Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar sé í samræmi við starfsemi aðildarríkjanna og starfsemi á vettvangi Sambandsins.

2. Stjórnin skal samþykkja árlega starfsáætlun Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og starfsáætlun hennar til margra ára.

3. Stjórnin skal samþykkja ársskýrslu um starfsemi Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og senda hana Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni og Endurskoðunarréttinum eigi síðar en 1. júlí næsta árs. Ársskýrslan skal innihalda reikninga og í henni skal lýst hvernig Net- og upplýsingaöryggisstofnunin hefur uppfyllt frammistöðuvísa sína. Ársskýrslan skal gerð opinber.

4. Stjórnin skal samþykkja áætlun gegn svikum í réttu hlutfalli við hættu á svikum með hliðsjón af kostnaðar- og ábatagreiningu á ráðstöfunum sem gera skal.

5. Stjórnin skal tryggja viðeigandi eftirfylgni við niðurstöður og tilmæli, sem leiðir af rannsóknum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF), og hinar ýmsu skýrslur innri og utanaðkomandi endurskoðenda og matsgerðir.

6. Stofnunin skal samþykkja reglur um það hvernig komið skal í veg fyrir hagsmunaárekstra og tekið á þeim.

7. Stjórnin skal, að því er starfsfólk Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar varðar, fara með það umboð sem falið er yfirvaldi sem skipar í stöður annars vegar og yfirvaldi sem hefur umboð til að gera starfssamninga hins vegar, samkvæmt starfsmannareglum embættismanna og ráðningarskilmálum annarra starfsmanna Evrópusambandsins sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 ([17]).

Stjórnin skal samþykkja, í samræmi við málsmeðferðina skv. 110. gr. starfsmannareglnanna, ákvörðun á grundvelli 1. mgr. 2. gr. starfsmannareglnanna og 6. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna um að framselja framkvæmdastjóranum viðeigandi umboð yfirvalds sem skipar í stöður. Framkvæmdastjóranum er heimilt að fela öðrum þetta umboð.

Ef sérstakar aðstæður krefjast þess er stjórninni heimilt að afturkalla framsal á umboði yfirvalds sem skipar í stöður til framkvæmdastjórans og þeirra, sem framkvæmdastjórinn hefur falið umboðið, Í slíku tilviki er stjórninni heimilt að fela það einum stjórnarmanna sinna eða öðrum starfsmanni en framkvæmdastjóra.

8. Stjórnin skal samþykkja viðeigandi reglur um framkvæmd starfsmannareglnanna og ráðningarskilmála annarra starfsmanna í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 110. gr. starfsmannareglnanna.

9. Stjórnin skal skipa framkvæmdastjórann og getur framlengt skipunartíma hans eða vikið honum úr starfi í samræmi við 24. gr. þessarar reglugerðar.

10. Stjórnin skal samþykkja starfsreglur sínar og framkvæmdastjórnar að höfðu samráði við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Í starfsreglunum skal gefinn möguleiki á að flýta ákvarðanatöku annaðhvort með skriflegri málsmeðferð eða með fjarfundi.

11. Stjórnin skal samþykkja eigin starfsreglur Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar að höfðu samráði við þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar. Reglurnar skulu gerðar opinberar.

12. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur sem gilda um Net- og upplýsingaöryggisstofnunina. Þær mega ekki víkja frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([18]), nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna rekstrar Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

([17]) Stjtíð. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1.
([18]) Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72.

13. Stjórnin skal samþykkja áætlun til margra ára um starfsmannastefnu, að höfðu samráði við þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar og eftir að hafa tilkynnt Evrópuþinginu og ráðinu um það með tilhlýðilegum hætti.

6. gr.

Skipan stjórnar

1. Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríki og tveimur fulltrúum sem framkvæmdastjórnin tilnefnir. Allir fulltrúar skulu hafa atkvæðisrétt.

2. Hver stjórnarmaður skal hafa varamann sem er fulltrúi hans í fjarveru hans.

3. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skal skipa á grundvelli þekkingar þeirra á verkefnum og markmiðum Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, með tilliti til stjórnunarhæfileika og færni á sviði stjórnsýslu og fjárhagsáætlunargerðar sem þarf til að vinna þau verkefni sem tilgreind eru í 5. gr. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu að leitast við að takmarka mannaskipti á fulltrúum sínum í stjórninni til að tryggja samfellu í starfi hennar. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu leitast við að ná jöfnu hlutfalli karla og kvenna í stjórninni.

4. Skipunartími stjórnarmanna og varamanna þeirra er fjögur ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann.

7. gr.

Stjórnarformaður

1. Stjórnin kýs formann og varaformann úr sínum röðum til þriggja ára tímabils sem heimilt er að framlengja. Varaformaður kemur í krafti embættis síns í stað formanns í forföllum hans.

2. Bjóða má stjórnarformanninum að gefa þar til bærri nefnd eða nefndum Evrópuþingsins yfirlýsingu og svara spurningum þeirra sem þar eiga sæti.

8. gr.

Fundir

1. Formaður stjórnar boðar til funda.

2. Halda skal reglubundinn fund minnst einu sinni á ári. Einnig skal halda aukafundi að beiðni formannsins eða a.m.k. þriðja hluta stjórnarmanna.

3. Framkvæmdastjórinn skal sitja stjórnarfundi án atkvæðisréttar.

9. gr.

Atkvæðagreiðsla

1. Stjórnin skal taka ákvörðun með hreinum meirihluta stjórnarmanna.

2. Krafist skal meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða allra stjórnarmanna til að samþykkja starfsreglur stjórnarinnar, eigin starfsreglur Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, fjárhagsáætlun, árlega starfsáætlun og starfsáætlun til margra ára, skipun, framlengingu skipunartíma eða brottvikningu framkvæmdastjóra og tilnefningu stjórnarformanns.

10. gr.

Framkvæmdastjórn

1. Stjórnin skal njóta aðstoðar framkvæmdastjórnar.

2. Framkvæmdastjórn skal undirbúa ákvarðanir stjórnarinnar um málefni er varða stjórnsýslu og fjárhagsáætlun eingöngu.

Ásamt stjórninni skal hún tryggja viðeigandi eftirfylgni við niðurstöður og tilmæli, sem leiðir af rannsóknum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum, og hinar ýmsu skýrslur innri og utanaðkomandi endurskoðenda og matsgerðir.

Framkvæmdastjórn skal, án þess að það hafi áhrif á skyldur framkvæmdastjóra eins og þær eru settar fram í 11. gr., veita framkvæmdastjóranum aðstoð og ráðgjöf við að framkvæma ákvarðanir stjórnarinnar um málefni er varða stjórnsýslu og fjárhagsáætlun.

3. Í framkvæmdastjórn skulu eiga sæti fimm fulltrúar sem skipaðir eru úr hópi stjórnarmanna, þ.á m. stjórnarformaðurinn, sem einnig má vera formaður framkvæmdastjórnarinnar, ásamt einum af fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

4. Skipunartími þeirra sem eiga sæti í framkvæmdastjórn skal vera sá sami og skipunartími stjórnarmanna sem fram kemur í 4. mgr. 6. gr.

5. Framkvæmdastjórn skal koma saman a.m.k. á þriggja mánaða fresti. Formaður framkvæmdastjórnar skal boða til aukafunda að beiðni þeirra sem í henni eiga sæti.

11. gr.

Skyldur framkvæmdastjóra

1. Framkvæmdastjóri fer með stjórn Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og skal vera óháður öðrum við embættisfærslu sína.

2. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á:

a) daglegum rekstri Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar,

b) að framkvæma ákvarðanir sem stjórnin samþykkir,

c) að semja árlega starfsáætlun og starfsáætlun til margra ára, að undangengnu samráði við stjórnina, og leggja fyrir stjórnina, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

d) að hrinda í framkvæmd árlegu starfsáætluninni og starfsáætluninni til margra ára og gefa stjórninni skýrslu um það,

e) að semja ársskýrslu um starfsemi Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og leggja hana fyrir stjórnina til samþykktar,

f) að semja aðgerðaáætlun til að fylgja eftir niðurstöðum afturvirks mats og gefa skýrslu um framvindu á tveggja ára fresti til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

g) að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi,

h) að semja áætlun um aðgerðir gegn svikum fyrir Net- og upplýsingaöryggisstofnunina og leggja hana fyrir stjórnina til samþykktar,

i) að tryggja að Net- og upplýsingaöryggisstofnunin sinni störfum sínum í samræmi við kröfur þeirra sem nýta sér þjónustu hennar, einkum með tilliti til þess að þjónustan sé viðunandi,

j) að koma á og halda tengslum við stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins,

k) að koma á og halda tengslum við viðskiptalífið og neytendasamtök til að tryggja reglubundin skoðanaskipti við hlutaðeigandi hagsmunaaðila,

l) öðrum verkefnum sem falin eru framkvæmdastjóranum með þessari reglugerð.

3. Eftir því sem nauðsynlegt er og ef það er innan markmiða og verkefna Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar er framkvæmdastjóranum heimilt að koma á fót sérstökum vinnuhópum sérfræðinga, m.a. frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna. Stjórninni skal tilkynnt um það fyrir fram. Málsmeðferðin, einkum að því er varðar samsetningu, skipan sérfræðinga af hálfu framkvæmdastjórans og starf sérstöku vinnuhópanna, skal tilgreind í eigin starfsreglum Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar.

4. Framkvæmdastjórinn skal sjá stjórn og framkvæmdastjórn fyrir skrifstofufólki og öðrum tilföngum fyrir þær þegar nauðsyn krefur.

12. gr.

Fastahópur hagsmunaaðila

1. Stjórnin skal, að tillögu framkvæmdastjórans, koma á fót fastahópi hagsmunaaðila sem samanstendur af viðurkenndum sérfræðingum sem eru fulltrúar viðkomandi hagsmunaaðila, s.s. upplýsinga- og fjarskiptatækniiðnaðarins, þeirra sem starfrækja rafræn fjarskiptanet eða þjónustu fyrir almenning, neytendahópa, háskólasérfræðinga í net- og upplýsingaöryggi og fulltrúa landsbundinna eftirlitsyfirvalda, sem tilkynnt er um samkvæmt tilskipun 2002/21/EB, einnig löggæsluyfirvalda og yfirvalda sem bera ábyrgð á vernd einkalífsins.

2. Málsmeðferðarreglur, einkum að því er varðar fjölda, samsetningu og skipan þeirra sem sitja í fastahópi hagsmunaaðila af hálfu stjórnarinnar, tillaga framkvæmdastjórans og starf hópsins, skulu tilgreindar í eigin starfsreglum Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og birtar.

3. Framkvæmdastjórinn skal vera formaður fastahóps hagsmunaaðila eða hver sá annar sem framkvæmdastjórinn tilnefnir í hverju tilviki fyrir sig.

4. Skipunartími þeirra sem eiga sæti í fastahópi hagsmunaaðila er tvö og hálft ár. Stjórnarmenn mega ekki eiga sæti í fastahópi hagsmunaaðila. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum skulu eiga rétt á að sitja fundi fastahóps hagsmunaaðila og taka þátt í vinnu hans. Bjóða má fulltrúum annarra aðila, sem eiga ekki sæti í fastahópi hagsmunaaðila en sem framkvæmdastjórinn telur að málið varði, að sitja fundi fastahópsins og taka þátt í störfum hans.

5. Fastahópur hagsmunaaðila skal vera Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni til ráðgjafar um framkvæmd starfsemi hennar. Hann skal einkum vera framkvæmdastjóranum til ráðgjafar við að semja tillögu að starfsáætlun Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og varðandi það að tryggja samskipti við viðeigandi hagsmunaaðila um öll málefni sem tengjast starfsáætluninni.

3. ÞÁTTUR

STARFSEMI

13. gr.

Starfsáætlun

1. Stofnunin skal sinna störfum sínum í samræmi við árlega starfsáætlun sína og starfsáætlun til margra ára, en þær skulu ná yfir alla skipulagða starfsemi hennar.

2. Starfsáætlunin skal innihalda sérsniðna frammistöðuvísa sem gera kleift að meta á skilvirkan hátt þann árangur sem næst með tilliti til markmiða.

3. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á að semja drög að starfsáætlun Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar að höfðu samráði við þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar. Fyrir 15. mars ár hvert skal framkvæmdastjórinn leggja fyrir stjórnina drög að starfsáætlun fyrir næsta ár.

4. Fyrir 30. nóvember ár hvert skal stjórnin samþykkja starfsáætlun Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar fyrir næsta ár, að fengnu áliti frá framkvæmdastjórninni. Starfsáætlunin skal innihalda yfirlit til margra ára (e. multiannual outlook). Stjórnin skal sjá til þess að starfsáætlunin sé í samræmi við markmið Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og forgangsmál í löggjöf og stefnumótun Sambandsins á sviði net- og upplýsingaöryggis.

5. Starfsáætlunin skal skipulögð í samræmi við meginregluna um verkgrundaða stjórnun. Starfsáætlunin skal vera í samræmi við yfirlit yfir áætlaðar tekjur og útgjöld Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir sama fjárhagsár.

6. Eftir að stjórnin hefur samþykkt starfsáætlunina skal framkvæmdastjórnin framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og birta hana. Að beiðni viðeigandi nefndar Evrópuþingsins skal framkvæmdastjórinn kynna hina samþykktu árlegu starfsáætlun og efna til skoðanaskipta um hana.

14. gr.

Beiðnir til Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar

1. Beiðnum um ráðgjöf og aðstoð, sem heyra undir markmið og verkefni Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, skal beint til framkvæmdastjórans ásamt bakgrunnsupplýsingum sem útskýra málefnið sem fjalla skal um. Framkvæmdastjórinn skal upplýsa stjórn og framkvæmdastjórn um beiðnir sem berast, möguleg áhrif á fjármagn og síðar um eftirfylgni við þær. Ef Net- og upplýsingaöryggisstofnunin synjar beiðni skal rökstyðja synjunina.

2. Eftirfarandi aðilar geta lagt fram beiðnirnar sem um getur í 1. mgr.:

a) Evrópuþingið,

b) ráðið,

c) framkvæmdastjórnin,

d) allir þar til bærir aðilar sem aðildarríki tilnefnir, s.s. landsbundið eftirlitsyfirvald eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB.

3. Stjórnin skal, í eigin starfsreglum Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, mæla fyrir um hagkvæmt fyrirkomulag við beitingu 1. og 2. mgr., einkum að því er varðar afhendingu, forgangsröðun og eftirfylgni beiðna til Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og upplýsingar til stjórnar og framkvæmdastjórnar um þær.

15. gr.

Hagsmunayfirlýsing

1. Stjórnarmenn, framkvæmdastjórinn og embættismenn, sem aðildarríkin senda tímabundið til starfa, skulu, hver og einn, gefa yfirlýsingu um skuldbindingar og yfirlýsingu þar sem tilgreint er hvort þeir eiga beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta sem kunna að skaða sjálfstæði þeirra. Yfirlýsingarnar skulu vera nákvæmar og ítarlegar, gerðar skriflega ár hvert og uppfærðar eftir þörfum.

2. Stjórnarmenn, framkvæmdastjórinn og utanaðkomandi sérfræðingar sem taka þátt í sérstökum vinnuhópum skulu, hver og einn, gefa nákvæma og ítarlega yfirlýsingu, í síðasta lagi við upphaf hvers fundar, um hvort þeir eiga hagsmuna að gæta sem kunna að skaða sjálfstæði þeirra, í tengslum við dagskrárliði fundarins og skulu þeir þá ekki taka þátt í umræðum og atkvæðagreiðslu um þá liði.

3. Í eigin starfsreglum sínum skal Net- og upplýsingaöryggisstofnunin mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag á framkvæmd reglnanna um hagsmunayfirlýsingar sem um getur í 1. og 2. mgr.

16. gr.

Gagnsæi

1. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal sjá til þess að starfsemi hennar fari fram með mjög gagnsæjum hætti og í samræmi við 17. og 18. gr.

2. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal sjá til þess að almenningur og hagsmunaaðilar fái hlutlausar, áreiðanlegar og aðgengilegar upplýsingar, einkum að því er varðar niðurstöður úr starfi hennar, eftir því sem við á. Hún skal einnig birta hagsmunayfirlýsingar sem gefnar eru í samræmi við 15. gr.

3. Stjórninni er, að tillögu framkvæmdastjórans, heimilt að leyfa hagsmunaaðilum að fylgjast með tilteknum þáttum í starfsemi Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar.

4. Í eigin starfsreglum sínum skal Net- og upplýsingaöryggisstofnunin mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag á framkvæmd reglnanna um gagnsæi sem um getur í 1. og 2. mgr.

17. gr.

Trúnaðarkvöð

1. Með fyrirvara um 18. gr. skal Net- og upplýsingaöryggisstofnunin ekki láta þriðju aðilum í té upplýsingar sem hún vinnur eða fær í hendur og sem lögð hefur verið fram rökstudd beiðni um að verði farið með sem trúnaðarmál að öllu leyti eða að hluta.

2. Stjórnarmenn, framkvæmdastjórinn, þeir sem eiga sæti í fastahópi hagsmunaaðila, utanaðkomandi sérfræðingar sem taka þátt í störfum sérstakra vinnuhópa og starfsfólk Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, þ.m.t. embættismenn sem aðildarríkin senda tímabundið til starfa, skulu bundin þagnarskyldu, skv. 339. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem helst jafnvel þótt þau láti af störfum.

3. Í eigin starfsreglum sínum skal Net- og upplýsingaöryggisstofnunin mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag á framkvæmd reglnanna um þagnarskyldu sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. Ef nauðsynlegt er vegna starfs Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar skal stjórnin ákveða að heimila stofnuninni að meðhöndla trúnaðarupplýsingar. Í því tilviki skal stjórnin, í samráði við þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja eigin starfsreglur og beita við það meginreglunum um öryggi sem fram koma í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE frá 29. nóvember 2001 um breytingu á innri starfsreglum sínum ([19]). Þessar reglur skulu m.a. taka til þeirra ákvæða sem máli skipta fyrir miðlun, vinnslu og geymslu trúnaðarupplýsinga.

18. gr.

Aðgangur að skjölum

1. Reglugerð (EB) nr. 1049/2001 gildir um skjöl í vörslu Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar.

2. Stjórnin skal samþykkja fyrirkomulag um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 innan sex mánaða frá því að Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni er komið á fót.

3. Ákvarðanir, sem Net- og upplýsingaöryggisstofnunin tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta orðið tilefni kæru til umboðsmanns, skv. 228. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eða málshöfðunar fyrir Evrópudómstólnum, skv. 263. gr. hans.

([19]) Stjtíð. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1.

4. ÞÁTTUR

FJÁRHAGSÁKVÆÐI

19. gr.

Samþykkt fjárhagsáætlunar

1. Tekjur Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar eru fjárframlög frá Sambandinu, framlög frá þriðju löndum sem taka þátt í starfi stofnunarinnar, eins og kveðið er á um í 30. gr., og frjáls framlög frá aðildarríkjunum, í fé eða fríðu. Aðildarríki, sem leggja til frjáls framlög, geta ekki krafist neinna sérstakra réttinda eða þjónustu vegna þess.

2. Til útgjalda Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar skal telja kostnað vegna starfsmanna, tæknilegrar og stjórnunarlegrar aðstoðar og grunnvirkja, rekstrarútgjöld og útgjöld í tengslum við samninga sem gerðir eru við þriðju aðila.

3. Eigi síðar en 1. mars ár hvert skal framkvæmdastjórinn gera drög að yfirliti yfir áætlaðar tekjur og gjöld Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar fyrir komandi fjárhagsár og leggja hana fyrir stjórnina ásamt drögum að yfirliti yfir stöðugildi.

4. Jafnvægi skal vera milli tekna og útgjalda.

5. Stjórnin skal árlega gera yfirlit yfir áætlaðar tekjur og gjöld Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár, sem byggt er á drögum framkvæmdastjórans að yfirliti yfir áætlaðar tekjur og gjöld.

6. Eigi síðar en 31. maí ár hvert skal stjórnin senda þetta yfirlit, sem hefur að geyma drög að yfirliti um stöðugildi og drög að starfsáætlun, til framkvæmdastjórnarinnar og til þeirra þriðju landa sem Sambandið hefur gert samninga við í samræmi við 30. gr.

7. Framkvæmdastjórnin skal framsenda yfirlitið til Evrópuþingsins og ráðsins ásamt drögum að fjárlagafrumvarpi Sambandsins.

8. Á grundvelli þessa yfirlits skal framkvæmdastjórnin fella inn í fjárlagafrumvarp Sambandsins þær áætlanir sem hún telur nauðsynlegar fyrir yfirlitið yfir stöðugildi, og þá styrkfjárhæð sem veita skal af fjárlögum og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið í samræmi við 314. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

9. Evrópuþingið og ráðið skulu heimila fjárveitingar í formi styrks til Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar.

10. Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja yfirlitið um stöðugildi fyrir Net- og upplýsingaöryggisstofnunina.

11. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlun Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar ásamt starfsáætlun. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Sambandsins. Stjórnin skal laga fjárhagsáætlun og starfsáætlun Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar að fjárlögum Sambandsins, eftir því sem við á. Stjórnin skal framsenda fjárhagsáætlunina til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar án tafar.

20. gr.

Barátta gegn svikum

1. Í þeim tilgangi að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólöglegri starfsemi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1073/1999 ([20]) skal Net- og upplýsingaöryggisstofnunin, innan sex mánaða frá því að hún tekur til starfa, gerast aðili að samstarfssamningnum milli stofnana frá 25. maí 1999 um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ([21]) og samþykkja viðeigandi ákvæði sem gilda um alla starfsmenn Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, og nota til þess sniðmátið sem sett er fram í viðauka við þann samning.

2. Endurskoðunarrétturinn skal hafa heimild til að láta fara fram endurskoðun, á grundvelli skjala og á vettvangi, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem þegið hafa fjármuni Sambandsins frá Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur hafið athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum ([22]) til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrk eða samning sem er fjármagnaður af Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar innihalda ákvæði sem veita Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að láta fara fram slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

21. gr.

Framkvæmd fjárhagsáætlunar

1. Framkvæmdastjóri skal bera ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunar Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar.

2. Innri endurskoðandi framkvæmdastjórnarinnar skal beita sömu heimildum gagnvart Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni og hann beitir gagnvart deildum framkvæmdastjórnarinnar.

3. Sá sem annast bókhaldsstjórn Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar skal senda þeim sem annast bókhaldsstjórn framkvæmdastjórnarinnar bráðabirgðareikninga sína eigi síðar en 1. mars eftir lok fjárhagsársins (1. mars ársins N + 1) ásamt skýrslu um stjórnun fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Sá sem annast bókhaldsstjórn framkvæmdastjórnarinnar skal taka bráðabirgðareikningsskil stofnana og sjálfstæðra aðila í samræmi við 147. gr. fjárhagsreglugerðarinnar með í samstæðureikningsskil.

4. Sá sem annast bókhaldsstjórn hjá framkvæmdastjórninni skal senda Endurskoðunarréttinum bráðabirgðareikningsskil Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar eigi síðar en 31. mars ársins N + 1 ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Skýrslan um fjárlaga- og fjármálastjórn á fjárhagsárinu skal einnig send til Evrópuþingsins og ráðsins.

5. Þegar framkvæmdastjóra Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar berast athugasemdir Endurskoðunarréttarins við bráðabirgðareikningsskil stofnunarinnar, skv. 148. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, skal hann ganga frá lokauppgjöri stofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda þau stjórn stofnunarinnar til umsagnar.

6. Stjórnin skal skila áliti um endanleg reikningsskil Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar.

7. Eigi síðar en 1. júlí ársins N + 1 skal framkvæmdastjórinn senda endanleg reikningsskil, ásamt skýrslunni um fjárlaga- og fjármálastjórn á fjárhagsárinu og athugasemdum Endurskoðunarréttarins, til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Endurskoðunarréttarins, ásamt áliti stjórnarinnar.

8. Framkvæmdastjórinn skal birta endanleg reikningsskil.

9. Framkvæmdastjórinn skal senda Endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september ársins N + 1 og einnig senda stjórninni afrit af því svari.

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/99 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) (Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1).

([21]) Samstarfssamningur milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) (Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15).

([22]) Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2.

10. Fari Evrópuþingið þess á leit skal framkvæmdastjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að leysa hann undan ábyrgð fyrir viðkomandi fjárhagsár eins og mælt er fyrir í 3. mgr. 165. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

11. Fyrir 15. apríl árið N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu, leysa framkvæmdastjórann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.

5. ÞÁTTUR

STARFSFÓLK

22. gr.

Almenn ákvæði

Starfsmannareglurnar og ráðningarskilmálar annarra starfsmanna og reglur, sem stofnanir Evrópusambandsins hafa samþykkt til að koma í framkvæmd þessum starfsreglum, gilda um starfsfólk Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar.

23. gr.

Sérréttindi og friðhelgi

Bókun 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins, sem fylgir með í viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, skal gilda um Net- og upplýsingaöryggisstofnunina og starfsfólk hennar.

24. gr.

Framkvæmdastjóri

1. Framkvæmdastjóri skal ráðinn tímabundið til Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar skv. a-lið 2. gr. ráðningaskilmála annarra starfsmanna.

2. Stjórnin skal skipa framkvæmdastjóra af skrá yfir umsækjendur sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerir tillögu um eftir opið og gagnsætt valferli.

Stjórnarformaður skal, fyrir hönd Net- og upplýsingaöryggisst ofnunarinnar, gera samning við framkvæmdastjórann.

Fyrir skipunina skal umsækjandanum, sem stjórnin velur, boðið að gefa yfirlýsingu frammi fyrir lögbærri nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum þingmanna.

3. Skipunartími framkvæmdastjóra er fimm ár. Eigi síðar en í lok þess tímabils skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins láta fara fram mat þar sem tekið er tillit til mats á frammistöðu framkvæmdastjórans og framtíðarverkefna og -áskorana Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar.

4. Stjórnin getur, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem tekur mið af matinu sem um getur í 3. mgr. og eftir að leitað hefur verið álits Evrópuþingsins, framlengt ráðningartíma framkvæmdastjórans einu sinni en ekki lengur en í fimm ár.

5. Stjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um allar fyrirætlanir um að framlengja skipunartíma framkvæmdastjóra. Innan þriggja mánaða áður en skipunartíminn er framlengdur skal framkvæmdastjórinn, ef hann er beðinn um það, gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bærri nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum þeirra sem þar eiga sæti.

6. Framkvæmdastjóri sem hlotið hefur framlengingu á skipunartíma má ekki taka þátt í öðru valferli fyrir sömu stöðu.

7. Einungis má víkja framkvæmdastjóra úr starfi með ákvörðun stjórnar.

25. gr.

Innlendir sérfræðingar sem sendir eru tímabundið til starfa og annað starfsfólk

1. Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni er heimilt að nýta sér innlenda sérfræðinga, sem sendir eru tímabundið til starfa, eða annað starfsfólk sem ekki vinnur hjá stofnuninni. Starfsmannareglurnar og ráðningarskilmálar annarra starfsmanna gilda ekki um slíkt starfsfólk.

2. Stjórnin skal samþykkja ákvörðun þar sem mælt er fyrir um reglur um sendingu innlendra sérfræðinga til Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar til starfa tímabundið.

6. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

26. gr.

Réttarstaða

1. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal vera stofnun Sambandsins. Hún hefur réttarstöðu lögaðila.

2. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal hafa það rétthæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Hún getur m.a. aflað og afsalað sér fasteignum og lausafé og tekið þátt í málarekstri.

3. Framkvæmdastjórinn er í forsvari fyrir Net- og upplýsingaöryggisstofnunina.

4. Á höfuðborgarsvæði Aþenu skal vera útibússkrifstofa til að auka skilvirkni í störfum Net- og upplýsingaöryggisstofnun arinnar.

27. gr.

Bótaábyrgð

1. Skaðabótaábyrgð Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar innan samninga skal falla undir gildissvið laga sem gilda um viðkomandi samning.

Dómstóll Evrópusambandsins skal hafa vald til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem Net- og upplýsingaöryggisstofnunin hefur gert.

2. Þegar um er að ræða skaðabótaábyrgð utan samninga, ber Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem Net- og upplýsingaöryggisstofnunin eða starfsfólk hennar kann að valda við skyldustörf sín.

Dómstóll Evrópusambandsins skal fara með lögsögu í öllum skaðabótamálum vegna slíkra tjóna.

3. Persónuleg ábyrgð starfsfólks gagnvart Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni lýtur þeim skilyrðum er gilda um starfsfólk Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar.

28. gr.

Tungumál

1. Ákvæði reglugerðar nr. 1 frá 15. apríl 1958 þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu ([23]) gilda um Net- og upplýsingaöryggisstofnunina. Aðildarríkjunum og öðrum Net- og upplýsingaöryggisstofnunum, sem þau tilnefna, er heimilt að leita til Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og fá svar á því opinbera tungumáli stofnana Sambandsins sem þau velja.

2. Þýðingamiðstöð stofnana Evrópusambandsins annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi Net- og upplýsingaöry ggisstofnunarinnar.

29. gr.

Vernd persónuupplýsinga

1. Við vinnslu persónuupplýsinga skal Net- og upplýsingaöryggisstofnunin, einkum við framkvæmd verkefna sinna, virða meginreglur um vernd persónuupplýsinga í ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og falla undir þau.

2. Stjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanirnar sem um getur í 8. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001. Stjórnin getur samþykkt nauðsynlegar viðbótarráðstafanir vegna beitingar Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar á reglugerð (EB) nr. 45/2001.

([23]) Stjtíð. EB L 17, 6.10.1958, bls. 385/58.

30. gr.

Þátttaka þriðju landa

1. Þriðju löndum er frjálst að gerast aðilar að Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni ef þau hafa gert samninga við Evrópusambandið þar sem þau samþykkja og beita lagagerningum Sambandsins á því sviði sem reglugerð þessi tekur til.

2. Í viðeigandi ákvæðum þessara samninga skal setja nánari ákvæði, þar sem m.a. er tilgreint hvernig, í hve miklum mæli og með hvaða hætti þessi lönd skuli taka þátt í starfi Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, þ.m.t. ákvæði í tengslum við þátttöku í framtaksverkefnum sem stofnunin stendur fyrir, fjárframlög og starfsfólk.

31. gr.

Öryggisreglur um verndun trúnaðarflokkaðra upplýsinga

Net- og upplýsingaöryggisstofnunin skal beita þeim meginreglum um öryggi sem er að finna í öryggisreglum framkvæmdastjórnarinnar til verndar trúnaðarflokkuðum upplýsingum Evrópusambandsins og óflokkuðum viðkvæmum upplýsingum, eins og sett er fram í viðauka við ákvörðun 2001/844/EB, KSE, KBE. Þetta tekur m.a. til þeirra ákvæða sem máli skipta fyrir miðlun, vinnslu og geymslu slíkra upplýsinga.

7. ÞÁTTUR

LOKAÁKVÆÐI

32. gr.

Mat og endurskoðun

1. Eigi síðar en 20. júní 2018 skal framkvæmdastjórnin láta fara fram mat, einkum á áhrifum, skilvirkni og árangri Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar og vinnuaðferða hennar. Í matinu skal einnig tekið fyrir hvort þörf sé á að breyta umboði Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, einnig fjárhagsleg áhrif slíkrar breytingar.

2. Í matinu, sem um getur í 1. mgr., skal taka tillit til hvers konar endurgjafar til Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar í tengslum við starfsemi hennar.

3. Framkvæmdastjórnin skal framsenda matsskýrsluna, ásamt niðurstöðum hennar, til Evrópuþingsins, ráðsins og stjórnarinnar. Niðurstöður matsins skulu birtar opinberlega.

4. Mat á árangri Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar með tilliti til markmiða hennar, umboðs og verkefna, skal einnig vera hluti af matinu. Telji framkvæmdastjórnin að réttlætanlegt sé að halda áfram rekstri Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar með tilliti til markmiða hennar, umboðs og verkefna, getur hún lagt til að gildistími umboðs stofnunarinnar, sem fram kemur í 36. gr., verði framlengdur.

33. gr.

Samvinna gistiaðildarríkis

Gistiaðildarríki Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar skal sjá henni fyrir bestu hugsanlegu skilyrðum til að tryggja eðlilega starfsemi hennar, þ.m.t. að staðsetning hennar sé aðgengileg, að fyrir hendi sé viðeigandi menntunaraðstaða fyrir börn starfsfólks og viðeigandi aðgangur að vinnumarkaði, félagslegu öryggi og læknishjálp fyrir bæði börn og maka.

34. gr.

Eftirlit stjórnvalda

Umboðsmaður skal hafa eftirlit með aðgerðum Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar, í samræmi við 228. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

35. gr.

Niðurfelling og arftaka

1. Reglugerð (EB) nr. 460/2004 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 460/2004 og til Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópu sem tilvísanir í þessa reglugerð og til Net- og upplýsingaöryggisstofnunarinnar.

2. Net- og upplýsingaöryggisstofnunin tekur við af stofnuninni sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 460/2004 að því er varðar eignarhald, samninga, lagalegar skuldbindingar, ráðningarsamninga, fjárhagsskuldbindingar og skuldbindingar.

36. gr.

Starfstími

Net- og upplýsingaöryggisstofnuninni skal komið á fót til sjö ára frá og með 19. júní 2013.

37. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 21. maí 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	L. CREIGHTON

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/54/52

frá 19. desember 2013

um viðurkenningu á Georgíu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna

(tilkynnt með númeri C(2013) 9224)

(2013/794/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna ([1]), einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að árita viðeigandi skírteini farmanna, sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin), eins og henni var breytt 1995.

2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/705/ESB([2]) var viðurkenning á Georgíu, að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna, sem hafði verið veitt í samræmi við c-lið 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2001/25/EB ([3]), afturkölluð. Niðurstaða mats á reglufylgni yfirvalda í Georgíu og mats á upplýsingum frá þeim hafði sýnt að Georgía uppfyllti ekki viðeigandi kröfur STCW-samþykktarinnar.

3) Kýpur fór fram á það bréflega, 10. september 2012, að Georgía yrði viðurkennt á ný. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar þessarar beiðni, metið kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna í Georgíu til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Matið var byggt á niðurstöðum skoðunar sérfræðinga á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu í október 2012 og á ráðstöfunum til úrbóta sem yfirvöld í Georgíu lögðu fram.

4) Í kjölfar skoðunarinnar voru yfirvöld í Georgíu m.a. hvött bréflega, 6. febrúar 2013, til að leggja fram áætlun til að ráða bót á þeim annmörkum sem höfðu komið í ljós og að samþykkja aðgerðir til úrbóta.

5) Mikilvægustu annmarkarnir vörðuðu skort á laga- og stjórnsýslukröfum til að framfylgja að fullu ákvæðum STCW-samþykktarinnar, t.d. var ekki til staðar krafa um að stjórnvöld í Georgíu skyldu vakta viðurkenndar erlendar menntunar- og þjálfunarstofnanir og -áætlanir fyrir farmenn. Auk þess höfðu menntunar- og þjálfunarstofnanirnar, sem voru skoðaðar, ekki framkvæmt tiltekin ákvæði, t.d. ákvæði sem varða notkun herma. Að lokum höfðu stofnanirnar, sem voru skoðaðar, ekki yfir að ráða sérstökum búnaði til að þjálfa og meta tiltekna hæfni.

6) Georgía tilkynnti framkvæmdastjórninni bréflega, 15. maí 2013 og 20. júlí 2013, að gripið hefði verið til aðgerða til að ráða bót á ágöllunum sem greindust. Yfirvöld í Georgíu upplýstu m.a. að ákvæði innanlands hefðu verið löguð að samþykktinni og að menntunar- og þjálfunarstofnanir hefðu hrint viðeigandi ákvæðum í framkvæmd með tilhlýðilegum hætti. Að lokum voru framkvæmdastjórninni send sönnunargögn um að þjálfunarbúnaðurinn, sem vantaði, hefði verið settur upp og honum komið í gagnið.

7) Ágallinn sem eftir stendur varðar tiltekna þjálfunaraðstöðu í Batumi Navigation Teaching University. Það virðist m.a. vera þörf á að endurnýja enn frekar rafknúna þjálfunarstöð og björgunarbát sem er til reiðu við þjálfun í tengslum við björgunarför og léttbáta. Yfirvöld í Georgíu hafa því verið hvött til að grípa til frekari aðgerða til úrbóta hvað þetta varðar. Þessi ágalli gefur þó ekki tilefni til efasemda um að kerfin í Georgíu samrýmist almennt kröfum STCW-samþykktarinnar að því er varðar þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

8) Lokaniðurstaða matsins sýnir að Georgía uppfyllir kröfur STCW-samþykktarinnar og á sama tíma hefur landið gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.

9) Framkvæmdastjórnin lét aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 349, 21.12.2013, bls. 105. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

([2]) Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 78.

([3]) Stjtíð. EB L 136, 18.5.2001, bls. 17.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Georgía hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim KALLAS

varaforseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 305/2013 **2014/EES/54/53**

frá 26. nóvember 2012

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar samræmda veitingu rekstrarsamhæfðs neyðarnúmers fyrir ökumenn á vegum (*e. eCall*) innan alls Evrópusambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skynvæddra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta ([1]), einkum 7. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/40/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar þær forskriftir sem nauðsynlegar eru til að tryggja samrýmanleika, rekstrarsamhæfi og samfelldni með hliðsjón af útbreiðslu og hagnýtri notkun skynvæddra flutningakerfa.

2) Samkvæmt d-lið 3. gr. tilskipunar 2010/40/ESB telst samræmd veiting rekstrarsamhæfðrar neyðarnúmeraþjónustu fyrir ökumenn á vegum innan alls Evrópusambandsins vera forgangsaðgerð. Framkvæmdastjórnin ætti því að samþykkja nauðsynlegar forskriftir á þessu sviði.

3) Í 26. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ([2]) er þess krafist að upphringingum í samevrópska neyðarnúmerið 112 sé svarað og brugðist við þeim með viðeigandi hætti sem hentar best landsbundnu skipulagi neyðarkerfa, þ.m.t. viðbragðsstöðvar fyrir neyðarsímtöl (opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar).

4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar „Neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum (e. *eCall*): Tími til útbreiðslu“ ([3]), er gert ráð fyrir nýjum stjórnvaldsráðstöfunum til að flýta útbreiðslu neyðarnúmeraþjónustu fyrir ökumenn á vegum í Sambandinu. Ein af þeim ráðstöfunum sem lagðar eru til er að það sé skyldubundið að gera nauðsynlegar endurbætur á grunnvirki opinberra neyðarsímsvörunarstöðva svo þær geti með tilhlýðilegum hætti tekið á móti og afgreitt símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum.

5) Samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2011/750/ESB ([4]) um stuðning við neyðarnúmeraþjónustu fyrir ökumenn á vegum (*e. eCall*) innan alls Evrópusambandsins á rafrænum fjarskiptanetum fyrir flutning á neyðarsímtölum úr ökutækjum á grundvelli 112 („eCalls“) ber aðildarríkjunum að upplýsa til hvaða opinberu neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skuli beina símtölum í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum og tryggja að rekstraraðilar farsímaneta meðhöndli símtölin með viðeigandi hætti.

   Búist er við að með því að stytta viðbragðstíma neyðarþjónustu muni rekstrarsamhæft neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum innan alls Evrópusambandsins draga úr fjölda dauðsfalla í Sambandinu sem og alvarlegum meiðslum af völdum umferðarslysa.

7) Einnig er búist við að rekstrarsamhæft neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum innan alls Evrópusambandsins muni spara samfélaginu með því að bæta atvikastjórnun og með því að fækka umferðarteppum á vegum og eftirslysum af völdum annarra slysa.

8) Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við afgreiðslu opinberra neyðarsímsvörunarstöðva, neyðarþjónustu og samstarfsaðila í þjónustu á símtölum í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum fer fram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([5]) og í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 91, 3.4.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

([3]) COM (2009) 434 lokagerð.

([4]) Stjtíð. ESB L 303, 22.11.2011, bls. 46.

([5]) Stjtíð EB L 281, 2.11.1995, bls. 31.

persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ([6]). Aðildarríkin skulu tryggja að sýnt sé fram á að farið sé að þessu ákvæði, með landsbundnum gagnaverndaryfirvöldum, annaðhvort í tengslum við fyrirframeftirlit, s.s. fyrirframtilkynningar, eða eftirlit sem er framkvæmt eftir á, s.s. í tengslum við kvartanir og rannsóknir.

9) Rekstrarsamhæfð neyðarnúmeraþjónusta fyrir ökumenn á vegum innan alls Evrópusambandsins fylgir tilmælum starfshóps skv. 29. gr. um gagnavernd og er að finna í „vinnuskjalinu um gagnavernd og afleiðingar framtaksverkefnisins um neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum á friðhelgi einkalífsins“, sem var samþykkt 26. september 2006 (1609/06/EN — WP 125). Ökutæki, sem eru búin neyðarsímtalsbúnaði fyrir ökumenn á vegum, skulu vera órekjanleg í venjulegri notkunarstöðu. Lágmarksgagnamengi, sem sent er með neyðarsímtalsbúnaði (þ.e. þegar hann er settur í gang), skal innihalda lágmarksupplýsingar sem krafist er til viðeigandi afgreiðslu neyðarsímtala.

10) Við útbreiðslu grunnvirkis fyrir opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu aðildarríkin, með fyrirvara um tilskipun 95/46/EB, hafa hliðsjón af „vinnuskjalinu um gagnavernd og afleiðingar framtaksverkefnisins um neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum á friðhelgi einkalífsins“, sem var samþykkt af starfshópi skv. 29. gr. um gagnavernd 26. september 2006 (1609/06/EN — WP 125).

11) Mikilvægt er að öll aðildarríki þrói sameiginlegar tæknilausnir og starfsvenjur við veitingu neyðarnúmeraþjónustu. Vinna ætti að þróun sameiginlegra tæknilausna gegnum evrópskar staðlastofnanir, til þess að auðvelda innleiðingu neyðarnúmeraþjónustunnar fyrir ökumenn á vegum, tryggja rekstrarsamhæfi og samfellu þjónustunnar innan alls Evrópusambandsins, og draga úr kostnaði við innleiðinguna fyrir Sambandið í heild sinni.

12) Evrópsku staðlastofnanirnar, Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu og Staðlasamtök Evrópu hafa þróað sameiginlega staðla fyrir útbreiðslu samevrópsku neyðarnúmeraþjónustunnar fyrir ökumenn á vegum, sem þessi reglugerð vísar til.

13) Grunnvirki, sem eru nú þegar útbreidd, ættu að fá nægilegan tíma til endurnýjunar og því skal reglugerðin gilda um þau 12 mánuðum eftir að hún hefur öðlast gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er kveðið á um forskriftir vegna endurnýjunar á grunnvirki opinberra neyðarsímsvörunarstöðva, sem krafist er fyrir rétta móttöku og afgreiðslu símtala í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum til að tryggja samhæfi, rekstrarsamhæfi og samfelldni og samræmda neyðarnúmeraþjónustu fyrir ökumenn á vegum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „neyðarþjónusta“: þjónusta sem er viðurkennd sem slík af aðildarríkinu, sem veitir aðstoð tafarlaust og hratt við aðstæður þar sem einkum bein hætta steðjar að lífi eða limum einstaklinga, almannaheilbrigði eða -öryggi eða eignum í einkaeigu eða eigu hins opinbera eða umhverfinu, í samræmi við landslöggjöf,

b) „opinber neyðarsímsvörunarstöð“: staðurinn þar sem tekið er á móti neyðarsímtölum og er á ábyrgð opinbers yfirvalds eða einkarekinnar stofnunar sem er viðurkennd af aðildarríkinu,

c) „opinber neyðarsímsvörunarstöð, sem hentar best“: opinber neyðarsímsvörunarstöð sem er skilgreind fyrirfram af yfirvöldum, sem bera ábyrgð, til að taka á móti neyðarsímtölum frá tilteknu svæði eða neyðarsímtölum af tiltekinni tegund,

d) „opinber neyðarsímsvörunarstöð fyrir neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“: neyðarsímsvörunarstöð, sem hentar best, sem er skilgreind fyrir fram af yfirvöldum til að taka á móti og afgreiða símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum,

e) „talsímavörður í opinberri neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“: einstaklingur á neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum sem tekur á móti og/eða afgreiðir neyðarsímtöl,

f) „þjónustuaðili“: opinber eða einkarekin stofnun, sem er viðurkennd af landsyfirvöldum og sem hefur það hlutverk að meðhöndla atvik í tengslum við símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum (t.d. rekstraraðili vega, aðstoðarþjónusta),

g) „búnaður í ökutæki“: búnaður í ökutæki, sem veitir aðgang eða hefur aðgang að þeim gögnum ökutækisins sem eru nauðsynleg til að flytja símtal í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum úr ökutæki um almennt, þráðlaust fjarskiptanet,

h) „símtal í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“ (sem um getur í tilskipun 2010/40/ESB sem „rekstrarsamhæft neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum innan ESB“): neyðarsímtal úr ökutæki í númerið 112, sem hringt er annaðhvort sjálfvirkt með virkjun innbyggðra nema í ökutækinu eða handvirkt, sem flytur staðlað lágmarksgagnamengi og kemur á hljóðrás milli ökutækisins og opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, um almenn, þráðlaus fjarskiptanet,

([6]) Stjtíð EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

i. „flutningur símtals í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“: að koma á þráðlausum samskiptum um almennt fjarskiptanet og flutningur lágmarksgagnamengis frá ökutæki til opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir neyðarsímtöl úr ökutækjum og að koma á hljóðrás á milli ökutækisins og sömu neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum,

j) „lágmarksgagnamengi“: upplýsingar, sem skilgreindar eru í staðlinum „Road transport and traffic telematics — eSafety — eCall minimum set of data (MSD)“ (EN 15722), sem eru sendar til opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum,

k) „verksmiðjunúmer ökutækis“: alstafakóði, sem framleiðandi úthlutar ökutæki til þess að tryggja rétta auðkenningu sérhvers ökutækis, eins og lýst er í ISO-staðli 3779,

l) „þráðlaust fjarskiptanet“: þráðlaust fjarskiptanet með einsleitri yfirfærslu á milli aðgangsstaða nets,

m) „almennt, þráðlaust fjarskiptanet“: þráðlaust fjarskiptanet sem er öllum aðgengilegt í samræmi við tilskipun 2002/22/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([7]),

n) „neyðarstjórnstöð“: aðstaða sem notuð er fyrir eina eða fleiri tegundir neyðarþjónustu til að afgreiða neyðarsímtöl,

o) „óunnið lágmarksgagnamengi“: framsetning lágmarksgagnamengis sem sent er áður en það er birt talsímaverði á neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum með skiljanlegum hætti.

3. gr.

Kröfur fyrir neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum

1. Aðildarríkin skulu tryggja að allar opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum séu í stakk búnar til að afgreiða neyðarsímtöl úr ökutækjum og taka við lágmarksgagnamengi sem er upprunnið í búnaði í ökutæki samkvæmt stöðlunum „Intelligent transport system — eSafety — PanEuropean eCall-Operating requirements” (EN 16072) og „Intelligent transport systems — eSafety — eCall High Level Application Requirements (HLAP)” (EN 16062).

2. Opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu afgreiða neyðarsímtöl úr ökutæki eins hratt og skilvirkt og hvert annað símtal í samevrópska neyðarnúmerið 112. Neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu vinna úr neyðarsímtölum í samræmi við kröfur landsbundinna reglna um vinnslu neyðarsímtala.

3. Opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu geta tekið á móti gagnainnihaldi lágmarksgagnamengisins og birt það talsímaverði neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum með skýrum og skiljanlegum hætti.

4. Opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu hafa viðeigandi aðgang að landupplýsingakerfi (GIS) eða sambærilegu kerfi sem gerir talsímaverði neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum kleift að greina staðsetningu og stefnu ökutækisins með lágmarksnákvæmni, eins og skilgreint er í EN 15722, að því er varðar hnit lágmarksgagnamengis.

5. Framangreindar kröfur skulu gera neyðarsímsvörunarstöðvum fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum kleift að gefa upp staðsetningu, tegund virkjunar neyðarsímtals í ökutækinu (handvirkt eða sjálfvirkt) og önnur gögn sem skipta máli fyrir viðkomandi neyðarþjónustu eða þjónustuaðila.

6. Opinber neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum (sem tekur upphaflega við neyðarsímtalinu úr ökutækinu) skal koma á hljóðsamskiptum við ökutækið og meðhöndla gögn neyðarsímtalsins frá ökutækinu, og ef nauðsyn krefur, getur opinbera neyðarsímsvörunarstöðin fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum beint símtalinu og lágmarksgagnamenginu til annarrar opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar, neyðarstjórnstöðvar eða þjónustuaðila, samkvæmt landsbundinni málsmeðferð sem landsyfirvald ákveður. Sé neyðarsímtalinu beint annað er heimilt að gera það um gagna- eða hljóðtengingu, eða helst bæði.

7. Ef við á og með hliðsjón af landsbundinni málsmeðferð og löggjöf er heimilt að veita opinberri neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum og viðeigandi neyðarþjónustu eða þjónustuaðila, aðgang að eiginleikum ökutækisins, sem finna má í landsbundnum gagnagrunni og/eða öðrum viðeigandi úrræðum, til þess að fá þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að meðhöndla símtal í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, nánar tiltekið til að mögulegt sé að túlka verksmiðjunúmer ökutækis og setja fram viðkomandi viðbótarupplýsingar, einkum gerð ökutækis og tegund.

4. gr.

Samræmismat

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær yfirvöld fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum til að meta samræmi aðgerða opinberra neyðarsímsvörunarstöðva fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum við kröfurnar, sem taldar eru upp í 3. gr., og skulu tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar. Samræmismatið skal byggjast á þeim hluta staðalsins „Intelligent transport systems — eSafety — eCall end to end conformance testing“ (EN 16454), sem tengist samræmi opinberra neyðarsímsvörunarstöðva við samevrópsk neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum.

([7]) Stjtíð EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

5. gr.

Skuldbindingar í tengslum við útbreiðslu grunnvirkis opinberra neyðarsímsvörunarstöðva fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum

Aðildarríki skulu tryggja að reglugerð þessari sé beitt við útbreiðslu á grunnvirki opinberra neyðarsímsvörunarstöðva fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum til meðhöndlunar á rekstrarsamhæfa neyðarnúmerinu fyrir ökumenn innan alls Evrópusambandsins, í samræmi við meginreglurnar fyrir forskriftir og útbreiðslu, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 2010/40/ESB. Þetta hefur ekki áhrif á rétt hvers aðildarríkis til að ákveða útbreiðslu á grunnvirki opinberu neyðarsímsvörunarstöðvarinnar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum vegna meðhöndlunar á rekstrarsamhæfa neyðarsímanúmerinu fyrir ökumenn innan alls Evrópusambandsins, á yfirráðasvæði sínu. Þessi réttur er með fyrirvara um hvers konar lagagerðir sem samþykktar eru samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2010/40/ESB.

6. gr.

Reglur um friðhelgi einkalífs og gagnavernd

1. Litið skal svo á að opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar, þ.m.t. opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, séu ábyrgðaraðilar gagna í skilningi d-liðar 2. gr. tilskipunar 95/46/EB. Þegar senda á gögn er varða símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum til annarra neyðarstjórnstöðva eða þjónustuaðila, skv. 5. mgr. 3. gr., skal einnig litið svo á að hinir síðarnefndu séu ábyrgðaraðilar gagna. Aðildarríkin skulu tryggja að vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við meðhöndlun neyðarsímsvörunarstöðva, neyðarþjónustu og þjónustuaðila á símtölum í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum sé framkvæmd í samræmi við tilskipanir 95/46/EB og 2002/58/EB og að landsbundnum gagnaverndaryfirvöldum sé sýnt fram á að farið sé að ákvæðum þessara tilskipana.

2. Aðildarríkin skulu sérstaklega tryggja að persónuupplýsingar séu verndaðar fyrir misnotkun, þ.m.t. ólögmætum aðgangi, að þeim sé breytt eða að þær tapist og að settar séu samskiptareglur á viðeigandi stigi varðandi geymslu persónuupplýsinga, hversu lengi þær eru varðveittar, vinnslu þeirra og vernd og sjá til þess að farið sé að þessum reglum.

7. gr.

Reglur um bótaábyrgð

1. Opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að þær uppfylli allar samræmiskröfur staðla fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, sem taldir eru upp í 1. mgr. 3. gr. að því er varðar hluta þess kerfis sem þær hanna og/eða stjórna. Þær skulu eingöngu sæta viðurlögum vegna þess hluta neyðarsímtala úr ökutækjum sem þær bera ábyrgð á og hefst ábyrgðin á þeim tíma sem neyðarsímtal úr ökutæki berst opinberri neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum í samræmi við landsbundna málsmeðferð.

2. Í því skyni og til viðbótar við aðrar gildandi ráðstafanir og einkum í tengslum við afgreiðslu símtala í neyðarnúmerið 112, skal bæði óunna lágmarksgagnamengið og innihald lágmarksgagnamengisins, sem látin eru talsímaverðinum, sem tekur við neyðarsímtalinu úr ökutæki, í té, geymd í ákveðinn tíma, í samræmi við landsbundnar reglugerðir. Slík gögn skulu geymd í samræmi við 6., 13. og 17. gr. tilskipunar 95/46/EB.

8. gr.

Skýrslugjöf

Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu eigi síðar en 23. október 2013 um stöðu framkvæmdar þessarar reglugerðar. Þessi skýrsla skal m.a. innihalda skrá yfir lögbær yfirvöld, sem meta samræmi aðgerða opinberra neyðarsímsvörunarstöðva fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, skrána yfir landfræðilega útbreiðslu neyðarsímsvörunarstöðva fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, áætlun um útbreiðslu næstu tvö árin, lýsingu á samræmisprófunum og lýsingu á samskiptareglum um friðhelgi einkalífs og gagnavernd.

9. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir um grunnvirki sem er tekið í notkun frá þeim degi þegar þessi reglugerð öðlast gildi. Hún gildir frá 23. apríl 2014 um grunnvirki sem hafa þegar verið tekin í notkun á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 83/2014 2014/EES/54/54

frá 29. janúar 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) er mælt fyrir um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur, sem komu í stað III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3922/91 ([3]), að undanskildum Q-kafla um fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

2) Í samræmi við 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 ættu framkvæmdarreglurnar, sem varða fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma, að fela í sér öll þýðingarmikil ákvæði Q-kafla í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91, að teknu tilliti til nýjustu vísinda- og tækniþekkingar.

3) Þessi reglugerð felur í sér framkvæmdarráðstöfunina, sem um getur í 5. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og því skal Q-kafli í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 felldur brott í samræmi við 3. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Samt sem áður gildir Q-kafli í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 áfram þar til umbreytingartímabilin, sem gert er ráð fyrir í þessari reglugerð, hafa fallið úr gildi og gildir fyrir þær tegundir starfrækslu þar sem enn á eftir að ákveða framkvæmdarráðstafanir.

4) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á takmarkanir og lágmarkskröfur sem þegar hafa verið ákvarðaðar með tilskipun ráðsins 2000/79/EB ([4]), einkum ákvæðin um vinnutíma og daga án starfsskyldu, sem ætti ávallt að virða varðandi farstarfsmenn í almenningsflugi. Ákvæði þessarar reglugerðar og önnur ákvæði, sem samþykkt eru samkvæmt þessari reglugerð, eru ekki ætluð til að réttlæta að dregið verði úr núverandi verndarstigi fyrir farstarfsmenn. Ákvæði þessarar reglugerðar hindra ekki og ættu ekki að hafa áhrif á beitingu landsbundinnar félagsmálalöggjafar og kjarasamninga um vinnuskilyrði og heilbrigði og öryggi á vinnustað, sem veita öflugri vernd.

5) Aðildarríkjum er heimilt að veita undanþágu frá eða víkja frá þessari reglugerð eða tengdum vottunarforskriftum, eftir því sem við á, með því að beita ákvæðum á öryggisstigi, sem samsvara a.m.k. ákvæðum þessarar reglugerðar, í því skyni að taka betur tillit til tiltekinna landsbundinna þátta eða starfsvenja. Hvers konar undanþágur eða frávik frá þessari reglugerð ætti að tilkynna og meðhöndla í samræmi við 14. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, sem tryggir gagnsæjar ákvarðanir án mismununar sem byggjast á hlutlægum viðmiðunum.

6) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fyrir framkvæmdastjórnina sem álit ([5]), í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

7) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 svo hún taki til fartíma- og vinnutímamarka og reglna um hvíldartíma.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 6. liður bætist við í 2. gr.:

„6) „þjónustuflug“ (e. *air taxi operation*): að því er varðar fartíma- og vinnutímamörk, óreglubundið flutningaflug samkvæmt pöntun með flugvél sem hefur hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 eða færri.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 28, 31.1.2014, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

([4]) Stjtíð. EB L 302, 1.12.2000, bls. 57.

([5]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 04/2012 frá 28. september 2012 vegna reglugerðar þar sem ákvarðaðar eru framkvæmdarreglur um fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma (FTL) fyrir flutningaflug með flugvélum (http://www.easa.europa.eu/agency-measures/docs/opinions/2012/04/EN%20to%20Opinion%2004-2012.pdf).

2) Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„*8. gr.*

Fartímamörk

1. Flutningaflug með flugvélum fellur undir FTL-kafla í III. viðauka.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal þjónustuflug, sjúkraflug og flutningaflug með flugvélum með einn flugmann í áhöfn falla undir 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr 3922/91 og undir Q-kafla í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 sem og tengdar landsbundnar undanþágur, sem byggjast á öryggisáhættumati sem lögbær yfirvöld framkvæma.

3. Flutningaflug með þyrlum skal vera í samræmi við landsbundnar kröfur.“

3) Eftirfarandi 9. gr. a bætist við:

„*9. gr. a*

Flugöryggisstofnunin skal stöðugt endurskoða ákvæðin um fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma sem tilgreind eru í II. og III. viðauka. Eigi síðar en 18. febrúar 2019 skal Flugöryggisstofnunin leggja fram fyrstu skýrsluna um niðurstöðurnar úr þessari endurskoðun.

Við endurskoðunina skal nýta vísindalega sérþekkingu sem byggist á rekstrargögnum sem aflað hefur verið með aðstoð aðildarríkjanna yfir langan tíma eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

Við endurskoðunina, sem um getur í 1. mgr., skal meta hvaða áhrif a.m.k. eftirfarandi þættir hafa á árvekni flugáhafnar:

— vaktir, sem vara lengur en 13 klukkustundir, á heppilegasta tíma dags,

— vaktir, sem vara lengur en 10 klukkustundir, á óheppilegri tíma dags,

— vaktir, sem vara lengur en 11 klukkustundir, hjá þeim flugverjum þar sem ekki er vitað um ástand aðlögunar,

— vaktir sem samanstanda af mörgum flugleggjum (fleiri en sex),

— útkallsvaktir, t.d. bakvaktir eða varavaktir, þar sem næst á eftir koma flugvaktir, og

— vinnuáætlanir sem valda röskun á mögulegri hvíld (e. *disruptive schedule*).“

4) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 18. febrúar 2016.

Þrátt fyrir aðra málsgrein geta aðildarríkin valið að beita ekki ákvæðum e-liðar í ORO.FTL.205 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og haldið áfram að beita gildandi landsákvæðum um hvíld meðan á flugi stendur, fram til 17. febrúar 2017.

Þegar aðildarríki beitir ákvæðum þriðju málsgreinar skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni þar um, tilgreina ástæður fyrir undanþágunni, hve lengi hún varir og lýsa framkvæmdaráætluninni sem inniheldur fyrirhugaðar aðgerðir ásamt tilheyrandi tímasetningum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 bætist eftirfarandi við sem liðirnir ARO.OPS.230 og ARO.OPS.235:

„ARO.OPS.230 Ákvæði vinnuáætlana sem valda röskun á mögulegri hvíld

Að því er varðar fartímamörk skal lögbært yfirvald ákvarða, í samræmi við skilgreiningarnar „vinnuáætlun sem veldur röskun á mögulegri hvíld (snemma)“ og tegundinni „vinnuáætlun sem veldur röskun á mögulegri hvíld (seint)“ í III. viðauka í ORO.FTL.105, hvor þessara tegunda eigi að gilda um alla flugrekendur í flutningaflugi sem yfirvaldið hefur eftirlit með.

ARO.OPS.235 Samþykkt stakra áætlana um flugtímaforskriftir

a) Lögbært yfirvald skal samþykkja áætlanirnar um flugtímaforskriftir, sem flugrekendur í flutningaflugi leggja fram, ef flugrekandinn sýnir fram á að hann uppfylli kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og FTL-kafla í III. viðauka við þessa reglugerð.

b) Lögbært yfirvald skal beita málsmeðferðinni, sem lýst er í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, í hvert sinn sem áætlun flugrekanda um flugtímaforskriftir víkur frá gildandi vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út.

c) Lögbært yfirvald skal beita málsmeðferðinni, sem lýst er í 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, í hvert sinn sem áætlun flugrekanda um flugtímaforskriftir víkur frá gildandi framkvæmdarreglum sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út.

d) Eftir að samþykktum frávikum eða undanþágum hefur verið beitt skal meta þær til að ákveða hvort staðfesta ætti slík frávik eða undanþágur eða breyta þeim. Lögbært yfirvald og Flugöryggisstofnunin skulu annast óháð mat á grundvelli þeirra upplýsinga sem flugrekandi lætur í té. Matið skal vera hlutfallslegt, gagnsætt og byggjast á vísindalegum meginreglum og þekkingu.“

II. VIÐAUKI

Í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 bætist við eftirfarandi FTL-kafli:

„FTL-KAFLI

FARTÍMA- OG VINNUTÍMAMÖRK OG REGLUR UM HVÍLDARTÍMA

1. ÞÁTTUR

Almenn atriði

ORO.FTL.100 Gildissvið

Í þessum kafla eru settar kröfur sem flugrekandi og flugverjar hans eiga að fara að í tengslum við fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma flugverja.

ORO.FTL.105 Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „aðlagaður“ (e. *acclimatised*): ástand þar sem líffklukka flugverja er samstillt því tímabelti sem hann er staddur í. Flugverji telst vera aðlagaður að tímabelti sem nemur tveimur klukkustundum í kringum þann staðartíma þar sem brottför hans hefst. Þegar staðartími á þeim stað þar sem vaktin hefst er meiri en tveir tímar frá staðartíma á þeim stað þar sem næsta vakt hefst telst flugverjinn, við útreikning á daglegri hámarksflugvakt, vera aðlagaður í samræmi við gildin í töflu 1.

Tafla 1

Tímamunur (h) milli viðmiðunartíma og staðartíma þar sem næsta vakt flugverja hefst.	Liðinn tími frá mætingu á viðmiðunartíma.				
	< 48	48–71:59	72-95:59	96-119:59	≥ 120
< 4	B	D	D	D	D
≤ 6	B	X	D	D	D
≤ 9	B	X	X	D	D
≤ 12	B	X	X	X	D

„B“: aðlagaður að staðartíma í tímabelti brottfararstaðar,

„D“: aðlagaður að staðartíma þar sem flugverji hefur næstu vakt sína og

„X“: ekki er vitað um ástand aðlögunar hjá flugverja,

2) „viðmiðunartími“ (e. *reference time*): staðartími á mætingarstað í tímabelti sem nemur tveimur klukkustundum í kringum þann staðartíma sem flugverji er aðlagaður að,

3) „gistiaðstaða“ (e. *accommodation*): að því er varðar bakvakt og skipta vakt er þetta rólegur og þægilegur staður, sem er ekki aðgengilegur almenningi, þar sem hægt er að stjórna birtu og hita, staður sem er búinn fullnægjandi húsgögnum, sem gerir flugverja kleift að sofa, þar sem rými er nægilegt fyrir alla flugverja og þar sem aðgangur er að mat og drykk,

4) „viðeigandi gistiaðstaða“ (e. *suitable accommodation*): að því er varðar bakvakt, skipta vakt og hvíldartíma er þetta aðskilið herbergi fyrir hvern flugverja, staðsett í rólegu umhverfi og með rúmi, með fullnægjandi loftræstingu ásamt búnaði til að stjórna hitastigi og lýsingu og þar sem aðgangur er að mat og drykk,

5) „aukin flugáhöfn“: flugáhöfn þar sem flugliðar eru fleiri en sá lágmarksfjöldi sem þarf til að starfrækja loftfarið og hver flugliði getur yfirgefið starfsstöð sína, til að fá hvíld í flugi, og annar flugliði með viðeigandi menntun og hæfi tekið við af honum,

6) „vinnuhlé“: tímabil á flugvaktinni án starfsskyldu sem telst þó til vinnu þar eð það er styttra en hvíldartími,

7) „seinkun á mætingu fyrir flugvakt“ (e. *delayed reporting*): frestun flugrekanda á áætlaðri flugvakt áður en flugverji hefur yfirgefið hvíldarstaðinn,

8) „vinnuáætlun sem veldur röskun á mögulegri hvíld“ (e. *disruptive schedule*): vaktaskrá flugverja, sem veldur röskun á möguleika hans á að sofa á þeim tíma sem svefn er æskilegastur, þar eð hún felur í sér flugvakt eða margar flugvaktir, sem eiga sér stað á þeim hluta dags eða nætur þar sem flugverji hefur aðlagast eða sem hefjast eða enda innan þess tímabils; vinnuáætlun getur valdið röskun ef vakt hefst snemma, endar seint eða vaktin er að nóttu til,

   a) „vinnuáætlun sem veldur röskun á mögulegri hvíld (snemma)“ felur í sér:

      i. að því er varðar „vakt sem hefst snemma“, vakt sem hefst á bilinu 05:00–05:59 á því tímabelti þar sem flugverji hefur aðlagast og

      ii. að því er varðar „vakt sem endar seint“, vakt sem endar á bilinu 23:00–01:59 á því tímabelti þar sem flugverji hefur aðlagast,

   b) „vinnuáætlun sem veldur röskun á mögulegri hvíld (seint)“ felur í sér:

      i. að því er varðar „vakt sem hefst snemma“, vakt sem hefst á bilinu 05:00–06:59 á því tímabelti þar sem flugverji hefur aðlagast og

      ii. að því er varðar „vakt sem endar seint“, vakt sem endar á bilinu 00:00–01:59 á því tímabelti þar sem flugverji hefur aðlagast,

9) „næturvinna“: vakt sem nær til einhvers hluta tímabilsins á bilinu 02:00–04:59 á því tímabelti þar sem flugverji er aðlagaður,

10) „skyldustarf“ (e. *duty*): öll störf sem flugverji innir af hendi fyrir flugrekanda, þ.m.t. flugvaktir, störf við stjórnsýslu, þjálfun, kennsla og eftirlit, flutningur á flugverjum og tilteknir þættir bakvaktar,

11) „vakt“ (e. *duty period*): tímabil, sem hefst þegar flugverja ber að mæta til vinnu eða hefja vaktina, samkvæmt fyrirmælum flugrekanda, og lýkur þegar hann er laus við allar starfsskyldur, þ.m.t. starfsskylda eftir flugið,

12) „flugvakt“ (FDP): tímabil sem hefst þegar flugverja ber að mæta til vinnu, sem felur í sér fluglegg eða röð flugleggja, og lýkur þegar loftfarið nemur að lokum staðar og slökkt er á hreyflum við lok síðasta flugleggsins þar sem flugverjinn er starfandi flugverji,

13) „fartími“: að því er varðar flugvélar og ferðavélsvifflugur, er þetta tíminn frá því að loftfar hreyfist af stæði sínu til að hefja flug og þar til það stöðvast á stæði, sem því hefur verið úthlutað, eða þar til allir hreyflar hafa verið stöðvaðir,

14) „heimahöfn“: staður, sem flugrekandi tilnefnir fyrir flugverja, og þar sem flugverji alla jafna hefur og lýkur vakt eða röð vakta en við venjulegar aðstæður er flugrekanda ekki skylt að sjá viðkomandi flugverja fyrir gistiaðstöðu þar,

15) „staðardagur“: 24 stunda tímabil (sólarhringur) sem hefst klukkan 00:00 að staðartíma.

16) „staðarnótt“: átta klukkustunda tímabil á bilinu 22:00–08:00 á staðartíma,

17) „starfandi flugverji“: flugverji sem starfar um borð meðan á fartíma stendur,

18) „flutningur á flugverjum“ (e. *positioning*): flutningur á flugverjum, sem eru ekki starfandi, frá einum stað til annars, samkvæmt fyrirmælum flugrekanda, að undanskildum:

— ferðatíma frá persónulegum hvíldarstað að tilgreindum mætingarstað í heimahöfn og öfugt og

— þeim tíma sem fer í flutning á staðnum frá hvíldarstað til upphafs vaktar og öfugt,

19) „hvíldaraðstaða“: koja eða sæti með stuðningi fyrir fótleggi og fætur, sem gerir flugverjum kleift að sofa um borð í loftfari,

20) „varavakt“ (e. *reserve*): tímabil þar sem flugverja er skylt, samkvæmt fyrirmælum frá flugrekanda, að vera til taks til að fara í flug, til flutnings á flugverjum eða til annars konar skyldustarfa með a.m.k. 10 klukkustunda fyrirvara,

21) „hvíldartími“: samfellt, órofið og afmarkað tímabil, á eftir eða á undan vakt, þar sem flugverji er laus við allar starfsskyldur, bakvaktir og varavaktir,

22) „vaktahringur“ (e. *rotation*): vakt eða röð vakta, þ.m.t. ein flugvakt hið minnsta, og hvíldartímabil eru tekin fjarri heimahöfn, sem hefjast í heimahöfn og enda við endurkomu í heimahöfn í því skyni að hefja hvíldartíma þar sem flugrekandi ber ekki lengur ábyrgð á því að sjá viðkomandi flugverja fyrir gistiaðstöðu,

23) „stakur dagur án starfsskyldu“: tími án allrar starfsskyldu og bakvakta sem samanstendur af einum degi og tveimur staðarnóttum, sem tilkynnt er um fyrir fram, í þeim tilgangi að fara að ákvæðum tilskipunar ráðsins 2000/79/EB ([6]); hvíldartímabil getur verið hluti af stökum degi án starfsskyldu,

24) „flugleggur“ (e. *sector*): sá hluti flugvaktar frá því að loftfar hreyfist til að hefja flug sitt þar til það stöðvast eftir lendingu á stæði sem því hefur verið úthlutað,

25) „bakvakt“: afmarkað tímabil, sem tilkynnt hefur verið um fyrir fram, þar sem flugverja er skylt, samkvæmt fyrirmælum frá flugrekanda, að vera til taks til að fara í flug, til flutnings á flugverjum eða til annars konar starfsskyldu án undanfarandi hvíldartíma,

26) „bakvakt á flugvelli“: bakvakt sem fer fram á flugvelli,

27) „aðrar tegundir bakvakta“: bakvakt, annaðhvort heima fyrir eða í viðeigandi gistiaðstöðu,

28) „dægurlægð“ (WOCL): tímabilið á bilinu 02:00–05:59 í því tímabelti þar sem flugverjinn er aðlagaður.

ORO.FTL.110 Ábyrgð flugrekanda

Flugrekandi skal:

a) birta vaktaskrár með nægilegum fyrirvara til að gefa flugverjum færi á að skipuleggja nægilega hvíld,

b) tryggja að flugvaktir séu skipulagðar á þann hátt að flugverjar fái nægilega hvíld svo þeir geti, við allar aðstæður, sinnt starfi sínu við viðunandi öryggi,

c) tilgreina mætingartíma sem gerir ráð fyrir nægilegum tíma til að sinna störfum á jörðu niðri,

d) taka tillit til tengsla milli tíðni og mynsturs flugvaktar og hvíldartímabila og taka tillit til uppsafnaðra áhrifa af völdum langra vakta og lágmarkshvíldar,

e) úthluta vakttímum á þann hátt að komist sé hjá verklagi sem veldur alvarlegri röskun á hefðbundnu svefn- eða vinnumynstri, t.d. með dag- og næturvöktum til skiptis,

([6]) Stjtíð. EB L 302, 1.12.2000, bls. 57.

f) fara að ákvæðunum um vinnuáætlanir sem valda röskun á mögulegri hvíld í samræmi við ARO.OPS.230,

g) veita hvíldartímabil, sem gefur flugverjum nægan tíma til að jafna sig á áhrifum undangenginna vakta, svo þeir verði vel úthvíldir við upphaf næstu flugvaktar,

h) skipuleggja reglubundinn viðbótarhvíldartíma vegna uppsafnaðrar þreytu (e. *recurrent extended recovery rest periods*) og tilkynna flugverjum um það með nægum fyrirvara,

i) skipuleggja flugið þannig að því ljúki innan leyfilegrar flugvaktar, að teknu tilliti til þess tíma sem þarf til undirbúnings undir flug, fyrir sjálfan flugleggjann og viðdvalartímann,

j) breyta vinnuáætlun og/eða áhafnarskipulagi ef sjálft flugstarfið fer yfir mörk hámarksflugvaktar í yfir 33% af áætluðu flugi á árstíðabundnu tímabili.

ORO.FTL.115 Ábyrgð flugverja

Flugverjar skulu:

a) fara að kröfum b-liðar í CAT.GEN.MPA.100 í IV. viðauka (CAT-hluta) og

b) nýta sér til fullnustu þau tækifæri og þær aðstæður sem bjóðast til hvíldar og skipuleggja og nota hvíldartíma sinn á tilhlýðilegan hátt.

ORO.FTL.120 Þreytuáhættustjórnun (e. *fatigue risk management*, FRM)

a) Þegar þreytuáhættustjórnunar er krafist, samkvæmt þessum kafla, eða viðeigandi vottunarforskriftar skal flugrekandi koma á, innleiða og viðhalda kerfi fyrir þreytuáhættustjórnun, sem skal vera óaðskiljanlegur hluti af stjórnunarkerfi hans. Kerfi fyrir þreytuáhættustjórnun skal tryggja að farið sé að grunnkröfunum í liðum 7.f, 7.g og 8.f í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Lýsa skal kerfi fyrir þreytuáhættustjórnun í rekstrarhandbókinni.

b) Með kerfinu fyrir þreytuáhættustjórnun, sem komið er á, innleitt og viðhaldið, skal vera hægt að bæta stöðugt heildarframmistöðu þreytuáhættustjórnunar og skal það fela í sér:

1) lýsingu á viðhorfi og meginreglum flugrekandans, með tilliti til þreytuáhættustjórnunar, sem nefnist stefna fyrir þreytuáhættustjórnun,

2) gögn yfir ferli þreytuáhættustjórnunar, þ.m.t. ferli til að gera starfsfólki grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber og verklag til að breyta þessum gögnum,

3) vísindalegar meginreglur og þekkingu,

4) hættugreiningu og áhættumatsferli, sem gerir flugrekanda kleift að stjórna rekstraráhættu af völdum viðvarandi þreytu flugverja,

5) áhættumildunarferli, sem gerir kleift að koma tafarlaust í framkvæmd aðgerðum til úrbóta, sem eru nauðsynlegar til að draga með skilvirkum hætti úr áhættu flugrekanda af völdum þreytu flugverja og til að vakta stöðugt og meta reglulega árangur þessara aðgerða til að draga úr áhættu af völdum þreytu,

6) ferli til að tryggja öryggi kerfis fyrir þreytuáhættustjórnun,

7) ferli til að efla kerfið fyrir þreytuáhættustjórnun.

c) Kerfi fyrir þreytuáhættustjórnun skal vera í samræmi við áætlunina um flugtímaforskriftir, stærðina á rekstri flugrekanda sem og eðli starfseminnar og hve flókin hún er, að teknu tilliti til þeirrar hættu og tilheyrandi áhættu, sem tengjast slíkri starfsemi og gildandi áætlunar um flugtímaforskriftir.

d) Flugrekandi skal grípa til mildandi aðgerða þegar ferli kerfis fyrir þreytuáhættustjórnun til að tryggja öryggi sýnir að nauðsynlegri öryggisframmistöðu sé ekki viðhaldið.

ORO.FTL.125 Áætlanir um flugtímaforskriftir

a) Flugrekendur skulu móta, framkvæma og viðhalda áætlunum um flugtímaforskriftir, sem henta þeirri tegund eða tegundum starfrækslu sem eru framkvæmdar og samrýmast reglugerð (EB) nr. 216/2008, ákvæðum þessa kafla og annarri gildandi löggjöf, þ.m.t. tilskipun 2000/79/EB.

b) Lögbært yfirvald skal samþykkja áætlanir um flugtímaforskriftir, þ.m.t. tilheyrandi kerfi fyrir þreytuáhættustjórnun, ef það á við, áður en þeim er komið í framkvæmd.

c) Til að sýna fram á að farið sé að reglugerð (EB) nr. 216/2008 og kröfum þessa kafla skal flugrekandi beita gildandi vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt. Vilji flugrekandinn víkja frá þessum vottunarforskriftum, í samræmi við 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skal hann láta lögbæra yfirvaldinu í té ítarlega lýsingu á áætluðu fráviki áður en því er komið til framkvæmda. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókum eða verklagsreglum, sem gætu skipt máli, sem og mat sem sýnir fram á að farið sé að kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessa kafla.

d) Að því er varðar d-lið ARO.OPS.235 skal flugrekandi, innan tveggja ára frá framkvæmd fráviks eða undanþágu, safna gögnum um leyft frávik eða undanþágu og greina þessi gögn með því að nota vísindalegar meginreglur í því skyni að meta hvaða áhrif frávikið eða undanþágan hefur á þreytu flugáhafnar. Lögbæra yfirvaldið skal fá niðurstöðurnar úr slíkri greiningu í formi skýrslu.

2. ÞÁTTUR

Flugrekendur í flutningaflugi

ORO.FTL.200 Heimahöfn

Flugrekandi skal tilnefna heimahöfn fyrir hvern flugverja.

ORO.FTL.205 Flugvakt

a) Flugrekandinn skal:

1) tilgreina mætingartíma sem hentar hverri einstakri starfrækslu, að teknu tilliti til c-liðar ORO.FTL.110,

2) setja verklagsreglur þar sem tilgreint er með hvaða hætti flugstjórinn eigi, við sérstakar aðstæður, sem gætu haft í för með sér alvarlega þreytu, og að höfðu samráði við þá flugverja sem þetta snertir, að stytta sjálfa flugvaktina og/eða lengja hvíldartímann til að koma í veg fyrir hvers konar skaðleg áhrif á flugöryggið.

b) Dagleg hámarksflugvakt.

1) Dagleg hámarksflugvakt án lengingar fyrir aðlagaða flugverja skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

Tafla 2

Dagleg hámarksflugvakt — aðlagaðir flugverjar

Upphaf flugvaktar á viðmiðunartíma	1–2 flugleggir	3 flugleggir	4 flugleggir	5 flugleggir	6 flugleggir	7 flugleggir	8 flugleggir	9 flugleggir	10 flugleggir
0600-1329	13:00	12:30	12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00
1330–1359	12:45	12:15	11:45	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00
1400-1429	12:30	12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00
1430-1459	12:15	11:45	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00	09:00
1500-1529	12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00	09:00
1530-1559	11:45	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00	09:00	09:00
1600-1629	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00	09:00	09:00
1630-1659	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00	09:00	09:00	09:00
1700-0459	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00	09:00	09:00	09:00
0500-0514	12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00	09:00
0515-0529	12:15	11:45	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00	09:00
0530-0544	12:30	12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00
0545-0559	12:45	12:15	11:45	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00

2) Dagleg hámarksflugvakt, þar sem ekki er vitað um ástand aðlögunar hjá flugverjum, skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

Tafla 3

Flugverjar þar sem ekki er vitað um ástand aðlögunar

Dagleg hámarksflugvakt samkvæmt flugleggjum						
1–2	3	4	5	6	7	8
11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00	09:00

3) Dagleg hámarksflugvakt þar sem ekki er vitað um ástand aðlögunar hjá flugverja skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

Tafla 4

Flugverjar þar sem ekki er vitað um ástand aðlögunar samkvæmt kerfi fyrir þreytuáhættustjórnun

Gildin í eftirfarandi töflu geta átt við, að því tilskildu að kerfið fyrir þreytuáhættustjórnun flugrekanda vakti stöðugt að nauðsynlegri öryggisframmistöðu sé viðhaldið.

Dagleg hámarksflugvakt samkvæmt flugleggjum						
1–2	3	4	5	6	7	8
12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00

c) Flugvakt þar sem mætingartími er ekki sá sami fyrir flugliða og öryggis- og þjónustuliða.

Ef öryggis- og þjónustuliðar þurfa meiri tíma heldur en flugliðar fyrir sína fyrirflugskynningu fyrir sama fluglegg eða röð flugleggja er heimilt að lengja flugvakt þeirra sem nemur muninum á mætingartíma öryggis- og þjónustuliða og flugliða. Munurinn skal ekki vera meiri en ein klukkustund. Dagleg hámarksflugvakt öryggis- og þjónustuliða miðast við þann tíma sem flugliðar mæta á sína flugvakt en flugvaktin hefst á mætingartíma öryggis- og þjónustuliða.

d) Dagleg hámarksflugvakt hjá aðlöguðum flugverjum með lengingu án hvíldar í flugi.

1) Lengja má daglega hámarksflugvakt um eina klukkustund að hámarki tvisvar á hverju samfelldu sjö daga tímabili. Í því tilviki:

i. skal bæta tveim klukkustundum við lágmarkshvíldartíma fyrir og eftir flug eða

ii. skal bæta fjórum klukkustundum við hvíldartíma eftir flug.

2) Þegar tvær flugvaktir í röð eru lengdar skal viðbótarhvíldartíminn fyrir og eftir lengdu flugvaktirnar tvær vera hvor á eftir öðrum.

3) Lenging skal skipulögð fyrir fram og takmarkast við allt að:

i. fimm flugleggi þegar flugvakt er ekki í dægurlægð eða

ii. fjóra flugleggi þegar flugvakt er í dægurlægð í allt að tvær klukkustundir eða

iii. tvo flugleggi þegar flugvakt er í dægurlægð í meira en tvær klukkustundir.

4) Ekki má sameina lengingu á daglegri hámarksflugvakt án hvíldar í flugi og lengingu vegna hvíldar í flugi eða vegna skiptrar vaktar innan sömu vaktarinnar.

5) Í áætlunum um flugtímaforskriftir skal tilgreina takmarkanir á lengingu daglegrar hámarksflugvaktar í samræmi við vottunarforskriftirnar, sem eiga við um viðeigandi tegund starfrækslu, að teknu tilliti til:

i. fjölda flugleggja og

ii. flugvaktar sem er í dægurlægð.

e) Lenging á daglegri hámarksflugvakt vegna hvíldar í flugi.

Í áætlunum um flugtímaforskriftir skal tilgreina skilyrðin fyrir lengingu á daglegri hámarksflugvakt með hvíld í flugi í samræmi við vottunarforskriftirnar, sem eiga við um viðeigandi tegund starfrækslu, að teknu tilliti til:

i. fjölda flugleggja og

ii. lágmarkshvíldar í flugi sem hverjum flugverja er úthlutað,

iii. tegundar hvíldaraðstöðu um borð og

iv. fjölgunar flugliða.

f) Ófyrirséðar aðstæður í flugstarfinu — ákvörðunarréttur flugstjóra

1) Breytingar flugstjóra á takmörkunum á flugvakt og vinnu- og hvíldartíma, ef ófyrirséðar aðstæður koma upp í flugstarfinu, sem hefst við eða eftir mætingartíma, skulu vera í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

i. ekki er heimilt að lengja daglega hámarksflugvakt, sem leiðir af beitingu b- og e-liðar ORO.FTL.205 eða ORO.FTL.220, um meira en tvær klukkustundir nema fjölgað hafi verið í flugáhöfn og er þá heimilt að lengja hámarksflugvaktina um þrjár klukkustundir hið mesta.

ii. ef farið er yfir leyfilega lengingu á síðasta fluglegg flugvaktar, vegna ófyrirséðra aðstæðna eftir flugtak, er heimilt að halda flugi áfram til áætlaðs ákvörðunarflugvallar eða varaflugvallar og

iii. stytta má hvíldartímann í kjölfar flugvaktar en hann má þó aldrei vera styttri en tíu klukkustundir.

2) Ef upp koma ófyrirséðar aðstæður, sem gætu haft í för með sér alvarlega þreytu, skal flugstjórinn stytta sjálfa flugvaktina og/eða lengja hvíldartímann til að koma í veg fyrir hvers konar möguleg skaðleg áhrif á flugöryggið.

3) Áður en flugstjóri tekur ákvörðun um breytingarnar, skv. 1. og 2. lið, skal hann hafa samráð við hina flugverjana um árvekni þeirra.

4) Þegar flugstjóri tekur ákvörðun um að lengja flugvakt eða stytta hvíldartíma skal hann leggja skýrslu fyrir flugrekandann.

5) Ef flugvakt er lengd eða hvíldartími styttur um meira en eina klukkustund skal flugrekandi senda lögbæru yfirvaldi eintak af skýrslunni, ásamt eigin athugasemdum, eigi síðar en 28 dögum eftir atburðinn.

6) Flugrekandi skal láta fara fram rannsókn án refsiákvæða á breytingum flugstjórans í tengslum við þetta ákvæði og gera grein fyrir rannsókninni í rekstrarhandbókinni.

g) Ófyrirséðar aðstæður í flugstarfinu — seinkun á mætingu fyrir flugvakt

Flugrekandi skal hafa verklagsreglur í rekstrarhandbókinni um seinkun á mætingu fyrir flugvakt, ef ófyrirséðar aðstæður koma upp í flugstarfinu, í samræmi við vottunarforskriftirnar sem gilda um viðeigandi tegund starfrækslu.

ORO.FTL.210 Flugtími og vaktir

a) Samanlagðar vaktir, sem flugverja eru ætlaðar, mega ekki fara yfir:

1) 60 klukkustunda vinnutíma á hverju samfelldu sjö daga tímabili,

2) 110 klukkustunda vinnutíma á hverju samfelldu fjórtán daga tímabili og

3) 190 klukkustunda vinnutíma á hverju samfelldu 28 daga tímabili, sem skal dreift eins jafnt og mögulegt er yfir þetta tímabil.

b) Samanlagðir fartímar flugleggja, þar sem flugverji er skráður sem starfandi flugverji, skulu ekki fara yfir:

1) 100 klukkustunda fartíma á hverju samfelldu 28 daga tímabili,

2) 900 klukkustunda fartíma á hverju almanaksári og

3) 1000 klukkustunda fartíma á hverju samfelldu 12 almanaksmánaða tímabili.

c) Skyldustörf eftir flug teljast til vaktar. Flugrekandi skal tilgreina í rekstrarhandbók sinni þann lágmarkstíma sem ætlaður er til að sinna skyldustörfum eftir flug.

ORO.FTL.215 Flutningur á flugverjum

Ef flugrekandi flytur flugverja gildir eftirfarandi:

a) flutningur eftir mætingu en fyrir flug telst vera hluti flugvaktarinnar en telst ekki til flugleggjar,

b) allur tími, sem fer í flutninginn, telst til vaktar.

ORO.FTL.220 Skipt vakt

Skilyrðin fyrir lengingu á daglegri hámarksflugvakt vegna vinnuhlés á jörðu niðri eru eftirfarandi:

a) í áætlunum um flugtímaforskriftir skal tilgreina eftirfarandi atriði um skipta vakt í samræmi við vottunarforskriftir sem gilda um viðeigandi tegund starfrækslu:

1) lágmarkstími vinnuhlés á jörðu niðri og

2) möguleikann á að lengja flugvaktina, sem mælt er fyrir um í b-lið ORO.FTL.205, að teknu tilliti til lengdar vinnuhlés á jörðu niðri, hvíldaraðstöðu, sem er í boði fyrir flugverja, og annarra viðeigandi þátta,

b) allt vinnuhléið á jörðu niðri telst að öllu leyti til flugvaktar,

c) skipt vakt skal ekki koma í kjölfarið á styttum hvíldartíma.

ORO.FTL.225 Bakvakt og starfsskyldur á flugvelli

Ef flugrekandi felur flugverja að taka bakvakt eða sinna starfsskyldu sinni á flugvelli gildir eftirfarandi í samræmi við vottunarforskriftirnar sem gilda um hlutaðeigandi tegund starfrækslu:

a) bakvakt og hvers konar starfsskylda á flugvelli skulu færðar í vaktaskrána og skal tilgreina nákvæmlega hvenær bakvakt hefst og hvenær henni lýkur og tilkynna hlutaðeigandi flugverjum um þá tímasetningu fyrir fram til að gefa þeim færi á að skipuleggja nægilega hvíld,

b) flugverji telst vera á bakvakt á flugvelli frá þeim tíma sem hann mætir á mætingarstað og til loka tilkynnts tíma bakvaktarinnar,

c) bakvakt á flugvelli telst að öllu leyti til vaktar að því er varðar ORO.FTL.210 og ORO.FTL.235,

d) hvers konar starfsskylda á flugvelli telst að öllu leyti til vaktar og flugvakt telst hefjast þegar mætt er til vinnu á flugvelli,

e) flugrekandi skal sjá flugverjanum fyrir gistiaðstöðu þegar hann er á bakvakt á flugvelli,

f) í áætlunum um flugtímaforskriftir skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1) hámarkstímalengd bakvaktar,

2) áhrifin, sem bakvakt hefur á hámarksflugvakt, sem úthluta má, að teknu tilliti til þeirrar hvíldaraðstöðu, sem er í boði fyrir flugverja, og til annarra viðeigandi þátta, eins og:

— þarfarinnar á að flugverji sé tafarlaust tiltækur,

— að hvaða marki bakvakt raskar svefni og

— fullnægjandi fyrirvara til að tryggja möguleika á svefni milli þess sem kallað er út til vinnu og flugvakt hefst,

3) lágmarkshvíldartíma í kjölfar bakvaktar sem hefur ekki í för með sér að viðkomandi þurfi að vera til taks fyrir flugvakt,

4) hvernig sá tími sem fer í bakvakt, að undanskilinni bakvakt á flugvelli, reiknast í tengslum við uppsafnaðan vinnutíma.

ORO.FTL.230 Varavakt

Ef flugrekandi setur flugverja á varavakt gilda eftirfarandi kröfur í samræmi við vottunarforskriftirnar sem gilda um viðeigandi tegund starfrækslu:

a) varavaktin skal færð í vaktaskrána,

b) í áætlunum um flugtímaforskriftir skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1) hámarkslengd hverrar varavaktar,

2) fjöldi daga í röð sem setja má tiltekinn flugverja á varavakt.

ORO.FTL.235 Hvíldartími

a) Lágmarkshvíldartími í heimahöfn.

1) Lágmarkshvíldartími, sem veita verður fyrir flugvakt, sem hefst í heimahöfn, skal vera a.m.k. jafnlangur og undanfarandi vakt eða 12 klukkustundir, eftir því hvort er lengra.

2) Þrátt fyrir 1. lið gildir lágmarkshvíldin, sem kveðið er á um í b-lið, ef flugrekandi sér flugverjanum fyrir viðeigandi gistiaðstöðu í heimahöfn.

b) Lágmarkshvíldartími utan heimahafnar.

Lágmarkshvíldartími, sem veita verður fyrir flugvakt, sem hefst fjarri heimahöfn, skal vera a.m.k. jafnlangur og undanfarandi vakt eða 10 klukkustundir, eftir því hvort er lengra. Þessi tími skal tryggja möguleika á átta klukkustunda svefni til viðbótar við ferðatíma og tíma til að sinna líkamlegum þörfum.

c) Styttur hvíldartími

Þrátt fyrir a- og b-lið má, í samræmi við vottunarforskriftirnar, stytta lágmarkshvíldartímann í áætlunum um flugtímaforskriftir, sem eiga við um viðkomandi tegund starfrækslu, þar sem tekið er tillit til eftirfarandi þátta:

1) styttingar á lágmarkshvíldartíma,

2) lengingar á hvíldartímanum, sem kemur í kjölfarið, og

3) styttingar á flugvakt í kjölfar styttingar á hvíldartíma.

d) Reglubundinn viðbótarhvíldartími vegna uppsafnaðrar þreytu

Í áætlunum um flugtímaforskriftir skal tilgreina reglubundinn viðbótarhvíldartíma til að bæta fyrir uppsafnaða þreytu. Reglubundinn viðbótarhvíldartími vegna uppsafnaðrar þreytu skal að lágmarki vera 36 klukkustundir, þ.m.t. tvær staðarnætur, og fjöldi klukkustunda þar til eitt slíkt hvíldartímabil endar og annað hefst má aldrei fara yfir 168 klukkustundir. Lengja skal reglubundna viðbótarhvíldartímann um tvo staðardaga tvisvar í mánuði.

e) Í áætlunum um flugtímaforskriftir skal tilgreina viðbótarhvíldartímabil í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir til að bæta upp fyrir:

1) áhrif tímamunar milli tímabelta og lengingar flugvaktar,

2) frekari uppsafnaða þreytu sökum vinnuáætlana, sem valda röskun á hvíld, og

3) breytingu á heimahöfn.

ORO.FTL.240 Næring

a) Meðan á flugvaktinni stendur skulu flugverjar hafa tækifæri til að neyta matar og drykkjar svo hæfni þeirra skerðist ekki, einkum þegar flugvakt varir lengur en sex klukkustundir.

b) Flugrekandi skal tilgreina í rekstrarhandbók sinni hvernig næring flugverja er tryggð meðan á flugvakt stendur.

ORO.FTL.245 Skrá yfir heimahöfn, fartíma, vinnu- og hvíldartíma

a) Á hverju 24 mánaða tímabili skal flugrekandi geyma:

1) einstakar skýrslur fyrir hvern flugverja, þ.m.t.:

i. fartími,

ii. hvenær hver vakt og flugvakt hefst, hversu lengi hún varir og hvenær henni lýkur,

iii. hvíldartími og dagar án starfsskyldu og

iv. úthlutuð heimahöfn,

2) skýrslur um lengdar flugvaktir og styttan hvíldartíma.

b) Sé óskað eftir því skal flugrekandi láta eftirfarandi aðilum í té afrit af einstökum skýrslum um fartíma, vinnu- og hvíldartíma:

1) hlutaðeigandi flugverja og

2) öðrum flugrekanda, í tengslum við flugverja sem er eða verður flugverji hjá hlutaðeigandi flugrekanda.

c) Skýrslurnar, sem um getur í 5. lið b-liðar í CAT.GEN.MPA.100 í tengslum við flugverja sem sinna starfsskyldu fyrir fleiri en einn flugrekanda, skulu geymdar í 24 mánuði.

ORO.FTL.250 Þjálfun í þreytustjórnun

a) Flugrekandinn skal veita flugverjum, starfsfólki, sem ber ábyrgð á undirbúningi og viðhaldi á vaktaskrám áhafnar og hlutaðeigandi starfsmönnum í stjórnunarstöðum, grunnþjálfun og reglubundna þjálfun í þreytustjórnun.

b) Þessi þjálfun skal vera í samræmi við þjálfunaráætlun flugrekanda sem er lýst í rekstrarhandbókinni. Námsskrá þjálfunarinnar skal taka til mögulegra orsaka og áhrifa þreytu og ráðstafana til að takast á við þreytu.“

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 677/2011

2014/EES/54/55

frá 7. júlí 2011

um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ([1]), einkum 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ([2]), einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 551/2004 er að styðja hugmyndina um að samþætta smám saman rekstur loftrýmis í tengslum við sameiginlega stefnu í flutningamálum og að ákvarða sameiginlegar verklagsreglur fyrir hönnun, skipulagningu og stjórnun til að tryggja skilvirka og örugga framkvæmd rekstrarstjórnunar flugumferðar. Starfsemi neta skal miða að því að styðja við framtaksverkefni á landsvísu og innan starfrænu loftrýmisumdæmanna.

2) Starfsemi neta skal vera „þjónusta í almannaþágu“, sem nýtt er fyrir evrópska flugnetið og skal stuðla að sjálfbærri þróun flugsamgöngukerfisins með því að tryggja þá frammistöðu, samhæfi og samræmingu sem krafist er fyrir starfsemi, þ.m.t. ráðstafanir til að tryggja að takmörkuð úrræði verði nýtt sem best.

3) Hönnun Evrópunets flugleiða og samræming takmarkaðra úrræða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 551/2004 skulu vera með fyrirvara um yfirráðarétt aðildarríkjanna yfir eigin loftrými og kröfur aðildarríkjanna varðandi allsherjarreglu, almannaöryggi og varnarmál í samræmi við reglugerð (EB) nr. 549/2004.

4) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([3]) er mótuð stefna og lagarammi á þessu sviði.

5) Koma skal á fót óhlutdrægum og þar til bærum aðila (netstjórnanda) til að framkvæma þau verkefni sem nauðsynleg eru fyrir framkvæmd í tengslum við starfsemi neta sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 551/2004.

6) Evrópunet flugleiða skal hannað, út frá hugmyndinni „frá hliði að hliði“ (e. *gate-to-gate*), þannig að flugleiðirnar nýtist sem best á öllum stigum flugs, einkum með tilliti til skilvirkni flugs og umhverfisþátta.

7) Starfið innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu í tengslum við hönnun flugleiða og tíðnistjórnun og stjórnun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá (SSR) er viðurkennt og skal notað sem grunnur til að hámarka þróun og rekstur netsins á vettvangi Sambandsins.

8) Skuldbindingar aðildarríkjanna gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni að því er varðar hönnun flugleiða og tíðnistjórnun og stjórnun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá skulu virtar og framkvæmdar með skilvirkari hætti vegna netsins með samræmingu og stuðningi netstjórnandans.

9) Úthlutun fjarskiptatíðnirófs fer fram innan Alþjóðafjarskiptasambandsins. Aðildarríkin bera ábyrgð á að áhersla sé lögð á kröfur í almenningsflugi og hagkvæmri nýtingu, í kjölfar þess, á þeim úrræðum sem almennri flugumferð er úthlutað.

10) Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samið leiðbeiningar fyrir starfsemi ratsjársvarakóðaeiningar fyrir kögunarsvarratsjár og starfsemi fjarskiptatíðnieiningar og starfrækir skráningarkerfi fyrir tíðniúthlutanir fyrir almenna flugumferð á Evrópusvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem er nú starfsrækt af Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

([3]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

11) Í reglugerð (EB) nr. 551/2004 er gerð krafa um að samþykktar verði ítarlegar framkvæmdarreglur til að samræma og samhæfa ferlin og verklagsreglurnar til að auka skilvirkni í stjórnun á flugtíðni sem og miðlæga starfsemi til að samræma tímanlega auðkenningu og úrlausn á tíðniþörfum til að styðja hönnun og rekstur netsins.

12) Þar sem flæðisstjórnun flugumferðar (ATFM) er óaðskiljanlegur hluti af starfsemi neta er viðeigandi tenging við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 frá 25. mars 2010 um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar ([4]) nauðsynleg.

13) Þar sem stjórnun netsins er háð því að starfsemi neta hefjist tafarlaust hafa aðildarríkin þegar falið Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu framkvæmd flæðisstjórnunar flugumferðar.

14) Það er hagkvæmt að fela einni stofnun að samræma mismunandi starfsemi neta til þess að þróa samræmdar lausnir sem eru hagkvæmar fyrir netin til skemmri og lengri tíma og sem eru í samræmi við frammistöðumarkmiðin. Starfsemi neta skal þó vera í höndum netstjórnanda og, að því er varðar aðildarríkin og starfræn loftrýmisumdæmi, í samræmi við þá ábyrgð sem sett er fram í þessari reglugerð.

15) Netstjórnandinn skal eiga hlutdeild í áætlunum, aðgerðum og framkvæmd rekstrarstjórnunar flugumferðar í aðildarríkjum eða starfrænu loftrýmisumdæmunum, einkum þegar búast má við að það hafi, eða sé líklegt til að hafa, veruleg áhrif á frammistöðu netsins.

16) Atburðirnir í tengslum við eldgosið í Eyjafjallajökli í apríl 2010 sýndu fram á nauðsyn þess að koma á fót miðlægri stofnun sem getur tekið forystu við að samræma ráðstafanir til úrbóta á staðar- og svæðisvísu sem og á vettvangi netsins, til að tryggja að hægt að sé að bregðast tímanlega við hættuástandi í framtíðinni sem hefur áhrif á flugsamgöngur.

17) Samræmi skal vera á milli starfsemi neta og reksturs sem er skipulagður á vettvangi starfrænu loftrýmisumdæmanna.

18) Skilvirkt samráð skal haft við hagsmunaaðila að því er varðar landsbundin eða starfræn loftrýmisumdæmi sem og á vettvangi netsins.

19) Þeir flugvellir sem eru inn- og útgangspunktar að netinu þjóna lykilhlutverki í heildarframmistöðu netsins og því skal starfsemi netanna tengjast í gegnum athugunarstöð Sambandsins á sviði afkastagetu flugvalla, þar sem rekstraraðilar flugvalla eru helstu samræmingaraðilarnir á jörðu niðri sem hafa það að markmiði að hámarka afkastagetuna á jörðu niðri og bæta þar með heildarafkastagetu netsins.

([4]) Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10.

20) Framkvæmd í tengslum við starfsemi neta skal vera með fyrirvara um reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á Bandalagsflugvöllum ([5]).

21) Að teknu tilhlýðilegu tilliti til skilvirkni hernaðaraðgerða, eru samvinna og samræming milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda afar mikilvægir þættir til þess að ná þeim markmiðum sem krafist er. Þó að ákvarðanir, sem varða inntak, gildissvið eða framkvæmd hernaðaraðgerða, og þjálfun, sem fer fram í samræmi við reglur um herflug, heyri ekki undir valdsvið Sambandsins er mikilvægt að fjalla um tengingarnar á milli þessara aðgerða og aðgerða sem falla undir þessa reglugerð, í öryggisskyni og í þágu gagnkvæmrar skilvirkni.

22) Starfsemi neta hefur ekki áhrif á 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 sem miðar að því að standa vörð um grundvallarhagsmuni í öryggis- og varnarmálum eða að beita hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis, sem kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004.

23) Starfsemi neta skal útfærð þannig að hún sé kostnaðarhagkvæm, einkum með því að forðast allan tvíverknað, og þar með gera kleift að útfæra þessa starfsemi í aðildarríkjunum við minni kröfur, eða a.m.k. ekki meiri, um fjármagn og mannauð innan ramma þessarar reglugerðar, samanborið við ástandið áður en netstjórnandi var útnefndur.

24) Framkvæmdastjórnin skal tryggja viðeigandi eftirlit með netstjórnandanum.

25) Öryggiskröfur fyrir starfsemi neta þurfa að vera samanburðarhæfar við kröfur Flugöryggisstofnunar Evrópu („Flugöryggisstofnunin“) um veitingu flugleiðsöguþjónustu. Kveða skal á um þessar kröfur, ásamt kröfunum um öryggiseftirlit.

26) Sjónarmið og þátttaka þriðju landa við stofnun og framkvæmd í tengslum við starfsemi neta skulu stuðla að samevrópskri vídd samevrópska loftrýmisins.

27) Útvíkka má starfsemi neta í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004.

28) Framkvæmd í tengslum við starfsemi neta skal falla undir sérstök frammistöðumarkmið sem krefjast breytinga á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 frá 29. júlí 2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu ([6]). Þessi sérstöku frammistöðumarkmið má þróa enn frekar á grundvelli fenginnar reynslu með framkvæmd frammistöðukerfisins.

([5]) Stjtíð. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1.

29) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 691/2010 til samræmis við það.

30) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 til að gera kleift að hámarksnýta loftrými í samevrópska loftrýminu og tryggja að loftrýmisnotendur geti starfrækt þær flugleiðir sem þeir kjósa en samtímis að heimila eins mikinn aðgang að loftrými og flugleiðsöguþjónustu og mögulegt er.

2. Að því er varðar stjórnun netsins gildir þessi reglugerð einkum fyrir aðildarríki, Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunin“), loftrýmisnotendur, veitendur flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðila flugvalla, samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvöllum og stofnanir eða fyrirtæki í rekstri, að því er varðar landsbundin eða starfræn loftrýmisumdæmi.

3. Í samræmi við 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 og með fyrirvara um starfrækslu ríkisloftfara skv. 3. gr. Chicago-samningsins um alþjóðlegt almenningsflug skulu aðildarríkin beita þessari reglugerð á loftrými sem er á ábyrgð þeirra á svæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan Evrópusvæðis (ICAO EUR) og Afríku- og Indlandshafssvæðis (ICAO AFI).

4. Í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 skal þessi reglugerð ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geri ráðstafanir í þeim mæli sem þörf er á til að standa vörð um grundvallarhagsmuni í öryggis- og varnarmálum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „rekstraraðili flugvallar“: „framkvæmdastjórn flugvallar“ eins og skilgreint er í j-lið 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 95/93,

2) „samræmingarstjóri afgreiðslutíma á flugvöllum“: þjónusta sem veitt er á flugvöllum með skammtaðan afgreiðslutíma í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 95/93,

3) „hönnun loftrýmis“: ferli sem stuðlar að því að ná frammistöðumarkmiðum er varða starfsemi neta og koma til móts við þarfir loftrýmisnotenda ásamt því að tryggja eða auka staðfest öryggisstig og auka loftrýmisgetu og vistvænleika með þróun og framkvæmd á þróaðri færni og tækni í leiðsögu, bættu neti flugleiða og tilheyrandi skiptingu undirsvæða, bestun skipulags loftrýmis og verklagsreglum rekstrarstjórnunar flugumferðar sem bæta afkastagetu,

4) „frátekið loftrými“: tiltekinn hluti loftrýmis sem er tekinn frá tímabundið til einkanota eða sérstakra nota fyrir tiltekna notendahópa,

5) „takmarkanir á notkun loftrýmis“: ákveðinn hluti loftrýmis þar sem ýmis konar starfsemi, sem er hættuleg flugi loftfars, má fara fram á tilgreindum tíma („hættusvæði“) eða slíkt loftrými, sem er staðsett yfir landsvæði eða landhelgi ríkis þar sem flug loftfars takmarkast við tilteknar aðstæður („haftasvæði“), eða loftrými sem er staðsett yfir landsvæði eða landhelgi ríkis þar sem flug loftfars er bannað („bannsvæði“),

6) „skipulag loftrýmis“: tiltekinn hluti loftrýmis sem er hannaður til að tryggja örugga og sem hagstæðasta starfrækslu loftfars,

7) „nýting loftrýmis“: nýting loftrýmisins í rekstrarlegum tilgangi,

8) „fulltrúi loftrýmisnotenda“: sérhver lögaðili eða eining sem stendur vörð um hagsmuni hóps eða nokkurra hópa notenda flugleiðsöguþjónustu,

9) „flugtíðnisvið“: skráning í töfluna yfir úthlutun tíðnisviða í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins fyrir úthlutað tíðnisvið, þar sem úthlutað er tíðnisviðum fyrir almenna flugumferð,

10) „undirsvæði flugumferðarstjórnar“: skilgreindur hluti loftrýmis en þar er flugumferðarstjórn á ábyrgð tiltekins eða tiltekinna flugumferðarstjóra hverju sinni,

11) „flugþjónustuleið“ (e. *ATS route*): tiltekinn hluti í skipulagi loftrýmis sem er ætlaður til að beina umferðarflæðinu í ákveðinn farveg eins og nauðsynlegt þykir þegar flugumferðarþjónusta er veitt,

12) „samræming milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda“: samskipti milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda og þeir þættir rekstrarstjórnunar flugumferðar sem nauðsynlegir eru til að tryggja örugga, skilvirka og samræmda notkun loftrýmis,

13) „skilyrt flugleið“ (e. *conditional route*): flugþjónustuleið sem er aðeins aðgengileg í tengslum við gerð flugáætlana og til notkunar við tiltekin skilyrði,

14) „sameiginleg ákvarðanataka“: ferli þar sem ákvarðanir eru byggðar á stöðugum samskiptum og samráði við aðildarríkin, hagsmunaaðila í flugrekstri, og aðra aðila eins og við á,

15) „hættuástand netsins“: ástand þar sem ekki er mögulegt að veita flugleiðsöguþjónustu á því stigi sem krafist er, sem leiðir til alvarlegrar skerðingar á afkastagetu netsins eða verulegs ójafnvægis á milli afkastagetu netsins og eftirspurnar, eða alvarlegs skorts á upplýsingaflæði í einum eða fleiri þáttum netsins í kjölfar óvenjulegs eða ófyrirsjáanlegs ástands,

16) „áætlun um úrbætur á Evrópuneti flugleiða“: áætlun sem netstjórnandinn þróar í samráði við hagsmunaaðila í flugrekstri, sem tekur m.a. til niðurstöðu rekstraraðgerða hans í tengslum við hönnun á neti flugleiða til skamms tíma og meðallangs tíma í samræmi við leiðbeinandi meginreglur skipulagsáætlunar netanna,

17) „loftrými með frjálsum flugleiðum (e. *Free Route Airspace*)“: tiltekið loftrými þar sem notendur geta skipulagt flugleiðir sínar frjálst á milli inn- og útflugspunkta án þess að vísa í net flugþjónustuleiða,

18) „úthlutun tíðnisviðs“: heimild sem aðildarríki gefur út til notkunar á fjarskiptatíðni eða fjarskiptarás við tilteknar aðstæður,

19) „áhrif á netið“: í tengslum við starfsemi fjarskiptatíðnieiningar, sem sett eru fram í II. viðauka, er um að ræða ástand þar sem úthlutuð fjarskiptatíðni mun draga úr, hindra eða trufla aðgerðir einnar eða fleiri úthlutaðra fjarskiptatíðna netsins eða mun vinna gegn bestu notkun flugtíðnisviða, innan gildissviðs þessarar reglugerðar,

20) „fleiri valkostir á flugleiðum“: þegar loftrýmisnotandi getur valið um fleiri en eina flugleið innan nets flugþjónustuleiða,

21) „þriðju lönd“: ríki sem eru ekki aðildarríki, sem eru aðilar að Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) eða hafa gert samning við Sambandið um framkvæmd samevrópska loftrýmisins eða eru þátttakendur í starfrænu loftrýmisumdæmi,

22) „netstjórnandi“: stofnun sem stofnuð er skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004, sem er falið að framkvæma þau verkefni sem kveðið er á um í þeirri grein og þessari reglugerð,

23) „aðgerðaráætlun neta“: áætlun sem netstjórnandinn þróar í samráði við hagsmunaaðila í flugrekstri til að skipuleggja rekstraraðgerðir sínar til skamms og meðallangs tíma í samræmi við leiðbeinandi meginreglur skipulagsáætlunar netanna; vegna þess hluta aðgerðaráætlunar netanna sem tekur til hönnunar Evrópunets flugleiða (ERND), inniheldur hún áætlun um úrbætur á Evrópuneti flugleiða,

24) „skipulagsáætlun netanna“ (e. *Network Strategy Plan*): áætlun sem netstjórnandinn þróar í samræmi við evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar (e. *European ATM Master Plan*) í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila í flugrekstri, þar sem ákvarðaðar eru leiðbeinandi meginreglur fyrir starfsemi netsins og heildarsýn þess til lengri tíma litið,

25) „stofnun eða fyrirtæki í rekstri“: stofnun eða fyrirtæki sem ber ábyrgð á að veita verk- og tækniþjónustu til stuðnings flugumferðar-, fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu,

26) „rekstrarlegar kröfur“: kröfur sem gerðar eru til netsins að því er varðar öryggi, afköst og skilvirkni,

27) „hagsmunaaðilar í flugrekstri“: borgaralegir og hernaðarlegir notendur loftrýmis, borgaralegir og hernaðarlegir veitendur flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðilar flugvalla, samræmingarstjórar afgreiðslutíma á flugvöllum og stofnanir eða fyrirtæki í rekstri og allir aðrir hagsmunahópar sem teljast skipta máli fyrir hlutaðeigandi starfssvið,

28) „tilhögun undirsvæða“: áætlun sem sameinar þau undirsvæði sem eru þannig samsett og staðsett að þau uppfylla rekstrarlegar kröfur og tiltækileika loftrýmis,

29) „flugleið sem notendur óska eftir“: æskileg flugleið sem umráðendur loftfars lýsa yfir, við hönnun loftrýmisins, að muni uppfylli þarfir þeirra.

II. KAFLI

SKIPULAG OG STJÓRNUN Í TENGSLUM VIÐ STARFSEMI NETA

3. gr.

Skipun netstjórnanda

1. Skipa skal óhlutdrægan og þar til bæran aðila (netstjórnanda) til að sinna þeim verkefnum sem nauðsynleg eru fyrir framkvæmd í tengslum við þá starfsemi sem kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 og í viðaukunum við þessa reglugerð.

2. Skipunartími netstjórnandans skal falla saman við viðmiðunartímabilin fyrir frammistöðukerfið, sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 691/2010. Tímabilið skal vera nægilega langt til að netstjórnandinn geti byggt upp reynslu í tengslum við framkvæmd þessarar starfsemi. Það skal ekki vera styttra en tvö viðmiðunartímabil og má endurnýja þetta tímabil.

3. Útnefning netstjórnandans skal vera í formi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar eftir samráð við nefndina um samevrópskt loftrými, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, og eigi síðar en þrem mánuðum eftir samþykkt þessarar reglugerðar. Í þeirri ákvörðun skulu vera skilmálar og skilyrði fyrir útnefningunni, þ.m.t. fjármögnun hennar og skilyrði fyrir afturköllun. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort þessi skilyrði séu uppfyllt við lok hvers viðmiðunartímabils sem um getur í 2. mgr.

4. Netstjórnandinn skal sinna eftirfarandi verkefnum:

a) hanna Evrópunet flugleiða, eins og segir í I. viðauka,

b) samræma takmörkuð úrræði, einkum:

   i. fjarskiptatíðni innan flugtíðnisviða sem notuð eru í almennri flugumferð eins og segir í II. viðauka,

   ii. ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá eins og segir í III. viðauka.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að bæta við verkefni netstjórnandans skv. 3. mgr. 6. gr. eða c-lið 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004.

5. Netstjórnandinn skal einnig sinna þeim verkefnum í tengslum við flæðisstjórnun flugumferðar sem um getur í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 og í reglugerð (ESB) nr. 255/2010.

4. gr.

Verkefni netstjórnanda

1. Til að styðja við framkvæmd þeirra verkefna sem talin eru upp í 3. gr., í því skyni að bæta stöðugt starfsemi netsins í samevrópska loftrýminu og leggja sitt af mörkum til frammistöðumarkmiðanna í gervöllu Evrópusambandinu, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 691/2010, skal netstjórnandinn einkum framkvæma eftirfarandi verkefni:

a) þróa, viðhalda og framkvæma skipulagsáætlun netanna, sem tilgreind er í 5. gr., í samræmi við frammistöðukerfið sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 691/2010 og evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar, að teknu tilliti til viðeigandi flugleiðsöguáætlana Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

b) greina í smáatriðum frá skipulagsáætlun netanna í gegnum aðgerðaráætlun netanna, eins og er nánar skilgreint í 6. gr., þar sem einkum er fjallað um frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu sem tekur til tímabils sem spannar þrjú til fimm ár og árlegs, árstíðabundins, vikulegs og daglegs tímabils,

c) þróa samþætta hönnun fyrir Evrópunet flugleiða, eins og segir í I. viðauka,

d) sinna því miðlæga hlutverki að samræma fjarskiptatíðni eins og kveðið er á um í b-lið 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 og sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð,

e) samræma úrbætur á úthlutunarferli ratsjársvarakóða kögunarsvarratsjár sem sett er fram í III. viðauka,

f) skipuleggja stjórnun og rekstur starfseminnar og einkum að annast skyldur yfirstjórnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar,

g) beita samstæðri og samræmdri nálgun fyrir alla áætlanagerð og rekstrarstarfsemi netsins, þ.m.t. vöktun og úrbætur á heildarframmistöðu þess,

h) veita stuðning vegna hættustjórnunar netsins,

i) veita mismunandi hagsmunaaðilum í flugrekstri stuðning í tengslum við þær skyldur sem lagðar eru á herðar þeim við innleiðingu kerfa og verklagsreglna fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og/eða flugleiðsöguþjónustu (ATM/ANS) í samræmi við evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar,

j) veita aðilum, sem falið er að rannsaka flugslys og flugatvik í almenningsflugi eða greina atvik, stuðning, ef þessar einingar óska eftir því, innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ([7]),

k) tryggja samræmingu við önnur svæði og þriðju lönd, sem taka ekki þátt í starfi netstjórnandans.

2. Netstjórnandinn skal taka þátt í því að koma frammistöðukerfinu í framkvæmd í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 691/2010.

3. Til að leysa af hendi verkefni sín skal netstjórnandinn tryggja eftirfarandi:

a) aðgang að verkfærum, vinnsluferlum og samræmdum gögnum, sem og notkun þeirra og samnýtingu, til að styðja við ferlið í tengslum við sameiginlega ákvarðanatöku á vettvangi netsins, þ.m.t., en ekki eingöngu, kerfi fyrir vinnslu flugáætlana og gagnastjórnun,

b) einföldun og samræmingu milli hagsmunaaðila í flugrekstri og styðja við þessa hagsmunaaðila við innleiðingu og framkvæmd áætlananna og tengdra ráðstafana vegna netsins í kjölfar sameiginlegrar ákvarðanatöku,

c) viðeigandi rekstrarlega samræmingu, ásamt bestun, rekstrarsamhæfi og samtengingu á því sviði sem hann ber ábyrgð á,

d) samræmingu á tillögum að breytingum á viðeigandi gögnum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem varða starfsemi netanna,

e) skýrslugjöf, í samræmi við 20. gr., í tengslum við alla þætti rekstrarlegs árangurs, þ.m.t. takmörkuð úrræði,

f) viðeigandi tengsl við aðra flutningsmáta.

4. Netstjórnandinn skal verða við sérstökum beiðnum um upplýsingar, ráðgjöf, greiningu eða önnur sambærileg hliðarverkefni sem tengjast mismunandi verkefnum, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða Flugöryggisstofnunarinnar.

5. gr.

Skipulagsáætlun netanna

1. Netstjórnandinn skal þróa, viðhalda og framkvæma skipulagsáætlun netanna sem skal vera leiðbeinandi fyrir starfsemina til lengri tíma litið og falla saman við viðmiðunartímabilið sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 691/2010. Áætlunin skal innihalda frammistöðuáætlun og -markmið fyrir næsta viðmiðunartímabil og yfirlit yfir framtíðarviðmiðunartímabil.

2. Skipulagsáætlun netanna skal innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í IV. viðauka.

3. Skipulagsáætlun netanna skal miða að því að ná frammistöðumarkmiðum að því er varðar starfsemi neta, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 691/2010.

4. Uppfæra skal skipulagsáætlun netanna ef við á.

([7]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35.

6. gr.

Aðgerðaráætlun netanna

1. Til að hrinda skipulagsáætlun netanna í framkvæmd á starfrækslustigi skal netstjórnandinn móta ítarlega aðgerðaráætlun fyrir netin.

2. Í aðgerðaráætlun netanna skulu vera þær upplýsingar sem settar eru fram í V. viðauka.

3. Í aðgerðaráætlun netanna skal einkum mæla fyrir um ráðstafanir til að ná frammistöðumarkmiðum í gervöllu Evrópusambandinu, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 691/2010, sem tekur til tímabils sem spannar þrjú til fimm ár ásamt árlegu, árstíðabundnu, vikulegu og daglegu tímabili.

4. Í aðgerðaráætlun netanna skulu vera kröfur um herafla, ef aðildarríkin kveða á um slíkt.

5. Í aðgerðaráætlun netanna skal vera áætlun um úrbætur á Evrópuneti flugleiða og sambærileg áætlun fyrir fjarskiptatíðni og ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá.

6. Í aðgerðaráætlun netanna skal tilgreina rekstrarlegar takmarkanir, flöskuhálsa, ráðstafanir til úrbóta og lausnir til að leysa eða draga úr tilgreindu vandamáli.

7. Veitendur flugleiðsöguþjónustu, starfræn loftrýmisumdæmi og rekstraraðilar flugvalla skulu sjá til þess að aðgerðaráætlanir þeirra séu í samræmi við aðgerðaráætlun netanna. Netstjórnandinn skal tryggja samfellu í aðgerðaráætlun netanna.

8. Aðgerðaráætlun netanna skal uppfærð með reglulegu millibili að teknu tilliti til viðeigandi þróunar að því er varðar þarfir og kröfur í tengslum við starfsemi netanna.

7. gr.

Valdsvið netstjórnandans

1. Með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna skal netstjórnandinn, er hann framkvæmir verkefni sín, samþykkja einstakar ráðstafanir sem leiða af ferlinu við sameiginlega ákvarðanatöku. Þeir aðilar, sem þessar ráðstafanir hafa áhrif á, skulu hrinda þessum ráðstöfunum í framkvæmd.

2. Þegar skyldur aðildarríkis koma í veg fyrir að það geti samþykkt einstakar ráðstafanir skal netstjórnandinn vísa slíkum málum til framkvæmdastjórnarinnar til frekari athugunar.

3. Netstjórnandinn skal einnig mæla með ráðstöfunum er varða önnur málefni, sem eru nauðsynlegar með tilliti til frammistöðu netsins.

4. Netstjórnandinn skal gera ráðstafanir, á því sviði sem hann ber ábyrgð á, sem miða að því að tryggja að viðeigandi frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 691/2010, séu uppfyllt.

5. Netstjórnandinn skal safna saman, steypa saman og greina öll viðeigandi gögn sem tilgreind eru í I. til VI. viðauka. Sé óskað eftir því skal hann leggja þessi gögn fram til framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunarinnar eða aðilans, sem metur frammistöðu, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 691/2010.

8. gr.

Tengsl við hagsmunaaðila í flugrekstri

1. Til að framkvæma verkefni sín í tengslum við vöktun og úrbætur á heildarframmistöðu netsins skal netstjórnandinn þróa viðeigandi vinnutilhögun með hagsmunaaðilum í flugrekstri, eins og kveðið er á um í 15. gr.

2. Hagsmunaaðilar í flugrekstri skulu tryggja að ráðstafanir, sem gerðar eru á staðarvísu eða á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis, séu í samræmi við þær sem samþykktar hafa verið í gegnum sameiginlega ákvarðanatökuferlið á vettvangi netsins.

3. Hagsmunaaðilar í flugrekstri skulu láta netstjórnandanum í té viðeigandi gögn, sem tilgreind eru í I. til VI. viðauka, og virða alla fresti, kröfur um heildstæðni eða nákvæmni, sem samþykktar eru af netstjórnandanum í tengslum við afhendingu þessara gagna.

4. Þeir hagsmunaaðilar í flugrekstri, sem eiga hlut að máli að því er varðar einstakar ráðstafanir, sem netstjórnandinn gerir skv. 1. mgr. 7. gr., geta óskað eftir endurskoðun á slíkum ráðstöfunum innan 5 virkra daga frá því að þær voru samþykktar. Beiðni um endurskoðun hefur ekki í för með sér tímabundna niðurfellingu á einstökum ráðstöfunum.

5. Netstjórnandinn skal staðfesta eða breyta þeim ráðstöfunum sem um ræðir innan fimm virkra daga eða innan 48 klukkustunda ef um er að ræða hættuástand netsins.

9. gr.

Tengsl við aðildarríki

1. Við framkvæmd verkefna sinna skal netstjórnandinn taka tilhlýðilegt tillit til ábyrgðar aðildarríkjanna.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna netstjórnandanum um það ef fullveldi þeirra og skyldur koma í veg fyrir samþykkt einstakra ráðstafana skv. 1. mgr. 7. gr.

3. Þegar aðildarríkin eiga hlut að máli í rekstrarlegum álitamálum sem varða starfsemi neta skulu þau taka þátt í ferlinu við sameiginlega ákvarðanatöku og skulu koma niðurstöðunum, sem samþykktar eru í þessu ferli, í framkvæmd á landsvísu.

10. gr.

Tengsl við starfræn loftrýmisumdæmi

1. Aðildarríkin skulu tryggja nána samvinnu og samræmingu milli starfræna loftrýmisumdæmisins og netstjórnandans, s.s. með stefnuáætlunum og úrlausnarstjórnun á daglegu umferðarflæði og daglegri afkastagetu.

2. Til þess að greiða fyrir tengingu milli starfrænna loftrýmisumdæma með tilliti til reksturs skal netstjórnandinn koma á, í nánu samstarfi við öll starfrænu loftrýmisumdæmin, samræmdum ferlum, verklagsreglum og tengingum, þ.m.t. breytingum á þáttum sem varða starfsemi netstjórnandans.

3. Aðildarríki, sem vinna saman í starfrænu loftrýmisumdæmi, skulu tryggja að sett sé fram heildstætt yfirlit í tengslum við starfsemi neta.

4. Veitendur, flugleiðsöguþjónustu, sem vinna saman í starfrænu loftrýmisumdæmi, skulu tryggja að sett sé fram heildstætt yfirlit í tengslum við rekstrarleg álitamál sem varða starfsemi netanna.

5. Áður en starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á skulu aðildarríki og veitendur flugleiðsöguþjónustu starfa saman með þeim hætti að sett sé fram heildstætt yfirlit í tengslum við þætti sem tengjast starfsemi netstjórnandans.

11. gr.

Borgaralegt-/hernaðarlegt samstarf

1. Netstjórnandinn skal tryggja að viðeigandi fyrirkomulag sé fyrir hendi, sem gerir kleift og styður við að fullnægjandi samræming náist milli landsbundinna hermálayfirvalda.

2. Aðildarríkin skulu tryggja viðeigandi þátttöku hermálayfirvalda í allri starfsemi sem tengist starfsemi neta.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að hernaðarlegir veitendur flugleiðsöguþjónustu og hernaðarlegir notendur loftrýmis hafi fullnægjandi fyrirsvar hvað varðar rekstrarlega vinnutilhögun og samráðsfyrirkomulag, sem netstjórnandinn kemur á.

4. Starfsemi vegna hönnunar Evrópunets flugleiða skal fara fram án þess að hafa áhrif á að tiltekinn hluti loftrýmisins sé tekinn frá eða á hann sett höft vegna einkanota eða sérstakra nota aðildarríkjanna. Netstjórnandinn skal hvetja til og samræma tiltækileika skilyrtra flugleiða í gegnum þessi svæði í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2150/2005 ([8]).

12. gr.

Almennar kröfur vegna starfsemi neta

Netstjórnandinn skal tryggja að almennu kröfurnar, sem settar eru fram í VI. viðauka vegna starfsemi neta, séu uppfylltar. Þessar kröfur gilda frá og með þeim degi sem útnefningarákvörðunin var samþykkt og skal netstjórnandinn fara að kröfunum eigi síðar en 12 mánuðum frá þeim degi.

III. KAFLI

STJÓRNUN STARFSEMI NETA

13. gr.

Sameiginleg ákvarðanataka

1. Starfsemi neta skal stjórnað með sameiginlegri ákvarðanatöku.

2. Sameiginlegt ákvarðanatökuferli skal fela í sér:

a) samráðsferli sem kveðið er á um í 14. gr.,

b) ítarlega vinnutilhögun og rekstrarferli, sem kveðið er á um í 15. gr.

3. Til þess að samþykkja ráðstafanir í tengslum við stjórnun starfsemi neta og vakta framvindu þeirra skal netstjórnandinn koma á fót stjórnarnefnd netanna, sem kveðið er á um í 16. gr.

([8]) Stjtíð. ESB L 342, 24.12.2005, bls. 20.

4. Þegar netstjórnandinn kemst að þeirri niðurstöðu að einn eða fleiri aðilar hindri störf hans skal vísa málinu til stjórnarnefndarinnar til úrlausnar.

14. gr.

Samráðsferli

1. Koma skal á fót ferli til að skipuleggja viðeigandi og reglulegt samráð milli aðildarríkjanna og hagsmunaaðila í flugrekstri.

2. Samráðið skal beinast að ítarlegu vinnutilhöguninni, sem kveðið er á um í 15. gr., skipulagsáætlun netanna, aðgerðaráætlun netanna, framvindu framkvæmdar á áætlununum, skýrslum til framkvæmdastjórnarinnar og að rekstrarlegum álitamálum, eftir því sem við á.

3. Samráðsferlið getur verið mismunandi, háð eðlis hlutaðeigandi starfsemi netanna. Til þess að tryggja að hægt sé að leysa stjórnsýsluleg málefni skulu aðildarríkin taka þátt þegar þess er krafist.

4. Þyki hagsmunaaðilum samráðið ekki fullnægjandi skal málinu fyrst vísað til viðeigandi samstarfssamnings á vettvangi hlutaðeigandi starfssviða. Sé enn ekki hægt að leysa úr málinu á vettvangi hlutaðeigandi starfssviða skal málinu vísað til stjórnarnefndar netanna, til úrlausnar.

15. gr.

Ítarleg vinnutilhögun og rekstrarferli

1. Netstjórnandinn skal koma á ítarlegri vinnutilhögun og rekstrarferlum til að taka á þáttum í tengslum við skipulag og starfrækslu, að teknu sérstöku tilliti til séreinkenna og þarfa hlutaðeigandi starfsemi netanna, eins og tilgreint er í I. til VI. viðauka.

2. Netstjórnandinn skal tryggja að þessi ítarlega vinnutilhögun og rekstrarferlin innihaldi reglur um tilkynningar til hlutaðeigandi hagsmunaaðila.

3. Í þessari ítarlegu vinnutilhögun og rekstrarferlum er nauðsynlegt að virða aðgreiningu þjónustuveitingar og stjórnsýslulegra málefna og tryggja þátttöku aðildarríkja þegar þess er krafist.

16. gr.

Stjórnarnefnd netanna

1. Stjórnarnefnd netanna skal bera ábyrgð á:

a) að styðja skipulagsáætlun netanna áður en hún er samþykkt í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004,

b) að samþykkja aðgerðaráætlun netanna sem gildir í þrjú til fimm ár sem og árlegar aðgerðaráætlanir,

c) að samþykkja ferlið við sameiginlega ákvarðanatöku, samráðsferlin og ítarlegu vinnutilhögunina og rekstrarferlin fyrir starfsemi netanna, að fengnu jákvæðu áliti frá nefndinni um samevrópskt loftrými,

d) að samþykkja starfsreglur fyrir evrópska samráðshópinn vegna hættuástands í flugi (e. *European Aviation Crisis Coordination Cell*), sem kveðið er á um í 4. mgr. 18. gr., að fengnu jákvæðu áliti frá nefndinni um samevrópskt loftrými,

e) að hafa eftirlit með framvindu við framkvæmd áætlananna og fjalla um möguleg frávik frá frumáætlunum,

f) að hafa eftirlit með samráðsferli hagsmunaaðila í flugrekstri,

g) að hafa eftirlit með starfsemi í tengslum við stjórnun á starfsemi netanna,

h) að hafa eftirlit með starfsemi netstjórnandans í tengslum við hættuástand netsins,

i) að samþykkja ársskýrsluna sem um getur í 20. gr. Í þessari skýrslu skulu m.a. koma fram upplýsingar um framkvæmd skipulagsáætlunar netanna og aðgerðaráætlunar netanna,

j) að fjalla um álitamál sem ekki var leyst úr á vettvangi hlutaðeigandi starfsemi neta,

k) að meta hvort netstjórnandinn hafi til að bera þá hæfni, úrræði og óhlutdrægni sem þarf til að inna af hendi þau verkefni, sem honum eru falin, á óháðan hátt, þ.m.t. áætlanir um öryggi, ábyrgð og viðbúnað,

l) að samþykkja árlega fjárhagsáætlun netstjórnandans að fengnu jákvæðu áliti nefndarinnar um samevrópskt loftrými,

m) að samþykkja starfsreglur sínar að fengnu jákvæðu áliti nefndarinnar um samevrópskt loftrými,

n) að fjalla um öll önnur álitamál sem hún telur að skipti máli.

2. Eftirtaldir fulltrúar skulu hafa atkvæðisrétt í stjórnarnefnd netanna:

a) einn fulltrúi frá veitendum flugleiðsöguþjónustu fyrir hvert starfrænt loftrýmisumdæmi, sem hefur verið komið á fót eða verið er að koma á fót, með fjögur atkvæði í heildina fyrir alla veitendur flugleiðsöguþjónustu,

b) fjórir fulltrúar frá borgaralegum notendum loftrýmisins, sem stunda rekstur í ábataskyni eða rekstur sem er ekki í ábataskyni,

c) tveir fulltrúar frá rekstraraðilum flugvalla,

d) tveir fulltrúar frá hernum sem veitendur flugleiðsöguþjónustu og loftrýmisnotendur.

3. Eftirfarandi aðilar skulu einnig vera fulltrúar í stjórnarnefnd netanna:

a) formaðurinn, skipaður á grundvelli tæknilegrar færni og sérþekkingu að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni, einkum á grundvelli tillagna frá þeim fulltrúum með atkvæðisrétt í stjórnarnefnd netanna og að fengnu jákvæðu áliti hjá nefndinni um samevrópskt loftrými,

b) einn fulltrúi fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

c) einn fulltrúi fyrir hönd Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu,

d) einn fulltrúi fyrir hönd netstjórnandans.

4. Allir fulltrúar skulu hafa varamann.

5. Fulltrúar með atkvæðisrétt í stjórnarnefnd netanna skulu tilnefndir að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi stofnunum eða fyrirtækjum, að fengnu jákvæðu áliti hjá nefndinni um samevrópskt loftrými.

6. Framkvæmdastjórninni er heimilt að skipa óháða og viðurkennda sérfræðinga sem ráðgjafa, sem skulu starfa í krafti sérþekkingar sinnar og vera fulltrúar hinna ýmsu vísindagreina, sem ná yfir helstu þætti starfsemi netanna. Ríki sem taka þátt í starfi netstjórnanda skulu leggja fram tillögur um þá sem koma til álita.

7. Fulltrúarnir, sem taldir eru upp í a-, b- og c-lið 3. mgr., skulu hafa heimild til að synja tillögum, sem hafa áhrif á:

a) yfirráðarétt og ábyrgð aðildarríkjanna, einkum að því er varðar allsherjarreglu, almannaöryggi og varnarmál, eins og sett er fram í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004,

b) samrýmanleika starfsemi stjórnarnefndar netanna við markmið þessarar reglugerðar,

c) óhlutdrægni og sannsýni stjórnarnefndar netanna.

8. Stjórnarnefnd netanna skal samþykkja gögnin sem um getur í 1. mgr. skulu með einföldum meirihluta fulltrúa með atkvæðisrétt.

9. Þegar ekki er hægt að komast að samkomulagi um álitamál sem hafa verulegt mikilvægi fyrir netin skal stjórnarnefnd netanna vísa málinu til framkvæmdastjórnarinnar til frekari aðgerða. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa nefndina um samevrópskt loftrými þar að lútandi.

17. gr.

Hlutverk nefndarinnar um samevrópskt loftrými

1. Netstjórnandinn skal vísa stjórnsýslulegum málefnum til framkvæmdastjórnarinnar, sem skal tilkynna nefndinni um samevrópskt loftrými um þessi málefni.

2. Nefndin um samevrópskt loftrými skal leggja fram álitsgerð um:

a) útnefningu netstjórnandans,

b) tilnefningu formanns stjórnarnefndar netanna,

c) tilnefningu fulltrúa með atkvæðisrétt í stjórnarnefnd netanna,

d) starfsreglur stjórnarnefndar netanna,

e) skipulagsáætlun netanna og einkum markmið áætlunarinnar á fyrstu stigum,

f) árlega fjárhagsáætlun netstjórnandans,

g) starfsreglur fyrir evrópska samráðshópinn vegna hættuástands í flugi,

h) sameiginlega ákvarðanatökuferlið, samráðsferlið og ítarlega vinnutilhögunin og rekstrarferlin fyrir starfsemi neta.

3. Nefndinni um samevrópskt loftrými er heimilt að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar þegar stjórnarnefnd netanna nær ekki samkomulagi um álitamál sem hafa verulegt mikilvægi fyrir netin.

IV. KAFLI

STJÓRNUN HÆTTUÁSTANDS NETANNA

18. gr.

Stofnun evrópsks samráðshóps vegna hættuástands í flugi

1. Styðja skal við stjórnun hættuástands netanna með því að stofna evrópskan samráðshóp vegna hættuástands í flugi (evrópski hættuástandshópurinn (EACCC)).

2. Af fastafulltrúum í evrópska hættuástandshópnum skal vera einn fulltrúi frá því aðildarríki sem fer með formennsku í ráðinu, einn fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar, einn fulltrúi Flugöryggisstofnunarinnar, einn fulltrúi Evrópustofnunarinnar um öryggi flugleiðsögu, einn fulltrúi hersins, einn fulltrúi veitenda flugleiðsöguþjónustu, einn fulltrúi flugvalla og einn fulltrúi loftrýmisnotenda.

3. Bæta má við sérfræðingum í evrópska hættuástandshópinn í hverju tilviki fyrir sig eftir eðli hlutaðeigandi hættuástands.

4. Evrópski hættuástandshópurinn skal setja sér starfsreglur til samþykktar hjá stjórnarnefnd netanna.

5. Netstjórnandinn skal hafa tiltæk þau úrræði sem krafist er fyrir stofnun og starfsemi evrópska hættuástandshópsins.

19. gr.

Ábyrgð netstjórnandans og evrópska hættuástandshópsins

1. Netstjórnandinn og fulltrúar í evrópska hættuástandshópnum bera ábyrgð á því að gera evrópska hættuástandshópinn virkan og óvirkan.

2. Netstjórnandinn, með stuðningi evrópska hættuástandshópsins, skal bera ábyrgð á:

a) að samræma viðbrögð við hættuástandi netanna í samræmi við starfsreglur evrópska hættuástandshópsins og í nánu samstarfi við samsvarandi stofnanir í aðildarríkjum,

b) að styðja við að viðbragðsáætlanir verði virkjaðar og samræmdar á vettvangi aðildarríkjanna,

c) að móta mildandi ráðstafanir á vettvangi netanna til að tryggja að brugðist sé tímanlega við slíku hættuástandi netanna til að vernda netið og tryggja áframhaldandi rekstraröryggi þess. Í þessum tilgangi skal netstjórnandinn:

i. vakta stöðu netanna allan sólarhringinn til að greina hættuástand netanna,

ii. tryggja skilvirka upplýsingastjórnun og skilvirk samskipti með því að miðla nákvæmum, tímaréttum og samræmdum gögnum til að styðja við beitingu meginreglna og ferla sem varða áhættustjórnun í tengslum við ákvarðanatökuferlin,

iii. greiða fyrir skipulagðri öflun og miðlægri geymslu þessara gagna,

d) ef rétt þykir, vekja athygli framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunarinnar eða aðildarríkja á tækifærum til viðbótarstuðnings til þess að draga úr hættuástandinu, þ.m.t. samskipti við rekstraraðila annarra flutningsmáta sem geta greint og framkvæmt samþættar lausnir,

e) vöktun og skýrslugjöf um endurreisn netsins og sjálfbærni þess.

V. KAFLI

VÖKTUN, SKÝRSLUGJÖF OG EFTIRLIT

20. gr.

Vöktun og skýrslugjöf

1. Netstjórnandinn skal koma á fót ferli fyrir stöðuga vöktun á eftirfarandi:

a) rekstrarframmistöðu netsins,

b) ráðstöfunum sem gerðar eru og frammiðstöðu sem hagsmunaaðilar í flugrekstri og ríkin hafa náð,

c) skilvirkni og hagkvæmni hvers starfssviðs sem fellur undir þessa reglugerð.

2. Með stöðugri vöktun skal greina öll hugsanleg frávik frá skipulagsáætlun netanna og aðgerðaráætlunum netanna. Hagsmunaaðilar í flugrekstri skulu aðstoða netstjórnandann með þessa vöktun með því að framkvæma tiltekin verkefni, þ.m.t., en ekki einvörðungu, með því að leggja fram gögn.

3. Netstjórnandinn skal leggja árlega fram skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunarinnar um ráðstafanirnar sem hann gerir til að inna af hendi verkefni sín. Skýrslan skal fjalla um einstaka starfsemi neta sem og heildarástand neta og skal vera nátengd innihaldi í skipulags- og aðgerðaráætlun netanna. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa nefndina um samevrópskt loftrými þar að lútandi.

21. gr.

Eftirlit með netstjórnandanum

Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð Flugöryggisstofnunarinnar í málum sem tengjast öryggi, tryggja eftirlit með netstjórnandanum, einkum að því er varðar kröfurnar í þessari reglugerð og annarri löggjöf Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal árlega skila skýrslu til nefndarinnar um samevrópskt loftrými eða þegar þess er sérstaklega óskað.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

22. gr.

Tengsl við þriðju lönd

Þriðju lönd, ásamt hagsmunaaðilum í flugrekstri, geta tekið þátt í starfi netstjórnandans.

23. gr.

Fjármögnun netstjórnandans

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fjármagna starfsemi neta sem netstjórnandanum er falin á grundvelli flugleiðsögugjalda. Netstjórnandinn skal ákvarða útgjöld sín með gagnsæjum hætti.

24. gr.

Bótaábyrgð

Netstjórnandinn skal koma á fyrirkomulagi sem nær yfir bótaábyrgð í tengslum við framkvæmd verkefna hans. Sú aðferð, sem er notuð til að uppfylla ábyrgðina, skal vera í samræmi við hugsanlegt tjón og skemmdir sem um er að ræða, að teknu tilliti til réttarstöðu netstjórnandans og umfangs þeirrar viðskiptalegu tryggingaverndar sem fáanleg er.

25. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða skilvirkni framkvæmdar í tengslum við starfsemi neta eigi síðar en 31. desember 2013 og reglulega eftir það og taka tilhlýðilegt tillit til þeirra viðmiðunartímabila fyrir frammistöðukerfið, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 691/2010.

26. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 691/2010

Reglugerð (ESB) nr. 691/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í 3. mgr. 3. gr. bætist eftirfarandi m-liður við:

„m) mat á frammistöðuáætlun netstjórnandans, þ.m.t. hvort hún samræmist frammistöðumarkmiðum í gervöllu Evrópusambandinu.“

2) Eftirfarandi 5. gr. a bætist við:

„5. gr. a

Netstjórnandi

1. Netstjórnandinn, sem komið er á skv. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 ([9]) skal annast eftirfarandi verkefni í tengslum við frammistöðukerfið:

a) styðja við framkvæmdastjórnina með því að veita viðeigandi framlag til undirbúnings frammistöðumarkmiða í gervöllu Evrópusambandinu fyrir viðmiðunartímabilin og vegna vöktunar á meðan á viðmiðunartímabilunum stendur. Einkum skal netstjórnandinn vekja athygli framkvæmdastjórnarinnar verði hann var við marktæka og viðvarandi versnandi rekstrarframmistöðu,

b) veita framkvæmdastjórninni aðgang, í samræmi við 5. mgr. 20. gr., að öllum gögnum sem talin eru upp í IV. viðauka,

c) styðja við aðildarríkin og veitendur flugleiðsöguþjónustu við að ná frammistöðumarkmiðum sínum á meðan á viðmiðunartímabilunum stendur,

d) útfæra frammistöðuáætlun, sem skal samþykkt sem hluti af skipulagsáætlun netanna fyrir upphaf hvers viðmiðunartímabils. Birta skal þessa frammistöðuáætlun opinberlega og hún skal:

i. innihalda frammistöðumarkmið á sviði umhverfismála, sem skal vera í samræmi við frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu, fyrir allt viðmiðunartímabilið með ársgildi sem skal nota vegna vöktunar,

ii. innihalda frammistöðumarkmið fyrir önnur viðeigandi meginsvið frammistöðu, sem skulu vera í samræmi við frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu, fyrir allt viðmiðunartímabilið með ársgildi sem skal nota vegna vöktunar,

iii. innihalda lýsingu á áætluðum aðgerðum til að ná markmiðunum,

iv. innihalda frekari meginframmistöðuvísa og markmið, ef nauðsyn krefur eða ef framkvæmdastjórnin ákveður slíkt.“

3) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við 17. gr.:

„2a. Framkvæmdastjórnin skal vakta framkvæmd frammistöðuáætlana netstjórnandans. Ef markmiðunum er ekki náð á viðmiðunartímabilunum skal framkvæmdastjórnin beita viðeigandi ráðstöfunum, sem tilgreindar eru í frammistöðuáætluninni, með það fyrir augum að bæta úr ástandinu. Í þessum tilgangi skal notast við ársgildi í frammistöðuáætlunum.“

4) Í stað 3. og 4. liðar í III. viðauka komi eftirfarandi:

„3. **Umhverfismál**

Hönnun flugleiða: á ekki við á fyrsta viðmiðunartímabilinu. Á meðan á öðru viðmiðunartímabilinu stendur, mat á ferlinu við hönnun flugleiða, sem notast er við í frammistöðuáætluninni, og samræmi þess við þróunarferli áætlunarinnar um úrbætur á Evrópuneti flugleiða, sem netstjórnandinn þróar.

([9]) Stjtíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1.;

4. **Afkastageta**

Seinkanir: Áætlun á seinkunum í flæðisstjórnun flugumferðar í leiðarflugi (e. *en route ATFM delay*), sem notuð eru í frammistöðuáætlunum, borin saman við viðmiðunargildi, sem fengið er úr afkastagetuáætlunum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu og aðgerðaráætlun netstjórnandans fyrir netin.

27. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

STARFSEMI Í TENGSLUM VIÐ HÖNNUN EVRÓPUNETS FLUGLEIÐA (ERND)

A-HLUTI

Markmið

1. Starfsemi í tengslum við hönnun Evrópunets flugleiða skal:

   a) móta áætlun um úrbætur á Evrópuneti flugleiða til að tryggja örugga og skilvirka starfrækslu flugumferðar þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til áhrifa á umhverfið,

   b) innan ramma áætlunarinnar um úrbætur á Evrópuneti flugleiða, greiða fyrir þróun á skipulagi loftrýmis sem tryggir nauðsynlegt öryggisstig, afkastagetu, sveigjanleika, viðbrögð, frammistöðu í umhverfismálum og veitingu flugleiðsöguþjónustu með skjótum og snurðulausum hætti, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þarfa er varða öryggi og varnir,

   c) tryggja svæðisbundna samtengingu og rekstrarsamhæfi Evrópunets flugleiða innan Evrópusvæðis Alþjóða-flugmálastofnunarinnar og aðliggjandi svæða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

2. Við þróun áætlunar um úrbætur á Evrópuneti flugleiða skal treysta á sameiginlegt ákvarðanatökuferli. Áætlunin um úrbætur á Evrópuneti flugleiða er hluti af sértækum hluta aðgerðaráætlunar netanna sem tengist hönnun Evrópunets flugleiða og inniheldur ítarlegar reglur til framkvæmdar þeim hluta skipulagsáætlunar netanna sem snýr að hönnun Evrópunets flugleiða.

3. Aðildarríkin bera áfram ábyrgð á nákvæmri þróun, samþykki og ákvarða skipulag loftrýmis fyrir það loftrými sem þau bera ábyrgð á.

B-HLUTI

Meginreglur vegna áætlanagerðar

1. Með fyrirvara um yfirráðarétt aðildarríkja yfir loftrýminu og um kröfur aðildarríkjanna varðandi allsherjarreglu, almannaöryggi og varnarmál, skulu netstjórnandinn, aðildarríkin, þriðju lönd, loftrýmisnotendur, starfræn loftrýmisumdæmi og veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem hluti af starfrænu loftrýmisumdæmunum eða hver fyrir sig, þróa áætlunina um úrbætur á Evrópuneti flugleiða með sameiginlegu ákvarðanatökuferli, á sama tíma og þeir beita meginreglum um hönnun loftrýmis, sem settar eru fram í þessum viðauka. Áætlunin um úrbætur á Evrópuneti flugleiða skal uppfylla frammistöðumarkmiðin sem sett eru fyrir netstjórnandann í frammistöðukerfinu.

2. Sameiginlega ákvarðanatökuferlið skal stutt með viðeigandi, varanlegum ítarlegri vinnutilhögun, sem netstjórnandinn semur í samráði við sérfræðinga með þátttöku allra hagsmunaaðila. Fyrirkomulag samráðs verður skipulagt með þeirri tíðni sem endurspeglar þarfir starfseminnar í tengslum við hönnun Evrópunets flugleiða.

3. Til að tryggja fullnægjandi tengjanleika áætlunarinnar um úrbætur á Evrópuneti flugleiða skulu netstjórnandinn og aðildarríkin taka þriðju lönd með í hið sameiginlega ákvarðanatökuferli í samræmi við 22. gr. Tryggja skal viðeigandi samstarf annars vegar á milli netstjórnandans og ítarlegrar vinnutilhögunar sem unninn er af sérfræðingum stofnunarinnar til að styðja við þróun áætlunarinnar um úrbætur á Evrópuneti flugleiða og hins vegar viðeigandi vinnutilhögunar sem unninn er af sérfræðingum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tekur til úrbóta á skilfleti flugleiðanetsins.

4. Áætlunin um úrbætur á Evrópuneti flugleiða er breytileg áætlun sem skal endurspegla alla nauðsynlega þætti til að tryggja að evrópskt loftrými sé hannað sem ein eining og uppfylli viðeigandi frammistöðumarkmið.

5. Í áætluninni skulu vera:

   a) sameiginlegar almennar meginreglur til viðbótar við tækniforskriftir fyrir hönnun loftrýmis,

   b) hernaðarlegar loftrýmiskröfur,

   c) samþykkt Evrópunet flugleiða og, ef mögulegt er, skipulag loftrýmis með frjálsum flugleiðum, sem er hannað til að uppfylla allar kröfur notenda með upplýsingum um öll verkefni sem varða breytingar á loftrýminu,

d) reglur um notkun flugleiðanets og loftrýmis með frjálsum flugleiðum og tiltækileiki þeirra,

e) upplýsingar um ráðlagða svæðisskiptingu flugumferðarstjórnar til stuðnings skipulags á loftrými flugumferðarþjónustu, sem aðildarríkin hanna, ákveða og framkvæma,

f) leiðbeiningar um stjórnun loftrýma,

g) ítarleg tímaáætlun fyrir þróunarstarfið,

h) tímatafla fyrir sameiginlegt birtingar- og framkvæmdarferli í gegnum aðgerðaráætlun netanna,

i) yfirlit yfir núverandi og væntanlega stöðu netsins, þ.m.t. væntanleg frammistaða á grundvelli gildandi og samþykktum áætlunum.

6. Netstjórnandinn skal tryggja viðeigandi fyrirkomulag innan allra starfssviða til að gera samræmingu milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda mögulega innan sameiginlega ákvarðanatökuferlisins.

7. Netstjórnandinn, aðildarríkin, starfrænu loftrýmisumdæmin og veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem hluti af starfrænu loftrýmisumdæmunum eða hver fyrir sig, skulu tryggja samræmda samþættingu verkefna í tengslum við hönnun loftrýmis, sem eru samþykkt í gegnum sameiginlega ákvarðanatökuferlið, í áætluninni um úrbætur á Evrópuneti flugleiða.

8. Aðildarríkin og starfrænu loftrýmisumdæmin skulu tryggja að áður en landsbundnum og starfrænum loftrýmisumdæmum er hrint í framkvæmd séu verkefnin vegna hönnunar loftrýmisins samrýmanleg og í samræmi við áætlunina um úrbætur á Evrópuneti flugleiða og séu samræmd við ríki, sem verða fyrir áhrifum vegna þeirra, og netstjórnandann.

9. Gögnin um breytingar á verkefnum sem krefjast athugana á samrýmanleika og sem þurfa að vera aðgengileg netstjórnandanum innihalda m.a.:

a) breytingar á legu flugleiðar,

b) breytingar á stefnu flugleiðar,

c) breytingar á tilgangi flugleiðar,

d) lýsing á loftrými með frjálsum flugleiðum, þ.m.t. tilheyrandi reglur um notkun,

e) reglur um notkun flugleiðar og tiltækileika hennar,

f) breytingar á lóðréttum eða láréttum mörkum undirsvæða,

g) viðbót eða fjarlæging leiðarmiða (e. *significant points*),

h) breytingar á nýtingu loftrýmis yfir landamæri,

i) breytingar á hnitum leiðarmiða,

j) breytingar sem hafa áhrif á gagnaflutninga,

k) breytingar sem hafa áhrif á gögn sem eru birt í flugupplýsingahandbókum,

l) breytingar sem hafa áhrif á samstarfssamninga að því er varðar hönnun loftrýmis og notkun þess.

10. Innan ramma þessa viðauka skulu netstjórnandinn og aðildarríki þróa, í gegnum sameiginlega ákvarðanatökuferlið, sameiginlegar tillögur að breytingum á viðeigandi gögnum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Einkum skulu aðildarríkin nota viðeigandi verklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um samræmingu vegna breytinga á gögnum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem varða flugþjónustuleiðir yfir úthöf.

11. Netstjórnandinn, aðildarríki, notendur loftrýmis, rekstraraðilar flugvalla, starfræn loftrýmisumdæmi og veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem hluti af starfrænu loftrýmisumdæmi eða hver fyrir sig, skulu, í gegnum sameiginlega ákvarðanatökuferlið, stöðugt endurskoða áætlunina um úrbætur á Evrópuneti flugleiða til að taka tilliti til nýrra eða breyttra krafna til loftrýmisins. Stöðug samræming við hermálayfirvöld verður tryggð.

C-HLUTI

Meginreglur fyrir hönnun loftrýmis

1. Við þróun á áætluninni um úrbætur á Evrópuneti flugleiða skulu netstjórnandinn, aðildarríki, þriðju lönd, starfræn loftrýmisumdæmi og veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem hluti af starfrænu loftrýmisumdæmi eða hver fyrir sig, fylgja eftirfarandi meginreglum fyrir hönnun loftrýmis innan sameiginlega ákvarðanatökuferlisins:

   a) ákvörðun og tilhögun skipulags loftrýmis skal byggjast á rekstrarlegum kröfum, óháð því hvort um er að ræða svæðamörk landsbundins eða starfræns loftrýmisumdæmis eða svæðamörk flugupplýsingasvæðis og skal ekki endilega vera afmarkað samkvæmt skilum á milli efra og neðra loftrýmis,

   b) hönnun loftrýmisskipulags skal vera gagnsætt ferli sem sýnir þær ákvarðanir sem eru teknar og rökstuðning fyrir þeim þar sem tekið er tillit til krafna allra notenda á sama tíma og tekið er tillit til öryggis, afkastagetu, umhverfisþátta og að teknu tilhlýðilegu tilliti til hernaðarþarfa og þjóðaröryggis,

   c) núverandi umferðarþörf og spár um umferðarþörf, á vettvangi netsins og á staðarvísu, og frammistöðumarkmið skulu vera grundvöllur áætlunarinnar um úrbætur á Evrópuneti flugleiða í því skyni að fullnægja þörfum meginumferðarflæðis og flugvalla,

   d) lóðrétt og lárétt tenging, þ.m.t. loftrými flugstöðvarinnar og skipulag loftrýmisins við skilflötinn, skal tryggð,

   e) flug skal starfrækt á þeim flugleiðum, eða eins nálægt þeim og mögulegt er, eða með því flugsniði sem notandi óskar eftir meðan á flugi stendur,

   f) mat og möguleg þróun á öllum tillögum að skipulagi loftrýmis frá hagsmunaaðilum, sem þurfa að fara inn á svæðið starfs síns vegna, þ.m.t. loftrými með frjálsum flugleiðum, flugleiðir með mörgum möguleikum og skilyrtar flugleiðir, skal samþykkja,

   g) við hönnun á skipulagi loftrýmis, þ.m.t. loftrými með frjálsum flugleiðum og undirsvæði flugumferðarstjórnar, skal tillit tekið til fyrirliggjandi eða fyrirhugaðs skipulags loftrýmis sem er ætlað fyrir starfsemi sem krefst þess að loftrými sé tekið frá eða takmarkanir settar á notkun þess. Í þessu skyni skal aðeins ákvarða skipulag sem er í samræmi við sveigjanlega notkun loftrýmis. Slíkt skipulag skal samhæfa og skal, að svo miklu leyti sem mögulegt er, vera samræmt í gervöllu Evrópunetinu.

   h) vinnan við hönnun á undirsvæðum flugumferðarstjórnar skal hefjast á þeirri flugleið sem er krafist eða með aðlögun á umferðarflæði innan endurtekningarferlis sem mun tryggja samrýmanleika á milli flugleiða eða flæðis og undirsvæða,

   i) undirsvæði flugumferðarstjórnar skulu hönnuð með þeim hætti að tilhögun undirsvæða fullnægi kröfum um umferðarflæði og er sveigjanleg og í réttu hlutfalli við breytilega umferðarþörf,

   j) samkomulagi um þjónustuveitingu skal komið á í þeim tilvikum þegar hanna verður undirsvæði flugumferðarstjórnar, af ástæðum er varða rekstur, yfir landamæri eða yfir svæðismörk starfrænna loftrýmisumdæma eða svæðismörk flugupplýsingasvæða.

2. Netstjórnandinn, aðildarríki, starfræn loftrýmisumdæmi og veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem hluti af starfrænu loftrýmisumdæmi eða hver fyrir sig, skulu tryggja, í gegnum sameiginlega ákvarðanatökuferlið, að eftirfarandi meginreglur gildi að því er varðar nýtingu loftrýmis og stjórnun afkastagetu:

   a) að skipulag loftrýmis sé þannig gert að það greiði fyrir notkun og stjórnun loftrýmis með sveigjanlegum og tímanlegum hætti að því er varðar valkosti í tengslum við flugleiðir, umferðarflæði, áætlanir fyrir tilhögun undirsvæða og tilhögun annars skipulags loftrýmis,

   b) að skipulag loftrýmis gefi fleiri valkosti í tengslum við flugleiðir á sama tíma og tryggt er að þær séu samræmdar (með tilliti til afkastagetu og takmarkana á hönnun undirsvæða).

D-HLUTI

Viðvarandi vöktun með árangri í tengslum við frammistöðu á vettvangi netsins

1. Til að tryggja reglulegar úrbætur á frammistöðu skal netstjórnandinn, í nánu samstarfi við ríkin, starfrænu loftrýmis-umdæmin og hagsmunaaðila í flugrekstri, framkvæma reglulega endurskoðun á skilvirkni loftrýmisskipulags sem komið er í framkvæmd.

2. Þessi endurskoðun skal m.a. fela í sér eftirfarandi:

a) þróun umferðarþarfar,

b) frammistöðu og takmarkanir í tengslum við afkastagetu og skilvirkni flugs að því er varðar ríkin, starfræn loftrýmisumdæmi eða á vettvangi netsins,

c) mat á nýtingu loftrýmis bæði út frá borgaralegu og hernaðarlegu sjónarhorni,

d) mat á skiptingu og tilhögun undirsvæða sem eru í notkun,

e) mat á heildstæði og samfellu skipulags loftrýmis,

f) að upplýsa framkvæmdastjórnina í þeim tilvikum þegar þær aðgerða til úrbóta, sem er krafist, ganga lengra en valdheimildir netstjórnandans.

———

II. VIÐAUKI

STARFSEMI FJARSKIPTATÍÐNIEININGAR

A-HLUTI

Kröfur um framkvæmd starfseminnar

1. Aðildarríki skulu tilnefna lögbæran aðila, yfirvald eða stofnun eða fyrirtæki sem landsbundinn tíðnistjórnanda, sem ber ábyrgð á því að tryggja að tíðniúthlutun, tíðnibreyting og tíðnilosun fari fram í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og netstjórnandanum um nöfn og heimilisföng þessara aðila eigi síðar en fjórum mánuðum eftir samþykkt þessarar reglugerðar.

2. Netstjórnandinn skal undirbúa og samræma skipulagsþætti tíðnirófsins er varða netið og skulu þeir skráðir með viðeigandi hætti í skipulags- og aðgerðaráætlun netanna. Netstjórnandinn skal styðja framkvæmdastjórnina og aðildarríkin við undirbúning á sameiginlegri afstöðu á sviði flugsamgangna til að samræma framlag frá aðildarríkjum á alþjóðavettvangi og einkum til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) og Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU).

3. Netstjórnandinn skal, að ósk landsbundinna tíðnistjórnenda, grípa til aðgerða í samvinnu við framkvæmdastjórnina og Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu til að ráða bót á öllum athugunarefnum innan annarra atvinnugreina.

4. Landsbundnu tíðnistjórnendurnir skulu tilkynna netstjórnandanum um tilvik þar sem rafsegultruflanir hafa áhrif á evrópska flugnetið. Netstjórnandinn skal skrá þessi tilvik og styðja við mat á þeim. Netstjórnandinn skal, að ósk landsbundinna tíðnistjórnenda, samræma eða veita allan nauðsynlegan stuðning til að leysa úr eða draga úr hættunni á slíkum tilvikum, þ.m.t. grípa til aðgerða í samstarfi við framkvæmdastjórnina og Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu.

5. Netstjórnandinn skal taka saman og viðhalda miðlægri skrá sem er ætlað að geyma öll gögn um tíðniúthlutanir, sem lýst er í 14. lið.

6. Aðildarríkin skulu nota miðlægu skrána til að uppfylla stjórnsýslulega skyldu sína gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni hvað varðar skráningu á tíðniúthlutunum.

7. Netstjórnandinn og landsbundnir tíðnistjórnendur halda áfram að þróa og bæta verklagsreglur um tíðnistjórnun, áætlunarviðmið, gagnasöfn og ferli til að hámarka notkun og nýtingu fjarskiptatíðnirófs í almennri flugumferð. Netstjórnandinn skal því næst, að ósk eins aðildarríkis eða fleiri, leggja þessar tillögur fram á svæðisvísu.

8. Þegar þörf er á tíðniúthlutun skal umsækjandinn leggja fram beiðni til viðkomandi landsbundins tíðnistjórnanda, þ.m.t. öll viðeigandi gögn og rökstuðning.

9. Landsbundnir tíðnistjórnendur og netstjórnandinn skulu meta og forgangsraða tíðnibeiðnum á grundvelli rekstrarlegra krafna og samþykktra viðmiðana. Enn fremur skal netstjórnandinn ákvarða áhrif þeirra á netið í samstarfi við landsbundna tíðnistjórnendur. Netstjórnandinn skal ákveða slíkar viðmiðanir í samráði við landsbundna tíðnistjórnendur innan 12 mánaða frá því að reglugerð þessi er samþykkt og viðhalda og uppfæra þær eftir það eins og nauðsyn krefur.

10. Þegar áhrifa gætir á netið skal netstjórnandinn tilgreina hæfilega tíðni/tíðnir til að uppfylla þessa beiðni að teknu tilliti til eftirfarandi krafna:

    a) nauðsyn þess að tryggja örugga grunnvirkisþjónustu í tengslum við samskipti, leiðsögu og eftirlit,

    b) nauðsyn þess að hámarka notkun fjarskiptatíðnirófs,

    c) nauðsyn þess að aðgangur að fjarskiptatíðnirófi sé kostnaðarhagkvæmur, réttlátur og gagnsær,

    d) rekstrarlegar kröfur umsækjanda/umsækjenda og hagsmunaaðila í flugrekstri,

    e) áætluð eftirspurn eftir fjarskiptatíðnirófi í framtíðinni,

    f) ákvæði í handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um evrópska tíðnistjórnun (e. *ICAO European Frequency Management Manual*).

11. Þegar ekki gætir neinna áhrifa á netið skulu landsbundnir tíðnistjórnendur ákvarða hæfilega tíðni/tíðnir til að uppfylla beiðnina, að teknu tilliti til krafnanna í 10. lið.

12. Þegar ekki er hægt að verða við tíðnibeiðni geta landsbundnir tíðnistjórnendur óskað eftir því að netstjórnandinn framkvæmi sérstaka leit að tíðni. Til þess að auðkenna lausnir fyrir landsbundna tíðnistjórnendur getur netstjórnandinn, með stuðningi landsbundinna tíðnistjórnenda, framkvæmt sérstaka skoðun á stöðu tíðninotkunar á hlutaðeigandi landfræðilegu svæði.

13. Landsbundinn tíðnistjórnandi skal úthluta viðeigandi tíðni eða tíðnum, eins og skilgreint er í 10., 11. eða 12. lið.

14. Landsbundinn tíðnistjórnandi skal skrá hverja úthlutun í miðlægu skrána með eftirfarandi upplýsingum:

    a) gögn samkvæmt skilgreiningu í handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um evrópska tíðnistjórnun, þ.m.t. tilheyrandi tæknileg og rekstrarleg gögn,

    b) strangari kröfur um gögn skv. 7. lið,

    c) lýsingu á rekstrarlegri notkun þeirrar tíðni sem var úthlutuð,

    d) samskiptaupplýsingar hagsmunaaðila í flugrekstri sem nýtir sér úthlutunina.

15. Við úthlutun til umsækjanda skal landsbundinn tíðnistjórnandi tilgreina skilyrði fyrir notkun. Í þessum skilyrðum skal að lágmarki tilgreina að tíðniúthlutun:

    a) heldur gildi sínu svo framarlega sem hún er notuð til að uppfylla þær rekstrarlegu kröfur sem umsækjandinn hefur lýst,

    b) geti haft í för með sér beiðni um tíðnihliðrun og að framkvæma verði slíka hliðrun innan takmarkaðs tímaramma,

    c) geti verið breytingum háð þegar rekstrarleg notkun, sem umsækjandi hefur lýst, breytist.

16. Landsbundnir tíðnistjórnendur skulu tryggja að tíðnihliðrun, tíðnibreyting eða tíðnilosun fari fram innan þess tímaramma sem er samþykktur og að miðlæga skráin sé uppfærð til samræmis við það. Landsbundnir tíðnistjórnendur skulu áframsenda viðeigandi rökstuðning til netstjórnandans þegar ekki er unnt að framkvæmda þessar aðgerðir.

17. Landsbundnir tíðnistjórnendur skulu tryggja að rekstrarlegar, tæknilegar og stjórnsýslulegar upplýsingar, sem um getur í 14. lið, um allar tíðniúthlutanir sem notaðar eru í evrópska flugnetinu séu tiltækar í miðlægu skránni eigi síðar en 31. desember 2011.

18. Netstjórnandinn og landsbundnir tíðnistjórnendur sjá um að vakta og leggja mat á flugtíðnisvið og tíðniúthlutanir á grundvelli gagnsærra verklagsreglna til þess að tryggja rétta og skilvirka notkun þeirra. Netstjórnandinn skal ákveða slíkar verklagsreglur í samráði við landsbundna tíðnistjórnendur eigi síðar en 12 mánuðum frá því að reglugerð þessi er samþykkt og viðhalda og uppfæra þær eftir það, eins og nauðsyn krefur. Netstjórnandinn skal einkum greina allt misræmi milli miðlægu skrárinnar, rekstrarlegs tilgangs og raunverulegrar notkunar úthlutaðrar tíðni. Netstjórnandinn skal tilkynna landsbundnum tíðnistjórnanda um slíkt misræmi í því skyni að finna úrlausn á því innan samþykkts tímaramma.

19. Netstjórnandinn skal tryggja að sameiginleg verkfæri séu tiltæk til að styðja við miðlæga og landsbundna áætlanagerð, samræmingu, skráningu, endurskoðun og bestun. Einkum skal þróa verkfæri til að styðja við greiningu á gögnum í miðlægu skránni til að vakta skilvirkni starfseminnar og til að hanna bestunarferli fyrir tíðnina og koma ferlinu í framkvæmd skv. 7. lið.

B-HLUTI

Kröfur varðandi skipulag starfseminnar

1. Sameiginlega ákvarðanatakan á milli landsbundinna tíðnistjórnenda og netstjórnandans skal byggjast á fyrirkomulagi, sem stjórnarnefnd netsins á að samþykkja, í samræmi við 16. gr. þessarar reglugerðar, eftir jákvætt álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

2. Ef upp kemur ágreiningur um fyrirkomulagið, sem um getur í 1. lið í B-hluta þessa viðauka, skal netstjórnandinn eða hlutaðeigandi aðildarríki fara með málið til framkvæmdastjórnarinnar, sem skal grípa til aðgerða. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

3. Í fyrirkomulaginu skal a.m.k. tilgreina:

   a) viðmiðanir vegna mats á rekstrarlegum kröfum og forgangsröðun þeirra,

   b) lágmarkstímamörk vegna samræmingar á nýjum eða breyttum úthlutunum fjarskiptatíðna,

   c) kerfi sem tryggir að netstjórnandinn og landsbundnir tíðnistjórnendur uppfylli viðeigandi frammistöðumarkmið á vettvangi Evrópusambandsins,

   d) að bættar verklagsreglur, viðmiðanir og ferli við tíðnistjórnun hafi ekki truflandi áhrif á það sem notað er í öðrum löndum innan ramma svæðisbundinna verklagsreglna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

   e) kröfur til að tryggja viðeigandi að aðildarríkin efni til samráðs um nýtt eða breytt stjórnunarfyrirkomulag með öllum hagsmunaaðilum á landsvísu og á evrópskum vettvangi.

4. Upphaflegt fyrirkomulag vegna samræmingar á fjarskiptatíðnum skal vera í fullu samræmi við það sem fyrir er. Þróun þessa fyrirkomulags skal fara fram í samstarfi við landsbundna tíðnistjórnendur og skal dregið úr fastakostnaði eftir því sem kostur er.

5. Samræming við aðliggjandi lönd, sem taka ekki þátt í starfi netstjórnanda, á notkun fjarskiptatíðna á skipulags- eða úrlausnarstiginu skal fara fram í gegnum svæðisbundna vinnutilhögun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Þetta verður gert með það fyrir augum að auðvelda aðgengi aðliggjandi landa að þjónustu netstjórnandans.

6. Netstjórnandinn og landsbundnir tíðnistjórnendur skulu vera einhuga um heildarforgangsröðun starfseminnar í því skyni að bæta hönnun og rekstur evrópska flugnetsins. Þessi forgangsröðun skal skráð í formi tíðnihluta í skipulags- og aðgerðaráætlun netanna og skal haft samráð við hagsmunaaðila þar að lútandi. Einkum mætti í forgangsröðuninni taka til athugunar tiltekið tíðnisvið, svæði og þjónustu.

7. Aðildarríki skulu tryggja að notkun hernaðarlegra notenda á flugtíðnisviðum sé samræmd á viðeigandi hátt af landsbundnum tíðnistjórnendum og netstjórnandanum.

———

III. VIÐAUKI

STARFSEMI RATSJÁRSVARAKÓÐAEININGAR

A-HLUTI

Kröfur varðandi starfsemi ratsjársvarakóðaeiningar

1. Markmiðin með þessari starfsemi er:

   a) að bæta áreiðanleika ferlisins við kóðaúthlutun með því úthluta öllum hlutaðeigandi hagsmunaaðilum skýr hlutverk og ábyrgðarsvið, með heildarframmistöðu netsins sem miðpunkt ákvörðunar fyrir úthlutun kóða,

   b) að tryggja aukið gagnsæi í úthlutun kóða og í raunverulegri notkun kóða og þannig gera kleift að gera matið á heildarskilvirkni netsins betra,

   c) með því að staðfesta það í reglugerð, að tryggja lagalegan grundvöll sem greiðir fyrir framfylgd og eftirliti.

2. Úthlutun á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá til aðildarríkjanna og veitenda flugleiðsöguþjónustu skal fara fram í gegnum netstjórnandann með þeim hætti að dreifing þeirra sé sem öruggust og skilvirkust, að teknu tilliti til eftirfarandi:

   a) rekstrarlegra krafna allra hagsmunaaðila í flugrekstri,

   b) raunverulegrar og áætlaðrar flugumferðar,

   c) krafna um notkun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá í samræmi við viðeigandi ákvæði í svæðisbundinni flugleiðsöguáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið, sbr. skjal um búnað og þjónustu í flugleiðsögu (e. *ICAO Regional Air Navigation Plan, European Region, Facilities and Services Implementation Document*) og í leiðbeiningum.

3. Netstjórnandinn skal hafa til reiðu skrá yfir úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjár sem inniheldur fullnægjandi og uppfærða lýsingu á úthlutun kóða kögunarsvarratsjár í loftrýminu sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 1. gr., sem er aðgengileg aðildarríkjunum, veitendum flugleiðsöguþjónustu og þriðju löndum hvenær sem er.

4. Netstjórnandinn skal innleiða formlegt ferli fyrir ákvörðun, mat og samræmingu á kröfum fyrir úthlutun ratsjársvarakóða kögunarsvarratsjár að teknu tilliti til ratsjársvarakóða kögunarsvarratsjár sem krafist er til almennra eða hernaðarlegra nota.

5. Formlega ferlið, sem mælt er fyrir um í 4. lið, skal að lágmarki fela í sér viðeigandi umsamda málsmeðferð, tímamörk og frammistöðumarkmið til að ljúka eftirfarandi verkefnum:

   a) framlagning umsókna um úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá,

   b) mat á umsóknum um úthlutun á ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá,

   c) samræming tillagna að breytingum á úthlutun á ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá milli aðildarríkjanna og þriðju landa í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í B-hluta,

   d) regluleg endurskoðun á úthlutunum og þörf á kóðum fyrir kögunarsvarratsjár í því skyni að besta ástandið, þ.m.t. endurúthlutun á fyrirliggjandi kóðaúthlutunum,

   e) regluleg breyting, samþykki og dreifing á heildarskrá yfir úthlutanir ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjár, sem mælt er fyrir um í 3. lið,

   f) tilkynning, mat og úrlausnir á ófyrirséðum ágreiningi varðandi úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá,

   g) tilkynning, mat og úrlausnir á rangri úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá, sem uppgötvast við eftirlit með varðveittum kóðum,

   h) tilkynning, mat og úrlausnir á ófyrirséðum skorti á úthlutun á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá,

   i) framlagning gagna og upplýsinga í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í C-hluta.

6. Netstjórnandinn skal hafa eftirlit með því að umsóknir um ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá, sem mótteknar eru sem hluti af ferlinu sem mælt er fyrir um í 4. lið, séu í samræmi við kröfur ferlisins að því er varðar venjur um snið og gögn, heildstæðni, nákvæmni, tímanleika og rökstuðning.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að farið sé eftir skránni í 3. lið yfir úthlutanir ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá þegar loftfar fær úthlutaðan ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá.

8. Netstjórnandinn getur starfrækt miðlægt úthlutunar- og stjórnunarkerfi fyrir ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá vegna sjálfvirkrar úthlutunar ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá til almennrar flugumferðar fyrir hönd aðildarríkjanna og veitenda flugleiðsöguþjónustu.

9. Netstjórnandinn skal koma á verklagsreglum og aðferðum við reglulegt mat og úttekt á raunverulegri notkun aðildarríkja og veitenda flugleiðsöguþjónustu á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá.

10. Netstjórnandinn, aðildarríkin og veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu koma sér saman um áætlanir og verklagsreglur til að styðja við reglubundna greiningu og auðkenningu á framtíðarkröfum varðandi ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá. Þessi greining skal fela í sér auðkenningu á mögulegum áhrifum á frammistöðu af völdum fyrirséðs skorts á úthlutun á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá.

11. Rekstrarhandbækur, sem nauðsynlegar eru til að starfsemi neta geti farið fram í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð, skulu þróaðar og þeim viðhaldið. Þessum rekstrarhandbókum skal dreift og þeim viðhaldið í samræmi við viðeigandi ferli gæða- og skjalastjórnunar.

B-HLUTI

Kröfur varðandi sérstaka samráðsfyrirkomulagið

1. Netstjórnandinn skal koma á sérstöku fyrirkomulagi vegna samræmingar og samráðs um ítarlegt fyrirkomuleg vegna úthlutunar á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá, sem:

   a) tryggir að tekið sé tillit til áhrifa vegna notkunar á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá í þriðju löndum í gegnum þátttöku í vinnutilhögun um stjórnun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá, sem sett er fram í viðeigandi ákvæðum í svæðisbundinni flugleiðsöguáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið, sbr. skjal um búnað og þjónustu í flugleiðsögu,

   b) tryggir að skráin yfir úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá, sem mælt er fyrir um í 3. lið í A-hluta, sé samrýmanleg áætluninni um kóðastjórnun sem sett er fram í viðeigandi ákvæðum í svæðisbundinni flugleiðsöguáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið, sbr. skjal um búnað og þjónustu í flugleiðsögu,

   c) tiltekur kröfur til að tryggja að viðeigandi samráð eigi sér stað við hlutaðeigandi aðildarríki um nýtt eða breytt fyrirkomulag í tengslum við stjórnun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá,

   d) tiltekur kröfur til að tryggja að viðeigandi samráð eigi sér stað á landsvísu milli aðildarríkja og allra hagsmunaaðila, sem málið snertir, um nýtt eða breytt fyrirkomulag í tengslum við stjórnun ratsjársvarakóða fyrir kögunarratsjá,

   e) tryggir að samræming á notkun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá á skipulags- eða úrlausnarstiginu fari fram í gegnum vinnutilhögun um stjórnun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá, sem sett er fram í viðeigandi ákvæðum í svæðisbundinni flugleiðsöguáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið, sbr. skjal um búnað og þjónustu í flugleiðsögu,

   f) tilgreinir lágmarkstímamörk fyrir samræmingu og samráð vegna tillagna um nýjar eða breyttar úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá,

   g) tryggir að breytingar á skránni yfir úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá séu háðar samþykki þeirra aðildarríkja sem breytingin hefur áhrif á,

   h) tilgreinir kröfur til að tryggja að breytingar á skránni yfir úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá séu sendar öllum hagsmunaaðilum um leið og þær hafa verið samþykktar, með fyrirvara um landsbundnar verklagsreglur vegna miðlun upplýsinga um notkun hermálayfirvalda á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjár,

2. Netstjórnandinn skal, í samráði við landsbundin hermálayfirvöld, tryggja að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að staðfesta að úthlutun og notkun á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá til hernaðarnota hafi engin skaðleg áhrif á öryggi eða skilvirkt flæði almennrar flugumferðar.

C-HLUTI

Kröfur um veitingu gagna

1. Umsóknir sem lagðar eru fram í tengslum við nýjar eða breyttar úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá skulu vera í samræmi við kröfur um venjur um snið og gögn, heildstæðni, nákvæmni, tímanleika og rökstuðning, sem mælt er fyrir um í 4. lið í A-hluta.

2. Aðildarríkin skulu láta netstjórnandanum í té eftirfarandi gögn og upplýsingar, eftir því sem þörf er á, innan samþykktra tímamarka, sem netstjórnandinn setur, til að styðja við útfærslu á starfsemi neta vegna ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá:

   a) uppfærða skrá yfir úthlutun og notkun allra ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjár sem fellur undir þeirra ábyrgðarsvið, með fyrirvara um öryggistakmarkanir í tengslum við fullnægjandi upplýsingar um tilteknar úthlutanir á kóðum til hernaðarlegra nota, sem eru ekki notaðir fyrir almenna flugumferð,

   b) rökstuðning til að sýna fram á þær úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjár sem fyrir eru og sem sótt er um, séu það lágmark sem nauðsynlegt er til að uppfylla rekstrarlegar kröfur,

   c) upplýsingar um allar úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá sem ekki er þörf á lengur með tilliti til rekstursins og sem mætti því endurúthluta innan netsins,

   d) tilkynningar um allan raunverulegan og ófyrirséðan skort í tengslum við úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjár,

   e) upplýsingar um allar breytingar á fyrirkomulagi uppsetningar eða rekstrarstöðu kerfa eða kerfishluta sem geta haft áhrif á úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá fyrir flugferðir.

3. Aðildarríkin skulu láta netstjórnandanum í té eftirfarandi gögn og upplýsingar, eftir því sem þörf er á, innan samþykktra tímamarka, sem netstjórnandinn setur, til að styðja við útfærslu á starfsemi neta vegna ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá:

   a) samtengdar stöðutilkynningar að því er varðar bætt úrlausnakerfi við flæðistjórnun (e. *Enhanced Tactical Flow Management System*) sem innihalda úthlutaða ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá fyrir almenna flugumferð vegna starfrækslu flugs samkvæmt blindflugsreglum,

   b) skýrslur um raunverulegt, ófyrirséð misræmi eða hættu vegna raunverulegrar rekstrarúthlutunar á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjár, þ.m.t. upplýsingar um hvernig leyst var úr misræminu.

4. Svör aðildarríkjanna og veitenda flugleiðsöguþjónustu við samræmingu á tillögum að breytingum á úthlutunum á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá og uppfærslu á skránni yfir úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá skulu að lágmarki:

   a) greina hvort misræmi milli úthlutana á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá eða hættum í tengslum við þetta sé fyrirséð,

   b) staðfesta hvort það muni hafa neikvæð áhrif á rekstrarlegar kröfur eða skilvirkni,

   c) staðfesta að mögulegt sé að koma breytingum á úthlutunum á ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá í framkvæmd í samræmi við kröfur um tímamörk.

———

IV. VIÐAUKI

SNIÐMÁT FYRIR STEFNUÁÆTLUN NETANNA

Stefnuáætlun netanna skal byggð upp samkvæmt eftirfarandi fyrirmynd:

1. INNGANGUR

1.1. Gildissvið stefnuáætlunar netanna (landfræðilegt og gildistími)

1.2. Undirbúningur áætlunarinnar og fullgildingarferli

2. HEILDARSAMHENGI OG KRÖFUR

2.1. Lýsing á núverandi og áætlaðri stöðu netsins, þ.m.t. hönnun Evrópunets flugleiða (ERND), flæðisstjórnun flugumferðar (ATFM), flugvellir og takmörkuð úrræði

2.2. Áskoranir og tækifæri í tengslum við gildistíma áætlunarinnar (þ.m.t. spá um umferðarþörf og þróun á heimsvísu)

2.3. Frammisstöðumarkmið og viðskiptalegar kröfur, sem mismunandi hagsmunaaðilar setja fram, og frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu

3. STEFNUSÝN

3.1. Lýsing á skipulagslegum aðferðum netsins til þróunar og framfara til að uppfylla með fullnægjandi hætti frammistöðumarkmiðin og viðskiptalegar kröfur

3.2. Frammistöðumarkmiðin uppfyllt

3.3. Evrópska mynsturáætlunin fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar uppfyllt

4. STEFNUMARKMIÐ

4.1. Lýsing á stefnumarkmiðum fyrir netin, sem inniheldur eftirfarandi:

– sjónarmið hagsmunaaðila í flugrekstri í tengslum við samstarf með tilliti til hlutverka og ábyrgðarsviðs,

– upplýsingar um hvernig stefnumarkmiðin munu uppfylla kröfurnar,

– upplýsingar um hvernig framvinda í átt að uppfyllingu þessara markmiða verður metin,

– upplýsingar um hvernig stefnumarkmiðin munu hafa áhrif á iðnaðinn og önnur hlutaðeigandi svið.

5. FRAMMISTÖÐUÁÆTLANIR

Frammistöðuáætlunin skal byggð á eftirfarandi uppbyggingu:

1. Inngangur

1.1. Lýsing á stöðunni (gildissvið áætlunarinnar, starfsemi sem hún tekur til o.s.frv.)

1.2. Lýsing á þjóðhagslegum aðstæðum á viðmiðunartímabilinu þ.m.t. almennar tilgátur (spá um umferð o.s.frv.)

1.3. Lýsing á niðurstöðu samráðs milli hagsmunaaðila til undirbúnings á frammistöðuáætluninni (helstu mál sem þátttakendur vöktu máls á og ef mögulegt samþykktar málamiðlanir)

2. Frammistöðumarkmið fyrir netstjórnandann

2.1. frammistöðumarkmið á hverju viðeigandi meginsviði frammistöðu, sett með tilvísun í hvern meginframmistöðuvísi, fyrir allt viðmiðunartímabilið, með ársgildum sem nota skal vegna vöktunar og sem hvata

2.2. Lýsing og skýring á framlagi frammistöðumarkmiða netstjórnandans til og áhrif þeirra á frammistöðumarkmiðin í gervöllu Evrópusambandinu

3. Framlag frá hverri starfsemi

3.1. Einstök frammistöðumarkmið fyrir hverja starfsemi (flæðisstjórnun flugumferðar, hönnun Evrópunets flugleiða, ratsjársvarakóðar fyrir kögunarsvarratsjár, tíðni)

4. Hermálalegar hliðar

4.1. Lýsing á borgaralegum-/hermálalegum hliðum áætlunarinnar, sem lýsir frammistöðu með tilliti til sveigjanlegrar notkunar loftrýmis til þess að auka afköst, að teknu tilhlýðilegu tilliti til skilvirkni hernaðaraðgerða og, ef það þykir eiga við, til viðeigandi frammistöðuvísa og -markmiða í samræmi við vísa og markmið frammistöðuáætlunarinnar

5. Greining á næmi og samanburður við fyrri frammistöðuáætlun

5.1. Næmi gagnvart ytri forsendum

5.2. Samanburður við fyrri frammistöðuáætlun.

6. Framkvæmd frammistöðuáætlunarinnar

6.1. Lýsing á ráðstöfunum sem stjórnarnefnd netsins gerir til að ná frammistöðumarkmiðunum, t.d.:

– eftirlitskerfi til að ganga úr skugga um að öryggisaðgerðum og viðskiptaáætlunum sé hrint í framkvæmd,

– ráðstafanir til að vakta og gefa skýrslu um framkvæmd frammistöðuáætlananna, þ.m.t. hvernig skuli bregðast við ef markmiðum er ekki náð á viðmiðunartímabilinu.

6. STEFNUMÓTANDI ÁÆTLANAGERÐ

6.1. Lýsing á skammtíma- og langtímaáætlunum:

– forgangsröð hvers stefnumarkmiðs,

– framkvæmd hvers stefnumarkmiðs að því er varðar kröfur í tengslum við nýtingu á tækni, áhrif á byggingarlist, mannleg sjónarmið, tilheyrandi kostnað, ávinning ásamt nauðsynlegri stjórnsýslu, tilföngum og reglusetningu,

– nauðsynleg þátttaka hagsmunaaðila í flugrekstri í hverjum þætti áætlunarinnar, þ.m.t. hlutverk þeirra og ábyrgðarsvið,

– hve mikil þátttaka netstjórnandans eigi að vera til að styðja við framkvæmd á hverjum þætti áætlunarinnar fyrir hverja starfsemi.

6.2. Lýsing á langtímaáætlunum:

– ásetningurinn að ná stefnumarkmiðum með tilliti til nauðsynlegrar tækni og samsvarandi þátta rannsóknar og þróunar, áhrifa á byggingarlist, mannlegra sjónarmiða, viðskiptasviðs, nauðsynlegrar stjórnsýslu ásamt tengdum öryggis- og efnahagslegum rökstuðningi fyrir þessum fjárfestingum.

– nauðsynleg þátttaka hagsmunaaðila í flugrekstri í hverjum þætti áætlunarinnar, þ.m.t. hlutverk þeirra og ábyrgðarsvið.

7. ÁHÆTTUMAT

7.1. Lýsing á áhættunni í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar

7.2. Lýsing á eftirlitsferlinu (þ.m.t. möguleg frávik frá upphaflegum markmiðum)

8. TILMÆLI

8.1. Ákvarða til hvaða aðgerða Sambandið og aðildarríkin þurfa að grípa til í því skyni að styðja við framkvæmd áætlunarinnar.

V. VIÐAUKI

SNIÐMÁT FYRIR AÐGERÐARÁÆTLUN NETANNA

Aðgerðaráætlun netanna skal byggð upp samkvæmt eftirfarandi almennri fyrirmynd (sem verður sérsniðin að hinum ýmsu einstöku starfssviðum og að tímarammanum til að endurspegla breytilegt eðli hennar og tímabil hennar sem spannar þrjú til fimm ár sem og árlegt, árstíðabundið, vikulegt og daglegt tímabil):

1. INNGANGUR

1.1. Gildissvið aðgerðaráætlunar netanna (landfræðilegt og gildistími)

1.2. Undirbúningur áætlunarinnar og fullgildingarferli

2. LÝSING Á AÐGERÐARÁÆTLUN NETANNA, REKSTRARLEGUM OG ALMENNUM MARKMIÐUM

– sjónarmið hagsmunaaðila í flugrekstri í tengslum við samstarf með tilliti til hlutverka og ábyrgðarsviðs,

– upplýsingar um hvernig eigi að meðhöndla rekstrarleg og almenn markmið á forlausna- og úrlausnastigi áætlunarinnar eða áföngum áætlunarinnar til skamms tíma og meðallangs tíma og önnur frammistöðumarkmið sem ákveðin eru samkvæmt frammistöðureglum,

– sett forgangsmál og tilföng sem eru nauðsynleg fyrir áætlunartímabilið,

– upplýsingar um áhrifin á svið rekstrarstjórnunar flugumferðar og önnur viðkomandi svið.

3. HEILDARFERLIÐ FYRIR GERÐ AÐGERÐARÁÆTLUNAR NETANNA

– lýsing á heildarferlinu fyrir gerð aðgerðaráætlunar netanna,

– lýsing á því hvernig aðgerðaráætlun netanna mun þróast skipulagslega séð og uppfylla með fullnægjandi hætti kröfum um rekstrarlega frammistöðu og önnur frammistöðumarkmið, sem sett eru samkvæmt frammistöðureglunum,

– lýsing á þeim verkfærum og gögnum sem voru notuð.

4. HEILDARSAMHENGI OG REKSTRARLEGAR KRÖFUR

4.1. Samantektarlýsing á fyrri rekstrarlegri frammistöðu netsins

4.2. Áskoranir og tækifæri í tengslum við tímaramma áætlunarinnar

4.3. Spá um netumferð í samræmi við 1. og 2. viðbæti, þ.m.t.:

– spá fyrir netið,

– spá fyrir veitanda flugleiðsöguþjónustu, starfrænt loftrýmisumdæmi og flugstjórnarmiðstöðvar,

– spár fyrir helstu flugvellina,

– greining á umferðarspám, þ.m.t. margs konar aðstæður,

– greining á áhrifum sérstakra atburða.

4.4. Rekstrarlegar frammistöðukröfur netsins, þ.m.t.:

– heildarkröfur um afkastagetu netsins,

– kröfur um afkastagetu fyrir veitanda flugleiðsöguþjónustu, starfrænt loftrýmisumdæmi og flugstjórnarmiðstöðvar,

– afkastageta flugvalla,

– greining á kröfum um afkastagetu,

– heildarkröfur til netsins um skilvirkni í tengslum við umhverfismál/flugferðir,

– heildarkröfur um öryggi netsins,

– kröfur vegna viðbúnaðar og samfelldni í þjónustu sem hefur áhrif á netið.

4.5. Rekstrarlegar þarfir samkvæmt mismunandi hagsmunaaðilum, þ.m.t. hernaðarlegir hagsmunaaðilar

5. ÁÆTLANIR OG AÐGERÐIR TIL AÐ BÆTA REKSTRARFRAMMISTÖÐU NETSINS Á VETTVANGI NETSINS

– lýsing á þeim áætlunum og aðgerðum sem fyrirhugað er að koma í framkvæmd á vettvangi netsins, þ.m.t. loftrými, takmörkuð úrræði og flæðisstjórnun flugumferðar,

– lýsing á framlagi hverrar áætlunar og aðgerðar til rekstrarframmistöðu.

6. ÁÆTLANIR OG AÐGERÐIR TIL AÐ BÆTA REKSTRARFRAMMISTÖÐU NETSINS Á STAÐARVÍSU

– þ.m.t. lýsing á öllum áætlunum og aðgerðum sem gert er ráð fyrir að verði framkvæmdar á staðarvísu,

– lýsing á framlagi hverrar áætlunar og aðgerðar til rekstrarframmistöðu,

– lýsing á tengslum við þriðju lönd og starf sem tengist Alþjóðaflugmálastofnuninni.

7. SÉRSTAKIR ATBURÐIR

– yfirlit yfir sérstaka atburði sem hafa umtalsverð áhrif á rekstrarstjórnun flugumferðar,

– einstakir sérstakir atburðir og meðhöndlun þeirra út frá sjónarhóli netsins,

– umfangsmiklar heræfingar.

8. HERNAÐARLEGAR LOFTRÝMISKRÖFUR

8.1. Þeir sem veita þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar í hernaðarlegum tilgangi og bera ábyrgð á svæðum þar sem loftrými eru frátekin eða aðskilin skulu skiptast á eftirfarandi upplýsingum við netstjórnandann í gegnum viðeigandi vinnuhóp um stjórnun loftrýma, í samræmi við landsreglur:

– tiltækileiki loftrýmis: sjálfgefnir dagar/tími varðandi tiltækileika frátekins loftrýmis,

– sérstakar umsóknir um ófyrirséða notkun loftrýmis sem hefur verið tekið frá,

– frátekið loftrými er afhent til almennrar notkunar, þegar það er ekki í notkun, með eins miklum fyrirvara og mögulegt er.

9. SAMANTEKIN SPÁ OG GREINING Á REKSTRARFRAMMISTÖÐU NETSINS

– markmið og spár um seinkanir/afköst rekstrarstjórnunar flugumferðar í tengslum við netið, veitanda flugleiðsöguþjónustu, starfrænt loftrýmisumdæmi og flugstjórnarmiðstöð,

– rekstrarframmistaða flugvalla,

– frammistöðumarkmið og spá fyrir skilvirkni í umhverfismálum/flugferðum,

– áhrif sérstakra atburða,

– greining á rekstrarlegum frammistöðumarkmiðum og spám.

10. AUÐKENNING REKSTRARLEGRA FLÖSKUHÁLSA OG LAUSNIR TIL AÐ MILDA ÁHRIFIN Á VETTVANGI NETSINS OG Á STAÐARVÍSU

– auðkenning rekstrarlegra flöskuhálsa (öryggi, afkastageta, skilvirkni flugs) og mögulegra flöskuhálsa, orsakir þeirra og samþykktar lausnir eða aðgerðir til að milda áhrifin, þ.m.t. möguleikar á að koma á jafnvægi milli eftirspurnar og afkastagetu (e. *demand-capacity balancing*).

———

1. viðbætir

Flugstjórnarmiðstöðvar

Í aðgerðaráætlun netanna skal vera ítarleg lýsing á öllum svæðum frá flugstjórnarmiðstöðvum fyrir hverja flugstjórnarmiðstöð þar sem lýst er áætluðum ráðstöfunum til að bæta reksturinn, horfunum fyrir tímabilið, umferðarspám, markmiðum og spám í tengslum við seinkanir, mikilvægum atburðum sem geta haft áhrif á umferðina, rekstrarlegum tengiliðum.

Fyrir hverja flugstjórnarmiðstöð skal netstjórnandinn gefa upp eftirfarandi:

– umferðarspá,

– greiningu á núverandi rekstrarframmistöðu,

– magnbundið mat á þeirri afkastagetu sem hefur verið náð (viðmiðunarpunktur afkastagetu),

– magnbundið mat á afkastagetu sem þarf fyrir mismunandi framtíðarsýn í tengslum við þróun umferðar (snið fyrir nauðsynlega afkastagetu),

– magnbundið mat á áætluðum aðgerðum til þess að bæta rekstur á vettvangi flugstjórnarmiðstöðva, í samræmi við samkomulag við veitendur flugleiðsöguþjónustu,

– markmið og spár um seinkanir,

– greining á áætlaðri rekstrarframmistöðu (öryggi, afkastageta, umhverfismál).

Sérhver veitandi flugleiðsöguþjónustu skal veita netstjórnandanum eftirfarandi upplýsingar, sem skulu svo vera til staðar í einstökum lýsingum flugstjórnarmiðstöðva:

– staðbundin seinkunarmarkmið,

– mat/staðfesting á umferðarspám, að teknu tilliti til staðbundinnar þekkingar,

– fjöldi tiltækra undirsvæða: tilhögun undirsvæða/opnunarkerfi fyrir hverja árstíð/vikudag/tíma dagsins,

– afkastageta/vöktunargildi fyrir hvert undirsvæði/umfang umferðar á hverja tilhögun/opnunarkerfi,

– áætlaðir eða þekktir sérstakir atburðir, þ.m.t. dagsetningar/tímasetningar og tilheyrandi áhrif á rekstrarframmistöðu,

– ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir til þess að bæta reksturinn, framkvæmdaráætlanir þeirra og tengd neikvæð/jákvæð áhrif á afkastagetu og/eða skilvirkni,

– upplýsingar um fyrirhugaðar og staðfestar breytingar á skipulagi og notkun loftrýmis,

– viðbótaraðgerðir í samræmi við samkomulag við netstjórnandann,

– rekstrarlegir tengiliðir flugstjórnarmiðstöðva.

———

2. viðbætir

Flugvellir

Í aðgerðaráætlun netanna skal vera ítarleg lýsing á öllum svæðum fyrir aðalflugvelli í Evrópu þar sem lýst er áætluðum ráðstöfunum til að bæta reksturinn, horfunum fyrir tímabilið, spá um umferð og seinkanir, mikilvægum atburðum sem geta haft áhrif á umferð, rekstrarlegum tengiliðum.

Fyrir hvern aðalflugvöll skal netstjórnandinn gefa upp eftirfarandi:

– umferðarspá,

– greining á áætlaðri rekstrarframmistöðu (öryggi, afkastageta, umhverfismál).

Allir flugvellir sem eru tilteknir í aðgerðaráætlun netanna skulu veita netstjórnandanum eftirfarandi upplýsingar, sem skulu svo vera til staðar í lýsingum fyrir hvern flugvöll um sig:

– mat/staðfesting á umferðarspám, að teknu tilliti til staðbundinnar þekkingar,

– afkastageta flugbrauta fyrir hverja tilhögun flugbrauta, núverandi og áætlaðar komur og brottfarir,

– lýsing á afkastagetu fyrir næturtímabilið og tímalengd þess, ef við á,

– ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir til þess að bæta reksturinn, framkvæmdaráætlanir þeirra og tengd neikvæð/jákvæð áhrif á afkastagetu og/eða skilvirkni,

– áætlaðir eða þekktir sérstakir atburðir, þ.m.t. dagsetningar/tímasetningar og tilheyrandi áhrif á rekstrarframmistöðu,

– aðrar áætlaðar aðgerðir sem geta bætt afkastagetuna,

– viðbótaraðgerðir í samræmi við samkomulag við netstjórnandann.

———

VI. VIÐAUKI

ALMENNAR KRÖFUR VEGNA STARFSEMI NETA

1. STJÓRNSKIPULAG

Netstjórnandinn skal koma á fót og stýra stofnun eða fyrirtæki sínu í samræmi við skipulag sem styður við öryggi starfsemi neta.

Í stjórnskipulagi skal tilgreina:

a) valdsvið, skyldustörf og ábyrgð tilnefndra yfirmanna, einkum þeirra stjórnenda sem bera ábyrgð á aðgerðum sem tengjast öryggi, gæðum, vernd og mannauði,

b) tengsl og boðleiðir milli mismunandi hluta og ferla innan stofnunarinnar eða fyrirtækisins.

2. ÖRYGGI

Hjá netstjórnandanum skal vera fyrir hendi öryggisstjórnunarkerfi sem nær yfir alla starfsemi neta sem hann sinnir samkvæmt eftirfarandi meginreglum. Það skal:

a) lýsa grundvallarviðhorfum og meginreglum stofnunarinnar eða fyrirtækisins að því er varðar öryggi þannig að hún uppfylli þarfir viðeigandi hagsmunaaðila eins vel og kostur (hér á eftir nefnt „stefnan“),

b) koma á samræmiseftirliti með verklagsreglum sem miða að því að sannreyna að öll starfsemi fari fram í samræmi við gildandi kröfur, staðla og verklagsreglur. Í samræmiseftirliti skal vera fólgið kerfi upplýsingastreymis um niðurstöður til stjórnenda, sem bera ábyrgð, til að tryggja að gripið sé til aðgerða til úrbóta með skilvirkum og tímanlegum hætti, sé þess þörf,

c) sýna fram á að stjórnunarkerfið starfi rétt í gegnum handbækur og eftirlitsskjöl,

d) tilnefna fulltrúa stjórnenda til að fylgjast með því að kröfurnar séu uppfylltar og að verklagsreglur séu fullnægjandi til að tryggja öruggar og skilvirkar rekstrarvenjur,

e) endurskoða stjórnunarkerfið, sem komið hefur verið á, og gera úrbætur, eftir því sem við á,

f) stýra öryggi allrar starfsemi neta sem honum er úthlutað. Í því skyni skal hann mynda formleg tengsl við alla hagsmunaaðila til að greina öryggishættur tengdar flugi í tengslum við starfsemi hans, meta þær og stjórna tengdum áhættum með viðeigandi hætti,

g) innihalda verklagsreglur til að stjórna öryggi þegar ný starfræn kerfi eru innleidd eða þegar núverandi starfrænum kerfum er breytt.

3. FLUGVERND

Hjá netstjórnandanum skal vera fyrir hendi verndarstjórnunarkerfi sem nær yfir alla starfsemi neta samkvæmt eftirfarandi meginreglum. Það skal:

a) tryggja vernd búnaðar og starfsfólks til að koma í veg fyrir ólögmæt afskipti sem getur haft áhrif á öryggi starfsemi netanna sem hann stjórnar,

b) tryggja vernd rekstrargagna, sem hann tekur við, útbýr eða nýtir á annan hátt, þannig að aðgangur að þeim takmarkist við þá sem hafa til þess heimild,

c) skilgreina verklagsreglur í tengslum við verndaráhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu, verndareftirlit og úrbætur, verndarúttekt og miðlun reynslu,

d) skilgreina aðferðir, sem eru ætlaðar til að greina verndarbrot og til að gera starfsfólki viðvart með viðeigandi verndarviðvörunum,

e) skilgreina aðferðir til að takmarka áhrif verndarbrota og tilgreina aðgerðir til endurbóta og ráðstafanir til að draga úr áhættu til þess að koma í veg fyrir endurtekningu.

4. REKSTRARHANDBÆKUR

Netstjórnandinn skal taka saman og uppfæra rekstrarhandbækur í tengslum við starfsemi sína, til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk rekstrarsviðs. Hann skal sjá til þess:

a) að í rekstrarhandbókum séu fyrirmæli og upplýsingar sem starfsfólk, sem kemur að rekstri flugleiðsöguþjónustu, þarf á að halda til að sinna störfum sínum,

b) að viðeigandi hlutar rekstrarhandbókanna séu aðgengilegir hlutaðeigandi starfsfólki,

c) að starfsfólk við rekstur flugleiðsöguþjónustu fái með skjótum hætti upplýsingar um breytingar á rekstrarhandbókinni, sem varða störf þess, og gildistökudag breytinganna.

5. KRÖFUR VARÐANDI STARFSFÓLK

Netstjórnandinn skal ráða starfsfólk með viðeigandi sérþekkingu til að tryggja að starfsemi neta, sem honum er úthlutuð, fari fram á öruggan, skilvirkan, samfelldan og varanlegan hátt. Í þessu sambandi skal hann marka stefnu í tengslum við þjálfun starfsfólks.

6. VIÐBRAGÐSÁÆTLANIR

Netstjórnandinn skal koma á viðbragðsáætlununum fyrir öll starfssvið sem hann hefur umsjón með til að bregðast við atburðum sem hafa í för með sér verulega skerðingu eða truflun á rekstri hans.

7. KRÖFUR UM SKÝRSLUGJÖF

Í samræmi við 20. gr. skal netstjórnandinn leggja fram ársskýrslu um starfsemi sína. Í þessari skýrslu skal koma fram rekstrarleg frammistaða hans, og mikilvæg starfsemi og þróun, einkum á sviði öryggis.

Í ársskýrslunni skal a.m.k. koma fram:

– mat á frammistöðu starfsemi neta sem hann stjórnar,

– frammistaða í samanburði við frammistöðumarkmiðin, sem fram koma í aðgerðaráætlun netanna þar sem raunverulegur árangur er samræmdur aðgerðaráætlun netanna með notkun frammistöðuvísa sem eru ákvarðaðir í aðgerðaráætlun netanna,

– útskýring á frávikum frá markmiðum og ráðstafanir til að ráða bót á slíkum frávikum á viðmiðunartímabilinu, sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004,

– þróun á sviði rekstrar og grunnvirkja,

– upplýsingar um formlegt samráðsferli með notendum og hagsmunaaðilum,

– upplýsingar um stefnumótun í mannauðsmálum.

8. STARFSAÐFERÐIR OG VERKLAGSREGLUR

Netstjórnandinn skal geta sýnt fram á að starfsaðferðir hans og verklagsreglur samrýmist annarri löggjöf Sambandsins og einkum reglugerð (ESB) nr. 255/2010.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2013/35/ESB **2014/EES/54/56**

frá 26. júní 2013

um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (20. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) og niðurfellingu tilskipunar 2004/40/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RAÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt sáttmálanum geta Evrópuþingið og ráðið, með útgáfu tilskipana, samþykkt lágmarkskröfur til að stuðla að úrbótum, einkum á vinnuumhverfi, til að tryggja betri heilsuvernd og bætt öryggi starfsmanna. Í slíkum tilskipunum ber að forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2) Ákvæði 1. mgr. 31. gr. í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi kveður á um að sérhver starfsmaður eigi rétt til heilsusamlegra, öruggra og sómasamlegra vinnuskilyrða.

3) Eftir gildistöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviða) (18. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE ([3]), létu hagsmunaaðilar, einkum í heilbrigðissamfélaginu, í ljós þungar áhyggjur af áhrifum sem framkvæmd þeirrar tilskipunar gæti haft á læknisaðgerðir sem byggðar eru á læknisfræðilegri myndhermingu. Jafnframt létu þeir í ljós áhyggjur af áhrifum tilskipunarinnar á tiltekna iðnaðarstarfsemi.

4) Framkvæmdastjórnin kannaði gaumgæfilega rökin sem hagsmunaaðilar settu fram og ákvað, eftir nokkra samráðsfundi, að endurskoða vandlega tiltekin ákvæði tilskipunar 2004/40/EB í ljósi nýrrar vísindaþekkingar sem alþjóðlega viðurkenndir sérfræðingar hafa lagt fram.

5) Tilskipun 2004/40/EB var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/46/EB ([4]) á þá leið að frestur til lögleiðingar tilskipunar 2004/40/EB var framlengdur um fjögur ár, og síðan með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/11/ESB ([5]) á þá leið að frestur til lögleiðingar var framlengdur til 31. október 2013. Þetta var gert til að framkvæmdastjórnin gæti lagt fram nýja tillögu og þeir aðilar sem eru samábyrgir henni um löggjöfina gætu samþykkt nýja tilskipun sem byggist á nýrri og traustari gögnum.

6) Því skal fella tilskipun 2004/40/EB úr gildi og taka upp meira viðeigandi og hlutfallslega réttari ráðstafanir til að vernda starfsmenn gegn áhættu sem tengist rafsegulsviðum. Í þeirri tilskipun var ekki fjallað um langtímaáhrif, þ.m.t. hugsanleg krabbameinsvaldandi

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrettí kynjanna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 43, 15.2.2012, bls. 47.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. júní 2013 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 20. júní 2013.

([3]) Stjtíð. ESB L 159, 30.4.2004, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 88.

([5]) Stjtíð. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 1.

áhrif, af því að verða fyrir váhrifum frá styrksveiflum raf-, segul- eða rafsegulsviða sem engar endanlegar vísindalegar sannanir liggja fyrir sem staðfesta orsakasamhengi. Í þessari tilskipun er ætlunin að fjalla um öll bein, þekkt áhrif varðandi eðlisfræði lífs og óbein áhrif af völdum rafsegulsviðs, ekki einungis til að tryggja heilsu og öryggi hvers starfsmanns heldur einnig skapa grunn að lágmarksvernd alls launafólks í Sambandinu og komast jafnframt hjá hugsanlegri röskun á samkeppni.

7) Í þessari tilskipun er ekki fjallað um meint langtímaáhrif vegna váhrifa frá rafsegulsviðum þar sem engar viðurkenndar, vísindalegar sannanir liggja fyrir sem staðfesta orsakasamhengi. Ef slíkar viðurkenndar, vísindalegar sannanir koma fram skal framkvæmdastjórnin íhuga þær leiðir sem best eiga við til að fjalla um slík áhrif og skal, með skýrslu sinni um framkvæmd þessarar tilskipunar í reynd, upplýsa Evrópuþingið og ráðið þar að lútandi. Í þessu samhengi skal framkvæmdastjórnin taka tillit til nýjustu fyrirliggjandi rannsókna og nýrrar vísindaþekkingar sem byggist á gögnum á þessu sviði, auk viðkomandi upplýsinga sem hún fær frá aðildarríkjunum.

8) Mæla skal fyrir um lágmarkskröfur og aðildarríkjunum þannig gefið tækifæri til að viðhalda eða taka upp hagstæðari ákvæði til verndar launafólki, einkum með því að ákveða lægri viðbragðsmörk eða viðmiðunarmörk váhrifa frá rafsegulsviðum. Ekki er þó unnt að bera fyrir sig framkvæmd þessarar tilskipunar til að réttlæta afturför á þessu sviði frá því sem nú tíðkast í aðildarríkjunum.

9) Kerfi til verndar gegn rafsegulsviðum skal takmarkast við skilgreiningu, án óþarfra smáatriða, á markmiðum sem ber að ná, meginreglum sem ber að fylgja, og gildum sem leggja skal til grundvallar og ber að nota til að aðildarríkin geti beitt lágmarkskröfunum á sambærilegan hátt.

10) Í því skyni að vernda starfsmenn sem eru í snertingu við rafsegulsvið er nauðsynlegt að framkvæma árangursríkt og skilvirkt áhættumat. Sú skylda skal þó vera í hlutfalli við aðstæður á vinnustaðnum. Því er rétt að búa til verndarkerfi þar sem mismunandi áhætta er flokkuð á einfaldan, þrepskiptan og auðskiljanlegan hátt. Af þessum sökum getur tilvísun í nokkra vísa og hefðbundnar aðstæður, sem ber að tilgreina í hagnýtum leiðbeiningum, komið vinnuveitendum að góðu gagni við að uppfylla skyldur sínar.

11) Óæskileg áhrif á mannslíkamann fara eftir tíðni rafsegulsviðsins eða geislunarinnar sem hann verður fyrir. Því þurfa kerfi sem takmarka váhrif að stjórnast af váhrifamynstri og tíðni til þess að hægt sé að veita starfsmönnum, sem komast í snertingu við rafsegulsvið, nægilega vörn.

12) Hægt er að draga úr váhrifum frá rafsegulsviðum á skilvirkari hátt með því að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir við hönnun verkstöðva og með því að velja vinnutæki, verkferli og vinnuaðferðir þannig að það hafi forgang að draga úr áhættunni strax við upptökin. Ákvæði varðandi vinnutæki og -aðferðir stuðla þannig að vernd hlutaðeigandi starfsmanna. Hins vegar ber að forðast að tvítaka mat þar sem vinnutæki uppfylla kröfur viðkomandi löggjafar Sambandsins um framleiðsluvörur, þar sem kveðið er á um strangara öryggisstig en í þessari tilskipun. Með því er mögulegt að hafa matið einfaldara í fjölda tilvika.

13) Vinnuveitendur skulu gera breytingar í ljósi tækniframfara og vísindalegrar þekkingar, að því er varðar áhættu sem fylgir því að verða fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum, með það fyrir augum að bæta öryggi og heilsuvernd starfsmanna.

14) Þar eð tilskipun þessi er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ([6]) gildir tilskipun 89/391/EBE um það er starfsmenn verða fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum, með fyrirvara um strangari ákvæði og/eða sérákvæði í þessari tilskipun.

15) Eðlisfræðilegar stærðir, viðmiðunarmörk váhrifa og viðbragðsmörk, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, byggjast á tilmælum Alþjóðaráðsins um varnir gegn ójónandi geislun (ICNIRP) og skulu teljast samræmast hugmyndum þess nema þar sem annað er tilgreint í þessari tilskipun.

16) Til þess að tryggja að þessi tilskipun sé jafnan uppfærð skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar hreinar, tæknilegar breytingar á viðaukunum til að endurspegla samþykkt reglugerða og tilskipana á sviði tæknilegrar samhæfingar og stöðlunar, tækniframfara, breytinga á þeim stöðlum sem helst eiga við eða forskriftum og nýrra vísindalegra uppgötvana um hættu sem stafar af rafsegulsviðum, ásamt því að breyta viðbragsmörkum. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

([6]) Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

17) Ef hreinar, tæknilegar breytingar á viðaukunum reynast nauðsynlegar skal framkvæmdastjórnin vinna í nánu samstarfi við ráðgjafarnefndina um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum sem sett var á fót með ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 2003 ([7]).

18) Í undantekningartilvikum, þegar brýna nauðsyn ber til, t.d. ef heilsu og öryggi starfsmanna er stofnað í hættu vegna váhrifa frá rafsegulsviðum, skal vera hægt að beita flýtimeðferð á framseldar gerðir sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

19) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl([8]) hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingagerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

20) Líta skal á kerfi, sem tekur til viðmiðunarmarka váhrifa og viðbragðsmarka, eftir atvikum, sem úrræði til að betur megi veita öfluga vernd gegn skaðlegum áhrifum á heilbrigði og öryggisáhættu sem geta stafað af váhrifum frá rafsegulsviðum. Slíkt kerfi getur þó stangast á við sértæk skilyrði í tilteknum aðgerðum, t.d. notkun segulómtækni í heilbrigðisgeiranum. Því er nauðsynlegt að taka tillit til þessara tilteknu skilyrða.

21) Með sérstaka eiginleika herafla í huga og í því skyni að gera þeim kleift að starfa hver fyrir sig og saman með skilvirkum hætti, þ.m.t. í sameiginlegum, alþjóðlegum, heræfingum, skulu aðildarríki geta beitt sambærilegum eða sérhæfðari varnarkerfum, s.s. alþjóðlega samþykktum stöðlum, t.d. stöðlum Atlantshafsbandalagsins, svo fremi að komið sé í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði og öryggisáhættu.

22) Þess skal krafist af vinnuveitendum að þeir tryggi að áhætta sem stafar af rafsegulsviðum á vinnustað sé útilokuð eða henni sé haldið í lágmarki. Samt sem áður er mögulegt, í tilteknum tilvikum og þegar aðstæður gefa nægilegt tilefni til, að tímabundið sé farið yfir viðmiðunarmörk váhrifa sem sett eru fram í þessari tilskipun. Í slíkum tilvikum skal þess krafist að vinnuveitendur grípi til nauðsynlegra aðgerða, eins fljótt og auðið er, og virði aftur viðmiðunarmörkin.

23) Með kerfi sem tryggir öfluga vernd að því er varðar skaðleg áhrif á heilbrigði og öryggisáhættu, sem kunna að stafa af váhrifum frá rafsegulsviðum, skal taka tilhlýðilegt tillit til sérhópa starfsmanna sem eru í sérlegri áhættu og koma í veg fyrir vandamál vegna truflana eða áhrifa á starfsemi í tengslum við lækningatæki, s.s. gervilíkamshluta úr málmi, gangráða og hjartastuðtæki, kuðungsígræði og önnur ígræði eða lækningatæki á líkamanum. Vandamál vegna truflana, einkum á gangráðum, geta komið upp við gildi sem eru undir viðbragðsmörkunum og skal því gera viðeigandi varúðar- og verndarráðstafanir vegna þess.

([7]) Stjtíð. ESB C 218, 13.9.2003, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í tilskipun þessari, sem er tuttugasta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE, er mælt fyrir um lágmarkskröfur til að vernda heilsu og öryggi starfsmanna gegn váhrifum frá rafsegulsviðum sem líklegt eða hugsanlegt er að þeir verði fyrir við vinnu sína.

2. Þessi tilskipun tekur til allra þekktra beinna áhrifa varðandi eðlisfræði lífs og óbeinna áhrifa af völdum rafsegulsviða.

3. Viðmiðunarmörk váhrifa sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun taka einungis til vísindalega viðurkenndra tengsla milli beinna skammtímaáhrifa á eðlisfræði lífs og váhrifa frá rafsegulsviðum.

4. Þessi tilskipun tekur ekki til meintra langtímaáhrifa.

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast reglulega með nýjustu framförum á sviði vísinda. Ef viðurkenndar rannsóknarniðurstöður um meint langtímaáhrif verða aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin íhuga hyggileg viðbrögð, þ.m.t., ef við á, að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að fjalla um slík áhrif. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og ráðið þar að lútandi með skýrslu sinni sem um getur í 15. gr.

5. Þessi tilskipun tekur ekki til áhættunnar vegna snertingar við straumleiðara.

6. Með fyrirvara um þrengri eða sértækari ákvæði í þessari tilskipun skal tilskipun 89/391/EBE áfram gilda að fullu um allt sviðið sem um getur í 1. mgr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „rafsegulsvið“: stöðurafsvið, stöðusegulsvið og rafsvið, segulsvið og rafsegulsvið með styrksveiflum og tíðni allt að 300 GHz,

b) „bein áhrif varðandi eðlisfræði lífs“: áhrif á mannslíkamann, beinlínis af völdum nálægðar við rafsegulsvið, þ.m.t.:

i. varmaáhrif, s.s. að vefir hitni vegna orkugleypni frá rafsegulsviðum í vefnum,

ii. varmalaus áhrif, s.s. örvun vöðva, tauga eða skynfæra. Þessi áhrif gætu haft skaðleg áhrif á andlegt og líkamlegt heilbrigði starfsmanna sem verða fyrir þeim. Enn fremur getur örvun skynfæra leitt til skammvinnra einkenna, s.s. svima eða glampahrifa. Þessi áhrif gætu valdið tímabundnum óþægindum eða haft áhrif á hugarstarf eða aðra starfsemi heila eða vöðva og geta því haft áhrif á getu starfsmanns til að vinna á öruggan hátt (þ.e. öryggisáhætta) og

iii. straumar í útlimum,

c) „óbein áhrif“: áhrif af völdum hlutar innan rafsegulsviðs sem gæti skapað öryggis- eða heilbrigðishættu, t.d.:

i. truflun í rafrænum lækningabúnaði og -tækjum, þ.m.t. gangráðum og öðrum ígræddum tækjum eða lækningatækjum sem eru á líkamanum,

ii. hætta af völdum járnsegulhluta sem geta skotist í stöðusegulsviðum,

iii. kveiking á rafrænum kveikibúnaði (rafmagnshvellhettum),

iv. eldur og sprengingar sem verða þegar kviknar í eldfimum efnum út frá neistum af völdum spansvæða eða snertistrauma eða við neistaúrhleðslu og

v. snertistraumar,

d) „viðmiðunarmörk váhrifa“: mörk sem grundvallast á athugunum er varða eðlisfræði lífs og líffræði, einkum á grundvelli vísindalegra viðurkenndra skammtímaáhrifa og beinna bráðaáhrifa, þ.e. varmaáhrifa og raförvunar vefja,

e) „viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði“: viðmiðunarmörk fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði fyrir starfsmenn, s.s. varmahitun eða örvun tauga- og vöðvavefja,

f) „viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir“: viðmiðunarmörk fyrir skammvinnar skynrænar truflanir og minniháttar breytingar á heilastarfsemi starfsmanna,

g) „viðbragðsmörk“: aðgerðarmörk sem sett eru til þess að einfalda ferlið við að sýna fram á hvort viðkomandi viðmiðunarmörk váhrifa eru virt eða, ef við á, að gera viðeigandi verndar- eða forvarnarráðstafanir sem tilgreindar eru í þessari tilskipun.

Í II. viðauka eru notuð eftirfarandi hugtök yfir viðbragðsmörk:

i. fyrir rafsvið: „lág viðbragðsmörk“ og „há viðbragðsmörk“ eru mörk, sem tengjast þeim tilteknu verndar- og forvarnarráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessari tilskipun, og

ii. fyrir segulsvið: „lág viðbragðsmörk“ eru mörk sem tengjast viðmiðunarmörkum váhrifa á skynjanir og „há viðbragðsmörk“ tengjast viðmiðunarmörkum váhrifa á heilbrigði.

3. gr.

Viðmiðunarmörk váhrifa og viðbragðsmörk

1. Eðlisfræðilegar stærðir að því er varðar váhrif frá rafsegulsviðum eru tilgreindar í I. viðauka. Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði, viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir og viðbragðsmörk eru sett fram í II. og III. viðauka.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að vinnuveitendur tryggi að váhrif sem starfsmenn verða fyrir frá rafsegulsviðum takmarkist við viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði og viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir, sem sett eru fram í II. viðauka, að því er varðar varmalaus áhrif og í III. viðauka að því er varðar varmaáhrif. Sýna verður fram á að viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði og viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir séu virt með því að beita viðeigandi aðferðum, sem um getur í 4. gr., við váhrifamat. Ef váhrif sem starfsmenn verða fyrir frá rafsegulsviðum fara yfir viðmiðunarmörkin ber vinnuveitanda að grípa tafarlaust til aðgerða í samræmi við 8. mgr. 5. gr.

3. Að því er varðar þessa tilskipun skal vinnuveitandinn, ef sýnt er fram á að ekki er farið yfir viðkomandi viðbragðsmörk sem sett eru fram í II. og III. viðauka, teljast virða viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði og viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir. Ef váhrifin eru yfir viðbragðsmörkum skal vinnuveitandi fara eftir 2. mgr. 5. gr. nema matið, sem framkvæmt var í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 4. gr., sýni að ekki sé farið yfir viðkomandi viðmiðunarmörk váhrifa og útiloka megi öryggisáhættu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega váhrif fara yfir:

a) lág viðbragðsmörk fyrir rafsvið (tafla B1 í II. viðauka), ef venjur eða ferli réttlæta það, að því tilskildu að ekki verði farið yfir viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir (tafla A3 í II. viðauka), eða

i. ekki sé farið yfir viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði (tafla A2 í II. viðauka),

ii. sérstakar verndarráðstafanir, eins og settar eru fram í 6. mgr. 5. gr., komi í veg fyrir of mikla neistaúrhleðslu og snertistrauma (tafla B3 í II. viðauka) og

iii. starfsmenn hafi fengið upplýsingar um aðstæðurnar sem um getur í f-lið 6. gr.,

b) lág viðbragðsmörk fyrir segulsvið (tafla B2 í II. viðauka), ef venjur eða ferli réttlæta það, þ.m.t. í höfði og bol, á vinnutíma, að því tilskildu að ekki sé farið yfir annaðhvort viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir (tafla A3 í II. viðauka), eða

i. einungis sé farið tímabundið yfir viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir,

ii. ekki sé farið yfir viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði (tafla A2 í II. viðauka),

iii. gripið sé til aðgerða, í samræmi við 9. mgr. 5. gr., ef um er að ræða skammvinn einkenni, skv. a-lið þeirrar málsgreinar, og

iv. starfsmenn hafi fengið upplýsingar um aðstæðurnar sem um getur í f-lið 6. gr.

4. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. mega váhrif fara yfir:

a) viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir (tafla A1 í II. viðauka) á vinnutíma, ef venjur eða ferli réttlæta það, að því tilskildu að:

i. einungis sé farið yfir þau tímabundið,

ii. ekki sé farið yfir viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði (tafla A1 í II. viðauka),

iii. sérstakar verndarráðstafanir hafi verið gerðar í samræmi við 7. mgr. 5. gr.,

iv. gripið sé til aðgerða, í samræmi við 9. mgr. 5. gr., ef um er að ræða skammvinn einkenni, skv. b-lið þeirrar málsgreinar, og

v. starfsmenn hafi fengið upplýsingar um aðstæðurnar sem um getur í f-lið 6. gr.,

b) viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir (tafla A3 í II. viðauka og tafla A2 í III. viðauka) á vinnutíma, ef venjur eða ferli réttlæta það, að því tilskildu að:

i. einungis sé farið yfir þau tímabundið,

ii. ekki sé farið yfir viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði (tafla A2 í II. viðauka, tafla A1 og tafla A3 í III. viðauka,

iii. gripið sé til aðgerða, í samræmi við 9. mgr. 5. gr., ef um er að ræða skammvinn einkenni, skv. a-lið þeirrar málsgreinar, og

iv. starfsmenn hafi fengið upplýsingar um aðstæðurnar sem um getur í f-lið 6. gr.

II. KAFLI

SKYLDUR VINNUVEITENDA

4. gr.

Mat á áhættu og ákvörðun váhrifa

1. Við að uppfylla þær skyldur, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/391/EBE, skal vinnuveitandi meta þá áhættu sem starfsmenn verða fyrir á vinnustað af völdum rafsegulsviða og mæla eða reikna, ef þörf krefur, hve miklum váhrifum starfsmenn verða fyrir af völdum rafsegulsviða.

Með fyrirvara um 10. gr. tilskipunar 89/391/EBE og 6. gr. þessarar tilskipunar má birta þetta mat, að fenginni beiðni, í samræmi við viðkomandi löggjöf Evrópusambandsins og landslög. Birting þess skal einkum, að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um starfsmenn við slíkt mat, vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga[9] og landslög aðildarríkja til framkvæmdar þeirri tilskipun. Opinber yfirvöld, sem hafa afrit af matinu í vörslu sinni, geta synjað beiðni um aðgang að því eða beiðni um að birta það ef birting getur grafið undan vernd viðskiptahagsmuna vinnuveitandans, þ.m.t. hagsmuna sem tengjast hugverkaréttindum, nema almannahagur af birtingu upplýsinga gangi framar. Vinnuveitendur geta neitað að birta matið eða gera það opinbert samkvæmt sömu skilyrðum í samræmi við viðkomandi lög Evrópusambandsins og landslög.

2. Að því er varðar matið, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, skal vinnuveitandinn greina og meta rafsegulsvið á vinnustaðnum með tilliti til viðkomandi hagnýtra leiðbeininga, sem um getur í 14. gr., og annarra viðeigandi staðla eða viðmiðunarreglna frá hlutaðeigandi aðildarríki, þ.m.t. gagnagrunna um váhrif. Þrátt fyrir skyldur vinnuveitandans samkvæmt þessari grein ber honum einnig, ef við á, að taka tillit til losunarstigs og annarra viðeigandi öryggistengdra gagna frá framleiðanda eða dreifingaraðila fyrir búnaðinn, í samræmi við viðkomandi lög Evrópusambandsins, þ.m.t. mat á áhættu, ef það á við um skilyrði um váhrif á vinnustaðnum eða uppsetningarstaðnum.

3. Ef ekki er hægt að meta hvort farið sé eftir viðmiðunarmörkum váhrifa á grundvelli upplýsinga sem auðvelt er að nálgast skal mat á váhrifunum framkvæmt á grundvelli mælinga eða útreikninga. Í slíku tilviki skal í matinu taka tillit til óvissuþátta varðandi mælingar eða útreikninga, s.s. tölulegra skekkja, frumlíkanasmíðar, sýndarforms og rafeiginleika vefja og efnis, sem er ákvarðað í samræmi við viðkomandi góðar starfsvenjur.

[9] Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

4. Þar til bærar þjónustustofnanir eða einstaklingar skulu skipuleggja og framkvæma matið, mælinguna og útreikningana, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, með hæfilegu millibili, að teknu tilliti til leiðbeininga í þessari tilskipun og með sérstöku tilliti til 7. og 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE um kröfur um hæfi þjónustustofnana eða einstaklinga og um samráð og þátttöku starfsmanna. Gögnin, sem fást úr matinu, mælingunni eða útreikningi á því hve mikil váhrifin eru, skulu varðveitt á viðeigandi rekjanlegu formi svo að hægt sé að skoða þau síðar, í samræmi við landslög og starfsvenjur.

5. Við áhættumat skv. 3. mgr. 6. gr. í tilskipun 89/391/EBE skal vinnuveitandinn einkum huga að eftirfarandi atriðum:

a) viðmiðunarmörkum váhrifa á heilbrigði, viðmiðunarmörkum váhrifa á skynjanir og viðbragðsmörkunum sem um getur í 3. gr. og II. og III. viðauka þessarar tilskipunar,

b) tíðni, stigi, tímalengd og tegund váhrifa, þ.m.t. dreifingu um líkama starfsmannsins og um rýmið á vinnustaðnum,

c) beinum áhrifum er varða eðlisfræði lífs,

d) áhrifum á heilbrigði og öryggi starfsmanna sem eru í sérlegri áhættu, einkum starfsmanna sem eru með virk eða óvirk ígrædd lækningatæki, s.s. gangráð, starfsmanna sem eru með lækningatæki á líkamanum, s.s. insúlíndælur, og þungaða starfsmenn,

e) óbeinum áhrifum,

f) hvort fyrir hendi er búnaður til endurnýjunar, ætlaður til að draga úr váhrifum frá rafsegulsviðum,

g) viðeigandi upplýsingum sem fengnar eru frá heilsufars-eftirlitinu sem um getur í 8. gr.,

h) upplýsingum frá framleiðanda búnaðar,

i) öðrum viðkomandi upplýsingum, tengdum heilbrigði og öryggi,

j) margvíslegum upptökum váhrifa,

k) váhrifum frá mörgum tíðnisviðum samtímis.

6. Á vinnustöðum sem eru opnir almenningi er ekki nauðsynlegt að framkvæma mat á váhrifum ef mat hefur þegar farið fram í samræmi við ákvæði um takmörkun á váhrifum, sem almenningur verður fyrir af völdum rafsegulsviðs, ef starfsmenn virða þær takmarkanir sem tilgreindar eru í þessum ákvæðum og ef heilbrigðis- og öryggisáhætta er útilokuð. Ef búnaður til almenningsnota er notaður eins og til er ætlast og samrýmist lögum Sambandsins um framleiðsluvörur, sem kveða á um strangara öryggisstig en þessi tilskipun kveður á um og enginn annar búnaður er notaður, teljast þessi skilyrði uppfyllt.

7. Vinnuveitandinn skal hafa undir höndum áhættumat í samræmi við a-lið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/391/EBE og tilgreina hvaða ráðstafanir þarf að gera í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar. Áhættumatið getur falið í sér ástæður þess að vinnuveitandinn telur að eðli og umfang áhættunnar sem tengist rafsegulsviðum geri frekara áhættumat óþarft. Uppfæra skal áhættumatið reglulega, einkum ef verulegar breytingar hafa orðið sem gera það úrelt eða niðurstöður heilsufarseftirlits, sem um getur í 8. gr., benda til þess að það sé nauðsynlegt.

5. gr.

Ákvæði sem miða að því að forðast eða minnka áhættu

1. Að teknu tilliti til tækniframfara og tiltækra ráðstafana til að sporna við því að rafsegulsvið verði til við upptökin skal vinnuveitandi grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að áhætta sem stafar af rafsegulsviðum á vinnustað verði útilokuð eða henni haldið í lágmarki.

Takmörkun áhættu vegna váhrifa frá rafsegulsviðum skal byggð á almennu meginreglunum um forvarnir sem settar eru fram í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

2. Á grundvelli áhættumatsins, sem um getur í 4. gr., skal vinnuveitandi, þegar farið hefur verið yfir viðbragðsmörkin sem um getur í 3. gr. og í II. og III. viðauka, nema ef matið sem fer fram í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. sýnir að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörk váhrifa og að hægt sé að útiloka öryggisáhættu, semja og framkvæma aðgerðaáætlun sem tekur til tæknilegra ráðstafana og/eða skipulagsráðstafana til að koma í veg fyrir að farið sé yfir viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði og viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir, einkum með tilliti til:

a) annarra starfsaðferða þar sem menn verða síður fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum,

b) vals á búnaði sem myndar rafsegulsvið í minna mæli, að teknu tilliti til verksins sem þarf að vinna,

c) tæknilegra ráðstafana til að draga úr myndun rafsegulsviða, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, notkunar samlæsinga, hlífa eða svipaðs heilsuverndarbúnaðar,

d) viðeigandi ráðstafana vegna afmörkunar og aðgangs, s.s. merki, merkimiðar, gólfmerkingar og hindranir, í því skyni að takmarka eða stjórna aðgangi,

e) ef um er að ræða váhrif frá rafsviðum, ráðstafana og verklagsreglna til að stjórna neistaúrhleðslu og snertistraumum með tæknilegum úrræðum og með þjálfun starfsmanna,

f) viðeigandi viðhaldsáætlana fyrir vinnutæki, vinnustaði og vinnustöðvakerfi,

g) hönnunar og innréttingar vinnustaða og vinnustöðva,

h) takmörkunar á tímalengd og krafti váhrifanna og

i) þess hvort nóg sé til af persónuhlífum.

3. Á grundvelli áhættumatsins, sem um getur í 4. gr. skal vinnuveitandinn útbúa og framkvæma aðgerðaáætlun sem tekur til tæknilegra og/eða skipulagslegra ráðstafana til að koma í veg fyrir áhættu starfsmanna, sem eru í sérlegri áhættu, og áhættu vegna óbeinna áhrifa sem um getur í 4. gr.

4. Auk þess að láta í té upplýsingarnar sem settar eru fram í 6. gr. þessarar tilskipunar skal vinnuveitandinn, skv. 15. gr. tilskipunar 89/391/EBE, aðlaga ráðstafanirnar sem um getur í þessari grein að þörfum starfsmanna sem eru í sérlegri áhættu og, eftir atvikum, að einstaklingsbundnu áhættumati, einkum að því er varðar starfsmenn sem hafa tilkynnt að þeir noti virk eða óvirk ígrædd lækningatæki, s.s. gangráð, eða að þeir séu með lækningatæki á líkamanum, s.s. insúlíndælur, eða að því er varðar þungaða starfsmenn sem hafa tilkynnt vinnuveitanda sínum um ástand sitt.

5. Á grundvelli áhættumatsins, sem um getur í 4. gr., skal auðkenna vinnustaði þar sem líklegt er að starfsmenn verði fyrir váhrifum af rafsegulsviðum, sem fara yfir viðbragðsmörk, með viðeigandi merkingum í samræmi við II. og III. viðauka og tilskipun ráðsins 92/58/EBE frá 24. júní 1992 um lágmarkskröfur um uppsetningu öryggis- og heilbrigðismerkja á vinnustöðum (níunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ([10]). Svæðin sem um er að ræða skulu auðkennd og aðgangur að þeim takmarkaður, eins og við á. Ef aðgangur að þessum svæðum er takmarkaður á viðeigandi hátt af öðrum ástæðum og starfsmönnum tilkynnt um áhættuna sem stafar af rafsegulsviðum er ekki þörf á sérstökum merkjum og aðgangstakmörkunum vegna rafsegulsviða.

6. Þar sem a-liður 3. mgr. 3. gr. gildir skal gera sérstakar verndarráðstafanir, s.s. þjálfun starfsmanna í samræmi við 6. gr. og notkun tæknilegra úrræða og persónuhlífa, t.d. jarðtengingu hluta sem notaðir eru við vinnu, tengingu starfsmanna við vinnuhluti (spennujöfnun) og, eftir atvikum og í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 89/656/EBE frá 30. nóvember 1989 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota persónuhlífar á vinnustöðum (þriðja sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)([11]), að nota einangrandi skó, hanska og hlífðarfatnað.

([10]) Stjtíð. EB L 245, 26.8.1992, bls. 23.
([11]) Stjtíð. EB L 393, 30.12.1989, bls. 18.

7. Þar sem a-liður 4. mgr. 3. gr. gildir skal gera sérstakar verndarráðstafanir, s.s. að stjórna hreyfingum.

8. Starfsmenn mega ekki verða fyrir váhrifum yfir viðmiðunarmörkum váhrifa á heilbrigði og viðmiðunarmörkum váhrifa á skynjanir nema að uppfylltum skilyrðum skv. a- eða c-lið 1. mgr. 10. gr. eða 3. eða 4. mgr. 3. gr. Ef váhrif fara yfir viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði og viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir, þrátt fyrir ráðstafanir vinnuveitanda, skal hann tafarlaust grípa til aðgerða til að draga úr váhrifum svo að þau verði undir þessum viðmiðunarmörkum. Hann skal sanngreina og skrá ástæður þess að farið var yfir viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði og viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir og breyta verndar- og forvarnarráðstöfunum sínum í samræmi við það til að koma í veg fyrir að aftur verði farið yfir mörkin. Þessar breyttu forvarnar- og verndarráðstafanir skulu varðveittar á hentugu rekjanlegu formi svo að hægt sé að skoða þær síðar, í samræmi við landslög og starfsvenjur.

9. Þar sem 3. og 4. mgr. 3. gr. gilda og starfsmaðurinn tilkynnir um skammvinn einkenni skal vinnuveitandi, ef þörf krefur, uppfæra áhættumatið og forvarnarráðstafanirnar. Skammvinn einkenni eru m.a.:

a) skynræn áhrif og áhrif á starfsemi miðtaugakerfisins í höfðinu, sem stafar af styrksveiflum segulsviða, og

b) áhrif frá stöðusegulsviði, s.s. svimi og ógleði.

6. gr.

Upplýsingar og þjálfun starfsmanna

Með fyrirvara um 10. og 12. gr. tilskipunar 89/391/EBE skal vinnuveitandi sjá til þess að starfsmenn, sem eiga á hættu að verða fyrir váhrifum frá rafsegulsviðum við störf sín, og/eða fulltrúar þeirra, fái allar nauðsynlegar upplýsingar og þjálfun í tengslum við niðurstöður áhættumats, sem kveðið er á um í 4. gr. þessarar tilskipunar, einkum varðandi:

a) ráðstafanir sem gerðar eru vegna beitingar þessarar tilskipunar,

b) gildi og hugtök sem varða viðmiðunarmörk váhrifa og viðbragðsmörk, hugsanlega áhættu í tengslum við þau og fyrirbyggjandi ráðstafanir sem gerðar eru,

c) hugsanleg óbein áhrif vegna váhrifa,

d) niðurstöður mats, mælinga eða útreikninga á stigi váhrifa frá rafsegulsviðum, sem fást í samræmi við 4. gr. þessarar tilskipunar,

e) það hvernig greina skuli skaðleg áhrif á heilsu vegna váhrifa og hvernig skuli tilkynna þau,

f) möguleika á skammvinnum einkennum og skynjunum sem tengjast áhrifum á mið- eða úttaugakerfið,

g) það við hvaða aðstæður starfsmenn eiga rétt á heilsufarseftirliti,

h) öruggar vinnuaðferðir til að halda áhættu vegna váhrifa í lágmarki,

i) starfsmenn, sem eru í sérlegri áhættu, eins og um getur í d-lið 5. mgr. 4. gr. og 3. og 4. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar.

7. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

Samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal fara fram í samræmi við 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

III. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

8. gr.

Heilsufarseftirlit

1. Með það fyrir augum að fyrirbyggja og greina snemma skaðleg áhrif á heilsu vegna váhrifa frá rafsegulsviðum skal viðeigandi heilsufarseftirlit fara fram í samræmi við 14. gr. tilskipunar 89/391/EBE. Kveða skal á um heilsufarsskrár og aðgang að þeim í samræmi við landslög og/eða starfsvenjur.

2. Í samræmi við landslög og starfsvenjur skulu niðurstöður heilsufarseftirlits varðveittar á hentugu formi svo að hægt sé að skoða þær síðar, að teknu tilliti til trúnaðarkvaða. Starfsmenn skulu, hver um sig, fá aðgang að sínum eigin heilsufarsskrám ef þeir óska eftir því.

Ef starfsmaður tilkynnir um óæskileg eða óvænt áhrif á heilbrigði eða í öllum tilvikum þegar váhrif greinast yfir viðmiðunarmörkum skal vinnuveitandinn tryggja að hlutaðeigandi starfsmaður gangist undir viðeigandi læknisrannsóknir eða einstaklingsbundið heilsufarseftirlit, í samræmi við landsög og starfsvenjur.

Starfsmanni skal gert kleift að gangast undir slíkar rannsóknir eða slíkt eftirlit á þeim tíma sem hann kýs og skal hann ekki bera kostnað sem hlýst af því.

9. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu kveða á um að hægt sé að beita hæfilegum viðurlögum ef brotið er gegn landslögum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun. Þessar refsingar skulu vera skilvirkar, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

10. gr.

Undanþágur

1. Þrátt fyrir 3. gr. en með fyrirvara um 1. mgr. 5. gr. gildir eftirfarandi:

a) váhrif geta farið yfir viðmiðunarmörk ef þau tengjast uppsetningu, prófun, notkun, þróun, viðhaldi eða rannsóknum í tengslum við segulómtæki fyrir sjúklinga í heilbrigðisgeiranum, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. áhættumatið sem er framkvæmt í samræmi við 4. gr. sýnir að farið er yfir viðmiðunarmörk váhrifa,

ii. miðað við nýjustu og fullkomnustu tækni hefur öllum tæknilegum ráðstöfunum og/eða skipulagsráðstöfunum verið beitt,

iii. aðstæður réttlæta tilhlýðilega að farið sé yfir viðmiðunarmörk váhrifa,

iv. tekið hefur verið tillit til sérstöðu vinnustaðarins, vinnutækja eða starfsvenja og

v. vinnuveitandinn sýnir fram á að starfsmenn séu enn varðir fyrir skaðlegum áhrifum á heilbrigði og gegn öryggisáhættu, m.a. með því að tryggja að leiðbeiningum framleiðandans um örugga notkun, í samræmi við tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([12]), sé fylgt,

b) aðildarríkin geta gert ráð fyrir sambærilegu eða sértækara verndarkerfi til notkunar fyrir herafla sem vinnur í starfhæfum hernaðarmannvirkjum eða tengist hernaðarstarfsemi, þ.m.t. sameiginlegum alþjóðlegum heræfingum, að því tilskildu að komið sé í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði og öryggi,

c) aðildarríki geta, í tilhlýðilega rökstuddum aðstæðum og einungis meðan þær eru tilhlýðilega rökstuddar, heimila að farið sé yfir viðmiðunarmörk váhrifa á tilteknum sviðum eða vegna sértækra aðgerða utan gildissviðs a- og b-liðar. Að því er varðar þessa liði eru „tilhlýðilega rökstuddar aðstæður“ aðstæður sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. áhættumatið sem framkvæmt er í samræmi við 4. gr. sýnir að farið er yfir viðmiðunarmörk váhrifa,

ii. miðað við nýjustu og fullkomnustu tækni hefur öllum tæknilegum ráðstöfunum og/eða skipulagsráðstöfunum verið beitt,

iii. tekið hefur verið tillit til sérstöðu vinnustaðarins, vinnutækja eða starfsvenja og

iv. vinnuveitandinn sýnir fram á að starfsmenn séu enn varðir fyrir skaðlegum áhrifum á heilbrigði og gegn öryggisáhættu, m.a. með því að nota sambærilega, sértækari og alþjóðlega viðurkennda staðla og viðmiðunarreglur.

([12]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um undantekningar frá b- og c-lið 1. mgr. og skulu tilgreina ástæðurnar og færa rök fyrir þeim í skýrslunni sem um getur í 15. gr.

11. gr.

Tæknilegar breytingar á viðaukunum

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 12. gr. um breytingu á viðaukunum með hreinum, tæknilegum hætti, á þann hátt:

a) að tekið sé tillit til samþykktar á reglugerðum og tilskipunum á sviði tæknilegrar samhæfingar og stöðlunar að því er varðar hönnun, smíði, framleiðslu eða útfærslu vinnutækja eða vinnustaða,

b) að tekið sé tillit til tækniframfara, breytinga á þeim stöðlum eða forskriftum sem helst eiga við og nýrra, vísindalegra uppgötvana að því er varðar rafsegulsvið,

c) að gerðar séu breytingar á viðbragðsmörkum þar sem liggja fyrir nýjar rannsóknaniðurstöður, að því tilskildu að vinnuveitendur verði áfram bundnir af þeim viðmiðunarmörkum váhrifa sem eru í gildi og sett eru fram í II. og III. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð, í samræmi við 12. gr., til að fella viðmiðunarreglur Alþjóðaráðsins um varnir gegn ójónandi geislun (ICNIRP) um að takmarka váhrif frá rafsviðum sem verða til við hreyfingu mannslíkamans í stöðusegulsviði og frá styrksveiflum segulsviða undir 1 Hz inn í II. viðauka, jafnskjótt og þær liggja fyrir.

3. Ef bráð nauðsyn krefur, að því er varðar breytingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr., skal málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 13. gr., gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 11. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 29. júní 2013. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 11. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 11. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

13. gr.

Flýtimeðferð

1. Framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi án tafar og gilda svo framarlega sem engin andmæli eru lögð fram í samræmi við 2. mgr. Í tilkynningu til Evrópuþingsins og ráðsins um framselda gerð skal tilgreina ástæður þess að flýtimeðferðinni er beitt í tengslum við heilsu og vernd starfsmanna.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 5. mgr. 12. gr. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin fella gerðina tafarlaust úr gildi í kjölfar tilkynningar um ákvörðun Evrópuþingsins eða ráðsins um andmæli.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Hagnýtar leiðbeiningar

Til þess að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin gera hagnýtar leiðbeiningar, sem ekki eru bindandi, aðgengilegar eigi síðar en sex mánuðum fyrir 1. júlí 2006. Þessar hagnýtu leiðbeiningar skulu einkum varða eftirfarandi atriði:

a) ákvörðun um váhrif, með tilliti til viðeigandi evrópskra eða alþjóðlegra staðla, þ.m.t.:

   — reikningsaðferðir til að meta viðmiðunarmörk váhrifa,

   — reiknað meðaltal utanaðkomandi raf- og segulsviða í tilteknu rými,

   — leiðbeiningar um hvernig skuli fást við óvissu í mælingum og útreikningum,

b) hvernig megi sýna fram á að viðmiðunarmörk séu virt að því er varðar tilteknar tegundir mismunandi váhrifa við sérstakar aðstæður á grundvelli viðurkenndra skammtamælinga,

c) lýsingu á „veginni toppgildisaðferð“ fyrir lágtíðnisvið og „summun fjöltíðnisviða“ fyrir hátíðnisvið,

d) framkvæmd áhættumats og, þar sem því verður við komið, útvegun einfaldaðrar tækni, einkum með tilliti til þarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja,

e) ráðstafanir sem miðast við að komast hjá eða draga úr áhættu, þ.m.t. sérstakar forvarnarráðstafanir með hliðsjón af stigi váhrifa og sérstöðu vinnustaðarins,

f) skjalfestar starfsreglur auk sértækra upplýsinga- og þjálfunarráðstafana fyrir starfsmenn sem eru í snertingu við rafsegulsvið í starfsemi sem tengist segulómun skv. a-lið 1. mgr. 10 gr.,

g) mat á váhrifum á tíðnisviði frá 100 kHz til 10 MHz þegar taka þarf tillit til bæði varmaáhrifa og varmalausra áhrifa,

h) leiðbeiningar um læknisskoðun og heilsufarseftirlit sem vinnuveitandanum ber að sjá um í samræmi við 2. mgr. 8. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa náið samstarf við ráðgjafarnefndina um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum Evrópuþingið skal upplýst um þetta.

15. gr.

Endurskoðun og skýrslugjöf.

Með tilliti til 4. mgr. 1. gr. skal skýrslan um framkvæmd þessarar tilskipunar í reynd tekin saman í samræmi við 17. gr. a tilskipunar 89/391/EBE.

16. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

17. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 2004/40/EB falli úr gildi frá og með 29. júní 2013.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

18. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi þegar hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

19. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júní 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	A. SHATTER

I. VIÐAUKI

EÐLISFRÆÐILEGAR STÆRÐIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VÁHRIF FRÁ RAFSEGULSVIÐUM

Eftirfarandi eðlisfræðilegar stærðir eru notaðar til að lýsa váhrifum frá rafsegulsviðum:

Styrkur rafsviðs (E) er vigurstærð sem svarar til þess afls sem verkar á rafhlaðinn hlut án tillits til hreyfingar hans í rými. Hann er tilgreindur í voltum á metra (Vm^{-1}). Gera verður greinarmun á rafsviði í umhverfinu og rafsviði sem finnst í líkamanum (á staðnum) af völdum váhrifa frá rafsviði í umhverfinu.

Straumur í útlimum (I_L) er straumurinn í útlimum einstaklings, sem hefur orðið fyrir váhrifum af rafsegulsviðum á tíðnisviði frá 10 MHz til 110 MHz, eftir að hafa komist í snertingu við hlut í rafsegulsviði eða flæði frá rýmdarstraumum sem verða til í líkamanum sem orðið hefur fyrir váhrifum. Hann er tilgreindur í amperum (A).

Snertistraumur (I_C) er straumur sem verður til þegar einstaklingur kemst í snertingu við hlut í rafsegulsviði. Hann er tilgreindur í amperum (A). Stöðugt ástand snertistraums verður þegar einstaklingur er látlaust í snertingu við hlut í rafsegulsviði. Við slíka snertingu getur orðið neistaúrhleðsla ásamt tengdum skammvinnum straumum.

Rafhleðsla (Q) er viðeigandi stærð notuð fyrir neistaúrhleðslu og er tilgreind í kúlomb (C).

Styrkur segulsviðs (H) er vigurstærð sem, ásamt þéttleika segulflæðis, einkennir segulsvið hvar í rými sem er. Hann er tilgreindur í amperum á metra (Am^{-1}).

Þéttleiki segulflæðis (B) er vigurstærð sem svarar til þess afls sem verkar á hleðslu á hreyfingu, tilgreindur í teslum (T). Í auðu rými og í líffræðilegu efni er hægt að víxla þéttleika segulflæðis og styrk segulsviðs á milli eininga með því að nota styrk segulsviðs sem er $H = 1\ Am^{-1}$ og jafngildir þéttleika segulflæðis sem er $B = 4\pi\ 10^{-7}$ T (um það bil 1,25 míkrótesla).

Aflþéttleiki (S) er viðeigandi stærð til að nota við hátíðni og þar sem gegnþrenging í líkamann er lítil. Um er að ræða geislunarafl hornrétt á flöt, deilt með yfirborði flatarins. Það er tilgreint í vöttum á fermetra (Wm^{-2}).

Sérstök orkugleypni (SA) er sú orka sem er gleypt á hverja massaeiningu af lífrænum vef, tilgreind sem júl á kílógramm (Jkg^{-1}). Í þessari tilskipun er hugtakið notað til að setja mörk vegna áhrifa frá púlsaðri örbylgjugeislun.

Sérstakur orkugleypnihraði (SAR) er sú orka, að meðaltali um allan líkamann eða hluta hans, sem er gleypt á hverja massaeiningu líkamsvefjar og er tilgreind í vöttum á kílógramm (Wkg^{-1}). Sérstakur orkugleypnihraði í öllum líkamanum er almennt viðurkennd stærð til að finna tengslin á milli skaðlegra varmaáhrifa og váhrifa frá fjarskiptatíðni. Auk meðalgildis fyrir sérstakan orkugleypnihraða í öllum líkamanum eru gildi fyrir staðbundna orkugleypni nauðsynleg til að meta og takmarka of mikla orkuupptöku í minni hlutum líkamans við sérstök váhrifaskilyrði. Dæmi um slík skilyrði eru m.a.: einstaklingur sem verður fyrir váhrifum frá útvarpstíðni á neðra MHz-svæðinu (t.d. frá torleiðihiturum) og einstaklingar sem verða fyrir váhrifum í námunda við loftnet.

Af þessum stærðum er hægt að mæla beint þéttleika segulflæðis (B), snertistraum (I_C), straum í útlimum (I_L), styrk rafsviðs (E), styrk segulsviðs (H) og aflþéttleika (S).

II. VIÐAUKI

VARMALAUS ÁHRIF

VIÐMIÐUNARMÖRK VÁHRIFA OG VIÐBRAGÐSMÖRK Á TÍÐNISVIÐINU FRÁ 0 Hz TIL 10 MHz

A. VIÐMIÐUNARMÖRK VÁHRIFA

Viðmiðunarmörk undir 1 Hz (tafla A1) eru mörk fyrir stöðusegulsvið sem líkamsvefur hefur ekki áhrif á.

Viðmiðunarmörk váhrifa fyrir tíðni frá 1 Hz til 10 MHz (tafla A2) eru mörk fyrir rafsvið sem verða til í líkamanum vegna váhrifa af styrksveiflum raf- og segulsviða.

Viðmiðunarmörk váhrifa fyrir þéttleika utanaðkomandi segulflæðis frá 0 til 1 Hz.

Viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir eru viðmiðunarmörk váhrifa við eðlileg vinnuskilyrði (tafla A1) og tengjast svima og öðrum lífeðlisfræðilegum áhrifum sem tengjast röskun á jafnvægisskynjun aðallega af völdum hreyfingar í stöðusegulsviði.

Viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir fyrir vinnuskilyrði undir eftirliti (tafla A1) eru í gildi tímabundið á vinnutíma ef venjur eða ferli réttlæta það, að því tilskildu að varnarráðstafanir, s.s. eftirlit með hreyfingum og að starfsmenn fái upplýsingar, hafa verið samþykktar.

Tafla A1

Viðmiðunarmörk váhrifa fyrir þéttleika utanaðkomandi segulflæðis (B_0) frá 0 til 1 Hz

	Viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir
Eðlileg vinnuskilyrði	2 T:
Staðbundin váhrif á útlimi	8 T
	Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði
Vinnuskilyrði undir eftirliti	8 T

Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði fyrir styrk innra rafsviðs frá 1 Hz til 10 MHz

Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði (tafla A2) tengjast raförvun á alla vefi í úttauga- og miðtaugakerfi líkamans, þ.m.t. höfuðið.

Tafla A2

Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði fyrir styrk innri rafsviða frá 1 Hz til 10 MHz

Tíðnisvið	Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði
1 Hz ≤ f < 3 kHz	1,1 Vm^{-1} (toppgildi)
3 kHz ≤ f < 10 MHz	$3{,}8 \times 10^{-4}$ f Vm^{-1} (toppgildi)

Athugasemd A2-1: f er tíðnin tilgreind í Hertz (Hz).

Athugasemd A2-2: Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði fyrir innra rafsvið eru staðbundin toppgildi í öllum líkama þess sem orðið hefur fyrir váhrifum.

Athugasemd A2-3: Viðmiðunarmörk váhrifa eru toppgildi í tíma sem jafngilda virkum gildum (RMS) margfölduðum með √2 fyrir sínuslöguð svið. Ef um er að ræða svið sem eru ekki sínuslöguð skal mat á váhrifum, sem er framkvæmt í samræmi við 4. gr., byggjast á veginni toppgildisaðferð (með síun á tímasviði), sem er útskýrð í hagnýtu leiðbeiningunum sem um getur í 14. gr., en hægt er að beita öðrum aðferðum, sem hafa verið vísindalega sannaðar og eru fullgildar, til að meta váhrif, að því tilskildu að þær leiði til nokkurn veginn jafngildra og samanburðarhæfra niðurstaðna.

Viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir fyrir styrk innra rafsviðs frá 1 Hz til 400 Hz

Viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir (tafla A3) tengjast rafsviðsáhrifum á miðtaugakerfið í höfðinu, þ.e. glampahrifum í sjónhimnu og minniháttar skammvinnum breytingum á starfsemi heilans að einhverju leyti.

Tafla A3

Viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir fyrir styrk innra rafsviðs frá 1 Hz til 400 Hz

Tíðnisvið	Viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir
$1 \leq f < 10$ Hz	0,7 Vm^{-1} (toppgildi)
$10 \leq f < 25$ Hz	0,07 Vm^{-1} (toppgildi)
$25 \leq f < 400$ Hz	0,0028 Vm^{-1} (toppgildi)

Athugasemd A3-1: f er tíðnin tilgreind í Hertz (Hz).

Athugasemd A3-2: Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði fyrir innra rafsvið eru staðbundin toppgildi í höfði þess sem orðið hefur fyrir váhrifum.

Athugasemd A3-3: Viðmiðunarmörk váhrifa eru toppgildi í tíma sem jafngilda virkum gildum (RMS) margfölduðum með √2 fyrir sínuslöguð svið. Ef um er að ræða svið sem eru ekki sínuslöguð skal mat á váhrifum sem framkvæmt er í samræmi við 4. gr. byggjast á veginni toppgildisaðferð (með síun á tímasviði), sem er útskýrð í hagnýtu leiðbeiningunum sem um getur í 14. gr., en hægt er að beita öðrum aðferðum, sem hafa verið vísindalega sannaðar og eru fullgildar, til að meta váhrif, að því tilskildu að þær leiði til nokkurn veginn jafngildra og samanburðarhæfra niðurstaðna.

B. VIÐBRAGÐSMÖRK

Eftirfarandi eðlisfræðilegar stærðir og gildi eru notuð til að tilgreina viðbragðsmörk, en stærð þeirra er fastsett til að tryggja með einfölduðu mati að viðkomandi viðmiðunarmörk váhrifa séu virt eða að nauðsynlegt sé að grípa til viðeigandi verndar- eða forvarnarráðstafana sem tilgreindar eru í 5. gr.:

— lág viðbragðsmörk (E) og há viðbragðsmörk (E) fyrir styrk rafsviðs E við styrksveiflur rafsviða eins og tilgreint er í töflu B1,

— lág viðbragðsmörk (B) og há viðbragðsmörk (B) fyrir þéttleika segulflæðis B við styrksveiflur segulsviða eins og tilgreint er í töflu B2,

— viðbragðsmörk (I_C) fyrir snertistraum eins og tilgreint er í töflu B3,

— viðbragðsmörk (B_0) fyrir þéttleika segulflæðis stöðusegulsviða eins og tilgreint er í töflu B4.

Viðbragðsmörk samsvara reiknuðum eða mældum raf- og segulsviðsgildum á vinnustaðnum í fjarveru starfsmanns.

Viðbragðsmörk fyrir váhrif frá rafsviðum

Lág viðbragðsmörk (tafla B1) fyrir ytra rafsvið byggjast á því að takmarka innra rafsvið svo það verði undir viðmiðunarmörkum (tafla A2 og A3) og að takmarka neistaúrhleðslu í vinnuumhverfinu.

Innra rafsvið fer ekki yfir viðmiðunarmörk váhrifa (töflur A2 og A3) ef það er undir háum viðbragðsmörkum og komið er í veg fyrir óþægilega neistaúrhleðslu, að því tilskildu að verndarráðstafanirnar sem um getur í 6. mgr. 5. gr. hafi verið gerðar.

TAFLA B1

Viðbragðsmörk váhrifa frá rafsviðum frá 1 Hz til 10 mHz

Tíðnisvið	Styrkur rafsviðs, lág viðbragðsmörk (E) [Vm^{-1}] (RMS)	Styrkur rafsviðs, há viðbragðsmörk (E) [Vm^{-1}] (RMS)
$1 \leq f < 25$ Hz	$2{,}0 \times 10^4$	$2{,}0 \times 10^4$
$25 \leq f < 50$ Hz	$5{,}0 \times 10^5/f$	$2{,}0 \times 10^4$
50 Hz $\leq f <$ 1,64 kHz	$5{,}0 \times 10^5/f$	$1{,}0 \times 10^6/f$

Tíðnisvið	Styrkur rafsviðs, lág viðbragðsmörk (E) [Vm^{-1}] (RMS)	Styrkur rafsviðs, há viðbragðsmörk (E) [Vm^{-1}] (RMS)
$1{,}64 \leq f < 3$ kHz	$5{,}0 \times 10^5/f$	$6{,}1 \times 10^2$
3 kHz $\leq f <$ 10 MHz	$1{,}7 \times 10^2$	$6{,}1 \times 10^2$

Athugasemd B1-1: f er tíðnin tilgreind í Hertz (Hz).

Athugasemd B1-2: Lág viðbragðsmörk (E) og há viðbragðsmörk (E) eru virk gildi (RMS) fyrir styrk rafsviðs og jafngilda toppgildunum deilt með √2 fyrir sínuslöguð svið. Ef um er að ræða svið sem eru ekki sínuslöguð skal mat á váhrifum, sem framkvæmt er í samræmi við 4. gr., byggjast á veginni toppgildisaðferð (með síun á tímasviði), sem er útskýrð í hagnýtu leiðbeiningunum sem um getur í 14. gr., en hægt er að beita öðrum aðferðum, sem hafa verið vísindalega sannaðar og eru fullgildar, til að meta váhrif, að því tilskildu að þær leiði til nokkurn veginn jafngildra og samanburðarhæfra niðurstaðna.

Athugasemd B1-3: Viðbragðsmörk eru reiknuð eða mæld hámarksgildi við líkamsstöðu starfsmanna. Þetta leiðir til varfærins mats á váhrifum og að viðmiðunarmörk váhrifa eru virt sjálfkrafa við öll skilyrði þegar váhrif eru mismikil. Í því skyni að einfalda mat, sem er framkvæmt í samræmi við 4. gr., á því hvort viðmiðunarmörk váhrifa eru virt við sérstök skilyrði þegar váhrif eru mismikil, verður mælt fyrir um viðmiðanir fyrir reiknað meðaltal mældra sviða í tilteknu rými, byggt á staðfestum skammtamælingum, í hagnýtu leiðbeiningunum sem um getur í 14. gr. Ef um er að ræða mjög staðbundin upptök innan nokkurra sentímetra fjarlægðar frá líkamanum skal ákvarða rafsviðið, sem myndaðist, með skammtamælingum í hverju tilviki fyrir sig.

Viðbragðsmörk fyrir váhrif frá segulsviðum

Lág viðbragðsmörk (tafla B2), fyrir tíðni undir 400 Hz, leiða af viðmiðunarmörkum váhrifa á skynjanir (tafla A3) og, fyrir tíðni yfir 400 Hz, af viðmiðunarmörkum váhrifa á heilbrigði frá innra rafsviði (tafla A2).

Há viðbragðsmörk (tafla B2) leiða af viðbragðsmörkum váhrifa á heilbrigði fyrir innra rafsvið sem tengist raförvun úttaugavefja og ósjálfráðra taugavefja í höfði og bol (tafla A2). Ef há viðbragðsmörk eru virt er tryggt að ekki er farið yfir viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði, en áhrif sem tengjast glampahrifum á sjónhimnu og minniháttar skammvinnum breytingum á starfsemi heilans eru hugsanleg ef váhrif á höfuðið fara yfir lág viðbragðsmörk váhrifa allt að 400 Hz. Í slíkum tilvikum gildir 6. mgr. 5. gr.

Viðbragðsmörk vegna váhrifa á útlimi leiða af viðmiðunarmörkum váhrifa á heilbrigði frá innra rafsviði sem tengist raförvun vefja í útlimum með tilliti til þess að segulsviðið tengist útlimunum á veikari hátt en öllum líkamanum.

TAFLA B2

Viðbragðsmörk váhrifa frá segulsviðum frá 1 Hz til 10 MHz

Tíðnisvið	Þéttleiki segulflæðis, lág viðbragðsmörk(B)[μT] (RMS)	Þéttleiki segulflæðis, há viðbragðsmörk(B) [μT] (RMS)	Viðbragðsmörk fyrir þéttleika segulflæðis vegna váhrifa á útlimi frá staðbundnu segulsviði [μT] (RMS)
$1 \leq f < 8$ Hz	$2{,}0 \times 10^5/f^2$	$3{,}0 \times 10^5/f$	$9{,}0 \times 10^5/f$
$8 \leq f < 25$ Hz	$2{,}5 \times 10^4/f$	$3{,}0 \times 10^5/f$	$9{,}0 \times 10^5/f$
$25 \leq f < 300$ Hz	$1{,}0 \times 10^3$	$3{,}0 \times 10^5/f$	$9{,}0 \times 10^5/f$
300 Hz $\leq f <$ 3 kHz	$3{,}0 \times 10^5/f$	$3{,}0 \times 10^5/f$	$9{,}0 \times 10^5/f$
3 kHz $\leq f <$ 10 MHz	$1{,}0 \times 10^2$	$1{,}0 \times 10^2$	$3{,}0 \times 10^2$

Athugasemd B2-1: f er tíðnin tilgreind í Hertz (Hz).

Athugasemd B2-2: Lágu viðbragðsmörkin og háu viðbragðsmörkin eru virk gildi (RMS) sem jafngilda toppgildunum deilt með √2 fyrir sínuslöguð svið. Ef um er að ræða svið sem eru ekki sínuslöguð skal mat á váhrifum, sem framkvæmt er í samræmi við 4. gr., byggjast á veginni toppgildisaðferð (með síun á tímasviði), sem er útskýrð í hagnýtu leiðbeiningunum sem um getur í 14. gr., en hægt er að beita öðrum aðferðum, sem hafa verið vísindalega sannaðar og eru fullgildar, til að meta váhrif, að því tilskildu að þær leiði til nokkurn veginn jafngildra og samanburðarhæfra niðurstaðna.

Athugasemd B2-3: Viðbragðsmörk vegna váhrifa frá segulsviðum eru hámarksgildi við líkamsstöðu starfsmanna. Þetta leiðir til varfærins mats á váhrifum og að viðmiðunarmörk váhrifa eru virt sjálfkrafa við öll skilyrði þegar váhrif eru mismikil. Í því skyni að einfalda mat, sem er framkvæmt í samræmi við 4. gr., á því hvort viðmiðunarmörk váhrifa eru virt við sérstök skilyrði þegar váhrif eru mismikil, verður mælt fyrir um viðmiðanir fyrir reiknað meðaltal mældra sviða í tilteknu rými, byggt á staðfestum skammtamælingum, í hagnýtu leiðbeiningunum sem um getur í 14. gr. Ef um er að ræða mjög staðbundin upptök innan nokkurra sentímetra fjarlægðar frá líkamanum skal ákvarða rafsviðið, sem myndaðist, með skammtamælingum í hverju tilviki fyrir sig.

Tafla B3

Viðbragðsmörk fyrir snertistraum I_C

Tíðni	Viðbragðsmörk (I_C), snertistraumur í stöðugu ástandi [mA] (RMS)
allt að 2,5 kHz	1,0
2,5 ≤ f < 100 kHz	0,4 f
100 ≤ f < 10 000 kHz	40

Athugasemd B3-1: f er tíðnin tilgreind í kílóhertz (kHz).

Viðbragðsmörk fyrir þéttleika segulflæðis stöðusegulsviðs

Tafla B4

Viðbragðsmörk fyrir þéttleika segulflæðis stöðusegulsviðs

Hættur	Viðbragðsmörk(B_0)
Truflun í virkum, ígræddum tækjum, t.d. gangráðum	0,5 mT
Áhætta á aðdrætti og ákasti í grennd við upptök með háum styrk (> 100 mT)	3 mT

III. VIÐAUKI

VARMAÁHRIF

VIÐMIÐUNARMÖRK VÁHRIFA OG VIÐBRAGÐSMÖRK Á TÍÐNISVIÐINU FRÁ 100 kHz TIL 300 GHz

A. VIÐMIÐUNARMÖRK VÁHRIFA

Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði fyrir tíðni frá 100 kHz til 6 GHz (tafla A1) eru mörk fyrir orku og afl sem eru gleypt á hverja massaeiningu líkamsvefjar og myndast vegna váhrifa frá raf- og segulsviðum.

Viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir fyrir tíðni frá 0,3 til 6 GHz (tafla A2) eru mörk fyrir gleypta orku í litlum vefmassa í höfðinu vegna váhrifa frá rafsegulsviðum.

Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði fyrir tíðni yfir 6 GHz (tafla A3) eru mörk fyrir aflþéttleika rafsegulbylgju á yfirborð líkamans.

Tafla A1

Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði vegna váhrifa frá rafsegulsviðum frá 100 kHz til 6 GHz

Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði	Gildi fyrir sérstakan orkugleypnihraða reiknuð sem meðaltal sex mínútna tímabils
Viðmiðunarmörk váhrifa, sem tengjast hitaálagi á allan líkamann, tilgreind sem reiknað meðaltal sérstaks orkugleypnihraða í líkamanum	0,4 Wkg^{-1}
Viðmiðunarmörk váhrifa, sem tengjast staðbundnu hitaálagi í höfðinu og bolnum, tilgreind sem staðbundinn, sérstakur orkugleypnihraði í líkamanum	10 Wkg^{-1}
Viðmiðunarmörk váhrifa sem tengjast staðbundnu hitaálagi í útlimum, tilgreind sem staðbundinn, sérstakur orkugleypnihraði í útlimum	20 Wkg^{-1}

Athugasemd A1-1: Staðbundinn, sérstakur orkugleypnihraði reiknast sem meðaltal 10 g massa af samhangandi vef; hámarksgildi fyrir sérstakan orkugleypnihraða, sem fæst þannig, skal vera gildið sem notað er til að meta váhrif. Þessi 10 g af vef eiga að vera massi af samfelldum vef með nærri einsleitum rafrænum eiginleikum. Þegar samfelldur massi af vef er tilgreindur er viðurkennt að þetta hugtak megi nota við útreikning á skammtamælingu en gæti valdið erfiðleikum við beinar, eðlisfræðilegar mælingar. Hægt er að nota einfalda rúmfræði, s.s. teningslaga og kúlulaga vefmassa.

Viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir frá 0,3 GHz til 6 GHz

Þessi viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir (tafla A2) tengjast því að komast hjá áhrifum á heyrn vegna váhrifa á höfuðið frá púlsaðri örbylgjugeislun.

Tafla A2

Viðmiðunarmörk váhrifa á skynjanir vegna váhrifa frá rafsegulsviðum frá 0,3 til 6 GHz

Tíðnisvið	Staðbundin, sérstök orkugleypni
$0,3 \leq f < 6$ GHz	10 $mJkg^{-1}$

Athugasemd A2-1: Staðbundin, sérstök orkugleypni reiknast sem meðaltal 10 g massa af vef.

Tafla A3

Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði vegna váhrifa frá rafsegulsviðum frá 6 til 300 GHz

Tíðnisvið	Viðmiðunarmörk váhrifa á heilbrigði sem tengist aflþéttleika
$6 \leq f < 300$ GHz	50 Wm^{-2}

Athugasemd A3-1: Reikna skal aflþéttleika sem meðaltal fyrir 20 cm^2 svæði sem verður fyrir váhrifum. Hámark aflþéttleika í rými, reiknað sem meðaltal fyrir 1 cm^2 skal ekki fara yfir 20 sinnum gildið fyrir 50 Wm^{-2}. Reikna skal aflþéttleika frá 6 til 10 GHz sem meðaltal sex mínútna tímabils. Yfir 10 GHz skal reikna aflþéttleika sem meðaltal fyrir $68/f^{1,05}$-mínútu tímabils (þar sem f er tíðnin í GHz) til að vega upp á móti stöðugt minnkandi gegnþrengingu eftir því sem tíðnin eykst.

B. VIÐBRAGÐSMÖRK

Eftirfarandi eðlisfræðilegar stærðir og gildi eru notuð til að tilgreina viðbragðsmörk, en stærð þeirra er fastsett til að tryggja með einfölduðu mati að viðkomandi viðmiðunarmörk váhrifa séu virt eða að nauðsynlegt sé að grípa til viðeigandi verndar- eða forvarnarráðstafana sem tilgreindar eru í 5. gr.:

— viðbragðsmörk (E) fyrir styrk rafsviðs E styrksveiflna rafsviðs eins og tilgreind eru í töflu B1,

— viðbragðsmörk (B) þéttleika segulflæðis B styrksveiflna segulsviðs eins og tilgreind eru í töflu B1,

— viðbragðsmörk (S) fyrir aflþéttleika rafsegulbylgna eins og tilgreind eru í töflu B1,

— viðbragðsmörk (I_C) fyrir snertistraum eins og tilgreind eru í töflu B2,

— viðbragðsmörk (I_L) fyrir straum í útlimum, eins og tilgreind eru í töflu B2,

viðbragðsmörk samsvara reiknuðum eða mældum sviðsgildum á vinnustaðnum í fjarveru starfsmanns, sem hámarksgildi við stöðu líkamans eða tilgreindan hluta líkamans.

Viðbragðsmörk fyrir váhrif frá raf- og segulsviðum

Viðbragðsmörk (E) og viðbragðsmörk (B) leiða af sérstökum orkugleypnihraða eða aflþéttleika viðmiðunarmarka váhrifa (tafla A1 og A3) sem grundvallast á viðmiðununum sem tengjast innri varmaáhrifum af völdum váhrifa frá (ytri) raf- og segulsviðum.

TAFLA B1

Viðbragðsmörk váhrifa frá raf- og segulsviðum frá 100 kHz til 300 GHz

Tíðnisvið	Viðbragðsmörk (E) fyrir styrk rafsviðs [Vm^{-1}] (RMS)	Viðbragðsmörk (B) fyrir þéttleika segulflæðis [μT] (RMS)	Viðbragðsmörk (S) fyrir aflþéttleika [Wm^{-2}]
100 kHz ≤ f < 1 MHz	$6{,}1 \times 10^2$	$2{,}0 \times 10^6/f$	—
1 ≤ f < 10 MHz	$6{,}1 \times 10^8/f$	$2{,}0 \times 10^6/f$	—
10 ≤ f < 400 MHz	61	0,2	—
400 MHz ≤ f < 2 GHz	$3 \times 10^{-3}\ f^{½}$	$1{,}0 \times 10^{-5}\ f^{½}$	—
2 ≤ f < 6 GHz	$1{,}4 \times 10^2$	$4{,}5 \times 10^{-1}$	—
6 ≤ f < 300 GHz	$1{,}4 \times 10^2$	$4{,}5 \times 10^{-1}$	50

Athugasemd B1-1: f er tíðnin tilgreind í Hertz (Hz).

Athugasemd B1-2: $[\text{Viðbragðsmörk (E)}]^2$ og $[\text{viðbragðsmörk (B)}]^2$ skulu reiknuð sem meðaltal sex mínútna tímabils. Fyrir útvarpstíðnibylgjur skal hámarksaflþéttleiki, reiknaður sem meðaltal yfir púlsbreiddina, ekki fara yfir 1000 sinnum viðkomandi gildi viðbragðsmarka. Fyrir fjöltíðnisvið skal greiningin byggjast á summun eins og útskýrt er í hagnýtu leiðbeiningunum sem um getur í 14. gr.

Athugasemd B1-3: Viðbragðsmörk (E) og viðbragðsmörk (B) eru reiknuð eða mæld hámarksgildi við líkamsstöðu starfsmanna. Þetta leiðir til varfærins mats á váhrifum og viðmiðunarmörk váhrifa eru virt sjálfkrafa við öll skilyrði þegar váhrif eru mismikil. Í því skyni að einfalda matið, sem er framkvæmt í samræmi við 4. gr., á því hvort viðmiðunarmörk váhrifa eru virt við sérstök skilyrði þegar váhrif eru mismikil, verður mælt fyrir um viðmiðanir fyrir reiknað meðaltal mældra sviða í tilteknu rými, byggt á staðfestum skammtamælingum, í hagnýtu leiðbeiningunum sem um getur í 14. gr. Ef um er að ræða mjög staðbundin upptök innan nokkurra sentímetra fjarlægðar frá líkamanum skal, í hverju tilviki fyrir sig, ákvarða með skammtamælingum hvort viðmiðunarmörk váhrifa séu virt.

Athugasemd B1-4: Reikna skal aflþéttleika sem meðaltal fyrir 20 cm^2 svæði sem verður fyrir váhrifum. Hámark aflþéttleika í rými, reiknað sem meðaltal fyrir 1 cm^2 skal ekki fara yfir 20 sinnum gildið fyrir 50 Wm^{-2}. Reikna skal aflþéttleika frá 6 til 10 GHz sem meðaltal sex mínútna tímabils. Yfir 10 GHz skal reikna aflþéttleika sem meðaltal fyrir $68/f^{1,05}$-mínútu tímabils (þar sem f er tíðnin í GHz) til að vega upp á móti stöðugt minnkandi gegnþrengingu eftir því sem tíðnin hækkar.

TAFLA B2

Viðbragðsmörk fyrir snertistrauma í stöðugu ástandi og spanstrauma í útlimum

Tíðnisvið	Snertistraumur í stöðugu ástandi, viðbragðsmörk(I_C) [mA] (RMS)	Spanstraumur í útlimum í einhverjum útlim, viðbragðsmörk(I_L) [mA] (RMS)
100 kHz ≤ f < 10 MHz	40	—
10 ≤ f < 110 MHz	40	100

Athugasemd B2-1: Reikna skal [viðbragðsmörk(I_L)]^2 sem meðaltal sex mínútna tímabils.

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 2004/40/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	2. og 3. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
5. mgr. 1. gr.	6. mgr. 1. gr.
a-liður 2. gr.	a-liður 2. gr.
—	b-liður 2. gr.
—	c-liður 2. gr.
b-liður 2. gr.	d-, e- og f-liður 2. gr.
c-liður 2. gr.	g-liður 2. gr.
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
—	2. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	2. og 3. mgr. 3. gr.
—	4. mgr. 3. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 4. gr.
2. mgr. 4. gr.	2. og 3. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr.	4. mgr. 4. gr.
a-liður 5. mgr. 4. gr.	b-liður 5. mgr. 4. gr.
b-liður 5. mgr. 4. gr.	a-liður 5. mgr. 4. gr.
—	c-liður 5. mgr. 4. gr.
c-liður 5. mgr. 4. gr.	d-liður 5. mgr. 4. gr.
d-liður 5. mgr. 4. gr.	e-liður 5. mgr. 4. gr.
i. liður d-liðar 5. mgr. 4. gr.	—
ii. liður d-liðar 5. mgr. 4. gr.	—
iii. liður d-liðar 5. mgr. 4. gr.	—

Tilskipun 2004/40/EB	Þessi tilskipun
iv. liður d-liðar 5. mgr. í 4. gr.	—
e-liður 5. mgr. 4. gr.	f-liður 5. mgr. 4. gr.
f-liður 5. mgr. 4. gr.	g-liður 5. mgr. 4. gr.
—	h-liður 5. mgr. 4. gr.
—	i-liður 5. mgr. 4. gr.
g-liður 5. mgr. 4. gr.	j-liður 5. mgr. 4. gr.
h-liður 5. mgr. 4. gr.	k-liður 5. mgr. 4. gr.
—	6. mgr. 4. gr.
6. mgr. 4. gr.	7. mgr. 4. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 5. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 5. gr.
a- til c-liður. 2. mgr. 5. gr.	a- til c-liður. 2. mgr. 5. gr.
—	d-liður 2. mgr. 5. gr.
—	e-liður 2. mgr. 5. gr.
d- til g-liður 2. mgr. 5. gr.	f- til i- liður 2. mgr. 5. gr.
—	4. mgr. 5. gr.
3. mgr. 5. gr.	5. mgr. 5. gr.
—	6. mgr. 5. gr.
—	7. mgr. 5. gr.
4. mgr. 5. gr.	8. mgr. 5. gr.
—	9. mgr. 5. gr.
5. mgr. 5. gr.	3. mgr. 5. gr.
Inngangsorð 6. gr.	Inngangsorð 6. gr.
a-liður 6. gr.	a-liður 6. gr.
b-liður 6. gr.	b-liður 6. gr.
—	c-liður 6. gr.
c-liður 6. gr.	d-liður 6. gr.
d-liður 6. gr.	e-liður 6. gr.
—	f-liður 6. gr.

Tilskipun 2004/40/EB	Þessi tilskipun
e-liður 6. gr.	g-liður 6. gr.
f-liður 6. gr.	h-liður 6. gr.
—	i-liður 6. gr.
7. gr.	7. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 8. gr.	—
3. mgr. 8. gr.	2. mgr. 8. gr.
9. gr.	9. gr.
—	10. gr.
1. mgr. 10. gr.	c-liður 1. mgr. 11. gr.
a-liður 2. mgr. 10. gr.	a-liður 1. mgr. 11. gr.
b-liður 2. mgr. 10. gr.	b-liður 1. mgr. 11. gr.
11. gr.	—
—	12. gr.
—	13. gr.
—	14. gr.
—	15. gr.
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 16. gr.
2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 16. gr.
—	17. gr.
14. gr.	18. gr.
15. gr.	19. gr.
VIÐAUKI	I. viðauki, II. viðauki og III. viðauki
—	IV. viðauki

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/54/57**

frá 19. desember 2013

um breytingu á ákvörðun 2007/506/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir sápu, hárþvottalög og hárnæringu

(tilkynnt með númeri C(2013) 9223)

(2013/793/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB frá 21. júní 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir sápu, hárþvottalög og hárnæringu ([2]) fellur úr gildi 31. desember 2013.

2) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með þessari ákvörðun. Með tilliti til þess á hvaða stigi þessi ákvörðun er stödd í endurskoðunarferlinu er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem settar eru fram í henni. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2007/506/EB, til 31. desember 2014.

3) Því ber að breyta ákvörðun 2007/506/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2007/506/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sápa, hárþvottalögur og hárnæring“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2014“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Janez POTOČNIK
framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 349, 21.12.2013, bls. 104. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 186, 18.7.2007, bls. 36.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2012/33/ESB

2014/EES/54/58

frá 21. nóvember 2012

um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/32/EB að því er varðar brennisteinsinnihald skipaeldsneytis (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eitt af markmiðum umhverfisstefnu Sambandsins, eins og hún er sett fram í aðgerðaáætlunum á sviði umhverfismála og einkum í sjöttu aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála, sem var samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB ([3]), er að ná fram loftgæðum sem valda hvorki umtalsverðum neikvæðum áhrifum né áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið.

2) Í 2. mgr. 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) er kveðið á um að umhverfisstefna Sambandsins skuli miða að víðtækri vernd með tilliti til margbreytilegra aðstæðna á hinum ýmsu svæðum Sambandsins.

3) Í tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis([4]) er mælt fyrir um leyfilegt hámarksinnihald brennisteins í svartolíu, gasolíu, skipagasolíu (e. *marine gas oil*) og skipadísilolíu (e. *marine diesel oil*) sem eru notaðar í Sambandinu.

4) Losun vegna siglinga, sem rekja má til brennslu skipaeldsneytis með miklu brennisteinsinnihaldi, stuðlar að loftmengun af völdum brennisteinsdíoxíðs og efnisagna sem skaðar heilbrigði manna og umhverfið og stuðlar að súru regni. Án þeirra ráðstafana sem settar eru fram í þessari tilskipun hefði losun vegna siglinga fljótt orðið meiri en losun frá öllum uppsprettum á landi.

5) Loftmengun af völdum skipa sem liggja við bryggju er verulegt áhyggjuefni í mörgum hafnarborgum þegar um er að ræða framtak hafnarborganna til að uppfylla viðmiðunarmörk Sambandsins fyrir loftgæði.

6) Aðildarríki skulu hvetja til notkunar á rafmagni frá landi, þar eð rafmagn fyrir skip nútímans er að staðaldri veitt með hjálparvélum.

7) Samkvæmt tilskipun 1999/32/EB er framkvæmdastjórninni skylt að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þeirrar tilskipunar og má leggja fram með skýrslu sinni tillögur um breytingar á henni, einkum að því er varðar lækkun viðmiðunarmarka fyrir brennistein í skipaeldsneyti á SOx-mengunarvarnarsvæðum (e. *SOx Emission Control Area* (SECAs)), í samræmi við starf Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 68, 6.3.2012, bls. 70.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. september 2012 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 29. október 2012.

([3]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13.

8) Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti árið 2008 ályktun um breytingu á VI. viðauka við bókunina frá 1997 um breytingu á alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 sem hann varðar (MARPOL-samningurinn), þar sem er að finna reglur um varnir gegn loftmengun frá skipum. Endurskoðaður VI. viðauki við MARPOL-samninginn öðlaðist gildi 1. júlí 2010.

9) Í endurskoðuðum VI. viðauka við MARPOL-samninginn eru m.a. innleidd strangari viðmiðunarmörk fyrir brennistein í skipaeldsneyti á SOx-mengunarvarnarsvæðum (1,00% frá og með 1. júlí 2010 og 0,10% frá og með 1. janúar 2015), sem og á hafsvæðum utan SOx-mengunarvarnarsvæða (3,50% frá og með 1. janúar 2012 og, að meginreglu til, 0,50% frá og með 1. janúar 2020). Flestum aðildarríkjum er skylt, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, að krefjast þess að skip noti, frá og með 1. júlí 2010, eldsneyti með að hámarki 1,00% brennisteinsinnihald á SOx-mengunarvarnarsvæðunum. Til að tryggja samræmi við þjóðarétt svo og til að tryggja að nýjum, alþjóðlega fastsettum stöðlum fyrir brennistein sé rétt framfylgt í Sambandinu, skal færa tilskipun 1999/32/EB til samræmis við endurskoðaðan VI. viðauka við MARPOL-samninginn. Til að tryggja lágmarksgæði eldsneytis, sem skip nota til að fylgja tilskildum reglum varðandi brennslu eða tækni, skal ekki leyfa notkun á skipaeldsneyti með brennisteinsinnihald sem fer yfir almenna staðalinn, sem nemur 3,50% miðað við massa, í Sambandinu að undanskildu eldsneyti til skipa sem nota aðferðir til að draga úr losun í lokuðu kerfi.

10) Breytingar á IV. viðauka við MARPOL-samninginn, sem varða SOx-mengunarvarnarsvæði, eru mögulegar samkvæmt málsmeðferðarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Komi til þess að frekari breytingar verði teknar upp, þ.m.t. undanþágur, að því er varðar beitingu takmarkana fyrir SOx-mengunarvarnarsvæðin í VI. viðauka við MARPOL-samninginn, skal framkvæmdastjórnin taka slíkar breytingar til athugunar og, eftir því sem við á, leggja tafarlaust fram nauðsynlega tillögu í samræmi við SUSE til að færa tilskipun 1999/32/EB að fullu til samræmis við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að því er varðar SOx-mengunarvarnarsvæði.

11) Tilkoma nýrra mengunarvarnarsvæða skal falla undir ferli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samkvæmt VI. viðauka við MARPOL-samninginn og skal byggjast á vel rökstuddu máli á grundvelli umhverfislegra og efnahagslegra sjónarmiða og rökstudd með vísindagögnum.

12) Í samræmi við reglu 18 í endurskoðuðum VI. viðauka við MARPOL-samninginn skulu aðildarríkin leggja sig fram um að tryggja aðgengi að skipaeldsneyti sem er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

13) Með hliðsjón af hnattrænu samhengi umhverfisstjórnmála og losun vegna siglinga skal setja metnaðarfulla losunarstaðla á heimsvísu.

14) Farþegaskip eru aðallega starfrækt í höfnum eða nálægt strandsvæðum og áhrif þeirra á heilbrigði manna og umhverfið eru umtalsverð. Í því skyni að bæta loftgæði kringum hafnir og strandir er gerð sú krafa að þessi skip noti skipaeldsneyti með brennisteinsinnihald að hámarki 1,50% þar til strangari staðlar fyrir brennistein gilda um öll skip í landhelgi, sérefnahagslögsögu og á mengunareftirlitssvæðum aðildarríkjanna.

15) Í samræmi við 193. gr. SUSE skal þessi tilskipun ekki koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi strangari verndarráðstöfunum eða innleiði þær í því skyni að hvetja til skjótrar innleiðingar að því er varðar hámarksinnihald brennisteins í skipaeldsneyti, t.d. með því að nota aðferðir til að draga úr losun utan SOx-mengunarvarnarsvæða.

16) Til að auðvelda umskiptin yfir í nýja véltækni, sem mögulega getur dregið umtalsvert meira úr losun í siglingageiranum, skal framkvæmdastjórnin kanna betur tækifæri til að stuðla að og hvetja til notkunar á gasknúnum vélum í skipum.

17) Til að ná markmiðum tilskipunar 1999/32/EB er nauðsynlegt að framfylgja skuldbindingum, að því er varðar brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti, á réttan hátt. Reynslan af framkvæmd tilskipunar 1999/32/EB hefur sýnt að þörf er á öflugra fyrirkomulagi varðandi vöktun og framfylgd til að tryggja rétta framkvæmd þeirrar tilskipunar. Í því skyni er nauðsynlegt að aðildarríkin tryggi nægilega tíða og nákvæma sýnatöku úr skipaeldsneyti, sem sett er á markað eða notað um borð í skipum, sem og reglulega sannprófun á skipsdagbókum og afhendingarseðlum fyrir skipaeldsneyti. Einnig er nauðsynlegt að aðildarríkin komi á kerfi með skilvirkum viðurlögum, sem eru í réttu hlutfalli við brot og letjandi, ef ekki er farið að ákvæðum tilskipunar 1999/32/EB. Til að tryggja frekara gagnsæi upplýsinga er einnig rétt að kveða á um að skrá yfir skipaeldsneytisbirgja á staðnum sé gerð aðgengileg öllum.

18) Skýrslugjöf aðildarríkjanna samkvæmt tilskipun 1999/32/EB hefur reynst ófullnægjandi til að sannprófa að farið sé að ákvæðum þeirrar tilskipunar sökum skorts á samræmdum og nægilega nákvæmum ákvæðum varðandi innihaldið í skýrslum aðildarríkjanna og framsetningu þeirra. Því eru ítarlegri upplýsingar, að því er varðar innihald og framsetningu skýrslunnar, nauðsynlegar til að tryggja samræmdari skýrslugjöf.

19) Í kjölfar þess að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit) ([5]), sem er endurútgáfa á löggjöf Sambandsins um losun í iðnaði, var samþykkt er nauðsynlegt að breyta ákvæðum tilskipunar 1999/32/EB, sem varða hámarksbrennisteinsinnihald svartolíu, til samræmis við það.

([5]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

20) Reglufylgni varðandi lág viðmiðunarmörk fyrir brennistein í skipaeldsneyti getur, einkum á SOx-mengunarvarnarsvæðum, leitt til þess að verð á slíku eldsneyti hækki umtalsvert, a.m.k. til skamms tíma, og getur haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni flutninga á stuttum sjóleiðum í samanburði við aðra flutningsmáta sem og á samkeppnishæfni iðnaðar í löndum sem eiga landamæri að SOx-mengunarvarnarsvæðum. Til að draga úr kostnaði, sem hlýst af reglufylgni, fyrir viðkomandi iðnað er þörf á hentugum lausnum, t.d. í formi annarra, kostnaðarhagkvæmari aðferða til að hlíta reglum en aðferða sem byggja á reglufylgni við eldsneyti og með því að veita stuðning, ef nauðsyn krefur. Framkvæmdastjórnin mun, m.a. á grundvelli skýrslna frá aðildarríkjunum, fylgjast náið með áhrifum af reglufylgni siglingageirans við nýja eldsneytisgæðastaðla, einkum að því er varðar hugsanlegar tilfærslur milli flutningsgreina frá sjóflutningum yfir í landflutninga, og mun leggja til, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til að sporna gegn slíkri þróun.

21) Mikilvægt er að takmarka tilfærslur milli flutningsgreina frá sjóflutningum yfir í landflutninga þar eð aukning á hlutdeild vöruflutninga á vegum myndi í mörgum tilvikum stríða gegn markmiðum Sambandsins varðandi loftslagsbreytingar og auka umferðarteppu.

22) Kostnaður við nýju kröfurnar um að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs gæti haft í för með sér tilfærslur milli flutningsgreina frá sjóflutningum yfir í landflutninga og gæti haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni iðnaðarins. Framkvæmdastjórnin skal nýta sér til fulls gerninga á borð við Marco Polo-áætlunina og samevrópska flutninganetið til að veita markvissan stuðning til að draga úr áhættu á tilfærslum milli flutningsgreina. Aðildarríkjum gæti þótt nauðsynlegt að veita þeim rekstraraðilum, sem verða fyrir áhrifum af þessari tilskipun, stuðning í samræmi við gildandi reglur um ríkisaðstoð.

23) Í samræmi við gildandi viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til umhverfisverndar og með fyrirvara um breytingar á þeim í framtíðinni er aðildarríkjunum heimilt að veita rekstraraðilum, sem verða fyrir áhrifum af þessari tilskipun, ríkisaðstoð, þ.m.t. aðstoð vegna endurbóta á starfsemi gamalla skipa, ef slíkar aðstoðarráðstafanir eru taldar samrýmast innri markaðinum í samræmi við 107. og 108 gr. SUSE, einkum í ljósi gildandi viðmiðunarreglna um ríkisaðstoð til umhverfisverndar. Í þessu samhengi getur framkvæmdastjórnin tekið tillit til þess að með notkun sumra aðferða til að draga úr losun er gengið lengra en kröfurnar í þessari tilskipun segja til um með því að draga ekki eingöngu úr losun á brennisteinsdíoxíði heldur einnig úr annarri losun.

24) Auðvelda skal aðgang að aðferðum til að draga úr losun. Með þessum aðferðum er unnt að draga a.m.k jafnmikið og jafnvel meira úr losun en unnt er að ná fram þar sem notað er eldsneyti með lágt brennisteinsinnihald, að því tilskildu að þær hafi ekki í för með sér marktæk, neikvæð áhrif á umhverfið, t.d. á vistkerfi sjávar, og að þær séu þróaðar með fyrirvara um viðeigandi samþykki og eftirlitskerfi. Þær staðgönguaðferðir sem eru þegar þekktar, t.d. notkun hreinsikerfa um borð fyrir útblástursloft, blanda úr eldsneyti og fljótandi jarðgasi eða notkun lífeldsneytis, skulu viðurkenndar í Sambandinu. Það er mikilvægt að efla prófun og þróun nýrra aðferða til að draga úr losun, m.a. til að takmarka tilfærslur milli flutningsgreina frá sjóflutningum yfir í landflutninga.

25) Með aðferðum til að draga úr losun er mögulega unnt að draga umtalsvert úr losun. Framkvæmdastjórnin skal því efla prófun og þróun þessarar tækni, m.a. með því að huga að því að koma á fót sameiginlegri áætlun, sem er fjármögnuð sameiginlega, með iðnaðinum á grundvelli meginreglna úr svipuðum áætlunum, eins og t.d. Clean Sky-áætluninni.

26) Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin og hagsmunaaðila, þróa enn frekar þær ráðstafanir sem tilgreindar eru í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar frá 16. september 2011 sem nefnist „Pollutant emission reduction from maritime transport and the sustainable waterborne transport toolbox“.

27) Staðgönguaðferðir til að draga úr losun, t.d. sumar tegundir hreinsitækja, geta orðið til þess að til verður úrgangur sem þarf að meðhöndla á tilhlýðilegan hátt og má ekki losa í hafið. Meðan þess er beðið að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum ([6]) verði endurskoðuð skulu aðildarríkin, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, tryggja aðgengi að móttökuaðstöðum í höfnum sem eru fullnægjandi til að mæta þörfum skipa sem nota hreinsikerfi fyrir útblástursloft. Við endurskoðun á tilskipun 2000/59/EB skal framkvæmdastjórnin íhuga að láta úrgang úr hreinsikerfum fyrir útblástursloft falla undir meginregluna um ekkert sérstakt gjald (e. *principle of no special fee*), sem gildir um hafnargjöld fyrir úrgang skipa, sem kveðið er á um í þeirri tilskipun.

28) Framkvæmdastjórnin skal, sem hluta af endurskoðun á stefnu sinni um loftgæði árið 2013, íhuga þann möguleika að draga úr loftmengun, þ.m.t. í landhelgi aðildarríkjanna.

29) Viðurlög sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi eru nauðsynleg fyrir innleiðingu á tilskipun 1999/32/EB. Aðildarríkin skulu láta þessi viðurlög innihalda fésektir, sem skulu reiknaðar út á þann hátt að tryggt sé að þeir sem hafa efnahagslegan ávinning af brotinu skulu a.m.k. sviptir ávinningnum, og sektirnar skulu hækkaðar jafnt og þétt fyrir endurtekin brot. Aðildarríkin skulu tilkynna um ákvæði varðandi viðurlög til framkvæmdastjórnarinnar.

([6]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81.

30) Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. SUSE að því er varðar breytingu á jafngildum losunargildum og viðmiðanir fyrir notkun aðferða til að draga úr losun í því skyni að laga ákvæði tilskipunar 1999/32/EB að vísinda- og tækniframförum og á þann hátt að strangt samræmi við viðkomandi gerninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sé tryggt og að því er varðar breytingar á 2. gr. (1., 2. og 3. mgr, 3. mgr a, 3. mgr b og 4. mgr) og 6. gr. (b-liður í a-lið 1. mgr.) og 6. gr. (2. mgr.) í tilskipun 1999/32/EB, til að laga ákvæði þeirrar tilskipunar að vísinda- og tækniframförum. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

31) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd tilskipunar 1999/32/EB skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu ([7]).

32) Rétt þykir að nefndin um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) ([8]), aðstoði framkvæmdastjórnina við að samþykkja þær aðferðir til að draga úr losun sem falla ekki undir tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum ([9]).

33) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([10]) hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingagerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

34) Því ber að breyta tilskipun 1999/32/EB til samræmis við það.

([7]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.
([8]) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.
([10]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 1999/32/EB

Tilskipun 1999/32/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað h-liðar 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„h) eldsneyti sem notað er um borð í skipum sem nota aðferðir til að draga úr losun í samræmi við 4. gr. c og 4. gr. e, með fyrirvara um 3. gr. a.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. liðar komi eftirfarandi:

„1) *svartolía*:

– allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, að undanskildu skipaeldsneyti, sem fellur undir SN-númer 27101951 til 19 27101968, 27102031, 27102035, 27102039 eða

– allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, annað en gasolía samkvæmt skilgreiningu í 2. og 3. lið sem, á grundvelli eimingarmarka, fellur undir flokk svartolíu sem ætluð er til nota sem eldsneyti og sem eimast minna en 65% miðað við rúmmál (þ.m.t. það sem tapast) við 250 °C með ASTM D86 aðferðinni. Ef ekki er unnt að ákvarða eiminguna með ASTM D86-aðferðinni flokkast jarðolíuvaran engu að síður sem svartolía,

2) *gasolía*:

– allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, að undanskildu skipaeldsneyti, sem fellur undir SN-númer 27101925, 27101929, 27101947, 27101948, 27102017 eða 27102019, eða

– allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, að undanskildu skipaeldsneyti, sem eimast minna en 65% miðað við rúmmál (þ.m.t. það sem tapast) við 250 °C og sem eimast a.m.k. 85% miðað við rúmmál (þ.m.t. það sem tapast) við 350 °C með ASTM D86 aðferðinni.

Dísileldsneyti, eins og það er skilgreint í 2. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis ([11]), fellur ekki undir þessa skilgreiningu. Eldsneyti, sem er notað á færanlegar vélar sem eru ekki notaðar á vegum, fellur heldur ekki undir þessa skilgreiningu.“

([11]) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

b) Í stað 3. liðar a og 3. liðar b komi eftirfarandi:

„3a) skipadísilolía: allt skipaeldsneyti eins og það er skilgreint fyrir DMB-flokk (e. *DMB grade*) í töflu I í staðlinum ISO 8217, að undanskilinni tilvísun í brennisteinsinnihald,

3b) skipagasolía: allt skipaeldsneyti eins og það er skilgreint fyrir DMX-, DMA- og DMZ-flokka í töflu I í staðlinum ISO 8217, að undanskilinni tilvísun í brennisteinsinnihald,“

c) Í stað 3. liðar m komi eftirfarandi:

„3m) aðferð til að draga úr losun: hvers konar útbúnaður, efni, tæki eða búnaður til ísetningar í skip eða önnur aðferð, annars konar eldsneyti eða aðferð til að fara að ákvæðum, sem notuð er sem annar valkostur í stað skipaeldsneytis með lágt brennisteinsinnihald og uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun, sem er sannprófanleg, mælanleg og framkvæmanleg.“

3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að svartolía verði ekki notuð á yfirráðasvæði þeirra, fari innihald brennisteins í henni yfir 1% miðað við massa.

2. Til og með 31. desember 2015, með fyrirvara um viðeigandi vöktun af hálfu lögbærra yfirvalda að því er varðar losun, gildir 1. mgr. ekki um svartolíu sem er notuð:

a) í brennsluverum sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið ([12]), sem falla undir 1. eða 2. mgr. 4. gr. eða a-lið 3. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, og sem virða viðmiðunarmörk um losun brennisteinsdíoxíðs fyrir slík ver sem sett eru fram í þeirri tilskipun,

b) í brennsluverum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2001/80/EB, sem falla undir b-lið 3. mgr. 4. gr. og 6. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar og þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs er ekki meiri en 1700 mg/Nm^3 og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi,

c) í brennsluverum, sem falla ekki undir a- eða b-lið, þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs er ekki meiri en 1700 mg/Nm^3 og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi,

d) til brennslu í hreinsunarstöðvum þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs í öllum brennsluverum hreinsunarstöðvarinnar er ekki meiri en 1700 mg/Nm^3 og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi, óháð því hvaða tegund eða samsetning eldsneytis er notuð, en að undanskildum verum sem falla undir a- og b-lið, gashverflum og gashreyflum.

3. Frá og með 1. janúar 2016, með fyrirvara um viðeigandi vöktun af hálfu lögbærra yfirvalda að því er varðar losun, gildir 1. mgr. ekki um svartolíu sem er notuð:

a) í brennsluverum sem falla undir gildissvið III. kafla í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB([13]) og uppfylla viðmiðunarmörk fyrir losun brennisteinsdíoxíðs fyrir slík ver sem eru sett fram í V. viðauka við þá tilskipun eða, ef þau viðmiðunarmörk fyrir losun eiga ekki við samkvæmt þeirri tilskipun, þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs er ekki meiri en 1700 mg/Nm^3 og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi,

b) í brennsluverum, sem falla ekki undir a-lið og þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs er ekki meiri en 1700 mg/Nm^3 og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi,

c) til brennslu í hreinsunarstöðvum, þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs í öllum brennsluverum hreinsunarstöðvarinnar er ekki meiri en 1700 mg/Nm^3 og súrefnisinnihaldið í útblæstrinum er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi, óháð því hvaða tegund eða samsetning eldsneytis er notuð, en að undanskildum verum sem falla undir a-lið, gashverflum og gashreyflum.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að engin brennsluver, sem nota svartolíu með brennisteinsinnihaldi sem er meira en um getur í 1. mgr., séu starfrækt án leyfis sem lögbært yfirvald gefur út þar sem viðmiðunarmörk fyrir losun eru tilgreind.“

([12]) Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1.

([13]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

b) Ákvæði 3. mgr. falli brott.

4) Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. a

Hámarksinnihald brennisteins í skipaeldsneyti

Aðildarríkin skulu tryggja að skipaeldsneyti sé ekki notað á þeirra yfirráðasvæði ef brennisteinsinnihald þess er meira en 3,50% miðað við massa, að undanskildu eldsneyti til skipa sem nota aðferðir, sem falla undir c-lið 4. gr, til að draga úr losun í lokuðu kerfi.“

5) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að gasolía verði ekki notuð á yfirráðasvæði þeirra fari innihald brennisteins í henni yfir 0,10% miðað við massa.“

6) Ákvæðum 4. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Hámarksinnihald brennisteins í skipaeldsneyti sem er notað innan landhelgi, sérefnahagslögsögu og mengunareftirlitssvæða aðildarríkjanna, þ.m.t. SOx-mengunarvarnasvæði, og í farþegaskipum sem sigla áætlunarferðir til eða frá höfnum Sambandsins“

b) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skipaeldsneyti sé ekki notað innan landhelgi, sérefnahagslögsögu eða mengunareftirlitssvæða þeirra, sem eru innan SOx-mengunarvarnasvæða, ef brennisteinsinnihald í þessu eldsneyti miðað við massa er meira en:

a) til og með 31. desember 2014: 1,00%,

b) frá og með 1. janúar 2015: 0,10%.

Þessi málsgrein skal gilda um öll skip án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, þ.m.t. skip sem hefja ferð sína utan Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal taka tilhlýðilegt tillit til allra framtíðarbreytinga á kröfunum samkvæmt VI. viðauka við MARPOL-samninginn, sem gilda innan SOx-mengunarvarnarsvæða, og, eftir því sem við á, leggja fram, án ótilhlýðilegrar tafar, allar viðeigandi tillögur í því skyni að breyta þessari tilskipun til samræmis við það.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skipaeldsneyti sé ekki notað innan landhelgi, sérefnahagslögsögu eða mengunareftirlitssvæða þeirra ef brennisteinsinnihald í þessu eldsneyti miðað við massa er meira en:

a) frá og með 18. júní 2014: 3,50%,

b) frá og með 1. janúar 2020: 0,50%.

Þessi málsgrein skal gilda um öll skip án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, þ.m.t. skip sem hefja ferð sína utan Sambandsins, með fyrirvara um 1. og 4. mgr. þessarar greinar og 4. gr. b.“

d) Í stað 4., 5., 6. og 7. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farþegaskip, sem sigla áætlunarferðir til eða frá einhverri höfn Sambandsins, noti ekki skipaeldsneyti innan landhelgi, sérefnahagslögsögu eða mengunareftirlitssvæða þeirra, sem eru utan SOx-mengunarvarnasvæða, til og með 1. janúar 2020 ef brennisteinsinnihald þessa eldsneytis er meira en 1,50% miðað við massa.

Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á að framfylgja þessari kröfu, a.m.k. að því er varðar skip sem sigla undir þeirra eigin fána og skip, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, á meðan þau eru í höfnum þeirra.

5. Aðildarríkin skulu krefjast þess að dagbók skips sé rétt fyllt út, þ.m.t. aðgerðir þegar skipt er um eldsneyti.

5a. Aðildarríkin skulu leggja sig fram um að tryggja aðgengi að skipaeldsneyti, sem er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, og tilkynna framkvæmdastjórninni um aðgengi að slíku skipaeldsneyti í höfnum sínum og birgðastöðvum.

5b. Ef aðildarríki kemst að raun um að skip uppfyllir ekki staðla um skipaeldsneyti, sem eru í samræmi við þessa tilskipun, á lögbært yfirvald þess aðildarríkis rétt á að krefjast þess að:

a) lögð sé fram skýrsla fyrir skipið varðandi þær aðgerðir sem gripið var til í því skyni að hlíta reglum og

b) lögð sé fram sönnun þess að reynt hafi verið að kaupa skipaeldsneyti, sem er í samræmi við kröfurnar í þessari tilskipun, fyrir skipið í samræmi við sjóferðaáætlun þess og, hafi eldsneytið ekki verið tiltækt þar sem áætlað var, að reynt hafi verið að finna aðra uppsprettu fyrir slíkt eldsneyti og að þrátt fyrir að leitast hafi verið við að fá skipaeldsneyti, sem er í samræmi við kröfurnar í þessari tilskipun, þá hafi slíkt skipaeldsneyti ekki verið tiltækt til kaups.

Þess skal ekki krafist að skipið víki frá fyrirhugaðri siglingu sinni eða að siglingunni sé frestað að óþörfu til þess að ná fram samræmi.

Ef upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru lagðar fram fyrir skipið skal hlutaðeigandi aðildarríki taka tillit til allra ástæðna, sem skipta máli, og allra sönnunargagna sem lögð eru fram til að ákveða til hvaða viðeigandi aðgerða skal grípa, þ.m.t. að grípa ekki til eftirlitsráðstafanna.

Skip skal tilkynna fánaríki sínu og lögbæru yfirvaldi viðkomandi viðtökuhafnar ef það getur ekki keypt skipaeldsneyti sem er í samræmi við kröfurnar í þessari tilskipun.

Hafnarríki skal tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar þegar lögð hafa verið fram gögn um skip sem sanna að eldsneyti, sem uppfyllir ákvæði þessarar tilskipunar, hafi ekki verið tiltækt.

6. Aðildarríkin skulu, í samræmi við 18. reglu í VI. viðauka við MARPOL-samninginn:

a) halda skrá yfir skipaeldsneytisbirgja á staðnum, sem er aðgengileg öllum,

b) sjá til þess að birgirinn skrái brennisteinsinnihald í öllu skipaeldsneyti, sem er selt á yfirráðasvæði þeirra, á afhendingarseðil sem innsiglað sýni fylgir og fulltrúi viðtökuskipsins hefur skrifað undir,

c) grípa til aðgerða gegn skipaeldsneytisbirgjum sem uppvísir hafa orðið að því að afhenda eldsneyti sem er ekki í samræmi við forskriftirnar sem tilgreindar eru á afhendingarseðlinum,

d) sjá til þess að gripið sé til aðgerða til úrbóta til þess að skipaeldsneyti, sem uppgötvast að ekki uppfyllir kröfurnar, uppfylli þær.

7. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skipadísilolía sé ekki sett á markað á yfirráðasvæði þeirra ef brennisteinsinnihald hennar er meira en 1,50% miðað við massa.“

e) Ákvæði 8. mgr. falli brott.

7) Í stað 4. gr. b og 4. gr. c komi eftirfarandi:

„4. gr. b

Hámarksinnihald brennisteins í skipaeldsneyti sem notað er í skipum sem liggja við bryggju í höfnum Sambandsins

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skip, sem liggja við bryggju í höfnum Sambandsins, noti ekki skipaeldsneyti með meira brennisteinsinnihald en 0,10% miðað við massa og gera skal ráð fyrir nægum tíma fyrir áhöfnina til að ljúka öllum nauðsynlegum aðgerðum við að skipta um eldsneyti eins fljótt og unnt er eftir að lagst er að bryggju og eins nálægt brottför og hægt er.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að tíminn, sem tekur að skipta um eldsneyti, sé skráður í dagbók skipsins.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki:

a) ef skip eiga, samkvæmt birtri tímaáætlun, að liggja skemur en tvo tíma við bryggju,

b) um skip þar sem slökkt er á öllum vélum og rafmagn úr landi er notað meðan þau eru við bryggju í höfnum.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skipagasolía sé ekki sett á markað á yfirráðasvæði þeirra ef brennisteinsinnihald hennar er meira en 0,10% miðað við massa.

4. gr. c

Aðferðir til að draga úr losun

1. Aðildarríkin skulu heimila notkun aðferða til að draga úr losun skipa, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, í höfnum þeirra, landhelgi, sérefnahagslögsögu eða á mengunareftirlitssvæðum sem annan valkost í stað þess að nota skipaeldsneyti sem uppfyllir kröfurnar í 4. gr. a og 4. gr. b, með fyrirvara um 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Skip, sem nota þær aðferðir til að draga úr losun sem um getur í 1. mgr., skulu stöðugt ná að draga a.m.k. jafnmikið úr losun brennisteinsdíoxíðs og næðist ef notað væri skipaeldsneyti sem uppfyllir kröfurnar í 4. gr. a og 4. gr. b. Jafngild losunargildi skulu ákvörðuð í samræmi við I. viðauka.

2a. Aðildarríkin skulu hvetja til þess að skip, sem liggja við bryggju, noti aflgjafakerfi á landi sem aðra lausn til að draga úr losun.

3. Þær aðferðir til að draga úr losun sem um getur í 1. mgr. skulu uppfylla viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í gerningunum sem um getur í II. viðauka.

4. Í rökstuddum tilvikum í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni, að því er varðar staðgönguaðferðir til að draga úr losun og þannig að strangt samræmi við viðkomandi gerninga og staðla, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti, sé tryggt, skal:

a) framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir um breytingar á I. og II. viðauka í samræmi við 9. gr. a

b) framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarlegar kröfur um vöktun á losun, eftir því sem við á. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.“

8) Eftirfarandi greinar bætist við:

„4. gr. d

Samþykki fyrir aðferðum til að draga úr losun til notkunar um borð í skipum sem sigla undir fána aðildarríkis

1. Aðferðir til að draga úr losun, sem falla undir tilskipun ráðsins 96//98/EB (*), skulu samþykktar í samræmi við þá tilskipun.

2. Aðferðir til að draga úr losun, sem falla ekki undir 1. mgr. þessarar greinar, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (**), að teknu tilliti til:

a) viðmiðunarreglna sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samið,

b) niðurstaðna tilrauna sem fram fóru skv. 4. gr. e,

c) áhrifa á umhverfið, þ.m.t. minnkun á losun sem hægt er að ná fram, og áhrifa á vistkerfi í lokuðum höfnum og ármynnum, og

d) þess hvort unnt sé að koma við vöktun og sannprófun.

4. gr. e

Tilraunir á nýjum aðferðum til að draga úr losun

Aðildarríkjum er heimilt í samvinnu við önnur aðildarríki, eftir því sem við á, að samþykkja tilraunir á nýjum aðferðum fyrir skip til að draga úr losun skipa sem sigla undir fána þeirra eða á hafsvæðum innan lögsögu þeirra. Meðan á þeim tilraunum stendur skal ekki vera skylt að nota skipaeldsneyti sem uppfyllir kröfurnar í 4. gr. a og 4. gr. b að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi hafnarríki sé tilkynnt um það skriflega a.m.k. sex mánuðum áður en tilraunir hefjast,

b) leyfi fyrir tilraununum gildi ekki lengur en í 18 mánuði,

c) í öll hlutaðeigandi skip sé settur upp búnaður, sem ekki er hægt að eiga við, til að vakta stöðugt lofttegundir sem losaðar eru út um reykháf og að hann sé notaður allt tilraunatímabilið,

d) í öllum hlutaðeigandi skipum náist að draga a.m.k. jafnmikið úr losun og unnt væri að ná ef farið væri að viðmiðunarmörkum um brennistein í eldsneyti sem tilgreind eru í þessari tilskipun,

e) viðeigandi kerfi séu til staðar svo að meðhöndla megi allan úrgang, sem fellur til vegna aðferða til að draga úr losun, á öllu tilraunatímabilinu,

f) áhrif á sjávarumhverfi, einkum vistkerfi í lokuðum höfnum og ármynnum, sé metið á öllu tilraunatímabilinu og

g) heildarniðurstöður séu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina og gerðar aðgengilegar öllum innan sex mánaða frá því að tilraununum lýkur.

4. gr. f

Fjárhagsráðstafanir

Aðildarríkin mega samþykkja fjárhagsráðstafanir í þágu rekstraraðila sem verða fyrir áhrifum af þessari tilskipun, þar sem slíkar fjárhagsráðstafanir eru í samræmi við gildandi reglur um ríkisaðstoð og þær reglur um ríkisaðstoð sem verða samþykktar á þessu sviði.“

(*) Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.

(**) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

9) Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Sýnataka og greining

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ganga úr skugga um það með sýnatöku að brennisteinsinnihald þess eldsneytis, sem er notað, sé í samræmi við 3. gr., 3. gr. a, 4. gr., 4. gr. a og 4. gr. b. Sýnatakan skal hefjast á sama degi og viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir hámarksinnihald brennisteins í eldsneyti taka gildi. Hún skal fara fram með reglubundnum hætti og nægilega oft og taka skal nægilegt magn þannig að sýnin séu dæmigerð fyrir eldsneytið sem verið er að rannsaka og, ef um er að ræða skipaeldsneyti, fyrir það eldsneyti sem skip nota meðan þau eru á viðkomandi hafsvæðum eða í höfnum. Greina skal sýnin án ótilhlýðilegrar tafar.

1a. Nota skal eftirfarandi aðferðir við sýnatöku, greiningu og skoðun á skipaeldsneyti:

a) skoðun á dagbókum skips og afhendingarseðlum fyrir skipaeldsneyti,

og, eins og við á, eftirfarandi aðferðir við sýnatöku og greiningu:

b) sýnatöku úr skipaeldsneyti, sem er ætlað til brennslu um borð, þegar það er afhent til skipa, í samræmi við viðmiðunarreglur um töku sýna úr eldsneytisolíu (e. *Guidelines for the sampling of fuel oil*), til að staðfesta hvort farið sé að ákvæðum endurskoðaðs VI. viðauka við MARPOL-samninginn, sem var samþykktur 17. júlí 2009 með ályktun 182(59) sjávarumhverfisverndarnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, og greining á brennisteinsinnihaldi þess, eða

c) sýnatöku og greiningu á brennisteinsinnihaldi skipaeldsneytis, sem er ætlað til brennslu um borð í brennslutönkum, þar sem það er tæknilega og efnahagslega mögulegt, og á innsigluðum sýnum úr eldsneytishólfum um borð í skipum.

1b. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framkvæmdargerðir varðandi:

a) tíðni sýnatökunnar,

b) sýnatökuaðferðir,

c) skilgreiningu á sýni sem er dæmigert fyrir eldsneytið sem verið er að rannsaka.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

2. Tilvísunaraðferðin, sem er samþykkt til að ákvarða brennisteinsinnihaldið, skal vera ISO-aðferð 8754 (2003) eða PrEN ISO 14596 (2007).

Til að ákvarða hvort skipaeldsneyti, sem er afhent til skipa og notað um borð, sé í samræmi við viðmiðunarmörk fyrir brennistein, sem krafist er skv. 3. gr. a, 4. gr., 4. gr. a og 4. gr. b, skal nota sannprófunaraðferðina fyrir eldsneyti sem sett er fram í VI. viðbæti við VI. viðauka við MARPOL-samninginn.“

10) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu aðildarríkin, á grundvelli niðurstaðna úr sýnatöku, greiningu og skoðunum sem fram fara í samræmi við 6. gr., leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um samræmi við þá staðla fyrir brennistein, sem settir eru fram í þessari tilskipun, fyrir næstliðið ár.

Framkvæmdastjórnin skal, innan 12 mánaða frá dagsetningunni sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, taka saman og birta skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar, á grundvelli skýrslnanna sem henni berast í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og tilkynninganna sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við fimmtu undirgrein 4. gr. a (5b), um að skipaeldsneyti, sem er í samræmi við þessa tilskipun, sé ekki tiltækt. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort þörf sé á því að herða viðkomandi ákvæði í þessari tilskipun og leggja fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf þess efnis.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir varðandi upplýsingarnar sem skýrslan þarf að innihalda og snið skýrslunnar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.“

c) Í stað 2. og 3. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2013, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt meðfylgjandi tillögum að nýrri löggjöf, ef við á. Framkvæmdastjórnin skal í skýrslu sinni taka til athugunar möguleikann á að draga úr loftmengun, m.a. með tilliti til eftirfarandi: ársskýrslur sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. og 1. mgr. a; loftgæði og súrnun sem í ljós koma; eldsneytiskostnaður; möguleg efnahagsleg áhrif og breytingar á flutningsmáta sem í ljós koma, og árangur við að draga úr losun frá skipum.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin og hagsmunaaðila og eigi síðar en 31. desember 2012, þróa viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. þær sem tilgreindar eru í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar frá 16. september 2011 sem nefnist „Pollutant emission reduction from maritime transport and the sustainable waterborne transport toolbox“ til að stuðla að samræmi við umhverfisstaðla í þessari tilskipun og draga sem mest úr mögulegum neikvæðum áhrifum.“

d) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 9. gr. a varðandi aðlögun 2. gr. (1., 2., og 3. liður, 3. liður a, 3. liður b og 4. liður) og 6. gr. (b-liður 1. mgr. a og 2. mgr.) að framförum á sviði vísinda og tækni. Slík aðlögun skal þó ekki leiða til neinna beinna breytinga á gildissviði þessarar tilskipunar eða á viðmiðunarmörkum fyrir brennistein í eldsneyti sem tilgreint eru í þessari tilskipun.“

11) Ákvæði 8. gr. falli brott.

12) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„*9. gr.*

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.“

(*) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

13) Eftirfarandi grein bætist við:

„*9. gr. a*

Beiting framsalsins

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 4. mgr. 4. gr. c og 4. mgr. 7. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 17. desember 2012. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 4. mgr. 4. gr. c og 4. mgr. 7. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. mgr. 4. gr. c og 4. mgr. 7. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

14) Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„*11. gr.*

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt á grundvelli þessarar tilskipunar.

2. Viðurlögin, sem ákvörðuð hafa verið, eiga að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi og geta innihaldið fésektir, sem skulu reiknaðar út á þann hátt að tryggt sé að þeir sem hafa efnahagslegan ávinning af brotinu skulu a.m.k. sviptir ávinningnum, og sektirnar skulu hækkaðar jafnt og þétt fyrir endurtekin brot.“

15) Í stað viðaukans við tilskipun 1999/32/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. júní 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. nóvember 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
Forseti.	*Forseti.*
M. SCHULZ	A. D. MAVROYIANNIS

VIÐAUKI

I. VIÐAUKI

JAFNGILD LOSUNARGILDI FYRIR AÐFERÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR LOSUN, SEM UM GETUR Í 2. MGR 4. GR. C

Viðmiðunarmörk fyrir brennistein í skipaeldsneyti, sem um getur í 4. gr. a og 4. gr. b og reglum 14.1 og 14.4 í VI. viðauka við MARPOL-samninginn, og samsvarandi losunargildi sem um getur í 2. mgr. 4. gr. c:

Brennisteinsinnihald skipaeldsneytis (% m/m)	Hlutfall losunar á brennisteinsdíoxíði (milljónarhluti) og koltvísýringi (% rúmmálshlutfall)
3,50	151,7
1,50	65,0
1,00	43,3
0,50	21,7
0,10	4,3

Athugasemd:

– Notkun á hlutfallslegum losunarmörkum (e. *Ratio Emissions limits*) gildir einungis um notkun á eimuðu eldsneyti, að stofni til úr jarðolíu, eða eldsneytisolíuleifum.

– Í rökstuddum tilvikum, þegar dregið er úr styrk brennisteinsdíoxíðs með hreinsieiningu fyrir útblástursloft, má mæla styrkinn við inntak hreinsieiningarinnar fyrir útblástursloft að því tilskildu að hægt sé að sýna skýrt fram á réttleika slíkrar aðferðar.

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR VIÐ NOTKUN AÐFERÐA TIL AÐ DRAGA ÚR LOSUN SEM UM GETUR Í 3. MGR. 4. GR. C

Þær aðferðir til að draga úr losun, sem um getur í 4. gr. c, skulu a.m.k. uppfylla þær viðmiðanir sem tilgreindar eru í eftirfarandi gerningum, eftir því sem við á:

Aðferð til að draga úr losun	Notkunarviðmiðanir
Blanda skipaeldsneytis og uppgufaðrar lofttegundar	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. desember 2010 um setningu viðmiðana fyrir notkun tæknilegra aðferða á gasflutningaskipum í stað notkunar skipaeldsneytis með lágt brennisteinsinnihald sem uppfyllir kröfurnar í 4. gr. b í tilskipun ráðsins 1999/32/EB um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/33/EB um brennisteinsinnihald skipaeldsneytis([1]).
Hreinsikerfi fyrir útblástursloft	Ályktun MEPC.184(59), samþykkt 17. júlí 2009 „Þvottavatn úr hreinsikerfum fyrir útblástursloft þar sem notuð eru íðefni, íblöndunarefni, efnablöndur og íðefni, sem skipta máli, sem myndast á staðnum“, sem um getur í lið 10.1.6.1. í ályktun MEPC.184(59), skal ekki losa í hafið, þ.m.t. lokaðar hafnir og ármynni, nema rekstraraðili skipsins sýni fram á að slík losun skolvatns hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á heilbrigði manna og umhverfið og stofni þeim ekki í hættu. Ef íðefnið sem er notað er vítissódi nægir að skolvatnið uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í ályktun MEPC.184(59) og pH-gildi þess fari ekki yfir 8,0.
Lífeldsneyti	Notkun lífeldsneytis eins og það er tilgreint í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum([2]) sem uppfyllir viðeigandi CEN- og ISO-staðla. Blöndur af lífeldsneyti og skipaeldsneyti skulu uppfylla staðlana fyrir brennistein sem settir eru fram í 3. gr. a, 4. gr. a (1. mgr., 1. mgr. a, og 4. mgr.) og 4. gr. b í þessari tilskipun.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 14.12.2010, bls. 15.
([2]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1359/2013/ESB **2014/EES/54/59**

frá 17. desember 2013

um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að skýra ákvæði um tímasetningu uppboða á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB([3]) er ekki tilgreint hvernig fjöldi heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda sem skal bjóða upp dreifist á viðskiptatímabilið.

2) Til að tryggja réttarvissu og fyrirsjáanleika markaðarins ætti, til að tryggja skipulega starfsemi markaðarins, að skýra að framkvæmdastjórnin geti við sérstakar aðstæður aðlagað tímaáætlun uppboða skv. 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

3) Því ber að breyta tilskipun 2003/87/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í fyrstu undirgrein 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB bætist eftirfarandi setningar við:

„Þegar mat á einstökum iðnaðargeirum sýnir að ekki megi búast við marktækum áhrifum á geira eða undirgeira, sem eru í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, má framkvæmdastjórnin við sérstakar aðstæður aðlaga tímaáætlunina fyrir tímabilið, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. og hefst 1. janúar 2013, til að tryggja skipulega starfsemi markaðarins. Framkvæmdastjórnin skal ekki gera fleiri en eina slíka aðlögun fyrir að hámarki 900 milljónir losunarheimilda.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	L. LINKEVIČIUS

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 343, 19.12.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 11, 15.1.2013, bls. 87.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 10. desember 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2013.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/54/60**

frá 18. desember 2013

um breytingu á ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/EB hvað varðar þá geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka

(tilkynnt með númeri C(2013) 9186)

(2014/9/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB([1]), einkum 1. mgr. 10. gr. a og 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB([2]) er, samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, tekin saman skrá yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.

2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB ([3]) er sagt til um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

3) Árlega má bæta við geira eða undirgeira í skrána yfir geira og undirgeira, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, ef sýnt hefur verið fram á það í skýrslu um greiningu að viðkomandi geiri eða undirgeiri fullnægi þeim viðmiðunum, sem settar eru fram í 14.–17. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, í kjölfar breytingar sem hefur umtalsverð áhrif á starfsemi þess geira eða undirgeira.

4) Nokkrir geirar, sem ekki voru taldir í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á grundvelli 4. þreps atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna í ákvörðun 2010/2/ESB, voru aðgreindir og fjölmargir samsvarandi undirgeirar, þar sem tilteknir, sérstakir, auðkennandi eiginleikar leiddu til áhrifa sem eru umtalsvert frábrugðin þeim áhrifum sem koma fram annars staðar í geiranum, voru metnir.

5) Að því er varðar undirgeirana „fín- eða grófmalað mjöl, flögur, kyrni eða kögglar úr þurrkuðum kartöflum“, „frystar kartöflur, unnar eða varðar skemmdum (þ.m.t. kartöflur matreiddar eða hálfmatreiddar í olíu og síðan frystar, þó ekki með ediki eða ediksýru)“ sem og „mysa og umbreytt mysa í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, einnig niðurseydd eða með viðbættum sætuefnum“ hefur matið sýnt fram á að hægt sé að aðgreina þá með skýrum hætti frá öðrum undirgeirum á grundvelli tiltekinna eiginleika og að þeir fullnægi megindlegum viðmiðunum sem settar eru fram í 15. mgr. 10 gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Því ætti að bæta þessum undirgeirum við í skrána yfir geira eða undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.

6) Að því er varðar undirgeirann „opin mótasmíði járnhluta fyrir drifsköft, sveifarása, kambása og sveifar“ hefur þetta mat einnig sýnt fram á að hægt sé að aðgreina hann með skýrum hætti frá öðrum undirgeirum á grundvelli tiltekinna eiginleika og að hann fullnægi megindlegum viðmiðunum sem settar eru fram í b-lið 16. mgr. 10 gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Því ætti að bæta þessum undirgeira við í skrána yfir geira eða undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.

7) Geirarnir „gifsframleiðsla“ og „framleiðsla á byggingarefni úr gifsi“ (kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 2653 og 2662, eftir því sem við á) voru endurmetnir árið 2012. Það eigindlega mat færði sönnur á erfiða markaðseiginleika á borð við vaxandi viðskipti, einkum vaxandi þróun í innflutningi frá löndum með ódýra framleiðslu, aukið álag vegna alþjóðlegrar samkeppni og að hagnaðarhlutfall á þeim árum sem voru metin er lítið, sem takmarkar getu stöðva til að fjárfesta og minnka losun. Á grundvelli samanlagðra áhrifa þessara þátta ættu þessir geirar að teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka og bætast við í skrána yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 9, 14.1.2014, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 1, 5.1.2010, bls. 10.

([3]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1.

8) Því ber að breyta ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/ESB til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á ákvörðun 2010/2/ESB

Viðaukanum við ákvörðun 2010/2/ESB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Breytingar á ákvörðun 2011/278/ESB

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Connie HEDEGAARD
framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2010/2/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur bætist við á undan færslu 15331427:

Kóði í vöruskrá EB	Lýsing
„15311230	Fín- eða grófmalað mjöl, flögur, kyrni eða kögglar úr þurrkuðum kartöflum
15311250	Frystar kartöflur, unnar eða varðar skemmdum (þ.m.t. kartöflur matreiddar eða hálfmatreiddar í olíu og síðan frystar, þó ekki með ediki eða ediksýru)“

b) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslu 155154:

Kóði í vöruskrá EB	Lýsing
„15515533	Mysa og umbreytt mysa í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, einnig niðurseydd eða með viðbættum sætuefnum“

c) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslu 26821620:

Kóði í vöruskrá EB	Lýsing
„28401133	Opin mótasmíði járnhluta fyrir drifsköft, sveifarása, kambása og sveifar“

2) Í 3. lið bætist eftirfarandi færslur við á eftir færslu 2640:

Kóði í vöruskrá EB	Lýsing
„2653	Gifsframleiðsla
2662	Framleiðsla á byggingarefni úr gifsi“

II. VIÐAUKI

Í stað færslnanna er varða vöruviðmiðanirnar „gifs“, „þurrkað, endurunnið gifs“ og „gifsplötur“ í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB komi eftirfarandi:

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunargildi (losunar-heimildir/t)
„Gifs	Gifsefni úr brenndu gifsi eða kalsíumsúlfati (þ.m.t. til nota í byggingum, í ofinn dúk fyrir umbúðir eða yfirborðspappír, til nota í tannlækningum eða við afmengun lands) í tonnum af múrhúð. Alfagifsefni falla ekki undir þessa vöruviðmiðun	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum mölun, þurrkun og glæðingu, falla hér undir.	já	0,048“
„Þurrkað, endurunnið gifs	Þurrkað, endurunnið gifs (tilbúið gifs, framleitt sem endurunnin aukaafurð úr orkuiðnaði eða endurunninn efniviður úr byggingarúrgangi og niðurbroti), gefið upp sem afurð í tonnum.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint þurrkun endurunnins gifs, falla hér undir.	já	0,017“
„Gifsplötur	Þessi viðmiðun nær yfir plötur, þynnur, þiljur, flísar og áþekkar vörur úr gifsefni eða blöndu að meginstofni úr gifsefni, ekki með pappír eða pappa á yfirborði eða styrktar með pappír eða pappa, þó ekki mótaðar með gifsefni eða skreyttar (í tonnum af múrhúð). Eðlisþungar gifstrefjaplötur falla ekki undir þessa vöruviðmiðun.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum, mölun, þurrkun, glæðingu og þurrkun platna, falla hér undir. Aðeins skal taka tillit til heildarraforkunotkunar varmadælna, sem notaðar eru við þurrkun, við ákvörðun á óbeinni losun.	já	0,131“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 715/2013 2014/EES/54/61

frá 25. júlí 2013

um viðmiðanir til að ákvarða hvenær koparrusl hættir að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ([1]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mat á ólíkum straumum úrgangs sýnir að það yrði endurvinnslumörkuðum fyrir koparrusl til bóta ef ákveðnar væru sértækar viðmiðanir til að ákvarða hvenær koparrusl úr úrgangi hættir að vera úrgangur. Þessar viðmiðanir ættu að tryggja öfluga umhverfisvernd. Þær ættu ekki að hafa áhrif á flokkun á koparrusli sem úrgangur í þriðju löndum.

2) Skýrslur frá Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar sýna að markaður og eftirspurn eru fyrir hendi að því er varðar koparrusl til notkunar sem hráefni í járnlausum málmiðnaði. Koparrusl ætti því að vera nægilega hreint og í samræmi við viðkomandi staðla eða forskriftir fyrir járnlausan málmiðnað.

3) Í viðmiðununum, sem notaðar eru til að ákvarða hvenær koparrusl hættir að vera úrgangur, ætti að tryggja að koparrusl úr endurnýtingu uppfylli tæknilegar kröfur iðnaðar með járnlausa málma, samræmist gildandi löggjöf og stöðlum um afurðir og hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna í heild. Skýrslur frá Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sýna að fyrirhugaðar viðmiðanir varðandi úrgang, sem notaður er sem hráefni í endurnýtingu, aðferðir og tækni til meðhöndlunar og koparruslið sem fæst með endurnýtingunni, uppfylla þessi markmið þar sem þær ættu að leiða til framleiðslu á koparrusli sem er án hættulegra eiginleika og nægilega laust við málma aðra en kopar og málmlaus efnasambönd.

4) Til að tryggja samræmi við viðmiðanirnar er rétt að kveða á um að veittar séu upplýsingar um koparrusl sem er hætt að vera úrgangur og að stjórnunarkerfi sé komið á.

5) Nauðsynlegt kann að vera að endurskoða viðmiðanirnar ef vöktun á þróun markaðsaðstæðna, að því er varðar koparrusl, leiðir í ljós skaðleg áhrif á markaði til endurvinnslu á koparrusli, einkum að því er varðar tiltækileika og aðgengi að slíkum brotamálmi.

6) Rétt þykir að kveða á um hæfilegan frest þar til þessi reglugerð tekur gildi til að gera rekstraraðilum kleift að laga sig að viðmiðunum sem gilda um hvenær koparrusl hættir að vera úrgangur.

7) Nefndin, sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB, hefur ekki skilað áliti um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð og framkvæmdastjórnin hefur því lagt tillögu fyrir ráðið varðandi ráðstafanirnar og sent hana til Evrópuþingsins. Ráðið tók ekki ákvörðun innan tveggja mánaða tímabilsins sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið([2]) og framkvæmdastjórnin lagði því tillöguna fyrir Evrópuþingið án tafar. Evrópuþingið andmælti ekki ráðstöfuninni innan 4 mánaða frá framangreindri sendingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Með þessari reglugerð er komið á fót viðmiðunum til að ákvarða hvenær koparrusl hættir að vera úrgangur.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda þær skilgreiningar sem settar voru fram í tilskipun 2008/98/EB.

Að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „koparrusl“: brotamálmur sem samanstendur aðallega af kopar og koparblendi,

2) „eigandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur koparrusl í vörslu sinni,

3) „framleiðandi“: eigandi sem flytur koparrusl til annars eiganda í fyrsta skipti sem koparrusl sem er hætt að vera úrgangur,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

4) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem flytur koparrusl sem er hætt að vera úrgangur inn á tollsvæði Sambandsins,

5) „sérmenntað starfsfólk“: starfsfólk sem sökum reynslu eða þjálfunar hefur réttindi og hæfi til að vakta og leggja mat á eiginleika koparrusls,

6) „sjónræn skoðun“: skoðun á öllum hlutum sendingar af koparrusli með mannlegum skynfærum eða ósérhæfðum búnaði.

7) „sending“: lota koparrusls sem ætluð er til afhendingar frá framleiðanda til annars eiganda og kann að vera geymd í einni eða fleiri flutningseiningum, t.d. gámum.

3. gr.

Viðmiðanir varðandi koparrusl

Koparrusl skal teljast hætt að vera úrgangur þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt við afhendingu frá framleiðanda til annars eiganda:

1) koparrusl, sem fæst með endurnýtingunni, samræmist viðmiðunum sem settar eru fram í 1. þætti I. viðauka,

2) úrgangurinn, sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. þætti I. viðauka,

3) úrgangurinn, sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, hefur verið meðhöndlaður í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. þætti I. viðauka,

4) framleiðandinn uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. gr.

4. gr.

Samræmisyfirlýsing

1. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal gefa út samræmisyfirlýsingu, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. viðauka, fyrir hverja sendingu af koparrusli.

2. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal senda samræmisyfirlýsinguna til næsta eiganda sendingarinnar af koparrusli. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal halda eintaki af samræmisyfirlýsingunni í a.m.k. eitt ár eftir útgáfudag hennar og gera það aðgengilegt lögbærum yfirvöldum samkvæmt beiðni.

3. Samræmisyfirlýsingin má vera á rafrænu formi.

5. gr.

Stjórnunarkerfi

1. Framleiðandinn skal koma á stjórnunarkerfi þar sem hægt er að sýna fram á samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 3. gr.

2. Stjórnunarkerfið skal fela í sér skjalfestar verklagsreglur varðandi hvern eftirfarandi þátta:

a) vöktun á gæðum koparrusls sem fæst með endurnýtingunni, eins og sett er fram í 1. þætti I. viðauka (þ.m.t. sýnataka og greining),

b) skilvirkni vöktunar á geislun, eins og sett er fram í þætti 1.5 í I. viðauka,

c) eftirlit við viðtöku úrgangs sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, eins og sett er fram í 2. þætti I. viðauka,

d) vöktun aðferða og tækni til meðhöndlunar, eins og lýst er í þætti 3.3 í I. viðauka,

e) svörun frá viðskiptamönnum varðandi gæði koparrusls,

f) skráningu niðurstaðna vöktunar sem fer fram í samræmi við a- til d-lið,

g) endurskoðun og endurbætur á stjórnunarkerfinu,

h) þjálfun starfsfólks.

3. Í stjórnunarkerfinu skal einnig mæla fyrir um sértæku kröfurnar um vöktun sem settar eru fram í I. viðauka fyrir hverja viðmiðun.

4. Þegar fyrri eigandi annast einhverja meðhöndlun sem um getur í þætti 3.3 í I. viðauka skal framleiðandinn tryggja að afhendingaraðilinn komi á stjórnunarkerfi sem samræmist kröfum þessarar greinar.

5. Samræmismatsstofa, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008([3]) sem hefur hlotið faggildingu í samræmi við þá reglugerð, eða umhverfissannprófandi, eins og skilgreint er í b-lið 20. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009([4]), sem er faggiltur eða með leyfi í samræmi við þá reglugerð, skal sannprófa að stjórnunarkerfið uppfylli kröfur þessarar greinar. Sannprófun skal fara fram á þriggja ára fresti.

Eingöngu sannprófendur með eftirfarandi gildissvið faggildingar eða leyfi, sem er byggt á kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna eins og tilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006([5]), teljast hafa nægilega sértæka reynslu til að inna af hendi þá sannprófun sem um getur í þessari reglugerð:

a) * Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 38 (Starfsemi á sviði sorphirðu, meðhöndlunar og förgunar sorps, endurnýting efnis) eða

b) * Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 24 (Framleiðsla grunnmálma) einkum þar með talinn undirkóði 24.44 (Koparframleiðsla).

6. Innflytjandinn skal krefja afhendingaraðila sína um að þeir komi á stjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur 1., 2. og 3. mgr. og sem er sannprófað af óháðum utanaðkomandi sannprófanda.

([3]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.
([4]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

Stjórnunarkerfi afhendingaraðilans skal vottað af samræmismatsstofu sem er faggilt af einum af eftirfarandi:

a) faggildingarstofu sem hefur staðist jafningjamat fyrir þessa starfsemi af stofnuninni sem er viðurkennd í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

b) umhverfissannprófanda sem er faggiltur af eða hefur leyfi frá faggildingarstofnun eða leyfisveitingarstofnun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 og sem skal einnig gangast undir jafningjamat í samræmi við 31. gr. þeirrar reglugerðar.

Sannprófendur sem vilja starfa í þriðju löndum verða að fá til þess sérstaka faggildingu eða leyfi í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 765/2008 eða reglugerð (EB) nr. 1221/2009 ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/832/ESB([6]).

7. Framleiðandinn skal veita lögbærum yfirvöldum aðgang að stjórnunarkerfinu samkvæmt beiðni.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([6]) Stjtíð. ESB L 330, 14.12.2011, bls. 25.

I. VIÐAUKI

Viðmiðanir varðandi koparrusl

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
1. þáttur. Gæði koparrusls sem fæst með endurnýtingunni	
1.1. Brotamálmurinn skal flokkaður samkvæmt forskrift viðskiptamanns eða iðnaðarforskrift eða staðli fyrir beina notkun í framleiðslu á efnum eða hlutum úr málmi í bræðslum, hreinsunarstöðvum, endurbræðslum eða hjá öðrum framleiðendum málma.	Sérmenntað starfsfólk skal flokka hverja sendingu.
1.2. Heildarmagn aðskotaefna skal vera < 2% miðað við þyngd. Aðskotaefni eru: — málmar aðrir en kopar og koparblendi, — málmlaust efni eins og jarðvegur, ryk, einangrun og gler, — eldfim, málmlaus efni eins og gúmmí, plast, vefnaður, viður og önnur íðefni eða lífræn efni, — gjall, sindur, skúm, ryk úr loftsíum, ryk úr slípivélum, leðja.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu. Greina skal dæmigerð úrtök úr hverjum gæðaflokki koparrusls með viðeigandi millibili (a.m.k. á 6 mánaða fresti) til að mæla heildarmagn aðskotaefna. Heildarmagn aðskotaefna skal mælt eftir þyngd að lokinni aðgreiningu málmagna og hluta úr kopar/koparblendi frá ögnum og hlutum úr aðskotaefnum með handvirkri flokkun eða annarri aðferð til aðgreiningar (t.d. með segli eða á grundvelli þéttleika). Ákvarða skal viðeigandi tíðni greiningar á dæmigerðum úrtökum með tilliti til eftirfarandi þátta: mynsturs breytileika sem búast má við (t.d. út frá fyrri niðurstöðum), — eðlislægrar áhættu á breytileika í gæðum úrgangs sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingu og í framkvæmd aðferðarinnar við meðhöndlun, — nákvæmni sjálfrar vöktunaraðferðarinnar og — hversu nærri niðurstöður eru viðmiðunarmörkunum fyrir heildarmagn aðskotaefna. Ferlið til að ákvarða tíðni vöktunar skal skjalfest sem hluti af stjórnunarkerfinu og hægt skal vera að endurskoða það.
1.3. Brotamálmurinn skal ekki innihalda verulegt magn málmoxíðs á hvaða formi sem er umfram dæmigert magn sem verður vegna geymslu utandyra á meðhöndluðum brotamálmi við eðlileg veðurskilyrði.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu.
1.4. Brotamálmurinn skal vera laus við sýnilega olíu, olíukenndar ýrulausnir, smurefni eða feiti í slíku magni að geti leitt til leka.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu og leggja sérstaka áherslu á þá hluta þar sem líklegast er að olíuleki geti komið fyrir.
1.5. Ekki er þörf á viðbragðsaðgerðum í samræmi við landsbundnar eða alþjóðlegar reglur um vöktun og viðbrögð varðandi geislavirkan brotamálm. Þessi krafa skal ekki hafa áhrif á löggjöf um heilsuvernd starfsfólks og almennings sem hefur verið samþykkt í III. kafla sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, einkum tilskipun ráðsins 96/29/KBE([1]).	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma vöktun að því er varðar geislavirkni hverrar sendingar. Hverri sendingu brotamálms skal fylgja vottorð sem er í samræmi við landsbundnar eða alþjóðlegar reglur um vöktun og viðbrögð varðandi geislavirkan brotamálm. Vottorðið má vera hluti af öðrum skjölum sem fylgja sendingunni.

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
1.6. Brotamálmurinn skal ekki hafa neina þá hættulegu eiginleika sem taldir eru upp í III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB. Brotamálmurinn skal vera í samræmi við styrkleikamörkin sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB([2]) og ekki fara yfir styrkleikamörkin sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004([3]). Þessi krafa gildir ekki um eiginleika málmblendis í koparblendi.	Sérmenntað starfsfólk skal kanna hverja sendingu með sjónrænni skoðun. Ef sjónræn skoðun gefur tilefni til gruns um að hættulegir eiginleikar kunni að vera til staðar skal grípa til frekari viðeigandi ráðstafana varðandi vöktun, t.d. sýnatöku og prófunar þegar við á. Starfsfólk skal fá þjálfun varðandi hugsanlega hættulega eiginleika sem kunna að tengjast koparrusli og varðandi efnisþætti eða einkenni sem leitt geta í ljós hættulega eiginleika. Aðferðin til greiningar á hættulegum efnum skal skjalfest í stjórnunarkerfinu.
1.7. Brotamálmurinn inniheldur ekki ílát sem eru undir þrýstingi, lokuð eða ónægilega opin þannig að þau gætu valdið sprengingum í málmbræðsluofni.	Sérmenntað starfsfólk skal kanna hverja sendingu með sjónrænni skoðun.
1.8. Brotamálmurinn skal ekki innihalda pólývínylklóríð (PVC) á formi hjúps, málningar eða plastleifa.	Sérmenntað starfsfólk skal kanna hverja sendingu með sjónrænni skoðun.
2. þáttur. Úrgangur sem er notaður sem upphafsefni í endurnýtingunni	
2.1. Aðeins má nota úrgang sem inniheldur endurheimtanlegan kopar eða koparblendi sem upphafsefni. 2.2. Ekki skal nota hættulegan úrgang sem upphafsefni nema sýnt sé fram á að aðferðunum og tækninni til að fjarlægja alla hættulega eiginleika, eins og tilgreint er í viðmiðunum um meðhöndlun og tækni, hafi verið beitt. 2.3. Ekki skal nota eftirfarandi úrgang sem upphafsefni: — spæni og svarf sem inniheldur efni í fljótandi formi, eins og olíu eða olíukenndar ýrulausnir og — tunnur og geyma, að undanskildum búnaði úr úr sér gengnum ökutækjum sem innihalda eða hafa innihaldið olíu eða málningu.	Sérmenntað starfsfólk, sem hefur verið þjálfað til að bera kennsl á úrgang sem uppfyllir ekki viðmiðanirnar sem settar eru fram í þessum þætti, skal annast eftirlit með öllum úrgangi við viðtöku (með sjónrænni skoðun) og með meðfylgjandi skjölum.
3. þáttur Aðferðir og tækni til meðhöndlunar	
3.1. Koparruslið skal aðgreint við upptök eða þegar það er hirt eða úrgangurinn, sem er notaður sem upphafsefni, skal meðhöndlaður til að aðskilja koparruslið frá málmlausum efnisþáttum og koparlausum efnisþáttum úr málmi. Koparruslið sem fæst með þessum aðgerðum skal haft aðskilið frá öðrum úrgangi. 3.2. Allri vélrænni meðhöndlun (t.d. skurði, sundurskurði, tætingu eða kyrningu, flokkun, aðgreiningu, hreinsun, afmengun, tæmingu), sem nauðsynleg er til að undirbúa brotamálminn til beinnar og endanlegrar notkunar, skal vera lokið. 3.3. Eftirfarandi sértækar kröfur skulu gilda um úrgang sem inniheldur hættulega efnisþætti: — upphafsefni, sem koma úr úrgangi úr rafmagnsbúnaði eða rafrænum búnaði eða úr sér gengnum ökutækjum, skulu gangast undir alla meðhöndlun sem krafist er í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB([4]) og 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB([5]),	

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
— klórflúorkolefni í búnaði sem hefur verið fleygt skal fangað með aðferð sem er viðurkennd af lögbæru yfirvöldunum, — kaplar skulu saxaðir niður eða strípaðir, Ef kapall er með lífrænan hjúp (plast) skal lífræni hjúpurinn fjarlægður í samræmi við bestu, fáanlegu tækni, — tunnur og geymar skulu tæmd og hreinsuð, — hættuleg efni í úrgangi sem ekki eru nefnd í 1. lið skulu fjarlægð á skilvirkan hátt með aðferð sem er viðurkennd af lögbæra yfirvaldinu.	

([1]) Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.
([3]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.
([4]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.
([5]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

II. VIÐAUKI

Yfirlýsing um samræmi við viðmiðanirnar um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur, eins og um getur í 1. mgr. 4. gr.

1.	Framleiðandi/innflytjandi koparrusls: Nafn: Heimilisfang: Tengiliður: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang:
2.	a) heiti eða kóði flokks brotamálms, í samræmi við iðnaðarforskrift eða staðal: b) þegar við á, helstu tæknilegu ákvæði forskriftar viðskiptamanns, t.d. samsetning, stærð, tegund og eiginleikar:
3.	Sending brotamálms er í samræmi við iðnaðarforskriftina eða staðalinn sem um getur í a-lið 2. liðar eða forskrift viðskiptamanns í b-lið 2. liðar.
4.	Þyngd sendingar í kílóum:
5.	Vottorð um prófun á geislavirkni hefur verið gefið út í samræmi við landsbundnar eða alþjóðlegar reglur um vöktun og viðbrögð varðandi geislavirkan brotamálm.
6.	Framleiðandi brotamálms beitir stjórnunarkerfi sem er í samræmi við kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 715/2013 og sem hefur verið sannprófað af viðurkenndri samræmismatsstofu eða af umhverfissannprófanda eða, þegar brotamálmur sem er hættur að vera úrgangur er fluttur inn á tollsvæði Sambandsins, af óháðum utanaðkomandi sannprófanda.
7.	Sending brotamálms uppfyllir viðmiðanirnar sem um getur í 1. til 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 715/2013.
8.	Yfirlýsing framleiðanda/innflytjanda brotamálms: Ég votta að framangreindar upplýsingar eru tæmandi og réttar samkvæmt minni bestu vitund. Nafn: Dagsetning: Undirskrift:

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 67/2014 **2014/EES/54/62**

frá 27. janúar 2014

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2015 yfir aukamarkbreytur varðandi félagslega þátttöku og skort á efnislegum gæðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) ([1]), einkum f-lið 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Sambandsins um tekjur og lífskjör sem tekur til samanburðarhæfra og tímanlegra þversniðs- og langsniðsgagna um tekjur og sem tekur til umfangs og samsetningar fátæktar og félagslegrar útilokunar á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.

2) Samkvæmt f-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 eru framkvæmdarráðstafanir nauðsynlegar að því er varðar skrána yfir aukamarksvið og –breytur sem árlega eiga að fylgja þversniðsþætti hagskýrslna Bandalagsins um tekjur og lífskjör. Skráin yfir aukamarkbreytur sem felldar verða inn í viðhengið um félagslega þátttöku og skort á efnislegum gæðum fyrir árið 2015, ásamt kennimerkjum samsvarandi breyta.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skráin yfir aukamarkbreytur og kennimerki breytnanna fyrir viðhengið 2015 um félagslega þátttöku og skort á efnislegum gæðum sem á að fylgja þversniðsþætti hagskýrslna Sambandsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC), skulu vera eins og mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi viðmiðunareiningar, gagnaöflunaraðferðir og viðmiðunartímabil:

1. **Eining**

Markbreyturnar tengjast tveimur mismunandi einingum:

Einstaklingar: allar breytur nema fyrir þá sem varðar „fjárhagserfiðleika“.

Heimili: breytur sem varða „fjárhagserfiðleika“.

2. **Gagnasöfnunaraðferð**

Einstaklingsviðtal við þann sem svarar fyrir heimilið er gagnasöfnunaraðferðin sem notuð er fyrir breytuna sem gildir um heimili.

Einstaklingsviðtal við alla núverandi heimilismenn, 16 ára eða eldri eða, ef við á, valinn svaranda, er gagnasöfnunaraðferðin fyrir breytur sem gilda um einstaklinga.

Aldurinn miðast við aldur við lok tekjuviðmiðunartímabilsins.

Einungis er heimilt að taka einstaklingsviðtöl (í undantekningatilvikum má tala við þann sem fer með umboð fyrir þá sem eru fjarverandi tímabundið eða vanhæfir) í ljósi eðlis þeirra upplýsinga sem safna skal.

3. **Viðmiðunartímabil**

Markbreyturnar tengjast þremur mismunandi viðmiðunartímabilum:

Síðustu 12 mánuðir: fyrir breyturnar sem varða „þátttöku í menningarlífi og íþróttastarfi“ og „formlega og óformlega félagslega þátttöku“.

Hefðbundið: fyrir breyturnar sem varða „stunda listsköpun“ og „samveru með skyldmennum, vinum og nágrönnum“.

Núverandi: fyrir breyturnar sem varða „skort á efnislegum gæðum“.

4. **Gagnasending**

Senda skal aukamarkbreyturnar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) í gagnaskránni um heimili (H-skráin) og gagnaskránni um einstaklinga (P-skráin) á eftir aðalmarkbreytunum.

VIÐHENGIÐ 2015 UM FÉLAGSLEGA ÞÁTTTÖKU OG SKORT Á EFNISLEGUM GÆÐUM

SVIÐ OG SKRÁ YFIR MARKBREYTUR

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
Félagsleg þátttaka		
Þátttaka í menningarlífi eða íþróttastarfi		
PS010		**Sækja kvikmyndahús**
	1	Í mesta lagi 3 sinnum
	2	Oftar en 3 sinnum
	3	Nei — hef ekki efni á því
	4	Nei — hef ekki áhuga
	5	Nei — engin kvikmyndahús í nágrenninu
	6	Nei — aðrar ástæður

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
PS010_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PS020		**Sækir listflutning**
	1	Í mesta lagi 3 sinnum
	2	Oftar en 3 sinnum
	3	Nei — hef ekki efni á því
	4	Nei — hef ekki áhuga
	5	Nei — engir listflutningar í nágrenninu
	6	Nei — aðrar ástæður
PS020_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PS030		**Heimsókn á menningarminjastaði**
	1	Í mesta lagi 3 sinnum
	2	Oftar en 3 sinnum
	3	Nei — hef ekki efni á því
	4	Nei — hef ekki áhuga
	5	Nei — engir menningarminjastaðir í nágrenninu
	6	Nei — aðrar ástæður
PS030_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PS040		**Íþróttaviðburðir sóttir**
	1	Í mesta lagi 3 sinnum
	2	Oftar en 3 sinnum
	3	Nei — hef ekki efni á því
	4	Nei — hef ekki áhuga
	5	Nei — engir íþróttaviðburðir í nágrenninu
	6	Nei — aðrar ástæður

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
PS040_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
Stunda listsköpun		
PS041		**Stunda listsköpun**
	1	Daglega
	2	Vikulega (ekki á hverjum degi)
	3	Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku)
	4	Einu sinni í mánuði
	5	A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði)
	6	Aldrei
PS041_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
Samvera með skyldmennum, vinum og nágrönnum		
PS050		**Tíðni samskipta við fjölskyldu (skyldmenni)**
	1	Daglega
	2	Vikulega (ekki á hverjum degi)
	3	Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku)
	4	Einu sinni í mánuði
	5	A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði)
	6	Aldrei
PS050_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (engin skyldmenni)
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PS060		**Tíðni samskipta við vini**
	1	Daglega
	2	Vikulega (ekki á hverjum degi)
	3	Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku)
	4	Einu sinni í mánuði
	5	A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði)
	6	Aldrei

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
PS060_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (engir vinir)
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PS070		Tíðni sambands við fjölskyldu (skyldmenni)
	1	Daglega
	2	Vikulega (ekki á hverjum degi)
	3	Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku)
	4	Einu sinni í mánuði
	5	A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði)
	6	Aldrei
PS070_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (engin skyldmenni)
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PS080		**Tíðni sambands við vini**
	1	Daglega
	2	Vikulega (ekki á hverjum degi)
	3	Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku)
	4	Einu sinni í mánuði
	5	A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði)
	6	Aldrei
PS080_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (engir vinir)
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PS081		**Samskipti með samfélagsmiðlum**
	1	Daglega
	2	Vikulega (ekki á hverjum degi)
	3	Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku)
	4	Einu sinni í mánuði
	5	A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði)
	6	Aldrei

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
PS081_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PS090		**Hjálp frá öðrum**
	1	Já
	2	Nei
PS090_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (engin skyldmenni, vinir, nágrannar)
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PS091		**Einkamál (einhver til að ræða við)**
	1	Já
	2	Nei
PS091_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
Formleg og óformleg félagsleg þátttaka		
PS100		Þátttaka í óformlegri sjálfboðavinnu
	1	Já
	2	Nei — hef ekki áhuga
	3	Nei — tímaskortur
	4	Nei — aðrar ástæður
PS100_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PS101		Þátttaka í formlegri sjálfboðavinnu
	1	Já
	2	Nei — hef ekki áhuga
	3	Nei — tímaskortur
	4	Nei — aðrar ástæður
PS101_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
PS102		Virkt ríkisfang
	1	Já
	2	Nei — hef ekki áhuga
	3	Nei — tímaskortur
	4	Nei — aðrar ástæður
PS102_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
Skortur á efnislegum gæðum		
Breytur sem gilda um heimili		
Fjárhagserfiðleikar		
HD080		Endurnýja slitin húsgögn
	1	Já
	2	Nei — heimilið hefur ekki efni á því
	3	Nei — aðrar ástæður
HD080_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
Breytur sem gilda fyrir einstaklinga (einstaklingar 16 ára eða eldri)		
Grunnþarfir		
PD020		Kaupa ný föt (ekki notuð) í stað slitins fatnaðar
	1	Já
	2	Nei — hef ekki efni á því
	3	Nei — aðrar ástæður
PD020_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PD030		Tvenn pör af skóm sem passa vel (þ.m.t. par af skóm sem gagnast í öllum veðrum)
	1	Já
	2	Nei — hef ekki efni á því
	3	Nei — aðrar ástæður
PD030_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
Frístundir og félagsstörf		
PD050		**Hitta vini/fjölskyldu (skyldmenni) yfir drykk/máltíð eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði**
	1	Já
	2	Nei — hef ekki efni á því
	3	Nei — aðrar ástæður
PD050_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PD060		**Taka reglulega þátt í frístundastarfsemi**
	1	Já
	2	Nei — hef ekki efni á því
	3	Nei — aðrar ástæður
PD060_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PD070		**Nota litla fjárupphæð í hverri viku til að gera sér dagamun**
	1	Já
	2	Nei — hef ekki efni á því
	3	Nei — aðrar ástæður
PD070_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
Varanlegar neysluvörur		
PD080		**Nettenging til eigin nota á heimili**
	1	Já
	2	Nei — hef ekki efni á því
	3	Nei — aðrar ástæður
PD080_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 141/2013 2014/EES/54/63

frá 19. febrúar 2013

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar hagskýrslur sem eru byggðar á evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (e. *EHIS*) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað([1]), einkum 1. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1338/2008 er settur sameiginlegur rammi fyrir kerfisbundna hagskýrslugerð í Evrópu um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað.

2) Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1338/2008 eru framkvæmdarráðstafanir nauðsynlegar til að tilgreina gögn og lýsigögn sem veita skal um heilbrigðisástand, mótandi þætti heilsufars og heilbrigðisþjónustu sem fellur undir I. viðauka við þá reglugerð og til að ákveða viðmiðunartímabilin og tíðni afhendinga á þessum gögnum.

3) Gögn þessi mynda tölfræðilegt safn lágmarksgagna sem ætti að auðvelda eftirlit með heilbrigðisáætlunum og -stefnumálum Sambandsins um félagslega aðlögun og félagslega vernd, heilsufarslegan ójöfnuð og heilbrigða öldrun.

4) Trúnaðargögn sem aðildarríki senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skulu meðhöndluð í samræmi við meginreglu um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur([2]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga([3]).

5) Kostnaðar- og ábatagreining hefur farið fram og verið metin í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1338/2008. Komið hefur í ljós að líklega mun aðgengileiki að samanburðarhæfum gögnum innan alls Evrópusambandsins verða til mikils ávinnings fyrir heilbrigðis- og félagsmálastefnuákvarðanir og í vísindaskyni, með því að nota sameiginleg verkfæri sem auðvelda gagnasamræmi þvert á lönd, jafnvel þó að tengdur kostnaður geti verið breytilegur með hliðsjón af stigi samþættingar umbeðinna breyta og aðferðafræði innan fyrirliggjandi landsbundinna kannana.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Evrópskar hagskýrslur, sem byggðar eru á evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (e. *European Health Interview Survey (EHIS*), skulu varða heilbrigðisstöðu, heilbrigðisþjónustu og mótandi þætti heilsufars, einnig félagslýðfræðileg einkenni íbúa 15 ára og eldri.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Heimili“ (e. *household*): einstaklingur sem býr einn eða hópur fólks sem býr saman í sama einkahúsnæði og deilir útgjöldum, þ.m.t. að leggja sameiginlega til grunnframfærslu; skilgreining þessi nær ekki yfir stofnanaheimili eins og sjúkrahús, umönnunar- eða hjúkrunarheimili, fangelsi, herbúðir, trúarlegar stofnanir, gistiheimili með matsölu eða farfuglaheimili.

2. „Föst búseta“ (e. *usual residence*): sá staður þar sem einstaklingur ver venjulega daglegum hvíldartíma sínum, án tillits til tímabundinna fjarvista vegna tómstunda, leyfa, heimsókna til vina og ættingja, viðskipta, læknismeðferðar eða trúarlegra pílagrímsferða, eða, í vanskilum, staðurinn þar sem aðili hefur lögheimili eða skráða búsetu.

   Aðeins eftirfarandi aðilar skulu teljast hafa fasta búsetu á viðkomandi landsvæði:

   a) þeir sem átt hafa fasta búsetu á sama stað samfellt í það minnsta í 12 mánuði fyrir viðmiðunardagsetningu eða

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70.

([2]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

([3]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

b) þeir sem hafa flutt á fastan búsetustað sinn á undangengnum 12 mánuðum fyrir viðmiðunardagsetningu með þá fyrirætlan að búa þar í eitt ár hið minnsta.

Ef ekki er unnt að staðfesta þær aðstæður sem um getur í a- eða b-lið, skal „föst búseta“ merkja þann stað þar sem aðili hefur lögheimili eða skráða búsetu.

3. „Einstaklingsbundin gögn“ (e. *microdata*) : ósamanlagðar athuganir eða mælingar á eiginleikum einstakra eininga.

4. „Lýsigögn“ (e. *metadata*) : gögn sem skilgreina og lýsa öðrum gögnum, ásamt tölfræðilegum viðskiptaferlum.

3. gr.

Nauðsynleg gögn

1. Sérhvert aðildarríki skal veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) einstaklingsbundnu gögnin sem sett eru fram í I. viðauka.

2. Þessi einstaklingsbundnu gögn skulu grundvallast á líkindaúrtaki sem er dæmigert fyrir hvert land.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, í nánu samráði við aðildarríkin, leggja til aðferðafræðilegar og hagnýtar ráðleggingar og viðmiðunarreglur um úrtaksgerð og framkvæmd könnunarinnar í „Handbók um evrópska viðtalskönnun um heilbrigði“, þ.m.t. fyrirmyndarspurningalista, með það fyrir augum að auka samræmingu milli landa í niðurstöðum könnunarinnar.

4. Lágmarksstærð raunúrtaks, reiknað út frá forsendu einfalds slembiúrtaks, er sett fram í II. viðauka. Vægisstuðull skal reiknaður svo að tekið sé tillit til vallíkinda einingarinnar, brottfalls og, eftir því sem við á, til að laga úrtakið að ytri gögnum í tengslum við dreifingu einstaklinga í markþýðinu.

5. Smærri hlutar innlenda yfirráðasvæðisins, sem nema ekki meira en 2% af innlendu þýði viðkomandi aðildarríkja og innlendra yfirráðasvæða sem eru skráð í III. viðauka, eru undanþegnir.

4. gr.

Viðmiðunarár og -þýði

1. Viðmiðunarárin skulu vera 2013, 2014 og 2015.

2. Viðmiðunarþýðið skal vera einstaklingar 15 ára og eldri á einkaheimilum og vera búsettir á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis þegar gagnasöfnunin fer fram.

3. Söfnun gagna skal dreifast yfir a.m.k. þrjá mánuði, þ.m.t. að lágmarki yfir einn mánuð haustárstíðarinnar (september–desember).

5. gr.

Tilvísunarlýsigögn

1. Gæðatengd tilvísunarlýsigögn skulu veitt samkvæmt staðli evrópska hagskýrslukerfisins sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir og í samráði við aðildarríkin.

2. Aðildarríki skulu útvega framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) þessi lýsigögn, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir sendingu einstaklingsbundnu gagnanna.

6. gr.

Útvegun einstaklingsbundinna gagna og tilvísunarlýsigagna fyrir framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins)

1. Aðildarríki skulu útvega fullgerð, fullgilt og metin einstaklingsbundin gögn og gæðatengd tilvísunarlýsigögn sem krafist er í þessari reglugerð í samræmi við skiptistaðal sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir. Veita skal einstaklingsbundin gögn og gæðatengd tilvísunargögn með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu.

2. Einstaklingsbundnu gögnin skulu gerð tiltæk hið síðasta 30. september 2015 eða níu mánuðum eftir lok landsbundins gagnasöfnunartímabils í tilvikum þar sem könnunin er framkvæmd eftir desember 2014.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Einstaklingsbundin gögn sem leggja skal fyrir framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins)

TÆKNILEGAR KÖNNUNARBREYTUR

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
PID	Kenninúmer svaranda	10 stafa númer – 1 vantar	Allir
HHID	Kenninúmer heimilis	10 stafa númer – 1 vantar	Allir
PRIMSTRAT	Fyrsta val í lagskiptu úrtaki	0001 – 9999 – 2 á ekki við (engin lagskipting)	Allir
PSU	Fyrstu úrtakseiningar sem notaðar eru við val á úrtaki	0001 – 9999 – 2 á ekki við (engin þrepskipt úrtaka)	Allir
WGT	Endanlegt vægi einstaklings	Númer 5,3 – 1 vantar	Allir
PROXY	Var viðtal tekið við valinn einstakling eða einhvern annan (viðtal við þann sem fer með umboð fyrir einstaklinginn)	1 Einstaklingurinn sjálfur 2 Aðrir heimilismenn 3 Einhver annar utan heimilisins – 1 vantar	Allir
REFYEAR	Viðmiðunarár viðtalsins	Fjórir tölustafir	Allir
REFMONTH	Viðmiðunarmánuður viðtalsins	1 – 12 – 1 vantar	Allir
INTMETHOD	Gagnaöflunaraðferð sem er notuð	10 Póstsending, ekki rafræn útgáfa 11 Póstsending, í rafrænni útgáfu (tölvupóstur) 20 Augliti til auglitis, ekki í rafrænni útgáfu 21 Augliti til auglitis, í rafrænni útgáfu 30 Símleiðis, ekki í rafrænni útgáfu 31 Símleiðis, í rafrænni útgáfu	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		40 Notkun Netsins 50 Blönduð söfnunaraðferð (þ.e. gögnum er safnað bæði með póstsendingu og með viðtali)	
INTLANG	Tungumál sem notað er í viðtali	Þriggja tölustafa kóðar (stöðluð kóðaskrá Hagstofu Evrópusambandsins) – 1 vantar	Allir

FÉLAGSLEGAR GRUNNBREYTUR

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
SEX	Kyn svaranda	1 Karl 2 Kona – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
AGE	Aldur svaranda í fullnuðum árum, þegar viðtalið var tekið	stafafjöldi – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
COUNTRY	Búsetuland	Tveir tölustafir, byggðir á flokkun hagskýrslusvæða, á hæsta samtölustigi (stigi 0 eða landsstigi) – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
BIRTHPLACE	Fæðingarland	10 Innfæddur 21 Fædd(ur) í öðru aðildarríki ESB 22 Fædd(ur) í landi utan ESB – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CITIZEN	Ríkisfang þegar gagnasöfnun fer fram	10 Innlendur aðili/hefur ríkisborgararétt í skýrslugjafarlandinu 21 Erlendur aðili/hefur ekki ríkisborgararétt í skýrslugjafarlandinu en er ríkisborgari í öðru aðildarríki ESB 22 Erlendur aðili/hefur ekki ríkisborgararétt í skýrslugjafarlandinu og er ríkisborgari í landi utan ESB – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
REGION	Búsetusvæði	Kóðun í samræmi við flokkun hagskýrslusvæða í tveggja tölustafa þrepi – 1 vantar	Allir
DEG_URB	Stig þéttbýlisþróunar	1 Þéttbýlt svæði 2 Meðalþéttbýlt svæði 3 Strjálbýlt svæði – 1 vantar	Allir
MARSTALEGAL	Hjúskaparstaða	1 Hvorki verið gift(ur) né í skráðri sambúð 2 Gift(ur) eða í skráðri sambúð 3 Ekkja/ekkill eða í skráðri sambúð sem endaði með andláti sambúðarmaka (giftist ekki aftur og er ekki í nýrri skráðri sambúð) 4 Ekkja/ekkill eða í skráðri sambúð sem hefur verið lögformlega slitið (giftist ekki aftur og er ekki í nýrri skráðri sambúð) – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
MARSTADEFACTO	Hjúskaparstaða í reynd	1 Einstaklingur í óvígðri sambúð 2 Einstaklingur ekki í óvígðri sambúð – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HATLEVEL	Hæsta stig menntunar sem er lokið (menntunarstig)	Byggt á flokkun alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar frá 2011 0 — Þroski barns á fyrstu stigum, leikskólastig 1 — Barnaskólastig 2 — Unglingastig 3 — Framhaldsskólastig 4 — Fræðslustarfsemi á viðbótarstigi 5 — Háskólastig, fyrrihlutanám 6 — Háskólastig, bakkalársgráða eða jafngildi hennar	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		7 — Háskólastig, meistaragráða eða jafngildi hennar 8 — Háskólastig, doktorsgráða eða jafngildi hennar – 1 vantar (veit ekki, synjun)	
MAINSTAT	Atvinnustaða á vinnumarkaði að eigin sögn	10 Gegnir starfi, þ.m.t. er ólaunuð vinna við fyrirtæki eða eign eigin fjölskyldu, nám á námssamningi eða launuð starfsþjálfun o.s.frv. 20 Atvinnulaus 31 Nemandi, háskólanemi, í frekari þjálfun, ólaunuð starfsreynsla 32 Á eftirlaunum, snemmteknum eftirlaunum eða er hættur atvinnustarfsemi 33 Býr við varanlega fötlun 34 Gegnir lögboðinni herskyldu eða samfélagsþjónustu 35 Heimavinnandi 36 Aðrir einstaklingar utan vinnumarkaðar – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
FT_PT	Fullt starf eða hlutastarf	1 Fullt starf 2 Hlutastarf – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	MAINSTAT = 10
JOBSTAT	Staða á vinnumarkaði	10 Sjálfstætt starfandi einstaklingur 21 Einstaklingur í föstu starfi eða með starfs- eða verksamning til ótiltekins tíma 22 Einstaklingur í föstu starfi eða með starfs- eða verksamning í tiltekinn tíma – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	MAINSTAT = 10
JOBISCO	Starf á vinnumarkaði	Alþjóðlega starfsgreinaflokkunin-08 (ISCO-08), kóðuð í tveggja tölustafa þrepi – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	MAINSTAT = 10

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
LOCNACE	Atvinnuvegur á vinnumarkaði	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2 — bálkar – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	MAINSTAT = 10
HHNBPERS	Fjöldi heimilismanna, þ.m.t. svarandinn	0 – 98 – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HHNBPERS_0_4	Fjöldi einstaklinga 4 ára og yngri	0 – 98 – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HHNBPERS_5_13	Fjöldi einstaklinga frá 5 til 13 ára	0 – 98 – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HHNBPERS_14_15	Fjöldi einstaklinga frá 14 til 15 ára	0 – 98 – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HHNBPERS_16_24	Fjöldi einstaklinga frá 16 til 24 ára	0 – 98 – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HHNBPERS_25_64	Fjöldi einstaklinga frá 25 til 64 ára	0 – 98 – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HHNBPERS_65plus	Fjöldi einstaklinga 65 ára og eldri	0 – 98 – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HHTYPE	Fjölskyldugerð	10 Einn einstaklingur í heimili 21 Einstætt foreldri, með barn/börn yngra en 25 ára 22 Par án barns/barna yngri en 25 ára 23 Par með barn/börn yngri en 25 ára 24 Par eða einstætt foreldri með barn/börn yngri en 25 ára, og annað heimilisfólk 25 Önnur fjölskyldugerð – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HH_ACT	Fjöldi einstaklinga á heimilinu, á aldrinum 16 – 64 ára með atvinnu	0 – 98 – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
HH_INACT	Fjöldi einstaklinga á heimilinu, á aldrinum 16 – 64 ára, sem eru atvinnulausir eða óvirkir á vinnumarkaði	0 – 98 – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HHINCOME	Jafngildar mánaðarlegar nettótekjur heimilisins	1 Neðar en fyrsta fimmtungsmark 2 Milli fyrsta og annars fimmtungsmarks 3 Milli annars og þriðja fimmtungsmarks 4 Milli þriðja og fjórða fimmtungsmarks 5 Milli fjórða og fimmta fimmtungsmarks – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir

HEILBRIGÐISBREYTUR

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
Heilbrigðisástand — evrópskt lágmarksviðhengi um heilbrigði			
HS1	Almennt heilbrigði samkvæmt eigin skilningi: hvernig einstaklingur skynjar almennt heilbrigði sitt	1 Mjög gott 2 Gott 3 Sæmilegt 4 Slæmt 5 Mjög slæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HS2	Langvarandi heilbrigðisvandamál: Þjáist af sjúkdómi eða heilbrigðisvandamáli í að minnsta kosti sex mánuði	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HS3	Almennar upplýsingar um getu: Takmörkuð geta til að sinna athöfnum daglegs lífs sökum heilsubrests a.m.k. undangengna sex mánuði	1 Verulega takmörkuð 2 Takmörkuð en ekki verulega 3 Ótakmörkuð – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
	Sjúkdómar og langvinn veikindi		
CD1a	Þjáðist af asma á síðustu 12 mánuðum (þ.m.t. ofnæmisasma)	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
CD1b	Þjáðist af langvinnri berkjubólgu, langvinnum lungnasjúkdómi eða lungnaþembu á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1c	Þjáðist af kransæðastíflu (hjartaáfalli) á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1d	Þjáðist af kransæðasjúkdómi eða hjartakveisu á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1e	Þjáðist af háum blóðþrýstingi á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1f	Þjáðist af slagi (hjarnablæðingu, heilablóðsegamyndun) á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1g	Þjáðist af slitgigt (að undanskildri liðbólgu) á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1h	Þjáðist af mjóbaksverkjum eða öðrum langvinnum ágöllum í baki á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1i	Þjáðist af hálsverkjum eða öðrum langvinnum ágöllum í hálsi á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1j	Þjáðist af sykursýki á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
CD1k	Þjáðist af ofnæmi, svo sem nefslímubólgu, bólgu í augum, snertiofnæmi, fæðuofnæmi eða annars konar (að undanskildum ofnæmisasma) á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1l	Þjáðist af skorpulifur á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1m	Þjáðist af lausheldni þvags, vandamálum við stjórn þvagblöðru á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1n	Þjáðist af nýrnavandamálum á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
CD1o	Þjáðist af þunglyndi á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Slys og meiðsli			
AC1a	Lent í umferðarslysi á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
AC1b	Lent í slysi á heimili sínu á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
AC1c	Lent í slysi í tómstundum á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
AC2	Mjög alvarleg læknishjálp er veitt við mjög alvarlegu slysi á síðustu 12 mánuðum	1 Lagður inn á sjúkrahús eða aðra heilbrigðisstofnun 2 Læknir eða hjúkrunarfræðingur 3 Engrar íhlutunar var þörf – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AC1a = 1 eða AC1b = 1 eða AC1c = 1

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
Fjarvera frá vinnu (vegna heilbrigðisvandamála)			
AW1	Fjarvera frá vinnu vegna persónulegra heilbrigðisvandamála á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if MAINSTAT = 10
AW2	Fjöldi fjarverudaga frá vinnu vegna persónulegra heilbrigðisvandamála á síðustu 12 mánuðum	Fjöldi daga – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AW1 = 1
Takmarkanir á starfsemi líkama og skynfæra			
PL1	Notkun gleraugna eða snertilinsa	1 Já 2 Nei 3 Blindur eða algjörlega sjónlaus – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PL2	Sjóntruflanir, jafnvel með notkun gleraugna eða snertilinsa	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	If PL1 = 1 eða 2
PL3	Notkun heyrnartækja	1 Já 2 Nei 3 Algjörlega heyrnarlaus – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PL4	Erfiðleikar við að hlusta á samræður við annan aðila í hljóðu herbergi, jafnvel þegar heyrnartæki er notað	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	If PL3 = 1 eða 2

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
PL5	Erfiðleikar við að hlusta á samræður við annan aðila í hávaðasamara herbergi, jafnvel þegar heyrnartæki er notað	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	If PL3 = 1 eða 2 og PL4 = 1 eða 2 eða 3
PL6	Erfiðleikar við að ganga hálfan kílómetra á jafnsléttu án aðstoðar hjálpartækja	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PL7	Erfiðleikar við að ganga upp eða niður 12 þrep	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Umönnunarstarfsemi			
PC1a	Erfiðleikar við að nærast	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AGE >= 65
PC1b	Erfiðleikar við að fara upp í rúm og fram úr rúmi eða upp á stól eða niður af stóli	1 Engir erfiðleikar 2 Ákveðnir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AGE >= 65
PC1c	Erfiðleikar við að klæðast og afklæðast	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar	if AGE >= 65

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	
PC1d	Erfiðleikar við notkun salerna	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AGE >= 65
PC1e	Erfiðleikar við að fara í bað eða sturtu	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AGE >= 65
PC2	Þarf að jafnaði aðstoð við eitt eða fleiri atriði í persónulegri umhirðu: matast, fara upp í rúm og fram úr rúmi eða upp á stól eða fram af stóli, klæðast og afklæðast, nota salerni, fara í bað eða sturtu	1 Já, við a.m.k. eitt atriði 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if (AGE >= 65) og {}{PC1a 1 eða PC1b 1 eða PC1c 1 eða PC1d 1 eða PC1e 1}}
PC3	Þarf aðstoð eða meiri aðstoð við eitt eða fleiri atriði í persónulegri umhirðu: matast, fara upp í rúm og fram úr rúmi eða upp á stól eða fram af stóli, klæðast og afklæðast, nota salerni, fara í bað eða sturtu	1 Já, við a.m.k. eitt atriði 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if (AGE >= 65) og {}{PC1a 1 eða PC1b 1 eða PC1c 1 eða PC1d 1 eða PC1e 1}}
Heimilisstörf			
HA1a	Erfiðleikar við að undirbúa máltíðir	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt 5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það)	if AGE >= 65

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		– 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	
HA1b	Erfiðleikar við notkun síma	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt 5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það) – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AGE >= 65
HA1c	Erfiðleikar við innkaup	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt 5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það) – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AGE >= 65
HA1d	Erfiðleikar við að stjórna lyfjatöku	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt 5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það) – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AGE >= 65
HA1e	Erfiðleikar við að framkvæma létt heimilisstörf	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt 5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það)	if AGE >= 65

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		– 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	
HA1f	Erfiðleikar við að framkvæma einstaka erfið heimilisstörf	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt 5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það) – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AGE >= 65
HA1g	Erfiðleikar við að annast fjármál og dagleg stjórnunarverkefni	1 Engir erfiðleikar 2 Einhverjir erfiðleikar 3 Miklir erfiðleikar 4 Getur ekki framkvæmt 5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það) – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AGE >= 65
HA2	Þiggur að jafnaði aðstoð við ein eða fleiri heimilisstörf: tilreiða máltíðir, nota síma, versla, stjórna lyfjatöku, auðveld eða einstaka erfið heimilisstörf, annast fjármál og dagleg stjórnunarverkefni	1 Já, við að minnsta kosti eitt atriði 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if (AGE >= 65) og {}{HA1a 1 eða HA1b 1 eða HA1c 1 eða HA1d 1 eða HA1e 1 eða HA1f 1eða HA1g 1}}
HA3	Þarfnast aðstoðar við ein eða fleiri heimilisstörf: tilreiða máltíðir, nota síma, versla, stjórna lyfjatöku, auðveld eða einstaka erfið heimilisstörf, annast fjármál og dagleg stjórnunarverkefni	1 Já, við að minnsta kosti eitt atriði 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if (AGE >= 65) og {}{HA1a 1 eða HA1b 1 eða HA1c 1 eða HA1d 1 eða HA1e 1 eða HA1f 1eða HA1g 1}}
Verkir			
PN1	Styrkleiki líkamlegs sársauka á síðustu 4 vikum	1 Enginn 2 Mjög vægur 3 Vægur	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		4 Sæmilegur 5 Mikill 6 Mjög mikill – 1 vantar (veit ekki, synjun)	
PN2	Að hvaða marki hefur sársauki truflað hefðbundin störf á síðustu 4 vikum (þ.m.t. bæði störf utan og innan heimilis)	1 Ekkert 2 Dálítið 3 Frekar lítið 4 Töluvert 5 Afar mikið – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Geðheilbrigði			
MH1a	Að hvaða marki er lítill áhugi á eða ánægja af að hafa eitthvað fyrir stafni á síðustu 2 vikum	1 Aldrei 2 Nokkrir dagar 3 Í yfir helmingi daga 4 Nær daglega – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
MH1b	Að hvaða marki var fundið fyrir vanlíðan, þunglyndi og vonleysi á síðustu 2 vikum	1 Aldrei 2 Nokkrir dagar 3 Í yfir helmingi daga 4 Nær daglega – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
MH1c	Að hvaða marki hafa verið erfiðleikar við að sofna, halda svefni eða sofa of mikið á síðustu 2 vikum	1 Aldrei 2 Nokkrir dagar 3 Í yfir helmingi daga 4 Nær daglega – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
MH1d	Að hvaða marki var fundið fyrir þreytu eða orkuleysi á síðustu 2 vikum	1 Aldrei 2 Nokkrir dagar 3 Í yfir helmingi daga 4 Nær daglega – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
MH1e	Að hvaða marki var lítil matarlyst eða ofát á síðustu 2 vikum	1 Aldrei 2 Nokkrir dagar 3 Í yfir helmingi daga 4 Nær daglega – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
MH1f	Að hvaða marki er lítið sjálfsálit til staðar, líðan eins og að hafa mistekist í lífinu, á síðustu 2 vikum	1 Aldrei 2 Nokkrir dagar 3 Í yfir helmingi daga 4 Nær daglega – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
MH1g	Að hvaða marki eru erfiðleikar við að halda einbeitingu, svo sem við að lesa dagblöð eða horfa á sjónvarp, á síðustu 2 vikum	1 Enginn 2 Nokkrir dagar 3 Í yfir helmingi daga 4 Nær daglega – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
MH1h	Að hvaða marki er hreyfing eða tal nógu hægt til að annað fólk gæti hafa tekið eftir eða eirðarleysi eða óróleiki á síðustu 2 vikum	1 Ekkert 2 Nokkrir dagar 3 Í yfir helmingi daga 4 Nær daglega – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Heilbrigðisþjónusta			
Notkun á legudeild eða dagvistun			
HO1	Fjöldi innlagna á legudeild sjúkrahúss síðustu 12 mánuðina	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HO2	Fjöldi nátta eytt sem sjúklingur á sjúkrahúsi síðustu 12 mánuðina	Fjöldi 1 – 99 – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if HO1 = 1

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
HO3	Fjöldi daga sem sjúklingur var á dagdeild á sjúkrahúsi síðustu 12 mánuðina	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
HO4	Fjöldi skipta sem sjúklingur leggst inn á dagdeild sjúkrahúss síðustu 12 mánuðina	Fjöldi 1 – 300 – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if HO3 = 1
Notkun á heilbrigðisþjónustu eða heimahjúkrun			
AM1	Síðasta heimsókn til tannlæknis eða tannréttingarsérfræðings (vegna persónulegrar meðferðar)	1 Innan síðustu 6 mánaða 2 fyrir 6 til 12 mánuðum síðan 3fyrir 12 mánuðum síðan eða lengra 4 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
AM2	Síðasta skoðun hjá heimilislækni eða fjölskyldulækni (vegna persónulegrar meðferðar)	1 Skemmra en 12 mánuðir síðan 2fyrir 12 mánuðum síðan eða lengra 3 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
AM3	Fjöldi skoðana hjá heimilislækni eða fjölskyldulækni á síðustu 4 vikum (vegna persónulegrar meðferðar)	Fjöldi 0 – 99 – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	If AM2 = 1
AM4	Síðasta skoðun hjá sérfræðingi í heimilis- eða skurðlækningum (vegna persónulegrar meðferðar)	1 Minna en 12 mánuðir síðan 2fyrir 12 mánuðum síðan eða lengra 3 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
AM5	Fjöldi viðræðufunda hjá sérfræðingi í heimilis- eða skurðlækningum á síðustu 4 vikum (vegna persónulegrar meðferðar)	Fjöldi 0 – 99 – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	If AM4 = 1
AM6a	Viðræðufundur hjá sjúkraþjálfara eða hreyfingarfræðingi á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
AM6b	Viðræðufundur hjá sálfræðingi eða sálmeðferðarfræðingi á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
AM7	Notkun á heimahjúkrunarþjónustu fyrir persónulegar þarfir á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Lyfjanotkun			
MD1	Notkun á lyfjum, sem læknir hefur ávísað, á síðustu tveimur vikum (að undanskildum getnaðarvörnum)	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
MD2	Notkun á lyfjum, jurtalyfjum eða vítamínum, sem læknir hefur ekki ávísað, á síðustu tveimur vikum	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Forvarnarþjónusta			
PA1	Síðasta bólusetning gegn inflúensu	Mánuður/ár (MMÁÁÁÁ) Aldrei eða of langt síðan (0) – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PA2	Síðasta blóðþrýstingsmæling framkvæmd af sérfræðingi á heilbrigðissviði	1 Á síðustu 12 mánuðum 2 1 sinni eða sjaldnar á 3 árum 3 3 sinnum eða sjaldnar á 5 árum 4 Lengra en fimm ár síðan 5 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PA3	Síðasta kólesterólmæling í blóði framkvæmd af sérfræðingi á heilbrigðissviði	1 Á síðustu 12 mánuðum 2 1 sinni eða sjaldnar á 3 árum 3 3 sinnum eða sjaldnar á 5 árum	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		4 Lengra en fimm ár síðan 5 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	
PA4	Síðasta blóðsykursmæling framkvæmd af sérfræðingi á heilbrigðissviði	1 Á síðustu 12 mánuðum 2 1 sinni eða sjaldnar á 3 árum 3 3 sinnum eða sjaldnar á 5 árum 4 Lengra en fimm ár síðan 5 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PA5	Síðasta skoðun hvort blóð sé í hægðum	1 Á síðustu 12 mánuðum 2 1 sinni eða sjaldnar á 2 árum 3 2 sinnum eða sjaldnar á 3 árum 4 Lengra en þrjú ár 5 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PA6	Síðasta ristilspeglun	1 Á síðustu 12 mánuðum 2 1 sinni eða sjaldnar á 5 árum 3 5 sinnum eða sjaldnar á 10 árum 4 Lengra en 10 ár síðan 5 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PA7	Síðasta brjóstmyndataka (röntgenmynd brjósta)	1 Á síðustu 12 mánuðum 1 sinni eða sjaldnar á 2 árum 3 2 sinnum eða sjaldnar á 3 árum 4 Lengra en þrjú ár 5 Aldrei	If SEX = 2

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		– 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	
PA8	Síðasta leghálsstrok	1 Á síðustu 12 mánuðum 21 sinni eða sjaldnar á 2 árum 3 2 sinnum eða sjaldnar á 3 árum 4 Lengra en þrjú ár 5 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	If SEX = 2
Óuppfyllt þörf á heilbrigðisþjónustu			
UN1a	Óuppfyllt þörf á heilbrigðisþjónustu á síðustu 12 mánuðum vegna langra biðlista	1 Já 2 Nei 3 Engin þörf á heilbrigðisþjónustu – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
UN1b	Óuppfyllt þörf á heilbrigðisþjónustu á síðustu 12 mánuðum vegna fjarlægðar eða samgönguvandamála	1 Já 2 Nei 3 Engin þörf á heilbrigðisþjónustu – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
UN2a	Hafði ekki efni á læknisskoðun eða meðferð á síðastliðnum 12 mánuðum	1 Já 2 Nei 3 Engin þörf – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
UN2b	Hafði ekki efni á tannlæknisskoðun eða meðferð á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei 3 Engin þörf – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
UN2c	Hafði ekki efni á ávísuðum lyfjum á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei 3 Engin þörf – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
UN2d	Hafði ekki efni á geðheilbrigðisþjónustu (til dæmis af hálfu sálfræðings eða geðlæknis) á síðustu 12 mánuðum	1 Já 2 Nei 3 Engin þörf – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Mótandi þættir heilbrigðis			
Þyngd og hæð			
BM1	Hæð án skófatnaðar	Tölur í cm – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
BM2	Þyngd án fatnaðar og skófatnaðar	Tölur í kg – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Líkamsvirkni/-æfingar			
PE1	Líkamleg áreynsla í starfstengdum verkefnum (þ.m.t. bæði launuð og ólaunuð starfsemi)	1 Einkum sitjandi eða standandi 2 Einkum gangandi eða verkefni sem krefjast hæfilegrar líkamlegrar áreynslu 3 Einkum erfiðisvinna eða líkamlega krefjandi vinna 4 Engum vinnutengdum verkefnum er sinnt – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PE2	Fjöldi daga í dæmigerðri viku þegar gengið er til og frá stöðum í að minnsta kosti 10 mínútur án þess að stoppa	Fjöldi daga 1 - 7 0 Ég framkvæmi aldrei þess háttar líkamlega starfsemi – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PE3	Tími sem notaður er til göngu til og frá stöðum á dæmigerðum degi	1 10 – 29 mínútur á dag 2 30 – 59 mínútur á dag 3 frá 1 klst. til minna en 2 klst. á dag	if PE2 0

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		4 frá 2 klst. til minna en 3 klst. á dag 5 3 klukkustundir eða meira á dag – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	
PE4	Fjöldi daga í dæmigerðri viku þegar hjólað er til og frá stöðum í að minnsta kosti 10 mínútur án þess að stoppa	Fjöldi daga 1 - 7 0 Ég framkvæmi aldrei þess háttar líkamlega starfsemi – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PE5	Tími sem notaður er til hjólreiða til og frá stöðum á dæmigerðum degi	1 10 – 29 mínútur á dag 2 30 – 59 mínútur á dag 3frá 1 klst. til minna en 2 klst. á dag 4 frá 2 klst. til minna en 3 klst. á dag 5 3 klukkustundir eða meira á dag – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if PE4 0
PE6	Fjöldi daga sem notaðir eru til íþróttaiðkunar, líkamsræktar eða líkamlegrar tómstundastarfsemi (í frístundum) í dæmigerðri viku og valda hið minnsta örlítilli aukningu í öndun eða hjartslætti í að minnsta kosti 10 mínútur samfleytt	Fjöldi daga 1–7 0 Ég framkvæmi aldrei þess háttar líkamlega starfsemi – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
PE7	Tími sem notaður er til líkamlegrar íþróttaiðkunar, hreystiþjálfunar eða skemmtunar (í frístundum) í dæmigerðri viku	HHMM(klst./mínútur) – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if PE6 0
PE8	Fjöldi daga í dæmigerðri viku þar sem vöðvastyrkjandi æfingar voru stundaðar	Fjöldi daga 1 - 7 0 Ég framkvæmi aldrei þess háttar líkamlega starfsemi – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Neysla ávaxta og grænmetis			
FV1	Tíðni neyslu ávaxta, að undanskildum safa	1 Einu sinni eða oftar á dag 2 4 til 6 sinnum í viku 3 1 til 3 sinnum í viku 4 Sjaldnar en einu sinni í viku	Allir

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		5 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	
FV2	Fjöldi skammta af ávöxtum á dag, að undanskildum safa	Fjöldi 1 – 99 – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if FV1 = 1
FV3	Tíðni neyslu grænmetis eða salats, að undanskildum safa og kartöflum	1 Einu sinni eða oftar á dag 2 4 til 6 sinnum í viku 3 1 til 3 sinnum í viku 4 Sjaldnar en einu sinni í viku 5 Aldrei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
FV4	Fjöldi skammta af grænmeti eða salati, að undanskildum safa og kartöflum á dag	Fjöldi 1 – 99 – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if FV3 = 1
Reykingar			
SK1	Tegund reykingavenja	1 Daglegar reykingar 2 Tilfallandi reykingar 3 Engar reykingar – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
SK2	Tegund tóbaksvara sem neytt er	1 Vindlingar (framleiddir og/eða handvafðir) 2 Vindlar 3 Píputóbak 4 Annað – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if SK1 = 1 eða 2
SK3	Meðalfjöldi vindlinga á dag	Fjöldi 1 – 99 – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if SK1 = 1 og SK2 = 1

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
SK4	Tíðni óbeinna reykinga innandyra	1 Aldrei eða næstum aldrei 2 Minna en 1 klukkustund á dag 31 klukkustund eða meira á dag – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Áfengisneysla			
AL1	Tíðni neyslu áfengra drykkja af einhverjum toga (bjór, léttvín, eplavín, brenndir drykkir, hanastél, forblöndur, líkjör, heimabrugg, o.s.frv.) á síðustu 12 mánuðum	1 Daglega eða nærri því 2 5 til 6 dagar í viku 3 3 til 4 dagar í viku 41 til 2 dagar í viku 5 2 til 3 dagar í mánuði 6 Einu sinni í mánuði 7 Sjaldnar en einu sinni í mánuði 8 Ekkert á síðustu 12 mánuðum, þar sem ég neyti ekki lengur áfengis 9 Aldrei, eða aðeins örfáir sopar eða prófanir, í öllu lífi mínu – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
AL2	Tíðni áfengisneyslu á mánudögum til fimmtudaga	1 Alla 4 dagana 2 Á 3 af 4 dögum 3 Á 2 af 4 dögum 4 Á 1 af 4 dögum 5 Á engum af 4 dögum – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AL1 = 1, 2, 3 eða 4
AL3	Fjöldi áfengra drykkja (staðlaðra) sem neytt er að meðaltali á einum af dögunum (mánudaga til fimmtudaga)	1 16 drykkir eða fleiri á dag 2 10 til 15 drykkir á dag 3 6 til 9 drykkir á dag 4 4 til 5 drykkir á dag 5 3 drykkir á dag 6 2 drykkir á dag	If (AL1 = 1, 2, 3 eða 4) og (AL2 = 1, 2, 3 eða 4)

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
		7 1 drykkur á dag 8 Enginn drykkur á dag – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	
AL4	Tíðni áfengisneyslu á föstudögum til sunnudaga	1 Alla 3 dagana 2 Á 2 af 3 dögum 3 Á 1 af 3 dögum 4 Á engum af 3 dögum – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AL1 = 1, 2, 3 eða 4
AL5	Fjöldi áfengra drykkja (staðlaðra) sem neytt er að meðaltali á einum af dögunum (föstudaga til sunnudaga)	1 16 drykkir eða fleiri á dag 2 10 til 15 drykkir á dag 3 6 til 9 drykkir á dag 4 4 til 5 drykkir á dag 5 3 drykkir á dag 6 2 drykkir á dag 7 1 drykkur á dag 8 Enginn drykkur á dag – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if (AL1 = 1, 2, 3 eða 4) og (AL4 = 1, 2, eða 3)
AL6	Tíðni einstakrar áhættusamrar drykkju (sem jafngildir 60 g af hreinu etanóli eða meira) á síðustu 12 mánuðum	1 Daglega eða nærri því 2 5 til 6 sinnum í viku 3 3 til 4 sinnum í viku 4 1 til 2 sinnum í viku 5 2 til 3 dagar í mánuði 6 Einu sinni í mánuði 7 Sjaldnar en einu sinni í mánuði 8 Ekki á síðustu 12 mánuðum 9 Aldrei í lífi mínu – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if AL1 = 1, 2, 3, 4, 5, 6 eða 7

Heiti breytu	Lýsing	Svarflokkar og kóðar	Sía
Félagslegur stuðningur			
SS1	Fjöldi nákominna til að treysta á, komi upp alvarleg persónuleg vandamál	1 Enginn 2 1 eða 2 3 3 til 5 4 6 eða fleiri – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
SS2	Áhyggjur sem aðrir einstaklingar sýna af framferði viðkomandi aðila	1 Miklar áhyggjur og áhugi 2 Nokkrar áhyggjur og áhugi 3 Óvíst 4 Litlar áhyggjur og áhugi 5 Engar áhyggjur og áhugi – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
SS3	Hversu auðvelt er að fá hagnýta aðstoð frá nágrönnum ef þörf krefur	1 Mjög auðvelt 2 Auðvelt 3 Hugsanlegt 4 Erfitt 5 Mjög erfitt – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
Tilhögun óformlegrar umönnunar eða aðstoðar			
IC1	Umönnun eða aðstoð veitt við einn eða fleiri einstaklinga sem þjást af öldrunarvandamálum, langvinnu heilbrigðisástandi eða sjúkleika, að minnsta kosti einu sinni í viku (atvinnustarfsemi undanskilin)	1 Já 2 Nei – 1 vantar (veit ekki, synjun)	Allir
IC2	Ráðandi samband einstaklinga sem þjást af langvinnu ástandi eða sjúkleika eða vegna öldrunar við þá sem veita svaranda umönnun eða aðstoð að minnsta kosti vikulega	1 Í fjölskyldu svaranda 2 Utan fjölskyldu svaranda – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if IC1 = 1
IC3	Fjöldi klukkustunda á viku þar sem svarandi veitir einum eða fleiri einstaklingum, sem þjást af hvers konar langvinnu ástandi, sjúkleika eða vegna öldrunar, umönnun eða aðstoð	1 Minna en 10 klukkustundir á viku 2 Að minnsta kosti 10 klst. en færri en 20 klst. á viku 3 20 klst. á viku eða meira – 1 vantar (veit ekki, synjun) – 2 á ekki við	if IC1 = 1

II. VIÐAUKI

Hámarksstærð úrtaks sem ná verður

	Einstaklingar 15 ára og eldri sem viðtal er tekið við
Aðildarríki ESB	
Belgía	6 500
Búlgaría	5 920
Tékkland	6 510
Danmörk	5 350
Þýskaland	15 260
Eistland	4 270
Írland	5 057
Grikkland	6 667
Spánn	11 620
Frakkland	13 110
Ítalía	13 180
Kýpur	4 095
Lettland	4 555
Litháen	4 850
Lúxemborg	4 000
Ungverjaland	6 410
Malta	3 975
Holland	7 515
Austurríki	6 050
Pólland	10 690
Portúgal	6 515
Rúmenía	8 420
Slóvenía	4 486
Slóvakía	5 370
Finnland	5 330
Svíþjóð	6 200
Bretland	13 085
Heildarfjöldi í aðildarríkjum ESB	**194 990**
Sviss	5 900
Ísland	3 940
Noregur	5 170
Heildarfjöldi, þ.m.t. Sviss, Ísland og Noregur	**210 000**

III. VIÐAUKI

Landssvæði sem eru undanskilin í könnuninni

Land	Landssvæði
Frakkland	Frönsk umdæmi og yfirráðasvæði handan hafsins
Kýpur	Svæði sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar
Holland	Karíbaeyjar (Bonaire, Sankti Estatíusey og Saba), Vestur-frísnesku eyjarnar að frátalinni Texel-eyju
Írland	Allar eyjar undan ströndum landsins, að frátöldum eyjunum Achill, Bull, Cruit, Gorumna, Inishnee, Lettermore, Lettermullan og Valentia
Bretland	Skotland norðan við Kaledóníuskurðinn, Scilly-eyjarnar

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1185/2009 2014/EES/54/64

frá 25. nóvember 2009

um hagskýrslur um varnarefni (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 10. nóvember 2009([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála([3]) var viðurkennt að minnka verði enn frekar áhrif varnarefna á heilbrigði manna og umhverfið, einkum varnarefna sem notuð eru í landbúnaði. Í henni er lögð áhersla á að ná sjálfbærari notkun varnarefna, hvatt til umtalsverðs heildarsamdráttar í áhættu og að notkun varnarefna verði samræmd nauðsynlegri verndun uppskeru.

2) Framkvæmdastjórnin viðurkennir, í orðsendingu sinni til ráðsins, Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins, undir heitinu „Gerð þemaáætlunar fyrir sjálfbæra notkun varnarefna“, þörfina á ítarlegum, samræmdum og uppfærðum hagskýrslum um sölu og notkun varnarefna á vettvangi Bandalagsins. Slíkar hagskýrslur eru nauðsynlegar til að meta stefnu Evrópusambandsins um sjálfbæra þróun og reikna út viðkomandi vísbenda um áhættu af notkun varnarefna fyrir heilbrigði og umhverfið.

3) Samræmdar og samanburðarhæfar hagskýrslur Bandalagsins um sölu og notkun á varnarefnum hafa grundvallarþýðingu fyrir þróun og vöktun á löggjöf og stefnu Bandalagsins í samhengi við gerð þemaáætlunar fyrir sjálfbæra notkun varnarefna.

4) Hvorki framkvæmdastjórnin né flest aðildarríkin hafa núna yfir að ráða nægjanlegri þekkingu eða reynslu til að leggja til frekari aðgerðir varðandi sæfivörur þar eð áhrif tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna([4]) munu ekki verða ljós þar til fyrsta matinu á virkum efnum sem notuð eru í sæfiefni er lokið. Því ber að takmarka gildissvið þessarar reglugerðar við þau varnarefni sem eru plöntuverndarvörur, sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað([5]), sem þegar hefur umtalsverð reynsla fengist af með gagnasöfnun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 324, 10.12.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 256, 27.10.2007, bls. 86.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 12. mars 2008 (Stjtíð. ESB C 66 E, 20.3.2009, bls. 98), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. nóvember 2008 (Stjtíð. ESB C 38 E, 17.2.2009, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 24. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), ákvörðun ráðsins frá 16. nóvember 2009 og lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 24. nóvember 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

5) Þó er gert ráð fyrir að gildissvið þessarar reglugerðar verði rýmkað til að ná yfir sæfivörur, með tilliti til niðurstaðna úr matinu á tilskipun 98/8/EB og á grundvelli mats á áhrifum.

6) Margra ára reynsla framkvæmdastjórnarinnar af söfnun gagna um sölu og notkun varnarefna hefur leitt í ljós þörfina á samræmdri aðferðafræði við söfnun hagskýrslna á vettvangi Bandalagsins, bæði frá markaðssetningu þeirra og frá notendum. Enn fremur þarf að skipta hagskýrslunum samkvæmt virku efnunum í þeim tilgangi að reikna nákvæmlega áhættuvísbenda í samræmi við markmið þemaáætlunar um sjálfbæra notkun varnarefna.

7) Meðal ólíkra gagnasöfnunarkosta, sem metnir eru í áhrifamati þemaáætlunar um sjálfbæra notkun varnarefna, var mælt með lögboðinni gagnasöfnun sem besta kostinum vegna þess að hún myndi greiða fyrir þróun nákvæmra og áreiðanlegra gagna um markaðssetningu og notkun varnarefna á skjótan og hagkvæman hátt.

8) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur([6]) er settur viðmiðunarrammi um ákvæði þessarar reglugerðar og þess einkum krafist að farið verði að stöðlum um faglegt sjálfstæði, óhlutdrægni, hlutlægni, áreiðanleika, kostnaðarhagkvæmni og trúnaðarkvaðir í hagskýrslum.

9) Reglurnar, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 223/2009, stjórna sendingu gagna sem falla undir trúnaðarkvaðir í hagskýrslum. Ráðstafanir, sem gerðar eru í samræmi við þá reglugerð, tryggja efnislega og röklega verndun trúnaðargagna og tryggja að engin ólögleg birting upplýsinga og notkun gagnanna til annars en hagskýrslugerðar eigi sér stað við gerð og miðlun hagskýrslna Bandalagsins.

10) Reglurnar, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 223/2009, stjórna útgáfu og miðlun gagna sem safnað er samkvæmt þessari reglugerð. Ráðstafanir, sem gerðar eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 223/2009, tryggja efnislega og röklega verndun trúnaðargagna og tryggja að engin ólögleg birting upplýsinga og notkun gagnanna til annars en hagskýrslugerðar eigi sér stað við gerð og miðlun hagskýrslna Bandalagsins.

11) Meta ber gögn, sem varða það að setja á markað og nota varnarefni og leggja á fram samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB frá 21. október 2009 um aðgerðaramma Bandalagsins til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna([7]) og reglugerð (EB) nr. 1107/2009, í samræmi við viðeigandi ákvæði í þeirri tilskipun og þeirri reglugerð.

12) Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál([8]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins([9]).

13) Til að tryggja samanburðarhæfar niðurstöður ber að gera hagskýrslur um varnarefni í samræmi við tilgreinda sundurliðun, á viðeigandi formi og innan fastsettra tímamarka frá lokum viðmiðunarársins, eins og skilgreint er í viðaukunum við þessa reglugerð.

14) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið([10]).

15) Framkvæmdastjórnin ætti einkum að hafa vald til að skilgreina meðhöndlað svæði og aðlaga III. viðauka. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

16) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, nánar tiltekið að koma á sameiginlegum ramma um kerfisbundna samantekt á hagskýrslugögnum Bandalagsins um að setja á markað og nota varnarefni og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og greint er frá í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

17) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE([11]).

([6]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.
([7]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 71.
([8]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.
([9]) Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13.
([10]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([11]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni, gildissvið og markmið

1. Með reglugerð þessari er komið á fót sameiginlegum ramma fyrir kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um að setja á markað og nota þau varnarefni sem eru plöntuverndarvörur, eins og skilgreint er í i. lið a-liðar 2. gr.

2. Hagskýrslurnar gilda um:

— árlegt magn varnarefna sem sett er á markað í samræmi við I. viðauka,

— árlegt magn varnarefna sem notað er í samræmi við II. viðauka.

3. Hagskýrslurnar skulu, ásamt öðrum viðeigandi gögnum, einkum þjóna tilgangi 4. gr. og 15. gr. tilskipunar 2009/128/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

a) „varnarefni“:

i. plöntuverndarvara, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009,

ii. sæfivara, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 98/8/EB,

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS (1)	CIPAC (2)
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		H06_02_01		LENASÍL	1.8.2164	163
		H06_03	ÚREAILLGRESISEYÐAR			
		H06_03_01		KLÓRTÓLÚRÓN	15545-48-9	217
		H06_03_02		DÍÚRÓN	330-54-1	100
		H06_03_03		FLÚÓMETÚRÓN	2164-17-2	159
		H06_03_04		ÍSÓPRÓTÚRÓN	34123-59-6	336
		H06_03_05		LÍNÚRÓN	330-55-2	76
		H06_99	ILLGRESISEYÐAR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR AFLEIÐUM ÚREA, ÚRASÍLS OG SÚLFÓNÝLÚREA			
		H06_99_99		ILLGRESISEYÐAR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR AFLEIÐUM ÚREA, ÚRASÍLS OG SÚLFÓNÝLÚREA		
	Aðrir illgresiseyðar	H99				
		H99_01	ARÝLOXÝFENOXÝPRÓPÍÓNILLGRESISEYÐAR			
		H99_01_01		KLÓDÍNAFÓP	114420-56-3	683
		H99_01_02		SÝHALÓFÓP	122008-85-9	596
		H99_01_03		DÍKLÓFÓP	40843-25-2	358
		H99_01_04		FENOXAPRÓP-P	113158-40-0	484
		H99_01_05		FLÚASÍFÓP-P-BÚTÝL	79241-46-6	395
		H99_01_06		HALOXÝFÓP-P	95977-29-0	526
		H99_01_07		PRÓPAKVISAFÓP	111479-05-1	713
		H99_01_08		KVISALÓFÓP-P	94051-08-8	641

Yfirflokkar	Völuflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS ([1])	CIPAC ([2])
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		H99_01_09		KVISALÓFÓP-P-ETÝL	100646-51-3	641.202
		H99_01_10		KVISALÓFÓP-P-TEFÚRÝL	119738-06-6	641.226
		H99_02	BENSÓFÚRANILLGRESISEYÐAR			
		H99_02_01		ETÓFÚMESAT	26225-79-6	233
		H99_03	BENSÓSÝRUILLGRESISEYÐAR			
		H99_03_01		DÍKAMBA	1918-00-9	85
		H99_04	BÍPÝRIDÝLÍUMILLGRESISEYÐAR			
		H99_04_01		DÍKVAT	85-00-7	55
		H99_05	SÝKLÓHEXANDÍÓNILLGRESISEYÐAR			
		H99_05_01		KLETÓDÍM	99129-21-2	508
		H99_05_02		SÝKLOXÝDÍM	101205-02-1	510
		H99_05_03		PRÓFOXÝDÍM	139001-49-3	621
		H99_05_04		TEPRALOXÝDÍM	149979-41-9	608
		H99_05_05		TRALKOXÝDÍM	87820-88-0	544
		H99_06	DÍASÍNILLGRESISEYÐAR			
		H99_06_01		PÝRIDAT	55512-33-9	447
		H99_07	DÍKARBOXÍMÍÐILLGRESISEYÐAR			
		H99_07_01		SINÍDÓN-ETÝL	142891-20-1	598
		H99_07_02		FLÚMÍOXASÍN	103361-09-7	578
		H99_08	DÍFENÝLETERILLGRESISEYÐAR			
		H99_08_01		AKLÓNÍFEN	74070-46-5	498

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS ([1])	CIPAC ([2])
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		H99_08_02		BÍFENOX	42576-02-3	413
		H99_08_03		OXÝFLÚORFEN	42874-03-3	538
		H99_09	IMÍDASÓLÍNÓNILLGRESISEYÐAR			
		H99_09_01		ÍMASAMOX	114311-32-9	619
		H99_10	ÓLÍFRÆNIR ILLGRESISEYÐAR			
		H99_10_01		JÁRNSÚLFAT	7720-78-7 17375-41-6 7782-63-0	837
		H99_11	ÍSOXASÓLILLGRESISEYÐAR			
		H99_11_01		ÍSOXAFLÚTÓL	141112-29-0	575
		H99_11_02		TÓPRAMESÓN	210631-68-8	800
		H99_13	NÍTRÍLILLGRESISEYÐAR			
		H99_13_01		BRÓMOXÝNÍL	1689-84-5	87
		H99_13_02		DÍKLÓBENÍL	1194-65-6	73
		H99_13_03		JOXÝNÍL	1689-83-4	86
		H99_14	FOSFÓRLÍFRÆNIR ILLGRESISEYÐAR			
		H99_14_01		GLÚFOSÍNAT	51276-47-2	437
		H99_14_02		GLÝFOSAT	1071-83-6	284
		H99_15	FENÝLPÝRASÓLILLGRESISEYÐAR			
		H99_15_01		PÍNOXADEN	243973-20-8	776
		H99_15_02		PÝRAFLÚFEN-ETÝL	129630-19-9	605.202
		H99_16	PÝRIDASÍNÓNILLGRESISEYÐAR			

Yfirflokkar	Völuflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS (1)	CIPAC (2)
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		H99_16_01		KLÓRÍDASÓN	1698-60-8	111
		H99_16_02		FLÚRTAMÓN	96525-23-4	569
		H99_17	PÝRIDÍNKARBOXAMÍÐILLGRESIS-EYÐAR			
		H99_17_01		PÍKÓLÍNAFEN	137641-05-5	639
		H99_18	PÝRIDÍNKARBOXÝLSÝRUILLGRESISEYÐAR			
		H99_18_01		KLÓPÝRALÍÐ	1702-17-6	455
		H99_18_02		PÍKLÓRAM	1.2.1918	174
		H99_19	PÝRIDÝLOXÝEDIKSÝRUILLGRESISEYÐAR			
		H99_19_01		AMÍNÓPÝRALÍÐ	150114-71-9	771
		H99_19_02		FLÚROXÝPÝR	69377-81-7	431
		H99_19_03		TRÍKLÓPÝR	55335-06-3	376
		H99_20	KÍNÓLÍNILLGRESISEYÐAR			
		H99_20_01		KÍNMERAK	90717-03-6	563
		H99_21	ÞÍADÍASÍNILLGRESISEYÐAR			
		H99_21_01		BENTASÓN	25057-89-0	366
		H99_22	ÞÍÓKARBAMATILLGRESISEYÐAR			
		H99_22_01		MÓLÍNAT	2212-67-1	235
		H99_22_02		PRÓSÚLFÓKARB	52888-80-9	539
		H99_22_03		TRÍALLAT	2303-17-5	97
		H99_23	TRÍASÓLILLGRESISEYÐAR			
		H99_23_01		AMÍTRÓL	61-82-5	90

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS ([1])	CIPAC ([2])
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		H99_24	TRÍASÓLÍNÓNILLGRESISEYÐAR			
		H99_24_01		KARFENTRASÓNETÝL	128639-02-1	587.202
		H99_25	TRÍASÓLÓNILLGRESISEYÐAR			
		H99_25_01		PRÓPOXÝKARBASÓN	145026-81-9	655
		H99_25_02		ÞÍENKARBASÓN	936331-72-5	797
		H99_26	TRÍKETÓNILLGRESISEYÐAR			
		H99_26_01		MESÓTRÍÓN	104206-82-8	625
		H99_26_02		SÚLKÓTRÍÓN	99105-77-8	723
		H99_26_03		TEMBÓTRÍÓN	335104-84-2	790
	Óflokkaðir illgresiseyðar	H99_99	ÓFLOKKAÐIR ILLGRESISEYÐAR			
		H99_99_01		EDIKSÝRA	64-19-7	838
		H99_99_02		BISPÝRIBAKNATRÍUM	125401-92-5	748.011
		H99_99_03		KLÓMASÓN	81777-89-1	509
		H99_99_04		FLÚORKLÓRIDÓN	61213-25-0	430
		H99_99_05		OXADÍARGÝL	39807-15-3	604
		H99_99_06		OXADÍASÓN	19666-30-9	213
		H99_99_07		PELARGÓNSÝRA	112-05-0	888
		H99_99_08		KÍNÓKLAMÍN	2797-51-5	648
		H99_99_99		AÐRIR ILLGRESISEYÐAR, STÖNGLA- OG MOSAEYÐIR		

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS (1)	CIPAC (2)
				Sameiginlegt nafnakerfi		
Skordýraeitur og mítlasæfar		I				
	Skordýraeitur að meginstofni til úr pýretróíðum	I01				
		I01_01	PÝRETRÓÍÐSKORDÝRAEITUR			
		I01_01_01		AKRÍNATRÍN	101007-06-1	678
		I01_01_02		ALFASÝPERMETRÍN	67375-30-8	454
		I01_01_03		BETASÝFLÚTRÍN	68359-37-5	482
		I01_01_04		BÍFENTRÍN	82657-04-3	415
		I01_01_05		SÝFLÚTRÍN	68359-37-5	385
		I01_01_06		SÝPERMETRÍN	52315-07-8	332
		I01_01_07		DELTAMETRÍN	52918-63-5	333
		I01_01_08		ESFENVALERAT	66230-04-4	481
		I01_01_09		ETÓFENPROX	80844-07-1	471
		I01_01_10		GAMMA-SÝHALÓTRÍN	76703-62-3	768
		I01_01_11		LAMBDA-SÝHALÓTRÍN	91465-08-6	463
		I01_01_12		TÁFLÚVALÍNAT	102851-06-9	786
		I01_01_13		TEFLÚTRÍN	79538-32-2	451
		I01_01_14		ZETASÝPERMETRÍN	52315-07-8	733
		I01_99	ANNAÐ SKORDÝRAEITUR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR PÝRETRÓÍÐUM			

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS (1)	CIPAC (2)
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		I01_99_99		ANNAÐ SKORDÝRAEITUR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR PÝRETRÓÍÐUM		
	Skordýraeitur að meginstofni til úr klóruðum vetniskolefnum	I02				
		I02_99	ANNAÐ SKORDÝRAEITUR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR KLÓRUÐUM VETNISKOLEFNUM			
		I02_99_99		ANNAÐ SKORDÝRAEITUR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR KLÓRUÐUM VETNISKOLEFNUM		
	Skordýraeyðar að meginstofni til úr karbamötum og oxímkarbamati	I03				
		I03_01	OXÝMKARBAMATSKORDÝRAEITUR			
		I03_01_01		METÓMÝL	16752-77-5	264
		I03_01_02		OXAMÝL	23135-22-0	342
		I03_02	KARBAMATSKORDÝRAEITUR			
		I03_02_01		FENOXÝKARB	79127-80-3	425
		I03_02_02		FORMETANAT	22259-30-9	697
		I03_02_03		METÍÓKARB	2032-65-7	165
		I03_02_04		PÍRIMÍKARB	23103-98-2	231
		I03_99	AÐRIR ILLGRESISEYÐAR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR KARBAMÖTUM OG OXÍMKARBAMATI			
		I03_99_99		AÐRIR ILLGRESISEYÐAR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR KARBAMÖTUM OG OXÍMKARBAMATI		
	Skordýraeitur að meginstofni til úr lífrænum fosfötum	I04				
		I04_01	FOSFÓRLÍFRÆN SKORDÝRAEITUR			
		I04_01_01		KLÓRPÝRIFOS	2921-88-2	221

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS ([1])	CIPAC ([2])
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		I04_01_02		KLÓRPÝRIFOSMETÝL	5589-13-0	486
		I04_01_03		DÍMETÓAT	60-51-5	59
		I04_01_04		ETÓPRÓFOS	13194-48-4	218
		I04_01_05		FENAMÍFOS	22224-92-6	692
		I04_01_06		FOSÞÍASAT	98886-44-3	585
		I04_01_07		MALAÞÍÓN	121-75-5	12
		I04_01_08		FOSMET	732-11-6	318
		I04_01_09		PÍRIMÍFOSMETÝL	29232-93-7	239
		I04_99	ANNAÐ SKORDÝRAEITUR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR LÍFRÆNUM FOSFÖTUM			
		I04_99_99		ANNAÐ SKORDÝRAEITUR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR LÍFRÆNUM FOSFÖTUM		
	Skordýraeitur að meginstofni til úr líffræðilegum og grasafræðilegum vörum	I05				
		I05_01	LÍFFRÆÐILEG SKORDÝRAEITUR			
		I05_01_01		*ADOXOPHYES ORANA GV* STOFN BV-0001		782
		I05_01_02		ASADÍRAKTÍN	11141-17-6	627
		I05_01_03		*BACILLUS THURINGIENSIS* UNDIRTEG. *ISRAELENSIS* (AM65-52)		770
		I05_01_04		*METARHIZIUM ANISOPLIAE* (*BIPESCO* 5F/52)		784
		I05_01_05		*PAECILOMYCES FUMOSOROSEUS* STOFN FE9901		778
		I05_01_06		*PAECILOMYCES LILACINUS* STOFN 251		753

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS ([1])	CIPAC ([2])
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		I05_01_07		PÝRETRÍN	8003-34-7	32
		I05_01_08		*BACILLUS THURINGIENSIS* UNDIRTEG. *AIZAWAI* (ABTS-1857 OG GC-91)		949, 950
		I05_01_09		*BACILLUS THURINGIENSIS* UNDIRTEG. *KURSTAKI* (ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 OG EG 2348)		951, 952, 953, 954, 955
		I05_01_10		*BACILLUS THURINGIENSIS* UNDIRTEG. *TENEBRIONIS* (NB 176)		956
		I05_01_11		*BEAUVERIA BASSIANA* (ATCC 74040 OG GHA)		957, 958
		I05_01_12		*CYDIA POMONELLA GRANULOSIS*-VEIRA (CPGV)		959
		I05_01_13		*HELICOVERPA ARMIGERA NUCLEOPOLYHEDRO*-VEIRA (HEARNPV)		960
		I05_01_14		*LECANICILLIMUM MUSCARIUM* (VE6) (ÁÐUR *VERTICILLIUM LECANII*)		961
		I05_01_15		SPODOPTERA LITTORALIS NUCLEOPOLYHEDRO-VEIRA		962
		I05_99	ANNAÐ SKORDÝRAEITUR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR LÍFFRÆÐILEGUM OG GRASAFRÆÐILEGUM VÖRUM			
		I05_99_99		ANNAÐ SKORDÝRAEITUR AÐ MEGINSTOFNI TIL ÚR LÍFFRÆÐILEGUM OG GRASAFRÆÐILEGUM VÖRUM		
	Annað skordýraeitur	I99				
		I99_01	SKORDÝRAEITUR, SEM ERU FRAMLEIDD MEÐ GERJUN			
		I99_01_01		ABAMEKTÍN	71751-41-2	495
		I99_01_02		MILBEMEKTÍN	51596-10-2 51596-11-3	660

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS (1)	CIPAC (2)
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		I99_01_03		SPÍNÓSAÐ	168316-95-8	636
		I99_01_04		EMAMEKTÍNBENSÓAT	155569-91-8	791
		I99_01_05		SPÍNETÓRAM	187166-40-1	802
		I99_03	BENSÓÝLÚREASKORDÝRAEITUR			
		I99_03_01		DÍFLÚBENSÚRÓN	35367-38-5	339
		I99_03_02		FLÚFENOXÚRÓN	101463-69-8	470
		I99_03_03		LÚFENÚRÓN	103055-07-8	704
		I99_03_04		NÓVALÚRÓN	116714-46-6	672
		I99_03_05		TEFLÚBENSÚRÓN	83121-18-0	450
		I99_03_06		TRÍFLÚMÚRÓN	64628-44-0	548
		I99_04	KARBASATSKORDÝRAEITUR			
		I99_04_01		BÍFENASAT	149877-41-8	736
		I99_05	DÍASÝLHÝDRASÍNSKORDÝRAEITUR			
		I99_05_01		METOXÝFENÓSÍÐ	161050-58-4	656
		I99_05_02		TEBÚFENÓSÍÐ	112410-23-8	724
		I99_05_03		KRÓMAFENÓSÍÐ	143807-66-3	775
		I99_06	SKORDÝRAVAXTARSTÝRIEFNI			
		I99_06_01		SÝRÓMASÍN	66215-27-8	420
		I99_06_02		BÚPRÓFESÍN	69327-76-0	681
		I99_06_03		HEXÝÞÍASOX	78587-05-0	439
		I99_07	SKORDÝRAFERÓMÓN			

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS ([1])	CIPAC ([2])
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		I99_07_01		(E,E)-8,10-DÓDEKADÍEN-1-ÓL	33956-49-9	860
		I99_07_02		(Z)-9-DÓDEKENÝLASETAT	35148-19-7	422
		I99_07_03		(Z)-8-DÓDEKEN-1-ÝLASETAT	28079-04-1	861
		I99_07_04		(2E, 13Z)-OKTADEKADÍEN-1-ÝLASETAT		862
		I99_07_05		(7E, 9E)-DÓDEKADÍEN-1-ÝLASETAT		863
		I99_07_06		(7E, 9Z)-DÓDEKADÍEN-1-ÝLASETAT		864
		I99_07_07		(7Z, 11E)-HEXADEKADÍEN-1-ÝLASETAT		865
		I99_07_08		(7Z, 11Z)-HEXADEKADÍEN-1-ÝLASETAT		866
		I99_07_09		(9Z, 12E)-TETRADEKADÍEN-1-ÝLASETAT		867
		I99_07_10		(E)-11-TETRADEKEN-1-ÝLASETAT		868
		I99_07_11		(E)-5-DEKEN-1-ÓL		869
		I99_07_12		(E)-5-DEKEN-1-ÝLASETAT		870
		I99_07_13		(E)-8-DÓDEKEN-1-ÝLASETAT		871
		I99_07_14		(E/Z)-8-DÓDEKEN-1-ÝLASETAT		872
		I99_07_15		(Z)-11-HEXADEKEN-1-ÓL		873
		I99_07_16		(Z)-11-HEXADEKEN-1-ÝLASETAT		874
		I99_07_17		(Z)-11-HEXADEKENAL		875
		I99_07_18		(Z)-11-TETRADEKEN-1-ÝLASETAT		876
		I99_07_19		(Z)-13-HEXADEKEN-11-ÝN-1-ÝLASETAT		877
		I99_07_20		(Z)-13-OCTADEKENAL		878

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS (1)	CIPAC (2)
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		I99_07_21		(Z)-7-TETRADEKENAL		879
		I99_07_22		(Z)-8-DÓDEKEN-1-ÓL		880
		I99_07_23		(Z)-9-HEXADEKENAL		881
		I99_07_24		(Z)-9-TETRADEKEN-1-ÝLASETAT		882
		I99_07_25		(Z,Z,Z,Z)-7,13,16,19-DÓKÓSATETRAEN-1-ÝLÍSÓBÚTÝRAT		883
		I99_07_26		DÓDEKÝLASETAT		884
		I99_08	NÍTRÓGÚANIDÍNSKORDÝRAEITUR			
		I99_08_01		KLÓÞÍANIDÍN	210880-92-5	738
		I99_08_02		ÞÍAMETOXAM	153719-23-4	637
		I99_09	TINLÍFRÆNT SKORDÝRAEITUR			
		I99_09_01		FENBÚTATÍNOXÍÐ	13356-08-6	359
		I99_10	OXADÍASÍNSKORDÝRAEITUR			
		I99_10_01		INDOXAKARB	173584-44-6	612
		I99_11	FENÝLETERSKORDÝRAEITUR			
		I99_11_01		PÝRIPROXÝFEN	95737-68-1	715
		I99_12	PÝRASÓL(FENÝL)SKORDÝRAEITUR			
		I99_12_01		FENPÝROXÍMAT	134098-61-6	695
		I99_12_02		FÍPRÓNÍL	120068-37-3	581
		I99_12_03		TEBÚFENPÝRAÐ	119168-77-3	725
		I99_12_04		KLÓRANTRANILÍPRÓL	500008-45-7	794

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS ([1])	CIPAC ([2])
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		I99_12_05		FLÚBENDÍAMÍÐ	272451-65-7	788
		I99_13	PÝRIDÍNSKORDÝRAEITUR			
		I99_13_01		PÝMETRÓSÍN	123312-89-0	593
		I99_13_02		FLÓNÍKAMÍÐ	158062-67-0	763
		I99_14	PÝRIDÝLMETÝLAMÍNSKORDÝRAEITUR			
		I99_14_01		ASETAMÍPRÍÐ	135410-20-7	649
		I99_14_02		IMÍDAKLÓPRÍÐ	138261-41-3	582
		I99_14_03		ÞÍAKLÓPRÍÐ	111988-49-9	631
		I99_15	SÚLFÍTESTERSKORDÝRAEITUR			
		I99_15_01		PRÓPARGÍT	2312-35-8	216
		I99_16	TETRASÍNSKORDÝRAEITUR			
		I99_16_01		KLÓFENTESÍN	74115-24-5	418
		I99_17	TETRÓNSÝRUSKORDÝRAEITUR			
		I99_17_01		SPÍRÓDÍKLÓFEN	148477-71-8	737
		I99_17_02		SPÍRÓMESÍFEN	283594-90-1	747
	Óflokkað skordýraeitur	I99_99	ÓFLOKKAÐ SKORDÝRAEITUR– MÍTLASÆFAR			
		I99_99_01		ASEKÍNÓSÝL	57960-19-7	760
		I99_99_02		SÝFLÚMETÓFEN	400882-07-7	821
		I99_99_03		ETOXASÓL	153233-91-1	623
		I99_99_04		FITUSÝRUR C7–C18 OG C18 ÓMETTUÐ KALÍUMSÖLT (CAS 67701-09-1)	67701-09-1	889

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS ([1])	CIPAC ([2])
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		I99_99_05		FITUSÝRUR C8–C10 METÝLESTERAR (CAS 85566-26-3)	85566-26-3	890
		I99_99_06		FENASAKÍN	120928-09-8	693
		I99_99_07		KÍSILGÚR	61790-53-2	647
		I99_99_08		LÁRÍNSÝRA (CAS 143-07-7)	143-07-7	885
		I99_99_09		METAFLÚMÍSÓN	139968-49-3	779
		I99_99_10		METÝLDEKANÓAT (CAS 110-42-9)	110-42-9	892
		I99_99_11		METÝLOKTANÓAT (CAS 111-11-5)	111-11-5	893
		I99_99_12		OLÍUSÝRA (CAS 112-80-1)	112-80-1	894
		I99_99_13		PARAFFÍNOLÍA/(CAS 64742-46-7)	64742-46-7	896
		I99_99_14		PARAFFÍNOLÍA/(CAS 72623-86-0)	72623-86-0	897
		I99_99_15		PARAFFÍNOLÍA/(CAS 8042-47-5)	8042-47-5	898
		I99_99_16		PARAFFÍNOLÍA/(CAS 97862-82-3)	97862-82-3	899
		I99_99_17		FOSFAN	7803-51-2	127
		I99_99_18		PÝRIDABEN	96489-71-3	583
		I99_99_19		PÝRÍDALÝL	179101-81-6	792
		I99_99_20		SPÍRÓTETRAMAT	203313-25-1	795
		I99_99_21		SÚLFÚRÝLFLÚORÍÐ	2699-79-8	757
		I99_99_22		TIMJANOLÍA	89-83-8	900
		I99_99_23		FITUSÝRUR C7–C20		891
		I99_99_24		VATNSROFIN PRÓTÍN		901

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS (1)	CIPAC (2)
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		I99_99_25		APPELSÍNUOLÍA		902
		I99_99_26		TAGETES-OLÍA		903
		I99_99_99		ÖNNUR SKORDÝRAEITUR-MÍTLASÆFAR		
Lindýraeitur, samtals:		M				
	Lindýraeitur	M01				
		M01_01	LINDÝRAEITUR			
		M01_01_01		JÁRNFOSFAT	10045-86-0	629
		M01_01_02		ÁLSÚLFAT	10043-01-3	849
		M01_01_03		METALDEHÝÐ	108-62-3	62
		M01_01_99		ÖNNUR LINDÝRAEITUR		
Plöntuvaxtarstýriefni, samtals:		PLÖNTUVAXT-ARSTÝRIEFNI (e. *PGR*)				
	Lífeðlisfræðilegt plöntuvaxtarstýriefni	PGR01				
		PGR01_01	LÍFEÐLISFRÆÐILEGT PLÖNTUVAXTARSTÝRIEFNI			
		PGR01_01_01		1-METÝLSÝKLÓPRÓPEN	7.4.3100	767
		PGR01_01_02		KLÓRMEKVAT	999-81-5	143
		PGR01_01_03		SÝKLANILÍÐ	113136-77-9	586
		PGR01_01_04		DAMÍNÓSÍÐ	1596-84-5	330
		PGR01_01_05		ETEFÓN	16672-87-0	373
		PGR01_01_06		ETOXÝKÍN	91-53-2	517

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS ([1])	CIPAC ([2])
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		PGR01_01_07		ETÝLEN	74-85-1	839
		PGR01_01_08		FORKLÓRFENÚRÓN	68157-60-8	633
		PGR01_01_09		GIBBERELLSÝRA	77-06-5	307
		PGR01_01_10		GIBBERELLÍN	468-44-0 510-75-8 8030-53-3	904
		PGR01_01_11		ÍMASAKÍN	81335-37-7	699
		PGR01_01_12		MALÍNHÝDRASÍÐ	51542-52-0	310
		PGR01_01_13		MEPÍKVAT	24307-26-4	440
		PGR01_01_14		PAKLÓBÚTRASÓL	76738-62-0	445
		PGR01_01_15		PRÓHEXADÍÓNKALSÍUM	127277-53-6	567.02
		PGR01_01_16		NATRÍUM-5-NÍTRÓGVAÍAKÓLAT	67233-85-6	718
		PGR01_01_17		NATRÍUM-O-NÍTRÓFENÓLAT	824-39-5	720
		PGR01_01_18		NATRÍUM-P-NÍTRÓFENÓLAT	824-78-2	721
		PGR01_01_19		TRÍNEXAPAKETÝL	95266-40-3	732.202
		PGR01_01_20		DÍFENÝLAMÍN	122-39-4	460
		PGR01_01_21		FLÚRPRÍMÍDÓL	56425-91-3	696
		PGR01_99	ÖNNUR LÍFEÐLISFRÆÐILEG PLÖNTUVAXTARSTÝRIEFNI			
		PGR01_99_01		1-NAFTÝLEDIKSÝRA (1-NAA)	86-87-3	313
		PGR01_99_02		1-DEKANÓL	112-53-8	831
		PGR01_99_03		1-NAFTÝLASETAMÍÐ (1-NAD)	86-86-2	282

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS (1)	CIPAC (2)
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		PGR01_99_04		2-NAFTÝLOXÝEDIKSÝRA (2-NOA)	120-23-0	664
		PGR01_99_05		6-BENSÝLADENÍN	1214-39-7	829
		PGR01_99_06		SÝANAMÍÐ	420-04-2	685
		PGR01_99_07		INDÓLÝLSMJÖRSÝRA	133-32-4	830
		PGR01_99_08		SINTÓFEN	130561-48-7	717
		PGR01_99_09		1,4-DÍMETÝLNAFTALÍN		822
		PGR01_99_10		SILFURÞÍÓSÚLFAT		762
		PGR01_99_99		ÖNNUR LÍFEÐLISFRÆÐILEG PLÖNTUVAXTARSTÝRIEFNI		
	Vörur til að hindra spírun	PGR02				
		PGR02_02	VÖRUR TIL AÐ HINDRA SPÍRUN			
		PGR02_02_01		KARVÓN	99-49-0	602
		PGR02_99	AÐRAR VÖRUR TIL AÐ HINDRA SPÍRUN			
		PGR02_99_99		AÐRAR VÖRUR TIL AÐ HINDRA SPÍRUN		
	Önnur plöntuvaxtarstýriefni	PGR03				
		PGR03_99	ÖNNUR PLÖNTUVAXTARSTÝRIEFNI			
		PGR03_99_99		ÖNNUR PLÖNTUVAXTARSTÝRIEFNI		
Aðrar plöntuverndarvörur, samtals:		ZR				
	Jarðolíur	ZR01				
	Jurtaolíur	ZR02				
		ZR02_01	JURTAOLÍUR			

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS (1)	CIPAC (2)
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		ZR02_01_01		PLÖNTUOLÍUR/SÍTRÓNELLUOLÍA		905
		ZR02_01_02		PLÖNTUOLÍUR/NEGULOLÍA		906
		ZR02_01_03		PLÖNTUOLÍUR/REPJUOLÍA		907
		ZR02_01_04		PLÖNTUOLÍUR/GARÐMINTUOLÍA		908
		ZR02_01_99		AÐRAR JURTAOLÍUR		
	Jurtaeyðar í jarðveg (þ.m.t. þráðormaeitur)	ZR03				
		ZR03_01	METÝLBRÓMÍÐ	METÝLBRÓMÍÐ	74-83-9	128
		ZR03_99	AÐRIR JURTAEYÐAR Í JARÐVEG			
		ZR03_99_01		1,3-DÍKLÓRPRÓPEN	542-75-6	675
		ZR03_99_02		KLÓRPÍKRÍN	76-06-2	298
		ZR03_99_03		DASÓMET	533-74-4	146
		ZR03_99_04		METAMNATRÍUM	137-42-8	20
		ZR03_99_99		AÐRIR JURTAEYÐAR Í JARÐVEG		
	Nagdýraeitur	ZR04				
		ZR04_01	NAGDÝRAEITUR			
		ZR04_01_01		KALSÍUMFOSFÍÐ	1305-99-3	505
		ZR04_01_02		DÍFENAKÚM	56073-07-5	514
		ZR04_01_03		VARFARÍN	81-81-2	70
		ZR04_01_04		SINKFOSFÍÐ	1314-84-7	69
		ZR04_01_05		BRÓMADÍÓLÓN	28772-56-7	371
		ZR04_01_99		ÖNNUR NAGDÝRAEITUR		

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS (1)	CIPAC (2)
				Sameiginlegt nafnakerfi		
	Allar aðrar plöntuverndarvörur	ZR99				
		ZR99_01	SÓTTHREINSIEFNI			
		ZR99_01_99		ÖNNUR SÓTTHREINSIEFNI		
		ZR99_99	AÐRAR PLÖNTUVERNDARVÖRUR			
		ZR99_99_01		ÁLAMMÓNÍUMSÚLFAT	7784-26-1	840
		ZR99_99_02		ÁLSÍLÍKAT (EINNIG ÞEKKT SEM KAÓLÍN)	1332-58-7	841
		ZR99_99_03		AMMÓNÍUMASETAT	631-61-8	842
		ZR99_99_04		BLÓÐMJÖL	68911-49-9	909
		ZR99_99_05		KALSÍUMKARBÍÐ	75-20-7	910
		ZR99_99_06		KALSÍUMKARBÓNAT	471-34-1	843
		ZR99_99_07		KAPRÍNSÝRA (CAS 334-48-5)	334-48-5	886
		ZR99_99_08		KAPRÝLSÝRA (CAS 124-07-2)	124-07-2	887
		ZR99_99_09		KOLTVÍSÝRINGUR	124-38-9	844
		ZR99_99_10		DENATÓNÍUMBENSÓAT	3734-33-6	845
		ZR99_99_11		DÍKLÓRBENSÓSÝRUMETÝLESTER	2905-69-3	686
		ZR99_99_12		HEPTAMALOXÝGLÚKAN	870721-81-6	851
		ZR99_99_13		KALKSTEINN	1317-65-3	852
		ZR99_99_14		MALTÓDEXTRÍN	9050-36-6	801
		ZR99_99_15		METÝLNÓNÝLKETÓN	112-12-9	846
		ZR99_99_16		KALÍUMVETNISKARBÓNAT	298-14-6	853

Yfirflokkar	Vöruflokkar	Kóði	Íðefnaflokkur	Almennt heiti efna	CAS ([1])	CIPAC ([2])
				Sameiginlegt nafnakerfi		
		ZR99_99_17		PÚTRESKÍN (1,4-DÍAMÍNÓBÚTAN)	110-60-1	854
		ZR99_99_18		KVARSSANDUR	14808-60-7	855
		ZR99_99_19		FÆLANDI LYKTAREFNI/ÓUNNIN FURUOLÍA (CAS 8002-26-4)	8002-26-4	911
		ZR99_99_20		FÆLANDI LYKTAREFNI/FURUOLÍUBIK (CAS 8016-81-7)	8016-81-7	912
		ZR99_99_21		NATRÍUMÁLSÍLÍKAT	1344-00-9	850
		ZR99_99_22		TRÍMETÝLAMÍNHÝDRÓKLÓRÍÐ	593-81-7	847.601
		ZR99_99_23		ÚREA	57-13-6	913
		ZR99_99_24		KÚRBÍTSGULMÓSAÍKVEIRA, VEIKUR STOFN		618
		ZR99_99_25		KJARNI ÚR TEVIÐI		914
		ZR99_99_26		LEIFAR AF EIMAÐRI FITU		915
		ZR99_99_27		HVÍTLAUKSKJARNI		916
		ZR99_99_28		PIPAR		917
		ZR99_99_29		FÆLANDI LYKTAREFNI/FISKLÝSI		918
		ZR99_99_30		FÆLANDI LYKTAREFNI/KINDAMÖR		919
		ZR99_99_31		KJARNI ÚR SJÁVARÞÖRUNGUM (ÁÐUR KJARNI ÚR SJÁVARÞÖRUNGUM OG ÞANG OG ÞARI)		920
		ZR99_99_32		ÓGREINÓTT FIÐRILDAFERÓMÓN (e. *LEPIDOPTERA PHEROMONES*)		895
		ZR99_99_33		TETRADEKAN-1-ÓL		856
		ZR99_99_99		AÐRAR PLÖNTUVERNDARVÖRUR		

([1]) Skráningarnúmer hjá Upplýsingaþjónustu um íðefni.
([2]) Alþjóðanefnd um aðferðir við greiningu varnarefna.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1383/2013

2014/EES/54/67

frá 17. desember 2013

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 99/2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 ([2]) er settur rammi um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna og mælt fyrir um markmið og niðurstöður fyrir tímabilið 2013-2017.

2) Í reglugerð (ESB) nr. 99/2013 er aðeins settur fjárhagsrammi fyrir árið 2013, sem fellur undir áætlunartímabilið 2007-2013, og þar er framkvæmdastjórnin hvött til að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf um fjárúthlutun fyrir tímabilið 2014-2017 fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en þremur mánuðum eftir samþykkt fjárhagsrammans til margra ára fyrir tímabilið 2014-2020.

3) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1311/2013([3]) var samþykkt 2. desember 2013.

4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 99/2013 til samræmis við það.

5) Til þess að tryggja að þær aðgerðir sem kveðið er á um í reglugerð þessari skili árangri ætti hún að öðlast gildi daginn eftir að hún er birt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 99/2013 komi eftirfarandi:

„*7. gr.*

Fjármögnun

1. Fjárhagsrammi Sambandsins vegna framkvæmdar áætlunarinnar fyrir árið 2013 skal vera 57,3 milljónir evra og heyra undir áætlunartímabilið 2007-2013. Fjárhagsrammi Sambandsins vegna framkvæmdar áætlunarinnar fyrir tímabilið 2014-2017 skal vera 234,8 milljónir evra og heyra undir áætlunartímabilið 2014-2020.

2. Framkvæmdastjórnin skal veita fjárstuðning Sambandsins í samræmi við fjárhagsreglugerðina.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun sína um árlegar fjárveitingar í samræmi við heimildir Evrópuþingsins og ráðsins.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
forseti.
M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.
L. LINKEVIČIUS

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á bókun 30 um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. desember 2013 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2013.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 frá 15. janúar 2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 (Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 12).

([3]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1311/2013 frá 2. desember 2013 um fjárhagsramma til margra ára fyrir tímabilið 2014-2020 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 884).

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/52/ESB **2014/EES/54/68**

frá 20. desember 2012

um ráðstafanir til að auðvelda viðurkenningu á lyfseðlum sem eru gefnir út í öðru aðildarríki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri([1]) einkum a-, c- og d-lið 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2011/24/ESB er framkvæmdastjórninni skylt að samþykkja ráðstafanir til að auðvelda viðurkenningu á lyfseðlum sem eru gefnir út í öðru aðildarríki en því þar sem lyfseðillinn er afgreiddur.

2) Samkvæmt a-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2011/24/ESB skal framkvæmdastjórnin samþykkja skrá, sem er ekki tæmandi, yfir upplýsingar sem skulu vera á þeim lyfseðlum. Sú skrá ætti að gera því fagfólki í heilbrigðisþjónustu sem afgreiðir lyfseðilinn kleift að ganga úr skugga um að hann sé ósvikinn og hafi verið gefinn út af aðila sem tilheyrir lögverndaðri heilbrigðisstarfsgrein, sem hefur til þess lagalegan rétt.

3) Upplýsingarnar sem skulu vera á lyfseðlunum skulu auðvelda rétta sanngreiningu á lyfjum eða lækningatækjum sem um getur í c-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2011/24/ESB.

4) Á lyfjunum skal því tilgreint almennt heiti til þess að auðvelda sanngreiningu á lyfjum sem eru sett á markað undir mismunandi sérheitum í Sambandinu og á lyfjum sem eru ekki sett á markað í öllum aðildarríkjum. Almenna heitið sem er notað skal annaðhvort vera alþjóðlegt samheiti sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með eða, ef slíkt heiti er ekki fyrir hendi, venjulega almenna heitið. Hinsvegar skal sérheiti lyfs aðeins notað til að tryggja skýra sanngreiningu á líffræðilegum lyfjum, eins og þau eru skilgreind í b-lið liðar 3.2.1.1 í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum([2]), vegna sérstakra eiginleika þeirra lyfja, eða annarra lyfja ef fagfólkið sem gefur út lyfseðilinn telur það læknisfræðilega nauðsynlegt.

5) Lækningatæki hafa ekki almennt heiti eins og lyf. Því skulu einnig vera á lyfseðlinum millilíðalausar samskiptaupplýsingar um aðilann sem gefur út lyfseðilinn sem gera fagfólki sem afgreiðir hann kleift, ef nauðsyn krefur, að spyrjast fyrir um lækningatækið sem ávísað er á og sanngreina það.

6) Upplýsingarnar á skránni, sem er ekki tæmandi, sem skulu vera á lyfseðlunum skulu gera sjúklingunum auðveldara að skilja upplýsingarnar um lyfseðilinn og leiðbeiningarnar um notkun lyfsins sem fylgja, eins og um getur í d-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2011/24/ESB. Framkvæmdastjórnin mun endurskoða ástandið reglulega í því skyni að meta hvort frekari ráðstafanir eru nauðsynlegar til að auðvelda sjúklingum að skilja leiðbeiningarnar varðandi notkun lyfsins.

7) Mikilvægt er að innlendir tengiliðir, sem um getur í 6. gr. tilskipunar 2011/24/ESB, veiti sjúklingum fullnægjandi upplýsingar um innihald og tilgang skráarinnar, sem er ekki tæmandi, yfir upplýsingar sem skulu birtast á þessum lyfseðlum til þess að gera sjúklingum kleift að biðja um viðeigandi lyfseðil.

8) Þar sem áhrif heilbrigðisþjónustu yfir landamæri eru takmörkuð skal skráin, sem er ekki tæmandi, um upplýsingar aðeins gilda vegna lyfseðla sem eru ætlaðir til notkunar í öðru aðildarríki.

9) Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti beitt meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu vegna lyfseðla sem hafa ekki upplýsingarnar sem settar eru fram í skránni, sem er ekki tæmandi, þar sem meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu er samkvæmt 56. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Um leið kemur ekkert í þessari tilskipun í veg fyrir að aðildarríkin kveði á um að lyfseðlar, sem skrifaðir eru á þeirra yfirráðasvæði og sem fyrirhugað er að nota í öðru aðildarríki, hafi viðbótarupplýsingar sem er kveðið á um í reglum sem gilda á þeirra yfirráðasvæði, að því tilskildu að þær reglur samrýmist lögum Sambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 356, 22.12.2012, bls. 68. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2014 frá 9. júlí 2014 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45–65.

([2]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2011/24/ESB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ráðstafanir um samræmda framkvæmd 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2011/24/ESB varðandi viðurkenningu á lyfseðlum sem eru gefnir út í öðru aðildarríki.

2. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun skal gilda um lyfseðla, eins og þeir eru skilgreindir í k-lið 3. gr. tilskipunar 2011/24/ESB, sem eru gefnir út að beiðni sjúklings sem hyggst nota þá í öðru aðildarríki.

3. gr.

Efni lyfseðla

Aðildarríkin skulu tryggja að á lyfseðlunum séu a.m.k. þær upplýsingar sem eru settar fram í viðaukanum.

4. gr.

Kröfur um upplýsingar

Aðildarríkin skulu sjá til þess að innlendu tengiliðirnir, sem um getur í 6. gr. tilskipunar 2011/24/ESB, upplýsi sjúklinga um hvaða upplýsingar eigi að vera, samkvæmt þessari tilskipun, á lyfseðlum sem eru gefnir út í aðildarríki, öðru en aðildarríkinu þar sem þeir eru afgreiddir.

5. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 25. október 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Skrá, sem er ekki tæmandi, yfir upplýsingar sem eiga að vera á lyfseðlum

Feitletraðar fyrirsagnir í þessum viðauka er ekki nauðsynlegt að birta á lyfseðlum

Deili á sjúklingi

Kenninafn eða -nöfn

Eiginnafn eða -nöfn (skrifað út að fullu, þ.e. án upphafsstafa)

Fæðingardagur og -ár

Sannvottun á lyfseðlinum

Útgáfudagur

Deili á fagfólkinu í heilbrigðisþjónustu sem gefur út lyfseðilinn

Kenninafn eða -nöfn

Eiginnafn eða -nöfn (skrifað út að fullu, þ.e. án upphafsstafa)

Fagleg menntun og hæfi

Upplýsingar vegna milliliðalausra samskipta (tölvupóstfang og sími eða símbréf, ásamt landsnúmeri fyrir tvennt hið síðastnefnda)

Heimilisfang vinnustaðar (þ.m.t. heiti viðkomandi aðildarríkis)

Undirskrift (rituð eða stafræn eftir því hvaða miðill er valinn við útgáfu lyfseðilsins)

Sanngreining á lyfinu sem ávísað er á, eftir því sem við á

Almennt heiti, eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum

Sérheitið ef:

a) lyfið sem er ávísað á er líffræðilegt lyf, eins og það er skilgreint í b-lið í lið 3.2.1.1 í I. viðauka (I. hluta) við tilskipun 2001/83/EB, eða

b) fagfólkið í heilbrigðisþjónustu sem gefur út lyfseðilinn telur það læknisfræðilega nauðsynlegt, en í því tilviki skulu færð rök fyrir því í stuttu máli á lyfseðlinum að sérheitið sé notað

Lyfjafræðileg samsetning (tafla, lausn, o.s.frv.)

Magn

Styrkleiki, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. tilskipunar 2001/83/EB

Skömmtun

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/54/69**

frá 13. júní 2013

um breytingu á ákvörðun 2011/30/ESB um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum

(tilkynnt með númeri C(2013) 3491)

(2013/288/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE ([1]), einkum fyrsta undirlið 2. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB ([2]) gerði endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum frá þeim þriðju löndum og yfirráðasvæðum, sem tilgreind eru í viðauka við þá ákvörðun, kleift að halda starfsemi sinni áfram í Sambandinu í tengslum við áritanir endurskoðenda á ársreikningum eða samstæðureikningsskilum fyrir fjárhagsár sem hefjast á tímabilinu frá 2. júlí 2010 til 31. júlí 2012.

2) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram mat á opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í þriðju löndum og á yfirráðasvæðum sem tilgreind eru í viðaukanum við ákvörðun 2011/30/ESB. Matið fór fram með aðstoð Evrópuhóps eftirlitsaðila endurskoðenda. Opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki þeirra þriðju landa og yfirráðasvæða, sem voru metin í ljósi viðmiðananna sem settar voru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB sem gilda um opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki aðildarríkjanna. Lokamarkmið samvinnu á milli aðildarríkja og opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í þriðju löndum ætti að vera að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra á eftirlitskerfum hvers annars sem byggist á jafngildi þeirra.

3) Í kjölfar slíks mats kemur í ljós að Abú Dabí, Brasilía, alþjóðlega fjármálamiðstöðin í Dúbaí, Guernsey, Indónesía, Mön, Jersey, Malasía, Taívan og Taíland hafa yfir opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum að ráða fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem eru starfrækt eftir svipuðum reglum og þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Því er við hæfi að telja opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki þessara þriggja landa jafngild opinberu eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja í aðildarríkjunum.

4) Bermúdaeyjar, Cayman-eyjar, Egyptaland, Máritíus, Nýja-Sjáland, Rússland og Tyrkland hafa komið á fót eða eru að koma á fót opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki. Samt sem áður eru upplýsingar um virkni og reglur sem stýra slíkum kerfum ekki fullnægjandi til að framkvæma jafngildismat. Til að framkvæma frekara mat í þeim tilgangi að taka endanlega jafngilda ákvörðun að því er varðar slík kerfi er nauðsynlegt að fá viðbótarupplýsingar frá þessum þriðju löndum og yfirráðasvæðum til þess að skilja kerfi þeirra betur. Því er viðeigandi að framlengja umbreytingartímabilið sem var veitt með ákvörðun 2011/30/ESB að því er varðar endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem veita áritun endurskoðanda á ársreikningum eða samstæðureikningsskilum fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í viðkomandi þriðju löndum og yfirráðasvæðum.

5) Endurskoðendurnir og endurskoðunarfyrirtækin, sem veita áritun endurskoðanda á ársreikningum eða samstæðureikningsskilum tiltekinna fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í Hong Kong, á Indlandi og í Ísrael,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 163, 15.6.2013, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2014 frá 9. júlí 2014 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

([2]) Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 12.

geta nýtt sér umbreytingartímabilið sem veitt var með ákvörðun 2011/30/ESB. Síðan þá hafa þessi þriðju lönd eða yfirráðasvæði ekki komið á óháðu opinberu eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi. Þau hafa ekki veitt upplýsingar um löggjöf sína um endurskoðun og eftirlitskerfi. Við þessar aðstæður virðist sem þessi þriðju lönd eða yfirráðasvæði hafi ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að fá framkvæmdastjórnina til að viðurkenna að endurskoðunarreglur þeirra séu jafngildar opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðendafyrirtæki í aðildarríkjunum. Því ætti ekki að framlengja umbreytingartímabilið sem þeim var veitt með ákvörðun 2011/30/ESB að því er varðar endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem veita áritun endurskoðanda á ársreikningum eða samstæðureikningsskilum fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í þessum þriðju löndum.

6) Til að vernda fjárfesta ættu endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem veita áritun endurskoðanda á ársreikningum eða samstæðureikningsskilum fyrirtækja, sem hafa réttarstöðu lögaðila í þeim þriðju löndum sem eru tilgreind í II. viðauka við þessa ákvörðun, ekki að geta haldið áfram endurskoðun á umbreytingartímabilinu í Sambandinu, án þess að vera skráð skv. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB, nema þau veiti tilskildar upplýsingar. Veiti þau upplýsingarnar ættu endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki að geta haldið starfsemi sinni áfram með tilliti til áritunar endurskoðanda á ársreikningum eða samstæðureikningsskilum fyrir fjárhagsár sem hefjast á tímabilinu frá 1. ágúst 2012 til 31. júlí 2015. Þessi ákvörðun ætti ekki að hafa áhrif á rétt aðildarríkja til að beita rannsóknar- og viðurlagakerfum sínum að því er varðar slíka endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki.

7) Því ber að breyta ákvörðun 2011/30/ESB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2011/30/ESB er breytt sem hér segir:

1) Við 1. gr. bætist eftirfarandi önnur málsgrein:

„Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB skal telja opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í eftirfarandi þriðju löndum og yfirráðasvæðum jafngild opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í aðildarríkjunum í tengslum við endurskoðunarstarfsemi varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrir fjárhagsár sem hefjast frá 1. ágúst 2012:

1) Abú Dabí

2) Brasilíu

3) Alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí

4) Guernsey

5) Indónesíu

6) Mön

7) Jersey

8) Malasíu

9) Taívan

10) Taílandi“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) í inngangsorðum 1. mgr. komi „I. viðauka“ í stað „viðaukanum“,

b) í stað 2., 3. og 4. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu ekki beita 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB í tengslum við endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem veita áritun endurskoðanda á ársreikningum eða samstæðureikningsskilum félaga, sem hafa réttarstöðu lögaðila í þriðju löndum og á yfirráðasvæðum sem tiltekin eru í II. viðauka við þessa ákvörðun, sem um getur í 1. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar, fyrir fjárhagsár sem hefjast á tímabilinu frá 2. júlí 2010 til 31. júlí 2015 í tilvikum þegar hlutaðeigandi endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki veitir lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins upplýsingar um öll eftirfarandi atriði:

a) nafn og heimilisfang endurskoðanda eða viðkomandi endurskoðunarfyrirtækis og upplýsingar um lagalegt rekstrarform þess,

b) lýsingu á netinu ef endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið tilheyrir neti,

c) reikningsskilastaðla og kröfur um óhæði sem beitt hefur verið við viðkomandi endurskoðun,

d) lýsingu á innri gæðaeftirlitskerfum endurskoðunarfyrirtækisins,

e) hvort og hvenær síðasta endurmat á gæðatryggingu endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins var gert og, nema þessar upplýsingar séu veittar af lögbæru yfirvaldi í þriðja landi, nauðsynlegar upplýsingar um niðurstöðu endurskoðunarinnar. Ef nauðsynlegar upplýsingar um niðurstöðu síðasta endurmats á gæðatryggingu eru ekki opinberar, skulu lögbær yfirvöld í aðildarríki fara með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

3. Aðildarríki skulu tryggja að almenningur sé upplýstur um nafn og heimilisfang endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja, sem veita áritun endurskoðanda á ársreikningum eða samstæðureikningsskilum félaga sem hafa réttarstöðu lögaðila í þriðju löndum sem tiltekin eru í II. viðauka við þessa ákvörðun og um þá staðreynd að opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi þessara landa og yfirráðasvæða hafa enn ekki verið viðurkennd sem jafngild skv. 2. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Í því skyni geta lögbær yfirvöld í aðildarríkjum sem um getur í 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB, einnig skráð endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem annast endurskoðun ársreikninga eða samstæðureikningsskila félaga sem hafa réttarstöðu lögaðila í þeim þriðju löndum sem talin eru upp í II. viðauka við þessa ákvörðun.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. geta aðildarríki notað rannsóknar- og viðurlagakerfi sín á endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem annast endurskoðun ársreikninga eða samstæðureikningsskila félaga sem hafa réttarstöðu lögaðila í þriðju löndum sem talin eru upp í II. viðauka.

c) Eftirfarandi 5. liður bætist við:

„5. Ákvæði 2. mgr. eru með fyrirvara um samstarfsfyrirkomulag á gæðatryggingarmati lögbærra yfirvalda í aðildarríki og lögbærra yfirvalda í þriðja landi, sem tilgreint er í II. viðauka, að því tilskildu að slíkt fyrirkomulag uppfylli allar eftirfarandi viðmiðanir:

a) í því felst framkvæmd gæðatryggingarmats á grundvelli jafnrar meðferðar,

b) það hafi áður verið tilkynnt framkvæmdastjórninni,

c) það hefur ekki áhrif á ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar skv. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.“

3) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Ákvæði 10. liðar 1. gr. falli úr gildi þann 31. júlí 2013.

4) Í stað viðaukans komi I. viðauki við þessa ákvörðun.

5) II. viðauki bætist við eins og sett er fram í II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Michel BARNIER

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞRIÐJU LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI

Abú Dabí

Brasilía

Alþjóðlega fjármálamiðstöðin í Dúbaí

Guernsey

Hong Kong

Indland

Indónesía

Mön

Ísrael

Jersey

Malasía

Taívan

Taíland

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞRIÐJU LÖND

Bermúdaeyjar

Cayman-eyjar

Egyptaland

Máritíus

Nýja-Sjáland

Rússland

Tyrkland

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/54/70**

frá 11. júní 2013

um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB

(tilkynnt með númeri C(2013) 3402)

(2013/280/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE ([1]), einkum fyrsta undirlið 3. mgr. 47. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 47. gr. og 53. gr. tilskipunar 2006/43/EB, mega lögbær yfirvöld aðildarríkja, komi til skoðunar eða rannsókna á löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum, því aðeins heimila flutning vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, til lögbærra yfirvalda þriðja lands að framkvæmdastjórnin hafi lýst því yfir að þau yfirvöld teljist hæf og að um gagnkvæma vinnutilhögun milli þeirra og lögbærra yfirvalda í viðkomandi aðildarríkjum sé að ræða. Því þarf að ákvarða hvaða lögbæru yfirvöld þriðju landa teljast hæf að því er varðar flutning vinnuskjala við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, til lögbærra yfirvalda þriðja lands.

2) Flutningur vinnuskjala við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, til lögbærra yfirvalda þriðja lands varðar mikilvæga hagsmuni almennings í tengslum við framkvæmd óháðs, opinbers eftirlits. Af þeim sökum ætti hver slíkur flutningur á vegum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna að fara fram í þeim eina tilgangi að framkvæmt verði opinbert eftirlit og ytri gæðatrygging ásamt rannsókn endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja á vegum lögbærs yfirvalds í viðkomandi þriðja landi. Aðildarríki ættu að tryggja að tvíhliða vinnutilhögun, sem heimilar flutning vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, á milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum, feli í sér viðeigandi verndarráðstafanir að því er varðar vernd persónuupplýsinga, og vernd atvinnuleyndarmála og viðkvæmra viðskiptaupplýsinga í tengslum við þau fyrirtæki sem reikningsskil eru endurskoðuð hjá, og endurskoðenda slíkra fyrirtækja sem hafa slík skjöl að geyma. Þeir einstaklingar, sem starfa eða hafa starfað hjá lögbæru yfirvaldi í þriðja landi sem veitir upplýsingunum viðtöku, ættu að vera bundnir þagnarskyldu.

3) Að því er varðar opinbert eftirlit, gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum ættu aðildarríkin að sjá til þess að samskipti milli endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja í aðildarríkjunum og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum fari fram fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkis, sbr. þó 4. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

4) Aðildarríki geta ákveðið að samþykkja sameiginlegar skoðanir í undantekningartilvikum þar sem þörf er á til að tryggja skilvirkt eftirlit. Aðildarríki geta leyft að samstarf við lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum fari fram í formi sameiginlegra skoðana eða með skoðunaraðila sem hefur ekki heimild til skoðunar eða rannsóknar og án aðgangs að trúnaðarvinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja. Slíkt samstarf ætti ávallt að fara fram samkvæmt skilyrðunum, sem eru sett fram í 2. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB og í þessari ákvörðun, einkum að því er varðar nauðsyn þess að virða fullveldi, trúnaðarkvöð og gagnkvæmni. Aðildarríki ættu að sjá til þess að sameiginlegar skoðanir, sem lögbær yfirvöld þeirra og lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum annast í Sambandinu skv. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, séu undir stjórn lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2014 frá 9. júlí 2014 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]) gildir um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt þeirri tilskipun. Þegar flutningur vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, til lögbærs yfirvalds í Bandaríkjunum felur í sér birtingu persónuupplýsinga ætti hann ávallt að fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB. Aðildarríki ættu að tryggja viðeigandi verndarráðstafanir, að því er varðar vernd fluttra persónuupplýsinga, einkum með bindandi samkomulagi á milli eigin lögbærra yfirvalda og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum, í samræmi við IV. kafla tilskipunar 95/46/EB, og að lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum greini ekki frekar frá persónuupplýsingum, sem flutt vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, hafa að geyma, án undanfarandi samkomulags við lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

6) Hæfi lögbærra yfirvalda þriðja lands ætti að meta með hliðsjón af samstarfskröfunum, sem settar eru fram í 36. gr. tilskipunar 2006/43/EB, eða raunverulegum niðurstöðum sem eru í meginatriðum sambærilegar. Einkum ætti að meta hæfi með hliðsjón af þeim valdheimildum sem lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum beita, verndarráðstöfunum gegn brotum á reglum sem þau hafa sett um þagnarskyldu og trúnaðarkvaðir og getu þeirra til að vinna í samstarfi við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum á grundvelli eigin laga og reglna.

7) Þegar endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki félaga í Sambandinu, sem hafa gefið út verðbréf í Bandaríkjunum, eða mynda hluta samstæðu sem birtir lögboðna samstæðureikninga þar, lúta bandarískri löggjöf, ætti að ákvarða hvort lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum mega flytja vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, til lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum eingöngu í þeim tilgangi að framkvæma opinbert eftirlit og ytra gæðamat og vegna rannsóknar á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum.

8) Hæfismat hefur farið fram á því hvort lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum uppfylla ákvæði 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Hæfisúrskurð, að því er varðar yfirvöld í Bandaríkjunum, ætti að kveða upp á grundvelli þessa mats.

([2]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

9) Verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna annast rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum; þessi ákvörðun ætti einungis að taka til þess valdsviðs verðbréfa- og kauphingsnefndar Bandaríkjanna sem tekur til rannsókna á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi og fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi trúnaðarupplýsingar í té. Nefndin noti flutt vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, eingöngu vegna rannsókna á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Samkvæmt bandarískum lögum og reglum hefur verðbréfa- og kauphingsnefndin heimild til að flytja vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu bandarískra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja sem tengjast mögulegum rannsóknum á slíkum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum til lögbærra yfirvalda í hvaða aðildarríki sem er. Á þessum grundvelli ætti að lýsa verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna hæfa að því er varðar 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

10) Opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga fer með opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Ráðið gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi og fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi trúnaðarupplýsingar í té. Ráðið noti flutt vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, eingöngu vegna opinbers eftirlits, ytra gæðamats og rannsóknar á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Samkvæmt bandarískum lögum og reglum má það flytja vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu bandarískra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, til lögbærra yfirvalda í hvaða aðildarríki sem er. Á þessum grundvelli ætti að lýsa opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga hæft að því er varðar 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

11) Flutningur vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, ætti að taka til aðgangs að eða flutnings á þeim til yfirvalda, sem eru lýst hæf samkvæmt þessari ákvörðun um vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, samkvæmt undanfarandi samkomulagi lögbærra yfirvalda í aðildarríkjaríkjunum og aðgangi lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum að slíkum skjölum eða flutningi þeirra á þeim. Því ætti löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, komi til skoðana eða rannsókna, ekki heimilað að veita þessum yfirvöldum aðgang að vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, eða senda þau til þeirra samkvæmt öðrum skilyrðum en þeim sem eru sett fram

í þessari ákvörðun og í 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, t.d. á grundvelli samþykkis löggilts endurskoðanda, endurskoðunarfyrirtækja eða félags viðskiptavinar.

12) Þessi ákvörðun ætti ekki að hafa áhrif á það samstarfsfyrirkomulag sem um getur í 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([3]).

13) Þar eð þessi ákvörðun er tekin í tengslum við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/281/ESB ([4]) um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum, ætti hún ekki að hafa neinn forgang fram yfir aðrar jafngildar lokaákvarðanir sem framkvæmdastjórnin kann að hafa samþykkt skv. 2. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

14) Lokamarkmið samvinnu við Bandaríkin vegna eftirlits með endurskoðun er að skapa gagnkvæmt traust á eftirlitskerfum landanna svo að einungis þurfi að flytja vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja í undantekningartilvikum. Gagnkvæmt traust byggist á jafngildi endurskoðunareftirlitskerfa Sambandsins og Bandaríkjanna.

15) Opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga fyrirhugar að meta endurskoðunareftirlitskerfi aðildarríkjanna frekar áður en það ákveður að treysta á það eftirlit sem er framkvæmt af lögbærum yfirvöldum þeirra. Því ætti að endurskoða samstarfsfyrirkomulagið milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum og opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga og verðbréfa- og kauphingsnefndar Bandaríkjanna til að meta framvindu þess að skapa gagnkvæmt traust á eftirlitskerfum landanna. Af þessum ástæðum ætti þessi ákvörðun að gilda í takmarkaðan tíma.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga og verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna ættu að teljast hæf að því er varðar 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

2. gr.

1. Komi til skoðunar eða rannsókna á löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum skal flutningur vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, annaðhvort fara fram að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds í hlutaðeigandi aðildarríki eða að lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki annast hann.

2. Tilgangur með flutningi vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, skal ekki vera annar en opinbert eftirlit, ytra gæðamat eða rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum.

3. Þegar vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, eru einungis í vörslu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis, sem er skráð í öðru aðildarríki en því aðildarríki þar sem endurskoðandi samstæðu er skráður og lögbært yfirvald hefur fengið beiðni frá einhverju af þeim yfirvöldum, sem um getur í 1. gr., skal einungis flytja slík skjöl til lögbærs yfirvalds í hlutaðeigandi þriðja landi hafi lögbært yfirvald í fyrra aðildarríkinu veitt skýlaust samþykki fyrir flutningnum.

4. Aðildarríki skulu tryggja að tvíhliða vinnutilhögun, sem heimilar flutning vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja á milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum, feli í sér viðeigandi verndarráðstafanir að því er varðar vernd persónuupplýsinga, og vernd atvinnuleyndarmála og viðkvæmra viðskiptaupplýsinga í tengslum við þau fyrirtæki sem reikningsskil eru endurskoðuð hjá, og endurskoðenda slíkra fyrirtækja sem hafa slík skjöl að geyma.

5. Með fyrirvara um 4. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB skulu aðildarríki tryggja, að því er varðar opinbert eftirlit, gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, tvíhliða vinnutilhögun sem heimilar flutning vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, á milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum, að því gefnu að tengsl á milli endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja aðildarríkjanna og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum fari fram fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkis.

([3]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.
([4]) Stjtíð. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 8.

6. Aðildarríki geta samþykkt sameiginlegar skoðanir þegar þess er þörf. Aðildarríki skulu sjá til þess að sameiginlegar skoðanir á hendi lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum á yfirráðasvæði aðildarríkja í samræmi við 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB séu alla jafna undir stjórn lögbærs yfirvalds í hlutaðeigandi aðildarríki.

7. Aðildarríki skulu sjá til þess að tvíhliða vinnutilhögun á milli eigin lögbærra yfirvalda og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum séu í samræmi við samstarfsskilyrðin sem sett eru fram í þessari grein.

3. gr.

Þessi ákvörðun gildir frá 1. ágúst 2013 til 31. júlí 2016.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Michel BARNIER

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/54/71**

frá 11. júní 2013

um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB

(tilkynnt með númeri C(2013) 3404)

(2013/281/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE ([1]), einkum fyrsta undirlið 2. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB ber lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna að skrá alla endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil tiltekinna fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila utan Sambandsins og eru með framseljanleg verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað innan Sambandsins. Í 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB er gerð krafa um að aðildarríkin setji slíka skráða endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki undir opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 19. janúar 2011 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum ([2]) er litið á opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum jafngild eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í aðildarríkjunum.

3) Ákvörðun 2011/30/ESB fellur úr gildi 31. júlí 2013. Þess vegna er þörf á að meta á ný jafngildi kerfanna.

4) Áður en framkvæmdastjórnin samþykkti ákvörðun 2011/30/ESB framkvæmdi hún jafngildismat á opinberu eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum. Matið fór fram með aðstoð Evrópuhóps eftirlitsaðila endurskoðenda. Opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki Bandaríkjanna voru metin í ljósi viðmiðananna, sem settar voru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB, sem gilda um opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í aðildarríkjunum. Lokamarkmið samvinnu á milli aðildarríkja og opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum ætti að vera að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra á eftirlitskerfum hvers annars sem byggist á jafngildi kerfanna.

5) Bandaríkin hafa yfir opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum að ráða fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem eru starfrækt eftir svipuðum reglum og þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum fyrirhuga þó að meta endurskoðunareftirlitskerfi aðildarríkjanna frekar áður en þau ákveða að treysta á það eftirlit sem er framkvæmt af lögbærum yfirvöldum þeirra.

6) Því ætti að endurskoða opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum í þeim tilgangi að meta hvernig fram vindur við að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra. Af þessum ástæðum ætti þessi ákvörðun að gilda í takmarkaðan tíma.

7) Þegar framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun, sem viðurkennir að opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í þriðja landi eða yfirráðasvæði séu jafngild að því er varðar 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, geta aðildarríki ákveðið að beita ekki eða breyta með gagnkvæmu samkomulagi kröfunum í 1. og 3. mgr. 45. gr., í tengslum við endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki viðkomandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis. Skilyrðin, sem á að uppfylla til að beita ekki eða breyta kröfunum í 1. mgr. og 3. mgr. 45. gr., verður að fastsetja í samstarfsfyrirkomulagi, sem um getur í 3. mgr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2014 frá 9. júlí 2014 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

([2]) Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 12.

46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, á milli aðildarríkisins og viðkomandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis og tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Ef um er að ræða félag sem hefur réttarstöðu lögaðila í Bandaríkjunum og er með framseljanleg verðbréf, skráð á skipulegan verðbréfamarkað aðildarríkis, en er ekki skráð á markað í Bandaríkjunum, ættu aðildarríki að tryggja að allt endurskoðunarstarf, sem tengist reikningsskilum slíks félags, falli undir samstarfsfyrirkomulag sem hefur verið gert við Bandaríkin til að ákvarða hvaða opinbera eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi mun gilda um endurskoðendur slíkra félaga. Þegar endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki annars aðildarríkis hefur skuldbundið sig til slíks endurskoðunarstarfs ættu aðildarríki að vinna saman til að tryggja að endurskoðunarstarfið falli innan gildissviðs opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa þeirra.

9) Þetta umbreytingarfyrirkomulag ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin komi á samvinnufyrirkomulagi um einstakar endurskoðanir á gæðatryggingum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum.

10) Þessi ákvörðun ætti ekki að hafa forgang fram yfir einhvern lokaúrskurð um hæfi sem framkvæmdastjórnin getur samþykkt skv. 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

11) Eftirlit ætti að hafa með beitingu umbreytingarfyrirkomulagsins og skoða ætti framvinduna hjá lögbærum yfirvöldum í Bandaríkjunum. Við lok umbreytingartímabilsins ætti að úrskurða um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum. Rétt er að endurskoða hvort aðildarríkin hafa átt í erfiðleikum með að hljóta viðurkenningu um jafngildi frá lögbærum yfirvöldum í Bandaríkjunum í tengslum við opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í aðildarríkjunum.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB skal telja opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum jafngild opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í aðildarríkjunum.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. eiga ekki að hafa áhrif á samstarfsfyrirkomulag um einstakar endurskoðanir á gæðatryggingum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum, að því tilskildu að slíkt fyrirkomulag uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. gr. framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2013/280/ESB ([3]) og hafi ekki áhrif á neina ákvörðun sem verður tekin í samræmi við 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

3. gr.

Þessi ákvörðun gildir frá 1. ágúst 2013 til 31. júlí 2016.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Michel BARNIER

framkvæmdastjóri.

([3]) Stjtíð. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 4.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 481/2013 2014/EES/54/72

frá 24. maí 2013

um aðlögun á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 að því er varðar fjölda sýna sem Króatíu ber að taka og greina úr samsetningum af varnarefnaleifum og vörum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fyrirhugað er að Króatía gerist aðili að Sambandinu 1. júlí 2013.

2) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2012 frá 31. ágúst 2012 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2013, 2014 og 2015 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu([1]) er settur fram sá fjöldi sýna á hvert aðildarríki sem ber að taka og greina í samræmi við 1. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Þar eð gögn um einungis hálft ár væru ekki fullkomlega samanburðarhæf við gögn sem önnur aðildarríki hafa safnað saman um allt árið 2013 ætti Króatía, frá og með janúar 2014, að taka þátt í samræmdum áætlunum Sambandsins til margra ára.

4) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 5. lið II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 788/2012 bætist eftirfarandi lína við á eftir línunni fyrir Ungverjaland:

„HR	12 (*) 15 (**)“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Króatíu og á gildistökudegi hans.

Henni skal beitt frá og með 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 25.5.2013, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtíð. ESB L 235, 1.9.2012, bls. 8.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/15/ESB **2014/EES/54/73**

frá 13. maí 2013

um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði frjálsra vöruflutninga vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með hliðsjón af 50. gr. laga um aðild Króatíu, ef þörf er aðlögunar, vegna aðildarinnar, á gerðum sem stofnanirnar samþykktu fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í þeim lögum um aðild eða viðaukum við þau skal ráðið, með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja í þessu skyni nauðsynlegar gerðir, ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgerðar og uppfærðar ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Tilskipunum á sviði frjálsra vöruflutninga sem settar eru fram í þessari tilskipun skal því breytt til samræmis við það,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi tilskipunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun:

1) á sviði frjálsrar farar vélknúinna ökutækja:

— Tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja([1]),

— Tilskipun ráðsins 70/221/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra([2]),

— Tilskipun ráðsins 70/388/EBE frá 27. júlí 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hljóðmerkjabúnað vélknúinna ökutækja([3]),

— Tilskipun ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra([4]),

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 172. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 16.
([2]) Stjtíð. EB L 76, 6.4.1970, bls. 23.
([3]) Stjtíð. EB L 176, 10.8.1970, bls. 12.
([4]) Stjtíð. EB L 202, 6.9.1971, bls. 37.

— Tilskipun ráðsins 72/245/EBE frá 20. júní 1972 varðandi rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum([5]),

— Tilskipun ráðsins 74/61/EBE frá 17. desember 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað til að koma í veg fyrir notkun vélknúins ökutækis án leyfis([6]),

— Tilskipun ráðsins 74/408/EBE frá 22. júlí 1974 varðandi vélknúin ökutæki að því er varðar sæti, festingar og höfuðpúða([7]),

— Tilskipun ráðsins 74/483/EBE frá 17. september 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi útstæða hluta vélknúinna ökutækja([8]),

— Tilskipun ráðsins 76/114/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um lögboðnar merkiplötur og áletranir á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, staðsetningu þeirra og uppsetningu([9]),

— Tilskipun ráðsins 76/757/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi glitaugu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra([10]),

— Tilskipun ráðsins 76/758/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi breiddarljósker, stöðuhliðarljósker að aftan og framan, hemlaljósker, ljósker fyrir dagljósabúnað og hliðarljósker á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra([11]),

— Tilskipun ráðsins76/759/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stefnuljósabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra([12]),

— Tilskipun ráðsins 76/760/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi númersljós vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra([13]),

— Tilskipun ráðsins 76/761/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðalljós vélknúinna ökutækja sem virka sem háljós og/eða lágljós og varðandi ljósgjafa (glóþráðarperur og aðra ljósgjafa) til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra([14]),

— Tilskipun ráðsins 76/762/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þokuljósker að framan á vélknúnum ökutækjum([15]),

— Tilskipun ráðsins77/538/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þokuljós að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra([16]),

— Tilskipun ráðsins77/539/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi bakkljós á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra([17]),

— Tilskipun ráðsins 77/540/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stöðuljós á vélknúnum ökutækjum([18]),

— Tilskipun ráðsins 77/541/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum([19]),

([5]) Stjtíð. EB L 152, 6.7.1972, bls. 15.
([6]) Stjtíð. EB L 38, 11.2.1974, bls. 22.
([7]) Stjtíð. EB L 221, 12.8.1974, bls. 1
([8]) Stjtíð. EB L 266, 2.10.1974, bls. 4.
([9]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1976, bls. 1.
([10]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 32.
([11]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 54.
([12]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 71.
([13]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 85.
([14]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 96.
([15]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 122.
([16]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 60.
([17]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 72.
([18]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 83.
([19]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 95.

— Tilskipun ráðsins 78/318/EBE frá 21. desember 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þurrku- og sprautubúnað vélknúinna ökutækja([20]),

— Tilskipun ráðsins 78/764/EBE frá 25. júlí 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ökumannssæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum([21]),

— Tilskipun ráðsins 78/932/EBE frá 16. október 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi höfuðpúða á sætum vélknúinna ökutækja([22]),

— Tilskipun ráðsins 86/298/EBE frá 26. maí 1986 um aftanásettar veltigrindur fyrir landbúnaðardráttarvélar á hjólum með lítilli sporvídd ([23]),

— Tilskipun ráðsins 87/402/EBE frá 25. júní 1987 um veltigrindur framan við ökumannssæti á landbúnaðardráttarvélum á hjólum með lítilli sporvídd ([24]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/20/EB frá 30. maí 1994 um vélrænan tengibúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og festingu hans við ökutækin ([25]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/28/EB frá 24. október 1995 varðandi brunaeiginleika efna sem eru notuð við innréttingar á ökutækjum í tilteknum flokkum ([26]).

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB frá 22. maí 2000 um aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflum dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt ([27]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/40/EB frá 26. júní 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um undirakstursvörn að framan fyrir vélknúin ökutæki([28]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/56/EB frá 27. september 2001 um hitakerfi fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra([29]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 um sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk ökumanns([30]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum([31]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum([32]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/97/EB frá 10. nóvember 2003 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á búnaði til að auka sjónsvið og ökutækjum með slíkum búnaði([33]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun)([34]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/57/EB frá 13. júlí 2009 varðandi veltigrindur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt([35]),

([20]) Stjtíð. EB L 81, 28.3.1978, bls. 49.
([21]) Stjtíð. EB L 255, 18.9.1978, bls. 1.
([22]) Stjtíð. EB L 325, 20.11.1978, bls. 1.
([23]) Stjtíð. EB L 186, 8.7.1986, bls. 26.
([24]) Stjtíð. EB L 220, 8.8.1987, bls. 1.
([25]) Stjtíð. EB L 195, 29.7.1994, bls. 1.
([26]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 1.
([27]) Stjtíð. EB L 173, 12.7.2000, bls. 1.
([28]) Stjtíð. EB L 203, 10.8.2000, bls. 9.
([29]) Stjtíð. EB L 292, 9.11.2001, bls. 21.
([30]) Stjtíð. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1.
([31]) Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.
([32]) Stjtíð. EB L 171, 9.7.2003, bls. 1.
([33]) Stjtíð. ESB L 25, 29.1.2004, bls. 1.
([34]) Stjtíð. EB L 263, 9.10.2007, bls. 1.
([35]) Stjtíð. ESB L 261, 3.10.2009, bls. 1.

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/64/EB frá 13. júlí 2009 um deyfingu rafsegultruflana frá dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt (rafsegulsviðssamhæfi)([36]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/75/EB frá 13. júlí 2009 um veltigrindur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt([37]), og

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB frá 30. nóvember 2009 um tiltekna íhluti og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt([38]),

2) á sviði frjálsra flutninga á skófatnaði: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB frá 23. mars 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu([39]).

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Sambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Sambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmála Króatíu og frá og með gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

S. COVENEY

forseti.

([36]) Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 1.
([37]) Stjtíð. ESB L 261, 3.10.2009, bls. 40.
([38]) Stjtíð. EB L 27, 30.1.2010, bls. 33.
([39]) Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 37.

VIÐAUKI

A-HLUTI

VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI

1. Í II. viðauka við tilskipun 70/157/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 4.2, á eftir færslunni fyrir Írland:

„„25“ fyrir Króatíu“.

2. Í II. viðauka við tilskipun 70/221/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 6.2, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

3. Í I. viðauka við tilskipun 70/388/EBE bætist eftirfarandi við textann innan svigans í lið 1.4.1:

„25 fyrir Króatíu“.

4. Í XV. viðauka við tilskipun 71/320/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 4.4.2, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

5. Í I. viðauka við tilskipun 72/245/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 5.2, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu“.

6. Í I. viðauka við tilskipun 74/61/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 5.1.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„—„25” fyrir Króatíu.“

7. Í I. viðauka við tilskipun 74/408/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 6.2.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

8. Í I. viðauka við tilskipun 74/483/EBE bætist eftirfarandi við 1. neðanmálsgrein varðandi lið 3.2.2.2:

„25 fyrir Króatíu“.

9. Í viðaukanum við tilskipun 76/114/EBE bætist eftirfarandi við textann innan sviga í lið 2.1.2:

„25 fyrir Króatíu“.

10. Í I. viðauka við tilskipun 76/757/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 4.2.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

11. Í I. viðauka við tilskipun 76/758/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 5.2.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

12. Í I. viðauka við tilskipun 76/759/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 4.2.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

13. Í I. viðauka við tilskipun 76/760/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 4.2.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

14. Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 76/761/EBE er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi bætist við í skrána undir lið 5.2.1, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu“.

b) eftirfarandi bætist við í skrána undir lið 6.2.1, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu“.

15. Í I. viðauka við tilskipun 76/762/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 4.2.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

16. Í I. viðauka við tilskipun 77/538/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 4.2.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

17. Í I. viðauka við tilskipun 77/539/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 4.2.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

18. Í I. viðauka við tilskipun 77/540/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 4.2.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

19. Í III. viðauka við tilskipun 77/541/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 1.1.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

20. Í I. viðauka við tilskipun 78/318/EBE bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 7.2, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu“.

21. Í II. viðauka við tilskipun 78/764/EBE bætist eftirfarandi við lið 3.5.2.1:

„25 fyrir Króatíu,“.

22. Í VI. viðauka við tilskipun 78/932/EBE bætist eftirfarandi við lið 1.1.1:

„25 fyrir Króatíu,“.

23. Í VI. viðauka við tilskipun 86/298/EBE bætist eftirfarandi við fyrsta undirlið:

„25 fyrir Króatíu,“.

24. Í VII. viðauka við tilskipun 87/402/EBE bætist eftirfarandi við í fyrsta undirlið, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu,“.

25. Í I. viðauka við tilskipun 94/20/EB bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 3.3.4, á eftir færslunni fyrir Portúgal:

„25 fyrir Króatíu,“.

26. Í I. viðauka við tilskipun 95/28/EB bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 6.1.1, á eftir færslunni fyrir Grikkland:

„25 fyrir Króatíu,“.

27. Í 4. viðbæti við I. viðauka við tilskipun 2000/25/EB bætist eftirfarandi við í skrána í 1. þætti 1. liðar, á eftir færslunni fyrir Írland:

„„25“ fyrir Króatíu“.

28. Í I. viðauka við tilskipun 2000/40/EB bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 3.2, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu,“.

29. Í 5. viðbæti við I. viðauka við tilskipun 2001/56/EB bætist eftirfarandi við í skrána í lið 1.1.1, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu,“.

30. Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB er breytt sem hér segir:

a) í lið 7.6.11.1 bætist eftirfarandi við skrána:

„Izlaz u slučaju opasnosti“,

b) í lið 7.7.9.1 bætist eftirfarandi við skrána:

„Autobus se zaustavlja“.

31. Tilskipun 2002/24/EB er breytt sem hér segir:

a) í A-hluta IV. viðauka kemur eftirfarandi í stað 47. liðar á 2. síðu fyrirmyndarinnar:

„47. Gjaldskylda eða innlent/innlend kenninúmer ef við á:

Belgía:	Búlgaría:	Tékkland: .....
Danmörk:	Þýskaland:	Eistland: .....
Írland:	Grikkland:	Spánn: .....
Frakkland:	Króatía:	Ítalía: .....
Kýpur:	Lettland:	Litháen: .....
Lúxemborg:	Ungverjaland:	Malta: .....
Holland:	Austurríki:	Pólland: .....
Portúgal:	Rúmenía:	Slóvenía: .....
Slóvakía:	Finnland:	Svíþjóð: .....
Bretland: .....“		

b) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

i. í 1. lið A-hluta, bætist eftirfarandi við í skrána undir 1. þætti, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu“.

ii. í B-hluta bætist eftirfarandi við í skrána undir lið 1.1, á eftir færslunni fyrir Írland:

„— 25 fyrir Króatíu.“

32. Tilskipun 2003/37/EB er breytt sem hér segir:

a) Í I. viðbæti við C-kafla II. viðauka bætist eftirfarandi við í fyrsta undirlið 1. liðar, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu“.

b) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

i. í stað 16. liðar I. hluta undir „A — Fullbúnar dráttarvélar/dráttarvélar sem eru fullbúnar í áföngum“ komi eftirfarandi:

„16. Gjaldskylda á grundvelli hestafla eða gjald flokkur/flokkar

Belgía:	Búlgaría:	Tékkland: .....
Danmörk:	Þýskaland:	Eistland: .....
Írland:	Grikkland:	Spánn: .....
Frakkland:	Króatía:	Ítalía: .....
Kýpur:	Lettland:	Litháen: .....
Lúxemborg:	Ungverjaland:	Malta: .....
Holland:	Austurríki:	Pólland: .....
Portúgal:	Rúmenía:	Slóvenía: .....
Slóvakía:	Finnland:	Svíþjóð: .....
Bretland: ..... “		

ii. í stað 16. liðar I. hluta undir „B — Eftirvagnar fyrir landbúnað eða skógrækt — fullbúnir / fullbúnir í áföngum“ komi eftirfarandi:

„16. Gjald á grundvelli hestafla eða gjaldflokkur/flokkar (ef við á)

Belgía:	Búlgaría:	Tékkland: .....
Danmörk:	Þýskaland:	Eistland: .....
Írland:	Grikkland:	Spánn: .....
Frakkland:	Króatía:	Ítalía: .....
Kýpur:	Lettland:	Litháen: .....
Lúxemborg:	Ungverjaland:	Malta: .....
Holland:	Austurríki:	Pólland: .....
Portúgal:	Rúmenía:	Slóvenía: .....
Slóvakía:	Finnland:	Svíþjóð: .....
Bretland: .....“		

iii. í stað 16. liðar I. hluta undir „C — Útskiptanleg dregin tæki — fullbúin/fullbúin í áföngum“ komi eftirfarandi:

„16. Gjald á grundvelli hestafla eða gjaldflokkur/flokkar (ef við á)

Belgía:	Búlgaría:	Tékkland:
Danmörk:	Þýskaland:	Eistland:
Írland:	Grikkland:	Spánn:
Frakkland:	Króatía:	Ítalía:
Kýpur:	Lettland:	Litháen:
Lúxemborg:	Ungverjaland:	Malta:
Holland:	Austurríki:	Pólland:
Portúgal:	Rúmenía:	Slóvenía:
Slóvakía:	Finnland:	Svíþjóð:
Bretland: “		

iv. í stað 16. liðar II. hluta undir „A — Eftirvagnar fyrir landbúnað eða skógrækt — ófullbúnir“ komi eftirfarandi:

„16. Gjald á grundvelli hestafla eða gjaldflokkur/flokkar (ef við á)

Belgía:	Búlgaría:	Tékkland: .....
Danmörk:	Þýskaland:	Eistland: .....
Írland:	Grikkland:	Spánn: .....
Frakkland:	Króatía:	Ítalía: .....
Kýpur:	Lettland:	Litháen: .....
Lúxemborg:	Ungverjaland:	Malta: .....
Holland:	Austurríki:	Pólland: .....
Portúgal:	Rúmenía:	Slóvenía:.....
Slóvakía:	Finnland:	Svíþjóð: .....
Bretland: .....“		

v. í stað 16. liðar II. hluta undir „B — Útskiptanleg dregin tæki — ófullbúin“ komi eftirfarandi:

„16. Gjald á grundvelli hestafla eða gjaldflokkur/flokkar (ef við á)

Belgía:	Búlgaría:	Tékkland: .....
Danmörk:	Þýskaland:	Eistland: .....
Írland:	Grikkland:	Spánn: .....
Frakkland:	Króatía:	Ítalía: .....
Kýpur:	Lettland:	Litháen: .....
Lúxemborg:	Ungverjaland:	Malta: .....
Holland:	Austurríki:	Pólland: .....
Portúgal:	Rúmenía:	Slóvenía: .....
Slóvakía:	Finnland:	Svíþjóð: .....
Bretland:.....“		

33. Í 5. viðbæti við I. viðauka við tilskipun 2003/97/EB bætist eftirfarandi við lið 1.1.1, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu,“.

34. Ákvæðum VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

a) í 1. þætti 1. liðar, bætist eftirfarandi við í skrána , á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu,“.

b) í lið 1.1. í viðbætinum, bætist eftirfarandi við í skrána , á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu“.

35. Í I. viðauka við tilskipun 2009/57/EB bætist eftirfarandi við í skrána í fyrstu málsgrein, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu“.

36. Í I. viðauka við tilskipun 2009/64/EB bætist eftirfarandi við í skrána yfir auðkennisnúmer undir lið 5.2, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu,“.

37. Í I. viðauka við tilskipun 2009/75/EB bætist eftirfarandi við í skrána í fyrstu málsgrein, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu“.

38. Tilskipun 2009/144/EB er breytt sem hér segir:

a) í III. viðauka A, bætist eftirfarandi við í 1. neðanmálsgrein við lið 5.4.1, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu“.

b) í 4. viðbæti við VII. viðauka bætist eftirfarandi við í fyrsta undirlið, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu,“.

c) í V. viðauka bætist eftirfarandi við í skrána yfir auðkennandi tákn undir lið 2.1.3, á eftir færslunni fyrir Írland:

„25 fyrir Króatíu,“.

B-HLUTI

SKÓFATNAÐUR

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 94/11/EB er breytt sem hér segir:

a) Lið 1 er breytt sem hér segir:

i. í a-lið bætist eftirfarandi við skrána yfir „skriflegar upplýsingar“:

„HR.....Gornjište“,

ii. í b-lið bætist eftirfarandi við skrána yfir „skriflegar upplýsingar“:

„HR.....Podstava i uložna tabanica“

iii. í c-lið bætist eftirfarandi við skrána yfir „skriflegar upplýsingar“:

„HR.....Potplat (donjište)“

b) Lið 2 er breytt sem hér segir:

i. í i. lið a-liðar bætist eftirfarandi við skrána yfir „skriflegar upplýsingar“:

„HR.....Koža“

ii. í ii. lið a-liðar bætist eftirfarandi við skrána yfir „skriflegar upplýsingar“:

„HR.....Koža korigiranog lica“

iii. í b-lið bætist eftirfarandi við skrána yfir „skriflegar upplýsingar“:

„HR.....Tekstil“,

iv. í c-lið bætist eftirfarandi við skrána yfir „skriflegar upplýsingar“:

„HR.....Drugi materijali“.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/17/ESB **2014/EES/54/74**

frá 13. maí 2013

um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði umhverfismála vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 50. gr. laganna um aðild Króatíu ætti ráðið, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ef þörf er aðlögunar vegna aðildar á gerðum stofnananna frá því fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í aðildarlögunum eða í viðaukum við þau, að samþykkja nauðsynlegar gerðir í þessu skyni ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgerðar og uppfærðar ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Því ber að breyta tilskipunum 92/43/EBE([1]), 2001/81/EB([2]) og 2009/147/EB([3]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipunum 92/43/EBE, 2001/81/EB og 2009/147/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Evrópusambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Evrópusambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Króatíu og á gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

S. COVENEY

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 193. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni (Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 22).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla (Stjtíð. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7).

VIÐAUKI

A-HLUTI

EFTIRLIT MEÐ MENGUN FRÁ IÐNAÐI OG ÁHÆTTUSTJÓRNUN

Tilskipun 2001/81/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

„*I. VIÐAUKI*

LANDSBUNDIN, EFRI MÖRK LOSUNAR FYRIR SO2, NOx, ROKGJÖRN LÍFRÆN EFNASAMBÖND OG NH3, SEM SKAL NÁ FYRIR 2010([1])

Land	SO_2 Kílótonn	NO_x Kílótonn	Rokgjörn, lífræn efnasambönd Kílótonn	NH_3 Kílótonn
Belgía	99	176	139	74
Búlgaría([2])	836	247	175	108
Tékkland	265	286	220	80
Danmörk	55	127	85	69
Þýskaland	520	1051	995	550
Eistland	100	60	49	29
Írland	42	65	55	116
Grikkland	523	344	261	73
Spánn	746	847	662	353
Frakkland	375	810	1050	780
Króatía([3])	70	87	90	30
Ítalía	475	990	1159	419
Kýpur	39	23	14	9
Lettland	101	61	136	44
Litháen	145	110	92	84
Lúxemborg	4	11	9	7
Ungverjaland	500	198	137	90
Malta	9	8	12	3
Holland	50	260	185	128
Austurríki	39	103	159	66
Pólland	1397	879	800	468
Portúgal	160	250	180	90
Rúmenía([2])	918	437	523	210

Land	SO_2 Kílótonn	NO_x Kílótonn	Rokgjörn, lífræn efnasambönd Kílótonn	NH_3 Kílótonn
Slóvenía	27	45	40	20
Slóvakía	110	130	140	39
Finnland	110	170	130	31
Svíþjóð	67	148	241	57
Bretland	585	1167	1200	297
ESB 28	8367	9090	8938	4324

([1]) Þessi landsbundnu, efri mörk losunar eru ákveðin með það að markmiði að uppfylla í aðalatriðum þau bráðabirgðaumhverfismarkmið sem sett eru fram í 5. gr. Með uppfyllingu þessara markmiða er búist við að svo mikið dragi úr ofauðgun jarðvegs að það svæði Sambandsins, þar sem ákoma köfnunarefnis, sem hefur næringargildi, er yfir hættuálagi muni minnka sem nemur um 30% miðað við stöðuna árið 1990.
([2]) Þessi landsbundnu, efri mörk losunar eru tímabundin og með fyrirvara um endurskoðun skv. 10. gr. þessarar tilskipunar, sem á að ljúka árið 2008.
([3]) Landsbundin, efri mörk losunar fyrir Króatíu eiga að nást eigi síðar en við aðild landsins að Sambandinu.“.

2) Í stað töflunnar í II. viðauka komi eftirfarandi:

	„SO_2 Kílótonn	NO_x Kílótonn	Rokgjörn, lífræn efnasambönd Kílótonn
ESB 28([1])	7902	8267	7675“

([1]) Þessi efri mörk losunar eru tímabundin og með fyrirvara um endurskoðun skv. 10. gr. þessarar tilskipunar, sem á að ljúka árið 2008.

B-HLUTI

NÁTTÚRUVERND

1) Tilskipun 92/43/EBE er breytt sem hér segir:

a) Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

VISTGERÐIR SEM ERU MIKILVÆGAR FYRIR BANDALAGIÐ OG SEM ÚTHEIMTA AÐ SÉRSTÖK VARÐVEISLUSVÆÐI VERÐI TILNEFND TIL AÐ VARÐVEITA ÞÆR

Túlkun

Leiðbeiningar um túlkun á tegundum vistgerða er að finna í túlkunarhandbók um vistgerðir í Evrópusambandinu (*Interpretation Manual of European Union Habitats*) sem nefndin, sem komið var á fót skv. 20. gr. („vistgerðanefndin“), samþykkti og Evrópusambandið birti ([+]).

Kóðinn svarar til kóða Evrópunets verndarsvæða (Natura 2000).

Táknið „*“ merkir forgangsvistgerðir.

1. VISTGERÐIR Á STRANDSVÆÐUM OG MEÐ SELTUÞOLNUM PLÖNTUM

11. **Opið haf og svæði milli flóðmarka**

1110 Sandrif sem eru alltaf lítillega undir yfirborði sjávar

1120 *Vaxtarsvæði með *Posidonia (Posidonion oceanicae)*

1130 Árósar

(+) *Interpretation Manual of European Union Habitats*, útgáfa EUR 15/2, samþykkt af vistgerðanefndinni 4. október 1999 og *Amendments to the “Interpretation Manual of European Union Habitats” with a view to EU enlargement* (Hab. 01/11b-rev. 1), samþykkt af vistgerðanefndinni 24. apríl 2002 eftir skriflegt samráð, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, aðalskrifstofa umhverfismála.

1140 Leirur og sandfjörur sem ekki eru undir sjó á lágflæði

1150 * Sjávarlón

1160 Stórir, grunnir vogar og flóar

1170 Rif

1180 Neðansjávarmyndanir sem verða til þar sem lofttegundir streyma upp

12. **Brimklif og malarfjörur eða grýttar strendur**

1210 Einær gróður á rekslóðum (e. *drift lines*)

1220 Fjölær gróður á grýttum bökkum

1230 Brimklif vaxin gróðri við strendur Atlantshafs og Eystrasalts

1240 Brimklif vaxin gróðri við strendur Miðjarðarhafs (með einlendum *Limonium* spp.)

1250 Brimklif vaxin gróðri við strendur Makarónesíu (með einlendri flóru)

13. **Sjávarfitjar og saltengi (e. *salt meadows*) við Atlantshaf og inn til landsins**

1310 Plöntur af ættkvíslinni *Salicornia* og aðrar einærar plöntur sem vaxa í eðju og sandi

1320 Svörður *(Spartinion maritimae)*

1330 Saltengi við Atlantshaf (*Glauco-Puccinellietalia maritimae*)

1340 * Saltengi inni í landi

14. **Sjávarfitjar og saltengi við Miðjarðarhaf og á heitum ströndum við Atlantshaf**

1410 Saltengi við Miðjarðarhaf (*Juncetalia maritimi*)

1420 Saltkærir runnar á Miðjarðarhafssvæðinu og heitum svæðum Atlantshafsins (*Sarcocornetea fruticosi*)

1430 Salt- og köfnunarefniskærir runnar (*Pegano-Salsoletea*)

15. **Salt- og gifssteppur inn til landsins**

1510 * Saltsteppur á Miðjarðarhafssvæðinu (*Limonietalia*)

1520 * Gróður á gifsríku landi á Íberíuskaga (*Gypsophiletalia*)

1530 * Pannóníska saltsteppur og sjávarfitjar

16. **Eyjaklasar, strandsvæði og landrissvæði á og við Eystrasalt í svaltempraða beltinu**

1610 Malarásaeyjar með sand-, malar- og klettafjörugróðri og grunnsævisgróðri á Eystrasalti

1620 Hólmar og smáeyjar á Eystrasalti í svaltempraða beltinu.

1630 * Strandengi við Eystrasalt í svaltempraða beltinu

1640 Sandfjörur með fjölærum gróðri við Eystrasalt í svaltempraða beltinu

1650 Þröngar víkur við Eystrasalt í svaltempraða beltinu

2. SANDÖLDUR MEÐ STRÖNDUM OG INN TIL LANDSINS

21. **Sandöldur með ströndum Atlantshafs, Norðursjávar og Eystrasalts**

2110 Kvikar sandöldur í myndun

2120 Foksandöldur með ströndum með sandhólapunti (*Ammophila arenaria)* („hvítar sandöldur“)

2130 * Fastar sandöldur með jurtkenndum gróðri („gráar sandöldur“)

2140 * Úrkalkaðar, fastar sandöldur með krækilyngi *(Empetrum nigrum*)

2150 * Úrkalkaðar, fastar sandöldur á Atlantshafssvæði *(Calluno-Ulicetea)*

2160 Sandöldur með hafþyrni *(Hippophaë rhamnoides*)

2170 Sandöldur með sandvíði (*Salix repens* ssp. *argentea* (*Salicion arenariae*))

2180 Skógi vaxnar sandöldur við Atlantshaf, inn til landsins og á svaltempruðum svæðum

2190 Rakar sandöldulægðir

21A0 Strandhagar (* á Írlandi)

22. **Sandöldur með ströndum Miðjarðarhafsins**

2210 Sandöldur í fjörum, bundnar af *Crucianellion maritimae*

2220 Sandöldur með foldarmjólk (*Euphorbia terracina*)

2230 Sandöldugraslendi með *Malcolmietalia*

2240 Sandöldugraslendi með *Brachypodietalia* og einærum plöntum

2250 * Strandöldur með ströndum með einitegundum (*Juniperus* spp.)

2260 Sandöldur með harðblaða runnum *(Sisto-Lavenduletalia*)

2270 * Sandöldur vaxnar skógi með hjálmfuru *(Pinus pinea)* og/eða strandfuru *(Pinus pinaster)*

23. **Sandöldur inn til landsins, gamlar og úrkalkaðar**

2310 Þurrar, sendnar heiðar með beitilyngi (*Calluna*) og hrísi (*Genista*)

2320 Þurrar sendnar heiðar með beitilyngi (*Calluna*) og krækiberjalyngi (*Empetrum nigrum*)

2330 Sandöldur inn til landsins með opnu graslendi með sandgresi (*Corynephorus)* og língresi (*Agrostis)*

2340 * Pannónískar sandöldur inn til landsins

3. FERSKVATNSVISTGERÐIR

31. **Kyrrstætt vatn**

3110 Næringarsnauð, steinefnarýr stöðuvötn á sendnum sléttum (*Littorelletalia uniflorae*)

3120 Næringarsnauð, steinefnarýr stöðuvötn, yfirleitt á sendnum sléttum á vestanverðu Miðjarðarhafssvæðinu með elftingartegundum (*Isoetes* spp.)

3130 Næringarsnautt eða miðlungi næringarríkt kyrrstætt vatn með gróðri með *Littorelletea uniflorae* og/eða *Isoëto-Nanojuncetea*

3140 Næringarsnauð eða miðlungi næringarrík stöðuvötn með hörðu vatni með botngróðri af *Chara* spp.

3150 Náttúruleg, næringarrík vötn með gróðri af *Magnopotamion*- eða *Hydrocharition*-gerð

3160 Náttúruleg, súr, morug stöðuvötn og tjarnir með uppleystu moldarefni

3170 * Tímabundnar tjarnir á Miðjarðarhafssvæðinu

3180 * Hverful stöðuvötn

3190 Stöðuvötn á karstsvæðum (e. *gypsum karst*)

Tékkland				
Ungverjaland				
Bretland				
Kýpur				

Ef ekkert yfirvald er gefið upp hefur hlutaðeigandi land ekki tilgreint neitt lögbært yfirvald.“

— Í 4. lið bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Írland:

„Króatía

Númer	Heiti	Heimilisfang	Símanúmer	Tölvupóstfang
Ef ekkert samþykkt fyrirtæki er tilgreint hefur ekkert fyrirtæki fengið samþykki í þessu landi.“				

TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/23/ESB **2014/EES/54/79**

frá 13. maí 2013

um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði fjármálaþjónustu vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með hliðsjón af 50. gr. laga um aðild Króatíu, ef þörf er aðlögunar, vegna aðildarinnar, á gerðum sem stofnanirnar samþykktu fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í þeim lögum um aðild eða viðaukum við þau skal ráðið, með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja í þessu skyni nauðsynlegar gerðir, ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgera þær og uppfæra, ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Því ætti að breyta tilskipunum 73/239/EBE([1]), 2002/83/EB([2]), 2005/68/EB([3]) og 2009/138/EB[4] til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipunum 73/239/EBE, 83/2002/EBE, 2005/68/EB og 2009/138/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Sambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Sambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 362. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmála Króatíu og frá og með gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

S. COVENEY

forseti.

VIÐAUKI

1. Í a-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 73/239/EBE bætist eftirfarandi við:

„— í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo , „društvo za uzajamno osiguranje. , .

2. Tilskipun 2002/83/EB er breytt sem hér segir:

a) í a-lið 1. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo , „društvo za uzajamno osiguranje , ,

b) á eftir fimmta undirlið 3. mgr. 18. gr. bætist eftirfarandi við:

„—1. júlí 2013 að því er varðar félög með starfsleyfi í Króatíu, og”.

3. Í I. viðauka við tilskipun 2005/68/EB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo. , .

4. Tilskipun 2009/138/EB er breytt sem hér segir:

a) í fyrsta undirlið 5. mgr. 73. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„ea) 1. júlí 2013, að því er varðar félög með starfsleyfi í Króatíu,”,

b) ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

i. í A-hluta er eftirfarandi lið bætt við:

„10a) í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo , „društvo za uzajamno osiguranje. ,

ii. í B-hluta er eftirfarandi lið bætt við:

„10a) í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo , „društvo za uzajamno osiguranje. ,

iii. í C-hluta er eftirfarandi lið bætt við:

„10a) í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo. , .

TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/24/ESB **2014/EES/54/79**

frá 13. maí 2013

um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði félagaréttar vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RAÐ EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með hliðsjón af 50. gr. laga um aðild Króatíu, ef aðlögunar er þörf, vegna aðildarinnar, á gerðum sem stofnanirnar samþykktu fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í þeim lögum um aðild eða viðaukum við þau skal ráðið, með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja í þessu skyni nauðsynlegar gerðir, ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgera þær og uppfæra, ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Því ætti að breyta tilskipunum 78/660/EBE([1]), 83/349/EBE([2]), 2009/101/EB([3]), 2009/102/EB([4]), 2011/35/ESB([5]) og 2012/30/ESB([6]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE, 2009/101/EB, 2009/102/EB, 2011/35/ESB og 2012/30/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 365. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 byggð á g-lið 2. mgr. 50. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11). Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar 78/660/EBE hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

([2]) Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983, byggð á g-lið 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um samstæðureikningsskil (Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1). Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar 83/349/EBE hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11). Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar nr. 2009/101/EB hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í aðra málsgrein 48. gr. sáttmálans.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/102/EB frá 16. september 2009 á sviði félagaréttar um einkahlutafélög eins aðila (Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 20).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/35/ESB frá 5. apríl 2011 um samruna hlutafélaga (Stjtíð. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB frá 25. október 2012 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtíð. ESB L 315, 14.11. 2012, bls. 74).

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Sambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Sambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmála Króatíu og frá og með gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

S. COVENEY

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

FÉLAGARÉTTUR

1. Í 1. gr. tilskipunar 2009/101/EB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— Króatía:

dioničko društvo, društvo s ograničenom odgovornošću, .

2. Í I. viðauka við tilskipun 2009/102/EB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— Króatía:

„društvo s ograničenom odgovornošću, dioničko društvo, .

3. Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2011/35/ESB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— Króatía:

— dioničko društvo, .

4. Í I. viðauka við tilskipun 2012/30/ESB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— Króatía:

dioničko društvo, .

B-HLUTI

REIKNINGSSKILASTAÐLAR

1. Ákvæðum 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 78/660/EBE er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið:

„— í Króatíu:

dioničko društvo, društvo s ograničenom odgovornošću. ,

b) eftirfarandi málsliður bætist við aðra undirgrein:

„ab) í Króatíu:

javno trgovačko društvo, komanditno društvo, .

2. Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 83/349/EBE bætist eftirfarandi við fyrstu undirgrein:

„ab) *í Króatíu:*

dioničko društvo, društvo s ograničenom odgovornošću. .

_____

TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/25/ESB **2014/EES/54/81**

frá 13. maí 2013

um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 50. gr. aðildarlaga Króatíu skal ráðið, í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt reynist vegna aðildarinnar að aðlaga gerðir frá stofnununum sem samþykktar voru fyrir aðild og ekki er kveðið á um nauðsynlegar aðlaganir í þeim aðildarlögum eða viðaukum við þau, samþykkja í þessu skyni, með auknum meirihluta, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, nauðsynlegar gerðir ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgerðar og uppfærðar ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Því ætti að breyta tilskipunum 74/557/EBE([1]), 77/249/EBE([2]), 98/5/EB([3]) and 2005/36/EB([4]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipunum 74/557/EBE, 77/249/EBE, 98/5/EB og 2005/36/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Sambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Sambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 368. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Tilskipun ráðsins 74/557/EBE frá 4. júní 1974 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga og milliliða til að veita þjónustu á sviði verslunar með og dreifingar á eiturefnum (Stjtíð. EB L 307, 18.11.1974, bls. 5).

([2]) Tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu (Stjtíð. EB L 78, 26.3.1977, bls. 17).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998 um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi (Stjtíð. EB L 77, 14. 3.1998, bls. 36).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmála Króatíu og frá og með gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,
S. COVENEY
forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

GAGNKVÆM VIÐURKENNING Á STARFSMENNTUN OG HÆFI

Tilskipun 2005/36/EB er breytt sem hér segir:

1) Í fyrstu undirgrein 2. mgr. 49. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„ba) 1. júlí að því er varðar Króatíu“.

2) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þætti V.1 er breytt sem hér segir:

i. Í töflunni í lið 5.1.1 bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Hrvatska	Diploma “doktor medicine/doktorica medicine”	Medicinski fakulteti sveučilišta u Republici Hrvatskoj		1. júlí 2013“

ii. Í töflunni í lið 5.1.2 bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Hrvatska	Diploma o specijalističkom usavršavanju	Ministarstvo nadležno za zdravstvo	1. júlí 2013“

iii. Í töflunni í lið 5.1.3 bætist eftirfarandi færslur við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

— Í töflunni fyrir „Svæfingalækningar“ og „Almennar skurðlækningar“:

„Hrvatska	Anesteziologija, reanimatologija i intenzivna medicina	Opća kirurgija“

— Í töflunni fyrir „Taugaskurðlækningar“ og „Fæðinga- og kvenlækningar“:

„Hrvatska	Neurokirurgija	Ginekologija i opstetricija“

— Í töflunni fyrir „Lyflækningar“ og „Augnlækningar“:

„Hrvatska	Opća interna medicina	Oftalmologija i optometrija“

— Í töflunni fyrir „Háls-, nef- og eyrnalækningar“ og „Barnalækningar“:

„Hrvatska	Otorinolaringologija	Pedijatrija“

— Í töflunni fyrir „Lungnalækningar“ og „Þvagfæraskurðlækningar“:

„Hrvatska	Pulmologija	Urologija“

— Í töflunni fyrir „Bæklunarskurðlækningar“ og „Líffærameinafræði“:

„Hrvatska	Ortopedija i traumatologija	Patologija“

— Í töflunni fyrir „Taugalækningar“ og „Geðlækningar“:

„Hrvatska	Neurologija	Psihijatrija“

— Í töflunni fyrir „Geislagreiningu“ og „Geislameðferð“:

„Hrvatska	Klinička radiologija	Onkologija i radioterapija“

— Í töflunni fyrir „Lýtalækningar“ og „Klínískа líffræði“:

„Hrvatska	Plastična, rekonstrukcijska i estetska kirurgija“	

— Í töflunni fyrir „Örveru- og gerlafræði“ og „Lífefnafræði“:

„Hrvatska	Klinička mikrobiologija“	

— Í töflunni fyrir „Ónæmisfræði“ og „Brjóstholsskurðlækningar“:

„Hrvatska	Alergologija i klinička imunologija“	

— Í töflunni fyrir „Barnaskurðlækningar“ og „Æðaskurðlækningar“:

„Hrvatska	Dječja kirurgija	Vaskularna kirurgija“

— Í töflunni fyrir „Hjartalækningar“ og „Meltingarfæralækningar“:

„Hrvatska	Kardiologija	Gastroenterologija“

— Í töflunni fyrir „Gigtarlækningar“ og „Almenna blóðmeinafræði“:

„Hrvatska	Reumatologija	Hematologija“

— Í töflunni fyrir „Efnaskipta- og innkirtlalækningar“ og „Endurhæfingalækningar“:

„Hrvatska	Endokrinologija i dijabetologija	Fizikalna medicina i rehabilitacija“

— Í töflunni fyrir „Taugageðlækningar“ og „Húð- og kynsjúkdómalækningar“:

„Hrvatska		Dermatologija i venerologija“

— Í töflunni fyrir „Geislalækningar“ og „Barnageðlækningar“:

„Hrvatska	Klinička radiologija	Dječja i adolescentna psihijatrija“

— Í töflunni fyrir „Öldrunarlækningar“ og „Nýrnalækningar“:

„Hrvatska		Nefrologija“

— Í töflunni fyrir „Smitsjúkdóma“ og „Félagslækningar“:

„Hrvatska	Infektologija	Javnozdravstvena medicina“

— Í töflunni fyrir „Lyfjafræði“ og „Atvinnusjúkdómalækningar“:

„Hrvatska	Alergologija i klinička imunologija	Medicina rada i športa“

— Í töflunni fyrir „Ofnæmislækningar“ og „Geislalæknisfræði“:

„Hrvatska	Alergologija i klinička imunologija	Nuklearna medicina“

— Í töflunni fyrir „Kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði)“:

„Hrvatska	Maksilofacijalna kirurgija“

— Í töflunni fyrir „Blóðmeinafræði“:

„Hrvatska“	

— Í töflunni fyrir „Munnfræði“ og „Húðsjúkdómafræði“:

„Hrvatska“		

— Í töflunni fyrir „Kynsjúkdómafræði“ og „Hitabeltissjúkdómafræði“:

„Hrvatska“		

— Í töflunni fyrir „Meltingarfæraskurðlækningar“ og „Slysa- og bráðalækningar“:

„Hrvatska	Abdominalna kirurgija	Hitna medicina“

— Í töflunni um „Klíníska taugalífeðlisfræði“ og „Tann-, munn- og kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði og tannlækningum)“:

„Hrvatska“		

— Í töflunni fyrir „Krabbameinslækningar“ og „Læknisfræðilega erfðafræði“:

„Hrvatska“		

iv. Í töflunni í lið 5.1.4 bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Hrvatska	Diploma o specijalističkom usavršavanju	specijalist obiteljske medicine	1. júlí 2013“

b) Í töflunni í lið 5.2.2 í þætti V.2 bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Hrvatska	1. Svjedodžba “medicinska sestra opće njege/ medicinski tehničar opće njege 2. Svjedodžba “prvostupnik (”*“baccalaureus)”*“ sestrinstva/ prvostupnica (”*“baccalaurea”*“) sestrinstva”	1. Srednje strukovne škole koje izvode program za stjecanje kvalifikacije “medicinska sestra opće njege/ medicinski tehničar opće njege 2. Medicinski fakulteti sveučilišta u Republici Hrvatskoj Sveučilišta u Republici Hrvatskoj Veleučilišta u Republici Hrvatskoj	1. medicinska sestra opće njege/ medicinski tehničar opće njege 2 prvostupnik (*baccalaureus)* sestrinstva/ prvostupnica *(baccalaurea*) sestrinstva	1. júlí 2013“

c) Í töflunni í lið 5.3.2 í þætti V.3 bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Hrvatska	Diploma “doktor dentalne medicine/ doktorica dentalne medicine”	Medicinski fakulteti sveučilišta u Republici Hrvatskoj		doktor dentalne medicine/ doktorica dentalne medicine	1. júlí 2013“

d) Í töflunni í lið 5.4.2 í þætti V.4 bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Hrvatska	Diploma “doktor veterinarske medicine/ doktorica veterinarske medicine”	Veterinarski fakultet Sveučilišta u Zagrebu		1. júlí 2013“

e) Í töflunni í lið 5.5.2 í þætti V.5 bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Hrvatska	Svjedodžba “prvostupnik (*baccalaureus)* primaljstva/sveučilišna prvostupnica *(baccalaurea*) primaljstva”	Medicinski fakulteti sveučilišta u Republici Hrvatskoj Sveučilišta u Republici Hrvatskoj Veleučilišta i visoke škole u Republici Hrvatskoj	prvostupnik *(baccalaureus)* primaljstva/ prvostupnica *(baccalaurea)* primaljstva	1. júlí 2013“

f) Í töflunni í lið 5.6.2 í þætti V.6 bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Hrvatska	Diploma “magistar farmacije/magistra farmacije”	— Farmaceutsko-biokemijski fakultet Sveučilišta u Zagrebu — Medicinski fakultet Sveučilišta u Splitu — Kemijsko-tehnološki fakultet Sveučilišta u Splitu		1. júlí 2013“

g) Í töflunni í lið 5.7.1 í þætti V.7 bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Hrvatska“				

3) Í VI. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Hrvatska	— Diploma “magistar inženjer arhitekture i urbanizma/magistra inženjerka arhitekture i urbanizma sem er veitt af Arhitektonski fakultet Sveučilišta u Zagrebu — Diploma “magistar inženjer arhitekture/magistra inženjerka arhitekture sem er veitt af Gra evinsko-arhitektonski fakultet Sveučilišta u Splitu — Diploma “magistar inženjer arhitekture/magistra inženjerka arhitekture sem er veitt af Fakultet gra evinarstva, arhitekture i geodezije Sveučilišta u Splitu — Diploma “diplomirani inženjer arhitekture sem er veitt af Arhitektonski fakultet Sveučilišta u Zagrebu — Diploma “diplomirani inženjer arhitekture/diplomirana inženjerka arhitekture sem er veitt af Gra evinsko-arhitektonski fakultet Sveučilišta u Splitu — Diploma “diplomirani inženjer arhitekture/diplomirana inženjerka arhitekture sem er veitt af Fakultet gra evinarstva, arhitekture i geodezije Sveučilišta u Splitu — Diploma “diplomirani arhitektonski inženjer sem er veitt af Arhitektonski fakultet Sveučilišta u Zagrebu — Diploma “inženjer sem er veitt af Arhitektonski fakultet Sveučilišta u Zagrebu — Diploma “inženjer sem er veitt af Arhitektonsko-gra evinsko-geodetski fakultet Sveučilišta u Zagrebu fyrir nám sem er lokið við Arhitektonski odjel Arhitektonsko-gra evinsko-geodetskog fakulteta — Diploma “inženjer sem er veitt af Tehnički fakultet Sveučilišta u Zagrebu fyrir nám sem er lokið við Arhitektonski odsjek Tehničkog fakulteta — Diploma “inženjer sem er veitt af Tehnički fakultet Sveučilišta u Zagrebu fyrir nám sem er lokið við Arhitektonsko-inženjerski odjel Tehničkog fakulteta — Diploma “inženjer arhitekture sem er veitt af Arhitektonski fakultet Sveučilišta u Zagrebu Öll prófskírteinum verður að fylgja vottorð um aðild að króatíska arkitektafélaginu (Hrvatska komora arhitekata) sem króatíska arkitektafélagið í Zagreb gefur út	Þriðja skólaár eftir aðild“

B-HLUTI

STARFSGREINAR LÖGMANNA

1) Í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/249/EBE bætist eftirfarandi við:

„Króatía: Odvjetnik/Odvjetnica.“

2) Í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/5/EB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía: Odvjetnik/Odvjetnica“.

C-HLUTI

VIÐSKIPTI MEÐ EITUREFNI OG DREIFING ÞEIRRA

Eftirfarandi bætist við í viðaukann við tilskipun 74/557/EBE:

„— Króatía:

1. Íðefni/eiturefni sem falla undir efnalögin (OG 150/05, 53/08, 49/11) og reglur samþykktar á grundvelli þeirra laga.

2. Plöntuvarnarefni sem falla undir lögin um plöntuvarnarefni (OG 70/05) og reglur samþykktar á grundvelli þeirra laga.“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/26/ESB **2014/EES/54/82**

frá 8. febrúar 2013

um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði stefnu er varðar öryggi matvæla og heilbrigði dýra og plantna vegna aðildar Króatíu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Lýðveldisins Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Lýðveldisins Króatíu, einkum 50.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ef gerðir stofnananna sem samþykktar voru fyrir aðild þarfnast aðlögunar vegna aðildar en ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í aðildarlögunum eða viðaukunum við þau skal framkvæmdastjórnin, skv. 50. gr. aðildarlaganna, samþykkja nauðsynlegar gerðir í þessu skyni hafi framkvæmdastjórnin samþykkt upprunalegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmálinn var saminn, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgerðar og uppfærðar ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Því ber að breyta tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB([1]) og 2006/141/EB([2]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipunum 1999/21/EB og 2006/141/EB er breytt í samræmi við viðaukann.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Evrópusambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Evrópusambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Lýðveldisins Króatíu og á gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 376. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1.

VIÐAUKI

STEFNA ER VARÐAR ÖRYGGI MATVÆLA, HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA

LÖGGJÖF UM ÖRYGGI MATVÆLA

1. 31999 L 0021: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29):

Í stað skrárinnar í 1. mgr. 4. gr. sem hefst á „á búlgörsku“ og endar á „medicinska ändamål“ komi eftirfarandi skrá:

„— á búlgörsku:

„Диетични храни за специални медицински цели“

— á spænsku:

„Alimento dietético para usos médicos especiales“

— á tékknesku:

„Dietní potravina určená pro zvláštní lékařské účely“

— á dönsku:

„Levnedsmiddel/Levnedsmidler til særlige medicinske formål“

— á þýsku:

„Diätetisches/Diätetische Lebensmittel für besondere medizinische

Zwecke (Bilanzierte Diäten)“

— á eistnesku:

„Toit meditsiinilisel näidustusel kasutamiseks“

— á grísku:

„Διαιτητικά τρόφιμα για ειδικούς ιατρικούς σκοπούς“

— á ensku:

„Food(s) for special medical purposes“

— á frönsku:

„Aliment(s) diététique(s) destiné(s) a des fins médicales spéciales“

— á króatísku:

„Hrana za posebne medicinske potrebe“

— á ítölsku:

„Alimento dietetico destinato a fini medici speciali“

— á lettnesku:

„Diētiskā pārtika cilvēkiem ar veselības traucējumiem“

— á litháísku:

„Specialios medicininės paskirties maisto produktai“

— á ungversku:

„Speciális – gyógyászati célra szánt – tápszer“

— á maltnesku:

„Ikel dijetetiku għal skopijiet mediċi speċifiċi“

— á hollensku:

„Dieetvoeding voor medisch gebruik“

— á pólsku:

„Dietetyczne środki spożywcze specjalnego przeznaczenia medycznego“

— á portúgölsku:

„Produto dietético de uso clínico“

— á rúmensku:

„Alimente dietetice pentru scopuri medicale speciale“

— á slóvakísku:

„dietetická potravina na osobitné lekárske účely“

— á slóvensku:

„Dietno (dietetično) živilo za posebne zdravstvene namene“

— á finnsku:

„Kliininen ravintovalmiste/kliinisiä ravintovalmisteita“

— á sænsku:

„Livsmedel för speciella medicinska ändamål“.

2. 32006 L 0141: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1):

a) Í skránni í 11. gr. sem hefst á „— á búlgörsku“ og endar á „Tillskottsnäring“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir frönsku:

„— *á króatísku:* „“početna hrana za dojenčad“ og „prijelazna hrana za dojenčad“,“

b) Í skránni í 12. gr. sem hefst á „— á búlgörsku“ og endar á „Tillskottsnäring uteslutande baserad på mjölk“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir frönsku:

„— *á króatísku:* „početna mliječna hrana za dojenčad“ og „prijelazna mliječna hrana za dojenčad“,“.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
frá 14. júní 2013

2014/EES/54/83

um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu vegna aðildar Króatíu

(tilkynnt með númeri C(2013) 3474)

(2013/290/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu([1]) er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir ráðsins 91/496/EBE ([2]) og 97/78/EB ([3]), og í II. viðauka við hana er mælt fyrir um skrá yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfinu).

2) Ákvörðun 2009/821/EB, sem framkvæmdastjórnin samþykkti, gildir fram yfir 1. júlí 2013 og því er nauðsynlegt, vegna aðildar Króatíu, að aðlaga hana. Ekki er kveðið á um nauðsynlegar aðlaganir í lögum um aðild Króatíu ([4]) og því er nauðsynlegt að samþykkja þær með þessari ákvörðun, áður en til aðildar kemur, svo unnt sé að beita þeim frá og með aðildardegi.

3) Stækkunarferlið mun hafa í för með sér umtalsverða breytingu á landamærum nýja Sambandsins við aðliggjandi þriðju lönd, landamæri að sjó munu ná yfir fleiri hafsstrendur við Miðjarðarhafið og einn alþjóðlegur flugvöllur mun bætast við.

4) Tillögunar, sem settar hafa verið fram um staðsetningu skoðunarstöðva á landamærum Króatíu við þriðju lönd, hafa verið til endurskoðunar hjá endurskoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar (áður nefnd skoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar), Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunni. Talið er að þessir staðir verði í samræmi við kröfur Sambandsins þegar til aðildar kemur. Því ber að bæta tillögðu staðsetningunum í Króatíu við skrána yfir samþykktar skoðunarstöðvar á landamærunum í aðildarríkjunum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

5) Vegna aðildar Króatíu verða tiltekin aðildarríki, þ.e. Ungverjaland og Slóvenía, um leið ekki lengur með landamæri að þriðju löndum. Af því leiðir að tilteknar skoðunarstöðvar á landi á landamærum þessara aðildarríkja óþarfar. Því ber að breyta skránni í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB yfir samþykktar skoðunarstöðvar á landamærum í þessum tveimur aðildarríkjum til samræmis við það.

6) Að auki mun stækkunarferlið hafa í för með sér að staðbundnum dýralæknaeiningum í Króatíu verður bætt við vegna notkunar Traces-kerfisins. Því þarf að bæta þessum staðbundnu dýralæknaeiningum við skrána yfir staðareiningar aðildarríkjanna í Traces-kerfinu sem mælt er fyrir um í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

7) Því ber að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 164, 18.6.2013, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

([3]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

([4]) Stjtíð. ESB L 112, 24.4.2012, bls. 21.

2. gr.

Breytingarnar sem settar eru fram í viðaukanum öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Króatíu og á gildistökudegi hans.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Bæta þarf eftirfarandi hluta sem varðar Króatíu við á eftir hlutanum sem varðar Frakkland:

‘Ctpaha: ХЪРВАТИЯ — Země: CHORVATSKO — Land: KROATIEN — Land: KROATIEN — Riik: HORVAATIA — Χωρα: KPOATIA — Country: CROATIA — País: CROACIA — Pays: CROATIE — Zemlja: HRVATSKA — Paese: CROAZIA — Valsts: HORVĀTIJA — Šalis: KROATIJA — Ország: HORVÁTORSZÁG — Pajjiż: KROAZJA — Land: KROATIË — Kraj: CHORWACJA — País: CROÁCIA — Țara: CROAȚIA — Krajina: CHORVÁTSKO — Država: HRVAŠKA — Maa: KROATIA — Land: KROATIEN

Bajakovo	HR VUK 3	R	HC (2), NHC(2)	
Karasovići	HR KRS 3	R	HC (2), NHC(2)	
Nova Sela	HR MET 3	R	HC(2), NHC(2)	E, O
Ploče	HR PLE 1	P	HC, NHC	
Rijeka	HR RJK 1	P	HC, NHC	
Stara Gradiška	HR SGS 3	R	HC, NHC	U, E, O
Zagreb	HR ZAG 4	A	HC (2), NHC(2)	O’

b) Í hlutanum sem varðar Ungverjaland falli færslurnar fyrir járnbrautarstöðina við Gyékényes og fyrir veginn við Letenye brott.

c) Í hlutanum sem varðar Slóveníu falli færslurnar fyrir járnbrautarstöðina við Dobova og fyrir vegina við Gruškovje, Jelšane og Obrežje brott.

2) Bæta þarf eftirfarandi hluta sem varðar Króatíu við í II. viðauka á eftir hlutanum sem varðar Frakkland:

‘Ctpaha: ХЪРВАТИЯ — Šalis: KROATIJA — Země: CHORVATSKO — Ország: HORVÁTORSZÁG — Land: KROATIË — Pajjiż: KROAZJA — Land: KROATIEN — Land: KROATIEN — Riik: HORVAATIA — Kraj: CHORWACJA — Χωρα: KPOATIA — País: CROACIA — Country: CROATIA — Țara: CROAȚIA — País: CROÁCIA — Krajina: CHORVÁTSKO — Pays: CROATIE — Zemlja: HRVATSKA — Država: HRVAŠKA — Paese: CROAZIA — Maa: KROATIA — Valsts: HORVĀTIJA — Land: KROATIEN

ЛОКАЛНА ЕДИНИЦА — VIETINIAI VIENETAI — MÍSTNÍ JEDNOTKA — HELYI EGYSÉGEK — LOKALE ENHEDER — UNITA’ LOKALI — ÖRTLICHE EINHEITEN — LOKALE EENHEDEN — KOHALIK ASUTUS — JEDNOSTKA LOKALNA — ΤΟΠΙΚΕΣ ΜΟΝΑΔΕΣ — UNIDADES LOCAIS — LOCAL UNITS — UNITĂȚI LOCALE — UNIDADES LOCALES — MIESTNA JEDNOTKA — UNITÉS LOCALES — LOKALNE JEDINICE — OBMOČNA ENOTA — UNITÀ LOCALI — PAIKALLISET YKSIKÖT — LOKĀLĀ VIENĪBA — LOKALA ENHETER

HR00001 BJELOVAR
HR00007 GRAD ZAGREB
HR00002 OSIJEK
HR00003 RIJEKA
HR00009 ŠIBENIK
HR00008 SLAVONSKI BROD
HR00004 SPLIT
HR00005 VARAŽDIN
HR00006 ZAGREB’

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/54/84**

frá 14. júní 2013

um umbreytingarráðstafanir vegna tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og eru fluttar inn til Króatíu frá þriðju löndum fyrir 1. júlí 2013

(tilkynnt með númeri C(2013) 3475)

(2013/291/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fyrirhugað er að Króatía gerist aðili að Sambandinu 1. júlí 2013. Afurðir úr dýraríkinu munu falla undir kröfurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]). Tilteknar afurðir úr dýraríkinu, sem voru fluttar inn til Króatíu fyrir þann dag, uppfylla þó ekki viðkomandi reglur í þeirri reglugerð.

2) Sumar þessara afurða hafa verið afgreiddar í frjálst flæði í Króatíu en aðrar hafa enn ekki verið settar í tollferlið og eru ennþá undir tolleftirliti.

3) Til að auðvelda breytinguna frá núverandi fyrirkomulagi í Króatíu yfir í það fyrirkomulag sem er afleiðing af beitingu löggjafar Sambandsins er rétt að mæla fyrir um umbreytingarráðstafanir sem varða setningu þessa afurða á markað.

4) Setja ætti þessar afurðir eingöngu á innanlandsmarkað í Króatíu við viðeigandi skilyrði. Með tilliti til þess að núverandi rekjanleikakerfi er ekki fullnægjandi ættu þessar afurðir, sem uppfylla ekki kröfur, m.a. ekki að vera unnar í starfsstöðvum sem hafa leyfi til að senda afurðir sínar til annarra aðildarríkja.

5) Afurðir, sem eru ekki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004, ætti ekki að flytja inn til annarra aðildarríkja. Í því skyni að tryggja að ekki séu stunduð viðskipti með viðkomandi afurðir innan Sambandsins ættu aðildarríkin að annast viðeigandi eftirlit í samræmi við tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ([2]).

6) Útflutningur slíkra afurða til þriðju landa ætti að vera í samræmi við viðeigandi tilhögun og fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([3]).

7) Eftir eitt ár frá gildistökudegi aðildar ætti að farga þeim afurðum sem hafa ekki enn verið afgreiddar í frjálst flæði og settar á markað í Króatíu eða fluttar út og eru enn í geymslu undir tolleftirliti.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir um afurðir úr dýraríkinu sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þær falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 853/2004,

b) þær uppfylla ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 853/2004,

c) þær voru fluttar inn til Króatíu frá þriðju löndum fyrir 1. júlí 2013.

2. gr.

Afurðir úr dýraríkinu sem voru afgreiddar í frjálst flæði í Króatíu fyrir 1. júlí 2013

Halda má áfram að setja afurðir, sem um getur í 1. gr. og hafa verið afgreiddar í frjálst flæði í Króatíu fyrir 1. júlí 2013, á markað á yfirráðasvæði Króatíu í eitt ár frá þeim degi, að því tilskildu að þær uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær má ekki vinna í starfsstöðvum sem hafa leyfi til að senda afurðir sínar til annarra aðildarríkja,

b) þær verða að bera landsmerki, sem kveðið er á um í landsreglum Króatíu, sem eru í gildi þann dag sem þær eru afgreiddar í frjálst flæði, og sem er frábrugðið heilbrigðismerkinu sem um getur í III. kafla I. þáttar I. viðauka við

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 164, 18.6.2013, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([2]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 13.

([3]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 ([4]) eða auðkennismerkinu sem um getur í I. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

3. gr.

Afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar inn til Króatíu en ekki afgreiddar í frjálst flæði fyrir 1. júlí 2013

Heimilt er að afgreiða afurðir, sem um getur í 1. gr. og voru fluttar inn til Króatíu fyrir 1. júlí 2013 en voru ekki afgreiddar í frjálst flæði fyrir þann dag, í frjálst flæði í Króatíu og er einungis heimilt að setja þær á markað á yfirráðasvæði Króatíu til 30. júní 2014, að því tilskildu að þær uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. gr.

4. gr.

Bann við sendingu afurða úr dýraríkinu frá Króatíu til annarra aðildarríkja

1. Afurðir, sem um getur í 1. gr., skulu ekki sendar frá Króatíu til annarra aðildarríkja.

2. Í samræmi við tilskipun ráðsins 89/662/EBE, einkum 3. gr., skulu aðildarríkin sjá til þess að viðskipti með afurðir, sem um getur í 1. gr., eigi sér ekki stað milli aðildarríkja.

5. gr.

Útflutningur til þriðju landa

Halda má áfram að flytja út afurðir, sem um getur í 1. gr., á umbreytingartímabili sem varir til 1. júlí 2014, frá Króatíu til þriðju landa, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) útflutningur skal fara fram í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

b) hver sending skal flutt beint frá yfirráðasvæði Króatíu undir eftirliti lögbærs yfirvalds án þess að fara um yfirráðasvæði annarra aðildarríkja,

c) hver sending skal flutt með flutningatæki sem lögbært yfirvald innsiglar og innsiglin skulu skoðuð á brottfararstað í Króatíu.

6. gr.

Förgun sendinga undir tolleftirliti 1. júlí 2014

Farga skal afurðasendingum, sem um getur í 1. gr. og eru enn undir tolleftirliti 1. júlí 2014, undir eftirliti lögbærs yfirvalds.

Allur kostnaður við förgun þessara sendinga fellur á eiganda sendingarinnar.

7. gr.

Beiting

Ákvörðun þessi gildir með fyrirvara um gildistöku laga um aðild Króatíu frá og með þeim degi sem þau öðlast gildi.

8. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

([4]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 656/2013 **2014/EES/54/85**

frá 10. júlí 2013

um umbreytingarráðstafanir að því er varðar fyrirmynd að vegabréfi sem er gefið út í Króatíu fyrir hunda, ketti og frettur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 frá 26. maí 2003 um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/65/EBE([1]) gilda m.a. um tilflutning inn í aðildarríki frá þriðju löndum á gæludýrum af þeim tegundum sem skráðar eru í I. viðauka við hana. Hundar og kettir eru skráð í A-hluta og frettur eru skráðar í B-hluta þess viðauka.

2) Í 2. lið B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 998/2003 eru skráð lönd og yfirráðasvæði, þ.m.t. Króatía, þar sem reglum er beitt um tilflutning á þessum gæludýrum, sem er ekki viðskiptalegs eðlis, sem eru a.m.k. jafngildar reglunum sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

3) Af þessum sökum er heimilt að hundum, köttum og frettum, sem eru flutt frá þessum löndum og yfirráðasvæðum inn í aðildarríki, fylgi vegabréf sem er í samræmi við fyrirmyndina, sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. nóvember 2003 um fyrirmynd að vegabréfi vegna flutninga innan Bandalagsins á hundum, köttum og frettum([2]), og viðbótarkröfurnar, sem settar eru fram í II. viðauka við þá ákvörðun, með tilteknum nauðsynlegum breytingum að því er varðar kápu fyrirmyndarinnar að vegabréfinu.

4) Frá gildistökudegi aðildar Króatíu má ekki flytja hunda, ketti og frettur frá Króatíu inn í annað aðildarríki nema þeim fylgi vegabréf sem er í samræmi við fyrirmyndina, sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 20037803/EB, og viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka við þá ákvörðun.

5) Þó geta enn verið til óútfyllt vegabréf eftir þá dagsetningu, sem lögbær yfirvöld Króatíu prentuðu, sem og þau eintök, sem viðurkenndir dýralæknar í Króatíu fengu úthlutað fyrir gildistökudag aðildar en hafa ekki enn gefið út.

6) Jafnframt ætti, með fyrirvara um tiltekin skilyrði, að halda áfram að samþykkja vegabréf, sem voru gefin út fyrir gildistökudag aðildar, á þriggja ára umbreytingartímabili til að halda stjórnsýslulegu og fjárhagslegu álagi á eigendur gæludýra í lágmarki.

7) Til að auðvelda umbreytinguna frá því fyrirkomulagi sem fyrir er yfir í það sem er í gildi frá gildistökudegi aðildar Króatíu er því rétt að mæla fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna tilflutnings á gæludýrum frá Króatíu til annarra aðildarríkja.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu heimila tilflutning frá Króatíu inn á yfirráðasvæði sín á gæludýrum þeirra tegunda, sem eru skráðar í A- og B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 998/2003, sem hafa meðfylgjandi vegabréf sem viðurkenndur dýralæknir í Króatíu gefur út eigi síðar en 30. júní 2014 og uppfyllir eftirfarandi kröfur:

a) það er sett saman í samræmi við fyrirmyndina, sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2003/803/EB, og viðbótarkröfurnar, sem settar eru fram í A lið, a-lið 2. liðar í B-lið, c-lið 2. liðar í B-lið og C-lið II. viðauka við þá ákvörðun,

b) táknmynd Króatíu er, með fyrirvara um 1. lið B-liðar og b-lið 2. liðar í B-lið II. viðauka við ákvörðun 2003/803/EB, prentað á efri fjórðung kápunnar, fyrir ofan orðin „Republika Hrvatska“, á bláum grunni (PANTONE REFLEX BLUE).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Króatíu og á gildistökudegi hans.

Hún gildir til 30. júní 2016.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 146, 13.6.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 312, 27.11.2003, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/54/86

frá 28. júní 2013

um samþykkt áætlunar, sem Króatía hefur lagt fram, um samþykki fyrir starfsstöðvum vegna viðskipta innan Sambandsins með alifugla og útungunaregg samkvæmt tilskipun ráðsins 2009/158/EB

(tilkynnt með númeri C(2013) 3988)

(2013/346/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/158/EB er kveðið á um að aðildarríkin eigi að leggja áætlun fyrir framkvæmdastjórnina þar sem lýst er landsráðstöfunum sem þau hyggjast framkvæma til að tryggja fylgni við reglurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þá tilskipun um samþykki fyrir starfsstöðvum vegna viðskipta innan Sambandsins með þessar vörur.

2) Í ljósi inngöngu sinnar í Evrópusambandið 1. júlí 2013 lagði Króatía áætlun sína fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/158/EB. Sú áætlun, eins og henni var breytt í kjölfar tillagna framkvæmdastjórnarinnar meðan á athugun hennar stóð, uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/158/EB, og gerir kleift, með fyrirvara um skilvirka framkvæmd og reglubundna uppfærslu af hálfu Króatíu, að ná markmiðum þeirrar tilskipunar. Því ætti að samþykkja hana.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætlunin, sem lýsir landsráðstöfunum sem á að framkvæma til að tryggja fylgni við reglurnar sem settar eru fram í II. viðauka við tilskipun 2099/158/EB um samþykki fyrir starfsstöðvum vegna viðskipta innan Sambandsins með alifugla og útungunaregg, sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, sem Króatía lagði fyrir framkvæmdastjórnina 19. apríl 2013, er samþykkt.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Tonio BORG
framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 2.7.2013, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/54/87

frá 28. júní 2013

um samþykkt viðbragðsáætlana, sem Króatía hefur lagt fram, til að verjast tilteknum dýrasjúkdómum

(tilkynnt með númeri C(2013) 3992)

(2013/347/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/66/EBE frá 14. júlí 1992 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með Newcastle-veiki([1]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 21. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2001/89/EB frá 23. október 2001 um ráðstafanir Bandalagsins til að hafa eftirlit með svínapest ([2]), einkum annarri undirgrein 3. mgr. 22. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki, um niðurfellingu á tilskipun 85/511/EBE og ákvörðunum 89/531/EBE og 91/665/EBE og um breytingu á tilskipun 92/46/EBE ([3]), einkum 7. mgr. 72. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE ([4]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 92/66/EBE er mælt fyrir um varnarráðstafanir Sambandsins sem grípa skal til ef Newcastle-veiki kemur upp. Í tilskipun 92/66/EBE er m.a. kveðið á um að hvert aðildarríki skuli semja viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanir sem grípa skal til ef sá sjúkdómur kemur upp.

2) Í tilskipun 2001/89/EB er mælt fyrir um lágmarksráðstafanir Sambandsins um varnir gegn svínapest. Í tilskipun 2001/89/EB er m.a. kveðið á um að hvert aðildarríki skuli semja viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanir sem grípa skal til ef sá sjúkdómur kemur upp.

3) Í tilskipun 2003/85/EB er mælt fyrir um lágmarksvarnarráðstafanir sem grípa skal til ef gin- og klaufaveiki, af völdum veiru af hvaða tegund sem er, kemur upp. Í þeirri tilskipun er einnig mælt fyrir um tilteknar forvarnarráðstafanir sem miða að því að auka vitund og viðbúnað lögbærra yfirvalda og landbúnaðarsamfélagsins gagnvart gin- og klaufaveiki. Í tilskipun 2003/85/EB er m.a. kveðið á um að aðildarríkin skuli semja viðbragðsáætlun, þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanir sem gera þarf til að vera vel á varðbergi gagnvart gin- og klaufaveiki og hafa viðbúnað gegn henni og til að viðhalda háu stigi umhverfisverndar, sem grípa skal til ef sá sjúkdómur kemur upp.

4) Í tilskipun 2005/94/EB er mælt fyrir um tilteknar forvarnarráðstafanir er varða vöktun og snemmbúna greiningu á fuglainflúensu og aukna vitund lögbærra yfirvalda og landbúnaðarsamfélagsins ásamt undirbúningi fyrir þá áhættu er fylgir þeim sjúkdómi. Í þeirri tilskipun er einnig mælt fyrir um lágmarksvarnarráðstafanir sem grípa skal til komi upp fuglainflúensa í alifuglum eða öðrum fuglum sem eru í haldi og snemmbúna greiningu á mögulegri útbreiðslu fuglainflúensuveiru meðal spendýra. Í tilskipun 2005/94/EB er m.a. kveðið á um að öllum aðildarríkjum beri að semja viðbragðsáætlun í samræmi við X. viðauka við tilskipunina, þar sem tilgreindar eru landsráðstafanir sem grípa skal til ef fuglainflúensa kemur upp.

5) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009 frá 24. september 2009 um vernd dýra við aflífun([5]) er mælt fyrir um reglur um aflífun dýra sem eru ræktuð eða haldin til framleiðslu á matvælum, ull, húð, loðfeldi eða öðrum afurðum og einnig um aflífun dýra vegna niðurskurðar og tengdar aðgerðir. Í reglugerð (EB) nr. 1099/2009 er m.a. kveðið á um að fyrirhugaðar deyfingar- og aflífunaraðferðir og samsvarandi staðlaðar verklagsreglur til að tryggja að farið sé að þeirri reglugerð skuli vera hluti af viðbragðsáætlununum, sem krafist er samkvæmt lögum Sambandsins um heilbrigði dýra, á grundvelli tilgátunnar sem sett er fram í viðbragðsáætluninni varðandi umfang og staðsetningu sjúkdóma sem grunur leikur á að komi upp.

6) Í ljósi inngöngu sinnar í Evrópusambandið 1. júlí 2013 lagði Króatía viðbragðsáætlanirnar sínar varðandi Newcastle-veiki, svínapest, gin- og klaufaveiki og fuglainflúensu fyrir framkvæmdastjórnina til umfjöllunar og samþykkis.

7) Þessar áætlanir, eins og Króatía breytti þeim í kjölfar tillagna framkvæmdastjórnarinnar meðan á athugun hennar stóð, uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 92/66/EBE, 2001/89/EB, 2003/85/EB og 2005/94/EB, eftir því sem við á. Að auki taka þær til þeirra þátta sem eru nauðsynlegir til að uppfylla

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 2.7.2013, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 260, 5.9.1992, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 316, 1.12.2001, bls. 5.

([3]) Stjtíð. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16.

([5]) Stjtíð. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.

kröfur reglugerðar (EB) nr. 1099/2009. Með áætlunum er gert kleift, með fyrirvara um skilvirka framkvæmd og reglubundna uppfærslu, að ná markmiðum tilskipana 92/66/EBE, 2001/89/EB, 2003/85/EB og 2005/94/EB og reglugerðar (EB) nr. 1099/2009. Því er rétt að samþykkja þessar áætlanir með þessari ákvörðun.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi viðbragðsáætlanir, sem Króatía lagði fram 11.maí 2013, eru samþykktar:

a) viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanirnar sem grípa skal til ef Newcastle-veiki kemur upp, sem kveðið er á um í 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 92/66/EBE,

b) viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanirnar, sem grípa skal til ef svínapest kemur upp, sem kveðið er á um í 1. mgr. 22. gr. tilskipunar 2001/89/EB,

c) viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanir sem gera þarf til að vera vel á varðbergi gagnvart gin- og klaufaveiki og hafa viðbúnað gegn henni og til að viðhalda háu stigi umhverfisverndar, sem grípa skal til ef gin- og klaufaveiki kemur upp, sem kveðið er á um í 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2003/85/EB,

d) viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær landsráðstafanirnar sem grípa skal til ef fuglainflúensa kemur upp, sem kveðið á um í 1. mgr. 62. gr. tilskipunar 2005/94/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Tonio BORG
framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 458/2007 2014/EES/54/88

frá 25. apríl 2007

um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 2. gr. sáttmálans er það eitt af verkefnum Bandalagsins að stuðla að öflugri félagslegri vernd.

2) Fundur leiðtogaráðsins í Lissabon í mars árið 2000 varð hvati að skoðanaskiptum milli aðildarríkjanna um stefnur í nútímavæðingu félagslegra verndarkerfa.

3) Með ákvörðun ráðsins 2004/689/EB ([3]) var komið á fót nefnd um félagslega vernd sem vettvangi fyrir samvinnu framkvæmdarstjórnarinnar og aðildarríkjanna um nútímavæðingu og umbætur á félagslegum verndarkerfum.

4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 27. maí 2003 er gerð grein fyrir áætlun um hagræðingu á opinni samræmingaraðferð á sviði félagsmálastefnu með það í huga að efla félagslega vernd og félagslega aðlögun innan Lissabon-áætlunarinnar. Hinn 20. október 2003 samþykkti ráðið að hagræðingin skyldi koma til framkvæmda frá og með 2006. Í þessu sambandi skal sameiginleg ársskýrsla vera grundvallartæki til skýrslugjafar þar sem fram koma mikilvægustu greiningarniðurstöður og pólitískur boðskapur sem lúta bæði að opnu samræmingaraðferðinni (OMC) á þeim mismunandi sviðum þar sem henni er beitt og að þverfaglegum málefnum er tengjast félagslegri vernd.

5) Með opnu samræmingaraðferðinni hafa nýjar áherslur verið lagðar á nauðsyn samanburðarhæfra, tímanlegra og áreiðanlegra hagskýrslna á sviði félagsmálastefnunnar. Samanburðarhæfar hagskýrslur um félagslega vernd eru einkum notaðar í sameiginlegu ársskýrslunni.

6) Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) safnar nú þegar saman ársgögnum um félagslega vernd frá aðildarríkjunum, sem þau afhenda af fúsum og frjálsum vilja. Þessi aðferð er orðin að fastri venju í aðildarríkjunum og hún er grundvölluð á sameiginlegum, aðferðafræðilegum meginreglum sem eiga að tryggja samanburðarhæfi gagna.

7) Gerð tiltekinna hagskýrslna Bandalagsins ákvarðast af reglunum sem settar eru fram í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([4]).

8) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari reglugerð, ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([5]).

9) Einkum skal veita framkvæmdastjórninni umboð til að ákveða hvaða ár skuli hefja söfnun ítarlegra gagna um hreinar félagslegar bætur. Einnig skal veita framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja ráðstafanir varðandi ítarlega flokkun viðkomandi gagna, þær skilgreiningar sem á að nota og uppfærslu á reglum um miðlun. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar og auka við hana nýjum veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

10) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegum hagskýrslustöðlum við öflun samhæfðra gagna, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að þessu markmiði.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 113, 30.4.2007, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 48.

([1]) Stjtíð. ESB C 309, 16.12.2006, bls. 78.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 30. nóvember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. mars 2007.

([3]) Stjtíð. ESB L 314, 13.10.2004, bls. 8.

([4]) Stjtíð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([5]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

11) Samstarf við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) á sviði hreinna félagslegra bóta er þegar fyrir hendi.

12) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Markmiðið með þessari reglugerð er að koma á fót evrópsku kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (hér á eftir nefnt ESSPROS), með því að setja:

a) aðferðafræðilegan ramma sem er byggður á sameiginlegum stöðlum, skilgreiningum, flokkunum og reiknings-skilareglum, sem nota skal við gerð hagskýrslna á samanburðarhæfum grunni í þágu Bandalagsins,

og

b) tímamörk fyrir afhendingu hagskýrslna sem eru teknar saman í samræmi við ESSPROS.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „hagskýrslur Bandalagsins“: hagskýrslur eins og þær eru skilgreindar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,

b) „Félagsleg vernd“:öll afskipti opinberra aðila eða einkaaðila, ætluð til að létta fjárhagslega byrði heimila og einstaklinga í tengslum við skilgreinda áhættu eða þörf, að því tilskildu að hvorki sé um að ræða gagnkvæmt fyrirkomulag samhliða þeim né sérstakt fyrirkomulag. Áhætta sú eða þarfir, sem geta fallið undir félagslega vernd, eru, samkvæmt samkomulagi, eftirfarandi: : veikindi og/eða heilsugæsla, fötlun, elli, eftirlifandi bótaþegi, fjölskylda/börn, atvinnuleysi, húsnæði og félagsleg útilokun sem er ekki skilgreind annars staðar.

c) „Félagsverndarkerfi“: sérstakar reglur, studdar af einni hageiningu eða fleiri, sem gilda um úthlutun félagslegra bóta og fjármögnun þeirra,

d) „Félagslegar bætur“: tilfærslur, í reiðufé eða í fríðu, frá félagsverndarkerfi til heimila og einstaklinga til að létta þeim byrðina í tengslum við skilgreinda áhættu eða þarfir,

e) „Efnahagslegar bætur": félagsleg vernd, sem veitt er í formi skattaívilnana, væri skilgreind sem félagslegar bætur ef greitt væri í peningum, að undanskildum skattafslætti sem stuðlar að félagslegri vernd eða eflingu séreignartryggingarsjóða,

f) „Hreinar félagslegar bætur“: verðgildi félagslegra bóta, að undanskildum sköttum og félagslegum framlögum sem bótaþegi greiðir, auk verðgildis efnahagslegu bótanna.

3. gr.

Gildissvið kerfisins.

1. Hagskýrslur, sem varða grunnkerfi ESSPROS, skulu taka til fjárstreymis vegna útgjalda og tekna sem varða félagslega vernd.

Gögn þessi skal senda fyrir sérhvert félagsverndarkerfi. Fyrir hvert kerfi skal láta í té sundurliðuð gögn um útgjöld og tekjur eftir ESSPROS-flokkuninni.

Í 1. lið í I. viðauka er, að því er varðar megindleg gögn eftir kerfum og sundurliðaðar bætur, mælt fyrir um þau gögn sem skal afhenda með vísun í heildarflokkun og fyrirkomulag á framlagningu og miðlun gagna. Í 2. lið í I. viðauka er, að því er varðar eigindleg gögn eftir kerfum og sundurliðaðar bætur, mælt fyrir um þau gögn sem skal afhenda með vísun í heildarflokkun og fyrirkomulag á framlagningu og miðlun gagna.

Fyrsta gagnaöflunarárið skal vera 2008.

2. Til viðbótar við grunnkerfi ESSPROS skal bæta við sérstökum viðhengjum (e. modules) sem taka til frekari tölfræðilegra upplýsinga um eftirlaunaþega og hreinna félagslegra bóta.

4. gr.

Viðhengi um lífeyrisþega

1. Bæta skal viðhengi um lífeyrisþega við grunnkerfið frá fyrsta ári gagnaöflunar samkvæmt þessari reglugerð. Í II. viðauka er mælt fyrir um þau viðfangsefni sem fjalla skal um og um fyrirkomulagið á framlagningu og miðlun gagna.

2. Fyrsta gagnaöflunarárið skal vera 2008.

([1]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

5. gr.

Viðhengi um hreinar félagslegar bætur

1. Með það í huga að nýtt viðhengi um hreinar félagslegar bætur verði lagt fram, skulu öll aðildarríkin afla gagna með forkönnun fyrir árið 2005 og því skal vera lokið fyrir árslok 2008. Mælt er fyrir um þau viðfangsefni sem fjallað verður um og fyrirkomulag gagnaflutninga í III. viðauka.

2. Á grundvelli samtengingar gagna úr forkönnunum einstakra aðildarríkja og að því tilskildu að niðurstaða mjög mikils meirihluta forkannananna sé jákvæð skal samþykkja þær ráðstafanir sem lúta að því að hefja ítarlega gagnaöflun að því er varðar þetta viðhengi, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem um getur í 3. mgr. 8. gr. Ekki skal hefja svo ítarlega gagnaöflun fyrir 2010.

6. gr.

Gagnalindir

Hagskýrslur um félagslega vernd skulu byggjast á eftirfarandi gagnalindum, eftir því hversu aðgengileg gögnin eru í aðildarríkjunum og í samræmi við landslög og innlendar venjur:

a) skrám og öðrum stjórnsýsluheimildum:

b) könnunum,

c) áætlunum.

7. gr.

Fyrirkomulag við framkvæmd

1. Við framkvæmd þessarar reglugerðar skal taka tillit til niðurstaðna úr kostnaðar- og ábatagreiningu viðvíkjandi grunnkerfi ESSPROS, eins og fram kemur í I. viðauka, viðhengi um lífeyrisþega, eins og fram kemur í II. viðauka og viðhengi um hreinar félagslegar bætur eins og fram kemur í 5. gr.

2. Ráðstafanir, sem varða snið fyrir sendingu gagna, niðurstöður, sem á að senda, og viðmiðanir fyrir gæðamælingu ber að samþykkja í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

3. Ráðstafanir varðandi ákvörðunina um fyrsta ár ítarlegrar gagnaöflunar og ráðstafanir, sem varða ítarlega flokkun á viðkomandi gögnum, skilgreiningar, sem á að nota, og uppfærsla á reglum um miðlun skulu samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem um getur í 3. mgr. 8. gr. Þessar ráðstafanir miða að því að breyta atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð, m.a. með því að bæta við hana.

8. gr.

Málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. apríl 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. GLOSER

forseti.

I. VIÐAUKI

GRUNNKERFI ESSPROS

1. **Megindleg gögn eftir kerfum og sundurliðaðar bætur**

1.1. Afhent gögn

Með vísan til heildarflokkunar eiga afhent gögn að ná yfir:

1.1.1. Útgjöld

1.1.1.1. Félagslegar bætur flokkaðar eftir:

a) málaflokkum (með hliðsjón af áhættu eða þörf)

og

b) fyrir hvern málaflokk með tvíþættri sundurliðun, tekjutengdar eða ótekjutengdar, bætur í peningum (sundurliðað í reglubundnar bætur og eingreiðslu bætur) eða veitt aðstoð.

1.1.1.2. Stjórnunarkostnaður

1.1.1.3. Millifærslur í önnur kerfi

1.1.1.4. Önnur útgjöld

1.1.2. Tekjur

1.1.2.1. Framlög til félagslegra kerfa

1.1.2.2. Almenn framlög hins opinbera

1.1.2.3. Millifærslur úr öðrum kerfum

1.1.2.4. Aðrar tekjur

Viðkomandi gögn (með vísan í ítarlega flokkun) verða lögð fram í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem um getur í 3. mgr. 8. gr.

1.2. Framlagning gagna

Hagskýrslur verða lagðar fram árlega. Gögn skulu eiga við almanaksárið í samræmi við starfsvenjur innan hvers aðildarríkis. Afhendingarfrestur gagna fyrir árið N, ásamt öllum leiðréttingum fyrri ára, er 30. júní ársins N + 2.

1.3. Miðlun

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal birta gögn um útgjöld til allra þátta kerfis félagslegar verndar vegna ársins N fyrir 31 október ársins N + 2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal jafnframt dreifa ítarlegum gögnum eftir kerfum til tiltekinna notenda (stofnana í aðildarríkjunum sem taka saman ESSPROS-gögn, deilda framkvæmdastjórnarinnar og alþjóðlegra stofnana). Þessum tilteknu notendum er eingöngu heimilt að birta gögn um flokka kerfa.

2. **Eigindlegar upplýsingar eftir kerfum og sundurliðaðar bætur**

2.1. Viðfangsefni

Fyrir hvert kerfi skulu í eigindlegu upplýsingunum vera almenn lýsing á kerfinu, ítarleg lýsing á bótunum og upplýsingar um nýlegar breytingar og endurbætur.

2.2. Framlagning gagna og uppfærsla eigindlegra upplýsinga

Árleg uppfærsla fullgerðs safns eigindlegra upplýsinga, sem þegar hafa verið veittar, takmarkast við breytingar á félagslega verndarkerfinu og verður send með megindlegu gögnunum.

2.3. Miðlun

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal miðla eigindlegum upplýsingum vegna allra þátta félagsverndarkerfis vegna ársins N eigi síðar en 31. október ársins N + 2

II. VIÐAUKI

VIÐHENGI UM LÍFEYRISÞEGA

1. **Tegundir bótaflokka**

Þetta viðhengi tekur til gagna um lífeyrisþega sem eru skilgreindir sem viðtakendur einna eða fleiri eftirfarandi reglubundinna tegunda bóta í peningum frá félagsverndarkerfi:

a) örorkulífeyrir,

b) snemmteknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu,

c) ellilífeyrir,

d) væntanlegur ellilífeyrir,

e) hlutalífeyrir,

f) eftirlifendalífeyrir

g) snemmtekin eftirlaun vegna aðstæðna á vinnumarkaði.

2. **Framlagning gagna**

Hagskýrslur verða lagðar fram árlega. Gögnin eru stöðutölur sem eiga við lok almanaksársins. Frestur til að senda gögn fyrir árið N er til 31. maí ársins N + 2., skv. eftirfarandi sundurliðun:

a) eftir félagsverndarkerfi,

b) eftir kyni í öllum kerfum,

3. **Miðlun**

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) mun birta gögn um öll félagsverndarkerfi vegna ársins N fyrir 31 október ársins N + 2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal á sama tíma miðla ítarlegum gögnum eftir kerfum til tiltekinna notenda (stofnana í aðildarríkjunum sem taka saman ESSPROS gögn, deildir framkvæmdastjórnarinnar og alþjóðlegar stofnanir). Þessum tilteknu notendum er eingöngu heimilt að birta gögn um flokka kerfa.

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) mun birta niðurstöðutölu fyrir hvern flokkanna sjö vegna ársins N og miðla henni til tiltekinna notenda (stofnana í aðildarríkjunum sem taka saman ESSPROS gögn, deildir framkvæmdastjórnarinnar og alþjóðlegar stofnanir) fyrir 31. október ársins N + 2.

III. VIÐAUKI

ÖFLUN GAGNA MEÐ FORKÖNNUN UM HREINAR FÉLAGSLEGAR BÆTUR

1. **Viðfangsefni**

Þetta gagnasafn nær yfir útreikninga á „hreinum félagslegum bótum“

2. **Framlagning gagna**

Tilgreina verður viðeigandi hluta tekjuskatts einstaklinga og félagslegra framlaga, sem lögð eru á félagslegar bætur fyrir árið 2005, samkvæmt ólíkum tegundum félagslegra bóta í peningum, sem skal helst skipta frekar í sérstaka undirflokka kerfa sem eru skattlögð á sams konar hátt. Í erfiðum tilvikum má tilkynna um niðurstöðurnar eftir viðeigandi hópum bóta, t.d. öllum sjö lífeyrisflokkunum sem taldir eru upp í II. viðauka eða heildarbætur í peningum fyrir sérstaka málaflokka. Efnahagsbætur eru tilgreindar fyrir hvern lið fyrir sig eftir því um hverskonar tekjutap er að ræða.

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 235/2008/EB **2014/EES/54/89**

frá 11. mars 2008

um stofnun evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um verklagsreglur í hagskýrslugerð (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsyn þess að ákvarða samevrópska staðla varðandi sjálfstæði, ráðvendni og ábyrgð hagskýrsluyfirvalda aðildarríkjanna og Bandalagsins varð þess valdandi að hagskýrsluáætlunarnefnd, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([2]), samþykkti einróma á fundi sínum hinn 24. febrúar 2005 starfsreglur um evrópskar hagskýrslur (hér eftir nefndar starfsreglur) sem settar voru fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 25. maí 2005 um sjálfstæði, ráðvendni og ábyrgð hagskýrsluyfirvalda aðildarríkjanna og Bandalagsins.

2) Starfsreglurnar hafa þann tvíþætta tilgang að efla traust og tiltrú á hagskýrsluyfirvöldum með því að leggja til stofnanalegt og stjórnskipulegt fyrirkomulag og hins vegar stuðla að auknum gæðum í hagskýrslugerð

3) Í tilmælunum frá 25. maí 2005 til Evrópuþingsins og ráðsins um sjálfstæði, ráðvendni og ábyrgð hagskýrsluyfirvalda aðildarríkjanna og ráðsins viðurkenndi framkvæmdastjórnin gagnsemi utanaðkomandi ráðgefandi nefndar sem gæti gegnt því mikilvæga hlutverki að fylgjast með hvernig starfsreglunum er beitt innan evrópska hagskýrslukerfisins í heild sinni. Í tilmælum sínum frá 25. maí 2005 lýsti framkvæmdastjórnin þeim ásetningi sínum að leggja til, ef svo ber undir, að slíkri utanaðkomandi ráðgefandi nefnd verði komið á fót.

4) Hinn 8. nóvember 2005 ákvað ráðið að með nýrri hátt settri ráðgefandi nefnd mætti efla sjálfstæði, ráðvendni og ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og einnig, hvað varðar jafningjarýnimat á innleiðingu starfsreglna evrópska hagskýrslukerfisins. Ráðið mælti með að sú nefnd yrði lítill hópur óháðra einstaklinga sem skipaðir verða út frá hæfni sinni.

5) Nefndin skal skipuð meðlimum sem búa yfir mismunandi færni og reynslu, t.d. háskólafólki og fólki með landsbundna og/eða alþjóðlega starfsreynslu á sviði hagskýrslugerðar.

6) Nefndin skal ganga frá mati fyrir framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópubandalaganna) á innleiðingu starfsreglnanna, samhliða jafningjamatinu á hagstofum aðildarríkjanna.

7) Hvetja skal til umræðna um starfsreglurnar, eftir því sem við á, milli hagskýrsluáætlunarnefndarinnar og evrópsku ráðgjafanefndarinnar um hagskýrslugerð, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 234/2008/EB ([3]), og einnig við hagsmunaaðila í aðildarríkjunum.

8) Því ber að koma á fót ráðgjafarnefnd og skilgreina hlutverk hennar og formgerð, með fyrirvara um 5. gr. bókunar um stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 73, 15.3.2008, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 22.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 24. október 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 14. febrúar 2008.

([2]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

([3]) Stjtíð. ESB L 73, 15.3.2008, bls. 13.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ráðgjafarnefnd

Evrópska ráðgjafarnefndin um verklagsreglur í hagskýrslugerð (hér á eftir kölluð nefndin) er hér með stofnuð. Tilgangur nefndarinnar er að veita óháða yfirsýn yfir Evrópska hagskýrslukerfið hvað varðar innleiðingu starfsreglnanna um evrópskar hagskýrslur (hér eftir kallaðar starfsreglurnar).

2. gr.

Verkefni

1. Verkefni nefndarinnar skulu vera:

a) að semja ársskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd starfsreglnanna að svo miklu leyti sem þær varða framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópubandalaganna) og senda framkvæmdastjórninni þá skýrslu áður en hún er lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið,

b) að hafa í ársskýrslunni mat á hvernig gengur að innleiða starfsreglurnar í evrópska hagskýrslukerfinu í heild sinni,

c) að ráðleggja framkvæmdastjórninni um viðeigandi ráðstafanir til að greiða fyrir innleiðingu starfsreglnanna, að svo miklu leyti sem þær varða framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópubandalaganna) og evrópska hagskýrslukerfið í heild sinni,

d) að ráðleggja framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) um hvernig miðla skuli starfsreglunum til notenda og upplýsingaveitenda,

e) að ráðleggja framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) og hagskýrsluáætlunarnefndinni um uppfærslu starfsreglnanna.

2. Nefndinni er heimilt að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf og skal bregðast við þeim erindum framkvæmdastjórnarinnar sem varða traust notenda á evrópskum hagskýrslum, í samræmi við þau verkefni sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. gr.

Nefndarseta

1. Nefndin skal skipuð sjö fulltrúum, þ.m.t. er formaður. Nefndarmenn skulu starfa sjálfstætt. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) skal vera áheyrnarfulltrúi.

2. Velja skal nefndarmenn úr hópi sérfræðinga sem búa yfir afburðafærni á sviði hagskýrslugerðar, sem skulu uppfylla skyldur sínar á eigin forsendum og sem valdir eru með það í huga að í nefndinni komi saman margvísleg færni og reynsla.

3. Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina skal ráðið velja nefndarformann sem Evrópuþingið samþykkir.

Formaður nefndarinnar má ekki starfa hjá hagstofu aðildarríkis né framkvæmdastjórninni og má ekki hafa gegnt neinni slíkri stöðu í tvö ár á undan tilnefningunni.

Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina skulu Evrópuþingið og ráðið hvort um sig tilnefna þrjá nefndarmenn.

4. Skipunartími formanns og nefndarmanna er þrjú ár og má endurnýja hann einu sinni.

5. Ef nefndarmaður lætur af störfum áður en skipunartími hans rennur út skal nýr fulltrúi, skipaður samkvæmt þessari grein, koma í stað hans eða hennar og sitja heilan skipunartíma.

4. gr.

Málsmeðferð

1. Nefndin setur sér starfsreglur og gerir þær opinberar.

2. Ársskýrsla nefndarinnar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr., skal gerð opinber eftir að hún hefur verið lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið. Að auki getur nefndin ákveðið að birta allar niðurstöður, hlutaniðurstöður eða vinnuskjöl, að því tilskildu að viðkomandi gögn hafi áður verið send Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) og öðrum hlutaðeigandi aðilum og að þeir hafi næg tækifæri til að bregðast við.

3. Með fyrirvara um 287. gr. sáttmálans er nefndarmönnum skylt að gæta þagmælsku um þær upplýsingar, sem þeir kunna að hafa fengið í störfum nefndarinnar, ef framkvæmdastjórnin tjáir þeim með rökum að leynd eigi að hvíla yfir viðkomandi upplýsingum eða ef svar við beiðni um álit eða erindi til úrlausnar myndi leiða til birtingar slíkra trúnaðarupplýsinga.

4. Nefndin skal njóta aðstoðar skrifstofu sem framkvæmdastjórnin sér henni fyrir, en sem starfar óháð henni. Ritari nefndarinnar skal skipaður af framkvæmdastjórninni, að höfðu samráði við nefndina. Ritarinn skal starfa samkvæmt fyrirmælum nefndarinnar.

5. Gera skal ráð fyrir útgjöldum nefndarinnar í fjárhagsáætlun framkvæmdastjórnarinnar.

5. gr.

Endurmat á hlutverki og skilvirkni nefndarinnar skal fara fram að liðnum þremur árum frá stofnun hennar.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg, 11. mars 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. Pöttering	J. LENARČIČ
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 453/2008 2014/EES/54/90

frá 23. apríl 2008

um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 8. desember 2003 samþykkti ráðið að þróa og birta grunnhagvísa varðandi laus störf.

2) Í aðgerðaáætluninni um hagskýrsluþörf EMU, sem ráðið staðfesti 29. september 2000, og framvinduskýrslu framkvæmdarinnar, sem fylgdi í kjölfarið, er það talið forgangsverkefni að leggja drög að lagalegum grundvelli undir hagtölur um laus störf.

3) Atvinnumálanefndin, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2000/98/EB ([4]), samþykkir að þörf er fyrir vísi um laus störf til þess að hafa eftirlit með evrópsku vinnumálaáætluninni sem mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins 2005/600/EB frá 12. júlí 2005 um viðmiðunarreglur aðildarríkjanna í atvinnumálum ([5]).

4) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1672/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á fót áætlun Bandalagsins „Framvindu“ um atvinnumál og félagslega samstöðu ([6]) er kveðið á um fjármögnun viðeigandi aðgerða, þ.m.t., eins og fram kemur í áætluninni, aðgerðir sem ætlaðar eru til að auka skilning á aðstæðum og horfum á vinnumarkaði, einkum með greiningu og rannsóknum og með þróun hagtalna og sameiginlegra vísa innan ramma evrópsku vinnumálaáætlunarinnar.

5) Framkvæmdastjórnin hefur, innan ramma evrópsku vinnumálaáætlunarinnar, þörf fyrir sundurliðaðar upplýsingar um laus störf, m.a. eftir atvinnugreinum, til þess að fylgjast með og greina stig og samsetningu eftirspurnar eftir vinnuafli.

6) Framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu hafa þörf fyrir aðgengileg ársfjórðungsgögn um laus störf til þess að fylgjast með skammtímabreytingum að því er varðar laus störf. Árstíðaleiðréttar upplýsingar um laus störf auðvelda túlkun á breytingum eftir ársfjórðungum.

7) Gögn, er varða laus störf, eiga að vera viðeigandi og tæmandi, nákvæm og ítarleg, tímanleg, samfelld, samanburðarhæf og aðgengileg notendum.

8) Vega skal og meta ávinning af því að taka saman tæmandi gögn um alla þætti hagkerfisins á vettvangi Bandalagsins með tilliti til þess hvaða möguleikar eru á að koma þeim til skila og fyrirhafnar svarenda, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

9) Leggja skal sérstaka áherslu á að hagskýrslurnar nái svo fljótt sem auðið er yfir öll gögn er varða einingar með færri en 10 starfsmenn.

10) Til þess að ákveða umfang hagtalanna, sem taka skal saman, og þá sundurliðun eftir atvinnugreinum sem er krafist er nauðsynlegt að nota þá útgáfu atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE) sem nú er í gildi.

11) Við gerð og miðlun á hagtölum Bandalagsins samkvæmt þessari reglugerð eiga hagskýrsluyfirvöld Bandalagsins og einstakra landa að taka mið af meginreglum evrópskra reglna um starfsvenjur á sviði hagsskýrslna, sem samþykktar voru af hálfu hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([7]), 24. febrúar 2005 og sem fylgja tilmælum framkvæmdarstjórnarinnar um óhæði, trúverðugleika og rekjanlega ábyrgð hagskýrsluyfirvalda í Bandalaginu og í einstökum löndum.

12) Mikilvægt er að gögnum sé deilt með aðilum vinnumarkaðarins bæði í einstökum ríkjum og innan Bandalagsins og að aðilar vinnumarkaðarins séu upplýstir um innleiðingu þessarar reglugerðar. Enn fremur skulu aðildarríkin leggja sérstaka áherslu á að tryggja að fyrirtæki, sem starfa við náms- og starfsráðgjafaþjónustu, og starfsmenntastofnanir fái þessi gögn í hendur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 234. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 79, 18.12.2008, bls. 26.

([1]) Stjtíð. ESB C 175, 27.7.2007, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB C 86, 20.4.2007, bls. 1.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 29. febrúar 2008.

([4]) Stjtíð. EB L 29, 4.2.2000, bls. 21.

([5]) Stjtíð. ESB L 205, 6.8.2005, bls. 21.

([6]) Stjtíð. ESB L 315, 15.11.2006, bls. 1.

([7]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

13) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([1]) er settur almennur lagarammi um hagskýrslugerð Bandalagsins og á hún því við um hagtölur um laus störf.

14) Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

15) Framkvæmdastjórninni skal einkum veitt vald til þess að skilgreina tiltekin hugtök, ákvarða viðmiðunardagsetningar, snið og skilafrest, setja ramma fyrir hagkvæmnirannsóknina og gera ráðstafanir í samræmi við niðurstöður þeirra rannsókna. Þar eð þessar ráðstafanir eru almennar ráðstafanir og ætlaðar til úrbóta á einstökum atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð, m.a. með viðbótum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun sem mælt er fyrir um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

16) Þar eð aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. gerð hagskýrslna Bandalagsins um laus störf, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki framar en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

17) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina í samræmi við 3. gr. ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um þær kröfur sem gerðar eru til reglubundinnar ársfjórðungslegrar hagskýrslugerðar um laus störf.

2. Hvert aðildarríki leggur gögn fyrir framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópubandalaganna) um laus störf, a.m.k. vegna rekstrareininga sem hafa einn starfsmann eða fleiri.

Með fyrirvara um 3.mgr. skulu gögnin taka til allrar starfsemi sem tilgreind er í sameiginlega flokkunarkerfinu í núgildandi atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, að frátöldum atvinnurekstri innan heimilis og starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt. Hvort gögnin taka til landbúnaðar, skógarhöggs eða fiskveiða, eins og skilgreint er í gildandi atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, er valfrjálst. Aðildarríki sem æskja þess að leggja fram gögn um þessar atvinnugreinar skulu gera það í samræmi við þessa reglugerð. Með tilliti til aukins vægis persónulegrar umönnunar (umönnun á dvalarheimilum og félagsþjónustu án gistiaðstöðu) til atvinnusköpunar eru aðildarríkin hvött til að senda gögn um laus störf í þess háttar þjónustustarfsemi.

Gögnin skulu flokkuð eftir atvinnustarfsemi í samræmi við gildandi atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins á bálkastigi.

3. Ákvörðun um það að hve miklu leyti opinber stjórnsýsla og varnarmál, lögboðnar almannatryggingar, mennta-, heilbrigðis- og félagsmálaþjónusta, listir, skemmtanir og tómstundastarf og starfsemi félagasamtaka, viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota og önnur persónuleg þjónustustarfsemi, samkvæmt skilgreiningum í gildandi atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, er innan gildissviðs þessarar reglugerðar og varðar rekstrareiningar með færri en 10 starfsmenn, skal tekin með tilliti til hagkvæmniathugananna sem um getur í 7. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Laust starf“: launuð staða sem er nýstofnuð, laus eða um það bil að losna:

   a) og vinnuveitandinn er að gera ráðstafanir vegna hennar og er reiðubúinn til að grípa til fleiri ráðstafana til þess að finna viðeigandi umsækjanda annars staðar en í viðkomandi fyrirtæki og
   b) sem vinnuveitandi hefur í hyggju að ráða í, annaðhvort samstundis eða innan tiltekinna tímamarka.

   Hugtökin „ráðstafanir til þess að finna viðeigandi umsækjanda“ og „innan tiltekinna tímamarka“ skulu skilgreind með athugun, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni.

   Í þeim hagtölum sem lagðar eru fram skal vera valfrjálst að gera greinarmun á því hvort um er að ræða laus störf og tímabundinn samning eða fastráðningu og föst störf,

2. „staða“: launað starf innan stofnunarinnar sem starfsmaður hefur verið ráðinn til,

3. „lýsigögn“: þær útskýringar sem eru nauðsynlegar til að túlka breytingar á gögnum sem annaðhvort má rekja til aðferðafræðilegra eða tæknilegra breytinga,

4. „gögn fyrir fyrri ár“: rannsóknarsöguleg gögn sem falla að lýsingunum í 1. gr.

([1]) Stjtíð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

3. gr.

Viðmiðunardagsetningar og tækniforskriftir

1. Aðildarríki skulu taka saman ársfjórðungsgögnin með hliðsjón af sérstökum viðmiðunardagsetningum sem ákvarða skal með athugun, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð.

2. Aðildarríki skulu leggja fram gögn um fylltar stöður þannig að hægt sé að staðla gögn um laus störf til samanburðar.

3. Aðildarríki skulu gera árstíðabundnar leiðréttingar á heildarvísitölum um ársfjórðungsgögnin um laus störf. Málsmeðferð við árstíðabundnar leiðréttingar skal vera skilgreind í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 9. gr.

4. gr.

Heimildir

1. Aðildarríkin skulu afla gagnanna með fyrirtækjakönnunum. Nota má aðrar heimildir, s.s. stjórnsýslugögn, að því tilskildu að þær uppfylli gæðakröfurnar í 6. gr.

Tilgreina skal uppruna allra gagna sem lögð eru fram.

2. Aðildarríki mega bæta við heimildirnar, sem um getur í 1. mgr., með áreiðanlegum, tölfræðilegum matsaðferðum.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalagsins) getur komið á fót og samræmt úrtakskerfi Bandalagsins, til þess að vinna mat þar sem innlend úrtakskerfi uppfylla ekki kröfur Bandalagsins að því er varðar öflun ársfjórðungsgagna. Nákvæmni slíkra kerfa, samþykkt þeirra og framkvæmd skal tilgreind í samræmi við þá málsmeðferð í stjórnsýslunni sem vísað er til í 3. mgr. 9. gr.

Aðildarríki geta tekið þátt í úrtakskerfi Bandalagsins þegar slík kerfi geta dregið verulega úr kostnaði við hagskýrslukerfin eða ef það minnkar fyrirhöfn fyrirtækja við að uppfylla kröfur Bandalagsins.

5. gr.

Gagnaflutningar

1. Aðildarríki skulu senda gögn og lýsigögn til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) með því sniði og innan þess skilafrests sem ákvarðað verður með athugun, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina. Dagsetning fyrsta viðmiðunarársfjórðungsins verður einnig ákvörðuð í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun sem um getur í 2. mgr. 9. gr Allar leiðréttingar á ársfjórðungsgögnum vegna fyrri ársfjórðunga skal senda á sama tíma.

2. Aðildarríki skulu einnig við afhendingu fyrstu gagna senda gögn fyrir a.m.k. fjóra fyrri ársfjórðunga miðað við þann ársfjórðung sem gögn eru lögð fram fyrir. Niðurstöðutölum skal skilað eigi síðar en daginn sem fyrsta gangasendingin fer fram og sundurliðuðum tölum eigi síðar en einu ári þar á eftir. Ef nauðsyn krefur má byggja gögn fyrir fyrri ár á „besta mati“.

6. gr.

Gæðamat

1. Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi viðmiðanir um gæðamat á þeim gögnum sem skilað er:

— „mikilvægi“: það að hve miklu leyti tölfræðilegar upplýsingar uppfylla núverandi og hugsanlegar þarfir notenda,

— „nákvæmni“: það hversu nærri áætlanir eru óþekktum sanngildum.

— „innan tímamarka“ og „á réttum tíma“: tímabilið milli tiltækileika upplýsinganna og atburðarins eða fyrirbærisins sem þær lýsa.

— „aðgengileiki“ og „skýrleiki“: skilyrði og tilhögun að því er varðar aðgang notenda að gögnum, notkun þeirra og túlkun á þeim,

— „samanburðarhæfi“: mat á áhrifum af mismunandi beitingu hagtöluhugtaka, mælitækja og verklagsreglna þegar bornar eru saman hagtölur mismunandi landssvæða, greinasviða eða tímabila.

— „samfella“: það að unnt er að setja gögnin margvíslega saman og í margvíslegum tilgangi á áreiðanlegan hátt.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té skýrslu um gæði gagnanna sem er skilað.

3. Við beitingu þeirra viðmiðana um gæðamat, sem mælt er fyrir í 1. mgr., á þau gögn, sem þessi reglugerð tekur til, skal fara með tilhögun, uppbyggingu og tíðni gæðaskýrslna í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 9. gr. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal meta gæði gagna sem send eru.

7. gr.

Hagkvæmniathuganir

1. Framkvæmdastjórn (Hagstofa Evrópubandalaganna) setur viðeigandi ramma fyrir röð af hagkvæmniathugunum í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun sem um getur í 2. mgr. 9. gr. Þessar athuganir skulu þau aðildarríki gera sem eiga erfitt með að afhenda gögn fyrir:

a) einingar með færri en 10 starfsmenn og/eða

b) eftirfarandi starfsemi:

i. opinbera stjórnsýslu og varnarmál; almannatryggingar,

ii. menntun;

iii. heilbrigðis- og félagsþjónustu;

iv. menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi og

v. starfsemi félagasamtaka, viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota og önnur persónuleg þjónustustarfsemi.

2. Aðildarríki, sem gera hagkvæmniathuganir, skulu hvert um sig leggja fram niðurstöðuskýrslu þessara athugana innan 12 mánaða frá gildistöku framkvæmdaráðstafana framkvæmdarstjórnarinnar sem um getur í 1.mgr.

3. Eins fljótt og auðið er, þegar niðurstöður hagkvæmniathugananna liggja fyrir, skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin og innan skynsamlegs tímaramma, samþykkja ráðstafanir í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

4. Ráðstafanir, sem samþykktar eru í samræmi við niðurstöður hagkvæmniathugana, skulu taka mið af grundvallarreglunni um kostnaðarhagkvæmni, eins og hún er skilgreind í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97, þ.m.t. að draga úr fyrirhöfn svarenda og skulu þær taka tillit til byrjunarörðugleika.

8. gr.

Fjármögnun

1. Fyrstu þrjú ár gagnaöflunarinnar geta aðildarríki fengið fjárstuðning frá Bandalaginu til að standa undir kostnaði við verkefnið.

2. Árlegar fjárveitingar vegna fjárframlagsins, sem um getur í 1. mgr., skulu fastsettar sem liður í árlegri fjárlagagerð.

3. Fjárveitingavaldið ákvarðar fjárveitinguna fyrir hvert ár.

4. Frekari fjármögnun kemur til álita vegna framkvæmdastarfs að því er varðar þær ráðstafanir sem samþykktar eru á grundvelli niðurstaðna hagkvæmniathugana.

9. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8.gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

10. gr.

Skýrsla um framkvæmd

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 24. júní 2010 og síðan á þriggja ára fresti, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd reglugerðar þessarar.

Í þeirri skýrsla skal meta gæði þeirra hagskýrslna sem aðildarríkin afhenda sem og gæði lykilstærða Evrópu ásamt því að tilgreina svið þar sem umbóta kann að vera þörf.

Aðildarríkin skulu, helst innan árs frá birtingu þriggja ára skýrslunnar, sem vísað er til í 1. mgr., gera grein fyrir því hvernig þau hyggjast takast á við þau svið sem hugsanlega þarfnast úrbóta og skilgreind eru í skýrslu framkvæmdarstjórnarinnar. Jafnframt skulu aðildarríkin skila skýrslu um stöðu á framkvæmd fyrri tilmæla.

11. gr.

Birting hagsskýrslna

Hagskýrslurnar, sem aðildarríkin leggja fram, og greining á þeim, skulu birtar ársfjórðungslega á vefsíðu framkvæmdarstjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna). Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal sjá til þess að eins margir evrópskir ríkisborgarar og unnt er hafi aðgang að hagstölum og greiningum, einkum um vefgátt vinnumiðlunarnets Evrópu (EURES).

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. LENARČIČ

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 452/2008 2014/EES/54/91

frá 23. apríl 2008

um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ályktun ráðsins frá 5. desember 1994 um hagskýrslur um eflingu menntunar og starfsnáms í Evrópusambandinu ([2]) var þess farið á leit að framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við aðildarríkin, hraðaði þróun hagskýrslna um menntun og starfsmenntun.

2) Á fundi leiðtogaráðsins, sem haldinn var í Brussel 22. og 23. mars 2005, var samþykkt að endurvekja Lissabon-áætlunina. Leiðtogaráðið komst að þeirri niðurstöðu að Evrópa yrði að endurnýja grundvöll samkeppnishæfni sinnar, auka vaxtarmöguleika sína og framleiðni og efla félagslega samheldni með megináherslu á þekkingu, nýsköpun og kjörnýtingu mannauðs. Í því sambandi er ráðningarhæfi, aðlögunarhæfni og hreyfanleiki borgara nauðsynleg fyrir Evrópu.

3) Til að þessi markmið náist verða evrópsk mennta- og starfsmenntakerfi að laga sig að kröfum þekkingarsamfélagsins og þörfinni fyrir bætt menntunarstig og aukin gæði atvinnu. Hagskýrslur um menntun, starfsmenntun og símenntun hafa mikla þýðingu sem grundvöllur pólitískra ákvarðana.

4) Símenntun er lykilþáttur í því að byggja upp og efla hæft, þjálfað og aðlögunarhæft vinnuafl. Í ályktunum forseta fundar leiðtogaráðsins vorið 2005 var lögð áhersla á að „mannauður er mikilvægasta eign Evrópu“. Með samþættum viðmiðunarreglum um hagvöxt og atvinnu, þ.m.t. viðmiðunarreglur fyrir stefnu aðildarríkjanna í atvinnumálum, sem ráðið staðfesti með ákvörðun 2005/600/EB ([3]), er stefnt að því að stuðla enn frekar að Lissabon-áætluninni og koma á fót samfelldri áætlun um símenntun.

5) Samþykkt skýrslu ráðsins „Markmið mennta- og starfsmenntakerfa“ (Objectives of the education and training systems) í febrúar 2001 og samþykkt vinnuáætlunar fyrir 2001–2011 í febrúar 2002 um eftirfylgni við skýrsluna er mikilvægt skref í þá átt að standa við skuldbindingar um að nútímavæða og auka gæði mennta- og starfsmenntakerfa í aðildarríkjunum. Vísar og viðmiðunarstig fyrir meðalárangur í Evrópu („viðmiðanir“) eru meðal þeirra tækja opnu samræmingaraðferðarinnar sem eru mikilvæg fyrir vinnuáætlunina „Menntun og starfsmenntun 2010“. Menntamálaráðherrarnir tóku afgerandi skref í maí 2003 með því að koma sér saman um fimm evrópskar viðmiðanir sem á að ná eigi síðar en 2010 en þeir lögðu einnig áherslu á að þeir skilgreini ekki landsbundin markmið eða mæli fyrir um ákvarðanir sem stjórnvöld í einstökum ríkjum eiga að taka.

6) Hinn 24. maí 2005 samþykkti ráðið niðurstöður um „nýja vísa í menntun og starfsmenntun“ ([4]). Í þessum niðurstöðum hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að leggja stefnu og tillögur um þróun nýrra vísa á níu tilteknum sviðum menntunar og starfsmenntunar fyrir ráðið og lagði einnig áherslu á að við þróun nýrra vísa bæri að virða í hvívetna ábyrgð aðildarríkjanna á skipulagi menntakerfa þeirra og hvorki leggja óþarfa stjórnsýsluálag né fjárhagslegar byrðar á viðkomandi samtök eða stofnanir eða leiða óhjákvæmilega til þess að aukinn fjöldi vísa verði notaður til að fylgjast með framþróun.

7) Ráðið samþykkti einnig í nóvember 2004 ályktun um Evrópusamstarf í starfsmenntun og -þjálfun og jafnframt að gera það að forgangsatriði á evrópskum vettvangi að „bæta umfang, nákvæmni og áreiðanleika hagskýrslna um menntun og starfsmenntun til að unnt sé að meta framfarir“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 227. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 79, 18.12.2008, bls. 27.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 25. september 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 14 febrúar 2008.

([2]) Stjtíð. EB C 374, 30.12.1994, bls. 4.

([3]) Stjtíð. ESB L 205, 6.8.2005, bls. 21.

([4]) Stjtíð. ESB C 141, 10.6.2005, bls. 7.

8) Samanburðarhæfar tölfræðilegar upplýsingar á vettvangi Bandalagsins eru nauðsynlegar við gerð áætlana um menntun og símenntun og til að fylgjast með því hvernig framkvæmd þeirra miðar. Hagskýrslugerð skal byggjast á ramma samræmdra hugmynda og samanburðarhæfra gagna og miða að því að komið verði á samþættu evrópsku kerfi um tölulegar upplýsingar um menntun, starfsmenntun og símenntun.

9) Við beitingu þessarar reglugerðar skal hafa hliðsjón af hugtakinu um einstaklinga sem standa höllum fæti á vinnumarkaðnum sem um getur í viðmiðunarreglum um stefnu aðildarríkjanna í atvinnumálum.

10) Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) safnar gögnum um starfsmenntun í fyrirtækjum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 frá 7. september 2005 um hagskýrslur um starfsmenntun í fyrirtækjum°([1]). Þó er þörf á víðtækari lagaramma til að tryggja sjálfbæra gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun sem nær a.m.k. yfir alla viðeigandi núverandi og fyrirhugaða starfsemi. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) safnar árlega, að eigin frumkvæði, gögnum frá aðildarríkjunum um menntun, í samstarfi við Hagskýrslustofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco Institute for Statistics) (UIS) og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), oftast nefnd „gagnaöflun UOE“. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) safnar einnig gögnum um menntun, starfsmenntun og símenntun úr öðrum gögnum frá heimilum, s.s. vinnumarkaðskönnun Evrópusambandsins ([2]) og hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör ([3]) og einnig með sérstökum viðhengjum við þær.

11) Þar eð stefnumótun og eftirlit á sviði menntunar og símenntunar eru virk í eðli sínu og aðlagast síbreytilegu umhverfi skal, í regluramma fyrir hagskýrslur, leyfa ákveðinn sveigjanleika á takmarkaðan og stýrðan hátt, að teknu tilliti til fyrirhafnar svarenda og aðildarríkjanna.

12) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegum hagskýrslustöðlum, sem gera kleift að afla samhæfðra gagna, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki framar en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

13) Gerð tiltekinna hagskýrslna Bandalagsins ákvarðast af reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([4]).

14) Þessi reglugerð tryggir að tekið sé tillit til réttarins til verndar persónuupplýsinga eins og kveðið er á um í 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

15) Afhending gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum ákvarðast af reglunum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 322/97 og í reglugerð ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins ([5]).

16) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002 frá 17. maí 2002 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins, að því er varðar aðgang að gögnum háðum trúnaðarkvöðum í vísindaskyni ([6]) eru fastsett skilyrði fyrir aðgangi að trúnaðargögnum sem Bandalagsyfirvaldinu hafa verið afhent.

17) Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([7]).

18) Framkvæmdastjórninni skal einkum veitt vald til að velja og tilgreina viðfangsefni hagskýrslnanna, könnunaratriði þeirra vegna stefnumála eða tæknilegra þarfa, sundurliðun á könnunaratriðum, athugunartímabil og frest á afhendingu niðurstaðna, gæðakröfur, þ.m.t. kröfur um nákvæmni og ramma um gæðaskýrslugjöf. Þar eð þessar ráðstafanir eru almennar ráðstafanir og miða að því að breyta atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð eða að því að bæta við þessa reglugerð viðbótaratriðum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

([1]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2104/2002 frá 28. nóvember 2002 um aðlögun reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1575/2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 að því er varðar skrána yfir breytur fyrir menntun og þjálfun og kerfisskráningu þeirra fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2003.(Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 14).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 frá 7. nóvember 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aðalmarkbreytur.(Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 34).

([4]) Stjtíð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([5]) Stjtíð. EB L 151, 15.6.1990, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 322/97.

([6]) Stjtíð. EB L 133, 18.5.2002, bls. 7. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1000/2007 (Stjtíð. ESB L 226, 30.8.2007, bls. 7).

([7]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23, Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

19) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([1]), í samræmi við 3. gr. þeirrar ákvörðunar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Með þessari reglugerð er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins á sviði menntunar og símenntunar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „hagskýrslur Bandalagsins“: hagskýrslur Bandalagsins eins og þær eru skilgreindar í fyrsta undirlið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,

b) „hagskýrslugerð“: gerð hagskýrslna eins og hún er skilgreind í öðrum undirlið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,

c) „innlend yfirvöld“: innlend yfirvöld eins og þau eru skilgreind í þriðja undirlið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,

d) „menntun“: skipulögð og viðvarandi samskipti sem ætlað er að leiða til þekkingar ([2]);

e) „símenntun“: allt nám sem á sér stað alla ævi í þeim tilgangi að bæta þekkingu, færni og hæfni frá persónulegum, samfélagslegum, félagslegum og/eða atvinnutengdum sjónarhóli°([3]),

f) „einstaklingsbundin gögn“: tiltekin tölfræðigögn,

g) „trúnaðargögn“: gögn sem leyfa eingöngu óbeina auðkenningu þeirra hagskýrslueininga sem um er að ræða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 322/97 og reglugerð (KBE, EBE) nr. 1588/90.

3. gr.

Svið

Reglugerð þessi gildir um hagskýrslugerð á þremur sviðum:

a) Svið 1 skal taka til hagskýrslna um mennta- og starfsmenntakerfi.

b) Svið 2 skal taka til hagskýrslna um þátttöku fullorðinna einstaklinga í símenntun.

c) Svið 3 skal taka til annarra hagskýrslna um menntun og símenntun, t.d. hagskýrslna um mannauð og um félagslegan og efnahagslegan ávinning menntunar sem falla ekki undir svið 1 og 2.

Hagskýrslugerð á þessum sviðum skal fara fram í samræmi við viðaukann.

4. gr.

Hagskýrsluaðgerðir

1. Hagskýrslugerð Bandalagsins á sviði menntunar og símenntunar skal fara fram með sérstökum hagskýrsluaðgerðum sem hér segir:

a) aðildarríkin afhenda reglulega, innan tiltekins frests, hagskýrslur um menntun og símenntun að því er varðar svið 1 og 2,

b) notuð eru önnur hagskýrsluupplýsingakerfi og kannanir til að útvega fleiri tölfræðilegar breytur og vísa um menntun og símenntun sem samsvara sviði 3,

c) þróun, endurbætur og uppfærsla á stöðlum og handbókum um hagskýrsluramma, hugtök og aðferðir,

d) aukin gæði gagna í tengslum við gæðaramma, sem skulu ná yfir:

— mikilvægi,

— nákvæmni,

— tímanleika og rétta tímasetningu,

— aðgengi og skýrleika,

— samanburðarhæfi og

— samfellu.

Framkvæmdastjórnin skal taka mið af þeirri getu sem er fyrir hendi innan aðildarríkjanna að því er varðar gagnasöfnun og vinnslu og þróun hugtaka og aðferða.

Ef við á skal taka sérstakt tillit til svæðisþátta þeirra gagna sem safnað er. Ef við á skal sundurliða gögn kerfisbundið eftir kyni.

([1]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.
([2]) Samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED) frá árinu 1997.
([3]) Ályktun ráðsins frá 27. júní 2002 um símenntun (Stjtíð. EB C 163, 9.7.2002, bls. 1).

2. Þegar unnt er skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) leita eftir samstarfi við Hagskýrslustofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Efnahags- og framfarastofnunina og önnur alþjóðleg samtök með það í huga að tryggja alþjóðlegt samanburðarhæfi gagna og forðast tvíverknað, einkum að því er varðar það að þróa og endurbæta hagskýrsluhugtök og -aðferðir og afhendingu aðildarríkjanna á hagskýrslum.

3. Þegar staðfest er að marktæk þörf er fyrir ný gögn eða að gæði gagna eru ófullnægjandi skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna), áður en nokkur gagnasöfnun fer fram, beita sér fyrir forkönnunum með valfrjálsri þátttöku aðildarríkjanna. Markmiðið með þessum forkönnunum er að meta hve hagkvæm viðkomandi gagnasöfnun er, að teknu tilliti til ávinningsins af því að gögnin séu til reiðu borið saman við kostnaðinn við að safna þeim saman og fyrirhöfn svarenda. Forkannanir leiða ekki endilega til samsvarandi framkvæmdarráðstafana.

5. gr.

Afhending einstaklingsbundinna gagna um einstaklinga

Þegar nauðsynlegt er vegna hagskýrslugerðar Bandalagsins skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) einstaklingsbundin trúnaðargögn úr úrtakskönnunum í samræmi við gildandi ákvæði um afhendingu gagna, sem eru háð trúnaðarkvöðum, eins og fram kemur í reglugerð (EB) nr. 322/97 og í reglugerð (KBE, EBE) nr. 1588/90. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í gögnunum, sem send eru, séu ekki upplýsingar sem gera beina auðkenningu viðkomandi hagskýrslueininga (einstaklinga) mögulega.

6. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Eftirfarandi ráðstafanir, sem miða að því að breyta atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð með því að bæta við hana, þ.m.t. ráðstafanir þar sem tillit er tekið til efnahagslegrar og tæknilegrar þróunar er varðar öflun, sendingu og úrvinnslu gagna, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun sem um getur í 3. mgr. 7. gr. með það í huga að tryggja afhendingu vandaðra gagna:

a) val og lýsing á viðfangsefnum sem falla undir sviðin og könnunaratriði þeirra vegna stefnumála eða tæknilegra þarfa,

b) sundurliðun á könnunaratriðum,

c) athugunartímabil og frestur á afhendingu niðurstaðna,

d) gæðakröfur, þ.m.t. kröfur um nákvæmni,

e) rammi um gæðaskýrslugjöf.

Ef þessar ráðstafanir leiða til þess að gerð verður krafa um umtalsverða stækkun fyrirliggjandi gagnasafna eða um ný gagnasöfn eða kannanir skulu ákvarðanir um framkvæmd byggjast á kostnaðar- og ábatagreiningu sem hluta af ítarlegri greiningu á áhrifum og afleiðingum, að teknu tilliti til ávinnings af þessum ráðstöfunum, kostnaðar aðildarríkjanna og fyrirhafnar svarenda.

2. Þær ráðstafanir, sem um getur í 1. mgr., skulu taka mið af eftirfarandi:

a) að því er varðar öll svið, hugsanleg byrði fyrir menntastofnanir og einstaklinga,

b) að því er varðar öll svið, niðurstöður forkannana sem um getur í 3. mgr. 4. gr.,

c) að því er varðar svið 1, nýjasti samningurinn milli Hagskýrslustofnunar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Efnahags- og framfarastofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) um hugtök, skilgreiningar, snið gagnasafna, gagnavinnslu, tíðni og frest á afhendingu niðurstaðna,

d) að því er varðar svið 2, niðurstöður forkönnunar um fullorðinsfræðslu, sem fram fór á árunum 2005 til 2007, og þörf fyrir frekari þróun,

e) að því er varðar svið 3, tiltækileiki, hentugleiki og lagaumhverfi fyrirliggjandi gagnagjafa Bandalagsins eftir tæmandi rannsókn á öllum fyrirliggjandi gagnagjöfum.

3. Ef nauðsyn krefur skal samþykkja takmarkaðar undanþágur og aðlögunartímabil fyrir eitt eða fleiri aðildarríki, sem hvort tveggja skal byggjast á hlutlægum grunni, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

7. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Ef vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J. LENARČIČ
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

SVIÐ

Svið 1: Mennta- og starfsmenntakerfi

1. *Markmið*

Markmiðið með þessari gagnaöflun er að leggja fram samanburðarhæf gögn um lykilatriði í mennta- og starfsmenntakerfum, einkum að því er varðar þátttöku í námi og lok náms ásamt kostnaði og tegund tilfanga sem ætluð eru menntun og starfsmenntun.

2. *Gildissvið*

Gagnaöflunin skal ná yfir allt menntunarstarf í landinu, án tillits til þess hver á eða kostar viðkomandi stofnanir (opinberar eða í einkaeign, innlendar eða erlendar) og án tillits til þess hvaða leiðir eru notaðar til að miðla menntuninni. Á sama hátt skal gagnaöflunin taka til námsmanna af öllu tagi og allra aldurshópa.

3. *Viðfangsefni*

Afla skal gagna um:

a) innritun námsmanna, þ.m.t. það sem einkennir þá,

b) nýinnritaða,

c) nemendur sem útskrifast og brautskráningar,

d) útgjöld vegna menntunar,

e) starfsfólk á sviði menntunar,

f) erlend tungumál sem lögð er stund á,

g) stærð nemendahópa,

sem gerir kleift að reikna út vísa um aðföng, framvindu og árangur í mennta- og starfsmenntakerfum.

Aðildarríkin skulu afhenda viðeigandi upplýsingar (lýsigögn) þar sem lýst er sérhæfni innlendra mennta- og starfsmenntakerfa og hvernig þau samsvara alþjóðlegum flokkunum svo og öllum frávikum frá forskriftum að gögnunum sem beðið er um og allar aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að túlka gögnin og taka saman sambærilega vísa.

4. *Tíðni*

Senda skal gögn og lýsigögn árlega, nema annað sé tekið fram, innan þess frests sem samið er um milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og landsyfirvalda, að teknu tilliti til nýjustu samninga milli Hagskýrslustofnunar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Efnahags- og framfarastofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna).

Svið 2: Þátttaka fullorðinna einstaklinga í símenntun

1. *Markmið*

Markmiðið með þessari könnun er að leggja fram samanburðarhæf gögn um þá fullorðnu einstaklinga sem taka þátt í símenntun og þá sem taka ekki þátt.

2. *Gildissvið*

Hagskýrslueiningin er einstaklingur og skal a.m.k. ná yfir aldurshópinn 25–64. ára. Ef um er að ræða söfnun upplýsinga með könnun skal, þar sem unnt er, komast hjá því að nota svör frá staðgengli.

3. *Viðfangsefni*

Könnunin skal ná yfir eftirfarandi viðfangsefni:

a) þátttaka í námi og engin þátttaka,

b) einkenni námsins,

c) upplýsingar um færni sem einstaklingur greinir sjálfur frá,

d) félagslýðfræðilegar upplýsingar.

Einnig skal valfrjálst að safna gögnum um þátttöku í félagsstörfum og menningarstarfsemi til að nota sem skýringarbreytur sem eru gagnlegar til frekari greiningar á einkennum þeirra sem taka þátt og þeirra sem taka ekki þátt.

4. *Gagnagjafar og stærð úrtaks*

Gagnagjafinn skal vera úrtakskönnun. Heimilt er að nota stjórnsýslugögn til að draga úr fyrirhöfn svarenda. Úrtaksstærð skal ákvörðuð á grundvelli kröfu um nákvæmni, þ.e. að raunúrtak í hverju landi sé ekki stærra en 5000 einstaklingar, reiknað út frá þeirri forsendu að um einfalt slembiúrtak sé að ræða. Innan þessara marka skulu sérstakar úrtaksforsendur gilda fyrir tiltekin undirþýði.

5. *Tíðni*

Gögnum skal safnað á fimm ára fresti. Þetta skal framkvæmt í fyrsta lagi árið 2010.

Svið 3: Aðrar hagskýrslur um menntun og símenntun

1. *Markmið*

Markmiðið með þessari gagnaöflun er að leggja fram frekari samanburðarhæf gögn um menntun og símenntun til stuðnings sérstökum stefnumiðum á vettvangi Bandalagsins sem falla ekki undir svið 1 og 2.

2. *Gildissvið*

Aðrar hagskýrslur um menntun og símenntun skulu varða eftirfarandi þætti:

a) hagskýrslur um menntun og efnahagslífið sem eru nauðsynlegar á vettvangi Bandalagsins vegna eftirlits með stefnumálum að því er varðar menntun, rannsóknir, samkeppnishæfni og hagvöxt,

b) hagskýrslur um menntun og vinnumarkaðinn sem eru nauðsynlegar á vettvangi Bandalagsins vegna eftirlits með stefnumálum í atvinnumálum,

c) hagskýrslur um menntun og félagslega aðlögun sem eru nauðsynlegar á vettvangi Bandalagsins vegna eftirlits með stefnumálum að því er varðar fátækt, félagslega aðlögun og aðlögun innflytjenda.

Að því er varðar áðurnefnda þætti skal afla nauðsynlegra gagna úr fyrirliggjandi heimildum Bandalagsins fyrir hagskýrslugerð.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1099/2008 2014/EES/54/92

frá 22. október 2008

um hagskýrslur um orkumál (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Bandalagið þarf að ráða yfir nákvæmum og tímanlega framkomnum gögnum um magn, tegund, uppsprettur, framleiðslu, birgðir, umbreytingu og notkun orku til að geta fylgst með áhrifum og afleiðingum orkustefnu sinnar.

2) Í hagskýrslum um orkumál hefur venjulega verið fjallað mest um orkugjafa og jarðefnaeldsneyti. Á komandi árum þarf að leggja meiri áherslu á aukna þekkingu og vöktun með endanlegri orkunotkun, endurnýjanlegri orku og kjarnorku.

3) Aðgengi að nákvæmum, uppfærðum upplýsingum um orkumál er nauðsynlegt til að hægt sé að meta áhrif orkunotkunar á umhverfið, einkum í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda. Upplýsinga þessara er krafist með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar ([2]).

4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði ([3]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum ([4]) er farið fram á að aðildarríki tilgreini megindleg gögn um orkumál. Þörf er á nákvæmum og uppfærðum orkugögnum til að fylgjast með framvindu þeirra markmiða sem sett eru í þessum tilskipunum.

5) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/91/EB frá 16. desember 2002 um orkunýtingu bygginga ([5]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/32/EB frá 5. apríl 2006 um orkunýtni á lokastigi og þjónustu á sviði orkumála ([6]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur um visthönnun að því er varðar vörur sem nota orku ([7]) er farið fram á að aðildarríki tilgreini megindleg gögn um orkunotkun. Þörf er á nákvæmum og uppfærðum orkugögnum sem og meiri samnýtingu milli þessara orkugagna og gagna úr skyldum tölfræðilegum könnunum s.s. úr manntali og húsnæðistali og flutningagögnum, til að fylgjast með framvindu markmiðanna sem sett eru í þessum tilskipunum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á IV. viðauka (Orka) og XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 9.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 12. mars 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 15. september 2008.

([2]) Stjtíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 33.

([4]) Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.

([5]) Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 65.

([6]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 64.

([7]) Stjtíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29.

6) Í grænbókum framkvæmdastjórnarinnar um orkunýtni frá 22. júní 2005 og um evrópskt skipulag fyrir sjálfbæra, samkeppnishæfa og örugga orku frá 8. mars 2006 er fjallað um stefnu ESB í orkumálum þar sem farið er fram á aðgengi að hagskýrslum ESB um orkumál, þ.m.t. í þeim tilgangi að koma á fót athugunarstöð fyrir evrópskan orkumarkað.

7) Stofnun orkuspárlíkans sem almenningur hefur aðgang að, eins og Evrópuþingið kallar eftir í ályktun sinni frá 14. desember 2006 um evrópskt skipulag um sjálfbæra, samkeppnishæfa og örugga orku ([1]), krefst nákvæmra og uppfærðra orkugagna.

8) Á komandi árum ætti að beina meiri athygli að því að tryggja öruggt framboð á mikilvægustu eldsneytistegundunum og þörf er á tímanlegri og nákvæmari gögnum á vettvangi ESB til að sjá megi fyrir og samræma lausnir ESB á mögulegum framboðskreppum.

9) Aukið frjálsræði á orkumarkaðinum og vaxandi margbreytileiki hans gera það stöðugt erfiðara að komast yfir áreiðanleg og tímanleg gögn, einkum þegar lagagrundvöllur fyrir afhendingu slíkra gagna er ekki fyrir hendi.

10) Hagskýrslukerfið í orkumálum þarf að vera samanburðarhæft, gagnsætt, sveigjanlegt og geta þróast til að verða að gagni við pólitíska ákvarðanatöku Evrópusambandsins og aðildarríkja þess og stuðlað að opinberri rökræðu með þátttöku borgara. Því verður, í nánustu framtíð, að bæta við tölfræðilegum upplýsingum um kjarnorku og þróa ætti frekar viðeigandi gögn sem varða endurnýjanlega orku. Á sama hátt væri aðgengi að nákvæmum tölfræðilegum upplýsingum um búsvæði og flutninga mjög gagnlegt, með tilliti til orkunýtni.

11) Gerð hagskýrslna Bandalagsins ákvarðast af reglunum sem settar eru fram í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([2]).

12) Bandalaginu er heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans, þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, nánar tiltekið að koma á fót sameiginlegum ramma um framleiðslu, sendingu, mat og miðlun samanburðarhæfra hagskýrslna um orku í Bandalaginu, hvert í sínu lagi og verður þeim betur náð á vettvangi Bandalagsins. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

13) Við gerð og miðlun á hagtölum Bandalagsins samkvæmt þessari reglugerð eiga hagskýrsluyfirvöld Bandalagsins og einstakra landa að taka mið af meginreglum sem koma fram í starfsreglum um evrópskar hagskýrslur, sem samþykktar voru 24. febrúar 2005 af hálfu hagskýrsluáætlunar-nefndarinnar, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([3]) og sem fylgja tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um sjálfstæði, ráðvendni og ábyrgð hagskýrsluyfirvalda í aðildarríkjunum og Bandalaginu.

14) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir viðvíkjandi framkvæmd þessarar reglugerðar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([4]).

15) Einkum ætti að veita framkvæmdastjórninni umboð til að breyta skránni um gagnagjafa, landsbundnum hagskýrslum og viðeigandi útskýringum og skilgreiningum, sem og tilhögun sendingar og til að koma á fót og breyta árlegum hagskýrslum um kjarnorku, þegar þær hafa verið teknar upp, að breyta hagskýrslum um endurnýjanlega orku þegar þær hafa verið teknar upp, og koma á og breyta hagskýrslum um endanlega orkunotkun. Þar sem þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum veigalitlum þáttum, verður að samþykkja þær í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í a-lið 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

16) Nauðsynlegt er að kveða á um að framkvæmdastjórninni sé heimilt að veita aðildarríkjum undanþágur eða frávik frá þeim þáttum um söfnun orkugagna sem myndu leiða til óhóflegs álags á svarendur. Aðeins skal veita undanþágur eða frávik að fengnum viðeigandi rökstuðningi sem gefur skýrt til kynna núverandi aðstæður og hið óhóflega álag. Gildistími þeirra skal vera eins skammur og mögulegt er.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um hagskýrsluáætlanir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er komið á fót sameiginlegum ramma um framleiðslu, sendingu, mat og miðlun á samanburðarhæfum hagskýrslum um orkumál í Bandalaginu.

([1]) Stjtíð. ESB C 317 E, 23.12.2006, bls. 876.
([2]) Stjtíð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 181, 28.6. 1989, bls. 47.
([4]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. Reglugerð þessi gildir um hagskýrslugögn sem varða orkuvörur og samtölur þeirra í Bandalaginu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „hagskýrslur Bandalagsins“: hagskýrslur Bandalagsins eins og þær eru skilgreindar í fyrsta undirlið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,

b) „hagskýrslugerð“: hagskýrslugerð eins og hún er skilgreind í öðrum undirlið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,

c) „framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna)“: Bandalagsyfirvaldið eins og það er skilgreint í fjórða undirlið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,

d) „orkuvörur“: brennanlegt eldsneyti, varmi, endurnýjanleg orka, raforka eða einhver önnur gerð af orku,

e) „samtölur“: gögn tekin saman á landsvísu um meðferð eða notkun á orkuvörum, nánar tiltekið framleiðsla, viðskipti, birgðahald, umbreyting, notkun og rekstrarleg einkenni orkukerfisins, t.d. uppsett afkastageta til raforkuframleiðslu eða framleiðslugeta á olíuvörum,

f) „gæði gagna“: eftirfarandi þættir tölfræðilegra gæða: mikilvægi, nákvæmni, tímanleiki og stundvísi, aðgengileiki og skýrleiki, samanburðarhæfi, samræmi og heildstæðni.

3. gr.

Gagnagjafar

1. Aðildarríki skulu, á meðan meginreglur um skert álag á svarendur og stjórnsýslulega einföldun eru í gildi, taka saman gögn varðandi orkuvörur og samtölur þeirra í Bandalaginu úr eftirtöldum heimildum:

a) tilteknum tölfræðilegum könnunum sem beint er til framleiðenda og seljenda frumorku og umbreyttrar orku, dreifingaraðila og flutningsaðila og innflytjenda og útflytjenda á orkuvörum,

b) öðrum tölfræðilegum könnunum sem beint er til endanlegra orkunotenda á sviði framleiðsluiðnaðar, flutninga og á öðrum sviðum, þ.m.t. heimilum,

c) öðrum tölfræðilegum matsaðferðum eða heimildum, þ.m.t. stjórnsýsluheimildum, s.s. frá eftirlitsaðilum rafmagns- og gasmarkaða.

2. Aðildarríki skulu mæla fyrir um nákvæmar reglur varðandi skýrslugjöf fyrirtækja og gagnagjafa að því er varðar gögnin sem þörf er á fyrir landshagskýrslur, eins og tilgreint er í 4. gr.

3. Skrá yfir gagnagjafa má aðlaga í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

4. gr.

Samtölur, orkuvörur og sendingartíðni landshagskýrslna

1. Landshagskýrslurnar sem tilkynna verður skulu vera eins og kveðið er á um í viðaukunum. Þær skal senda svo oft sem hér segir:

a) árlega, hagskýrslur um orku í viðauka B,

b) mánaðarlega, hagskýrslur um orku í viðauka C,

c) mánaðarlega í skamman tíma, hagskýrslur um orku í viðauka D.

2. Viðeigandi útskýringar eða skilgreiningar á notuðum tæknihugtökum eru veittar í hverjum viðauka fyrir sig og í viðauka A (Hugtakanotkun).

3. Breyta má sendum gögnum og viðeigandi útskýringum eða skilgreiningum í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

5. gr.

Sending og miðlun

1. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) landshagskýrslurnar sem um getur í 4. gr.

2. Tilhögun á sendingu þeirra, þ.m.t. viðeigandi tímamörk, frávik og undanþágur, skal vera eins og kveðið er á um í viðaukunum.

3. Heimilt er að breyta tilhögun á sendingu landshagskýrslnanna í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

4. Berist tilhlýðilega rökstudd beiðni frá aðildarríki getur framkvæmdastjórnin veitt undanþágur eða frávik til viðbótar, í samræmi við reglunefndarmeðferð sem um getur í 3. mgr. 11. gr., fyrir þættina í landshagskýrslunum hvers samantekt myndi leiða til óhóflegs álags á svarendur.

5. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal miðla árlegum hagskýrslum um orkumál fyrir 31. janúar á öðru ári eftir skýrslutímabilið.

6. gr.

Gæðamat og -skýrslur

1. Aðildarríkin skulu tryggja gæði afhentra gagna.

2. Gera skal allar skynsamlegar ráðstafanir til að tryggja samfellu milli orkugagna, sem lögð eru fram í samræmi við viðauka B og gagna, sem lögð eru fram í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/166/EB frá 10. febrúar 2005 um reglur um framkvæmd ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar ([1]).

3. Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi viðmiðanir um gæðamat á þeim gögnum sem senda skal:

a) „mikilvægi“: að hve miklu leyti tölfræðilegar upplýsingar uppfylla núverandi og hugsanlegar þarfir notenda,

b) „nákvæmni“: hversu nærri áætlanir eru óþekktum sanngildum,

c) „innan tímamarka“: tímabilið milli tiltækileika upplýsinganna og atburðarins eða fyrirbærisins sem þær lýsa,

d) „stundvísi“: tímabilið milli birtingardags gagna og markdagsins þegar hefði átt að afhenda gögnin,

e) „aðgengileiki“ og „skýrleiki“: skilyrði og fyrirkomulag um aðgang notenda að gögnum, notkun þeirra og túlkun á þeim,

f) „samanburðarhæfi“: mat á áhrifum af mismunandi beitingu hagtöluhugtaka, mælitækja og verklagsreglna þegar bornar eru saman hagtölur mismunandi landssvæða, greinasviða eða tímabila,

g) „samfella“: að unnt er að setja gögnin margvíslega saman og í margvíslegum tilgangi á áreiðanlegan hátt.

4. Fimmta hvert ár skulu aðildarríki afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) skýrslu um gæði sendu gagnanna sem og um allar aðferðafræðilegar breytingar sem gerðar hafa verið.

5. Innan sex mánaða frá viðtöku beiðni framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og til að gera henni kleift að meta gæði sendu gagnanna, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skýrslu sem inniheldur allar viðkomandi upplýsingar um framkvæmd þessarar reglugerðar.

7. gr.

Tímaviðmiðun og tíðni

Aðildarríki skulu taka saman öll gögn sem tilgreind eru í þessari reglugerð frá upphafi næsta almanaksárs eftir gildistöku þessarar reglugerðar og senda þau þaðan í frá, eins oft og mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.

8. gr.

Árlegar hagskýrslur um kjarnorku

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, í samstarfi við kjarnorkugeirann innan ESB, skilgreina röð árlegra hagskýrslna um kjarnorku sem skal afhenda og miðla frá og með árinu 2009, það ár er fyrsta skýrslutímabilið, með fyrirvara um trúnaðarkvöð ef nauðsyn krefur, og forðast tvítekningu í gagnaöflun, og á sama tíma halda framleiðslukostnaði lágum og álagi vegna skýrslugjafarinnar hæfilegu.

Koma skal röð árlegra hagskýrslna um kjarnorku á fót og er heimilt að breyta þeim í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

9. gr.

Hagskýrslur um endurnýjanlega orku og endanlega orkunotkun

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, í því skyni að auka gæði hagskýrslna um endurnýjanlega orku og endanlega orkunotkun í samstarfi við aðildarríkin, ganga úr skugga um að hagskýrslurnar séu samanburðarhæfar, gagnsæjar, nákvæmar og sveigjanlegar með því að:

a) endurskoða aðferðafræðina sem notuð var til að setja saman hagskýrslur um endurnýjanlega orku í því skyni að veita aðgang að viðbótar tölfræðilegum upplýsingum, viðeigandi og nákvæmum, um hvern og einn endurnýjanlegan orkugjafa, árlega og á kostnaðarhagkvæman hátt. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal annast kynningu á og miðla hagskýrslunum sem settar eru saman frá og með 2010 (viðmiðunarár),

b) endurskoða og ákvarða aðferðafræðina sem notuð var innanlands og á vettvangi Bandalagsins við að búa til hagskýrslur um endanlega orkunotkun (heimildir, breytur, gæði, kostnað), byggðar á núverandi stöðu, fyrirliggjandi rannsóknum og forathugunum á hagkvæmni, sem og kostnaðar- og ábatagreiningum sem eftir á að gera, og meta niðurstöður tilraunarannsókna og kostnaðarhagræðingargreiningar með það í huga að búa til sundurliðunarlykla fyrir endanlega orkunotkun eftir geirum og helstu orkunotkun og fella niðurstöðurnar smám saman inn í hagskýrslurnar frá og með 2012 (viðmiðunarár).

2. Heimilt er að breyta röð hagskýrslna um endurnýjanlega orku í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem og um getur í 2. mgr. 11. gr.

3. Koma skal á fót röð hagskýrslna um endanlega orkunotkun og er heimilt að aðlaga hana í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

([1]) Stjtíð. ESB L 55, 1.3.2005, bls. 57.

10. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar og er ætlað að breyta þeim þáttum hennar sem ekki teljast grundvallaratriði, m.a. með því að auka við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 11. gr.:

a) breytingar á skránni yfir gagnagjafa (3. mgr. 3. gr.),

b) breytingar á landshagskýrslum og viðeigandi útskýringum eða skilgreiningum (3. mgr. 4. gr.),

c) breytingar á sendingarfyrirkomulagi (3. mgr. 5. gr.),

d) koma á fót árlegum hagskýrslum um kjarnorku og breytingar á þeim (2. mgr. 8. gr.),

e) breytingar á hagskýrslum um endurnýjanlega orku (2. mgr. 9. gr.),

f) koma á fót hagskýrslum um endanlega orkunotkun og breytingar á þeim (3. mgr. 9. gr.).

2. Leyfa skal undanþágur eða frávik til viðbótar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr.

3. Hafa ber í huga þá meginreglu að viðbótarkostnaði og álagi vegna skýrslugjafar sé haldið innan hæfilegra marka.

11. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 22. október 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-P. JOUYET

forseti.

VIÐAUKI A

ÚTSKÝRINGAR Á HUGTAKANOTKUN

Viðauki þessi veitir útskýringar eða skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í hinum viðaukunum.

1. LANDFRÆÐILEGAR ATHUGASEMDIR

Eftirfarandi landfræðilegar skilgreiningar gilda aðeins vegna hagskýrslugerðar:

– Ástralía undanskilur svæðin handan hafsins,

– Danmörk undanskilur Færeyjar og Grænland,

– Mónakó telst til Frakklands en ekki frönsku svæðin handan hafsins: Gvadelúpeyjar, Martiník, Franska Gvæjana, Réunion, Sankti Pierre og Miquelon, Nýja-Kaledónía, Franska Pólýnesía, Wallis- og Fútúnaeyjar, Mayotte,

– San Marínó og Vatíkanið teljast til Ítalíu,

– Okinawa telst til Japan,

– Súrínam og Hollensku Antillur teljast ekki til Hollands,

– Asoreyjar og Madeira teljast til Portúgal,

– Kanaríeyjar, Balear-eyjar, og Ceuta og Melilla teljast til Spánar,

– Liechtenstein telst ekki til Sviss,

– til Bandaríkjanna teljast ríkin 50, Kólumbíuhérað (District of Columbia), Bandarísku Jómfrúreyjar, Púertó Ríkó og Gvam.

2. SAMTÖLUR

Framleiðendur eru flokkaðir samkvæmt tilgangi framleiðslunnar:

– Framleiðendur í aðalstarfsemi: fyrirtæki, hvort sem er í einka- eða almenningseign, sem hafa fyrir aðalstarfsemi að framleiða raforku og/eða varma til að selja þriðja aðila.

– Framleiðendur til eigin nota: fyrirtæki, hvort sem er í einka- eða almenningseign, sem framleiða raforku og/eða varma eingöngu eða að hluta til eigin nota til að styðja við aðalstarfsemi sína.

Athugasemd: framkvæmdastjórnin getur skýrt hugtakanotkun frekar, eftir að endurskoðun á atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (e. *NACE*) hefur öðlast gildi, með því að bæta viðeigandi tilvísunum við í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

2.1. **Birgða- og umbreytingargeirar**

Framleiðsla/innlend framleiðsla
Unnið eða framleitt eldsneytismagn, reiknað út að loknum aðgerðum til að fjarlægja skaðlaus óhreinindi. Með framleiðslunni telst það magn sem framleiðandinn notar í framleiðsluferlinu (t.d. til hitunar eða starfrækslu á búnaði og aukabúnaði), einnig það sem afhent er öðrum orkuframleiðendum til umbreytingar eða annarra nota.
„Innlend“: framleiðsla úr auðlindum innan hlutaðeigandi ríkis.

Innflutningur/útflutningur

Hvað varðar landfræðilegar skilgreiningar, sjá liðinn „Landfræðilegar athugasemdir“.

„Innflutningur“ vísar, nema annað sé tilgreint, til upprunalands (landsins þar sem orkuvaran var framleidd) til notkunar í landinu og „útflutningur“ til þess lands þar sem framleidd orkuvara er að síðustu notuð.

Litið skal á magn sem innflutt eða útflutt þegar það hefur farið yfir pólitísk landamæri landsins, hvort sem tollafgreiðsla hefur átt sér stað eða ekki.

Heimilt er að nota „annað“ sé hvorki hægt að tilgreina uppruna né ákvörðunarstað.

Tölfræðilegur mismunur getur komið upp ef aðeins upplýsingar um heildarinnflutning og -útflutning liggja fyrir á fyrrnefndum grundvelli en landfræðilega sundurliðunin byggir á annarri könnun, heimild eða hugmynd. Í því tilviki skal mismunurinn falla undir „annað“.

Alþjóðlegir skipageymar

Magn eldsneytis sem afhent er skipum í alþjóðlegum siglingum án tillits til undir hvaða fána þau sigla. Alþjóðlegar siglingar geta farið fram á sjó, á vötnum og vatnaleiðum og í strandsjó. Undanskilin er:

– eldsneytisnotkun skipa í innanlandssiglingum. Ákvarða ætti á milli innanlands- eða alþjóðlegra siglinga á grundvelli brottfararhafnar og komuhafnar en ekki á því hvaða fána skipið siglir undir eða hvert ríkisfang þess er,

– notkun af hálfu fiskiskipa,

– notkun af hálfu herafla.

Breytingar á birgðum

Mismunurinn á birgðum í upphafi og birgðum í lok tímabils að því er varðar birgðir á innlendu yfirráðasvæði.

Verg notkun (útreiknuð)

Útreiknað verðgildi, skilgreint sem:

innlend framleiðsla + frá öðrum aðilum + innflutningur - útflutningur - alþjóðlegir skipsgeymar + breytingar á birgðum

Verg notkun (mæld)

Magnið sem er skráð í raun í könnunum frá geirum endanlegra notenda.

Tölfræðilegur mismunur

Útreiknað verðgildi, skilgreint sem:

útreiknuð verg notkun - mæld verg notkun.

Tekur til breytinga á birgðum hjá endanlegum notendum þegar ekki er hægt að skilgreina þær sem hluta af „breytingum á birgðum“.

Taka skal fram ástæður fyrir öllum meiri háttar mismun.

Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver

Magn eldsneytis sem er notað við raforkuframleiðslu.

Tilkynna skal um eldsneyti sem notað er af hálfu orkuvera sem eru með a.m.k. eina deild samþættrar varma- og raforkuvinnslu undir Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (e. *CHP*).

Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

Magn eldsneytis notað við raforku- og varmaframleiðslu.

Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver

Magn eldsneytis notað við varmaframleiðslu.

Framleiðendur til eigin nota – raforkuver

Magn eldsneytis notað við raforkuframleiðslu.

Tilkynna skal um eldsneyti sem notað er af hálfu orkuvera sem eru með a.m.k. eina deild samþættrar varma- og raforkuvinnslu undir „Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu“.

Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

Magn eldsneytis sem samsvarar þeirri raforku sem framleidd er og þeim varma sem seldur er.

Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
Eldsneyti sem samsvarar þeim varma sem seldur er.
Eldsneytiskögglaver
Magn notað við eldsneytisframleiðslu.
Magn notað til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að tilkynna hér heldur undir notkun í orkugeiranum.
Koksofnar
Magn notað í koksofnum.
Magn notað til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.
Brúnkolaköggla- og mókögglaver
Magn surtarbrands eða brúnkola, notað við framleiðslu á brúnkolakögglum (e. *BKB*) eða mó til að framleiða móköggla (e. *PB*).
Magn notað til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.
Gasveitur
Magn notað til að framleiða gas í gasveitum og kolagasverum.
Magn notað sem eldsneyti til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja með hér heldur telja fram sem notkun í orkugeiranum.
Háofn
Magn kokskola og/eða linkola (almennt nefnd PCI á ensku) og koksofnakoks sem umbreytt var í háofnum.
Magn notað til eldsneytis fyrir hitun og starfrækslu háofna (t.d. háofnagas) ætti ekki að telja með hér heldur undir notkun í orkugeiranum.
Þétting kola í vökva
Eldsneytismagn notað við framleiðslu á tilbúinni olíu.
Hreinsunarstöðvar jarðolíu
Magn notað við framleiðslu á jarðolíuafurðum.
Magn notað til eldsneytis fyrir hitun og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.
Ekki skilgreint annars staðar — umbreyting
Magn notað til umbreytingaraðgerða, ótalið annars staðar. Ef reitur þessi er notaður skal útskýra færslurnar, undir þessum lið, í skýrslunni.

2.2. **Orkugeiri og endanleg notkun**

Samtala orkugeira
Magn sem orkuiðnaðurinn notar til að standa undir vinnslu (námugreftri, olíu- og gasframleiðslu) eða umbreytingaraðgerðum.
Magn eldsneytis, sem umbreytt er í annað orkuform (tilkynnt undir umbreytingargeiranum) eða notað í rekstur á olíu-, gas- og kolagrugglausnarleiðslum (tilkynnt undir flutningageiranum) er undanskilið.
Tekur til framleiðslu kemískra efna til kjarnaklofnunar og kjarnasamruna og afurða þessara ferla.
Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (CHP) og varmaorkuver
Magn sem notað er sem orka í raforkuverum, orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuverum.
Kolanámur
Magn sem notað er sem orka til að standa undir námi og forvinnslu á kolum í kolanámuiðnaðinum.
Kol sem brennt er í námuorkuverum skal tilkynna undir umbreytingargeiranum.
Eldsneytiskögglaver
Magn sem notað er sem orka í eldsneytiskögglaverum.
Koksofnar
Magn sem notað er sem orka í koksverum.
Brúnkolaköggla- og mókögglaver
Magn notað sem orka í brúnkolaköggla- og mókögglaverum.

Gasver/gösunarver

Magn sem notað er sem orka í gasverum og kolagösunarverum.

Háofnar

Magn sem notað er sem orka í háofnum.

Þétting kola í vökva

Magn sem notað er sem orka í verum er þétta kol í vökva.

Hreinsunarstöðvar jarðolíu

Magn sem notað er sem orka í hreinsunarstöðvum jarðolíu.

Olíu- og jarðgasvinnsla

Magn sem notað er til eldsneytis í olíu- og gasvinnslu og í jarðgasvinnslustöðvum.

Undanskilið er flutningstap í leiðslum (tilkynnt undir tapi af dreifingu) og magn orku sem notað er til að starfrækja leiðslur (tilkynnt undir flutningageiranum).

Samtala endanlegrar notkunar

Skilgreind (reiknuð út) sem:

= samtala notkunar til annars en orkugjafar + endanleg orkunotkun (iðnaður + flutningur + aðrir geirar)

Undanskilin er afhending til umbreytingar, notkun orkuframleiðsluiðnaðarins og tap af dreifingu.

Notkun sem er ekki til orkugjafar

Orkuvörur sem eru notaðar til hráefnis í mismunandi geirum, þ.e. hvorki notaðar til eldsneytis né umbreytt í annað eldsneyti.

2.3. **Skilgreining á lokanotkun orku**

Endanleg orkunotkun

Heildarorkunotkun í iðnaði, flutningum og öðrum geirum.

Iðnaðargrein

Hér er átt við eldsneytið sem iðnaðarfyrirtæki nota til að standa undir aðalstarfsemi sinni.

Með hreinum varmaverum eða orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu er aðeins átt við magn eldsneytis sem notað er til framleiðslu á varma sem orkuverið sjálft notar. Tilkynna ber magn eldsneytis, sem notað er til framleiðslu á seldum varma og til raforkuframleiðslu, undir viðeigandi umbreytingargeira.

Járn og stál

Kemískt (þ.m.t. unnið er úr jarðolíu eða jarðgasi)

Kemískur iðnaður og sá sem vinnur úr jarðolíu eða jarðgasi.

Járnlausir málmar

Járnlaus málmiðnaður.

Málmlaus steinefni

Gler-, keramík-, sements- og annar byggingarefnisiðnaður.

Flutningatæki

Iðnaður sem tengist búnaði sem notaður er við flutninga.

Vélbúnaður

Fullunnin málmvara, vélbúnaður og búnaður annar en flutningatæki.

Námuvinnsla og grjótnám

Orkuframleiðsluiðnaður er undanskilinn.

Matvæli, drykkjarvörur og tóbak

Pappírskvoða, pappír og prentun

Tekur til framleiðslu á uppteknu efni.

Viður og viðarvörur (önnur en pappírskvoða og pappír)

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Textílefni og leður

Ekki skilgreint annars staðar — iðnaður

Notkun í geirum sem ekki er fjallað um að ofan.

Flutningageiri

Orkunotkun í allri flutningastarfsemi án tillits til atvinnuvegarins þar sem starfsemin á sér stað.

Flutningageiri — járnbrautir

Öll notkun í umferð járnbrauta, þ.m.t. iðnaðarjárnbrauta.

Flutningageiri — innanlandssiglingar

Magn sem afhent er til skipa sem ekki eru í alþjóðlegum siglingum án tillits til undir hvaða fána þau sigla (sjá „Alþjóðlegir skipsgeymar“). Ákvarða ætti á milli innanlands- eða alþjóðlegra siglinga á grundvelli brottfararhafnar og komuhafnar en ekki á því hvaða fána skipið siglir undir eða hvert ríkisfang þess er.

Flutningageiri — vegir

Magn notað í ökutækjum.

Tekur til eldsneytis sem landbúnaðarökutæki á þjóðvegum nota og smurolía til notkunar á ökutæki.

Undanskilin er orka sem notuð er á kyrrstæðar vélar (sjá aðra geira), á dráttarvélar utan þjóðvega (sjá landbúnað), ökutæki til notkunar í hernaði (sjá aðra geira — ekki skilgreint annars staðar), jarðbik notað í yfirborð vega og orka sem notuð er á vélar á byggingarsvæðum (sjá iðnað, undirgrein „byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð“).

Flutningageiri — flutningar með leiðslum

Magn notað sem orka til að styðja og starfrækja leiðslur sem flytja gas, vökva, grugglausnir og aðra hrávöru.

Tekur til orku sem notuð er í dælustöðvum og til viðhalds á leiðslunni.

Undanskilin er orka sem notuð er til dreifingar á jarðgasi eða verksmiðjugasi, heitu vatni eða gufu með leiðslum frá dreifingaraðilanum til endanlegra notenda (talið fram í orkugeiranum), orka sem notuð er til lokadreifingar á vatni til heimila, iðnaðar, verslunar og annarra notenda (talið fram í verslun og opinberri þjónustu) og tap sem hlýst við flutning þennan frá dreifingaraðilum til endanlegra notenda (talið fram sem tap í dreifingu).

Flutningageiri — millilandaflug

Magn flugvélaeldsneytis sem afhent er til loftfara í millilandaflugi. Byggja ætti ákvörðun um brottfarar- og lendingarstað á því hvort um sé að ræða innanlands- eða millilandaflug en ekki á grundvelli ríkisfangs flugrekandans.

Undanskilið er eldsneyti sem flugrekendur nota á eigin ökutæki (talið fram í flutningageiranum — ekki skilgreint annars staðar) og flugvélaeldsneyti til hernaðarnota (talið fram í öðrum geira — ekki skilgreint annars staðar).

Flutningageiri — innanlandsflug

Flugvélaeldsneyti sem afhent er til loftfara í innanlandsflugi — verslunar-, einka-, landbúnaðarflugi o.s.frv.

Tekur til eldsneytis sem notað er í öðrum tilgangi en til flugs, t.d. vélaprófana í prófunarbekk. Byggja ætti ákvörðun um brottfarar- og lendingarstað á því hvort um sé að ræða innanlands- eða millilandaflug en ekki á grundvelli ríkisfangs flugrekandans.

Undanskilið er eldsneyti sem flugrekendur nota á eigin ökutæki (talið fram í flutningageiranum — ekki skilgreint annars staðar) og flugvélaeldsneyti til hernaðarnota (talið fram í öðrum geira — ekki skilgreint annars staðar).

Flutningageiri — ekki skilgreint annars staðar

Magn notað til flutningastarfsemi, ótalið annars staðar.

Tekur til eldsneytis sem notað er af flugrekendum á ökutæki þeirra og eldsneytis sem notað er í höfnum á affermingartæki skipa, ýmsar gerðir af krönum.

Atriði sem telja skal fram koma fram undir þessum lið.

Aðrir geirar

Geirar sem ekki er sérstaklega minnst á eða tilheyra ekki orku, iðnaði eða flutningum.

Aðrir geirar — verslun og opinber þjónusta

Eldsneyti sem fyrirtæki og skrifstofur í opinbera geiranum og einkageiranum nota.

Aðrir geirar — íbúðarhúsnæði

Telja skal fram eldsneyti sem er notað af öllum tegundum heimila, þ.m.t. „heimilum með launuðum starfsmönnum“.

Aðrir geirar — landbúnaður/skógrækt
Eldsneyti sem er notað í landbúnaði, veiðum og skógrækt.
Aðrir geirar — fiskveiðar
Eldsneyti afhent til fiskveiða inni í landi, strand- og djúpsjávarveiða. Fiskveiðar skulu ná yfir eldsneyti sem afhent er skipum sem hafa tekið eldsneyti í landinu, án tillits til undir hvaða fána þau sigla (þ.m.t. fiskveiðar á alþjóðlegu hafsvæði) og orku sem notuð er í fiskiðnaðinum.
Aðrir geirar — ekki skilgreindir annars staðar
Starfsemi sem er ótalin annars staðar. Flokkur þessi tekur meðal annars til eldsneytisnotkunar til allrar hreyfanlegrar og kyrrstæðrar notkunar í hernaðarskyni (t.d. í skipum, flugvélum, á vegum og orkunotkun í íbúðarhúsnæði), án tillits til hvort eldsneytið sem afhent er fer til hers landsins eða hers annars lands. Ef þessi reitur er notaður skal útskýra í skýrslunni þau atriði sem eru færð undir þennan lið.

3. ÖNNUR HUGTÖK

Merking eftirfarandi skammstafana er sem hér segir:

– TML: tetrametýlblý,

– TEL: tetraetýlblý,

– SPB: hreinsað bensín,

– LPG: fljótandi jarðolíugas,

– NGL: jarðgasvökvar,

– LNG: fljótandi jarðgas,

– CNG: þjappað jarðgas.

VIÐAUKI B

ÁRLEGAR HAGSKÝRSLUR UM ORKUMÁL

Í þessum viðauka er lýsing á umfangi, einingum, skýrslugjafartímabili, tíðni, fresti og fyrirkomulagi sendinga varðandi árlega söfnun á hagskýrslum um orkumál.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1. JARÐEFNAELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI OG VERKSMIÐJUGAS

1.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram á:

Orkuvara	Skilgreining
1. Harðkol	Hágæðakol sem notuð eru í iðnaði og íbúðarhúsnæði. Yfirleitt hafa þau minna en 10% af rokgjörnu efni og hátt kolefnisinnihald (um 90% fast kolefni). Vergt varmagildi þeirra er meira en 23 865 kJ/kg (5700 kkal/kg) miðað við öskulaust en rakt efni.
2. Kokskol	Linkol af þeim gæðum sem henta til framleiðslu á koksi sem nota má til að styðja við hleðslu háofna. Vergt varmagildi þeirra er meira en 23 865 kJ/kg (5700 kkal/kg) miðað við öskulaust en rakt efni.
3. Önnur linkol (gufukol)	Kol notuð til framleiðslu á gufu og tekur þetta til allra linkola sem hvorki eru talin til kokskola né harðkola. Þau einkennast af hærra magni rokgjarns efnis en harðkol (meira en 10%) og lægra kolefnisinnihaldi (minna en 90% fast kolefni). Vergt varmagildi þeirra er meira en 23 865 kJ/kg (5700 kkal/kg) miðað við öskulaust en rakt efni. Ef linkol eru notuð í koksofna eru þau talin fram sem kokskol.
4. Gljábrúnkol	Á við um ómótuð kol með vergu varmagildi á milli 17 435 kJ/kg (4165 kkal/kg) og 23 865 kJ/kg (5700 kkal/kg) sem innihalda meira en 31% af rokgjörnum efnum miðað við þurrt, steinefnalaust efni.
5. Surtarbrandur/brúnkol	Ómótuð kol með vergu varmagildi minna en 17 435 kJ/kg (4165 kkal/kg) og meira en 31% af rokgjörnum efnum miðað við þurr steinefnalaus efni. Olíuleirsteinn og tjörusandur, sem er framleiddur og brenndur strax eftir vinnslu, er talinn fram í þessum flokki. Olíuleirsteinn og tjörusandur, sem er settur í önnur umbreytingarferli, er einnig talinn fram í þessum flokki. Þetta tekur til þess hluta olíuleirsteins eða tjörusands sem notaður er í umbreytingarferlinu. Olía úr leirsteini og aðrar vörur sem fengnar eru fram með umbreytingu í vökva eru taldar fram í árlega olíuspurningalistanum.
6. Mór	Brennanlegt mjúkt, gropið eða þjappað plöntuset með háu vatnsinnihaldi (allt að 90% í upprunalegu formi), auðskorið, í litum frá ljósbrúnum yfir í dökkbrúnan. Mór, sem ekki er notaður sem orkugjafi, er ekki talinn með. Skilgreining þessi er með fyrirvara um skilgreininguna á endurnýjanlegum orkugjöfum í tilskipun 2001/77/EB og leiðbeiningar milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar frá 2006 um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir.
7. Eldsneytiskögglar	Samsett eldsneyti gert úr harðkolaögnum með því að bæta bindiefni við þær. Magn eldsneytisköggla sem framleitt er getur því orðið aðeins meira en það magn kola sem notað er í umbreytingarferlinu.
8. Koksofnakoks	Fast efni sem fæst með kolun kola, aðallega kokskola, við hátt hitastig, það er með lágt rakastig og lítið af rokgjörnum efnum. Koksofnakoks er aðallega notað í járn- og stáliðnaðinum sem orkugjafi og hvarfmiðill. Til þessa flokks teljast kokssalli og málmsteypukoks. Hálfkoks (föst afurð sem fæst með kolun kola við lágt hitastig) ætti einnig að teljast til þessa flokks. Hálfkoks er notað til heimilisnota eða af umbreytingarverinu sjálfu. Liður þessi tekur einnig til koks, kokssalla og hálfkoks sem gert er úr surtarbrandi/brúnkolum.
9. Gaskoks	Aukaafurð úr harðkolum sem notuð er til framleiðslu á veitugasi í gasverum. Gaskoks er notað til hitunar.

10. Koltjara	Myndast þegar linkol eru þurreimuð. Koltjara er fljótandi aukaafurðin sem verður til þegar kol eru eimuð í koksofni til að framleiða koks eða að hún er framleidd sérstaklega úr brúnkolum (lághitatjara). Koltjöru er hægt að eima frekar fyrir mismunandi lífrænar vörur (t.d. bensen, tólúen og naftalín) sem yfirleitt yrðu taldar fram undir hráefni fyrir jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn.
11. Brúnkolakögglar (brúnkolakögglar)	Brúnkolakögglar eru samsett eldsneyti, framleitt úr surtarbrandi/brúnkolum, kögglarnir eru búnir til með háþrýstingi án bindiefna. Tekur til mókögglа, þurrkaðra brúnkolaagna og salla.
12. Gasveitugas	Tekur til allra gastegunda sem framleiddar eru hjá almenningsveitum eða verum í einkaeign sem hafa framleiðslu, flutning og dreifingu gass að aðalmarkmiði sínu. Þar er meðtalið gas sem framleitt er með kolun (þ.m.t. gas sem er framleitt í koksofnum og blandað við gasveitugas), með algerri gösun, með eða án auðgunar með olíuvörum (fljótandi jarðolíugasi, eldsneytisolíuleif o.s.frv.) og með umbreytingum og einfaldri blöndun á gasi og/eða lofti, talið fram í „frá öðrum uppsprettum“. Gasveitugas, sem blandað hefur verið saman við jarðgas, sem verður dreift og notað fyrir milligöngu jarðgasdreifikerfisins, er talið fram undir umbreytingargeiranum. Telja ætti framleiðslu á öðru kolagasi (t.d. koksofnagasi, óefnislega og gasi úr súrefnisstálbræðsluofnum) fram í dálkunum er varða slíkt gas en ekki undir framleiðslu á gasveitugasi. Kolagas, sem flutt er í gasveituver, ætti þá að telja fram (í dálki út af fyrir sig) í umbreytingargeiranum í röðinni fyrir gasveituver. Heildarmagn gasveitugass sem orðið hefur til við flutning á öðru kolagasi skal fært í línu fyrir framleiðslu á gasveitugasi.
13. Koksofnagas	Gasið er aukaafurð framleiðslu á koksofnakoksi fyrir járn- og stálframleiðslu.
14. Háofnagas	Framleitt með bruna á koksi í háofnum í járn- og stáliðnaðinum. Þaðan er það endurheimt og notað til eldsneytis, að hluta til innan versins og að hluta til í öðru ferli innan stáliðnaðarins eða í orkuverum sem hafa útbúnað til að brenna því. Eldsneytismagnið skal tilgreint á grunni vergs varmagildis.
15. Gas úr súrefnisstál-bræðsluofnum	Aukaafurð stálframleiðslu í súrefnisbræðsluofnum, endurheimt þegar það leitar út úr bræðsluofninum. Gasið er einnig þekkt sem málmbræðsluofnagas, LD-gas og BOS-gas (á ensku).
16. Harðkol	Hugtakið „harðkol“ á við um kol með hærra vergt varmagildi en 23 865 kJ/kg (5700 kkal/kg) miðað við öskulaust en rakt efni og með handahófskenndan endurvarpsstuðul vítríníts sem er að meðaltali ekki lægri en 0,6. Harðkol ná yfir allar orkuvörur samanlagt frá 1 til 3 (harðkol, kokskol og önnur linkol).

1.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1.2.1. *Birgða- og umbreytingargeirar*

1.	Framleiðsla
1.1.	Þar af: neðanjarðar Gildir aðeins um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand/brúnkol.
1.2.	Þar af: ofanjarðar Gildir aðeins um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand/brúnkol.
2.	Frá öðrum upptökum Um er að ræða tvo þætti: – endurheimt grugglausn, kolamél og aðrar kolavörur svo rýrar að gæðum að ekki er hægt að flokka þær til kolategundar. Tekur til kola sem endurheimt eru úr úrgangshaugum og öðrum úrgangsgeymum, – eldsneytisbirgðir, þar sem framleiðslan kemur fram í öðrum eldsneytisorkujöfnuði en þar sem notkunin mun koma fram í kolaorkujöfnuðinum.

2.1.	Þar af: úr olíuvörum Gildir ekki um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand/brúnkol og mó. Til dæmis jarðolíukoks sem bætt er í kokskol fyrir koksofna.
2.2.	Þar af: úr jarðgasi Gildir ekki um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand/brúnkol og mó. Til dæmis jarðgas sem bætt er í gasveitugas til endanlegrar notkunar.
2.3.	Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum Gildir ekki um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand/brúnkol og mó. Til dæmis iðnaðarúrgangur sem bindiefni í framleiðslu á eldsneytiskögglum.
3.	Innflutningur
4.	Útflutningur
5.	Alþjóðlegir skipageymar
6.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
7.	Verg notkun
8.	Tölfræðilegur mismunur
9.	Samtala umbreytingargeira Eldsneytismagn sem notað er til fyrsta eða annars stigs umbreytinga á orku (t.d. á kolum yfir í raforku, á koksofnagasi yfir í raforku) eða til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. á kokskolum yfir í koks).
9.1.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver
9.2.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
9.3.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver
9.4.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – raforkuver
9.5.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
9.6.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
9.7.	Þar af: eldsneytiskögglaver
9.8.	Þar af: koksofnar
9.9.	Þar af: brúnkolaköggla- og mókögglaver
9.10.	Þar af: gasveitur
9.11.	Þar af: háofnar Magn kokskola og/eða linkola og koksofnakoks sem er umbreytt í háofnum. Magn notað til eldsneytis við hitun og starfrækslu háofna (t.d. háofnagass) ætti ekki að telja með í umbreytingargeiranum, heldur telja fram sem notkun í orkugeiranum.
9.12.	Þar af: breyting kola í vökva Olía úr leirsteini og aðrar vörur sem fengnar eru fram með breytingu í vökva skal telja fram samkvæmt 4. kafla í þessum viðauka.
9.13.	Þar af: í blandað jarðgas Magn kolagass sem blandað er saman við jarðgas.
9.14.	Þar af: ekki skilgreint annars staðar — umbreyting

1.2.2. *Orkugeiri*

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver
1.2.	Þar af: kolanámur
1.3.	Þar af: eldsneytiskögglaver
1.4.	Þar af: koksofnar
1.5.	Þar af: brúnkolaköggla- og mókögglaver
1.6.	Þar af: gasveitur
1.7.	Þar af: háofnar
1.8.	Þar af: jarðolíuhreinsunarstöðvar
1.9.	Þar af: breyting kola í vökva
1.10.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Tap við dreifingu Tap sem verður við flutning og dreifingu, sem og við brennslu á verksmiðjugasi.
3.	Samtala endanlegrar notkunar
4.	Samtala notkunar til annars en orkugjafar
4.1.	Þar af: iðnaðar-, umbreytingar- og orkugeiri Notkun til annars en orkugjafar í öllum undirgeirum iðnaðar-, umbreytingar- og orkugeira, t.d. kol notuð til að búa til metanól eða ammoníak.
4.1.1.	Frá 4.1, þar af: í jarðolíuefna- eða jarðgasefnageiranum Notkun til annars en orkugjafar, t.d. kol notuð sem hráefni til framleiðslu á áburði og hráefni í önnur efni sem unnin eru úr jarðolíu eða jarðgasi.
4.2.	Þar af: flutningageiri Notkun til annars en orkugjafar í öllum undirgeirum flutningageirans.
4.3.	Þar af: aðrir geirar Notkun til annars en orkugjafar í verslun og opinberri þjónustu, íbúðarhúsnæði, landbúnaði og öðru sem ekki er skilgreint annars staðar.

1.2.3. *Skilgreining á lokanotkun orku*

1.	Endanleg orkunotkun
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar
2.4.	Þar af: málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: flutningatæki
2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: viður og viðarvörur

2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður
2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri
3.1.	Þar af: járnbrautir
3.2.	Þar af: innanlandssiglingar
3.3.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — annað

1.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi.

Á ekki við um mó, gaskoks, gasveitugas, koksofnagas, háofnagas eða gas úr súrefnisstálbræðsluofnum.

1.2.5. *Aðföng til framleiðenda raforku og varma til eigin nota*

Telja verður fram aðföng til framleiðenda raforku og varma til eigin nota sérstaklega fyrir orkuver sem framleiða eingöngu raforku, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og orkuver sem framleiða eingöngu varma.

Aðföng þessi til framleiðenda til eigin nota eru aðgreind eftir tegundum aðalstarfsemi sem skráðar eru í eftirfarandi töflu:

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: kolanámur
1.2.	Þar af: eldsneytiskögglaver
1.3.	Þar af: koksofnar
1.4.	Þar af: brúnkolaköggla- og mókögglaver
1.5.	Þar af: gasveitur
1.6.	Þar af: háofnar
1.7.	Þar af: jarðolíuhreinsunarstöðvar
1.8.	Þar af: breyting kola í vökva
1.9.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar
2.4.	Þar af: málmlaus steinefni

2.5.	Þar af: flutningatæki
2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður
2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri
3.1.	Þar af: járnbrautir
3.2.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar:
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar

1.3. **Varmagildi**

Telja skal fram bæði vergt varmagildi og nettóvarmagildi í orkuvörunum sem nefndar eru í lið 1.1. að því er varðar eftirfarandi aðalsamtölur.

Á ekki við um gasveitugas, koksofnagas, háofnagas og gas úr súrefnisstálbræðsluofnum:

1.	Framleiðsla
2.	Innflutningur
3.	Útflutningur
4.	Notað í koksofna
5.	Notað í háofna
6.	Notað í raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver hjá framleiðendum í aðalstarfsemi
7.	Notað í iðnaði
8.	Til annarra nota

1.4. **Framleiðsla og birgðir í kolanámum**

Gildir aðeins um harðkol og brúnkol.

Telja skal fram magn af eftirfarandi:

1.	Framleiðsla neðanjarðar
2.	Framleiðsla ofanjarðar

3. Frá öðrum upptökum
4. Birgðir í lok tímabils
4.1. Þar af: birgðir í námum

1.5. Mælieiningar

1. Orkumagn	10^3 tonn Undantekning: í gasi (gasveitugasi, koksofnagasi, háofnagasi, gasi úr súrefnisstál-bræðsluofnum) er orkuinnihaldið mælt beint og einingin terajúl (TJ) (byggist á vergu varmagildi) er því notuð.
2. Varmagildi	MJ/tonn

1.6. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

2. JARÐGAS

2.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um jarðgas en til þess telst gas, aðallega metan, sem finnst í nýtanlegum jarðlögum, hvort sem er fljótandi eða loftkennt.

Innan þess telst bæði „ótengt“ gas frá svæðum þar sem aðeins er vinnsla á vetniskolefni í loftkenndu formi og „tengt“ gas úr framleiðslu sem tengist vinnslu á jarðolíu, sem og metan sem er endurheimt úr kolanámum (kolanámugas) eða kolalögum (kolalagagas).

Innan þess telst hvorki gas sem búið er til með loftfirrðri rotnun lífmassa (t.d. gasi frá heimilishaldi eða gasi frá skólpi) né gasveitugas.

2.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

2.2.1. Birgða- og umbreytingargeirar

Í eftirfarandi samtölum skal telja fram magn, gefið upp í bæði magn- og orkueiningum og jafnframt taka með vergt varmagildi og hreint varmagildi:

1. Innlend framleiðsla Öll markaðshæf þurrframleiðsla innan landamæra, þ.m.t. úr vinnslu á hafi úti. Framleiðsla er mæld eftir hreinsun og útdrátt á jarðgasvökva og brennisteini. Undanskilið er gas sem tapast við vinnslu og magn þess sem er niðurdælt, loftað gas og afgas. Innifalið er magn notað innan jarðgasiðnaðarins, við jarðgasvinnslu, í leiðslukerfum og vinnslustöðvum.
1.1. Þar af: tengt gas Jarðgas úr vinnslu sem tengist hráolíu.
1.2. Þar af: ótengt gas Jarðgas frá svæðum þar sem aðeins er vinnsla á vetniskolefnum í loftkenndu formi.
1.3. Þar af: kolanámugas Metan unnið úr kolanámum eða úr kolalögum, leitt í rörum að yfirborðinu og notað í kolanámum eða flutt með leiðslum til neytenda.

2.	Frá öðrum upptökum Eldsneyti sem er blandað í jarðgas og notað sem blanda.
2.1.	Þar af: úr olíuvörum Fljótandi jarðolíugas til að endurnýja gæðin, t.d. varmagildi.
2.2.	Þar af: úr kolum Verksmiðjugas til að blanda við jarðgas.
2.3.	Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum Lífgas til að blanda við jarðgas.
3.	Innflutningur
4.	Útflutningur
5.	Alþjóðlegir skipageymar
6.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
7.	Verg notkun
8.	Tölfræðilegur mismunur Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
9.	Endurheimtanlegt gas: upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils Tiltækt gasmagn til afhendingar hvernig sem á stendur með inntak eða úttak. Þetta tekur til endurheimtanlegs jarðgass sem geymt er í sérstökum geymslum (uppurnu gas- og/eða olíuvinnslusvæði, í veiti, saltholu, blönduðum hellum eða öðrum) og geymslum fyrir fljótandi jarðgas. Púðagas skal undanskilið. Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
10.	Loftað gas Gas sem losað er út í andrúmsloftið á vinnslustaðnum eða í gasvinnslustöðinni. Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
11.	Logagas Gas sem brennur í afgasloga á vinnslustaðnum eða í gasvinnslustöðinni. Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
12.	Samtala umbreytingargeira Eldsneyti sem er notað til fyrsta eða annars stigs umbreytinga á orku (t.d. á jarðgasi yfir í raforku) eða til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. á jarðgasi yfir í metanól).
12.1.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver
12.2.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – raforkuver
12.3.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
12.4.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
12.5.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver
12.6.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
12.7.	Þar af: gasveitur
12.8.	Þar af: koksofnar
12.9.	Þar af: háofnar
12.10.	Þar af: gas umbreytt í vökva Jarðgas sem er notað sem hráefni fyrir umbreytingu í vökva, t.d. magn eldsneytis sem fer inn í framleiðsluferli metanóls til umbreytingar í metanól.
12.11.	Þar af: ótilgreint — umbreyting

2.2.2. *Orkugeiri*

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: kolanámur
1.2.	Þar af: olíu- og jarðgasvinnsla
1.3.	Þar af: aðföng til olíuhreinsunarstöðva
1.4.	Þar af: koksofnar
1.5.	Þar af: háofnar
1.6.	Þar af: gasveitur
1.7.	Þar af: raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver
1.8.	Þar af: þétting (fljótandi jarðgas) eða gösun
1.9.	Þar af: gas umbreytt í vökva
1.10.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Tap við dreifingu og flutning

2.2.3. *Skilgreining á lokanotkun orku*

Í öllum eftirfarandi samtölum þarf að telja fram sitt í hvoru lagi notkun á jarðgasi til orkugjafar og (þar sem það á við) notkun sem er ekki til orkugjafar:

1.	Samtala endanlegrar notkunar Endanleg orkunotkun og notkun sem er ekki til orkugjafar skal talin fram sitt í hvoru lagi undir þessum lið.
2.	Flutningageiri
2.1.	Þar af: flutningar á vegum Tekur til bæði þjappaðs jarðgass og lífgass
2.1.1.	Þar af: þáttur lífgass í flutningum á vegum
2.2.	Þar af: flutningur með leiðslum
2.3.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
3.	Iðnaðargeiri
3.1.	Þar af: járn og stál
3.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
3.3.	Þar af: járnlausir málmar
3.4.	Þar af: málmlaus steinefni
3.5.	Þar af: flutningatæki
3.6.	Þar af: vélbúnaður
3.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
3.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
3.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
3.10.	Þar af: viður og viðarvörur
3.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
3.12.	Þar af: textílefni og leður

3.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — annað

2.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Telja skal fram bæði heildarmagn jarðgass og þann hluta af því sem er fljótandi jarðgas eftir upprunalöndum hvað varðar innflutning og eftir viðtökulöndum fyrir útflutning.

2.2.5. *Aðföng til framleiðenda raforku og varma til eigin nota*

Aðföng til framleiðenda raforku og varma til eigin nota skal telja fram sérstaklega fyrir raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver.

Aðföng eiga við um eftirfarandi orkuver eða starfsemi:

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: kolanámur
1.2.	Þar af: olíu- og jarðgasvinnsla
1.3.	Þar af: aðföng til olíuhreinsunarstöðva
1.4.	Þar af: koksofnar
1.5.	Þar af: gasveitur
1.6.	Þar af: háofnar
1.7.	Þar af: þéttingar- (fljótandi jarðgas) og endurgösunarver
1.8.	Þar af: gas umbreytt í vökva
1.9.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar
2.4.	Þar af: málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: flutningatæki
2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður

2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri
3.1.	Þar af: flutningur með leiðslum
3.2.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar

2.2.6. *Geymslurými fyrir gas*

1.	Heiti Heiti staðarins þar sem geymsluaðstaðan er.
2.	Gerð Geymslugerð, s.s. uppurið gasvinnslusvæði, salthol o.s.frv.
3.	Virkt rými Heildargeymslurými gass, að frádregnu púðagasi. Púðagasið er heildarmagn gass sem þarf að hafa sem varanlegar birgðir til að halda megi nægilegum geymsluþrýstingi á neðanjarðargeymum og tryggja afhendingarþrýsting á öllu útgjafarstiginu.
4.	Hámarksútgjöf Hámarkshlutfall gass sem hægt er að taka út úr viðkomandi geymslu.

2.3. **Mælieiningar**

1. Orkumagn	Magn jarðgass er talið fram samkvæmt orkuinnihaldi þess, þ.e. í terajúlum, byggt á vergu varmagildi, nema annað sé gefið til kynna. Þar sem krafist er efnislegs magns er einingin $10^6 m^3$, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15°C, 101,325 kPa).
2. Varmagildi	KJ/m^3, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15°C, 101,325 kPa).
3. Virkt geymslurými	$10^6 m^3$, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15°C, 101,325 kPa).
4. Hámarksútgjöf	10^6 m^3 á dag, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15°C, 101,325 kPa).

2.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

3. RAFORKA OG VARMI

3.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafli þessi fjallar um varma og raforku.

3.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir hvað varðar útskýringar á hugtökum sem þessi kafli útskýrir ekki sérstaklega. Skilgreiningarnar og einingarnar, sem nefndar eru í 1., 2., 4. og 5. kafla, gilda um orkuvörur sem heyra undir eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas, jarðgas, olíu- og jarðolíuafurðir og endurnýjanlega orku og orku úr úrgangi.

3.2.1. *Birgða- og umbreytingargeirar*

Eftirfarandi sértækar skilgreiningar gilda um samtölur fyrir raforku og varma í þessum kafla.

– Verg raforkuframleiðsla: samanlögð raforkuframleiðsla frá öllum umræddum rafalasamstæðum (þ.m.t. dælimiðlunum), mældum við útgangspól aðalrafalanna.

– Verg varmaframleiðsla: allur varmi sem framleiddur er í verinu, þ.m.t. varmi sem fer til þess stoðbúnaðar versins sem notar heitan vökva (rýmishitun, hitun fljótandi eldsneytis o.s.frv.) og tap í varmaskiptum vers og veitukerfis, sem og varmi frá efnavinnslu sem notaður er sem frumorka.

– Hrein raforkuframleiðsla: verg raforkuframleiðsla að frátalinni þeirri raforku sem notuð er af stoðbúnaði rafala og tapinu í spennubreytum aðalrafala.

– Hrein varmaframleiðsla: varminn sem veittur er inn í dreifingarkerfið, eins og ákvarðað er með mælingum á út- og innstreymi.

Í samtölunum, sem nefndar eru í næstu töflu, verður að telja fram sérstaklega hvað er fyrir orkuver framleiðanda í aðalstarfsemi og hvað er fyrir orkuver framleiðanda til eigin nota. Innan þessara tveggja gerða af orkuverum skal telja fram sérstaklega bæði verga og hreina raforku- og varmaframleiðslu fyrir raforkuver eingöngu, fyrir samþætt varma- og raforkuvinnsluver og fyrir orkuver sem framleiða eingöngu varma, eftir því sem við á, að því er varðar eftirfarandi samtölur:

1.	Heildarframleiðsla
1.1.	Þar af: kjarnorka
1.2.	Þar af: vatnsorka
1.2.1.	Þar af: sá hluti vatnsorku sem framleiddur er með dælimiðlun
1.3.	Þar af: jarðvarmi
1.4.	Þar af: sólarorka
1.5.	Þar af: sjávarfalla-, öldu-, haforka
1.6.	Þar af: vindorka
1.7.	Þar af: brennanlegt eldsneyti Eldsneyti sem hægt er að kveikja í eða brenna, þ.e. það hvarfast við súrefni til að framleiða umtalsverða hækkun hitastigs og er brennt beint til að framleiða raforku og/eða varma.
1.8.	Þar af: varmadælur Varmaframleiðsla með varmadælum aðeins ef varminn er seldur til þriðja aðila (þ.e. í tilvikum þar sem framleiðslan á sér stað í umbreytingargeiranum).
1.9.	Þar af: rafmagnskatlar Varmamagn frá rafmagnskötlum þar sem framleiðslan er seld til þriðju aðila.
1.10.	Þar af: varmi frá efnavinnslu Varmi sem hlýst af framleiðslu án inntekinnar orku, s.s. frá efnahvörfum. Undanskilið er varmatap frá orkuknúnum ferlum, sem hefðu átt að vera taldir fram undir framleiddum varma úr viðkomandi eldsneyti.
1.11.	Þar af: önnur upptök — raforka (vinsamlegast tilgreinið)

Telja verður samtölurnar, sem nefndar eru í næstu töflu, fram sem heildartölur fyrir raforku og varma hvort fyrir sig, eftir því sem við á. Í fyrstu þrem samtölunum í næstu töflu skal magn reiknað út frá því verðgildi sem talið er fram skv. fyrri töflu og samrýmt því.

1.	Verg heildarframleiðsla
2.	Eigin notkun í verinu

3.	Heildar nettóframleiðsla
4.	Innflutningur Sjá einnig skýringu undir 5. lið „Útflutningur“.
5.	Útflutningur Litið skal á að raforka sé annaðhvort innflutt eða útflutt þegar hún hefur farið yfir pólitísk landamæri landsins, hvort sem tollafgreiðsla hefur átt sér stað eða ekki. Magnið ber að tilgreina, ef raforka er flutt yfir land, bæði undir innflutningi og útflutningi.
6.	Notað í varmadælur
7.	Notað í rafknúna gufukatla
8.	Notað í dælimiðlun
9.	Notað í raforkuframleiðslu
10.	Afhent orka Raforka: samanlögð hrein raforkuframleiðsla frá öllum orkuverum í landinu, að frátöldu því magni sem varmadælur og rafknúnir gufukatlar nota á sama tíma, dælt er inn viðbótarmagni eða magni frá við útflutning til eða innflutning frá útlöndum. Varmi: samanlögð nettóvarmaframleiðsla til sölu frá öllum orkuverum í landinu, að frátöldum þeim varma sem notaður er til raforkuframleiðslu og aukningu eða samdrætti hans með útflutningi frá eða innflutningi til útlanda.
11.	Sendinga- og dreifingartap Allt tap á raforku og varma vegna flutninga og dreifingar. Að því er varðar raforku er tap í spennubreytum sem ekki teljast óaðskiljanlegur hluti orkuvera talið með.
12.	Heildarnotkun (útreiknuð)
13.	Tölfræðilegur mismunur
14.	Heildarnotkun (mæld)

Sérstaklega skal telja fram framleidda raforku, seldan varma og notað eldsneyti, þ.m.t. viðkomandi heildarorku (sem byggð er á hreinu varmagildi að undanskildu jarðgasi þar sem vergt varmagildi er notað) úr brennanlegu orkugjöfunum sem skráðir eru í næstu töflu, fyrir orkuver framleiðenda í aðalstarfsemi og orkuver þeirra sem framleiða til eigin nota. Innan þessara tveggja gerða af orkuverum skal, eftir því sem við á, raforku- og varmaframleiðsla talin fram fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) raforku, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og orkuver sem framleiða (eingöngu) varma:

1.	Eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas:
1.1.	Harðkol
1.2.	Kokskol
1.3.	Önnur linkol
1.4.	Gljábrúnkol
1.5.	Surtarbrandur/brúnkol
1.6.	Mór
1.7.	Eldsneytiskögglar
1.8.	Koksofnakoks
1.9.	Gaskoks
1.10.	Koltjara
1.11.	Brúnkolakögglar (köggluð brúnkol)
1.12.	Gasveitugas
1.13.	Koksofnagas
1.14.	Háofnagas

1.15.	Gas úr súrefnisstálbræðsluofnum
2.	Olía og jarðolíuafurðir
2.1.	Jarðolía
2.2.	Jarðgasvökvi
2.3.	Olíuhreinsunargas
2.4.	Fljótandi jarðolíugas
2.5.	Nafta
2.6.	Steinolíukennt þotueldsneyti
2.7.	Önnur steinolía
2.8.	Gas/dísilolía (eimuð brennsluolía)
2.9.	Svartolía
2.10.	Jarðbik (þ.m.t. bikolía)
2.11.	Jarðolíukoks
2.12.	Aðrar olíuvörur
3.	Jarðgas
4.	Endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi
4.1.	Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)
4.2.	Sorp (endurnýjanlegt)
4.3.	Sorp (óendurnýjanlegt)
4.4.	Viður, viðarúrgangur og annar fastur úrgangur
4.5.	Hauggas
4.6.	Skólpeðjugas
4.7.	Annað lífgas
4.8.	Fljótandi lífeldsneyti

3.2.2. *Raforku- og varmanotkun innan orkugeirans*

1.	Samtala orkugeira Undanskilin eru eigin not orkuvers, dælimiðlun, varmadælur og rafmagnskatlar.
1.1.	Þar af: kolanámur
1.2.	Þar af: olíu- og jarðgasvinnsla
1.3.	Þar af: eldsneytiskögglaver
1.4.	Þar af: koksofnar
1.5.	Þar af: brúnkolaköggla- og mókögglaver
1.6.	Þar af: gasveitur
1.7.	Þar af: háofnar
1.8.	Þar af: jarðolíuhreinsunarstöðvar
1.9.	Þar af: kjarnorkuiðnaður
1.10.	Þar af: orkuver sem umbreyta kolum í vökva

1.11.	Þar af: þéttingar- (fljótandi jarðgas)/endurgösunarver
1.12.	Þar af: gösunarver (lífgas)
1.13.	Þar af: gas umbreytt í vökva
1.14.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka

3.2.3. *Skilgreining á lokanotkun orku*

1.	Iðnaðargeiri
1.1.	Þar af: járn og stál
1.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
1.3.	Þar af: járnlausir málmar
1.4.	Þar af: málmlaus steinefni
1.5.	Þar af: flutningatæki
1.6.	Þar af: vélbúnaður
1.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
1.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
1.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
1.10.	Þar af: viður og viðarvörur
1.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
1.12.	Þar af: textílefni og leður
1.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
2.	Flutningageiri
2.1.	Þar af: járnbrautir
2.2.	Þar af: flutningur með leiðslum
2.3.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
3.	Íbúðarhúsnæðisgeiri
4.	Verslun og opinber þjónusta
5.	Landbúnaður/skógrækt
6.	Fiskveiðar
7.	Er ekki skilgreint annars staðar — annað

3.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Magn innflutnings og útflutnings á raforku og varma eftir löndum.

3.2.5. *Hrein framleiðsla á raforku og varma frá framleiðendum til eigin nota*

Hrein framleiðsla á raforku og varma frá framleiðendum raforku og varma til eigin nota skal talin fram sérstaklega fyrir samþætt varma- og raforkuvinnsluver, fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) raforku og fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) varma, í eftirtöldum orkuverum og starfsemi:

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: kolanámur

1.2.	Þar af: olíu- og jarðgasvinnsla
1.3.	Þar af: eldsneytiskögglaver
1.4.	Þar af: koksofnar
1.5.	Þar af: brúnkolaköggla- og mókögglaver
1.6.	Þar af: gasveitur
1.7.	Þar af: háofnar
1.8.	Þar af: jarðolíuhreinsunarstöðvar
1.9.	Þar af: orkuver sem umbreyta kolum í vökva
1.10.	Þar af: þéttingar- (fljótandi jarðgas)/endurgösunarver
1.11.	Þar af: gösunarver (lífgas)
1.12.	Þar af: gas umbreytt í vökva
1.13.	Þar af: framleiðslustöðvar viðarkola
1.14.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Allir aðrir geirar: eins og skrá yfir samtölur undir lið „3.2.3. Skilgreining á lokanotkun orku“.

3.2.6. Aðföng til framleiðenda raforku og varma til eigin nota

Aðföng til framleiðenda raforku og varma til eigin nota skal telja fram sérstaklega fyrir raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver.

1. Að því er varðar eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas sem notað er af framleiðendum til eigin nota, verður að telja fram magn af eftirtöldum orkuvörum: harðkolum, kokskolum, öðrum linkolum, gljábrúnkolum, brúnkolum, mó, eldsneytiskögglum, koksofnakoksi, gaskoksi, koltjöru, brúnkolakögglum og mókögglum, gasveitugasi, koksofnagasi, háofnagasi og gasi úr súrefnisstálbræðsluofnum. Tilgreina verður aðfengið magn þeirra fyrir eftirtalin ver og starfsemi:

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: kolanámur
1.2.	Þar af: eldsneytiskögglaver
1.3.	Þar af: koksofnar
1.4.	Þar af: brúnkolaköggla- og mókögglaver
1.5.	Þar af: gasveitur
1.6.	Þar af: háofnar
1.7.	Þar af: jarðolíuhreinsunarstöðvar
1.8.	Þar af: breyting kola í vökva
1.9.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar
2.4.	Þar af: málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: flutningatæki

2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður
2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri:
3.1.	Þar af: járnbrautir
3.2.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar

2. Að því er varðar olíuvörur sem framleiðendur hafa til eigin nota verður að telja fram magn úr eftirtöldum orkuvörum: jarðolíu, jarðgasvökva, olíuhreinsunargasi, fljótandi jarðolíugasi, nafta, steinolíukenndu þotueldsneyti, annarri steinolíu, gasi/dísilolíu (eimaðri brennsluolíu), svartolíu, jarðbiki (þ.m.t. bikolía), jarðolíukoksi og öðrum olíuvörum. Tilgreina verður aðfengið magn þeirra fyrir eftirtalin ver og starfsemi:

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: kolanámur
1.2.	Þar af: olíu- og jarðgasvinnsla
1.3.	Þar af: koksofnar
1.4.	Þar af: háofnar
1.5.	Þar af: gasveitur
1.6.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar
2.4.	Þar af: málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: flutningatæki
2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak

2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður
2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri:
3.1.	Þar af: flutningur með leiðslum
3.2.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar

3. Að því er varðar jarðgas sem framleiðendur hafa til eigin nota verður að telja fram magn fyrir eftirtalin orkuver og starfsemi:

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: kolanámur
1.2.	Þar af: olíu- og jarðgasvinnsla
1.3.	Þar af: aðföng til olíuhreinsunarstöðva
1.4.	Þar af: koksofnar
1.5.	Þar af: gasveitur
1.6.	Þar af: háofnar
1.7.	Þar af: þéttingar- (fljótandi jarðgas) og endurgösunarver
1.8.	Þar af: gas umbreytt í vökva
1.9.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar
2.4.	Þar af: málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: flutningatæki
2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun

2.10.	Þar af: viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður
2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri:
3.1.	Þar af: flutningur með leiðslum
3.2.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar:
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar

4. Að því er varðar endurnýjanlega orku og úrgangsorku sem framleiðendur hafa til eigin nota verður að telja fram magn úr eftirtöldum orkuvörum: jarðvarmaorku, sólarorku, iðnaðarúrgangi (óendurnýjanlegum), sorpi (endurnýjanlegu), sorpi (óendurnýjanlegu), við/viðarúrgangi/öðrum föstum úrgangi, hauggasi, skólpeðjugasi, öðru lífgasi og fljótandi lífeldsneyti. Tilgreina verður aðfengið magn þeirra fyrir eftirtalin ver og starfsemi:

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: gösunarver
1.2.	Þar af: kolanámur
1.3.	Þar af: eldsneytiskögglaver
1.4.	Þar af: koksofnar
1.5.	Þar af: jarðolíuhreinsunarstöðvar
1.6.	Þar af: brúnkolaköggla- og mókögglaver
1.7.	Þar af: gasveitur
1.8.	Þar af: háofnar
1.9.	Þar af: framleiðslustöðvar viðarkola
1.10.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar
2.4.	Þar af: málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: flutningatæki
2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak

2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður
2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri:
3.1.	Þar af: járnbrautir
3.2.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar:
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar

3.3. **Skipulagsupplýsingar um raforku- og varmaframleiðslu**

3.3.1. *Hrein hámarksraforkuafköst og álagstoppar*

Telja ber afköst fram fyrir 31. desember á viðkomandi skýrsluári.

Raforkuafköst frá bæði orkuverum sem framleiða (eingöngu) raforku og orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu eru meðtalin.

Hrein hámarksraforkuafköst eru samanlögð hrein hámarksafköst allra stöðva, gerð upp í hverri stöð fyrir sig á tilteknu vinnslutímabili. Gert er ráð fyrir, miðað við núverandi markmið, að vinnslutímabilið sé samfellt: í raun 15 klst. eða meira á dag. Nettóhámarksafköst eru hámarksafl, sem gert er ráð fyrir að sé eingöngu virkt afl sem allar stöðvar geta látið í té samfellt, við úttak dreifikerfisins, þegar þær eru í fullum gangi. Álagstoppur er skilgreindur sem hæsta gildi afls sem dreifikerfi eða samsetning dreifikerfa innan landsins tekur til sín eða lætur í té.

Magn orku úr eftirtöldum orkugjöfum skal aðeins telja fram eins og það fer inn á dreifikerfið:

1.	Samtals
2.	Kjarnorka
3.	Vatnsorka
3.1.	Þar af: dælimiðlun
4.	Jarðvarmi
5.	Sólarorka
6.	Sjávarfalla-, öldu-, haforka
7.	Vindorka
8.	Brennanlegt eldsneyti
8.1.	Þar af: gufa
8.2.	Þar af: innri bruni
8.3.	Þar af: gashverfill

8.4.	Þar af: samsett ferli
8.5.	Þar af: annað Verður útskýrt ef talið fram
9.	Álagstoppur
10.	Tiltæk afköst í álagstoppi
11.	Dagsetning og tími þegar álagstoppar koma fyrir

3.3.2. *Hrein hámarksraforkuafköst brennanlegs eldsneytis*

Hrein hámarksraforkuafköst brennanlegs eldsneytis verður að telja fram bæði fyrir framleiðendur í aðalstarfsemi og framleiðendur til eigin nota og sérstaklega fyrir hverja tegund af verum sem nota eina tegund af eldsneyti og verum sem nota margar tegundir af eldsneyti, sem koma fram í næstu töflu. Hjá öllum verum sem nota fleiri en eina tegund eldsneytis skal merkja við hvaða tegund eldsneytis er notuð sem aðaleldsneyti og hverjar eru aukaeldsneyti.

1.	Kynt með einni tegund eldsneytis:
1.1.	Kynt með kolum eða kolaafurðum Koksofnagas, háofnagas og gas úr súrefnisstálbræðsluofnum teljast með.
1.2.	Kynt með fljótandi eldsneyti Hreinsunarstöðvagas er meðtalið.
1.3.	Kynt með jarðgasi Gasveitugas er meðtalið.
1.4.	Kynt með mó
1.5.	Kynt með brennanlegum endurnýjanlegum orkugjöfum og úrgangi
2.	Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu og fljótandi eldsneyti
3.	Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu eldsneyti og jarðgasi
4.	Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, fljótandi eldsneyti og jarðgasi
5.	Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu og fljótandi eldsneyti og jarðgasi

Aðeins einingar sem geta brennt fleiri en einni tegund eldsneytis í samfellu teljast vera kerfi sem kynt eru með mörgum tegundum eldsneytis. Stöðvum með aðskildum einingum, sem nota mismunandi eldsneyti, ætti að skipta upp og hver eining að fara í viðeigandi flokk fyrir stöð sem kyndir með einni tegund eldsneytis.

3.4. **Mælieiningar**

1. Orkumagn	Rafmagn: Gígavattstund (GWh) Varmi: Terajúl Eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas: mælieiningarnar í 1. kafla þessa viðauka gilda. Jarðgas: mælieiningarnar í 2. kafla þessa viðauka gilda. Olía og jarðolíuafurðir: mælieiningarnar í 4. kafla þessa viðauka gilda. Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur: mælieiningarnar í 5. kafla þessa viðauka gilda.
2. Afköst	Afköst raforkuframleiðslu: MWe (rafmegavött) Afköst varmaframleiðslu: MWt (varmamegavött)

3.5. **Frávik og undanþágur**

Frakkland er undanþegið skýrslugjöf um samtölur að því er varðar varma. Undanþága þessi fellur úr gildi um leið og Frakkar eru tilbúnir til að senda þessa skýrslu og, í öllu falli, ekki seinna en fjórum árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

4. OLÍU- OG JARÐOLÍUAFURÐIR

4.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara		Skilgreining
1.	Jarðolía	Jarðolía er jarðefnaolía af náttúrulegum uppruna úr blöndu vetniskolefna og aðskotaefna sem henni fylgja, s.s. brennisteini. Hún er fljótandi við staðalhitastig og -þrýsting og eðliseiginleikar hennar (eðlismassi, seigja, o.s.frv.) eru mjög breytilegir. Til þessa flokks teljast þéttar frá olíusvæðum og leigusvæðum sem unnir eru úr tengdu og ótengdu gasi sem blandast við jarðolíu í vinnslu.
2.	Jarðgasvökvi	Jarðgasvökvi er vetniskolefni sem er, eða hefur verið gert, fljótandi og er unnið upp úr jarðgasi í aðgreiningar- eða gasvinnslustöðvum. Etan, própan, bútan (venjulegt og ísóbútan), (ísó)pentan og pentön plús (stundum kölluð náttúrulegt bensín eða stöðvarþétta).
3.	Hráefni til olíuhreinsunar	Hráefni til olíuhreinsunar er unnin olía ætluð til frekari vinnslu (þ.e. beineimuð brennsluolía eða undirþrýstieimuð gasolía), annarrar en blöndunar. Með frekari vinnslu er því umbreytt í einn eða fleiri efnisþætti og/eða fullunnar vörur. Þessi skilgreining nær einnig yfir vörur sem jarðolíu- og jarðgasiðnaðurinn skilar til hreinsunariðnaðarins (t.d. hitasundrað bensín, C4-þætti, gasolíu- og brennsluolíuþætti).
4.	Íblöndunarefni/ súrefnissambönd	Íblöndunarefni eru efnasambönd, önnur en vetniskolefni, sem bætt er í eða blandað saman við vöru til að breyta eldsneytiseiginleikum (oktan, setan, kuldaeiginleikar o.s.frv.): súrefnissambönd, s.s. alkóhól (metanól, etanól), eter (s.s. MTBE (metýltertíerbútýleter), ETBE (etýltertíerbútýleter), TAME (tertíeramýlmetýleter)), esterar (t.d. repjufræ eða dímetýlester, o.s.frv.), efnasambönd (s.s. tetrametýlblý, tetraetýlblý og þvotta- og hreinsiefni). Athugasemd: magn íblöndunarefna/súrefnissambanda (alkóhóls, eters, estera og annarra efnasambanda) sem talið er fram í þessum flokki ætti að vera í samhengi við magnið sem ætlað er til blöndunar í eldsneyti eða til notkunar sem eldsneyti.
4.1.	Þar af: lífeldsneyti	Lífbensín og lífdísilolía. Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda. Magn fljótandi lífeldsneytis sem tilgreint er í þessum flokki á við um lífeldsneytið en ekki heildarmagn vökvans sem lífeldsneytinu er blandað í. Öll viðskipti með lífeldsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), eru undanskilin og ætti að telja þau fram í 5. kafla. Tilgreina ætti lífeldsneytið, sem selt er sem hluti af flutningaeldsneyti, í viðkomandi vöru þar sem lífeldsneytisskammturinn er gefinn upp.
5.	Önnur vetniskolefni	Tilbúin jarðolía úr tjörusandi, leirsteinsolía o.s.frv., vökvar úr umbreytingu kola í vökva (sjá 1. kafla), afurðir úr vökva úr þéttingu jarðgass í bensín (sjá 2. kafla), vetni og fleytt olía (t.d. bikolía). Framleiðsla olíu úr leirsteini er undanskilin, um hana gildir 1. kafli. Framleiðslu olíu úr leirsteini (annars stigs afurð) skal telja fram í „frá öðrum uppsprettum“ í flokknum „önnur vetniskolefni“.
6.	Olíuhreinsunargas (ekki fljótandi)	Olíuhreinsunargas er blanda af gastegundum sem ekki þéttast og er aðallega úr vetni, metani, etani og ólefínum sem verða til við eimingu jarðolíu eða meðhöndlun olíuvara (t.d. sundrunar) í hreinsunarstöðvum. Þetta tekur einnig til gass sem skilað er frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.
7.	Etan	Náttúrulega loftkennt ógreinótt vetniskolefni (C_2H_6) dregið út úr jarðgasi og gasstreymi hreinsunarstöðva.
8.	Fljótandi jarðolíugas	Fljótandi jarðolíugas er létt paraffínskt vetniskolefni sem leiða má út í hreinsunarferlum, við stöðgun jarðolíu og í jarðgasvinnslustöðvum. Það er aðallega úr própani (C_3H_8) og bútani (C_4H_{10}) eða blöndu beggja þessara efna. Það getur einnig innihaldið própýlen, bútýlen, ísóprópýlen og ísóbútýlen. Fljótandi jarðolíugas er yfirleitt gert fljótandi með þrýstingi fyrir flutning og geymslu.

9.	Nafta	Nafta er hráefni sem ætlað er annaðhvort í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn (t.d. í etýlenframleiðslu eða framleiðslu arómatískra efna) eða í bensínframleiðslu með umbreytingu eða hverfingu í hreinsunarstöðvum. Nafta er úr efni á eimingarsviðinu milli 30°C og 210°C eða hluta af því sviði.
10.	Hreyfilbensín	Hreyfilbensín er blanda léttra vetniskolefna sem eimast milli 35°C og 215°C. Það er notað sem eldsneyti fyrir neistakveikjuhreyfla á landi. Hreyfilbensín getur innihaldið íblöndunarefni, súrefnissambönd og efni sem auka oktantöluna, þ.m.t. blýsambönd s.s. tetraetýlblý og tetrametýlblý. Tekur til þátta sem blandað er í hreyfilbensín (að undanskildum íblöndunarefnum/súrefnissamböndum), t.d. alkulata, ísómerata, afurðir umbreyta, sundraðs bensíns sem ætlað er til notkunar sem fullunnið hreyfilbensín.
10.1.	Þar af: lífbensín	Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda.
11.	Flugvélabensín	Hreyfilbensín, sérstaklega búið til fyrir strokkhreyfla í flugvélum, með oktantölu sem hæfir vélinni og frostmark við -60°C og eimingarsvið sem yfirleitt er innan markanna 30°C og 180°C.
12.	Þotueldsneyti (af naftagerð eða JP-4-gerð)	Tekur til allra olía úr léttum vetniskolefnum til notkunar í flughverflum, eimist milli 100°C og 250°C. Það er fengið fram með því að blanda steinolíu og bensíni eða nafta á þann hátt að arómatískt efni fari ekki yfir 25% af rúmmálinu og gufuþrýstingurinn sé á milli 13,7 kPa og 20,6 kPa.
13.	Steinolíukennt þotueldsneyti	Eimi notað fyrir flughverfla. Það hefur sömu eimingareiginleika á milli 150°C og 300°C (yfirleitt ekki yfir 250°C) og sama blossamark og steinolía. Þar að auki hefur það sérstakar forskriftir (s.s. frostmark) sem Alþjóðasamband flugfélaga (IATA) hefur staðfest. Tekur einnig til þátta sem blandað er í steinolíu.
14.	Önnur steinolía	Hreinsað jarðolíueimi notað í öðrum geirum en flugfrakt. Það eimast á milli 150°C og 300°C.
15.	Gasolía/dísilolía (brennsluolíueimi)	Gasolía/dísilolía er aðallega millieimi sem eimast á milli 180°C og 380°C. Tekur einnig til blöndunarþátta. Nokkrir gæðaflokkar eru fáanlegir, eftir því um hvaða notkun er að ræða.
15.1.	Þar af: flutningsdísilolía	Dísilolía fyrir ökutæki með þjöppukveikju fyrir dísilolíu (bílar, vörubifreiðar o.s.frv.), yfirleitt með lágt brennisteinsinnihald.
15.1.1.	Frá 15.1, þar af: lífdísilolíur	Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda.
15.2.	Þar af: hitunargasolía og önnur gasolía	Létt hitunarolía til notkunar í atvinnu- og viðskiptalegum tilgangi, skipadísilolía og dísilolía notuð til járnbrautarflutninga, önnur gasolía, þ.m.t. þung gasolía sem eimast á milli 380°C og 540°C og er notuð í hráefni fyrir jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn.
16.	Brennsluolía	Allar leifar (svart-) brennsluolíu (þ.m.t. þær sem fengnar eru fram með blöndun). Eðlisseigja er yfir 10 sentistókum við 80°C. Blossamark er alltaf yfir 50°C og eðlismassi er alltaf meiri en 0,90 kg/l.
16.1.	Þar af: lágt brennisteinsinnihald	Svartolía með lægra brennisteinsinnihaldi en 1%.
16.2.	Þar af: hátt brennisteinsinnihald	Svartolía með 1% brennisteinsinnihald eða hærra.

17.	Terpentína og hreinsað bensín	Hreinsuð meðalþung eimi með eimingu á nafta-/steinolíusviðinu. Þeim er skipt niður í: – Hreinsað bensín (SBP): léttolía sem eimast á milli 30°C og 200°C. Til eru 7 eða 8 gæðaflokkar af hreinsuðu bensíni og fara gæðin eftir því hvar eimingarferlið er stöðvað. Gæðaflokkarnir eru skilgreindir samkvæmt mismuni hitastigs við mörk 5% og 90% af magninu sem hefur eimast (og er ekki hærra en 60°C). – Terpentína: hreinsað bensín með blossamarki yfir 30°C. Eimingarsvið terpentínu er 135°C–200°C.
18.	Smurolía	Vetniskolefni framleidd úr eimi aukaafurðar, þau eru aðallega notuð til að minnka núning milli snertiflata á legum. Tekur til allra tilbúinna gæðaflokka smurolía, frá ásaolíu til strokkolíu og þeirra sem notaðar eru í feiti, vélaolíu og allra gæðaflokka af grunnefnum smurolíu.
19.	Jarðbik	Fast, hálffast eða seigfljótandi vetniskolefni með sviflausnargerð, brúnt allt að svart að lit, verður til sem leifar við eimingu jarðolíu, með undirþrýstieimingu á olíuleifum frá eimingu við venjulegan loftþrýsting. Jarðbik er oft kallað asfalt og aðallega notað í vegagerð og sem þakefni. Þar með talið fljótandi og þynnt jarðbik.
20.	Paraffínvax	Þetta vax er mettað og alifatískt vetniskolefni. Þetta vax er leif sem dregið er út þegar vax er fjarlægt úr smurolíum. Bygging þess er kristölluð sem er meira eða minna fíngerð, samkvæmt gæðunum. Aðaleinkenni þess eru eins og hér segir: það er litlaust, lyktarlaust og hálfgagnsætt, með bræðslumark yfir 45°C.
21.	Jarðolíukoks	Svört, föst aukaafurð, aðallega fengin fram með sundrun og kolun á hráefni unnu úr jarðolíu, botnfalli frá eimingu sem gerð er við undirþrýsting, tjöru og biki í ferlum eins og tafinni koksun og vökvakoksun. Það er aðallega kolefni (90–95%) og hefur lágt öskuinnihald. Það er notað sem hráefni í koksofna í stáliðnaðinum, til hitunar og framleiðslu á rafskautum og íðefnum. Tveir mikilvægustu gæðaflokkarnir eru „hrákoks“ (e. *green coke*) og „glætt koks“. Tekur til „hvatakoks“ sem fellur til og sest á hvata í hreinsunarferlunum, þetta koks er ekki hægt að endurheimta og er venjulega brennt sem hreinsunarstöðvaeldsneyti.
22.	Aðrar vörur	Allar vörur sem ekki er sérstaklega minnst á hér að ofan, t.d. tjara og brennisteinn. Nær yfir arómatísk efni (t.d. bensen (BTX), tólúen og xýlen) og ólefínur (t.d. própýlen) sem framleiddar eru í hreinsunarstöðvum.

4.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

4.2.1. *Birgða- og umbreytingargeirar*

Eftirfarandi tafla á aðeins við um jarðolíu, jarðgasvökva, hráefni hreinsunarstöðva, íblöndunarefni, lífeldsneyti og önnur vetniskolefni:

1.	Innlend framleiðsla Á ekki við um hráefni hreinsunarstöðva eða lífeldsneyti.
2.	Frá öðrum uppsprettum, íblöndunarefni, lífeldsneyti og önnur vetniskolefni en um framleiðslu þeirra hefur þegar verið fjallað í öðru eldsneytisyfirliti. Á ekki við um jarðolíu, jarðgasvökva og hráefni hreinsunarstöðva.
2.1.	Þar af: úr kolum Þar með taldir vökvar sem framleiddir eru í verum sem umbreyta kolum í vökva og vökvaafurðir frá koksofnum.
2.2.	Þar af: úr jarðgasi Við framleiðslu á tilbúnu bensíni þarf e.t.v. að nota jarðgas sem hráefni. Gas til metanólframleiðslu er talið fram samkvæmt 2. kafla en metanólið, sem út úr henni kemur, er talið fram hér.

2.3.	Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum Þar með talið lífeldsneyti sem er ætlað til blöndunar við flutningaeldsneyti. Framleiðsla er talin fram í 5. kafla en magn til blöndunar er talið fram hér.
3.	Bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasgeira Fullunnar eða hálfunnar vörur sem endanlegir notendur skila til hreinsunarstöðva til vinnslu, blöndunar eða sölu. Þær eru venjulega aukaafurðir jarðolíu- eða jarðgasframleiðslu. Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.
4.	Millifærðar vörur Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda. Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.
5.	Innflutningur og útflutningur Tekur til magns jarðolíu og vara sem fluttar eru inn eða út samkvæmt vinnslusamningum (þ.e. hreinsun í reikning). Jarðolíu og jarðgasvökva ætti að telja fram eins og efnin hafi komið frá fyrsta upprunalandi en hráefni til hreinsunarstöðva og fullunnar vörur ber að tilgreina eins og frá síðasta sendingarlandi. Tekur til allra gasvökva (t.d. fljótandi jarðolíugass) sem eru dregnir út við endurgösun innflutts fljótandi jarðgass og jarðolíuafurða sem jarðolíu- eða jarðgasiðnaðurinn flytur beint inn eða út. *Athugasemd:* öll viðskipti með lífeldsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), ætti að tilgreina í spurningalista endurnýjanlegra orkugjafa. Endurútflutning olíu, sem flutt er inn til vinnslu innan tollfrjálsra svæða, ber að telja með undir útflutningi vöru frá vinnslulandinu til lokaviðtökustaðarins.
6.	Bein notkun Jarðolía, jarðgasvökvi, íblöndunarefni og súrefnissambönd (og sá hluti sem er lífeldsneyti) og önnur vetniskolefni notuð beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöðvum. Tekur til jarðolíu sem brennd er til raforkuframleiðslu.
7.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
8.	Útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva Heildarmagn vöru, sem reiknað er út að hafi farið til vinnslu í hreinsunarstöð. Það er skilgreint sem: innlend framleiðsla + frá öðrum uppsprettum + bakstreymi frá iðnaði + millifærðar vörur + innflutningur – útflutningur – bein notkun + breytingar á birgðum
9.	Tölfræðilegur mismunur Skilgreindur sem útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva að frádregnu því mælda.
10.	Mælt inntekið magn til hreinsunarstöðva Magn sem mælt er sem aðföng til hreinsunarstöðva
11.	Tap í hreinsunarstöðvum Mismunurinn á innteknu magni til hreinsunarstöðva (mældu) og vergri framleiðslu þeirra. Vegna uppgufunar getur orðið tap meðan á eimingarferlum stendur. Uppgefið tap er fært sem plústala. Rúmmál getur aukist en ekki massi.
12.	Heildarupphafsbirgðir og heildarbirgðir í lok tímabils á innlendu yfirráðasvæði Allar birgðir á innlendu yfirráðasvæði, þ.m.t. birgðir í vörslu hins opinbera, hjá stórnotendum eða birgðavörsluaðilum, birgðir um borð hjá hafskipum á leið til hafnar, birgðir á tollfrjálsum svæðum og birgðir sem geymdar eru fyrir aðra, bæði með eða án tvíhliða samnings við ríkisvaldið. Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils vísa til fyrsta eða síðasta dags reikningsskilatímabilsins, eftir því sem við á.
13.	Hreint varmagildi Framleiðsla, innflutningur og útflutningur og heildarmeðaltal.

Eftirfarandi tafla á aðeins við um fullunnar vörur (hreinsunarstöðvagas, etan, fljótandi jarðolíugas, nafta, hreyfilbensín, flugvélabensín, þotueldsneyti, steinolíukennt þotueldsneyti, aðra steinolíu, gas-/dísilolíu, brennsluolíu með lágt eða hátt brennisteinsinnihald, terpentínu og hreinsað bensín, smurolíu, jarðbik, paraffínvax, jarðolíukoks og aðrar vörur). Telja ætti jarðolíu og jarðgasvökva, sem fer beint til brennslu, með við afhendingu fullunninna vara og millifærslur innan vörutegunda:

1.	Aðstreymi vöru á forstigi framleiðslunnar Tekur til innlendrar og innfluttrar jarðolíu (þ.m.t. þétta) og innlends jarðgasvökva sem notaður er beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöð og bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum sem er notað beint, þrátt fyrir að það sé ekki aðaleldsneyti.
2.	Verg framleiðsla hreinsunarstöðva Framleiðsla fullunninna vara í hreinsunarstöð eða blöndunarverksmiðja. Tap í hreinsunarstöðvum er undanskilið en hreinsunarstöðvaeldsneyti er talið með.
3.	Endurunnar vörur Fullunnar vörur sem fara aftur í gegnum markaðskerfið, eftir að hafa verið afhentar einu sinni til endanlegra notenda (t.d. notuð smurolía sem er endurunnin). Aðgreina skal þetta magn frá bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.
4.	Hreinsunarstöðvaeldsneyti Jarðolíuafurðir sem notaðar eru við rekstur hreinsunarstöðva. Undanskildar eru vörur sem olíufyrirtæki nota utan hreinsunarferlisins, t.d. olíugeymar eða olíuflutningaskip. Tekur til eldsneytis sem notað er í hreinsunarstöðvunum til framleiðslu á raforku og varma til sölu.
4.1.	Þar af: notað til raforkuframleiðslu Magn notað til að framleiða raforku í verum í tengslum við hreinsunarstöðvar.
4.2.	Þar af: notað til samþættrar varma- og raforkuvinnslu Magn notað í orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu í tengslum við hreinsunarstöðvar
5.	Innflutningur og útflutningur
6.	Alþjóðlegir skipageymar
7.	Millifærslur innan vörutegunda Magn sem er endurflokkað, annaðhvort vegna þess að vörulýsingin hefur breyst eða hins að tegundunum hefur verið blandað saman við aðra vöru. Neikvæð færsla fyrir eina vöru er bætt upp með jákvæðri færslu (eða nokkrum færslum) fyrir aðra eða nokkrar aðrar vörur og öfugt, heildarnettóáhrif ættu að vera á núlli.
8.	Millifærðar vörur Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.
9.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
10.	Útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar Þær eru skilgreindar sem: Aðstreymi fyrsta stigs afurða + verg framleiðsla hreinsunarstöðva + endurunnar vörur – hreinsunarstöðvaeldsneyti + innflutningur – útflutningur – alþjóðlegir skipageymar + millifærslur innan vörutegunda – millifærðar vörur + breytingar á birgðum
11.	Tölfræðilegur mismunur Skilgreindur sem útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar að frádregnum þeim mældu.
12.	Mældar vergar innanlandsafhendingar Mældar afhendingar fullunninna jarðolíuafurða frá frumorkugjöfum (t.d. hreinsunarstöðvum, blöndunarverum o.s.frv.) til innanlandsmarkaðarins. Tala þessi getur verið frábrugðin útreiknuðu tölunni t.d. vegna mismunar á yfirgripi og/eða mismunar á skilgreiningum í mismunandi skýrslukerfum.
12.1.	Þar af: vergar afhendingar til jarðolíu- og jarðgasgeirans Eldsneyti afhent til jarðolíu- og jarðgasgeirans.

12.2.	Þar af: orkunotkun í jarðolíu- og jarðgasgeiranum Magn olíu sem notuð er til eldsneytis í jarðolíu- og jarðgasvinnslu, s.s. gufusundrun.
12.3.	Þar af: notkun sem er ekki til orkugjafar í jarðolíu- og jarðgasgeiranum Magn olíu sem notuð er í jarðolíu- og jarðgasgeiranum til að framleiða etýlen, própýlen, bútýlen, tilbúið gas, arómatísk efni, bútadíen og önnur hráefni á vetniskolefnisgrunni í vinnsluferlum s.s. við gufusundrun, í orkuverum sem framleiða arómatísk efni og við gufuaflsumbreytingar. Olía sem notuð er til eldsneytis er undanskilin.
13.	Bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasgeira til hreinsunarstöðva
14.	Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils Allar birgðir á innlendu yfirráðasvæði, þ.m.t. birgðir í vörslu hins opinbera, hjá stórnotendum eða birgðavörsluaðilum, birgðir um borð hjá hafskipum á leið til hafnar, birgðir á tollfrjálsum svæðum og birgðir sem geymdar eru fyrir aðra, bæði með eða án tvíhliða samnings við ríkisvaldið. Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils vísa til fyrsta eða síðasta dags reikningsskilatímabilsins, eftir því sem við á.
15.	Breytingar á birgðum hjá almenningsveitum Breytingar á birgðum í vörslu almenningsveita og eru ekki taldar með í birgðastöðu og breytingar á birgðum sem tilgreindar eru annars staðar. Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu. Tekur til jarðolíu og jarðgasvökva sem fer til beinnar brennslu, ef við á.
16.	Hreint varmagildi vergra innanlandsafhendinga

Hvað varðar umbreytingargeirann eiga eftirfarandi samtölur við um allt eldsneyti, að undanskildu hráefni til hreinsunarstöðva, íblöndunarefnum/súrefnissamböndum, lífeldsneyti og öðrum vetniskolefnum en að meðtöldu eldsneyti sem ekki er notað til orkuframleiðslu (jarðolíukoks og annað, sem telja á fram sérstaklega).

1.	Samtala umbreytingargeira Heildarmagn eldsneytis sem er notað til fyrsta og annars stigs umbreytinga á orku.
1.1.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver
1.2.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – raforkuver
1.3.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
1.4.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
1.5.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver
1.6.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
1.7.	Þar af: gasveitur/gösunarver
1.8.	Þar af: blandað jarðgas
1.9.	Þar af: koksofnar
1.10.	Þar af: háofnar
1.11.	Þar af: jarðolíu- og jarðgasiðnaður
1.12.	Þar af: eldsneytiskögglaver
1.13.	Þar af: ekki skilgreint annars staðar — umbreyting

4.2.2. Orkugeiri

Hvað varðar orkugeirann eiga eftirfarandi samtölur við um allt eldsneyti, að undanskildu hráefni til hreinsunarstöðva, íblöndunarefnum/súrefnissamböndum, lífeldsneyti og öðrum vetniskolefnum en að meðtöldu eldsneyti sem ekki er notað til orkuframleiðslu (jarðolíukoks og annað, sem telja á fram sérstaklega).

1.	Samtala orkugeira Heildarmagn notað sem orka í orkugeiranum.
1.1.	Þar af: kolanámur

1.2.	Þar af: olíu- og jarðgasvinnsla
1.3.	Þar af: koksofnar
1.4.	Þar af: háofnar
1.5.	Þar af: gasveitur
1.6.	Þar af: orkuver Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver.
1.7.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Tap við dreifingu Tap sem verður utan hreinsunarstöðva vegna flutnings og dreifingar. Tekur til taps á leiðslum.

4.2.3. Skilgreining á lokanotkun orku

Hvað varðar skilgreiningar á lokanotkun orku eiga eftirfarandi samtölur við um allt eldsneyti, að undanskildu hráefni til hreinsunarstöðva, íblöndunarefni/súrefnissamböndum, lífeldsneyti og öðrum vetniskolefnum, en að meðtöldu eldsneyti sem ekki er notað til orkuframleiðslu (jarðolíukoks og annað, sem skal talið fram sérstaklega).

1.	Endanleg orkunotkun
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar
2.4.	Þar af: málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: flutningatæki
2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður
2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri
3.1.	Þar af: millilandaflug
3.2.	Þar af: innanlandsflug
3.3.	Þar af: vegir
3.4.	Þar af: járnbrautir
3.5.	Þar af: innanlandssiglingar
3.6.	Þar af: flutningur með leiðslum
3.7.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta

4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — annað
5.	Samtala notkunar til annars en orkugjafar Magn notað sem hráefni í mismunandi geirum og er hvorki notað sem eldsneyti né því umbreytt í annað eldsneyti. Þetta magn er inni í samtölunum sem skráðar eru hér á undan.
5.1.	Þar af: umbreytingageiri
5.2.	Þar af: orkugeiri
5.3.	Þar af: flutningageiri
5.4.	Þar af: iðnaðargeiri
5.4.1.	Iðnaðargeiri, þar af: efnafræðilegur (þ.m.t. jarðolíu- og jarðgasvinnsla)
5.5.	Þar af: aðrir geirar

4.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi. Sjá einnig athugasemdir undir tölulið 4.2.1., samtala 5.

4.2.5. *Aðföng til framleiðenda raforku og varma til eigin nota*

Telja verður fram aðföng til framleiðenda raforku og varma til eigin nota sérstaklega fyrir orkuver sem framleiða eingöngu raforku, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og orkuver sem framleiða eingöngu varma.

Eftirfarandi orkuvörur eru undanskildar: hráefni til hreinsunarstöðva, íblöndunarefni/súrefnissambönd, lífeldsneyti, önnur vetniskolefni, etan, hreyfilbensín, lífbensín, flugvélabensín, þotueldsneyti (af naftagerð eða JP–4-gerð), terpentína og hreinsað bensín og smurolía.

Aðföng eiga við um eftirfarandi orkuver eða starfsemi:

1.	Samtala orkugeira Heildarmagn notað sem orka í orkugeiranum
1.1.	Þar af: kolanámur
1.2.	Þar af: olíu- og jarðgasvinnsla
1.3.	Þar af: koksofnar
1.4.	Þar af: háofnar
1.5.	Þar af: gasveitur
1.6.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — orka
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar
2.4.	Þar af: málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: flutningatæki
2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám

2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður
2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri
3.1.	Þar af: flutningur með leiðslum
3.2.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — annað

4.3. **Mælieiningar**

1.	Orkumagn	10^3 tonn
2.	Varmagildi	MJ/tonn

4.4. **Frávik og undanþágur**

Kýpur er undanþegið því að gefa skýrslu um samtölurnar sem skilgreindar eru í lið 4.2.3 undir 4. tölulið (aðrir geirar) og 5. tölulið (samtala orkunotkunar sem er ekki til orkugjafar), aðeins heildargildin eiga við.

Í þrjú ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, eru Kýpurbúar undanþegnir því að gefa skýrslu um samtölurnar sem skilgreindar eru í lið 4.2.3. undir 2. tölulið (iðnaðargeiri) og 3. tölulið (flutningsgeiri), aðeins heildargildin eiga við meðan undanþágan gildir.

5. ENDURNÝJANLEG ORKA OG ORKA ÚR ÚRGANGI

5.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara		Skilgreining
1.	Vatnsorka	Stöðu- og hreyfiorka vatns sem er breytt í raforku með vatnsaflsvirkjunum. Dælimiðlun verður að telja með. Tilgreina skal framleiðslu í orkuverum af stærðinni < 1 MW, 1 til < 10 MW, ≥ 10 MW og í dælimiðlun.
2.	Jarðvarmi	Orka sem kemur sem varmi neðan úr jarðskorpunni, yfirleitt sem heitt vatn eða gufa. Framleidd orka er mismunurinn á varmagildi vökvans sem leiddur er úr borholunni og varmagildi þess vökva sem að lokum er til ráðstöfunar. Orkan er á heppilegum stöðum: – til raforkuframleiðslu með notkun á hreinni gufu eða saltlegi með háu varmagildi eftir leiftureimingu, – beint sem varmi til fjarhitunar, landbúnaðar o.s.frv.

3.	Sólarorka	Sólargeislun nýtt til hitunar á vatni og raforkuframleiðslu. Þessi framleidda orka er tiltækur hiti í varmaberanum, þ.e. aðfallandi sólarorka að frádregnu ljósfræðilegu tapi og tapi í sólargleypum. Óbeisluð sólarorka til beinnar hitunar, kælingar og lýsingar á húsnæði eða í öðrum byggingum er ekki meðtalin.
3.1.	Þar af: sólarraforka	Sólarljós sem umbreytt er í raforku með notkun á sólarrafhlöðum, sem eru yfirleitt gerðar úr hálfleiðaraefni sem framleiðir raforku þegar það kemst í snertingu við ljós.
3.2.	Þar af: sólarvarmaorka	Varmi frá sólargeislun, getur falist í: sólarvarmarafstöðvum, eða búnaði til framleiðslu á heitu vatni til heimilisnota eða fyrir árstíðabundna upphitun á sundlaugum (t.d. sólargleypiplötur, aðallega af gerð fallkúta).
4.	Sjávarfalla-, öldu-, haforka	Aflræn orka fengin úr sjávarföllum, ölduhreyfingum eða hafstraumum og nýtt til raforkuframleiðslu.
5.	Vindorka	Hreyfiorka vinds sem hægt er að nýta til raforkuframleiðslu með vindhverflum.
6.	Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)	Teljið fram iðnaðarúrgang af óendurnýjanlegum uppruna (fastan eða í vökvaformi) sem brenndur er beint til framleiðslu á raforku og/eða varma. Telja skal fram hreint varmagildi þess eldsneytismagns sem notað er. Telja skal endurnýjanlegan iðnaðarúrgang fram undir flokkunum fastur lífmassi, lífgas og/eða fljótandi lífeldsneyti.
7.	Heimilis- og rekstrarúrgangur	Úrgangur frá heimilum, sjúkrahúsum og þriðja geiranum sem brenndur er í sérstökum stöðvum, á grunni hreins varmagildis.
7.1.	Þar af: endurnýjanlegt	Sá hluti heimilis- og rekstrarúrgangs sem er af líffræðilegum uppruna.
7.2.	Þar af: óendurnýjanlegt	Sá hluti heimilis- og rekstrarúrgangs sem ekki er af líffræðilegum uppruna.
8.	Fastur lífmassi	Tekur til lífræns efnis af líffræðilegum uppruna sem er ekki jarðefnaeldsneyti en hægt er að nota til eldsneytis við varma- eða raforkuframleiðslu. Nær yfir:
8.1.	Þar af: viðarkol	Fastar leifar frá þurreimingu og hitasundrun á viði og öðrum plöntuefnum.
8.2.	Þar af: viður, viðarúrgangur, annar fastur úrgangur	Nytjaplöntur sem ræktaðar eru með orkuframleiðslu fyrir augum (ösp, víðir o.s.frv.), margskonar viðarefni sem framleidd eru í iðnaðarferli (einkum í viðar-/pappírsiðnaðinum) eða aflað beint með skógrækt og landbúnaði (eldiviður, viðarflísar, viðarkögglar, börkur, sag, spónn, flögur, svartlútur o.s.frv.), einnig úrgangur eins og hálmur, hrísgrjónahýði, hnetuskeljar, undirburður alifugla, dreggjar úr krömdum þrúgum o.s.frvffBruni er aðferðin sem mælt er með til nýtingar á þessum fasta úrgangi. Telja skal fram hreint varmagildi þess eldsneytismagns sem notað er.
9.	Lífgas	Gas, sem er aðallega metan og koltvísýringur og er framleitt með loftfirrtu niðurbroti á lífmassa.
9.1.	Þar af: hauggas	Lífgas sem myndast við rotnun úrgangs á urðunarstöðum.
9.2.	Þar af: skólpeðjugas	Lífgas sem framleitt er með loftfirrtri gerjun á skólpeðju.
9.3.	Þar af: annað lífgas	Lífgas sem framleitt er með loftfirrtri gerjun á húsdýra- og sláturhúsúrgangi, ölgerðarúrgangi og öðrum úrgangi frá matvælaiðnaði í landbúnaðargeiranum.
10.	Fljótandi lífeldsneyti	Magn fljótandi lífeldsneytis sem talið er fram í þessum flokki á við um lífeldsneytið sjálft en ekki heildarmagn vökvans sem blandað er við. Varðandi innflutning og útflutning á fljótandi lífeldsneyti þarf aðeins að tilgreina viðskipti með fljótandi lífeldsneyti sem hefur ekki verið blandað með flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi sínu), tilkynna ber viðskipti með fljótandi lífeldsneyti, sem blandað er með flutningaeldsneyti, í olíugögnunum í 4. kafla. Um er að ræða eftirfarandi fljótandi lífeldsneyti:

10.1.	Þar af: lífbensín	Flokkur þessi tekur til lífetanóls (etanóls sem framleitt er úr lífmassa og/eða lífbrjótanlegum hluta úrgangs), lífmetanóls (metanóls sem framleitt er úr lífmassa og/eða lífbrjótanlegum hluta úrgangs), líf-ETBE (etýltertíerbútýleter sem framleitt er á grunni lífetanóls; hundraðshlutinn, miðaður við rúmmál af líf-ETBE sem er talið til lífeldsneytis, er 47%) og líf-MTBE (metýltertíerbútýleter sem framleitt er á grunni lífmetanóls: hundraðshlutinn, miðaður við rúmmál af líf-MTBE sem er talið til lífeldsneytis, er 36%).
10.2.	Þar af: lífdísilolía	Þessi flokkur tekur til lífdísilolíu (metýlester með dísileiginleika sem framleitt er úr jurta- eða dýraolíu), lífdímetýleter (dímetýleter sem framleiddur er úr lífmassa), efni framleidd með Fischer-Tropsch-aðferð (úr lífmassa), kaldpressaðrar lífolíu (olíu sem framleidd er úr olíufræjum með vélrænum aðferðum) og alls annars fljótandi lífeldsneytis sem er bætt við, eða blandað í flutningsdísilolíu eða notað beint sem flutningsdísilolía.
10.3.	Þar af: annað fljótandi lífeldsneyti	Fljótandi lífeldsneyti, notað beint sem eldsneyti, ekki talið með lífbensíni eða lífdísilolíu.

5.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

5.2.1 *Verg raforku- og varmaframleiðsla*

Raforku og varma, sem framleidd eru úr orkuvörunum sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskildum viðarkolum og einungis að meðtaldri heildarsummu fljótandi lífeldsneytis) verður, eftir því sem við á, að telja fram sérstaklega:

– fyrir orkuver framleiðenda í aðalstarfsemi og orkuver þeirra sem framleiða til eigin nota,

– fyrir orkuver sem framleiða eingöngu raforku, orkuver sem framleiða eingöngu varma og orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu.

5.2.2 *Birgða- og umbreytingargeirar*

Telja skal fram magn orkuvara, sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku) og notaðar í birgða- og umbreytingargeirunum, í eftirfarandi samtölum:

1.	Framleiðsla
2.	Innflutningur
3.	Útflutningur
4.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
5.	Verg notkun
6.	Tölfræðilegur mismunur
7.	Samtala umbreytingargeira Magn endurnýjanlegra orkugjafa og úrgangs sem notað er til umbreytingar á frumorku yfir í annars stigs orku (t.d. á hauggasi yfir í raforku) og til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. lífgasi sem notað er í jarðgas).
7.1.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver
7.2.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
7.3.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver

7.4.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – raforkuver
7.5.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
7.6.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
7.7.	Þar af: eldsneytiskögglaver Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur sem notaður er til að framleiða eldsneytisköggla. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgang, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.
7.8.	Þar af: brúnkolaköggla- og mókögglaver Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem notaður er til að framleiða brúnkolaköggla. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgang, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.
7.9.	Þar af: gasveitugas Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem notaður er til að framleiða gasveitugas. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgang, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.
7.10.	Þar af: úr blönduðu jarðgasi Magn lífgass sem blandað er í jarðgas.
7.11.	Þar af: til blöndunar í bensín/dísilolíu Fljótandi lífeldsneyti, sem er ekki afhent til endanlegrar notkunar en þó notað með öðrum jarðolíuafurðum, er tilgreint í 4. kafla í þessum viðauka.
7.12.	Þar af: framleiðslustöðvar viðarkola Viðarmagn notað til viðarkolaframleiðslu.
7.13.	Þar af: ekki skilgreint annars staðar — umbreyting

5.2.3. *Orkugeiri*

Telja verður fram magn orkuvara, sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku) og eru notaðar í orkugeiranum eða fara til endanlegrar notkunar, í eftirfarandi samtölum:

1.	Samtala orkugeira Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem orkuiðnaðurinn notar til að styðja við umbreytingaraðgerðir. Til dæmis endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur sem notaður er til hitunar, lýsingar eða rekstrar á dælum/þjöppum. Tilgreina ber magn endurnýjanlegra orkugjafa og úrgang, sem umbreytt er í annað orkuform, í umbreytingargeiranum.
1.1.	Þar af: gösunarver
1.2.	Þar af: raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver í eigu hins opinbera
1.3.	Þar af: kolanámur
1.4.	Þar af: eldsneytiskögglaver
1.5.	Þar af: koksofnar
1.6.	Þar af: jarðolíuhreinsunarstöðvar
1.7.	Þar af: brúnkolaköggla- og mókögglaver
1.8.	Þar af: gasveitugas
1.9.	Þar af: háofnar
1.10.	Þar af: framleiðslustöðvar viðarkola
1.11.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar
2.	Tap við dreifingu Allt tap sem verður vegna flutnings og dreifingar.

5.2.4. *Lokanotkun orku*

Telja verður fram magn orkuvara, sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku), í eftirfarandi samtölum:

1.	Endanleg orkunotkun
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar
2.4.	Þar af: málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: flutningatæki
2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður
2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri
3.1.	Þar af: járnbrautir
3.2.	Þar af: vegir
3.3.	Þar af: innanlandssiglingar
3.4.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — annað

5.2.5. *Tæknilegir eiginleikar orkuvera*

Telja verður fram eftirfarandi afköst raforkuframleiðslu, eftir því sem við á, í lok skýrsluársins:

1.	Vatnsorka Telja verður fram afköst orkuvera af stærðunum < 1 MW, 1 til < 10 MW, og ≥ 10 MW ásamt dælimiðlun, sem og samantekin afköst allra stærða. Upplýsingar um stærð veranna eru gefnar upp án tillits til dælimiðlunar.
2.	Jarðvarmi
3.	Sólarraforka
4.	Sólarvarmaorka

5.	Sjávarfalla-, öldu-, haforka
6.	Vindorka
7.	Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)
8.	Heimilis- og rekstrarúrgangur
9.	Viður, viðarúrgangur og annar fastur úrgangur
10.	Hauggas
11.	Skólpeðjugas
12.	Annað lífgas
13.	Fljótandi lífeldsneyti

Uppsett heildaryfirborð sólargleypa skal talið fram.

Framleiðslugeta á eftirtöldu lífeldsneyti skal talin fram:

1.	Fljótandi lífeldsneyti
1.1.	Þar af: lífbensín
1.2.	Þar af: lífdísilolía
1.3.	Þar af: annað fljótandi lífeldsneyti

5.2.6. *Aðföng til framleiðenda raforku og varma til eigin nota*

Telja verður fram aðföng til framleiðenda raforku og varma til eigin nota sérstaklega fyrir orkuver sem framleiða eingöngu raforku, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og orkuver sem framleiða eingöngu varma.

Telja verður fram magn orkuvara, sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku), í eftirfarandi samtölum:

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: gösunarver
1.2.	Þar af: kolanámur
1.3.	Þar af: eldsneytiskögglaver
1.4.	Þar af: koksofnar
1.5.	Þar af: jarðolíuhreinsunarstöðvar
1.6.	Þar af: brúnkolaköggla- og mókögglaver
1.7.	Þar af: gasveitugas
1.8.	Þar af: háofnar
1.9.	Þar af: framleiðslustöðvar viðarkola
1.10.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: járn og stál
2.2.	Þar af: efnaiðnaður og jarðolíu- og jarðgasiðnaður
2.3.	Þar af: járnlausir málmar

2.4.	Þar af: málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: flutningatæki
2.6.	Þar af: vélbúnaður
2.7.	Þar af: námugröftur og grjótnám
2.8.	Þar af: matvæli, drykkjarvara og tóbak
2.9.	Þar af: pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: textílefni og leður
2.13.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri
3.1.	Þar af: járnbrautir
3.2.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — flutningastarfsemi
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: íbúðarhúsnæði
4.3.	Þar af: landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: fiskveiðar
4.5.	Þar af: er ekki skilgreint annars staðar — annað

5.3. **Varmagildi**

Telja verður fram meðaltal hreins varmagildis fyrir eftirfarandi vörur:

1.	Lífbensín
2.	Lífdísilolía
3.	Annað fljótandi lífeldsneyti
4.	Viðarkol

5.4. **Mælieiningar**

1.	Raforkuframleiðsla	Megavattstund
2.	Varmaframleiðsla	Terajúl
3.	Endurnýjanlegar orkuvörur	Lífbensín, lífdísilolía og annað fljótandi lífeldsneyti: tonn Viðarkol: 1000 tonn Allt annað: Terajúl (á grunni nettóvarmagildis).
4.	Yfirborð sólargleypa	1000 m^2
5.	Afköst orkuvera	Lífeldsneyti: tonn á ári Allt annað: MWe (rafmegavött)
6.	Varmagildi	KJ/kg (hreint varmagildi)

5.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

6. GILDANDI ÁKVÆÐI

Eftirfarandi ákvæði gilda um gagnaöflun, eins og þá sem lýst er í öllum köflunum hér á undan:

1. Skýrslutímabil:

   Almanaksár (frá 1. janúar til 31. desember).

2. Tíðni:

   Árlega.

3. Frestur til sendingar gagna:

   30. nóvember á því ári sem kemur á eftir skýrslutímabilinu.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

   Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópubandalaganna tilgreinir.

   Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

VIÐAUKI C

MÁNAÐARLEGAR HAGSKÝRSLUR UM ORKUMÁL

Viðauki þessi lýsir umfangi, einingum, framtalstímabilum, tíðni, fresti og sendingarfyrirkomulagi sem við eiga um mánaðarlega söfnun á hagskýrslum um orkumál.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1. ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI

1.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram á:

Orkuvara		Skilgreining
1.	Harðkol	Svart, brennanlegt, fast, lífrænt jarðefnaset með vergt varmagildi hærra en 24 MJ/kg miðað við öskulaust efni og rakainnihald eins og það er við 30°C og 96% hlutfallslegan loftraka.
2.	Surtarbrandur	Brennanlegt, brúnt allt að svart, lífrænt jarðefnaset með vergt varmagildi lægra en 24 MJ/kg miðað við öskulaust efni og rakainnihald eins og það er við 30°C og 96% hlutfallslegan loftraka.
2.1.	Þar af: svartur surtarbrandur	Surtarbrandur með 20 til 25% rakainnihald og 9 til 13% öskuinnihald. Svartur surtarbrandur varð til á miðlífsöld. Innan Sambandsins er hann nú eingöngu grafinn upp djúpt í námum í Provence-héraði í Frakklandi.
2.2.	Þar af: brúnkol	Surtarbrandur með 40 til 70% rakainnihald og yfirleitt 2 til 6% öskuinnihald, í sumum jarðlögum getur hið síðarnefnda þó farið allt upp í 12%. Brúnkol urðu aðallega til á tertíertímabilinu. Eldsneyti þetta er aðallega unnið í yfirborðsnámum.
3.	Mór	Lint, laust allt að samanþjappað, náttúrulegt, brennanlegt setlag úr jurtaríkinu með hátt rakainnihald (allt að 90%) ljóst allt að dökkbrúnt að lit. Skilgreining þessi er með fyrirvara um skilgreininguna á endurnýjanlegum orkugjöfum í tilskipun 2001/77/EB og leiðbeiningar milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar frá 2006 um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir.
4.	Eldsneytiskögglar	Eldsneytiskögglar úr harðkolum eru gervingar með tiltekna lögun framleiddir með heitmölun undir þrýstingi, með bindiefni (biki).
5.	Brúnkolakögglar	Gervingar, jafnir að lögun, framleiddir úr muldum og þurrkuðum surtarbrandi, mótuðum undir háþrýstingi og án bindiefna. Með þessu teljast þurrkaður surtarbrandur og surtarbrandssalli.
6.	Koks unnið úr harðkolum	Efnasmíðað eldsneyti í föstu formi, unnið úr harðkolum og fengið fram með þurreimingu á kolum í algeru lofttæmi eða að hluta til. Tekur til: – harðkoks: fengið fram með kolun við hátt hitastig, – hálfkoks: fengið fram með kolun við lágt hitastig, – gasveitukoks: framleitt í gasveitum.
7.	Surtarbrandskoks	Fastar leifar sem verða til við þurreimingu brúnkola í lofttæmi.

1.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1.2.1. *Birgðageiri*

Eftirfarandi samtölur eiga við um harðkol, svartan surtarbrand (í heildina), brúnkol og mó:

1.	Framleiðsla
2.	Endurheimtar vörur Grugglausnir og kolarusl unnið upp úr námum.
3.	Innflutningur
3.1.	Þar af: innflutningur innan ESB
4.	Útflutningur
4.1.	Þar af: útflutningur innan ESB
5.	Breytingar á birgðum Birgðamagn í námum og hjá innflytjendum. Undanskildar eru birgðir hjá notendum, (t.d. í orkuverum og koksvinnslustöðvum) að frátöldum birgðum hjá notendum sem flytja beint inn. Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
6.	Útreiknaðar innanlandsafhendingar Heildarmagn vöru sem reiknað er út að hafi verið afhent til innanlandsneyslu. Það er skilgreint sem: framleiðsla + endurheimtar vörur + innflutningur – útflutningur + breytingar á birgðum
7.	Mældar innanlandsafhendingar Magn sem afhent er á innri markaðinn. Jafngildir heildarmagni afhendinga til hinna ýmsu notenda. Mismunur kann að koma í ljós á milli útreiknaðra og mældra afhendinga.
7.1.	Þar af: eigin notkun framleiðenda Innri notkun framleiðslustöðva. Notkun í námuorkuverum, námueldsneytiskögglaverum, námukoksofnaverum og afhendingar til starfsfólks í kolanámum.
7.2.	Þar af: framleiðendur í aðalstarfsemi - orkuver
7.3.	Þar af: framleiðendur til eigin nota – orkuver í kolanámum
7.4.	Þar af: koksvinnslustöðvar
7.5.	Þar af: eldsneytiskögglaver Magn notað til umbreytingar í eldsneytiskögglaverum (námueldsneytiskögglaverum og þeim sjálfstæðu).
7.6.	Þar af: heildariðnaður (án járn- og stáliðnaðar)
7.7.	Þar af: járn- og stáliðnaður
7.8.	Þar af: annað (stofnanir, heimili o.s.frv.) Eldsneyti til heimila (þ.m.t. kol sem afhent eru starfsfólki í námum og tengdum verksmiðjum) og þjónustustofnana (stjórnsýslu, verslana o.s.frv.) og til geira sem ekki eru skilgreindir annars staðar (fjarhitun, flutningar o.s.frv.).
8.	Birgðir í lok tímabils
8.1.	Þar af: námur
8.2.	Þar af: innflytjendur
8.3.	Þar af: í koksvinnslustöðvum Á aðeins við um harðkol.

Eftirfarandi samtölur gilda um koks sem fengið er úr harðkolum, brúnkolakoksi, eldsneytiskögglum og brúnkolakögglum.

1.	Framleiðsla
2.	Innflutningur
3.	Útflutningur
3.1.	Þar af: útflutningur innan ESB
4.	Breytingar á birgðum Magn í koksvinnslustöðvum (koks) og eldsneytiskögglaverum (eldsneytiskögglar) sem og hjá innflytjendum. Undanskildar eru birgðir notenda, að frátöldum birgðum sem eru hjá notendum sem flytja beint inn. Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
5.	Útreiknaðar innanlandsafhendingar Heildarmagn vöru sem reiknað er út að hafi verið afhent til innanlandsnotkunar. Það er skilgreint sem: framleiðsla + innflutningur – útflutningur + breytingar á birgðum
6.	Mældar innanlandsafhendingar Magn sem afhent er á innri markaðinn. Jafngildir heildarmagni afhendinga til hinna ýmsu notenda. Mismunur kann að koma í ljós á milli útreiknaðra og mældra afhendinga.
6.1.	Þar af: heildariðnaður (án járn- og stáliðnaðar)
6.2.	Þar af: járn- og stáliðnaður
6.3.	Þar af: annað (stofnanir, heimili o.s.frv.) Eldsneyti til heimila (þ.m.t. koks og eldsneytiskögglar sem afhent er starfsfólki í námum og tengdum verksmiðjum) og þjónustustofnana (stjórnsýslu, verslana o.s.frv.)
7.	Birgðir í lok tímabils Birgðir eru magn sem er geymt: – í koksvinnslustöðvum (á aðeins við um koks úr kolum og surtarbrandi), – í eldsneytiskögglaverum (á aðeins við um eldsneytisköggla úr kolum og surtarbrandi), – hjá innflytjendum.

1.2.2. *Innflutningur*

Hvað varðar surtarbrand, surtarbrandskoks, eldsneytiskköggla og surtarbrandskköggla skal telja fram heildarinnflutningsmagn innan og utan ESB.

Hvað varðar harðkol skal telja fram innflutning frá eftirtöldum upprunalöndum:

1.	Innflutningsmagn innan ESB
1.1.	Þar af: Þýskaland
1.2.	Þar af: Bretland
1.3.	Þar af: Pólland
1.4.	Þar af: önnur lönd innan ESB Tilgreina skal viðkomandi lönd.
2.	Innflutningsmagn utan ESB
2.1.	Þar af: Bandaríkin
2.2.	Þar af: Ástralía
2.3.	Þar af: Suður-Afríka
2.4.	Þar af: Samveldi sjálfstæðra ríkja

2.4.1.	Frá 2.4., þar af: Rússland
2.4.2.	Frá 2.4., þar af: Úkraína
2.5.	Þar af: Kanada
2.6.	Þar af: Kólumbía
2.7.	Þar af: Kína
2.8.	Þar af: önnur lönd utan ESB Tilgreina skal viðkomandi lönd.

1.3. **Mælieiningar**

Allt vörumagn er gefið upp sem 10^3 tonn.

1.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

2. RAFORKA

2.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafli þessi fjallar um raforku.

2.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi samtölur:

2.2.1. *Framleiðslugeiri*

Í eftirtöldum samtölum skal telja fram bæði vergt og hreint magn:

1.	Heildarraforkuframleiðsla
1.1.	Þar af: kjarnorka
1.2.	Þar af: vatnsorka
1.2.1.	Úr 1.2. þar af: sá hluti vatnsorku sem framleiddur er með dælimiðlun
1.3.	Þar af: jarðvarmi
1.4.	Þar af: venjulegur varmi
1.5.	Þar af: vindorka

Einnig skal telja fram eftirfarandi raforkumagn:

2.	Innflutningur
2.1.	Þar af: innflutningur innan ESB
3.	Útflutningur
3.1.	Þar af: útflutningur utan ESB
4.	Notað fyrir dælimiðlun
5.	Notað fyrir innri markaðinn Þær eru reiknaðar út sem: heildar hrein framleiðsla + innflutningur – útflutningur – notað fyrir dælimiðlun

Eftirfarandi samtölur eiga við um eldsneytisnotkun í orkuverum framleiðenda í aðalstarfsemi (vísað er til viðauka B um skilgreiningu á harðkolum og surtarbrandi):

6.	Heildareldsneytisnotkun í verum framleiðenda í aðalstarfsemi Heildarmagn eldsneytis sem notað er til að framleiða raforku og auk þess til framleiðslu á varma sem eingöngu á að selja þriðja aðila.
6.1.	Þar af: harðkol
6.2.	Þar af: surtarbrandur
6.3.	Þar af: jarðolíuafurðir
6.4.	Þar af: jarðgas
6.5.	Þar af: afleiðugas (þ.e.a.s. verksmiðjugas)
6.6.	Þar af: annað eldsneyti

2.2.2. *Eldsneytisbirgðir í verum framleiðenda í aðalstarfsemi*

Með framleiðendum í aðalstarfsemi er átt við almenningsveitur sem framleiða raforku með notkun eldsneytis. Telja skal fram eftirtaldar birgðir í lok tímabils (birgðir við lok skýrslumánaðar):

1.	Harðkol
2.	Surtarbrandur
3.	Jarðolíuafurðir

2.3. **Mælieiningar**

1.	Orkumagn	Rafmagn: Gígavattstund (GWh) Harðkol, surtarbrandur og jarðolíuafurðir: bæði í 10^3 tonnum og í terajúlum á grunni hreins varmagildis. Jarðgas og afleiðugas: Terajúl á grunni vergs varmagildis. Annað eldsneyti: Terajúl á grunni nettóvarmagildis. Hiti frá kjarnorkuverum: Terajúl.
2.	Vörubirgðir	10^3 tonn

2.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

3. OLÍA OG JARÐOLÍUAFURÐIR

3.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Nema annað sé tekið fram á þessi gagnaöflun við um allar eftirtaldar orkuvörur sem skilgreiningar í 4. kafla í viðauka B gilda um: jarðolíu, jarðgasvökva, hráefni hreinsunarstöðva, önnur vetniskolefni, hreinsunarstöðvagas (ekki í fljótandi formi), etan, fljótandi jarðolíugas, nafta, hreyfilbensín, flugvélabensín, þotueldsneyti (af naftagerð eða JP-4-gerð), steinolíukennt þotueldsneyti, aðra steinolíu, gas-/dísilolíu (eimaða brennsluolíu), flutningsdísilolíu, hitunargasolíu og aðra gasolíu, brennsluolíu (með lágt eða hátt brennisteinsinnihald), terpentínu og hreinsað bensín, smurolíu, jarðbik, paraffínvax og jarðolíukoks.

Eftir því sem við á skal telja hreyfilbensín fram í tvo flokka:

– Blýlaust hreyfilbensín: bensín þar sem blýsamböndum hefur ekki verið bætt við til að hækka oktantöluna. Það getur innihaldið vott af náttúrulegu blýi.

– Blýhreyfilbensín: hreyfilbensín þar sem tetraetýlblýi og/eða tetrametýlblýi hefur verið bætt við til að auka oktantöluna.

„Aðrar vörur“ taka til bæði magnið sem samsvarar skilgreiningunni í 4. kafla í viðauka B og að auki terpentínu og hreinsað bensín, smurolíu, jarðbik og paraffínvax; þessar vörur má ekki telja fram sér.

3.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

3.2.1. *Birgðageiri*

Eftirfarandi tafla á aðeins við um jarðolíu, jarðgasvökva, hráefni hreinsunarstöðva, íblöndunarefni/súrefnissambönd, lífeldsneyti og önnur vetniskolefni:

1.	Innlend framleiðsla Á ekki við um hráefni hreinsunarstöðva.
2.	Frá öðrum upptökum Íblöndunarefni, lífeldsneyti og önnur vetniskolefni, um framleiðslu þeirra hefur þegar verið fjallað í öðru eldsneytisyfirliti. Á ekki við um jarðolíu, jarðgasvökva og hráefni hreinsunarstöðva.
3.	Bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasgeira Fullunnar eða hálfunnar vörur sem endanlegir notendur skila til hreinsunarstöðva til vinnslu, blöndunar eða sölu. Þær eru venjulega aukaafurðir jarðolíu- eða jarðgasframleiðslu. Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.
4.	Millifærðar vörur Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda. Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.
5.	Innflutningur og útflutningur Tekur til magns jarðolíu og vara sem fluttar eru inn eða út samkvæmt vinnslusamningum (þ.e. hreinsun í reikning). Jarðolíu og jarðgasvökva ætti að telja fram eins og efnin hafi komið frá fyrsta upprunalandi en hráefni til hreinsunarstöðva og fullunnar vörur ber að tilgreina eins og frá síðasta sendingarlandi. Tekur til allra gasvökva (t.d. fljótandi jarðolíugass) sem eru dregnir út við endurgösun innflutts fljótandi jarðgass og jarðolíuafurða sem jarðolíu- eða jarðgasiðnaðurinn flytur beint inn eða út. *Athugasemd:* öll viðskipti með lífeldsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), ætti að tilgreina í spurningalista endurnýjanlegra orkugjafa.
6.	Bein notkun Jarðolía, jarðgasvökvi og önnur vetniskolefni sem notuð eru beint án þess að vera unnin í jarðolíuhreinsunarstöðvum. Tekur til jarðolíu sem brennd er til raforkuframleiðslu.
7.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.
8.	Útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva Heildarmagn vöru, sem reiknað er út að hafi farið til vinnslu í hreinsunarstöð. Það er skilgreint sem: innlend framleiðsla + frá öðrum uppsprettum + bakstreymi frá iðnaði + millifærðar vörur + innflutningur – útflutningur – bein notkun – breytingar á birgðum
9.	Tölfræðilegur mismunur Skilgreindur sem útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva að frádregnu því mælda.
10.	Mælt inntekið magn til hreinsunarstöðva Magn sem mælt er sem aðföng til hreinsunarstöðva.

11.	Tap í hreinsunarstöðvum Mismunurinn á innteknu magni til hreinsunarstöðva (mældu) og vergri framleiðslu þeirra. Vegna uppgufunar getur orðið tap á meðan á eimingarferlum stendur. Uppgefið tap er fært sem plústala. Rúmmál getur aukist en ekki massi.
12.	Framleiðsla súrefnissambanda Sá hluti framleiðslu eða frá öðrum uppsprettum sem er eter, s.s. MTBE (metýltertíerbútýleter), TAME (tertíeramýlmetýleter), alkóhól eins og etanól og esterar, og sá sem er notaður til blöndunar í bensín og gasolíu.

Eftirfarandi tafla á hvorki við um hráefni til hreinsunarstöðva né íblöndunarefni/súrefnissambönd:

1.	Aðstreymi vöru á forstigi framleiðslunnar Tekur til innlendrar og innfluttrar jarðolíu (þ.m.t. þétta) og innlends jarðgasvökva sem notaður er beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöð og bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum sem er notað beint, þrátt fyrir að það sé ekki aðaleldsneyti.
2.	Verg framleiðsla hreinsunarstöðva Framleiðsla fullunninna vara í hreinsunarstöð eða blöndunarverksmiðja. Tap í hreinsunarstöðvum er undanskilið en hreinsunarstöðvaeldsneyti er talið með.
3.	Endurunnar vörur Fullunnar vörur sem fara aftur í gegnum markaðskerfið, eftir að hafa verið afhentar einu sinni til endanlegra notenda (t.d. notuð smurolía sem er endurunnin). Aðgreina skal þetta magn frá bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.
4.	Hreinsunarstöðvaeldsneyti Jarðolíuafurðir sem notaðar eru við rekstur hreinsunarstöðva. Undanskildar eru vörur sem olíufyrirtæki nota utan hreinsunarferlisins, t.d. olíugeymar eða olíuflutningaskip. Tekur til eldsneytis sem notað er í hreinsunarstöðvunum til framleiðslu á raforku og varma til sölu.
5.	Innflutningur og útflutningur
6.	Alþjóðlegir skipageymar
7.	Millifærslur innan vörutegunda Magn sem er endurflokkað, annaðhvort vegna þess að vörulýsingin hefur breyst eða hins að tegundunum hefur verið blandað saman við aðra vöru. Neikvæð færsla fyrir eina vöru er bætt upp með jákvæðri færslu (eða nokkrum færslum) fyrir aðra eða nokkrar aðrar vörur og öfugt, heildarnettóáhrif ættu að vera á núlli.
8.	Millifærðar vörur Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.
9.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.
10.	Útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar Þær eru skilgreindar sem: Aðstreymi fyrsta stigs afurða + verg framleiðsla hreinsunarstöðva + endurunnar vörur – hreinsunarstöðvaeldsneyti + innflutningur - útflutningur – alþjóðlegir skipaeldsneytisgeymar + millifærslur innan vörutegunda – millifærðar vörur – breytingar á birgðum
11.	Tölfræðilegur mismunur Skilgreindur sem útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar að frádregnum þeim mældu.
12.	Mældar vergar innanlandsafhendingar Mældar afhendingar fullunninna jarðolíuafurða frá frumorkugjöfum (t.d. hreinsunarstöðvum, blöndunarverum o.s.frv.) til innanlandsmarkaðarins. Tala þessi getur verið frábrugðin útreiknuðu tölunni t.d. vegna mismunar á yfirgripi og/eða mismunar á skilgreiningum í mismunandi skýrslukerfum.
12.1.	Þar af: afhendingar til almenningsflugs milli landa
12.2.	Þar af: afhendingar til almenningsorkuveitna
12.3.	Þar af: afhendingar á fljótandi jarðolíugasi til ökutækja
12.4.	Þar af: afhendingar (vergar) til jarðolíu- og jarðgasgeirans

13.	Bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasgeira til hreinsunarstöðva
14.	Samtals hreinar afhendingar innanlands

3.2.2. *Vörubirgðir*

Eftirtaldar upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils skal telja fram að því er varðar allar orkuvörur, að undanskildu hreinsunarstöðvagasi:

1.	Birgðir á innlendu yfirráðasvæði Birgðir á/í eftirfarandi stöðum: hreinsunarstöðvatönkum, lausavörubirgðastöðvum, tönkum við leiðslur, prömmum og strandtankskipum (þegar brottfararhöfn og viðtökuhöfn eru í sama landi), tankskipum í höfn aðildarríkis (ef skipa á farminum upp í þeirri höfn) og eldsneytishólfum í skipum inni í landi. Undanskildar eru olíubirgðir í leiðslum, í járnbrautartankvögnum, í tankflutningabílum, í eldsneytishólfum í hafskipum, á bensínstöðvum, í smásöluverslunum og í eldsneytishólfum á hafi úti.
2.	Birgðir geymdar fyrir önnur lönd samkvæmt tvíhliða samningi við ríkisvaldið. Birgðir á innlendu yfirráðasvæði sem tilheyra öðru landi og sem aðgangur að er tryggður með samningi á milli viðkomandi ríkisstjórna.
3.	Birgðir með þekktum útlendum ákvörðunarstað Birgðir, sem ekki eru meðtaldar í 2. lið, á innlendu yfirráðasvæði sem tilheyra öðru landi og eru á leið þangað. Birgðir þessar geta verið innan eða utan tollfrjálsra svæða.
4.	Aðrar birgðir á tollfrjálsum svæðum Tekur til birgða, sem hvorki eru meðtaldar í 2. né 3. lið, án tillits til hvort þær hafa farið í gegnum tollafgreiðslu eða ekki.
5.	Birgðir hjá aðalnotendum Tekur til birgða sem eru háðar opinberu eftirliti. Birgðir annarra notenda falla ekki undir þessa skilgreiningu.
6.	Birgðir um borð í skipum sem koma að landi og liggja í höfn eða við legufæri Birgðir án tillits til hvort þær hafa fengið tollafgreiðslu eða ekki. Þessi flokkun undanskilur birgðir um borð í úthafsskipum. Tekur til olíu í strandtankskipum ef bæði brottfararhöfn og viðtökuhöfn eru í sama landi. Aðeins skal tilgreina það magn sem afferma á í skýrslugjafarlandinu, ef um er að ræða skip sem affermt er í fleiri en einni höfn.
7.	Birgðir hins opinbera á innlendu yfirráðasvæði Tekur til birgða, sem ekki eru hernaðarlegar, á innlendu yfirráðasvæði hins opinbera og eru í eigu eða undir stjórn hins opinbera og eingöngu til nota í neyðarástandi. Undanskildar eru birgðir hjá olíufyrirtækjum í eigu ríkisins og hjá rafmagnsveitum og birgðir sem olíufyrirtæki halda fyrir hönd hins opinbera.
8.	Birgðir hjá birgðafyrirtækjum á innlendu yfirráðasvæði Birgðir, bæði hjá opinberum fyrirtækjum og fyrirtækjum í einkaeign, sem eingöngu er viðhaldið til að nota í neyðarástandi. Skyldubundnar birgðir fyrirtækja í einkaeign eru undanskildar.
9.	Allar aðrar birgðir á innlendu yfirráðasvæði Allar aðrar birgðir sem uppfylla skilyrðin sem lýst er í 1. lið hér að ofan.
10.	Birgðir í útlöndum samkvæmt tvíhliða samningi við ríkisvaldið Birgðir sem tilheyra skýrslugjafarlandinu en eru í öðru landi og sem aðgangur er tryggður að með samningi á milli viðkomandi ríkisstjórna.
10.1.	Þar af: birgðir hjá hinu opinbera
10.2.	Þar af: birgðir hjá birgðageymsluaðilum
10.3.	Þar af: aðrar birgðir
11.	Birgðir í útlöndum sem eru sérstaklega ætlaðar til innflutnings Birgðir sem tilheyra skýrslugjafarlandinu, undanskildar í 10. flokki, en eru í öðru landi og bíða innflutnings þar.
12.	Aðrar birgðir á tollfrjálsum svæðum Aðrar birgðir á innlendu yfirráðasvæði sem ekki eru meðtaldar í ofangreindum flokkum.
13.	Innihald í leiðslum Olía (jarðolía og jarðolíuafurðir) í leiðslum, sem er nauðsynleg til að viðhalda rennsli í leiðslunum.

Þar að auki verður að telja fram eftirfarandi magntölur, sundurliðaðar á hvert tilsvarandi land:

– birgðir í lok tímabils sem geymdar eru fyrir önnur lönd samkvæmt tvíhliða samningi við ríkisvaldið,

– aðrar birgðir í lok tímabils með þekktum útlendum ákvörðunarstað,

– birgðir í útlöndum, samkvæmt tvíhliða samningi við ríkisvaldið, í lok tímabils,

– aðrar birgðir í útlöndum, ætlaðar til innflutnings í skýrslugjafarlandið, í lok tímabils.

Með birgðum í upphafi er átt við birgðir á síðasta degi næsta mánaðar á undan skýrslumánuði. Með birgðum í lok tímabils er átt við birgðir á síðasta degi skýrslumánaðar.

3.2.3. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi.

3.3. **Mælieiningar**

Orkumagn: 10^3 tonn.

3.4. **Landfræðilegar skýringar**

Skýringar 1. kafla í viðauka A gilda aðeins vegna hagskýrslugerðar með eftirfarandi sérstökum undantekningum:

1. Færeyjar og Grænland teljast með Danmörku,

2. Liechtenstein telst með Sviss.

3.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

4. JARÐGAS

4.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Jarðgas, eins og það er skilgreint í 2. kafla í viðauka B.

4.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

4.2.1. *Birgðageiri*

1.	Innlend framleiðsla Öll markaðshæf þurrframleiðsla innan landamæra, þ.m.t. úr vinnslu á hafi úti. Framleiðsla er mæld eftir hreinsun og útdrætti á jarðgasvökva og brennisteini. Undanskilið er gas sem tapast við vinnslu og magn þess sem er niðurdælt, loftað gas og afgas. Innifalið er magn notað innan jarðgasiðnaðarins, við jarðgasvinnslu, í leiðslukerfum og vinnslustöðvum.
2.	Innflutningur

3.	Útflutningur
4.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.
5.	Útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar Þær eru skilgreindar sem: innanlandsframleiðsla + innflutningur – útflutningur – breytingar á birgðum.
6.	Tölfræðilegur mismunur Skilgreindur sem útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar að frádregnum þeim mældu.
7.	Mældar vergar innanlandsafhendingar Nær yfir gas sem gasiðnaðurinn notar til upphitunar og reksturs á búnaði (þ.e. notkun í jarðgasvinnslu, leiðslukerfinu og vinnslustöðvum) og tap í dreifingu.
8.	Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils á innlendu yfirráðasvæði Magn geymt í sérstökum geymslum (uppurnum gas- og/eða olíuvinnslusvæðum, í veiti, saltholum, hverskyns hellum eða öðru) sem og geymslum fyrir fljótandi jarðgas. Með birgðum í upphafi er átt við birgðir á síðasta degi næsta mánaðar á undan skýrslumánuði. Með birgðum í lok tímabils er átt við birgðir á síðasta degi skýrslumánaðar.
9.	Eigin notkun og tap í jarðgasiðnaðinum Magn sem gasiðnaðurinn notar til upphitunar og reksturs á búnaði (þ.e. notkun í jarðgasvinnslu, leiðslukerfinu og vinnslustöðvum). Tekur til taps í dreifingu.

4.2.2. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi.

4.3. **Mælieiningar**

Magn skal telja fram á tvo vegu:

– sem rúmmál, í 10^6 m^3, gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15°C, 101, 325 kPa),

– sem orkuinnihald, þ.e. í terajúlum byggðum á vergu varmagildi.

4.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

5. GILDANDI ÁKVÆÐI

Eftirfarandi ákvæði gilda um gagnaöflun, eins og þá sem lýst er í öllum köflunum hér á undan:

1. Skýrslutímabil:

   Almanaksmánuður.

2. Tíðni:

   Mánaðarlega.

3. Frestur til sendingar gagna:

   Innan þriggja mánaða frá skýrslumánuðinum.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

   Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópubandalaganna tilgreinir.

   Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

VIÐAUKI D

MÁNAÐARLEGAR SKAMMTÍMAHAGSKÝRSLUR

Í þessum viðauka er umfangi, einingum, tilgreindum tímabilum, tíðni, fresti og fyrirkomulagi flutninga lýst að því er varðar mánaðarlega skammtímaöflun á hagskýrslugögnum.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1. JARÐGAS

1.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafli þessi fjallar aðeins um jarðgas. Jarðgas er skilgreint í 2. kafla í viðauka B.

1.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi samtölur:

1. Framleiðsla

2. Innflutningur

3. Útflutningur

4. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

5. Birgðir

Þær eru reiknaðar út sem:

framleiðsla + innflutningur – útflutningur + breytingar á birgðum.

1.3. **Mælieiningar**

Jarðgasmagn skal talið fram í terajúlum, á grunni vergs varmagildis.

1.4. **Önnur gildandi ákvæði**

1. Skýrslutímabil:

Almanaksmánuður.

2. Tíðni:

Mánaðarlega.

3. Frestur til sendingar gagna:

Innan eins mánaðar frá skýrslumánuðinum.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópubandalaganna tilgreinir.

Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

1.5. **Frávik og undanþágur**

Þýskaland er undanþegið þessari gagnaöflun.

2. RAFORKA

2.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafli þessi fjallar aðeins um raforku.

2.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi samtölur:

1.	Heildarraforkuframleiðsla Vergt heildarmagn raforkuframleiðslu. Tekur til eigin notkunar orkuvera.
2.	Innflutningur
3.	Útflutningur
4.	Vergar raforkubirgðir Þær eru reiknaðar út sem: heildarraforkuframleiðsla + innflutningur – útflutningur.

2.3. **Mælieiningar**

Orkumagn skal gefið upp sem gígavattstundir (GWh).

2.4. **Önnur gildandi ákvæði**

1. Skýrslutímabil:

   Almanaksmánuður.

2. Tíðni:

   Mánaðarlega.

3. Frestur til sendingar gagna:

   Innan eins mánaðar frá skýrslumánuðinum.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

   Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópubandalaganna tilgreinir.

   Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

2.5. **Frávik og undanþágur**

Þýskaland er undanþegið þessari gagnaöflun.

3. OLÍU- OG JARÐOLÍUAFURÐIR

Þessi gagnaöflun er vel þekkt sem „JODI-spurningalistinn“.

3.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Nema annað sé tekið fram á þessi gagnaöflun við um allar eftirtaldar orkuvörur en um þær gilda skilgreiningar í 4. kafla í viðauka B: jarðolía, fljótandi jarðolíugas, bensín (samanlagt bensín og flugvélabensín), steinolía (samanlagt steinolíukennt þotueldsneyti og önnur steinolía), gas-/dísilolía og brennsluolía (bæði með lágu eða háu brennisteinsinnihaldi).

Þar að auki á þessi gagnaöflun einnig við um „heildarolíu“, sem nær yfir allar áðurnefndar framleiðsluvörur, að undanskilinni jarðolíu, og verður einnig að telja með aðrar jarðolíuafurðir, s.s. hreinsunarstöðvagas, etan, nafta, jarðolíukoks, terpentínu og hreinsað bensín, paraffínvax, jarðbik, smurolíu og annað.

3.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

3.2.1. *Birgðageiri*

Eftirfarandi tafla á aðeins við um jarðolíu:

1.	Framleiðsla
2.	Innflutningur
3.	Útflutningur
4.	Birgðir í lok tímabils
5.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.
6.	Mæld afköst hreinsunarstöðva Mæling á gegnumstreymi hreinsunarstöðva

Eftirfarandi tafla á við um jarðolíu, fljótandi jarðolíugas, bensín, steinolíu, gas-/dísilolíu, brennsluolíu og heildarolíu:

1.	Framleiðsla hreinsunarstöðva Verg framleiðsla, þ.m.t. hreinsunarstöðvaeldsneyti.
2.	Innflutningur
3.	Útflutningur
4.	Birgðir í lok tímabils
5.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.
6.	Eftirspurn Afhending eða sala á innlendum markaði (notkun innanlands) að viðbættu hreinsunarstöðvaeldsneyti og að viðbættum alþjóðlegum skipaeldsneytisgeymum og loftfarsgeymum. Eftirspurn eftir heildarolíu tekur einnig til jarðolíu.

3.3. **Mælieiningar**

Orkumagn: 10^3 tonn

3.4. **Önnur gildandi ákvæði**

1. Skýrslutímabil:

   Almanaksmánuður.

2. Tíðni:

Mánaðarlega.

3. Frestur til sendingar gagna:

Innan 25 daga frá skýrslumánuðinum.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópubandalaganna tilgreinir.

Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

3.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 421/2014 **2014/EES/54/93**

frá 16. apríl 2014

um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins með tilliti til framkvæmdar á alþjóðasamningi um beitingu sameiginlegrar markaðstengdrar heildarráðstöfunar um alþjóðlega losun frá flugi eigi síðar en árið 2020 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fluggeirinn hefur sterka alþjóðlega eiginleika. Hnattræn nálgun til að fjalla um losun frá alþjóðaflugi felur í sér bestu horfurnar til að tryggja sjálfbærni til lengri tíma litið.

2) Sambandið leitast við að tryggja alþjóðasamninga til framtíðar til að stjórna losun gróðurhúsalofttegunda frá flugi og mun í millitíðinni takmarka, að eigin frumkvæði, áhrif loftslagsbreytinga frá flugstarfsemi til og frá flugvöllum í Sambandinu. Til að tryggja að þessi markmið styðji hvert við annað og stangist ekki á er rétt að taka tillit til þróunar á alþjóðlegum vettvangi og til afstöðu sem þar hefur verið tekin, einkum að taka tillit til ályktunar sem var samþykkt 4. október 2013 á 38. fundi þings Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og inniheldur sameinaða yfirlýsingu um að halda áfram með stefnumál og venjur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við umhverfisvernd.

3) Af þessum sökum, til að viðhalda þeim skriðþunga sem náðist á 38. fundi þings Alþjóðaflugmálastofnunarinnar árið 2013 og greiða fyrir framförum á fyrirhuguðum 39. fundi árið 2016, er æskilegt að líta tímabundið svo á að kröfurnar, sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([3]), séu uppfylltar fyrir tímabilið til 31. desember 2016 að því er varðar flug til og frá flugvöllum í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Með þessu leggur Sambandið áherslu á að unnt sé að beita lagaskilyrðum að því er varðar flug til og frá flugvöllum í ríkjum EES á sama hátt og unnt er að beita lagaskilyrðum að því er varðar losun frá flugi milli slíkra flugvalla. Til að tryggja réttarvissu að því er varðar þessa undanþágu ætti að líta svo á að flug milli flugvalla, sem eru staðsettir í ríkjum EES, og flugvalla í löndum, sem gerðust aðilar að Sambandinu árið 2013, sé flug á milli ríkja EES.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 129, 30.4.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2014 frá 30. apríl 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 28.8.2014, bls. 36.
([1]) Álit var samþykkt 22. janúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).
([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 3. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.
([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

4) Haft er í huga að samkvæmt tilskipun 2003/87/EB er það aðildarríkjanna að ákveða hvernig tekjum af uppboði á losunarheimildum er ráðstafað. Nota ætti þessar tekjur eða jafngildi þeirra metið til fjár til að bregðast við loftslagsbreytingum í Sambandinu og þriðju löndum, m.a. til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, aðlagast áhrifum af loftslagsbreytingum í Sambandinu og þriðju löndum, einkum þróunarlöndum, fjármagna rannsóknir og þróun með tilliti til takmörkunar og aðlögunar, einkum að því er varðar flugtækni og flutninga í lofti, draga úr losun með flutningum sem valda lítilli losun og til að standa undir kostnaði við stjórnun á kerfi Sambandsins. Ágóðanum af uppboðunum eða jafngildi þeirra metið til fjár ætti einnig að verja til að fjármagna framlög í alþjóðlega sjóðinn fyrir orkunýtni og endurnýjanlega orku og ráðstafanir til að koma í veg fyrir skógeyðingu. Gagnsæi við notkun tekna af uppboðum á losunarheimildum samkvæmt tilskipun 2003/87/EB er lykillinn að því að renna stoðum undir skuldbindingar Sambandsins. Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (1) eiga aðildarríkin að senda framkvæmdastjórninni skýrslu um notkun tekna af uppboðum á slíkum losunarheimildum.

5) Í undanþágunum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, er tekið tillit til niðurstaðna úr tvíhliða og marghliða samskiptum við þriðju lönd, sem framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgja fyrir hönd Sambandsins, í því skyni að stuðla að markaðstengdu fyrirkomulagi til að draga úr losun frá flugsamgöngum.

6) Haft er í huga að í tilskipun 2003/87/EB er gert ráð fyrir möguleika á að samþykkja ráðstafanir til að breyta flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við þá tilskipun ef þriðja land innleiðir ráðstafanir til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga frá flugstarfsemi.

7) Samningaviðræður um alla flugmálasamninga Sambandsins við þriðju lönd ættu að miðast að því að standa vörð um sveigjanleika Sambandsins til að grípa til aðgerða að því er varðar umhverfismál, þ.m.t. að því er varðar ráðstafanir til að draga úr áhrifum flugsamgangna á loftslagsbreytingar.

8) Til að forðast röskun á samkeppni er mikilvægt að öll flug á sömu flugleið séu meðhöndluð á sama hátt.

9) Til að komast enn frekar hjá óhóflegri stjórnsýslubyrði á minnstu umráðendur loftfara ætti að bæta tímabundinni undanþágu við I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Umráðendur loftfara, sem eru ekki með rekstur í atvinnuskyni, sem losa minna en 1000 tonn af koltvísýringi á ári ættu af þeim sökum að vera undanþegnir gildissviði þeirrar tilskipunar frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2020.

10) Rétt þykir að gera umráðendum loftfara, sem eru smálosendur, kleift að nota aðra aðferð til að sannprófa losun sína til að draga enn frekar úr stjórnsýsluálagi á þá. Aðildarríkjunum ætti að vera kleift að koma í framkvæmd ráðstöfunum til einföldunar þar sem einkum er tekið á þörfum umráðenda, sem eru ekki með rekstur í atvinnuskyni, sem eru smálosendur.

11) Sérstaka áherslu ætti að leggja á að draga úr eða jafnvel leysa öll vandamál sem koma upp í tengslum við aðgengi og samkeppnishæfni ystu svæða Sambandsins. Með þetta í huga ættu flug milli flugvallar, sem er staðsettur á ysta svæði í skilningi 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og flugvallar, sem er staðsettur á öðru svæði EES, einnig að falla undir undanþáguna sem er komið á samkvæmt þessari reglugerð.

12) Til að tryggja réttarvissu fyrir umráðendur loftfara og landsyfirvöld er rétt að heimila að framlengja lokadaga innskila og skýrslugjafar vegna losunar ársins 2013 til ársins 2015.

13) Vegna beitingar þessarar undanþágu er mikilvægt að minnast þess að aðferðir til úthlutunar og útgáfu losunarheimilda til umráðenda loftfara eru áfram þær sem voru fastsettar samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, þ.e.a.s. byggðar á sannprófuðum gögnum um tonnkílómetra að því er varðar viðkomandi tímabil sem þar er getið um.

14) Eftir þing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar árið 2016 og í ljósi niðurstöðu þess ætti framkvæmdastjórnin að afhenda Evrópuþinginu og ráðinu fullnaðarskýrslu. Í þessari skýrslu ætti framkvæmdastjórnin m.a. að taka til athugunar alla kosti vegna umfangs losunar frá flugstarfsemi og, ef við á, leggja fljótt til ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að taka tillit til alþjóðlegrar þróunar og að unnt verði að fjalla um alla þætti sem varða beitingu undanþágunnar. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að taka sérstakt tillit til umhverfislegs árangurs af viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir (EU ETS) og, í þessu samhengi, til sérstaks framlags fluggeirans, þ.m.t. fyrirkomulags til að samræma betur þær reglur sem gilda um flugstarfsemi og staðbundnar stöðvar, eftir því sem við á.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

15) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að innleiða tímabundna undanþágu að því er varðar vöktun, skýrslugjöf og innskil losunarheimilda vegna flugferða til og frá löndum utan EES, frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016, til að draga úr stjórnsýslubyrði og einfalda stjórnun kerfisins og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

16) Nauðsynlegt er að tryggja réttarvissu fyrir umráðendur loftfara og landsyfirvöld með tilliti til lokadags innskila, sem er 30. apríl 2014, eins og um getur í tilskipun 2003/87/EB. Til samræmis við það ætti þessi reglugerð að öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.

17) Breyta ber tilskipun 2003/87/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi grein bætist við:

„28 gr. a

Undanþágur sem gilda áður en alþjóðasamningur um beitingu sameiginlegrar markaðstengdrar heildarráðstöfunar kemur til framkvæmda eigi síðar en árið 2020

1. Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. (2. mgr. a), 14. gr. (3. mgr.) og 16. gr. skulu aðildarríkin líta svo á að kröfurnar, sem settar eru fram í þeim ákvæðum, séu uppfylltar og skulu ekki grípa til aðgerða gagnvart umráðendum loftfara að því er varðar:

a) alla losun frá flugi til og frá flugvöllum, sem eru staðsettir í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), á hverju almanaksári frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016,

b) alla losun frá flugi milli flugvallar, sem er staðsettur á ysta svæði í skilningi 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og flugvallar, sem er staðsettur á öðru svæði EES, á hverju almanaksári frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016,

c) innskil losunarheimilda, sem svara til sannprófaðrar losunar fyrir árið 2013, frá flugferðum milli flugvalla sem eru staðsettir í ríkjum EES, sem eiga sér stað eigi síðar en 30. apríl 2015 í stað 30. apríl 2014, og sannprófaða losun fyrir þessi flug sem skýrsla er gefin um eigi síðar en 31. mars 2015 í stað 31. mars 2014.

Að því er varðar ákvæði 11. gr. a, 12. gr. og 14. gr. skal líta svo á að sannprófuð losun frá flugferðum, öðrum en þeim sem um getur í fyrstu undirgrein, sé sannprófuð losun umráðanda loftfars.

2. Þrátt fyrir 5. mgr. 3. gr. e og 3. gr. f. skal umráðandi loftfars, sem nýtur góðs af undanþágum sem kveðið er á um í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar, fá úthlutað fjölda losunarheimilda án endurgjalds sem fækkar í hlutfalli við minnkun á skuldbindingum um innskil á losunarheimildum sem kveðið er á um í þessum liðum.

Þrátt fyrir 8. mgr. 3. gr. f skal ógilda losunarheimildir sem ekki er úthlutað vegna beitingar fyrstu undirgreinar þessarar greinar.

Að því er varðar starfsemi á tímabilinu frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016 skulu aðildarríkin birta þann fjölda losunarheimilda án endurgjalds vegna flugs, sem er úthlutað til hvers umráðanda loftfars, eigi síðar en 1. ágúst 2014

3. Þrátt fyrir 3. gr. d skulu aðildarríkin bjóða upp tiltekinn fjölda losunarheimilda vegna flugs sem fækkar í hlutfalli við fækkun á heildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. 3. gr. d skal fækka þeim fjölda losunarheimilda, sem hvert aðildarríki skal bjóða upp að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016, þannig að fjöldinn samsvari hlutdeild aðildarríkisins í losun frá flugi sem rekja má til þess vegna flugferða sem falla ekki undir undanþágurnar sem kveðið er á um í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

5. Þrátt fyrir 3. gr. g skal ekki krefja umráðendur loftfara um að leggja fram vöktunaráætlanir þar sem gerð er grein fyrir ráðstöfunum til að vakta og gefa skýrslu um losun að því er varðar flug sem falla undir undanþágurnar sem kveðið er á um í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

6. Þrátt fyrir 3. gr. g, 12. gr., 15. gr. og 18. gr. a skal líta svo á að ef árleg heildarlosun umráðanda loftfars er minni en 25 000 tonn af koltvísýringi sé losun hans sannprófuð losun ef hún er ákvörðuð með því að nota tæki fyrir smálosendur sem er samþykkt samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 606/2010 (*) og inniheldur gögn frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu úr stoðbúnaði viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir (e. ETS support facility). Aðildarríkjunum er heimilt að koma í framkvæmd einfölduðu ferli fyrir umráðendur loftfara, sem eru ekki með rekstur í atvinnuskyni, svo fremi sem slíkt ferli veiti ekki minni nákvæmni en fæst með tæki smálosenda.

7. Að því er varðar þessa grein skal líta svo á að flug milli flugvalla, sem eru staðsettir í ríkjum EES, og landa, sem gerðust aðilar að Sambandinu árið 2013, séu flug milli flugvalla sem eru staðsettir í ríkjum EES.

8. Framkvæmdastjórnin skal reglubundið og a.m.k. einu sinni á ári upplýsa Evrópuþingið og ráðið um framvindu samningaviðræðna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem og um viðleitni sína til að stuðla að alþjóðlegri viðurkenningu á markaðstengdu fyrirkomulagi í þriðju löndum. Í kjölfar þings Alþjóðaflugmálastofnunarinnar árið 2016 skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um aðgerðir til að hrinda í framkvæmd alþjóðasamningi um markaðstengda heildarráðstöfun frá árinu 2020, sem mun draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum á jafnréttisgrundvelli, þ.m.t. um upplýsingar, sem varða notkun tekna, sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.

Í skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin taka til athugunar þessa þróun að því er varðar viðeigandi gildissvið fyrir umfang losunar frá starfsemi til og frá flugvöllum, sem eru staðsettir í löndum utan EES, frá 1. janúar 2017 og eftir það og, ef við á, láta fylgja tillögur til að bregðast við þessari þróun. Í skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin einnig taka til athugunar lausnir á öðrum málum sem kunna að koma upp við beitingu 1. til 4. mgr. þessarar greinar en varðveita jafnframt jafnræði í meðferð á öllum umráðendum loftfara á sömu flugleið.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 606/2010 frá 9. júlí 2010 um samþykki á einfölduðu tæki sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) hefur þróað til að áætla eldsneytisnotkun tiltekinna umráðenda loftfara sem losa lítið (Stjtíð. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 25).“

2) Í I. viðauka, í dálkinn „Starfsemi“ í töflunni í viðaukanum, undir fyrirsögninni „Flugsamgöngur“, bætist eftirfarandi liður við á eftir j-lið:

„k) frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2020: flugferðir sem myndu, ef ekki væri fyrir tilstilli þessa liðar, falla undir þessa starfsemi, á vegum umráðenda loftfara, sem eru ekki með rekstur í atvinnuskyni, sem annast flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 1000 tonn.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún gildir frá og með 30. apríl 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/24/ESB **2014/EES/54/94**

frá 9. mars 2011

um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. og 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal tryggja að heilbrigði manna njóti öflugrar verndar við mótun og framkvæmd allra stefna og í allri starfsemi Sambandsins. Í því felst að einnig skuli tryggja að heilbrigði manna njóti öflugrar verndar þegar Sambandið samþykkir gerðir samkvæmt öðrum ákvæðum sáttmálans.

2) Ákvæði 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er réttur lagagrundvöllur þar eð markmiðið með flestum ákvæðum þessarar tilskipunar er að bæta starfsemi innri markaðarins og frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga og þjónustustarfsemi. Þar eð skilyrðin fyrir því að skírskota til 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem lagagrundvallar eru uppfyllt verður löggjöf Sambandsins að byggjast á þessum lagagrundvelli, jafnvel þegar lýðheilsuvernd er afgerandi þáttur í þeim kostum sem valdir eru. Í þessu sambandi kemur skýrt fram í 3. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að við samræmingu skuli tryggja öfluga heilsuvernd og taka í því efni tillit til nýjustu þróunar sem byggist á vísindalegum staðreyndum.

3) Heilbrigðiskerfin í Sambandinu eru helsti þátturinn í öflugri félagslegri vernd og stuðla að félagslegri samheldni, félagslegu réttlæti og sjálfbærri þróun. Þau eru einnig hluti af víðara samhengi, þ.e. innan ramma þjónustu í almannaþágu.

4) Án þess að það hafi áhrif á möguleika sjúklinga til að nýta sér heilbrigðisþjónustu yfir landamæri samkvæmt þessari tilskipun bera aðildarríkin áfram ábyrgð á að veita borgurum á yfirráðasvæði sínu örugga, skilvirka og nógu mikla heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki. Auk þess skal lögleiðing þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum og beiting hennar ekki leiða til þess að sjúklingar verði hvattir til að leita sér meðferðar utan tryggingaraðildarríkis síns.

5) Eins og ráðið viðurkenndi í niðurstöðum sínum frá 1.–2. júní 2006 um sameiginleg gildi og meginreglur í heilbrigðiskerfum Evrópusambandsins ([4]) (hér á eftir nefndar „niðurstöður ráðsins“) eru ákveðnar meginreglur í starfsemi heilbrigðiskerfa þær sömu alls staðar í Sambandinu. Þessar meginreglur í starfsemi eru nauðsynlegar til að tryggja að sjúklingar hafi tiltrú á heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, sem er nauðsynlegt til að fá fram hreyfanleika sjúklinga og öfluga heilsuvernd. Í sömu yfirlýsingu viðurkenndi ráðið að það væri mjög mismunandi hvernig þessi gildi og meginreglur væru í raun yfirfærð í aðildarríkjunum. Einkum skulu ákvarðanir um þá heilbrigðisþjónustu sem borgararnir eiga rétt á og þá tilhögun sem er notuð til að fjármagna og veita þá heilbrigðisþjónustu, t.d. í hvaða mæli rétt er við stjórnun heilbrigðiskerfa að reiða sig á markaðsaðferðir og þrýsting af völdum samkeppni, teknar í innlendu samhengi.

6) Eins og Dómstóll Evrópusambandsins (hér á eftir nefndur „Dómstóllinn“) hefur nokkrum sinnum staðfest, jafnframt því að viðurkenna sérstakt eðli hennar, fellur læknishjálp af öllu tagi undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2014 frá 9. júlí 2014 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 175, 28.7.2009, bls. 116.

([2]) Stjtíð. ESB C 120, 28.5.2009, bls. 65.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 23. apríl 2009 (Stjtíð. ESB C 184 E, 8.7.2010, bls. 368), afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 13. september 2010 (Stjtíð. ESB C 275 E, 12.10.2010, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 19. janúar 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 28. febrúar 2011.

([4]) Stjtíð. ESB C 146, 22.6.2006, bls. 1.

7) Þessi tilskipun virðir og hefur ekki áhrif á frelsi aðildarríkja til að ákveða hvaða tegund af heilbrigðisþjónustu þau telja viðeigandi. Ekkert ákvæði þessarar tilskipunar ber að túlka á þann hátt að það vinni gegn siðfræðilegu grundvallarvali aðildarríkjanna.

8) Dómstóllinn hefur nú þegar fjallað um nokkur mál er varða heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, einkum endurgreiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er í öðru aðildarríki en ríkinu þar sem viðtakandi þjónustunnar er búsettur. Þessi tilskipun hefur þann tilgang að ná fram almennari, en einnig skilvirkari, beitingu þeirra meginreglna sem Dómstóllinn hefur þróað í einstökum tilvikum.

9) Í niðurstöðum ráðsins er viðurkennt að frumkvæði í heilbrigðisþjónustu yfir landamæri hafi sérstakt gildi, sem tryggir að borgarar Sambandsins geti glöggvað sig á réttindum sínum þegar þeir flytja frá einu aðildarríki til annars, með tilliti til réttarvissu.

10) Markmiðið með þessari tilskipun er að setja reglur sem auðvelda aðgang að öruggri heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki yfir landamæri í Sambandinu og að tryggja hreyfanleika sjúklinga í samræmi við þær meginreglur sem Dómstóllinn hefur sett og efla samstarf um heilbrigðisþjónustu milli aðildarríkjanna en virða um leið að fullu ábyrgð aðildarríkjanna á að skilgreina almannatryggingabætur á sviði heilbrigðis og skipuleggja og veita heilbrigðisþjónustu, læknishjálp og almannatryggingabætur, einkum vegna veikinda.

11) Tilskipun þessi skal gilda um einstaka sjúklinga sem ákveða að nýta sér heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki en tryggingaraðildarríkinu. Dómstóllinn hefur staðfest að hvorki sérstakt eðli heilbrigðisþjónustu né hvernig hún er skipulögð eða fjármögnuð geti orðið til þess að hún sé undanþegin grundvallarreglunni um frelsi til að veita þjónustu. Tryggingaraðildarríkið getur þó kosið að takmarka endurgreiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu yfir landamæri af ástæðum sem varða gæði og öryggi veittrar heilbrigðisþjónustu, sé það réttlætanlegt með brýnum almannahagsmunum í tengslum við lýðheilsu. Tryggingaraðildarríkið getur einnig gripið til frekari ráðstafana af öðrum ástæðum, sé það réttlætanlegt með brýnum almannahagsmunum. Dómstóllinn hefur einnig mælt fyrir um að lýðheilsuvernd sé ein þeirra brýnu þarfa, með tilliti til almannahagsmuna, sem geti réttlætt takmarkanir á þá frjálsu för sem gert er ráð fyrir í sáttmálunum.

12) Hugtakið „brýnir almannahagsmunir“, sem vísað er til í tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar, hefur þróast hjá Dómstólnum í dómaframkvæmd hans í tengslum við 49. og 56. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og getur haldið áfram að þróast. Dómstóllinn hefur nokkrum sinnum gefið það álit að brýnir almannahagsmunir, s.s. skipulagskröfur í tengslum við markmiðið um að tryggja að í viðkomandi aðildarríki sé fullnægjandi og varanlegur aðgangur að jöfnu framboði meðferðar í háum gæðaflokki eða markmiðið um að hafa stjórn á kostnaði og eftir því sem unnt er að komast hjá sóun á fjármagni, tækni og mannauði, geti réttlætt hömlur á frelsi til að veita þjónustu. Dómstóllinn hefur einnig viðurkennt að markmiðið um að viðhalda jöfnu framboði læknishjálpar og þjónustu á sjúkrahúsum, sem er öllum opin, geti einnig fallið undir eitt af frávikunum, er grundvallast á sjónarmiðum um lýðheilsu, sem kveðið er á um í 52. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að svo miklu leyti sem það stuðlar að öflugri heilsuvernd. Dómstóllinn hefur einnig gefið það álit að slík ákvæði í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins gefi aðildarríkjunum möguleika á að takmarka frelsi til að veita læknis- og sjúkrahúsþjónustu, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt fyrir lýðheilsu að halda meðferðargetu eða læknisfræðilegri hæfni innan innlendra yfirráðasvæða.

13) Ljóst er að sú skylda að endurgreiða kostnað við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri skal takmarkast við heilbrigðisþjónustu sem tryggður einstaklingur á rétt á samkvæmt löggjöf tryggingaraðildarríkisins.

14) Tilskipun þessi gildir ekki um þjónustu sem fyrst og fremst er stuðningur við þá sem þarfnast aðstoðar við venjubundin, dagleg verk. Nánar tiltekið skal tilskipunin ekki gilda um þá langtímaumönnun sem er nauðsynleg til að gera þeim einstaklingi, sem þarfnast umönnunar, kleift að lifa eins fullkomnu og frjálsu lífi og unnt er. Tilskipunin skal þannig t.d. ekki gilda um langtímaumönnun sem veitt er á vegum heimahlynningar, í vernduðum þjónustuíbúðum og á hjúkrunarheimilum eða í öðru húsnæði fyrir aldraða.

15) Aðgengi að líffærum og ráðstöfun þeirra til líffæraflutninga falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar sökum sérstaks eðlis þeirra.

16) Að því er varðar endurgreiðslu kostnaðar af heilbrigðisþjónustu yfir landamæri skal þessi tilskipun ekki einungis taka til aðstæðna þar sem sjúklingur fær heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki en tryggingaraðildarríkinu heldur einnig til lyfseðla og skömmtunar og afgreiðslu lyfja og lækningatækja sem eru afhent innan ramma heilbrigðisþjónustu. Skilgreiningin á heilbrigðisþjónustu yfir landamæri skal bæði ná yfir aðstæður þar sem sjúklingur kaupir slík lyf og lækningatæki í öðru aðildarríki en tryggingaraðildarríkinu og aðstæður þar sem sjúklingur kaupir slík lyf og lækningatæki í öðru aðildarríki en þar sem lyfseðillinn er gefinn út.

17) Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á reglur aðildarríkjanna um sölu lyfja og lækningatækja á Netinu.

18) Tilskipun þessi skal ekki veita neinum einstaklingi rétt til komu, dvalar eða búsetu í aðildarríki í þeim tilgangi að nýta sér heilbrigðisþjónustu í því ríki. Ef dvöl einstaklings á yfirráðasvæði aðildarríkis er ekki í samræmi við löggjöf þess aðildarríkis um rétt til komu eða dvalar á yfirráðasvæði þess skal slíkur einstaklingur ekki teljast tryggður einstaklingur samkvæmt skilgreiningunni í þessari tilskipun. Aðildarríkin skulu áfram eiga þess kost að tilgreina í landslögum hvaða einstaklingar teljast tryggðir í samræmi við heilbrigðiskerfi á vegum hins opinbera, svo fremi að réttindi sjúklinga, sem eru sett fram í þessari tilskipun, séu tryggð.

19) Þegar sjúklingur sækir heilbrigðisþjónustu yfir landamæri er mikilvægt fyrir hann að vita fyrir fram hvaða reglur muni gilda. Þær reglur sem gilda um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri skulu vera þær reglur sem eru tilgreindar í löggjöf meðferðaraðildarríkisins, þar eð það aðildarríki ber ábyrgð á að skipuleggja og veita heilbrigðisþjónustu og læknishjálp, sbr. 7. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þetta á að auðvelda sjúklingnum að taka upplýsta ákvörðun og koma í veg fyrir mistúlkun og misskilning. Það á einnig að skapa fullt traust milli sjúklingsins og aðilans sem veitir heilbrigðisþjónustuna.

20) Til þess að auðvelda sjúklingum að taka upplýsta ákvörðun, þegar þeir vilja nýta sér heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki en tryggingaraðildarríkinu, skal meðferðaraðildarríkið sjá til þess að sjúklingar frá öðrum aðildarríkjum fái, samkvæmt beiðni, viðeigandi upplýsingar um öryggis- og gæðastaðla sem framfylgt er á yfirráðasvæði þess og einnig um hvaða aðilar, sem veita heilbrigðisþjónustu, heyra undir þessa staðla. Enn fremur skulu aðilar, sem veita heilbrigðisþjónustu, veita sjúklingum, samkvæmt beiðni, upplýsingar um sérstaka þætti þeirrar heilbrigðisþjónustu sem þeir veita og um meðferðarmöguleikana. Að því marki sem aðilar, sem veita heilbrigðisþjónustu, veita sjúklingum, búsettum í meðferðaraðildarríkinu, nú þegar viðeigandi upplýsingar um þessa sérstöku þætti skal þessi tilskipun ekki gera aðilum sem veita heilbrigðisþjónustu það skylt að veita sjúklingum frá öðrum aðildarríkum víðtækari upplýsingar. Ekkert skal koma í veg fyrir að meðferðaraðildarríkið geti einnig gert öðrum aðilum en þeim sem veita heilbrigðisþjónustu, s.s. vátryggjanda eða opinberum yfirvöldum, skylt að veita upplýsingar um sérstaka þætti þeirrar heilbrigðisþjónustu sem er fyrir hendi, ef það er hagkvæmara með tilliti til skipulagningar á heilbrigðiskerfi þess.

21) Í niðurstöðum sínum viðurkenndi ráðið að til væru sameiginleg gildi og meginreglur, sem væru virt alls staðar í Sambandinu, um það hvernig heilbrigðiskerfi mæta þörfum þeirra íbúa og sjúklinga sem þau þjóna. Þau alhliða gildi sem eru fólgin í algildi, aðgangi að góðri umönnun, sannsýni og samstöðu eru almennt viðurkennd í starfi hinna ýmsu stofnana Sambandsins. Aðildarríkin skulu því einnig tryggja að þessi gildi séu virt að því er varðar sjúklinga og borgara frá öðrum aðildarríkjum og að allir sjúklingar séu meðhöndlaðir af sannsýni út frá þörf þeirra fyrir heilbrigðisþjónustu fremur en á grundvelli þess í hvaða aðildarríki þeir eru tryggðir. Aðildarríkin skulu í því sambandi virða meginreglurnar um frjálsa för fólks innan innri markaðarins, um bann við mismunun, m.a. með tilliti til þjóðernis, og um að takmarkanir á frjálsri för verði að vera nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við tilefnið. Ekkert í þessari tilskipun skal þó fela í sér að aðilar sem veita heilbrigðisþjónustu séu skuldbundnir til að samþykkja að veita sjúklingum frá öðrum aðildarríkjum skipulagða meðferð eða að veita þeim forgang fram yfir aðra sjúklinga, t.d. með því að lengja bið annarra sjúklinga eftir meðferð. Aðsókn sjúklinga kann að skapa eftirspurn sem er meiri en sú geta, sem tiltekið aðildarríki hefur yfir að ráða, til að sinna tiltekinni meðferð. Í slíkum undantekningartilvikum skal aðildarríkið halda þeim möguleika að ráða bót á ástandinu á grundvelli sjónarmiða um lýðheilsu í samræmi við 52. og 62. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þessi takmörkun skal þó vera með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]).

22) Gera skal kerfisbundið og viðvarandi átak til að tryggja úrbætur á gæða- og öryggisstöðlum í samræmi við niðurstöður ráðsins og með tilliti til framfara í alþjóðlegum læknavísindum og almennt viðurkenndra góðra starfsvenja og einnig nýrrar heilbrigðistækni.

23) Mikilvægt er að tryggja skýrar, sameiginlegar skyldur með tilliti til þess að koma á tilhögun viðbragða við tjóni sem verður í heilbrigðisþjónustu, til að koma í veg fyrir að skortur á trúverðugleika tilhögunarinnar verði hindrun í vegi fyrir því að nota heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Þótt í meðferðaraðildarríkinu séu til kerfi sem taka til tjóns skal það ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkja til að rýmka gildissvið innlendra kerfa þannig að það taki til sjúklinga frá þeirra landi sem leita eftir heilbrigðisþjónustu erlendis, ef það er gagnlegra fyrir sjúklinginn.

24) Aðildarríkin skulu tryggja að fyrir heilbrigðisþjónustu, sem er veitt á yfirráðasvæði þeirra, sé til fyrirkomulag sem verndar sjúklinga og gefur kost á beitingu lagaúrræða ef tjón verður og að þetta fyrirkomulag sé í samræmi við eðli og umfang áhættunnar. Samt sem áður er það aðildarríkjanna að ákvarða eðli og tilhögun slíks fyrirkomulags.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

25) Rétturinn til verndar persónuupplýsinga er grundvallarréttur sem er viðurkenndur í 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Til að ná samfelldni í heilbrigðisþjónustu yfir landamæri er nauðsynlegt að yfirfæra persónuupplýsingar um heilsu sjúklingsins. Þessar persónuupplýsingar verður að vera hægt að senda frá einu aðildarríki til annars en jafnframt er nauðsynlegt að tryggja grundvallarréttindi einstaklinga. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]) eiga einstaklingar rétt á aðgangi að eigin persónuupplýsingum um heilsu sína, t.d. upplýsingum í sjúkraskrám á borð við sjúkdómsgreiningu, niðurstöður rannsókna, mat meðhöndlandi læknis, meðferð og inngrip. Þau ákvæði gilda einnig um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri sem fellur undir þessa tilskipun.

26) Dómstóllinn hefur staðfest með nokkrum dómum að sjúklingar eigi, sem tryggðir einstaklingar, rétt á að fá, í gegnum hið lögboðna almannatryggingakerfi, endurgreiddan kostnað við heilbrigðisþjónustu sem er veitt í öðru aðildarríki. Dómstóllinn hefur gefið það álit að ákvæði sáttmálans um frelsi til að veita þjónustu feli í sér frelsi notenda heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. einstaklinga sem þarfnast læknismeðferðar, til að fara til annars aðildarríkis í því skyni að fá meðferðina þar. Það sama skal gilda um notendur heilbrigðisþjónustu sem vilja nýta sér heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki eftir öðrum leiðum, t.d. með rafrænni heilbrigðisþjónustu.

27) Í samræmi við meginreglur Dómstólsins og án þess að stofna fjárhagslegu jafnvægi heilbrigðis- og almannatryggingakerfa aðildarríkja í hættu skal veita sjúklingum og fagfólki í heilbrigðisþjónustu, aðilum sem veita heilbrigðisþjónustu og almannatryggingastofnunum aukna réttarvissu að því er varðar endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu.

28) Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á rétt tryggðra einstaklinga til endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum við tímabundna dvöl í öðru aðildarríki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 883/2004. Þar að auki skal tilskipun þessi ekki hafa áhrif á rétt tryggðra einstaklinga til að fá leyfi fyrir meðferð í öðru aðildarríki ef þau skilyrði, sem kveðið er á um með reglugerðum Sambandsins um samræmingu almannatryggingakerfa, eru uppfyllt, einkum með reglugerð (EB) nr. 883/2004 eða reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ([2]), sem eru gildandi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1231/2010 frá 24. nóvember 2010 um að láta ákvæði reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessi ákvæði taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra ([3]) og reglugerð ráðsins (EB) nr. 859/2003 frá 14. maí 2003 um að láta ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessi ákvæði taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra ([4]).

29) Rétt er að krefjast þess að sjúklingar, sem leita eftir heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki við aðrar aðstæður en kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 883/2004, geti einnig notið góðs af meginreglunum um frjálsa för sjúklinga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa vöruflutninga í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins og þessa tilskipun. Tryggja skal sjúklingum a.m.k. jafnháa endurgreiðslu kostnaðar við þá heilbrigðisþjónustu og þeir hefðu fengið ef sama heilbrigðisþjónusta hefði verið veitt í tryggingaraðildarríkinu. Þetta skal vera í fullu samræmi við það að aðildarríkin bera ábyrgð á að ákvarða í hvaða mæli ríkisborgarar þeirra skuli njóta sjúkratrygginga án þess að það hafi marktæk áhrif á fjármögnun innlendra heilbrigðiskerfa.

30) Gagnvart sjúklingum skulu kerfin tvö vera samræmd. Annaðhvort gildir þessi tilskipun eða reglugerðir Sambandsins um samræmingu almannatryggingakerfa.

31) Ekki skal svipta sjúklinga hagstæðari réttindum sem eru tryggð með reglugerðum Sambandsins um samræmingu almannatryggingakerfa þegar skilyrði eru uppfyllt. Þess vegna skal sjúklingur, sem biður um heimild til að fá viðeigandi læknismeðferð í öðru aðildarríki, alltaf fá þá heimild með þeim skilyrðum, sem kveðið er á um í reglugerðum Sambandsins, ef umrædd meðferð er hluti af þeirri aðstoð sem kveðið er á um í löggjöf aðildarríkisins þar sem viðkomandi er búsettur og hann á ekki kost á slíkri meðferð innan tímamarka sem má réttlæta læknisfræðilega ef mið er tekið af núverandi heilsufarsástandi hans og líklegri framvindu sjúkdómsins. Ef sjúklingur fer samt sem áður sérstaklega fram á að leita sér meðferðar samkvæmt skilmálum þessarar tilskipunar skulu þær bætur, sem falla undir endurgreiðslu, takmarkast við þær sem eru gildandi samkvæmt þessari tilskipun. Ef sjúklingurinn á bæði rétt á heilbrigðisþjónustu yfir landamæri samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (EB) nr. 883/2004 og beiting þeirrar reglugerðar er hagstæðari fyrir sjúklinginn skal hann fá upplýsingar um það frá tryggingaraðildarríkinu.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([2]) Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.
([3]) Stjtíð. ESB L 344, 29.12.2010, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 1.

32) Sjúklingar skulu aldrei hafa neinn fjárhagslegan ávinning af heilbrigðisþjónustu sem er veitt í öðru aðildarríki og því skal eingöngu endurgreiða raunkostnað þeirrar heilbrigðisþjónustu sem er veitt.

33) Tilgangurinn með þessari tilskipun er ekki að skapa rétt til endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu sem er veitt í öðru aðildarríki ef slík heilbrigðisþjónusta er ekki hluti af þeirri aðstoð sem kveðið er á um í löggjöf tryggingaraðildarríkis tryggða einstaklingsins. Tilskipun þessi skal heldur ekki koma í veg fyrir að aðildarríki láti aðstoðarkerfi sín ná yfir heilbrigðisþjónustu sem er veitt í öðru aðildarríki. Með tilskipun þessari skal viðurkennt að aðildarríkjum er frjálst að skipuleggja heilbrigðisþjónustu sína og almannatryggingakerfi á þann hátt að réttur til meðferðar sé ákveðinn á svæðisvísu eða staðarvísu.

34) Tryggingaraðildarríki skulu veita sjúklingum rétt til a.m.k. sömu bóta í öðru aðildarríki og þær sem kveðið er á um í löggjöf tryggingaraðildarríkisins. Ef ekki er tilgreint nákvæmlega í skránni yfir bætur um hvaða meðferð er að ræða, en einungis eru tilgreindar tegundir meðferðar, skal tryggingaraðildarríkið ekki neita um fyrirframgefið leyfi eða endurgreiðslu af þeirri ástæðu að meðferðin sé ekki fyrir hendi á yfirráðasvæði þess heldur skal það meta hvort sú heilbrigðisþjónusta yfir landamæri, sem óskað er eftir eða veitt er, samsvarar bótum sem kveðið er á um í löggjöf þess. Sú staðreynd að skyldan til að endurgreiða kostnað við heilbrigðisþjónustu samkvæmt þessari tilskipun takmarkast við þá heilbrigðisþjónustu, sem er hluti af þeirri aðstoð sem sjúklingur á rétt á í tryggingaraðildarríki sínu, útilokar ekki að aðildarríki geti endurgreitt kostnað við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri út yfir þau mörk. Aðildarríkjum er t.d. frjálst að endurgreiða aukakostnað á borð við gistikostnað og ferðakostnað eða aukakostnað sem fatlaðir stofna til, jafnvel þótt sá kostnaður sé ekki endurgreiddur þegar heilbrigðisþjónusta er veitt á yfirráðasvæði þeirra.

35) Tilskipun þessi skal hvorki kveða á um flutning almannatryggingaréttinda milli aðildarríkja né aðra samræmingu almannatryggingakerfa. Eina markmiðið með ákvæðunum um fyrirframleyfi og endurgreiðslu vegna heilbrigðisþjónustu, sem er veitt í öðru aðildarríki, skal vera möguleikinn á frelsi til að veita sjúklingum heilbrigðisþjónustu og fjarlægja óréttmætar hindranir á því grundvallarfrelsi í tryggingaraðildarríki sjúklingsins. Tilskipun þessi skal því að öllu leyti virða mismuninn á innlendum heilbrigðiskerfum og ábyrgð aðildarríkjanna á að skipuleggja og veita heilbrigðisþjónustu og læknishjálp.

36) Tilskipun þessi skal veita sjúklingi rétt til að fá þau lyf sem heimilt er að markaðssetja í meðferðaraðildarríkinu, jafnvel þótt ekki sé leyfilegt að markaðssetja lyfið í tryggingaraðildarríkinu, ef það er nauðsynlegt til þess að hljóta árangursríka meðferð í öðru aðildarríki. Tryggingaraðildarríkinu skal ekki vera skylt að endurgreiða tryggðum einstaklingi lyf, sem ávísað er á í meðferðaraðildarríkinu, ef það lyf er ekki hluti af þeirri aðstoð sem sá tryggði einstaklingur fær frá lögboðnu almannatryggingakerfi eða innlendu almannatryggingakerfi tryggingaraðildarríkisins.

37) Aðildarríkin geta haldið almennum skilyrðum, viðmiðunum um aðstoðarhæfi, formsatriðum á sviði löggjafar og stjórnsýslu að því er varðar notkun heilbrigðisþjónustu og endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu, s.s. kröfunni um að ráðfæra sig við heimilislækni áður en leitað er til sérfræðings eða fengin er aðhlynning á sjúkrahúsi, einnig í tengslum við sjúklinga sem leita eftir heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki, að því tilskildu að slík skilyrði séu nauðsynleg, í samræmi við tilefnið, ekki að eigin ákvörðun og án mismununar. Þetta getur falið í sér mat fagmanns eða stjórnanda í heilbrigðisþjónustu, sem veitir lögboðnu almannatryggingakerfi eða innlendu kerfi tryggingaraðildarríkisins þjónustu, t.d. heimilislæknis eða heilsugæslulæknis, sem sjúklingurinn er skráður hjá, ef slíkt mat er nauðsynlegt til þess að ákveða að hve miklu leyti einstakir sjúklingar eiga rétt á heilbrigðisþjónustu. Því er rétt að krefjast þess að þessum almennu skilyrðum, viðmiðunum og formsatriðum sé beitt á hlutlægan, gagnsæjan hátt og án mismununar og að vitað sé um þau fyrir fram, einkum út frá læknisfræðilegu sjónarmiði, og að þau leggi ekki auknar byrðar á sjúklinga sem leita eftir heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki í samanburði við sjúklinga sem hljóta meðferð í tryggingaraðildarríki sínu og að ákvarðanir séu teknar eins fljótt og hægt er. Þetta skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkja til að mæla fyrir um viðmiðanir og skilyrði fyrir veitingu fyrirframleyfis vilji sjúklingar nýta sér heilbrigðisþjónustu í tryggingaraðildarríki sínu.

38) Með tilliti til dómaframkvæmdar Dómstólsins er krafan um fyrirframleyfi í tengslum við endurgreiðslu frá lögboðna almannatryggingakerfinu eða innlenda heilbrigðiskerfinu á kostnaði við heilbrigðisþjónustu, sem er veitt í öðru aðildarríki, takmörkun á frjálsri þjónustustarfsemi. Tryggingaraðildarríkið skal því að meginreglu til ekki krefjast fyrirframleyfis fyrir endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu sem er veitt í öðru aðildarríki, ef kostnaður við þá umönnun hefði fallið á lögboðna almannatryggingakerfið eða innlenda heilbrigðiskerfið, hefði hún verið veitt á yfirráðasvæði þess.

39) Straumur sjúklinga milli aðildarríkja er takmarkaður og reiknað er með að svo verði áfram þar eð mikill meirihluti sjúklinga í Sambandinu fær heilbrigðisþjónustu í sínu eigin landi og kýs það öðru fremur. Við tilteknar aðstæður geta sjúklingar þó nýtt

sér sumar tegundir heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki. Það á t.d. við um mjög sérhæfða umönnun eða heilbrigðisþjónustu sem er veitt á landamærasvæðum þar sem næsta viðeigandi aðstaða er hinum megin við landamærin. Enn fremur geta sumir sjúklingar óskað eftir að fá meðferð erlendis til að geta verið nálægt aðstandendum sínum sem eru búsettir í öðru aðildarríki eða til að hafa aðgang að annars konar meðferð en þeirri sem er veitt í tyggingaraðildarríkinu eða af því að þeir telja sig munu fá betri meðferð í öðru aðildarríki.

40) Samkvæmt fastri dómaframkvæmd Dómstólsins getur aðildarríki krafist fyrirframleyfis frá innlendu kerfi fyrir endurgreiðslu kostnaðar við umönnun á sjúkrahúsi í öðru aðildarríki. Dómstóllinn hefur úrskurðað að þessi krafa sé bæði nauðsynleg og sanngjörn af því að til að geta fullnægt mismunandi þörfum verður að vera unnt að skipuleggja fjölda sjúkrahúsa, landfræðilega dreifingu þeirra, skipulag, tækjakost og jafnvel tegund þeirrar læknisþjónustu sem þau geta veitt. Dómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að með slíkri skipulagningu sé reynt að tryggja að í viðkomandi aðildarríki sé nægur og viðvarandi aðgangur að jöfnu framboði sjúkrahússmeðferðar í háum gæðaflokki. Þar að auki stuðlar hún að viðleitni til að hafa stjórn á kostnaði og, að svo miklu leyti sem unnt er, koma í veg fyrir sóun á fjármagni, tækni og mannauði. Samkvæmt Dómstólnum er slík sóun enn skaðlegri vegna þess að almennt er viðurkennt að sjúkrahúsageirinn feli í sér umtalsverðan kostnað og verði að fullnægja vaxandi þörf á sama tíma og það fjármagn sem heilbrigðisþjónustan fær til ráðstöfunar er ekki ótakmarkað, sama hvaða fjármögnunaraðferð er notuð.

41) Sami rökstuðningur á við um heilbrigðisþjónustu sem er ekki veitt á sjúkrahúsi en fellur undir samsvarandi skipulagsþörf í meðferðaraðildarríkinu. Þetta kann að vera heilbrigðisþjónusta sem þarfnast skipulagningar vegna þess að hún felur í sér notkun mjög sérhæfðs og kostnaðarsams grunnvirkis eða búnaðar til lækninga. Í ljósi tækniframfara, þróunar nýrra meðferðarúrræða og mismunandi stefnumiða aðildarríkjanna varðandi hlutverk sjúkrahúsa innan heilbrigðiskerfa er ákvörðun um það hvort þörf er á skipulagningu ekki undir því komin hvort þessi tegund heilbrigðisþjónustu er veitt á sjúkrahúsi eða á göngudeild.

42) Þar eð aðildarríkin bera ábyrgð á að mæla fyrir um reglur um stjórnun, kröfur, gæða- og öryggisstaðla og skipulagningu og veitingu heilbrigðisþjónustu, og þar eð þörfin á skipulagningu er mismunandi frá einu aðildarríki til annars, skal það vera aðildarríkjanna að ákveða hvort þörf er á að innleiða kerfi fyrirframleyfa og, ef svo er, að skilgreina hvaða heilbrigðisþjónusta er háð fyrirframleyfi í þeirra kerfi í samræmi við viðmiðanir þessarar tilskipunar og í ljósi dómaframkvæmdar Dómstólsins. Upplýsingar um þessa heilbrigðisþjónustu skulu vera aðgengilegar öllum fyrir fram.

43) Viðmiðanir, sem farið er eftir við veitingu fyrirframleyfis, ber að réttlæta með brýnum almannahagsmunum, sem geta réttlætt hömlur á frelsi til að veita heilbrigðisþjónustu, s.s. skipulagskröfum í tengslum við markmiðið um að tryggja að í viðkomandi aðildarríki sé fullnægjandi og varanlegur aðgangur að jöfnu framboði meðferðar í háum gæðaflokki eða markmiðið um að hafa stjórn á kostnaði og eftir því sem unnt er að komast hjá sóun á fjármagni, tækni og mannauði. Dómstóllinn hefur bent á nokkur möguleg umhugsunarefni sem skipta miklu fyrir lýðheilsu og jafnvel lífslíkur íbúanna: hættuna á að raska alvarlega fjárhagslegu jafnvægi almannatryggingakerfa, markmiðið um að viðhalda, með tilliti til lýðheilsu, jöfnu framboði á læknis- og sjúkrahúsþjónustu fyrir alla og markmiðið um að halda meðferðargetu eða læknisfræðilegri hæfni innan innlendra yfirráðasvæða. Við stjórnun á kerfi fyrirframleyfa skiptir einnig miklu að taka tillit til almennu meginreglunnar um að tryggja öryggi sjúklingsins innan geira sem er þekktur fyrir ósamhverfar upplýsingar. Á hinn bóginn má ekki rökstyðja neitun um fyrirframleyfi með því að á innlendu yfirráðasvæði séu biðlistar, sem eiga að gera kleift að skipuleggja og stjórna framboði sjúkrahúsþjónustu á grundvelli almennrar, klínískrar forgangsröðunar sem er ákveðin fyrirfram, án þess að fram hafi farið hlutlægt læknisfræðilegt mat.

44) Samkvæmt fastri dómaframkvæmd Dómstólsins skulu viðmiðanir við að veita eða neita um fyrirframleyfi takmarkast við það sem er nauðsynlegt og hóflegt í ljósi þessara brýnu almannahagsmuna. Því skal veitt eftirtekt að áhrif af hreyfanleika sjúklinga á innlend heilbrigðiskerfi kunna að vera mismikil í aðildarríkjum eða á svæðum innan aðildarríkis, allt eftir þáttum á borð við landfræðilega staðsetningu, tungumálaörðugleika, staðsetningu sjúkrahúsa á landamærasvæðum eða mannfjölda og fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu. Það er því aðildarríkjanna að ákveða viðmiðanir fyrir neitun fyrirframleyfis, sem eru nauðsynlegar og hóflegar í því sérstaka samhengi, og einnig með tilliti til þess hvaða heilbrigðisþjónusta fellur undir gildissvið kerfis fyrirframleyfa, þar eð útstreymi sjúklinga, jafnvel þó takmarkað sé, hefur frekar áhrif á tilteknar, mjög sérhæfðar meðferðir en aðrar. Þar af leiðandi skulu aðildarríkin geta ákveðið mismunandi viðmiðanir fyrir mismunandi svæði eða önnur viðeigandi stjórnsýslustig innan skipulags heilbrigðisþjónustu, eða jafnvel fyrir mismunandi meðferðir, svo fremi kerfið sé gagnsætt og aðgengilegt og að viðmiðanirnar séu birtar fyrir fram.

45) Ef sjúklingur á rétt á heilbrigðisþjónustu, sem ekki er hægt að veita innan tímamarka sem má réttlæta læknisfræðilega, skal tryggingaraðildarríkinu að meginreglu til vera skylt að veita fyrirframleyfi. Við tilteknar aðstæður getur heilbrigðisþjónusta yfir landamæri stofnað sjúklingi eða almenningi í hættu sem vegur þyngra en hagur hans af því að fá þá heilbrigðisþjónustu yfir landamæri sem óskað er eftir. Við slíkar aðstæður verður tryggingaraðildarríkið að geta neitað beiðni um fyrirframleyfi og bent sjúklingnum á aðrar lausnir.

46) Ef aðildarríki ákveður að koma á fót kerfi fyrirframleyfa til endurgreiðslu kostnaðar við umönnun á sjúkrahúsi eða sérhæfða umönnun, sem er veitt í öðru aðildarríki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, skal tryggingaraðildarríkið einnig endurgreiða kostnað við slíka umönnun að þeirri fjárhæð sem hefði verið endurgreidd ef sama heilbrigðisþjónusta hefði verið veitt í tryggingaraðildarríkinu, án þess að fara yfir raunkostnað við heilbrigðisþjónustuna sem var veitt. Ef skilyrðin í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 eða reglugerð (EB) nr. 883/2004 eru uppfyllt skal veita heimildina og greiða bæturnar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 883/2004 nema sjúklingurinn fari fram á annað. Þetta skal einkum gilda ef leyfi er veitt að lokinni stjórnsýslulegri endurskoðun eða endurskoðun dómstóla á beiðninni og hlutaðeigandi einstaklingur hefur hlotið meðferð í öðru aðildarríki. Í því tilviki skulu 7. og 8. gr. þessarar tilskipunar ekki gilda. Þetta er í samræmi við dómaframkvæmd Dómstólsins en samkvæmt henni eiga sjúklingar, sem fá neitun um fyrirframleyfi, rétt á að fá kostnað við meðferð, veittri í öðru aðildarríki, endurgreiddan að öllu leyti samkvæmt ákvæðum löggjafar í meðferðaraðildarríkinu ef síðar kemur í ljós að neitunin er órökstudd.

47) Verklagsreglur aðildarríkjanna um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri skulu tryggja sjúklingum hlutlægni, bann við mismunun og gagnsæi, á þann hátt að ákvarðanir innlendra yfirvalda séu teknar í tæka tíð og með tilhlýðilegu tilliti bæði til þessara almennu grundvallarreglna og aðstæðna í hverju tilviki. Þetta skal einnig gilda um raunverulega endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu sem stofnað er til í öðru aðildarríki eftir að sjúklingur hefur hlotið meðferð. Rétt er að við eðlilegar aðstæður eigi sjúklingar rétt á að ákvarðanir um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri séu teknar innan hæfilegs tíma. Þó ber að stytta þann tíma ef mikið liggur á viðkomandi meðferð.

48) Nauðsynlegt er að hafa viðeigandi upplýsingar um alla mikilvæga þætti heilbrigðisþjónustu yfir landamæri eigi sjúklingar í raun og veru að geta nýtt sér réttinn til heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Að því er varðar heilbrigðisþjónustu yfir landamæri er ein aðferðin við að veita slíkar upplýsingar að koma á innlendum tengiliðum í hverju aðildarríki. Tilgreina skal þær upplýsingar sem skylt er að veita sjúklingum. Innlendu tengiliðirnir geta þó sjálfviljugir veitt meiri upplýsingar og einnig með stuðningi frá framkvæmdastjórninni. Innlendir tengiliðir skulu veita sjúklingum upplýsingar á einhverju opinberu tungumáli í því aðildarríki þar sem tengiliðirnir eru. Heimilt er að veita upplýsingar á hvaða öðru tungumáli sem er.

49) Aðildarríkin skulu taka ákvörðun um tengiliði sína og fjölda þeirra. Slíkir innlendir tengiliðir geta einnig verið hluti af eða byggt á starfsemi fyrirliggjandi upplýsingamiðstöðva, að því tilskildu að ljóst sé að þeir séu einnig innlendir tengiliðir fyrir heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Stofna skal innlenda tengiliði á skilvirkan og gagnsæjan hátt og þeir skulu vera færir um að hafa samráð við samtök sjúklinga, sjúkratryggingafélög og aðila sem veita heilbrigðisþjónustu. Innlendu tengiliðirnir skulu hafa viðeigandi aðstöðu til að veita upplýsingar um helstu þætti heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Framkvæmdastjórnin skal vinna með aðildarríkjunum að því að auðvelda samstarf varðandi innlenda tengiliði fyrir heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, þ.m.t. að koma viðeigandi upplýsingum á framfæri á vettvangi Evrópusambandsins. Stofnun innlendra tengiliða skal ekki útiloka að aðildarríkin stofni aðra innbyrðis tengda tengiliði á svæðisvísu eða staðarvísu til að endurspegla hvernig heilbrigðiskerfi þeirra eru skipulögð.

50) Aðildarríkin skulu auðvelda samstarf milli aðila sem veita heilbrigðisþjónustu, kaupenda og eftirlitsaðila í mismunandi aðildarríkjum á landsvísu, svæðisvísu og staðarvísu til að tryggja örugga og skilvirka heilbrigðisþjónustu yfir landamæri í háum gæðaflokki. Þetta getur verið sérlega mikilvægt á landamærasvæðum þar sem þjónusta yfir landamæri kann að vera skilvirkasta leiðin til að skipuleggja heilbrigðisþjónustu íbúanna en þar sem eingöngu er hægt að veita slíka þjónustu yfir landamæri á varanlegum grunni með samstarfi milli heilbrigðiskerfa í mismunandi aðildarríkjum. Samstarfið getur varðað sameiginlega skipulagningu, gagnkvæma viðurkenningu eða aðlögun á verklagsreglum eða stöðlum, rekstrarsamhæfi viðkomandi innlendra upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa (hér á eftir nefnd „upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi“), hentuga tilhögun til að tryggja samfellda umönnun eða hentugt fyrirkomulag sem auðveldar fagfólki í heilbrigðisþjónustu að veita tímabundna eða tilfallandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ([1]) er mælt fyrir um að með fyrirvara um sértæk ákvæði í lögum Sambandsins megi ekki takmarka frjálsa þjónustustarfsemi sem er veitt tímabundið eða óreglubundið, þ.m.t. þjónustu fagfólks í

([1]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

heilbrigðisþjónustu, í öðru aðildarríki af ástæðum er tengjast faglegri menntun og hæfi. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á tilskipun 2005/36/EB.

51) Framkvæmdastjórnin skal hvetja til samstarfs milli aðildarríkja á sviðum, sem eru tilgreind í IV. kafla þessarar tilskipunar, og getur, í samræmi við 2. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, tekið viðeigandi frumkvæði til að auðvelda og stuðla að slíku samstarfi í nánum tengslum við aðildarríkin. Framkvæmdastjórnin skal í því samhengi hvetja til samstarfs um veitingu heilbrigðisþjónustu yfir landamæri á svæðisvísu og staðarvísu, einkum með því að greina meiri háttar hindranir á samstarfi milli aðila sem veita heilbrigðisþjónustu á landamærasvæðum og með því að setja fram tilmæli og miðla upplýsingum og bestu starfsvenjum varðandi það hvernig hægt sé að yfirstíga slíkar hindranir.

52) Tryggingaraðildarríkið kann að þurfa staðfestingu þess efnis að heilbrigðisþjónusta yfir landamæri verði eða hafi verið veitt af fagmanni í heilbrigðisþjónustu sem stundar starf sitt löglega. Því skal sjá til þess að upplýsingum um rétt til að starfa, sem fyrirfinnast í innlendum skrám eða skrám sveitarfélaga yfir fagfólk í heilbrigðisþjónustu séu þær fyrir hendi í meðferðaraðildarríkinu, sé, samkvæmt beiðni, komið á framfæri við yfirvöld í tryggingaraðildarríkinu.

53) Ef ávísað er í aðildarríki lyfi, sem leyft er í því ríki, á nafn sjúklings af einstaklingi, sem leggur stund á lögverndaða heilbrigðisstarfsgrein í skilningi tilskipunar 2005/36/EB, skal að meginreglu til vera unnt að viðurkenna slíka lyfseðla læknisfræðilega og afgreiða lyfið í öðru aðildarríki þar sem lyfið er leyft. Ef fjarlægðar eru lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir á slíkri viðurkenningu skal það ekki hafa áhrif á þörfina fyrir viðeigandi samþykki meðhöndlandi læknis sjúklingsins eða lyfjafræðings í sérhverju tilviki, ef það er réttlætt með tilliti til þess að vernda heilsu manna og er nauðsynlegt og í réttu hlutfalli við það markmið. Viðurkenning á lyfseðlum frá öðrum aðildarríkjum skal ekki hafa áhrif á neina starfsbundna eða siðferðislega skyldu lyfjafræðingsins til að neita að afgreiða lyfseðilinn. Þrátt fyrir slíka læknisfræðilega viðurkenningu getur tryggingaraðildarríkið tekið ákvörðun um að slík lyf séu meðal bóta sem falla undir það almannatryggingakerfi sem sjúklingurinn á aðild að. Enn fremur skal veita því eftirtekt að endurgreiðsla lyfjakostnaðar fellur ekki undir reglurnar um gagnkvæma viðurkenningu á lyfseðlum heldur fellur undir almennar reglur um endurgreiðslu á heilbrigðisþjónustu yfir landamæri í III. kafla þessarar tilskipunar. Auðveldara er að taka upp meginregluna um viðurkenningu ef samþykktar eru nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi sjúklings og koma í veg fyrir misnotkun eða ranga notkun lyfja. Meðal þessara ráðstafana skal vera að samþykkja skrá, sem er ekki tæmandi, yfir upplýsingar sem eiga að vera á lyfseðlum. Ekkert skal koma í veg fyrir að aðildarríkin hafi ítarlegri upplýsingar á lyfseðlum sínum, svo framarlega sem það kemur ekki í veg fyrir að lyfseðlar frá öðrum aðildarríkjum, sem innihalda upplýsingarnar í sameiginlegu skránni, séu viðurkenndir. Viðurkenning á lyfseðlum skal einnig gilda um lækningatæki sem eru sett á markað með löglegum hætti í aðildarríkinu þar sem tækið verður afgreitt.

54) Framkvæmdastjórnin skal styðja áframhaldandi þróun evrópskra viðmiðunarneta milli aðila sem veita heilbrigðisþjónustu og miðstöðva sérþekkingar í aðildarríkjunum. Evrópsk viðmiðunarnet geta bætt aðgang að greiningu og heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki fyrir alla sjúklinga með sjúkdóma sem kalla á sérstaka samsöfnun tilfanga eða sérfræðiþekkingar og þau geta einnig verið miðstöð fyrir nám og rannsóknir í læknisfræði, miðlun upplýsinga og mat, einkum þegar um sjaldgæfa sjúkdóma er að ræða. Tilskipun þessi á því vera aðildarríkjunum hvatning til að styrkja áframhaldandi þróun evrópskra viðmiðunarneta. Evrópsk viðmiðunarnet byggjast á sjálfviljugri þátttöku félaga en framkvæmdastjórnin skal þróa viðmiðanir og skilyrði sem netkerfin verða að uppfylla til að fá stuðning frá framkvæmdastjórninni.

55) Sjaldgæfir sjúkdómar eru þeir sjúkdómar sem hrjá mest fimm af hverjum 10 000 einstaklingum, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 frá 16. desember 1999 um lyf við fátíðum sjúkdómum ([1]), og þeir eru allir alvarlegir, langvinnir og oft lífshættulegir. Sumir sjúklingar með sjaldgæfa sjúkdóma mæta erfiðleikum í leit að greiningu og meðferð sem getur aukið lífsgæði og lífslíkur þeirra, erfiðleikum sem einnig eru viðurkenndir með tilmælum ráðsins frá 8. júní 2009 um aðgerðir á sviði sjaldgæfra sjúkdóma ([2]).

56) Tækniþróun í tengslum við veitingu heilbrigðisþjónustu yfir landamæri með notkun upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa kann að leiða til þess að eftirlitsheimildir aðildarríkjanna séu óskýrar og hindri þannig frjálsan flutning heilbrigðisþjónustu og stofni heilsuvernd mögulega í frekari hættu. Innan Sambandsins eru notuð afar ólík og ósamrýmanleg snið og staðlar við veitingu heilbrigðisþjónustu með notkun upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa og það skapar hindranir á þessari aðferð við veitingu heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og mögulega hættu með tilliti til heilsuverndar. Því er nauðsynlegt að aðildarríkin stefni að rekstrarsamhæfi upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa. Upptaka upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa á sviði heilbrigðis fellur þó algjörlega undir innlent valdsvið. Með þessari tilskipun skal því viðurkenna mikilvægi rekstrarsamhæfis og virða skiptingu valdsviða með því að kveða á um að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vinni saman að mótun ráðstafana, sem eru ekki lagalega bindandi en sem innihalda fleiri tæki, sem eru aðildarríkjunum til taks, til þess að auðvelda aukið rekstrarsamhæfi upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa á sviði

([1]) Stjtíð. EB L 18, 22.1.2000, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 151, 3.7.2009, bls. 7.

heilbrigðisþjónustu og auðvelda sjúklingum aðgang að rafrænum hugbúnaði fyrir heilbrigðisþjónustu um leið og aðildarríki ákveða að taka hann upp.

57) Tryggja skal rekstrarsamhæfi lausna fyrir rafræna heilbrigðisþjónustu, jafnframt því að taka tillit til innlendra reglugerða um veitingu heilbrigðisþjónustu, sem eru samþykktar til verndar sjúklingi, þ.m.t. löggjöf um lyfsölu á Netinu, einkum innlend bönn við póstpöntun á lyfseðilsskyldum lyfjum að því marki sem þau samrýmast dómaframkvæmd Dómstólsins og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum ([2]).

58) Stöðugar framfarir í læknavísindum og heilbrigðistækni fela í sér bæði tækifæri og krefjandi verkefni fyrir heilbrigðiskerfi aðildarríkjanna. Samstarf við mat á nýrri heilbrigðistækni getur gagnast aðildarríkjunum með stærðarhagkvæmni og með því að komast hjá tvíverknaði og jafnframt verið góður heimildagrunnur fyrir hámarksnýtingu nýrrar tækniþekkingar til að tryggja örugga og skilvirka heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki. Slíkt samstarf krefst langtímaskipulags, sem tekur til allra viðeigandi yfirvalda aðildarríkjanna, þar sem byggt er á fyrirliggjandi tilraunaverkefnum og samráði við breiðan hóp hagsmunaaðila. Tilskipun þessi skal því vera grundvöllur áframhaldandi stuðnings Sambandsins við slíkt samstarf.

59) Samkvæmt 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal mæla fyrir fram fyrir um reglur og almennar meginreglur um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu í reglugerð sem samþykkt er í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Þar til þessi nýja reglugerð verður samþykkt gildir ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([3]) áfram að undanskilinni reglunefndarmeðferðinni með grannskoðun, sem gildir ekki.

60) Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir að því er varðar ráðstafanir sem myndu undanskilja sérstaka flokka lyfja eða lækningatækja frá þeirri viðurkenningu á lyfseðlum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Til að hægt sé að ákvarða hvaða tilvísunarnet skuli njóta góðs af stuðningi framkvæmdastjórnarinnar skal framkvæmdastjórnin einnig hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir að því er varðar viðmiðanir og skilyrði sem evrópsk viðmiðunarnet verða að uppfylla.

61) Einkum er mikilvægt að þegar framkvæmdastjórnin hefur fengið umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, hafi hún viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

62) Í samræmi við 34. lið samstarfssamnings milli stofnana um betri lagasetningu ([4]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem unnt er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

63) Evrópska persónuverndarstofnunin hefur einnig gefið álit um tillöguna að þessari tilskipun ([5]).

64) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að kveða á um reglur til að auðvelda aðgang að öruggri heilbrigðisþjónustu yfir landamæri í háum gæðaflokki innan Sambandsins, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðirnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari tilskipun er kveðið á um reglur til að auðvelda aðgang að öruggri heilbrigðisþjónustu yfir landamæri í háum gæðaflokki og efla samstarf um heilbrigðisþjónustu milli aðildarríkjanna, með fullu tilliti til innlendra valdsviða við skipulagningu og veitingu heilbrigðisþjónustu. Einnig er stefnt að því að skýra tengsl þessarar tilskipunar við fyrirliggjandi umgerð um samræmingu almannatryggingakerfa, reglugerð (EB) nr. 883/2004, með tilliti til réttinda sjúklinga.

([1]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([4]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB C 128, 6.6.2009, bls. 20.

2. Tilskipun þessi skal gilda um að veita sjúklingum heilbrigðisþjónustu, án tillits til þess hvernig hún er skipulögð, veitt og fjármögnuð.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) þjónustu á sviði langtímaumönnunar sem hefur þann tilgang að styðja þá sem þarfnast aðstoðar við venjubundin, dagleg verk,

b) ráðstöfun líffæra og aðgengi að þeim til líffæraflutninga,

c) opinberar áætlanir um bólusetningu gegn smitsjúkdómum, sem eingöngu miða að því að vernda heilbrigði almennings á yfirráðasvæði aðildarríkis og falla undir sértækar skipulags- og framkvæmdarráðstafanir, að undanskildum ákvæðum IV. kafla.

4. Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á lög og reglur í aðildarríkjunum um skipulagningu og fjármögnun heilbrigðisþjónustu sem ekki varðar heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Sér í lagi skal ekkert í þessari tilskipun skylda aðildarríki til þess að endurgreiða kostnað við heilbrigðisþjónustu sem aðilar veita, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þess, ef þeir tilheyra ekki almannatryggingakerfi eða heilbrigðiskerfi þess aðildarríkis.

2. gr.

Tengsl við aðra gerninga Bandalagsins

Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um:

a) tilskipun ráðsins 89/105/EBE frá 21. desember 1988 um gagnsæjar ráðstafanir er varða verðlagningu lyfja sem ætluð eru mönnum og þátttöku innlendra sjúkratrygginga í greiðslu þeirra ([1]),

b) tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ([2]), tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([3]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi ([4]),

c) tilskipun 95/46/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta ([5]),

d) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu ([6]),

e) tilskipun 2000/31/EB,

f) tilskipun ráðsins 2000/43/EB frá 29. júní 2000 um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis ([7]),

g) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB frá 4. apríl 2001 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um góðar, klínískar starfsvenjur við framkvæmd klínískra prófana á lyfjum sem ætluð eru mönnum ([8]),

h) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([9]),

i) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum ([10]),

j) reglugerð (EB) nr. 859/2003,

k) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB frá 31. mars 2004 um setningu gæða- og öryggiskrafna um gjöf, öflun, prófun, vinnslu, varðveislu, geymslu og dreifingu vefja og frumna úr mönnum ([11]),

l) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu ([12]),

m) reglugerð (EB) nr. 883/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([13]),

n) tilskipun 2005/36/EB,

o) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1082/2006 frá 5. júlí 2006 um Evrópuhóp um svæðasamvinnu ([14]),

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 8.
([2]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.
([3]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.
([6]) Stjtíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 180, 19.7.2000, bls. 22.
([8]) Stjtíð. EB L 121, 1.5.2001, bls. 34.
([9]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.
([10]) Stjtíð. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 30.
([11]) Stjtíð. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 48.
([12]) Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.
([13]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.
([14]) Stjtíð. ESB L 210, 31.7.2006, bls. 19.

p) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað ([1]),

q) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) ([2]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 864/2007 frá 11. júlí 2007 um lög sem gilda um skyldur utan samninga (Róm II) ([3]) og aðrar reglur Sambandsins um alþjóðlegan einkamálarétt, einkum reglur um dómsvald dómstóla og gildandi lög,

r) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur um gæði og öryggi líffæra úr mönnum til líffæraflutninga ([4]),

s) reglugerð (ESB) nr. 1231/2010.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „heilbrigðisþjónusta“: þjónusta sem fagfólk í heilbrigðisþjónustu veitir sjúklingum í því skyni að meta, viðhalda eða endurheimta heilsu þeirra, þ.m.t. að ávísa lyfjum, skammta þau og afgreiða lyf og lækningatæki,

b) „tryggður einstaklingur“:

i. einstaklingar, þ.m.t. aðstandendur og eftirlifendur þeirra, sem falla undir 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og eru tryggðir einstaklingar í skilningi c-liðar 1. gr. þeirrar reglugerðar, og

ii. ríkisborgarar þriðju landa sem falla undir reglugerð (EB) nr. 859/2003 eða reglugerð (ESB) nr. 1231/2010 eða uppfylla skilyrði í löggjöf tryggingaraðildarríkisins um rétt til bóta,

c) „tryggingaraðildarríki“:

i. að því er varðar einstaklinga, sem um getur í i. lið b-liðar, það aðildarríki sem er til þess bært að veita tryggðum einstaklingi fyrirframleyfi fyrir viðeigandi læknismeðferð utan búsetuaðildarríkis samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009,

ii. að því er varðar einstaklinga, sem um getur í ii. lið b-liðar, það aðildarríki sem er til þess bært að veita tryggðum einstaklingi fyrirframleyfi fyrir viðeigandi læknismeðferð í öðru aðildarríki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 859/2003 eða reglugerð (ESB) nr. 1231/2010. Ef ekkert aðildarríki er valdbært samkvæmt þessum reglugerðum skal tryggingaraðildarríkið vera það aðildarríki þar sem einstaklingurinn er tryggður eða á rétt á sjúkrabótum samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis,

d) „meðferðaraðildarríki“: það aðildarríki þar sem heilbrigðisþjónusta er í raun veitt sjúklingnum. Þegar um fjarlækningar er að ræða telst heilbrigðisþjónusta vera veitt í því aðildarríki þar sem aðilinn, sem veitir heilbrigðisþjónustu, hefur staðfestu,

e) „heilbrigðisþjónusta yfir landamæri“: heilbrigðisþjónusta sem er veitt eða ráðlögð í öðru aðildarríki en tryggingaraðildarríkinu,

f) „fagfólk í heilbrigðisþjónustu“: læknir, hjúkrunarfræðingur í almennri hjúkrun, tannlæknir, ljósmóðir eða lyfjafræðingur í skilningi tilskipunar 2005/36/EB eða annað fagfólk sem leggur stund á starfsemi í heilbrigðisgeiranum sem er takmörkuð við lögverndaða starfgrein, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/36/EB, eða einstaklingur sem telst til fagfólks í heilbrigðisþjónustu samkvæmt löggjöf í meðferðaraðildarríkinu,

g) „aðili sem veitir heilbrigðisþjónustu“: einstaklingur, lögaðili eða önnur eining sem löglega veitir heilbrigðisþjónustu á yfirráðasvæði aðildarríkis,

h) „sjúklingur“: einstaklingur sem leitar eftir eða fær heilbrigðisþjónustu í aðildarríki,

i) „lyf“: lyf eins og það er skilgreint í tilskipun 2001/83/EB,

j) „lækningatæki“: lækningatæki eins og það er skilgreint í tilskipun 90/385/EBE, tilskipun 93/42/EBE eða tilskipun 98/79/EB,

k) „lyfseðill“: lyfseðill fyrir lyfi eða lækningatæki sem aðili gefur út, sem tilheyrir lögverndaðri starfsgrein innan heilbrigðisþjónustu, í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/36/EB, og sem hefur til þess lagalegan rétt í aðildarríkinu þar sem lyfseðillinn er gefinn út,

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70.
([2]) Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6.
([3]) Stjtíð. ESB L 199, 31.7.2007, bls. 40.
([4]) Stjtíð. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 14.

l) „heilbrigðistækni“: lyf, lækningatæki, læknisaðgerðir eða skurðaðgerðir auk ráðstafana til sóttvarna, greiningar eða meðferðar í tengslum við heilbrigðisþjónustu,

m) „sjúkraskrár“: öll skjöl sem innihalda gögn, mat og upplýsingar af hvaða tagi sem er um ástand sjúklings og klíníska þróun á öllu umönnunarferlinu.

II. KAFLI

ÁBYRGÐARSVIÐ AÐILDARRÍKJANNA MEÐ TILLITI TIL HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU YFIR LANDAMÆRI

4. gr.

Ábyrgðarsvið aðildarríkjanna

1. Með tilliti til meginreglnanna um algildi, aðgangi að umönnun í háum gæðaflokki, sannsýni og samstöðu skal veita heilbrigðisþjónustu yfir landamæri í samræmi við:

a) löggjöf meðferðaraðildarríkis,

b) staðla og viðmiðunarreglur um gæði og öryggi sem mælt er fyrir um í meðferðaraðildarríkinu og

c) löggjöf Sambandsins um öryggisstaðla.

2. Meðferðaraðildarríkið skal sjá til þess:

a) að samkvæmt beiðni fái sjúklingar frá innlendum tengilið, sem um getur í 6. gr., viðeigandi upplýsingar um staðla og viðmiðunarreglur, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. ákvæði um eftirlit með og mat á aðilum sem veita heilbrigðisþjónustu, upplýsingar um hvaða aðilar, sem veita heilbrigðisþjónustu, falla undir þessa staðla og viðmiðunarreglur og upplýsingar um aðgengi fatlaðra sjúklinga að sjúkrahúsum,

b) að aðilar, sem veita heilbrigðisþjónustu, veiti viðeigandi upplýsingar sem auðvelda sjúklingum að taka upplýsta ákvörðun, þ.m.t. um meðferðarmöguleika og um framboð, gæði og öryggi þeirrar heilbrigðisþjónustu sem þeir veita í meðferðaraðildarríkinu, og að þeir afhendi reikninga sem eru skýrir og skýrar upplýsingar um verð, einnig um starfsleyfi eða skráningu, tryggingavernd eða aðrar aðferðir við einstaklingsbundna eða sameiginlega vernd með tilliti til starfsábyrgðartryggingar. Að því marki sem aðilar, sem veita heilbrigðisþjónustu, veita sjúklingum, búsettum í meðferðaraðildarríkinu, nú þegar viðeigandi upplýsingar um þessi atriði skal þessi tilskipun ekki gera aðilum sem veita heilbrigðisþjónustu það skylt að veita sjúklingum frá öðrum aðildarríkum víðtækari upplýsingar,

c) að til sé gagnsætt kvörtunarfyrirkomulag og fyrirkomulag sem gerir sjúklingum kleift að nýta sér lagaúrræði í samræmi við löggjöf meðferðaraðildarríkis ef þeir bíða tjón af heilbrigðisþjónustu sem þeir fá,

d) að með tilliti til meðferðar, sem er veitt á yfirráðasvæði þess, sé fyrir hendi kerfi starfsábyrgðartryggingar eða ábyrgð eða svipað fyrirkomulag sem er jafngilt eða að mestu leyti sambærilegt að því er varðar tilganginn og sem hæfir eðli og umfangi áhættunnar,

e) að grundvallarréttur til friðhelgi einkalífs að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga sé verndaður í samræmi við innlendar ráðstafanir til framkvæmdar lagaákvæðum Sambandsins um vernd persónuupplýsinga, einkum tilskipunum 95/46/EB og 2002/58/EB,

f) að til að tryggja samfellda umönnun eigi sjúklingar, sem hafa fengið meðferð, rétt á skriflegri eða rafrænni sjúkraskrá um viðkomandi meðferð og aðgang að a.m.k. afriti af þessari skrá í samræmi við og með fyrirvara um innlendar ráðstafanir til framkvæmdar lagaákvæðum Sambandsins um vernd persónuupplýsinga, einkum tilskipunum 95/46/EB og 2002/58/EB.

3. Gagnvart sjúklingum frá öðrum aðildarríkjum skal beita meginreglunni um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis.

Þetta skal ekki hafa áhrif á möguleika meðferðaraðildarríkisins til að samþykkja ráðstafanir varðandi aðgang að meðferð sem miða að því að uppfylla þá grundvallarskyldu að tryggja nægan og viðvarandi aðgang að heilbrigðisþjónustu á eigin yfirráðasvæði, sé það réttlætt með brýnum almannahagsmunum, s.s. skipulagskröfum í tengslum við markmiðið um að tryggja að í viðkomandi aðildarríki sé fullnægjandi og varanlegur aðgangur að jöfnu framboði meðferðar í háum gæðaflokki eða markmiðið um að hafa stjórn á kostnaði og eftir því sem unnt er að komast hjá sóun á fjármagni, tækni og mannauði. Slíkar ráðstafanir skulu takmarkast við það sem er nauðsynlegt og hóflegt, þær mega ekki leiða til handahófskenndrar mismununar og þær skulu vera aðgengilegar öllum fyrir fram.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðilar, sem veita heilbrigðisþjónustu á yfirráðasvæði þeirra, noti sömu gjaldskrá yfir heilbrigðisþjónustu fyrir sjúklinga frá öðrum aðildarríkjum og fyrir innlendra sjúklinga í samsvarandi heilbrigðisástandi eða setji upp verð, sem er reiknað út samkvæmt viðmiðunum sem eru hlutlægar og án mismununar, ef ekki fyrirfinnst samsvarandi verð fyrir innlenda sjúklinga.

Þessi málsgrein skal ekki hafa áhrif á innlenda löggjöf sem gerir aðilum, sem veita heilbrigðisþjónustu, kleift að ákveða eigið verð, svo fremi þeir mismuni ekki sjúklingum frá öðrum aðildarríkjum.

5. Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á lög og reglur í aðildarríkjunum um notkun tungumála. Aðildarríkin geta kosið að veita upplýsingar á öðrum tungumálum en þeim sem eru opinber tungumál í hlutaðeigandi aðildarríki.

5. gr.

Ábyrgðarsvið tryggingaraðildarríkis

Tryggingaraðildarríkið skal sjá til þess:

a) að kostnaður við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri sé endurgreiddur í samræmi við III. kafla,

b) að fyrir hendi sé tilhögun til að geta veitt sjúklingum, samkvæmt beiðni, upplýsingar um rétt sinn og réttindi í því aðildarríki varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, einkum að því er varðar skilmála og skilyrði fyrir endurgreiðslu kostnaðar í samræmi við 6. mgr. 7. gr. og málsmeðferðarreglur við að fá og ákvarða þessi réttindi ásamt kæru- og málskotsleiðum ef sjúklingar telja að réttindi þeirra séu ekki virt, í samræmi við 9. gr. Í upplýsingum um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri skal gera skýran greinarmun á þeim réttindum sem sjúklingar hafa samkvæmt þessari tilskipun og réttindum á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

c) að, hafi sjúklingur fengið heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og eftirmeðferð hjá lækni reynist nauðsynleg, sé sama eftirmeðferð fyrir hendi og raunin væri ef heilbrigðisþjónustan hefði verið veitt á yfirráðasvæði þess,

d) að sjúklingar, sem kalla eftir eða sem fá heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, hafi fjaraðgang að sjúkraskrám sínum eða a.m.k. afrit af þeim í samræmi við og með fyrirvara um innlendar ráðstafanir til framkvæmdar lagaákvæðum Sambandsins um vernd persónuupplýsinga, einkum tilskipunum 95/46/EB og 2002/58/EB.

6. gr.

Innlendir tengiliðir fyrir heilbrigðisþjónustu yfir landamæri

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn eða fleiri innlenda tengiliði fyrir heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og tilkynna framkvæmdastjórninni um nafn þeirra og samskiptaupplýsingar. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum. Aðildarríkin skulu sjá til þess að innlendir tengiliðir hafi samráð við samtök sjúklinga, aðila sem veita heilbrigðisþjónustu og sjúkratryggingafélög.

2. Innlendir tengiliðir skulu auðvelda miðlun upplýsinga, sem um getur í 3. mgr., og vinna náið saman og með framkvæmdastjórninni. Innlendir tengiliðir skulu, samkvæmt beiðni, veita sjúklingum samskiptaupplýsingar innlendra tengiliða í öðrum aðildarríkjum.

3. Til að gera sjúklingum kleift að nýta réttindi sín í tengslum við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri skulu innlendir tengiliðir í meðferðaraðildarríkinu gefa þeim upplýsingar um aðila sem veita heilbrigðisþjónustu, þ.m.t., samkvæmt beiðni, upplýsingar um rétt tiltekins aðila til að veita þjónustu eða um takmarkanir á starfsemi hans, upplýsingar sem um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr., auk upplýsinga um réttindi sjúklinga, kvörtunarleiðir og fyrirkomulag sem gerir sjúklingum kleift að nýta sér lagaúrræði samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis, og um lagalega og stjórnsýslulega möguleika á lausn deilumála, þ.m.t. ef þeir bíða tjón sem leiðir af heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.

4. Innlendir tengiliðir í tryggingaraðildarríkinu skulu veita sjúklingum og fagfólki í heilbrigðisþjónustu upplýsingarnar sem um getur í b-lið 5. gr.

5. Auðvelt skal vera að nálgast upplýsingarnar sem um getur í þessari grein og þær skulu vera tiltækar á rafrænu formi og með þeirri framsetningu sem, eftir því sem við á, er aðgengileg fötluðu fólki.

III. KAFLI

ENDURGREIÐSLA KOSTNAÐAR VIÐ HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU YFIR LANDAMÆRI

7. gr.

Almennar meginreglur um endurgreiðslu kostnaðar

1. Þrátt fyrir reglugerð (EB) nr. 883/2004 og með fyrirvara um ákvæði 8. og 9. gr. skal tryggingaraðildarríkið sjá til þess að kostnaður, sem tryggður einstaklingur sem fær heilbrigðisþjónustu yfir landamæri stofnar til, sé endurgreiddur ef viðkomandi heilbrigðisþjónusta er hluti af þeirri aðstoð sem tryggði einstaklingurinn á rétt á í tryggingaraðildarríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gildir eftirfarandi:

a) ef aðildarríki er skráð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 883/2004 og hefur í samræmi við þá reglugerð viðurkennt að lífeyrisþegar og aðstandendur þeirra, sem eru búsettir í öðru aðildarríki, eigi rétt á sjúkrabótum skal það veita þeim heilbrigðisþjónustu samkvæmt þessari tilskipun á eigin kostnað þegar þeir dvelja á yfirráðasvæði þess, í samræmi við löggjöf þess, eins og hlutaðeigandi einstaklingar væru búsettir í aðildarríkinu sem er skráð í þeim viðauka,

b) ef heilbrigðisþjónusta, sem er veitt í samræmi við þessa tilskipun, er ekki háð fyrirframleyfi, er ekki veitt í samræmi við 1. kafla í III. bálki reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og er veitt á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem, samkvæmt þeirri reglugerð og reglugerð (EB) nr. 987/2009, er endanlega ábyrgt fyrir endurgreiðslu kostnaðar, skal það aðildarríki taka á sig kostnaðinn. Það aðildarríki getur endurgreitt kostnað við heilbrigðisþjónustu í samræmi við þá skilmála, skilyrði, viðmiðanir fyrir aðstoðarhæfi og formsatriði á sviði löggjafar og stjórnsýslu sem það hefur komið á, að því tilskildu að þessi atriði samrýmist sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

3. Það er tryggingaraðildarríkisins að ákveða, á staðar-, svæðis- eða landsvísu, fyrir hvaða heilbrigðisþjónustu tryggður einstaklingur á rétt á að fá endurgreiddan kostnað og að hve miklu leyti, burtséð frá því hvar heilbrigðisþjónustan er veitt.

4. Tryggingaraðildarríkið skal endurgreiða eða greiða beint kostnað við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri að þeirri fjárhæð, sem hefði fallið á tryggingaraðildarríkið hefði þessi heilbrigðisþjónusta verið veitt á yfirráðasvæði þess, án þess þó að fjárhæðin fari yfir raunverulegan kostnað við heilbrigðisþjónustuna sem er veitt.

Fari allur kostnaður við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri yfir þá fjárhæð, sem væri endurgreidd ef heilbrigðisþjónustan hefði verið veitt á yfirráðasvæði þess, getur tryggingaraðildarríkið samt sem áður ákveðið að endurgreiða allan kostnaðinn.

Tryggingaraðildarríkið getur ákveðið að endurgreiða annan tengdan kostnað, s.s. gisti- og ferðakostnað, eða aukakostnað fatlaðs einstaklings, sem rekja má til fötlunarinnar, þegar hann fær heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, í samræmi við innlenda löggjöf og með því skilyrði að til séu fullnægjandi gögn þar sem þessi kostnaður kemur fram.

5. Aðildarríkin geta samþykkt ákvæði í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins sem miða að því að tryggja að sjúklingar njóti sömu réttinda þegar þeir fá heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og þeir hefðu fengið með heilbrigðisþjónustu í tryggingaraðildarríkinu við samsvarandi aðstæður.

6. Að því er varðar 4. mgr. skulu aðildarríkin hafa gagnsætt fyrirkomulag við útreikning á kostnaði við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri sem tryggingaraðildarríkið endurgreiðir tryggðum einstaklingi. Þetta fyrirkomulag skal byggt á viðmiðunum sem eru hlutlægar, án mismununar, vitað er um fyrir fram og sem er beitt á viðeigandi stjórnsýslustigi (staðbundnu, svæðisbundnu eða landsbundnu).

7. Tryggingaraðildarríkið getur sett tryggðum einstaklingi, sem leitar eftir endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu með fjarlækningum, sömu skilyrði, viðmiðanir fyrir aðstoðarhæfi og formsatriði á sviði löggjafar og stjórnsýslu, hvort sem þau eru á staðar-, svæðis eða landsvísu, og sett væru ef heilbrigðisþjónustan væri veitt á yfirráðasvæði þess. Þetta getur falið í sér mat fagmanns eða stjórnanda í heilbrigðisþjónustu, sem veitir lögboðnu almannatryggingakerfi eða innlendu kerfi tryggingaraðildarríkisins þjónustu, t.d. heimilislæknis eða heilsugæslulæknis, sem sjúklingurinn er skráður hjá, ef slíkt mat er nauðsynlegt til þess að ákveða að hve miklu leyti einstakir sjúklingar eiga rétt á heilbrigðisþjónustu. Þau skilyrði, viðmiðanir fyrir aðstoðarhæfi og formsatriði á sviði löggjafar og stjórnsýslu, sem eru sett samkvæmt þessari málsgrein, mega þó ekki hafa mismunun í för með sér eða vera hindrun á frjálsri för sjúklinga, frjálsri þjónustustarfsemi eða frjálsum vöruflutningum nema það sé rökstutt á hlutlægan hátt með skipulagskröfum í tengslum við markmiðið um að tryggja að í viðkomandi aðildarríki sé fullnægjandi og varanlegur aðgangur að jöfnu framboði meðferðar í háum gæðaflokki eða markmiðið um að hafa stjórn á kostnaði og eftir því sem unnt er að komast hjá sóun á fjármagni, tækni og mannauði.

8. Tryggingaraðildarríkið skal ekki láta fyrirframleyfi vera skilyrði fyrir endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri nema í þeim tilvikum sem eru tilgreind í 8. gr.

9. Tryggingaraðildarríkið getur takmarkað beitingu reglna um endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri á grundvelli brýnna almannahagsmuna, s.s. skipulagskrafna í tengslum við markmiðið um að tryggja að í viðkomandi aðildarríki sé fullnægjandi og varanlegur aðgangur að jöfnu framboði meðferðar í háum gæðaflokki eða markmiðið um að hafa stjórn á kostnaði og eftir því sem unnt er að komast hjá sóun á fjármagni, tækni og mannauði.

10. Þrátt fyrir 9. mgr. skulu aðildarríkin sjá til þess að heilbrigðisþjónusta yfir landamæri, sem er með fyrirframleyfi, sé endurgreidd í samræmi við leyfið.

11. Ákvörðun um að takmarka beitingu þessarar greinar skv. 9. mgr. skal takmarkast við það sem er nauðsynlegt og hóflegt og má ekki leiða til handahófskenndrar mismununar eða óréttmætrar hindrunar á frjálsum vöruflutningum, frjálsri för fólks eða frjálsri þjónustustarfsemi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvarðanir um að takmarka endurgreiðslu af þeim ástæðum sem eru tilgreindar í 9. mgr.

8. gr.

Heilbrigðisþjónusta sem getur verið háð fyrirframleyfi

1. Tryggingaraðildarríki getur komið á fót kerfi fyrirframleyfa í tengslum við endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, í samræmi við þessa grein og 9. gr. Kerfi fyrirframleyfa, þ.m.t. viðmiðanir og beiting þeirra, og einstakar ákvarðanir um neitun um fyrirframleyfi, skal takmarkast við það sem er nauðsynlegt og í réttu hlutfalli við markmiðið og má ekki leiða til handahófskenndrar mismununar eða óréttmætrar hindrunar á frjálsri för sjúklinga.

2. Heilbrigðisþjónusta, sem getur verið háð fyrirframleyfi, skal takmarkast við heilbrigðisþjónustu sem:

a) fellur undir skipulagskröfur í tengslum við markmiðið um að tryggja að í viðkomandi aðildarríki sé fullnægjandi og varanlegur aðgangur að jöfnu framboði meðferðar í háum gæðaflokki eða markmiðið um að hafa stjórn á kostnaði og eftir því sem unnt er að komast hjá sóun á fjármagni, tækni og mannauði og:

   i. felur í sér innlögn sjúklings á sjúkrahús í a.m.k. eina nótt eða

   ii. krefst notkunar á mjög sérhæfðu og kostnaðarsömu grunnvirki eða búnaði á sviði lækninga,

b) felur í sér meðferð sem hefur í för með sér sérstaka áhættu fyrir sjúklinginn eða íbúana eða

c) aðili í heilbrigðisþjónustu veitir, sem á grundvelli mats í hverju tilviki fyrir sig kann að gefa tilefni til að hafa alvarlegar áhyggjur af sértækum atriðum í tengslum við gæði eða öryggi umönnunarinnar, að undanskilinni heilbrigðisþjónustu sem fellur undir löggjöf Sambandsins en hún tryggir lágmarksöryggi og -gæði alls staðar í Sambandinu.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þá flokka heilbrigðisþjónustu sem um getur í a-lið.

3. Í hvert sinn sem tryggður einstaklingur óskar eftir fyrirframleyfi í því skyni að fá heilbrigðisþjónustu yfir landamæri skal tryggingaraðildarríkið ganga úr skugga um að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 883/2004, séu uppfyllt. Þegar þessi skilyrði eru uppfyllt skal fyrirframleyfið veitt samkvæmt þeirri reglugerð nema sjúklingurinn fari fram á annað.

4. Þegar sjúklingur, sem er með sjaldgæfan sjúkdóm eða talinn er vera með sjaldgæfan sjúkdóm, sækir um fyrirframleyfi má láta fara fram klínískt mat sérfræðinga á því sviði. Ef engir sérfræðingar fyrirfinnast í tryggingaraðildarríkinu eða álit sérfræðings er ófullnægjandi getur tryggingaraðildarríkið farið fram á vísindalega ráðgjöf.

5. Með fyrirvara um a- til c-lið 6. mgr. getur tryggingaraðildarríkið ekki neitað að veita fyrirframleyfi þegar sjúklingur á rétt á viðkomandi heilbrigðisþjónustu í samræmi við 7. gr. og þegar ekki er hægt að veita þessa heilbrigðisþjónustu á yfirráðasvæði þess innan tímamarka sem má réttlæta læknisfræðilega ef mið er tekið af hlutlægu læknisfræðilegu mati á heilsufarsástandi sjúklingsins, sjúkrasögu hans og líklegri framvindu sjúkdómsins, sársauka og á hvern hátt veikindin hamla sjúklingnum á þeim tíma þegar beiðni um leyfi er lögð fram eða endurnýjuð.

6. Tryggingaraðildarríkið getur neitað að veita fyrirframleyfi af eftirtöldum ástæðum:

a) ætla má með nokkurri vissu, samkvæmt klínísku mati, að öryggi sjúklings sé stefnt í hættu á þann hátt sem er óviðunandi, að teknu tilliti til mögulegs ábata sjúklingsins af þeirri heilbrigðisþjónustu yfir landamæri sem óskað er eftir,

b) ætla má með nokkurri vissu að öryggi almennings sé stefnt í umtalsverða hættu með þeirri heilbrigðisþjónustu yfir landamæri sem um ræðir,

c) aðilinn sem mun veita heilbrigðisþjónustuna gefur tilefni til að hafa alvarlegar áhyggjur af sértækum atriðum að því er varðar fylgni við staðla og viðmiðunarreglur um gæði umönnunar og öryggi sjúklinga, þ.m.t. ákvæði um eftirlit, hvort sem mælt er fyrir um þessa staðla og viðmiðunarreglur í lögum og reglum eða með faggildingarkerfum sem komið hefur verið á fót í meðferðaraðildarríkinu,

d) heilbrigðisþjónustuna er hægt að veita á yfirráðasvæði þess innan tímamarka sem má réttlæta læknisfræðilega ef mið er tekið af núverandi heilsufarsástandi hlutaðeigandi sjúklings og líklegri framvindu sjúkdómsins.

7. Tryggingaraðildarríkið skal birta opinberlega hvaða heilbrigðisþjónusta fellur undir fyrirframleyfi að því er varðar þessa tilskipun, ásamt öllum viðeigandi upplýsingum um kerfi fyrirframleyfa.

9. gr.

Stjórnsýslumeðferð varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri

1. Tryggingaraðildarríkið skal sjá til þess að stjórnsýslumeðferð í tengslum við notkun heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu, sem stofnað er til í öðru aðildarríki, byggist á viðmiðunum sem eru hlutlægar, án mismununar, nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við markmiðið.

2. Greiður aðgangur skal vera að allri stjórnsýslumeðferð af því tagi sem um getur í 1. mgr. og upplýsingar um slíka meðferð skulu vera aðgengilegar öllum á viðeigandi vettvangi. Slík meðferð skal geta tryggt að fjallað sé um beiðnir af hlutlægni og óhlutdrægni.

3. Aðildarríkin skulu setja sanngjörn tímamörk á umfjöllun beiðna um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og birta þau fyrir fram. Þegar aðildarríkin fjalla um beiðni um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri skulu þau taka til greina:

a) heilsufarsástand sjúklings,

b) hversu áríðandi heilbrigðisþjónustan er og sérstakar aðstæður.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að einstakar ákvarðanir um notkun heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu, sem stofnað er til í öðru aðildarríki, séu vel rökstuddar og að í hverju tilviki fyrir sig sé hægt að kæra þær og fara með þær fyrir dómstóla, þ.m.t. að fyrir hendi séu tímabundnar ráðstafanir.

5. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að gefa sjúklingum kost á valfrjálsu kerfi fyrirframtilkynninga þar sem sjúklingurinn fær, sem svar við slíkri tilkynningu, skriflega staðfestingu á fjárhæðinni sem verður endurgreidd á grundvelli mats. Í matinu skal tekið tillit til ástands sjúklingsins og greina frá þeim læknisfræðilegu úrræðum sem kemur til greina að nota.

Aðildarríki geta valið að nota tiltekið fyrirkomulag á bótagreiðslum milli lögbærra stofnana eins og kveðið er á um með reglugerð (EB) nr. 883/2004. Ef tryggingaraðildarríki notar ekki slíkt fyrirkomulag skal það sjá til þess að sjúklingar fái endurgreiðslu án ástæðulausrar tafar.

IV. KAFLI

SAMSTARF UM HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

10. gr.

Gagnkvæm aðstoð og samstarf

1. Aðildarríkin skulu aðstoða hvert annað eins og nauðsynlegt er við framkvæmd þessarar tilskipunar, þ.m.t. er samstarf um staðla og viðmiðunarreglur um gæði og öryggi og miðlun upplýsinga, einkum milli innlendra tengiliða í samræmi við 6. gr., þ.m.t. um ákvæði um eftirlit og gagnkvæma aðstoð við að skýra upplýsingar á reikningum.

2. Aðildarríkin skulu auðvelda samstarf um að veita heilbrigðisþjónustu yfir landamæri á svæðis- og staðarvísu og einnig með upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum og annars konar samstarfi yfir landamæri.

3. Framkvæmdastjórnin skal hvetja aðildarríkin, einkum nágrannalönd, til að gera samninga sín á milli. Framkvæmdastjórnin skal einnig hvetja aðildarríkin til samstarfs um að veita heilbrigðisþjónustu yfir landamæri á landamærasvæðum.

4. Meðferðaraðildarríkið skal sjá til þess að upplýsingum um rétt fagfólks í heilbrigðisþjónustu til starfa, sé það skráð í innlendum eða staðbundnum skrám á yfirráðasvæði þeirra, sé, samkvæmt beiðni, komið á framfæri við yfirvöld í öðrum aðildarríkjum, að því er varðar heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, í samræmi við II. og III. kafla og innlendar ráðstafanir til framkvæmdar lagaákvæðum Sambandsins um vernd persónuupplýsinga, einkum tilskipununum 95/46/EB og 2002/58/EB, og meginregluna um sakleysi uns sekt er sönnuð. Upplýsingaskipti skulu fara fram með notkun upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB frá 12. desember 2007 um framkvæmd upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn (IMI) að því er varðar vernd persónuupplýsinga ([1]).

11. gr.

Viðurkenning lyfseðla sem eru gefnir út í öðru aðildarríki

1. Ef leyfilegt er að markaðssetja tiltekið lyf á yfirráðasvæði þeirra, í samræmi við tilskipun 2001/83/EB eða reglugerð (EB) nr. 726/2004, skulu aðildarríkin sjá til þess að á yfirráðasvæði þeirra sé, í samræmi við gildandi innlenda löggjöf, hægt að afgreiða lyfseðla sem eru gefnir út í öðru aðildarríki fyrir slíkri framleiðsluvöru handa tilteknum sjúklingi og að allar hindranir á viðurkenningu á einstökum lyfseðlum séu bannaðar nema slíkar takmarkanir séu:

a) takmarkaðar við það sem er nauðsynlegt og í réttu hlutfalli við það að vernda heilbrigði manna, og án mismununar, eða

b) byggðar á lögmætum og rökstuddum efasemdum um áreiðanleika og inntak einstakra lyfseðla eða um að þeir séu skiljanlegir.

([1]) Stjtíð. ESB L 13, 16.1.2008, bls. 18.

Viðurkenning á slíkum lyfseðlum skal ekki hafa áhrif á innlendar reglur um ávísun á lyf og afgreiðslu lyfja, þ.m.t. samheitalyfja eða annarra staðgönguvara, ef þessar reglur samrýmast lögum Sambandsins. Viðurkenning á lyfseðlum skal ekki hafa áhrif á reglur um endurgreiðslu lyfja. Endurgreiðsla lyfjakostnaðar fellur undir III. kafla þessarar tilskipunar.

Sér í lagi skal viðurkenning lyfseðla ekki hafa áhrif á rétt lyfjafræðings, samkvæmt innlendum reglum, til þess að neita, af siðfræðilegum ástæðum, að afgreiða vöru, sem er ávísað á í öðru aðildarríki, ef lyfjafræðingurinn hefði haft heimild til að neita afgreiðslu ef lyfseðillinn hefði verið gefinn út í tryggingaraðildarríkinu.

Tryggingaraðildarríkið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, auk þess að viðurkenna lyfseðilinn, til að tryggja samfellda meðferð ef lyfseðill er gefinn út í meðferðaraðildarríki fyrir lyfi eða lækningatæki sem er tiltækt í tryggingaraðildarríkinu og ef farið er fram á afgreiðslu í tryggingaraðildarríkinu.

Þessi málsgrein gildir einnig um lækningatæki sem eru sett löglega á markað í hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Í því skyni að auðvelda framkvæmd 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja:

a) ráðstafanir sem gera fagfólki í heilbrigðisþjónustu kleift að ganga úr skugga um að lyfseðill sé ósvikinn og hafi verið gefinn út í öðru aðildarríki af aðila sem tilheyrir lögverndaðri heilbrigðisstarfsgrein, sem hefur til þess lagalegan rétt, með því að semja skrá, sem er ekki tæmandi, yfir upplýsingar, sem eiga að vera á lyfseðlum og sem verða að vera auðgreinanlegar á öllum tegundum lyfseðla, þ.m.t. upplýsingar til að auðvelda, eftir þörfum, samskipti aðilans sem gefur lyfseðilinn út og aðilans sem afgreiðir lyfið, til þess að stuðla að fullum skilningi á meðferðinni, með tilhlýðilegu tilliti til gagnaverndar,

b) viðmiðunarreglur til að styðja þróun aðildarríkjanna á rekstrarsamhæfi rafrænna lyfseðla,

c) ráðstafanir til að auðvelda sanngreiningu á lyfjum eða lækningatækjum, sem ávísað er í einu aðildarríki og afgreidd í öðru, þ.m.t. ráðstafanir sem varða öryggi sjúklinga þegar um er að ræða staðgönguvörur í tengslum við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri ef löggjöf afgreiðsluaðildarríkisins leyfir slíkar staðgönguvörur. Framkvæmdastjórnin skal m.a. íhuga notkun alþjóðlegs samheitis (INN-heitis) og skömmtun lyfja,

d) ráðstafanir til að sjá til þess að upplýsingar til sjúklinga sem varða lyfseðil og meðfylgjandi leiðbeiningar um notkun vörunnar séu skiljanlegar, þ.m.t. upplýsingar um virkt efni og skammta.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir, sem um getur í a-lið, eigi síðar en 25. desember 2012 og ráðstafanirnar í c- og d-lið eigi síðar en 25. október 2012.

3. Samþykkja skal ráðstafanir og viðmiðunarreglur, sem um getur í a- til d-lið 2. mgr., í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

4. Þegar ráðstafanir eða viðmiðunarreglur eru samþykktar skv. 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin fylgja meðalhófi þegar um er að ræða kostnað við að fylgja ráðstöfunum eða viðmiðunarreglum og einnig þegar um er að ræða líklegan ávinning af þeim.

5. Að því er varðar 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin einnig samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 17. gr. og með fyrirvara um skilyrði 18. og 19. gr. og eigi síðar en 25. október 2012, ráðstafanir til að undanskilja sérstaka flokka lyfja eða lækningatækja frá þeirri viðurkenningu á lyfseðlum sem kveðið er á um í þessari grein, ef það er nauðsynlegt til að vernda lýðheilsu.

6. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um lyf, sem sérstaks lyfseðils er krafist fyrir, sem kveðið er á um í 2. mgr. 71. gr. tilskipunar 2001/83/EB.

12. gr.

Evrópsk viðmiðunarnet

1. Framkvæmdastjórnin skal styðja aðildarríkin í þróun evrópskra viðmiðunarneta milli aðila sem veita heilbrigðisþjónustu og miðstöðva sérfræðiþekkingar í aðildarríkjunum, einkum á sviði sjaldgæfra sjúkdóma. Netkerfin skulu byggjast á sjálfviljugri þátttöku félaga, sem taka þátt í og stuðla að starfsemi netkerfanna í samræmi við löggjöf aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu, og skulu alltaf vera opin nýjum aðilum sem veita heilbrigðisþjónustu og sem óska eftir aðild að þeim, að því tilskildu að slíkir aðilar sem veita heilbrigðisþjónustu uppfylli öll skilyrði og viðmiðanir sem um getur í 4. mgr.

2. Evrópsk viðmiðunarnet skulu hafa minnst þrjú af eftirtöldum markmiðum:

a) að aðstoða við að nýta möguleika evrópsks samstarfs varðandi mjög sérhæfða heilbrigðisþjónustu fyrir sjúklinga og fyrir heilbrigðiskerfi með því að nýta nýjungar í læknavísindum og heilbrigðistækni,

b) að stuðla að samnýtingu þekkingar varðandi forvarnir gegn sjúkdómum,

c) að stuðla að umbótum á greiningu og veitingu aðgengilegrar og kostnaðarhagkvæmrar heilbrigðis-þjónustu í háum gæðaflokki fyrir alla sjúklinga með sjúkdóma sem krefjast sérstakrar samsöfnunar þekkingar á læknavísindalegu sviði þar sem sérþekking er sjaldgæf,

d) að hafa nýtingu tilfanga eins kostnaðarhagkvæma og unnt er með því að safna þeim saman eftir því sem við á,

e) að efla rannsóknir, faraldsfræðilegt eftirlit, s.s. skráningu, og sjá fagfólki í heilbrigðisþjónustu fyrir þjálfun,

f) að auðvelda hreyfanleika sérþekkingar, í sýnd eða reynd, og þróa, deila og miðla upplýsingum, þekkingu og bestu starfsvenjum og stuðla að þróun í greiningu og meðferð sjaldgæfra sjúkdóma, innan og utan netkerfanna,

g) að hvetja til þróunar á gæða- og öryggisviðmiðunum og aðstoða við að móta og miðla bestu starfsvenjum innan og utan netkerfanna,

h) að vera til aðstoðar aðildarríkjum þar sem ekki eru mjög margir sjúklingar með tiltekinn sjúkdóm eða skortur er á tækniþekkingu eða sérþekkingu og þar af leiðandi ekki hægt að veita mjög sérhæfða þjónustu í háum gæðaflokki.

3. Aðildarríkin eru hvött til að auðvelda þróun evrópskra viðmiðunarneta:

a) með því að setja viðeigandi aðila sem veita heilbrigðisþjónustu í samband við miðstöðvar sérfræðiþekkingar á innlendum yfirráðasvæðum sínum og tryggja að upplýsingum sé miðlað til viðeigandi aðila sem veita heilbrigðisþjónustu og miðstöðva sérfræðiþekkingar á innlendum yfirráðasvæðum sínum,

b) með því að stuðla að því að aðilar sem veita heilbrigðisþjónustu og miðstöðvar sérfræðiþekkingar taki þátt í evrópskum viðmiðunarnetum.

4. Að því er varðar 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin:

a) samþykkja skrá yfir tilteknar viðmiðanir og skilyrði sem evrópsku viðmiðunarnetin verða að uppfylla og skilyrði og viðmiðanir sem aðilar sem veita heilbrigðisþjónustu og vilja taka þátt í evrópska viðmiðunarnetinu verða að uppfylla. Þessar viðmiðanir og skilyrði skulu m.a. tryggja að evrópsku viðmiðunarnetin:

i. búi yfir þekkingu og sérþekkingu til að greina, fylgja eftir og meðhöndla sjúklinga og hafi skjalfestingu fyrir góðum árangri eftir því sem við á,

ii. þjóni þverfaglegum tilgangi,

iii. búi yfir sérþekkingu á háu stigi og hafi getu til að semja viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur og framkvæma stöðumælingar og gæðaeftirlit,

iv. stuðli að rannsóknum,

v. skipuleggi kennslu- og þjálfunarstarf og

vi. eigi náið samstarf við aðrar miðstöðvar sérfræðiþekkingar og netkerfi á innlendum og alþjóðlegum vettvangi,

b) semja og birta viðmiðanir fyrir stofnun og mat evrópskra viðmiðunarneta,

c) auðvelda miðlun upplýsinga og sérþekkingar í tengslum við stofnun og mat evrópskra viðmiðunarneta.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir, sem um getur í a-lið 4. mgr., með framseldum gerðum í samræmi við 17. gr. og með fyrirvara um skilyrði 18. og 19. gr. Samþykkja skal ráðstafanirnar í b- og c-lið 4. mgr. í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

6. Ráðstafanir, sem eru samþykktar samkvæmt þessari grein skulu ekki hafa í för með sér neina samræmingu á lögum eða reglum aðildarríkjanna og skulu virða að fullu ábyrgð aðildarríkjanna á að skipuleggja og veita heilbrigðisþjónustu og læknishjálp.

13. gr.

Sjaldgæfir sjúkdómar

Framkvæmdastjórnin skal styðja samstarf aðildarríkjanna við að þróa greiningar- og meðferðargetu einkum með því að:

a) gera fagfólki í heilbrigðisþjónustu grein fyrir þeim tækjum, sem eru aðgengileg á vettvangi Evrópusambandsins, sem aðstoð við rétta greiningu á sjaldgæfum sjúkdómum, einkum Orphanet-gagnagrunninum, og evrópsku viðmiðunarkerfunum,

b) gera sjúklingum, fagfólki í heilbrigðisþjónustu og þeim aðilum, sem bera ábyrgð á fjármögnun heilbrigðisþjónustu, grein fyrir þeim möguleikum, sem eru gefnir með reglugerð (EB) nr. 883/2004, að vísa sjúklingum með sjaldgæfa sjúkdóma til annarra aðildarríkja, einnig til greiningar og meðferðar sem er ekki fyrir hendi í tryggingaraðildarríkinu.

14. gr.

Rafræn heilbrigðisþjónusta

1. Evrópusambandið skal styðja og auðvelda samstarf og upplýsingaskipti meðal aðildarríkja innan valfrjáls netkerfis sem tengir saman innlend yfirvöld, sem bera ábyrgð á rafrænni heilbrigðisþjónustu og eru tilnefnd af aðildarríkjunum.

2. Markmiðin með rafrænu heilbrigðisþjónustuneti skulu vera:

a) að vinna að því að ná varanlegum efnahagslegum og félagslegum ávinningi af evrópskum, rafrænum heilbrigðiskerfum og -þjónustu og rekstrarsamhæfðum hugbúnaði, með tilliti til þess að skapa traust og öryggi, stuðla að samfelldri umönnun og tryggja aðgang að öruggri heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki,

b) að semja viðmiðunarreglur um:

   i. skrá, sem er ekki tæmandi, yfir gögn sem á að færa í sjúkraskýrslur og sem fagfólk í heilbrigðisþjónustu getur notað sameiginlega til að stuðla að samfelldri umönnun og öryggi sjúklinga yfir landamæri og

   ii. skilvirkar aðferðir sem gera kleift að nota læknisfræðilegar upplýsingar í þágu lýðheilsu og rannsókna,

c) að styðja aðildarríkin við gerð sameiginlegra sanngreiningar- og sannvottunarráðstafana til að auðvelda flutning gagna vegna heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.

Fylgja skal markmiðunum, sem um getur í b- og c-lið, með tilhlýðilegu tilliti til meginreglnanna um gagnavernd eins og þær eru settar fram, einkum í tilskipunum 95/46/EB og 2002/58/EB.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr., samþykkja þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að stofna þetta netkerfi, stjórna því og reka það á gagnsæjan hátt.

15. gr.

Samstarf um mat á heilbrigðistækni

1. Evrópusambandið skal styðja og auðvelda samstarf og miðlun vísindalegra upplýsinga meðal aðildarríkja innan valfrjáls netkerfis sem tengir saman innlend yfirvöld eða aðila sem bera ábyrgð á mati á heilbrigðistækni og sem aðildarríkin tilnefna. Aðildarríkin skulu tilkynna nöfn þeirra og samskiptaupplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar. Þátttakendur í slíku netkerfi fyrir mat á heilbrigðistækni skulu taka þátt í og stuðla að starfsemi netkerfisins í samræmi við löggjöf aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu. Netkerfið skal byggjast á meginreglunni um góða stjórnunarhætti, þ.m.t. gagnsæi, hlutlægni, óháða sérþekkingu, sanngjarna málsmeðferð og viðeigandi samráð við hlutaðeigandi hagsmunaaðila.

2. Markmiðin með netkerfi fyrir mat á heilbrigðistækni skulu vera:

a) að styðja samstarf milli innlendra yfirvalda eða aðila,

b) að styðja miðlun aðildarríkja á hlutlægum, áreiðanlegum, tímanlegum, gagnsæjum, samanburðarhæfum og flytjanlegum upplýsingum um hlutfallsleg áhrif og um skammtíma- og langtímaáhrif, þegar við á, af heilbrigðistækni og gefa kost á skilvirkri miðlun þessara upplýsinga milli innlendra yfirvalda eða aðila,

c) að styðja greiningu á því hvers eðlis og hverrar tegundar þær upplýsingar eru sem hægt er að skiptast á um,

d) að komast hjá tvíverknaði í tengslum við mat.

3. Til þess að ná markmiðunum, sem eru tilgreind í 2. mgr., getur netkerfið fyrir mat á heilbrigðistækni fengið aðstoð frá Evrópusambandinu. Heimilt er að veita aðstoð í því skyni:

a) að stuðla að fjármögnun stjórnsýslulegrar og tæknilegar aðstoðar,

b) að styðja samstarf milli aðildarríkja um að þróa og deila með sér aðferðafræði fyrir mat á heilbrigðistækni, þ.m.t. mat á hlutfallslegum árangri,

c) að stuðla að fjármögnun á afhendingu flytjanlegra, vísindalegra upplýsinga til nota í landsbundinni skýrslugjöf og raundæmum, sem netkerfið pantar,

d) að auðvelda samstarf milli netkerfisins og annarra viðkomandi stofnana og aðila Sambandsins,

e) að auðvelda samráð við hagsmunaaðila um starfsemi netkerfisins.

4. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr., samþykkja þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að stofna þetta netkerfi, stjórna því og reka það á gagnsæjan hátt.

5. Fyrirkomulag á veitingu aðstoðar, skilyrðin fyrir henni og aðstoðarfjárhæðina skal samþykkja í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr. Einungis þau yfirvöld og aðilar í netkerfinu, sem þátttökuaðildarríki tiltaka sem aðstoðarþega, geta fengið aðstoð frá Evrópusambandinu.

6. Ár hvert eru teknar ákvarðanir, sem liður í fjárlagagerð, um nauðsynlegar fjárveitingar til ráðstafana sem kveðið er á um í þessari grein.

7. Ráðstafanir, sem eru samþykktar samkvæmt þessari grein, skulu ekki hafa áhrif á valdheimildir aðildarríkja til að taka ákvörðun um framkvæmd niðurstaðna úr mati á heilbrigðistækni og skulu ekki hafa í för með sér neina samræmingu á lögum eða reglum aðildarríkjanna og skulu virða að fullu ábyrgð aðildarríkjanna á að skipuleggja og veita heilbrigðisþjónustu og læknishjálp.

V. KAFLI

FRAMKVÆMDAR- OG LOKAÁKVÆÐI

16. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

17. gr.

Beiting framseldra gerða

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 5. mgr. 11. gr. og 5. mgr. 12. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 24. apríl 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 18. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 18. og 19. gr.

18. gr.

Afturköllun framsals

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 5. mgr. 11. gr. og 5. mgr. 12. gr.

2. Sú stofnun sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða valdheimildir, sem hafa verið framseldar, gætu verið afturkallaðar og mögulegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

19. gr.

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið geta andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt framseldri gerð þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., rennur út skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef Evrópuþingið eða ráðið andmæla framseldri gerð innan þess tímabils, sem um getur í 1. mgr., öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni skal gefa upp ástæðurnar fyrir því.

20. gr.

Skýrslur

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 25. október 2015 og síðan þriðja hvert ár, semja skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið.

2. Í skýrslunni skulu einkum vera upplýsingar um streymi sjúklinga, fjárhagslega þætti er varða hreyfanleika sjúklinga, framkvæmd 9. mgr. 7. gr. og 8. gr. og rekstur evrópskra viðmiðunarneta og innlendra tengiliða. Framkvæmdastjórnin skal í þessu skyni láta fara fram mat á kerfum og venjum, sem komið er á í aðildarríkjunum í ljósi krafna þessarar tilskipunar og annarrar löggjafar Sambandsins í tengslum við hreyfanleika sjúklinga.

Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té aðstoð og allar tiltækar upplýsingar til að framkvæma matið og semja skýrslurnar.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu leita til framkvæmdaráðsins, sem var stofnað skv. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, til þess að bregðast við fjárhagslegum afleiðingum af beitingu þessarar tilskipunar á þau aðildarríki, sem hafa valið að endurgreiða á grundvelli fastra fjárhæða, í tilvikum sem falla undir 4. mgr. 20. gr. og 5. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með áhrifunum af i. lið c-liðar 3. gr. og 8. gr. þessarar tilskipunar og leggja reglubundið fram skýrslu um þau. Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 25. október 2013. Á grundvelli þessara skýrslna skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, gera tillögur með tilliti til þess að draga úr misræmi.

21. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 25. október 2013. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau taka upp um málefni sem tilskipun þessi nær til.

22. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

23. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 9. mars 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. Buzek	Győri E.
forseti.	*forseti.*

Leiðrétting á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 2014/EES/54/95

um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE

(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 158 frá 30. apríl 2004)

Tilskipun 2004/38/EB verði svohljóðandi:

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/38/EB

frá 29. apríl 2004

um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagins, einkum 12., 18., 40., 44. og 52. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ríkisborgararéttur í Sambandinu veitir sérhverjum borgara Sambandsins grundvallarrétt og einstaklingsbundinn rétt til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, sbr. þó þær takmarkanir og skilyrði sem mælt er fyrir um í sáttmálanum og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að framfylgja honum.

2) Frjáls för fólks er á meðal grundvallarréttinda innri markaðarins, sem myndar svæði án innri landamæra þar sem frelsi er tryggt í samræmi við ákvæði sáttmálans.

3) Ríkisborgararéttur í Sambandinu skal vera grundvöllur frjálsrar farar og dvalar ríkisborgara í aðildarríkjunum. Því er nauðsynlegt að kerfisbinda og endurskoða gildandi gerninga Bandalagsins sem taka ýmist til launþega, sjálfstætt starfandi einstaklinga eða námsmanna og annarra einstaklinga utan vinnumarkaðar, til að einfalda og efla rétt allra borgara Sambandsins til frjálsrar farar og dvalar.

4) Með það fyrir augum að bæta úr þessari sundurliðuðu og brotakenndu nálgun á réttinum til frjálsrar farar og dvalar eftir hópum og greiða fyrir nýtingu þessa réttar er þörf á einni lagagerð er breyti reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan Bandalagsins ([5]) og felli niður eftirfarandi gerðir: tilskipun ráðsins 68/360/EBE frá 15. október 1968 um afnám takmarkana á flutningum og búsetu innan Bandalagsins gagnvart launþegum aðildarríkjanna og fjölskyldum þeirra ([6]), tilskipun ráðsins 73/148/EBE frá 21. maí 1973 um afnám hafta á flutningum og búsetu innan Bandalagsins gagnvart ríkisborgurum aðildarríkja að því er varðar staðfestu og þjónustustarfsemi ([7]), tilskipun ráðsins 90/364/EBE frá 28. júní 1990 um búseturétt ([8]), tilskipun ráðsins 90/365/EBE frá 28. júní 1990 um búseturétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem hafa látið af störfum ([9]) og tilskipun ráðsins 93/96/EBE frá 29. október 1993 um búseturétt námsmanna ([10]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 26, 8.5.2008, bls. 17.

([1]) Stjtíð. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 150.

([2]) Stjtíð. EB C 149, 21.6.2002, bls. 46.

([3]) Stjtíð. EB C 192, 12.8.2002, bls. 17.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 11. febrúar 2003 (Stjtíð. EB C 43 E, 19.2.2004, bls. 42), sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. desember 2003 (Stjtíð. ESB C 54 E, 2.3.2004, bls. 12) og afstaða Evrópuþingsins frá 10. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([5]) Stjtíð. EB L 257, 19.10.1968, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2434/92 (Stjtíð. ESB L 245, 26.8.1992, bls. 1).

([6]) Stjtíð. EB L 257, 19.10.1968, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

([7]) Stjtíð. EB L 172, 28.6.1973, bls. 14.

([8]) Stjtíð. EB L 180, 13.7.1990, bls. 26.

([9]) Stjtíð. EB L 180, 13.7.1990, bls. 28.

([10]) Stjtíð. EB L 317, 18.12.1993, bls. 59.

5) Til að allir borgarar Sambandsins geti nýtt rétt sinn til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna samkvæmt hlutlægum skilyrðum sem tryggja frjálsræði og reisn verður einnig að veita aðstandendum þeirra þennan rétt án tillits til ríkisfangs þeirra. Í þessari tilskipun skal skilgreiningin á „aðstandanda“ einnig ná til samvistarmaka ef litið er svo á í lögum gistiaðildarríkisins að staðfest samvist jafngildi hjónabandi.

6) Til að viðhalda einingu fjölskyldunnar í víðari skilningi, og með fyrirvara um bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs, skal gistiaðildarríkið kanna, á grundvelli eigin löggjafar, stöðu þeirra einstaklinga sem falla ekki undir skilgreiningu á aðstandendum samkvæmt þessari tilskipun og njóta því ekki sjálfkrafa réttar til komu og dvalar í gistiaðildarríkinu, með það fyrir augum að ákvarða hvort hægt sé að veita þeim einstaklingum leyfi til komu og dvalar, og skal þá tekið tillit til tengsla þeirra við borgara Sambandsins eða annarra aðstæðna, t.d. þess hvort þeir séu háðir borgara Sambandsins fjárhagslega eða við daglegar athafnir.

7) Formsatriði í tengslum við frjálsa för borgara Sambandsins á yfirráðasvæði aðildarríkja skulu skýrt skilgreind, sbr. þó gildandi ákvæði um landamærastjórn í ríkjunum.

8) Með það fyrir augum að greiða fyrir frjálsri för aðstandenda, sem eru ekki ríkisborgarar í aðildarríki, skulu þeir sem þegar hafa fengið dvalarskírteini vera undanþegnir kröfunni um komuáritun í skilningi reglugerðar ráðsins (EB) nr. 539/2001 frá 15. mars 2001 þar sem talin eru upp þriðju lönd þar sem ríkisborgarar verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna og þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir eru undanþegnir þeirri kvöð ([1]) eða, þegar við á, í skilningi gildandi landslaga.

9) Borgarar Sambandsins skulu hafa rétt til dvalar í gistiaðildarríkinu í allt að þrjá mánuði án þess að uppfylla önnur skilyrði eða formsatriði en þau að vera handhafar gilds kennivottorðs eða vegabréfs, sbr. þó hagstæðari meðferð fólks í atvinnuleit sem er viðurkennd samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins.

10) Einstaklingar sem nýta dvalarrétt sinn skulu þó ekki verða ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í gistiaðildarríkinu á fyrsta dvalartímabili. Þess vegna skal réttur borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til dvalar í lengri tíma en þrjá mánuði vera háður skilyrðum.

11) Grundvallarréttur og persónubundinn réttur borgara Sambandsins til dvalar í öðru aðildarríki byggir beint á sáttmálanum og er hann ekki háður því að þeir uppfylli kröfur sem eru stjórnsýslulegs eðlis.

12) Ef dvalartími borgara Sambandsins er lengri en þrír mánuðir skulu aðildarríkin geta krafist þess að þeir skrái sig hjá lögbærum yfirvöldum á dvalarstað og fái því til sönnunar skráningarvottorð sem gefið er út í þessu skyni.

13) Krafan um dvalarskírteini skal takmarkast við aðstandendur borgara Sambandsins, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis, vegna dvalartímabila sem eru lengri en þrír mánuðir.

14) Fylgiskjöl, sem lögbær yfirvöld krefjast vegna útgáfu skráningarvottorðs eða dvalarskírteinis, skulu vera ítarlega tilgreind til að komast hjá því að ólík stjórnsýsluframkvæmd eða túlkanir standi að þarflausu í vegi fyrir því að borgarar Sambandsins og aðstandendur þeirra geti nýtt dvalarrétt sinn.

15) Aðstandendur skulu njóta verndar að lögum við andlát borgara Sambandsins, skilnað, ógildingu hjónabands eða slit staðfestrar samvistar. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til fjölskyldulífs og mannlegrar reisnar og við sérstakar aðstæður til verndar gegn misnotkun skal því gera ráðstafanir til að tryggja að við slíkar aðstæður haldi þeir aðstandendur, sem dvelja þegar á yfirráðasvæði gistiaðildarríkis, dvalarrétti sínum á persónubundnum grundvelli eingöngu.

16) Svo lengi sem einstaklingar með dvalarrétt eru ekki ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í gistiaðildarríkinu skal þeim ekki vísað brott. Brottvísun skal því ekki vera sjálfkrafa afleiðing þess að leitað sé til kerfis félagslegrar aðstoðar. Við mat á því hvort bótaþegi sé orðinn ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í gistiaðildarríki og hvort það skuli varða brottvísun skal gistiaðildarríkið kanna hvort um er að ræða tímabundna erfiðleika og taka tillit til þess hve lengi viðkomandi hefur dvalið í landinu, til persónulegra aðstæðna og þess hve mikla aðstoð hann hefur þegið. Ekki skal undir neinum kringumstæðum beita brottvísun gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum eða fólki í atvinnuleit samkvæmt skilgreiningu Dómstólsins, nema það sé gert á grundvelli allsherjarreglu eða almannaöryggis.

([1]) Stjtíð. EB L 81, 21.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 453/2003 (Stjtíð. ESB L 69, 13.3.2003, bls. 10).

17) Réttur borgara Sambandsins, sem hafa kosið að setjast að til frambúðar í gistiaðildarríki, til ótímabundinnar dvalar (varanlegrar búsetu) myndi efla vitund fólks um ríkisborgararétt í Sambandinu og er lykilþáttur í því að stuðla að félagslegri samheldni, sem er eitt af grundvallarmarkmiðum Sambandsins. Því er rétt að mæla fyrir um rétt til ótímabundinnar dvalar fyrir alla borgara Sambandsins og aðstandendur þeirra sem hafa dvalið í gistiaðildarríki í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun samfleytt í fimm ár án þess að gripið hafi verið til ráðstafana til brottvísunar þeirra.

18) Til að réttur til ótímabundinnar dvalar geti orðið raunverulegt tæki til aðlögunar að samfélagi gistiaðildarríkisins þar sem borgari Sambandsins dvelst skal slíkur réttur ekki vera háður neinum skilyrðum eftir að hann hefur einu sinni verið veittur.

19) Viðhalda skal tilteknum sérkjörum borgara Sambandsins, sem eru launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar, og aðstandenda þeirra, sem geta gert þessum einstaklingum kleift að öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar áður en þeir hafa verið fimm ár í gistiaðildarríkinu, þar eð þau teljast áunnin réttindi sem veitt eru samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70 frá 29. júní 1970 um rétt launþega til að dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis eftir að hafa gegnt starfi í því ríki ([1]) og tilskipun ráðsins 75/34/EBE frá 17. desember 1974 um rétt ríkisborgara aðildarríkis til að dveljast áfram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að hafa starfað þar sjálfstætt ([2]).

20) Í samræmi við bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs skulu allir borgarar Sambandsins og aðstandendur þeirra, sem dvelja í aðildarríki á grundvelli þessarar reglugerðar, njóta jafnrar meðferðar í því aðildarríki á við innlenda aðila á sviðum sem falla undir sáttmálann, sbr. þó sértæk ákvæði sem skýrt er kveðið á um í sáttmálanum og afleiddri löggjöf.

21) Gistiaðildarríkið skal þó ráða því hvort það veitir öðrum borgurum Sambandsins en þeim sem eru launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar eða sem halda stöðu sinni sem slíkir eða aðstandendum þeirra félagslega aðstoð fyrstu þrjá mánuði dvalarinnar, eða lengur þegar um er að ræða fólk í atvinnuleit, eða framfærsluaðstoð vegna náms, þ.m.t. starfsnám, áður en þeir öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar.

22) Samkvæmt sáttmálanum má takmarka réttinn til frjálsrar farar og dvalar á grundvelli allsherjarreglu, almanna-öryggis eða lýðheilsu [áður almannaheilbrigðis]. Til að tryggja nákvæmari skilgreiningu á aðstæðum og réttarfarsreglum sem heimila að synja megi borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra um leyfi til komu inn í land eða vísa þeim brott skal þessi tilskipun koma í stað tilskipunar ráðsins 64/221/EBE frá 25. febrúar 1964 um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis ([3]).

23) Brottvísun borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra á grundvelli allsherjarreglu eða almannaöryggis er ráð-stöfun sem getur skaðað einstaklinga alvarlega sem hafa raunverulega aðlagast samfélagi gistiaðildarríkisins með því að nýta sér þau réttindi og það frelsi sem þeim er veitt með sáttmálanum. Því ber að takmarka umfang slíkra ráðstafana í samræmi við meðalhófsregluna svo að tekið sé tillit til þess hversu vel viðkomandi einstaklingar hafa aðlagast samfélaginu, hve lengi þeir hafa dvalið í gistiaðildarríkinu, aldurs þeirra, heilsufars, fjölskyldu- og fjárhagsaðstæðna og tengsla þeirra við upprunalandið.

24) Því betur sem borgarar Sambandsins og aðstandendur þeirra hafa aðlagast samfélagi gistiaðildarríkisins, þeim mun meiri skal vernd þeirra vera gagnvart brottvísun. Aðeins í undantekningartilvikum, þar sem brýnar ástæður er varða almannaöryggi eru fyrir hendi, skal gripið til brottvísunarráðstöfunar gagnvart borgurum Sambandsins sem hafa dvalist í mörg ár á yfirráðsvæði gistiaðildarríkis, einkum ef þeir eru fæddir þar og hafa dvalið þar alla sína ævi. Á sama hátt skal einungis í undantekningartilvikum heimilt að vísa brott ólögráða börnum, til að vernda tengsl þeirra við fjölskyldu sína, í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989.

25) Einnig skal tilgreina nákvæmlega réttarfarsreglur til að tryggja víðtæka vernd réttinda borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra sé þeim synjað um leyfi til komu eða dvalar í öðru aðildarríki, og einnig til að tryggja að virt sé meginreglan um að sérhver aðgerð yfirvalda skuli vera vel rökstudd.

26) Í öllum tilvikum skulu borgarar Sambandsins og aðstandendur þeirra, sem hefur verið synjað um heimild til komu eða dvalar í öðru aðildarríki, eiga rétt á að skjóta máli sínu til dómstóla.

([1]) Stjtíð. EB L 142, 30.6.1970, bls. 24.
([2]) Stjtíð. EB L 14, 20.1.1975, bls. 10.
([3]) Stjtíð. EB 56, 4.4.1964, bls. 850. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 75/35/EBE (Stjtíð. EB 14, 20.1.1975, bls. 14).

27) Í samræmi við dómaframkvæmd Dómstólsins, sem bannar aðildarríkjunum að taka ákvarðanir um að útiloka einstaklinga, sem þessi tilskipun tekur til, frá yfirráðasvæði sínu fyrir lífstíð, er rétt að staðfesta að borgarar Sambandsins og aðstandendur þeirra, sem hafa verið útilokaðir frá yfirráðasvæði aðildarríkis, eiga rétt á því að leggja fram nýja umsókn að hæfilega löngum tíma liðnum og í öllum tilvikum þegar þrjú ár eru liðin frá endanlegu endurkomubanni (e. exclusion order).

28) Til að vinna gegn misnotkun réttinda og svikum, einkum málamyndahjúskap eða öðrum tengslum sem stofnað er til í þeim tilgangi einum að öðlast rétt til frjálsrar farar og dvalar, skulu aðildarríkin eiga möguleika á því að gera nauðsynlegar ráðstafanir.

29) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á ákvæði aðildarríkjanna sem eru hagstæðari.

30) Með það fyrir augum að rannsaka hvernig auðvelda megi frekar nýtingu réttarins til frjálsrar farar og dvalar skal framkvæmdastjórnin gera skýrslu þar sem möguleikinn á því að leggja fram nauðsynlegar tillögur í því skyni er metinn, einkum að því er varðar framlengingu dvalartímabils án skilyrða.

31) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Í samræmi við bann sáttmálans við mismunun skulu aðildarríkin koma þessari tilskipun til framkvæmda án þess að mismuna þeim, sem njóta góðs af henni, t.d. á grundvelli kynferðis, kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða félagslegs uppruna, erfðaeinkenna, tungumáls, trúar sinnar eða sannfæringar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þess að tilheyra þjóðernisminnihluta, eigna, fæðingar, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um:

a) skilyrði sem gilda um nýtingu borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra á réttinum til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,

b) rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra á yfirráðasvæði aðildarríkjanna til ótímabundinnar dvalar,

c) takmarkanir á réttinum sem nefndur er í a- og b-lið á grundvelli allsherjarreglu, almannaöryggis eða lýðheilsu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Borgari Sambandsins“: einstaklingur sem hefur ríkisfang í aðildarríki,

2. „aðstandandi“:

a) maki,

b) samvistarmaki, sem borgari Sambandsins hefur gengið í staðfesta samvist með á grundvelli laga aðildarríkis, ef litið er svo á í lögum gistiaðildarríkisins að staðfest samvist jafngildi hjónabandi og í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðkomandi lögum gistiaðildarríkisins,

c) afkomendur viðkomandi, maka hans eða samvistarmaka, eins og hann er skilgreindur í b-lið, í beinan ættlegg sem eru undir 21 árs aldri eða eru á framfæri þeirra,

d) ættingjar viðkomandi, maka hans eða samvistarmaka, eins og hann er skilgreindur í b-lið, í beinan legg af eldri kynslóð sem eru á framfæri þeirra,

3. „gistiaðildarríki“: aðildarríki sem borgari Sambandsins flytur til í því skyni að nýta rétt sinn til frjálsrar farar og dvalar.

3. gr.

Rétthafar

1. Þessi tilskipun gildir um alla borgara Sambandsins sem fara til eða dvelja í öðru aðildarríki en ríkinu þar sem þeir eru ríkisborgarar, svo og aðstandendur þeirra, eins og þeir eru skilgreindir í 2. lið 2. gr., sem fylgja þeim eða koma til þeirra.

2. Með fyrirvara um sjálfstæðan rétt viðkomandi einstaklinga til frjálsrar farar og dvalar skal gistiaðildarríkið, í samræmi við landslög, auðvelda eftirtöldum aðilum komu og dvöl:

a) öllum öðrum aðstandendum, óháð ríkisfangi, sem falla ekki undir skilgreininguna í 2. lið 2. gr. en sem eru, í landinu þaðan sem þeir koma, á framfæri eða heimilismenn hjá borgara Sambandsins sem hefur frumrétt til dvalar eða þar sem aðstandandinn þarf skilyrðislaust á persónulegri umönnun borgara Sambandsins að halda sakir alvarlegs heilsubrests,

b) sambúðarmaka sem borgari Sambandsins á í varanlegu sambandi við sem hefur verið tilhlýðilega staðfest.

Gistiaðildarríkið skal gera víðtæka rannsókn á persónulegum högum þessa fólks og færa rök fyrir því ef því er synjað um komu eða dvöl.

II. KAFLI

RÉTTUR TIL BROTTFARAR OG KOMU

4. gr.

Réttur til brottfarar

1. Með fyrirvara um ákvæði um ferðaskilríki, sem gilda um landamærastjórn í ríkjunum, skulu allir borgarar Sambandsins sem eru handhafar gilds kennivottorðs eða vegabréfs og aðstandendur þeirra, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis en eru handhafar gilds vegabréfs, eiga rétt á því að yfirgefa yfirráðasvæði aðildarríkis til að ferðast til annars aðildarríkis.

2. Óheimilt er að krefjast brottfararáritunar eða jafngildra formsatriða af þeim aðilum sem 1. mgr. gildir um.

3. Aðildarríkin skulu, í samræmi við landslög sín, gefa út og endurnýja kennivottorð eða vegabréf til handa ríkisborgurum sínum sem tilgreinir ríkisfang þeirra.

4. Vegabréfið skal gilda a.m.k. í öllum aðildarríkjunum og þeim löndum sem handhafi þess þarf að fara um þegar hann ferðast á milli aðildarríkja. Ef ekki er kveðið á um útgáfu kennivottorða í lögum aðildarríkis skal gildistími vegabréfa, sem eru gefin út eða endurnýjuð, vera a.m.k. fimm ár.

5. gr.

Réttur til komu

1. Með fyrirvara um ákvæði um ferðaskilríki, sem gilda um landamærastjórn í ríkjunum, skulu aðildarríkin veita borgurum Sambandsins, sem eru handhafar gilds kennivottorðs eða vegabréfs, og aðstandendum, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis en eru handhafar gilds vegabréfs, leyfi til að koma inn á yfirráðasvæði sitt.

Óheimilt er að krefjast komuáritunar eða jafngildra formsatriða af borgurum Sambandsins.

2. Aðstandendur, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis, skulu einungis krafðir um komuáritun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 539/2001 eða í samræmi við landslög þar sem við á. Að því er varðar þessa tilskipun skulu þessir aðstandendur vera undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun ef þeir eru handhafar gilds dvalarskírteinis sem um getur í 10. gr.

Aðildarríkin skulu greiða fyrir því á allan hátt að slíkir einstaklingar fái nauðsynlegar vegabréfsáritanir. Slíkar áritanir skulu gefnar út án endurgjalds eins fljótt og hægt er og hljóta flýtimeðferð.

3. Gistiaðildarríkið skal ekki setja komu- eða brottfararstimpil í vegabréf aðstandenda, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis, ef þeir framvísa dvalarskírteininu sem kveðið er á um í 10. gr.

4. Hafi borgari Sambandsins, eða aðstandandi sem er ekki ríkisborgari aðildarríkis, ekki nauðsynleg ferðaskilríki eða tilskildar vegabréfsáritanir, sé þeirra krafist, skal viðkomandi aðildarríki, áður en slíkum einstaklingum er vísað frá, gefa þeim sanngjarnt tækifæri til að afla nauðsynlegra skjala eða fá þau send innan sanngjarns tíma eða til að fá framburð sinn staðfestan eða fá viðurkennt á annan hátt að þeir falli undir réttinn til frjálsrar farar og dvalar.

5. Aðildarríkið getur krafist þess að viðkomandi einstaklingur tilkynni um veru sína á yfirráðasvæði þess innan hæfilegs tíma sem ekki felur í sér mismunun. Uppfylli viðkomandi einstaklingur ekki þessa kröfu getur hann þurft að sæta viðurlögum sem eru í réttu hlutfalli við brotið og án mismununar.

III. KAFLI

DVALARRÉTTUR

6. gr.

Réttur til dvalar í allt að þrjá mánuði

1. Borgari Sambandsins skal eiga rétt á því að dvelja á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í allt að þrjá mánuði án þess að uppfylla önnur skilyrði eða formsatriði en að hafa gilt kennivottorð eða vegabréf.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um aðstandendur sem eru ekki ríkisborgarar í aðildarríki en fylgja borgara Sambandsins eða koma til hans og hafa gilt vegabréf.

7. gr.

Réttur til dvalar lengur en í þrjá mánuði

1. Sérhver borgari Sambandsins skal eiga rétt á því að dvelja á yfirráðasvæði annars aðildarríkis lengur en í þrjá mánuði ef hann:

a) er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í gistiaðildarríkinu eða

b) hefur nægilegt fé fyrir sig og aðstandendur sína til að verða ekki byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í gistiaðildarríkinu á dvalartímabilinu og hefur fullnægjandi sjúkratryggingu í gistiaðildarríkinu eða

c) — er innritaður hjá einkastofnun eða opinberri stofnun, sem er viðurkennd eða fjármögnuð af gestaaðildarríkinu á grundvelli laga eða stjórnsýsluvenju í því ríki, í því skyni fyrst og fremst að stunda nám, þ.m.t. starfsnám, og

— hefur fullnægjandi sjúkratryggingu sem gildir í gistiaðildarríkinu auk þess að veita viðkomandi innlendu yfirvaldi vissu fyrir því, með yfirlýsingu eða jafngildum aðferðum sem hann kýs, að hann hafi nægilegt fé fyrir sig og aðstandendur sína til að verða ekki byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í gistiaðildarríkinu á dvalartímabilinu

eða

d) er aðstandandi sem fylgir borgara Sambandsins eða kemur til hans og uppfyllir skilyrðin sem um getur í a-, b-, eða c-lið.

2. Dvalarrétturinn, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal ná til aðstandenda sem eru ekki ríkisborgarar í aðildarríki en fylgja borgara Sambandsins eða koma til hans í gistiaðildarríkinu, að því tilskildu að sá uppfylli skilyrðin sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr.

3. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal borgari Sambandsins, sem er ekki lengur launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, halda stöðu sinni sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur við eftirfarandi aðstæður:

a) á meðan hann er tímabundið óvinnufær vegna veikinda eða slyss,

b) á meðan hann er skráður atvinnulaus með réttum hætti og um er að ræða þvingað atvinnuleysi eftir að hafa verið í vinnu í meira en ár og hefur skráð sig í atvinnuleit hjá viðkomandi vinnumiðlun,

c) á meðan hann er skráður atvinnulaus með réttum hætti, og um er að ræða þvingað atvinnuleysi, eftir að hafa lokið tímabundnum ráðningarsamningi sem stóð í innan við ár eða eftir að hafa orðið atvinnulaus, án eigin tilverknaðar, á fyrstu tólf mánuðunum og hefur skráð sig í atvinnuleit hjá viðkomandi vinnumiðlun. Í því tilviki skal hann halda stöðu sinni sem launþegi í a.m.k. sex mánuði,

d) hefji hann starfsnám. Sé ekki um að ræða þvingað atvinnuleysi skal hann einungis halda stöðu sinni sem launþegi ef starfsnámið tengist fyrra starfi hans.

4. Þrátt fyrir d-lið 1. mgr. og 2. mgr. hér að framan skulu aðeins maki, samvistarmaki, sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 2. gr., og börn á framfæri hafa dvalarrétt sem aðstandendur borgara Sambandsins sem uppfyllir skilyrði skv. c-lið 1. mgr. hér að framan. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. skulu gilda um ættingja borgarans í beinan legg af eldri kynslóð, sem eru á framfæri hans, svo og slíka ættingja maka eða samvistarmaka.

8. gr.

Formsatriði á sviði stjórnsýslu varðandi borgara Sambandsins

1. Gistiaðildarríki getur krafist þess að borgarar Sambandsins skrái sig hjá viðeigandi yfirvöldum vegna dvalartímabila sem eru lengri en þrír mánuðir, sbr. þó 5. mgr. 5. gr.

2. Frestur til skráningar má ekki vera skemmri en þrír mánuðir frá komudegi. Skráningarvottorð (e. registration certificate) skal gefið út þegar í stað þar sem fram kemur nafn og heimilisfang einstaklingsins sem skráir sig, svo og skráningardagur. Uppfylli viðkomandi einstaklingur ekki kröfuna um skráningu getur hann þurft að sæta viðurlögum sem eru í réttu hlutfalli við brotið og án mismununar.

3. Vegna útgáfu skráningarvottorðs geta aðildarríkin einungis krafist þess

— að borgarar Sambandsins, sem a-liður 1. mgr. 7. gr. gildir um, framvísi gildu kennivottorði eða vegabréfi, staðfestingu á ráðningu frá vinnuveitanda eða starfsvottorði eða sýni fram á að þeir séu sjálfstætt starfandi einstaklingar,

— að borgarar Sambandsins, sem b-liður 1. mgr. 7. gr. gildir um, framvísi gildu kennivottorði eða vegabréfi og sýni fram á að þeir uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeim lið,

— að borgarar Sambandsins, sem c-liður 1. mgr. 7. gr. gildir um, framvísi gildu kennivottorði eða vegabréfi, sýni fram á að vera innritaðir í viðurkennda stofnun og fram á fullnægjandi sjúkratryggingu og leggi fram yfirlýsinguna eða jafngilda sönnun sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr. Aðildarríki geta ekki krafist þess að í þessari yfirlýsingu komi fram tiltekin fjárhæð.

4. Aðildarríkjunum er ekki heimilt að mæla fyrir um fasta fjárhæð sem þau telja „nægilegt fé“ heldur verða þau að taka tillit til persónulegra aðstæðna viðkomandi einstaklings. Fjárhæðin skal aldrei vera hærri en þau mörk sem ríkisborgarar gistiaðildarríkisins þurfa að vera undir til að eiga rétt á félagslegri aðstoð eða, ef þessi viðmiðun á ekki við, lágmarksbætur almannatrygginga sem gistiaðildarríkið greiðir.

5. Aðildarríki geta krafist þess að eftirfarandi skjölum sé framvísað vegna útgáfu skráningarvottorðs fyrir aðstandendur borgara Sambandsins sem eru sjálfir borgarar Sambandsins:

a) gildu kennivottorði eða vegabréfi,

b) skjali sem staðfestir fjölskyldubönd eða staðfesta samvist,

c) ef við á, skráningarvottorð borgara Sambandsins sem þeir fylgja eða koma til,

d) í tilvikum sem falla undir c- og d-lið 2. mgr. 2. gr., skjalfestri sönnun þess að skilyrðin sem mælt er fyrir um þar séu uppfyllt,

e) í tilvikum sem falla undir a-lið 2. mgr. 3. gr., skjal sem er gefið út af viðkomandi yfirvaldi í upprunalandinu, eða í landinu þaðan sem þeir koma, sem vottar að þeir séu á framfæri eða heimilismenn borgara Sambandsins eða sönnun þess að um sé að ræða alvarlegan heilsubrest þar sem aðstandandinn þarf skilyrðislaust á persónulegri umönnun borgara Sambandsins að halda,

f) í tilvikum sem falla undir b-lið 2. mgr. 3. gr., sönnun þess að um sé að ræða varanlegt samband við borgara Sambandsins.

9. gr.

Formsatriði á sviði stjórnsýslu varðandi aðstandendur sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis

1. Aðildarríki skulu gefa út dvalarskírteini til handa aðstandendum borgara Sambandsins, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis, ef áætlað dvalartímabil er lengra en þrír mánuðir.

2. Frestur til að leggja fram umsókn um dvalarskírteini má ekki vera skemmri en þrír mánuðir frá komudegi.

3. Uppfylli viðkomandi einstaklingur ekki kröfuna um að sækja um dvalarskírteini getur hann þurft að sæta viðurlögum sem eru í réttu hlutfalli við brotið og án mismununar.

10. gr.

Útgáfa dvalarskírteina

1. Dvalarrétt aðstandenda borgara Sambandsins, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis, skal votta með því að gefa út skjal sem kallast „dvalarskírteini aðstandanda borgara Sambandsins“ eigi síðar en sex mánuðum eftir að þeir leggja fram umsóknina. Vottorð um að sótt hafi verið um dvalarskírteini skal gefið út þegar í stað.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að eftirfarandi skjölum sé framvísað vegna útgáfu dvalarskírteinis:

a) gildu vegabréfi,

b) skjali sem staðfestir fjölskyldubönd eða staðfesta samvist,

c) skráningarvottorði eða, ef skráningarkerfi er ekki fyrir hendi, hvers konar sönnun annarri fyrir dvöl í gistiaðildarríki borgara Sambandsins sem aðstandendur fylgja eða koma til,

d) í tilvikum sem falla undir c- og d-lið 2. mgr. 2. gr., skjalfestri sönnun þess að skilyrðin, sem mælt er fyrir um þar, séu uppfyllt,

e) í tilvikum sem falla undir a-lið 2. mgr. 3. gr., skjali sem er gefið út af viðkomandi yfirvaldi í upprunalandinu, eða í landinu þaðan sem þeir koma, sem vottar að þeir séu á framfæri eða heimilismenn borgara Sambandsins eða sönnun þess að um sé að ræða alvarlegan heilsubrest þar sem aðstandandinn þarf skilyrðislaust á persónulegri umönnun borgara Sambandsins að halda,

f) í tilvikum sem falla undir b-lið 2. mgr. 3. gr., sönnun þess að um sé að ræða varanlegt samband við borgara Sambandsins.

11. gr.

Gildistími dvalarskírteinis

1. Dvalarskírteinið sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. skal gilda í fimm ár frá útgáfudegi eða meðan fyrirhugað dvalartímabil borgara Sambandsins varir, ef sá tími er skemmri en fimm ár.

2. Tímabundin fjarvera, í eitt skipti eða fleiri, sem stendur ekki lengur en sex mánuði á ári, skal ekki hafa áhrif á gildistíma dvalarskírteinisins, og ekki heldur lengri fjarvera, í eitt skipti eða fleiri, í skyldubundinni herþjónustu eða ein fjarvera sem er að hámarki 12 mánuðir samfleytt af áríðandi ástæðum svo sem vegna þungunar og barneigna, alvarlegra veikinda, náms eða starfsnáms eða starfa, sem viðkomandi er sendur til, í öðru aðildarríki eða þriðja landi.

12. gr.

Áframhaldandi dvalarréttur aðstandenda við andlát eða brottför borgara Sambandsins

1. Með fyrirvara um aðra undirgrein skal andlát borgara Sambandsins eða brottför frá gistiaðildarríkinu ekki hafa áhrif á dvalarrétt þeirra aðstandenda hans sem eru ríkisborgarar aðildarríkis.

Til að öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar verður viðkomandi einstaklingur að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-, b-, c-, eða d-lið 1. mgr. 7. gr.

2. Með fyrirvara um aðra undirgrein skal andlát borgara Sambandsins ekki leiða til þess að aðstandendur hans, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis en hafa dvalist í gistiaðildarríkinu sem aðstandendur í a.m.k. eitt ár fyrir andlát borgara Sambandsins, missi rétt sinn.

Áður en einstaklingar öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar skal dvalarréttur þeirra vera háður því að þeir geti sýnt fram á að vera launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingur eða að þeir hafi nægilegt fé fyrir sig og aðstandendur sína til að verða ekki byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í gistiaðildarríkinu á dvalartímabilinu og að þeir hafi fullnægjandi sjúkratryggingu í gistiaðildarríkinu, eða að þeir séu aðstandendur einstaklings, sem þegar hefur stofnað fjölskyldu í gistiaðildarríkinu og sem uppfyllir þessar kröfur. „Nægilegt fé“ skal vera eins og skilgreint er í 4. mgr. 8. gr. Slíkir aðstandendur skulu halda dvalarrétti sínum á persónubundnum grundvelli eingöngu.

3. Brottför borgara Sambandsins frá gistiaðildarríkinu eða andlát hans skal ekki hafa í för með sér að börn hans eða það foreldri, sem hefur í reynd forræði barnanna, óháð ríkisfangi, missi dvalarrétt sinn, ef börnin búa í gistiaðildarríkinu og eru innrituð hjá menntastofnun í þeim tilgangi að stunda þar nám, fyrr en þau hafa lokið námi.

13. gr.

Áframhaldandi dvalarréttur aðstandenda við skilnað, ógildingu hjónabands eða slit staðfestrar samvistar

1. Með fyrirvara um aðra undirgrein skal skilnaður, ógilding hjónabands borgara Sambandsins eða slit staðfestrar samvistar, sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr., ekki hafa áhrif á dvalarrétt aðstandenda hans sem eru ríkisborgarar aðildarríkis.

Til að öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar verður viðkomandi einstaklingur að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-, b-, c-, eða d-lið 1. mgr. 7. gr.

2. Með fyrirvara um aðra undirgrein skal skilnaður, ógilding hjónabands eða slit staðfestrar samvistar, sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr., ekki leiða til þess að aðstandendur borgara Sambandsins, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis, missi dvalarrétt sinn ef:

a) hjónabandið eða staðfesta samvistin, sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr., hefur staðið í a.m.k. þrjú ár, þar af eitt ár í gistiaðildarríkinu, þegar skilnaður eða ógilding á sér stað eða staðfestri samvist er slitið eða

b) maki eða samvistarmaki, sem er ekki ríkisborgari aðildarríkis, fer með forræði barna borgara Sambandsins samkvæmt samkomulagi við maka eða samvistarmaka sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. eða samkvæmt dómsúrskurði eða

c) slíkt orsakast af sérstaklega erfiðum aðstæðum, t.d. því að hafa orðið fyrir ofbeldi á heimilinu meðan á hjónabandi eða staðfestri samvist stóð, eða

d) makinn eða samvistarmakinn, sem er ekki ríkisborgari aðildarríkis, hefur umgengnisrétt við ólögráða barn samkvæmt samkomulagi við maka eða samvistarmaka, sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr., eða samkvæmt dómsúrskurði, að því tilskildu að dómstóllinn hafi úrskurðað að slík umgengni verði að eiga sér stað í gistiaðildarríkinu, og eins lengi og krafist er.

Áður en einstaklingar öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar skal dvalarréttur þeirra vera háður því að þeir geti sýnt fram á að vera launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar eða að þeir hafi nægilegt fé fyrir sig og aðstandendur sína til að verða ekki byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í gistiaðildarríkinu á búsetutímabilinu og að þeir hafi fullnægjandi sjúkratryggingu í gistiaðildarríkinu, eða að þeir séu aðstandendur einstaklings, sem þegar hefur stofnað fjölskyldu í gistiaðildarríkinu og sem uppfyllir þessar kröfur. „Nægilegt fé“ skal vera eins og skilgreint er í 4. mgr. 8. gr.

Slíkir aðstandendur skulu halda dvalarrétti sínum á persónubundnum grundvelli eingöngu.

14. gr.

Áframhaldandi dvalarréttur

1. Borgarar Sambandsins og aðstandendur þeirra skulu hafa þann dvalarrétt sem kveðið er á um í 6. gr. svo lengi sem þeir verða ekki ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í gistiaðildarríkinu.

2. Borgarar Sambandsins og aðstandendur þeirra skulu hafa þann dvalarrétt sem kveðið er á um í 7., 12. og 13. gr. svo lengi sem þeir uppfylla skilyrðin sem sett eru þar.

Í sérstökum tilvikum þar sem rökstudd ástæða er til að draga í efa að borgari Sambandsins eða aðstandendur hans uppfylli skilyrði 7., 12. og 13. gr. geta aðildarríkin sannprófað hvort þessum skilyrðum sé fullnægt. Þessi sannprófun skal ekki gerð kerfisbundið.

3. Brottvísunarráðstöfun skal ekki sjálfkrafa vera afleiðing þess að borgari Sambandsins eða aðstandendur hans leiti til kerfis félagslegrar aðstoðar í gistiaðildarríkinu.

4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. og með fyrirvara um ákvæði VI. kafla má undir engum kringumstæðum grípa til brottvísunarráðstöfunar gagnvart borgurum Sambandsins eða aðstandendum þeirra ef:

a) viðkomandi borgarar Sambandsins eru launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar eða

b) viðkomandi borgarar Sambandsins komu inn á yfirráðasvæði gistiaðildarríkisins í atvinnuleit. Í því tilviki má ekki vísa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra brott svo lengi sem borgarar Sambandsins geta lagt fram sönnun þess að þeir séu enn í atvinnuleit og að þeir hafi raunverulega möguleika á því að fá atvinnu.

15. gr.

Réttarfarsreglur

1. Málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 30. og 31. gr., skal gilda á hliðstæðan hátt um allar ákvarðanir sem takmarka frjálsa för borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra á grundvelli annars en allsherjarreglu, almannaöryggis eða lýðheilsu.

2. Þótt kennivottorð eða vegabréf, sem hlutaðeigandi einstaklingur framvísaði við komu til gistiaðildarríkis og lá til grundvallar útgáfu skráningarvottorðs eða dvalarskírteinis, renni út skal það ekki teljast ástæða til brottvísunar frá gistiaðildarríkinu.

3. Gistiaðildarríki getur ekki sett komubann í tengslum við ákvörðun um brottvísun sem 1. mgr. gildir um.

IV. KAFLI

RÉTTUR TIL ÓTÍMABUNDINNAR DVALAR

Bálkur I

Þeir sem geta nýtt sér réttinn

16. gr.

Almenn regla fyrir borgara Sambandsins og aðstandendur þeirra

1. Borgarar Sambandsins sem hafa dvalið á löglegan hátt í fimm ár samfleytt í gistiaðildarríki skulu öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar þar. Þessi réttur skal ekki vera háður skilyrðunum sem kveðið er á um í III. kafla.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um aðstandendur sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis en hafa dvalið á löglegan hátt í gistiaðildarríkinu hjá borgara Sambandsins í fimm ár samfleytt.

3. Tímabundin fjarvera, í eitt skipti eða fleiri, sem stendur ekki lengur en sex mánuði á ári alls, skal ekki hafa áhrif á samfellda dvöl, og ekki heldur lengri fjarvera, í eitt skipti eða fleiri, í skyldubundinni herþjónustu eða ein fjarvera sem er að hámarki 12 mánuðir samfleytt, af áríðandi ástæðum svo sem vegna þungunar og barneignar, alvarlegra veikinda, náms eða starfsnáms eða starfa, sem viðkomandi er sendur til, í öðru aðildarríki eða þriðja landi.

4. Hafi réttur til ótímabundinnar dvalar einu sinni verið veittur getur hlutaðeigandi einstaklingur einungis tapað þeim rétti með því að vera fjarverandi frá gistiríkinu í meira en tvö ár samfleytt.

17. gr.

Undanþágur fyrir einstaklinga sem starfa ekki lengur í gistiaðildarríki og aðstandendur þeirra

1. Þrátt fyrir 16. gr. skulu eftirtaldir einstaklingar öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar í gistiaðildarríkinu þótt þeir hafi dvalið þar skemur en í fimm ár samfleytt:

a) launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa, þegar þeir hætta störfum, náð lögbundnum ellilífeyrisaldri í því aðildarríki eða launþegar sem hætta í launuðu starfi til að fara snemma á eftirlaun, að því tilskildu að þeir hafi unnið í því aðildarríki í a.m.k. næstliðna tólf mánuði og hafi dvalið þar samfleytt í meira en þrjú ár.

Ef ekki er kveðið á um rétt tiltekna hópa sjálfstætt starfandi einstaklinga til ellilífeyris í lögum gistiaðildarríkisins skal aldursskilyrðið teljast uppfyllt þegar viðkomandi einstaklingur hefur náð 60 ára aldri,

b) launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa dvalið samfleytt í gistiaðildarríkinu í meira en tvö ár og hætta störfum þar vegna varanlegrar óvinnufærni.

Ef slík óvinnufærni orsakaðist af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi, sem veitir viðkomandi einstaklingi rétt til bóta er stofnun í gistiaðildarríkinu ber að greiða, að fullu eða að hluta til, skal ekki setja nein skilyrði um lengd dvalar,

c) launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar sem, eftir að hafa starfað og dvalið samfleytt í gistiaðildarríkinu í þrjú ár, vinna launavinnu eða sem sjálfstætt starfandi einstaklingar í öðru aðildarríki en halda þó dvalarstað sínum í gistiaðildarríkinu og snúa aftur þangað dag hvern, að jafnaði, eða a.m.k. einu sinni í viku.

Varðandi réttinn, sem um getur í a- og b-lið, skal líta á starfstímabil í aðildarríkinu þar sem viðkomandi einstaklingur starfar sem starfstímabil í gistiaðildarríkinu.

Tímabil atvinnuleysis þar sem um er að ræða þvingað atvinnuleysi, sem eru rétt skráð hjá viðkomandi vinnumiðlun, tímabil þar sem störf falla niður af ástæðum sem eru ekki af völdum viðkomandi einstaklings og fjarvistir frá vinnu eða þegar viðkomandi hættir störfum vegna veikinda eða slyss, skulu teljast til starfstímabila.

2. Skilyrðin um lengd dvalar og atvinnu, sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. og skilyrðið um lengd dvalar, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr., eiga ekki við ef maki eða samvistarmaki launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings, eins og um getur í b-lið 2.-liðar 2. gr,. er ríkisborgari í gistiaðildarríkinu eða hefur misst ríkisborgararétt í því ríki með því að ganga í hjónaband með þessum launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi.

3. Aðstandendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings, sem dvelja hjá honum á yfirráðasvæði gistiaðildarríkis, skulu, óháð ríkisfangi, hafa rétt til ótímabundinnar dvalar í því aðildarríki ef launþeginn eða sjálfstætt starfandi einstaklingurinn hefur sjálfur öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar í því aðildarríki á grundvelli 1. mgr.

4. Látist launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur á meðan hann stundar enn vinnu en áður en hann öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar í gistiaðildarríkinu á grundvelli 1. mgr. skulu aðstandendur hans, sem búa hjá honum í gistiaðildarríkinu, samt sem áður öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar þar að því tilskildu:

a) að launþeginn eða sjálfstætt starfandi einstaklingurinn hafi, þegar hann lést, dvalið samfleytt á yfirráðsvæði þess gistiaðildarríkis í tvö ár eða

b) að hann hafi látist í vinnuslysi eða úr atvinnusjúkdómi eða

c) að eftirlifandi maki hafi misst ríkisborgararétt í því aðildarríki við það að ganga í hjónaband með launþeganum eða sjálfstætt starfandi einstaklingnum.

18. gr.

Hvernig tilteknir aðstandendur, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis, geta öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar

Með fyrirvara um 17. gr. skulu aðstandendur borgara Sambandsins, sem 2. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 13. gr. gilda um og sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um þar, öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar eftir að hafa dvalið löglega í fimm ár samfleytt í gistiaðildarríkinu.

II. hluti

Formsatriði á sviði stjórnsýslu

19. gr.

Skjal sem staðfestir rétt borgara Sambandsins til ótímabundinnar dvalar

1. Aðildarríkin skulu, eftir að hafa gengið úr skugga um dvalartíma, gefa út skjal sem staðfestir rétt til ótímabundinnar dvalar (e. document certifying permanent residence) til handa borgurum Sambandsins sem hafa rétt til ótímabundinnar dvalar, sæki þeir um það.

2. Skjalið, sem staðfestir rétt til ótímabundinnar dvalar, skal gefið út eins fljótt og unnt er.

20. gr.

Skírteini til staðfestingar á rétti aðstandenda, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis, til ótímabundinnar dvalar

1. Aðildarríki skulu, innan sex mánaða frá því að umsókn er lögð fram, gefa út skírteini til staðfestingar á rétti til ótímabundinnar dvalar (e. permanent residence card) fyrir aðstandendur, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis en hafa rétt til ótímabundinnar dvalar. Skírteinið til staðfestingar á rétti til ótímabundinnar dvalar skal endurnýjast sjálfkrafa á 10 ára fresti.

2. Umsókn um skírteini til staðfestingar á rétti til ótímabundinnar dvalar skal leggja fram áður en dvalarskírteini rennur út. Uppfylli viðkomandi einstaklingur ekki kröfuna um að sækja um skírteini til staðfestingar á rétti til ótímabundinnar dvalar getur hann þurft að sæta viðurlögum sem eru í réttu hlutfalli við brotið og án mismununar.

3. Hlé á búsetu, sem er ekki lengra en tvö ár samfleytt, skal ekki hafa áhrif á gildi skírteinis til staðfestingar á rétti til ótímabundinnar dvalar.

21. gr.

Samfelld dvöl

Að því er varðar þessa tilskipun er hægt að færa sönnur á samfellda dvöl með hverjum þeim hætti sem tíðkast í gistiaðildarríkinu. Ákvörðun um brottvísun, sem er framfylgt tilhlýðilega gagnvart viðkomandi einstaklingi, rýfur samfellda dvöl.

V. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI UM DVALARRÉTT OG RÉTT TIL ÓTÍMABUNDINNAR DVALAR

22. gr.

Gildissvæði

Dvalarréttur og réttur til ótímabundinnar dvalar skal ná til alls yfirráðasvæðis gistiaðildarríkisins. Aðildarríki geta því aðeins takmarkað dvalarrétt og rétt til ótímabundinnar dvalar við tiltekin svæði að sömu takmarkanir gildi um þeirra eigin ríkisborgara.

23. gr.

Tengd réttindi

Aðstandendur borgara Sambandsins, sem hafa dvalarrétt eða rétt til ótímabundinnar dvalar í aðildarríki, skulu, óháð ríkisfangi, eiga rétt á að gerast launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar þar.

24. gr.

Jöfn meðferð

1. Með fyrirvara um sérstök ákvæði, sem kveðið er skýrt á um í sáttmálanum og afleiddri löggjöf, skulu allir borgarar Sambandsins, sem dvelja á grundvelli þessarar tilskipunar á yfirráðasvæði gistiaðildarríkis, sæta sömu meðferð og ríkisborgarar þess aðildarríkis innan gildissviðs sáttmálans. Þessi réttur skal rýmkaður þannig að hann nái til aðstandenda sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis en sem hafa dvalarrétt eða rétt til ótímabundinnar dvalar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. ber gistiaðildarríkinu ekki skylda til að veita rétt til félagslegrar aðstoðar fyrstu þrjá mánuði dvalar eða, eftir því sem við á, á lengra tímabili sem kveðið er á um í b-lið 4. mgr. 14. gr., og ber ekki heldur skylda til, áður en réttur til ótímabundinnar dvalar er fenginn, að veita framfærsluaðstoð vegna náms, þ.m.t. starfsnám, í formi námsstyrkja eða námslána til annarra einstaklinga en launþega, sjálfstætt starfandi einstaklinga, einstaklinga sem halda þeirri stöðu og aðstandenda þeirra.

25. gr.

Almenn ákvæði varðandi dvalarskjöl

1. Undir engum kringumstæðum má það vera forsenda fyrir því að einstaklingur geti nýtt rétt sinn eða fyrir því hægt sé að ljúka stjórnsýslulegum formsatriðum að viðkomandi sé handhafi skráningarvottorðs, sem um getur í 8. gr., skjals sem staðfestir rétt til ótímabundinnar dvalar, skjals sem vottar að umsókn um dvalarskírteini fyrir aðstandendur hafi verið lögð fram, dvalarskírteinis eða skírteinis sem staðfestir rétt til ótímabundinnar dvalar, þar eð viðkomandi getur fært sönnur á rétt með ýmsum öðrum skjölum.

2. Öll skjöl, sem nefnd eru í 1. mgr., skulu gefin út án endurgjalds eða gegn endurgjaldi sem er ekki hærra en það sem ríkisborgurum er gert að greiða fyrir útgáfu svipaðra skjala.

26. gr.

Eftirlit

Aðildarríkjunum er heimilt að hafa eftirlit með því hvort farið sé að kröfum, sem leiðir af landslögum þeirra, um að einstaklingar sem ekki eru ríkisborgarar beri ætíð skráningarvottorð sín eða dvalarskírteini, að því tilskildu að sömu kröfur gildi um ríkisborgara þeirra að því er varðar kennivottorð. Sé ekki farið að þessum kröfum er aðildarríkjunum heimilt að beita sömu viðurlögum og þau beita eigin ríkisborgara fyrir að bera ekki á sér kennivottorð.

VI. KAFLI

TAKMARKANIR Á RÉTTI TIL KOMU OG DVALAR Á GRUNDVELLI ALLSHERJARREGLU, ALMANNAÖRYGGIS EÐA LÝÐHEILSU

27. gr.

Almennar meginreglur

1. Með fyrirvara um ákvæði þessa kafla er aðildarríkjunum heimilt að takmarka frjálsa för og dvöl borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra, óháð ríkisfangi, á grundvelli allsherjarreglu, almannaöryggis eða lýðheilsu. Ekki má bera þessar aðstæður fyrir sig í efnahagslegum tilgangi.

2. Ráðstafanir, sem gerðar eru með skírskotun til allsherjarreglu eða almannaöryggis, skulu vera í samræmi við meðalhófsregluna og alfarið byggjast á framferði hlutaðeigandi einstaklings. Fyrri refsilagabrot nægja ekki ein og sér til þess að slíkum ráðstöfunum sé beitt.

Framferði hlutaðeigandi einstaklings þarf að teljast raunveruleg, yfirvofandi og nægilega alvarleg ógnun við einhverja af grundvallarhagsmunum samfélagsins. Rök sem varða ekki atriði málsins eða sem byggja á almennum forvarnarforsendum skulu ekki tekin gild.

3. Til að ganga úr skugga um hvort allsherjarreglu eða almannaöryggi stafar hætta af viðkomandi einstaklingi getur gistiaðildarríkið við útgáfu skráningarvottorðs eða, ef skráningarkerfi er ekki fyrir hendi, eigi síðar en þremur mánuðum eftir komudag viðkomandi einstaklings til yfirráðasvæðis þess eða eftir að viðkomandi tilkynnir um veru sína á yfirráðasvæðinu, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 5. gr., eða þegar dvalarskírteini er gefið út, þegar slíkt er talið nauðsynlegt, farið fram á það við upprunaaðildarríkið og, ef þörf krefur, önnur aðildarríki að fá upplýsingar um sakavottorð viðkomandi einstaklings. Ekki skal gera slíkar fyrirspurnir að reglu. Aðildarríkin, sem leitað er til, skulu svara innan tveggja mánaða.

4. Aðildarríkið, sem gaf út vegabréfið eða kennivottorðið, skal heimila handhafa skírteinisins, sem hefur verið vísað brott á grundvelli allsherjarreglu, almannaöryggis eða lýðheilsu, að koma aftur inn á yfirráðasvæði sitt án nokkurra formsatriða, jafnvel þótt skírteinið sé ekki lengur í gildi eða vafi leiki á um ríkisfang handhafa þess.

28. gr.

Vernd gegn brottvísun

1. Áður en tekin er ákvörðun um brottvísun á grundvelli allsherjarreglu eða almannaöryggis skal gistiaðildarríkið taka tillit til atriða eins og þess hve lengi viðkomandi einstaklingur hefur dvalið á yfirráðasvæði þess, aldurs, heilsufars, fjölskyldu- og fjárhagsaðstæðna, félagslegrar og menningarlegrar aðlögunar í gistiaðildarríkinu og þess hve mikil tengsl hann hefur við upprunalandið.

2. Gistiaðildarríkinu er ekki heimilt að taka ákvörðun um brottvísun borgara Sambandsins eða aðstandenda þeirra, óháð ríkisfangi, sem hafa rétt til ótímabundinnar dvalar á yfirráðasvæði þess, nema alvarlegar ástæður liggi til þess á grundvelli allsherjarreglu eða almannaöryggis.

3. Óheimilt er að taka ákvörðun um brottvísun borgara Sambandsins nema sú ákvörðun sé tekin á grundvelli brýnna ástæðna er varða almannaöryggi, eins og þær eru skilgreindar í aðildarríkjunum, ef þeir:

a) hafa dvalið í gistiaðildarríkinu undanfarin 10 ár eða

b) eru ólögráða, nema brottvísun sé nauðsynleg til að gæta hagsmuna barnsins eins og kveðið er á um það í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989.

29. gr.

Lýðheilsa

1. Einu sjúkdómarnir, sem réttlæta ráðstafanir sem takmarka frjálsa för, skulu vera sjúkdómar sem orðið geta að faraldri, eins og skilgreint er í viðeigandi gerningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, og aðrir smitsjúkdómar eða smitnæmir sníkilssjúkdómar falli þeir undir verndarákvæði sem gilda um ríkisborgara gistiaðildarríkisins.

2. Sjúkdómar, sem koma fram eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá komudegi, skulu ekki teljast ástæða fyrir brottvísun frá yfirráðasvæðinu.

3. Ef ótvíræðar vísbendingar eru um að slíkt sé nauðsynlegt geta aðildarríki óskað eftir því að einstaklingar, sem hafa dvalarrétt, fari í læknisskoðun, endurgjaldslaust, innan þriggja mánaða frá komudegi, til að staðfesta að þeir hafi engan af þeim sjúkdómum sem um getur í 1. mgr. Ekki skal gert að reglu að krefjast slíkra læknisskoðana.

30. gr.

Tilkynning um ákvarðanir

1. Tilkynna skal viðkomandi einstaklingum skriflega um allar ákvarðanir sem eru teknar skv. 1. mgr. 27. gr. með þeim hætti að þeir fái skilið efni þeirra og afleiðingar.

2. Upplýsa skal viðkomandi einstaklinga, nákvæmlega og að fullu, um þær ástæður er varða allsherjarreglu, almannaöryggi eða lýðheilsu, sem ákvörðun, er þá varðar, byggist á, nema slíkt brjóti í bága við öryggishagsmuni ríkisins.

3. Í tilkynningunni skal tilgreina dómstól eða stjórnsýsluyfirvald, sem viðkomandi einstaklingur getur skotið máli sínu til, tímamörk málskots og, þar sem við á, sá frestur sem einstaklingnum er gefinn til að fara frá yfirráðasvæði aðildarríkisins. Fresturinn til að fara frá yfirráðasvæðinu skal ekki vera styttri en einn mánuður frá þeim degi þegar það er tilkynnt, nema í vel rökstuddum neyðartilvikum.

31. gr.

Réttarfarsreglur

1. Viðkomandi einstaklingar skulu eiga kost á að skjóta máli sínu til dómstóla (e. judicial redress procedures) og, þar sem við á, stjórnsýsluyfirvalds (e. administrative redress procedures) í gistiaðildarríkinu til að óska endurskoðunar á hvers konar ákvörðun sem tekin hefur verið í máli þeirra á grundvelli allsherjarreglu, almannaöryggis eða lýðheilsu.

2. Ef beiðni um málsskot til eða endurskoðun dómstóla á ákvörðun um brottvísun fylgir beiðni um að fresta framkvæmd ákvörðunarinnar getur brottvísun frá yfirráðasvæðinu ekki átt sér stað fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um frestunarbeiðnina, nema:

— ákvörðunin um brottvísun sé byggð á fyrri dómsniðurstöðu eða

— viðkomandi einstaklingar hafi áður fengið endurskoðun dómstóls eða

— ákvörðunin um brottvísun sé byggð á brýnum ástæðum um almannaöryggi skv. 3. mgr. 28. gr.

3. Málskotsleiðirnar skulu fela í sér rannsókn á lögmæti ákvörðunarinnar og einnig á þeim staðreyndum og aðstæðum sem fyrirhuguð ráðstöfun er byggð á. Með þeim skal gengið úr skugga um að meðalhófs hafi verið gætt við töku ákvörðunarinnar, einkum í ljósi kröfunnar sem mælt er fyrir um í 28. gr.

4. Aðildarríki geta meinað viðkomandi einstaklingi aðgang að yfirráðasvæði sínu meðan á málsmeðferð vegna málskots stendur en þau mega ekki koma í veg fyrir að einstaklingur geti haldið uppi vörnum í eigin persónu nema slíkt geti valdið verulegum erfiðleikum varðandi allsherjarreglu eða almannaöryggi eða í þeim tilvikum þegar málsskotið eða endurskoðun dómstóls varðar bann við því að koma inn á yfirráðasvæðið.

32. gr.

Gildistími endurkomubanns

1. Einstaklingar, sem er meinuð endurkoma á grundvelli allherjarreglu eða almannaöryggis, geta lagt fram umsókn um að banninu verði aflétt eftir hæfilegan tíma, sem fer eftir aðstæðum, og í öllum tilvikum þegar þrjú ár eru liðin frá endanlegu endurkomubanni sem hefur verið samþykkt á gildan hátt í samræmi við lög Bandalagsins, með rökstuðningi sem sýnir að orðið hafi verulegar breytingar á þeim aðstæðum sem réttlættu ákvörðun um endurkomubann.

Viðkomandi aðildarríki skulu taka ákvörðun um þessa umsókn innan sex mánaða frá því að hún er lögð fram.

2. Einstaklingarnir, sem um getur í 1. mgr., skulu ekki hafa rétt til að koma inn á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis á meðan fjallað er um umsókn þeirra.

33. gr.

Brottvísun í refsingarskyni eða sem lagaleg afleiðing

1. Gistiaðildarríki er óheimilt að taka ákvarðanir um brottvísun í refsingarskyni eða sem lagalega afleiðingu handtöku nema það sé í samræmi við 27., 28. og 29. gr.

2. Ef framfylgja á ákvörðun um brottvísun, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr., meira en tveimur árum eftir að hún var tekin skal aðildarríkið kanna hvort viðkomandi einstaklingur sé enn raunveruleg ógnun við allsherjarreglu eða almannaöryggi og meta hvort orðið hafi veruleg breyting á aðstæðum frá því að ákvörðun um brottvísun var tekin.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

34. gr.

Kynning

Aðildarríkin skulu miðla upplýsingum um réttindi og skyldur borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra varðandi málefni sem falla undir þessa tilskipun, einkum með upplýsingaherferðum í fjölmiðlum á landsvísu og staðbundnum fjölmiðlum og eftir öðrum samskiptaleiðum.

35. gr.

Misnotkun réttar

Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að synja um, binda enda á eða afturkalla rétt sem veittur er samkvæmt þessari tilskipun ef um er að ræða misnotkun réttar eða svik, s.s. málamyndahjúskap. Allar slíkar ráðstafanir skulu vera í réttum hlutföllum við brot og í samræmi við réttarfarsreglurnar sem kveðið er á um í 30. og 31. gr.

36. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ákvæði um viðurlög við brotum á innlendum reglum sem eru settar til framkvæmdar þessari tilskipun og gera þær ráðstafanir sem krafist er vegna beitingar þeirra. Viðurlögin, sem mælt er fyrir um, skulu vera skilvirk og í réttu hlutfalli við brot. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 30. apríl 2006 og eins fljótt og hægt er um hvers kyns síðari breytingar á þeim.

37. gr.

Hagstæðari ákvæði aðildarríkjanna

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á lög eða stjórnsýslufyrirmæli sem aðildarríki setja og eru hagstæðari þeim einstaklingum sem þessi tilskipun tekur til.

38. gr.

Niðurfelling

1. Ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68 eru felld úr gildi frá 30. apríl 2006.

2. Tilskipanir 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE eru felldar úr gildi frá 30. apríl 2006.

3. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvæðin og tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun.

39. gr.

Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. apríl 2008, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar ásamt nauðsynlegum tillögum, einkum um möguleikann á því að lengja þann tíma sem borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra er heimilt að dvelja á yfirráðasvæði gistiaðildarríkis án allra skilyrða. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar upplýsingar til skýrslugerðarinnar.

40. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til ásamt töflu sem sýnir hvernig ákvæði þessarar tilskipunar samsvara innlendu ákvæðunum.

41. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

42. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	M. McDOWELL
forseti.	*Forseti.*

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 707/2009 **2014/EES/54/96**

frá 5. ágúst 2009

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu, að því er varðar uppfærslu á kröfum um gögn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu ([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 184/2005 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu.

2) Vegna efnahagslegrar og tæknilegrar þróunar á sviði greiðslujöfnuðar er nauðsynlegt að uppfæra reglulega kröfur um gögn og aðlaga þau stig sundurliðunar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 184/2005.

3) Samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1161/2005 frá 6. júlí 2005 um ársfjórðungslega samantekt á ófjárhagslegum reikningum eftir haggeirum ([2]) hefur leitt til þarfar á viðbótarhagskýrslum um greiðslujöfnuð.

4) Nauðsynlegt er að innleiða tilteknar breytingar á kröfum um gögn í töflu 1 „Greiðslujöfnunarvísar í evrum“ og töflu 2 „Ársfjórðungslegar tölur um greiðslujöfnun“ í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 184/2005 til að bæta nákvæmni samtalna fyrir tekjur og viðskiptajöfnuð á vettvangi Bandalagsins, til að tryggja samræmi á milli samlagningaraðferðarinnar fyrir tekjur af fjárfestingum í verðbréfasöfnum (viðskiptajöfnuður) og streymi fjárfestinga í verðbréfasöfnum (fjárhagsreikningur), og til að tryggja samræmi á milli útreikninga framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) og Seðlabanka Evrópu (SE).

5) Með inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópusambandið og upptöku evrunnar í Slóveníu og Slóvakíu, á Kýpur og Möltu er þess krafist að samsvarandi breytingar verði gerðar á töflu 6 „Stig landfræðilegrar sundurliðunar“ í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 184/2005.

6) Eftir samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið ([3]), er nauðsynlegt að aðlaga stig sundurliðunar eftir starfsemi í töflu 7 „Stig sundurliðunar eftir starfsemi“ í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 184/2005.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar um greiðslujöfnuð sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 184/2005.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 184/2005 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 204, 6.8.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 56.

([1]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23.

([2]) Stjtíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 22.

([3]) Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 184/2005 er breytt sem hér segir:

1. Frá upphafi fyrsta viðmiðunartímabilsins 2009 kemur eftirfarandi í stað 1. liðar:

„1. Greiðslujöfnunarvísar í evrum

BOP EUR Vísar í evrum	Skilafrestur: t + 2 mánuðir (1) Tíðni: Ársfjórðungur Fyrsta viðmiðunartímabil: Fyrsti ársfjórðungur ársins 2009		
	Kredit	Debet	Hreint
Viðskiptajöfnuður			
Vörur	Utan ESB	Utan ESB	Utan ESB
Þjónustustarfsemi	Utan ESB	Utan ESB	Utan ESB
Tekjur			
— Laun og launatengd gjöld	Utan ESB	Utan ESB	Utan ESB
— Fjárfestingartekjur			
— Beinar fjárfestingar	Utan ESB	Utan ESB	Utan ESB
— Fjárfesting í verðbréfasafni	Utan ESB		Heimurinn
— Aðrar fjárfestingar	Utan ESB	Utan ESB	Utan ESB
Rekstrartilfærslur	Utan ESB	Utan ESB	Utan ESB

([1]) t = viðmiðunartímabil (ár eða ársfjórðungur).“

2. Frá upphafi fyrsta viðmiðunartímabilsins 2009 kemur eftirfarandi í stað 2. liðar:

„2. **Ársfjórðungslegar tölur um greiðslujöfnun**

BOP Q Ársfjórðungsleg gögn	Skilafrestur: t + 3 mánuðir Tíðni: Ársfjórðungur Fyrsta viðmiðunartímabil: Fyrsti ársfjórðungur ársins 2009		
	Kredit	Debet	Hreint
I. **Viðskiptajöfnuður**	Heimurinn	Heimurinn	Heimurinn
Vörur	1. stig	1. stig	1. stig
Þjónustustarfsemi	1. stig	1. stig	1. stig
Flutningar	1. stig	1. stig	1. stig
Ferðaþjónusta	1. stig	1. stig	1. stig
Fjarskiptaþjónusta	1. stig	1. stig	1. stig
Byggingarþjónusta	1. stig	1. stig	1. stig
Vátryggingaþjónusta	1. stig	1. stig	1. stig
Fjármálaþjónusta	1. stig	1. stig	1. stig
Tölvu- og upplýsingaþjónusta	1. stig	1. stig	1. stig
Rétthafagreiðslur og leyfisgjöld	1. stig	1. stig	1. stig
Önnur viðskiptaþjónusta	1. stig	1. stig	1. stig
Persónuleg þjónusta, menningar- og tómstundaþjónusta	1. stig	1. stig	1. stig
Opinber þjónusta, ótalin annars staðar.	1. stig	1. stig	1. stig

BOP Q Ársfjórðungsleg gögn	Skilafrestur: t + 3 mánuðir Tíðni: Ársfjórðungur Fyrsta viðmiðunartímabil: Fyrsti ársfjórðungur ársins 2009		
	Kredit	Debet	Hreint
Tekjur	Heimurinn	Heimurinn	Heimurinn
Laun og launatengd gjöld	1. stig	1. stig	1. stig
Fjárfestingartekjur	Heimurinn	Heimurinn	Heimurinn
— Beinar fjárfestingar	1. stig	1. stig	1. stig
Tekjur af eigin fé	(1)	(1)	(1)
Arður og úthlutaður hagnaður	(1)	(1)	(1)
Endurfjárfestur hagnaður og óráðstafaður hagnaður	(1)	(1)	(1)
Tekjur af skuldum (vextir)	(1)	(1)	(1)
— Fjárfesting í verðbréfasafni	1. stig		Heimurinn
Tekjur af eigin fé	(1)		Heimurinn
Tekjur af skuldum (vextir)	(1)		Heimurinn
— Aðrar fjárfestingar	1. stig	1. stig	1. stig
Vextir samkvæmt BPM5), (ekki aðlagað fyrir óbeint mælda fjármálaþjónustu (FISIM))	(1)	(1)	(1)
Tekjur sem renna til vátryggingartaka	(1)	(1)	(1)
Annað	(1)	(1)	(1)
Greinargerðaratriði – tekjur			
Fjárfestingartekjur – vextir samkvæmt þjóðhagsreikningakerfi 1993 (SNA93)(aðlagað fyrir óbeint mælda fjármálaþjónustu (FISIM))	(1)		Heimurinn
Gildi óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM)	(1)	(1)	(1)
Fjárfestingartekjur – vextir samkvæmt BPM5 (ekki aðlagað fyrir óbeint mælda fjármálaþjónustu (FISIM))	(1)		Heimurinn
Fjárfestingartekjur – aðrar en vextir	(1)		Heimurinn
Rekstrartilfærslur	1. stig	1. stig	1. stig
Hið opinbera	(1)	(1)	(1)
Skattar á vörur	(1)	(1)	(1)
Aðrir framleiðsluskattar	(1)	(1)	(1)
Vörutengdir styrkir	(1)	(1)	(1)
Aðrar niðurgreiðslur á framleiðslu	(1)	(1)	(1)
Tekju- og eignaskattar o.s.frv.	(1)	(1)	(1)
Framlög til félagslegra kerfa	(1)	(1)	(1)
Félagslegar bætur aðrar en félagslegar greiðslur í fríðu	(1)	(1)	(1)
Aðrar rekstrartilfærslur hjá opinberum yfirvöldum, ót. a.	(1)	(1)	(1)
Aðrir geirar	(1)	(1)	(1)
Peningasendingar starfsmanna	(1)	(1)	(1)

BOP Q Ársfjórðungsleg gögn	Skilafrestur: t + 3 mánuðir Tíðni: Ársfjórðungur Fyrsta viðmiðunartímabil: Fyrsti ársfjórðungur ársins 2009		
	Kredit	Debet	Hreint
Aðrar einkatilfærslur	([1])	([1])	([1])
Skattar á vörur	([1])	([1])	([1])
Aðrir framleiðsluskattar	([1])	([1])	([1])
Vörutengdir styrkir	([1])	([1])	([1])
Aðrar niðurgreiðslur á framleiðslu	([1])	([1])	([1])
Tekju- og eignaskattar o.s.frv.	([1])	([1])	([1])
Framlög til félagslegra kerfa	([1])	([1])	([1])
Félagslegar bætur aðrar en félagslegar greiðslur í fríðu	([1])	([1])	([1])
Hrein skaðatryggingariðgjöld	([1])	([1])	([1])
Skaðatryggingarkröfur	([1])	([1])	([1])
Aðrar rekstrartilfærslur hjá öðrum geirum, ót. a.	([1])	([1])	([1])
Leiðréttingar vegna breytinga á hreinu eigin fé heimila í lífeyrisvarasjóðum	([1])	([1])	([1])
II. **Fjármagnsreikningur**	1. stig	1. stig	1. stig
Fjármagnstilfærslur	(2)	(2)	(2)
Fjármagnsskattar	(2)	(2)	(2)
Fjárfestingarstyrkir og aðrar fjármagnstilfærslur	(2)	(2)	(2)
Kaup/ráðstöfun á ófjárhagslegum eignum sem ekki eru framleiddar	(2)	(2)	(2)
	Hreinar eignir	**Hreinar skuldir**	**Hreint**
III. **Fjárhagsreikningur**			
Beinar fjárfestingar			1. stig
Erlendis			1. stig
— Eigið fé			1. stig
— Endurfjárfestur hagnaður			1. stig
— Annað fjármagn			1. stig
Í reikningsskilahagkerfinu			1. stig
— Eigið fé			1. stig
— Endurfjárfestur hagnaður			1. stig
— Annað fjármagn			1. stig
Fjárfesting í verðbréfasafni	1. stig	Heimurinn	
Afleiðusamningar			Heimurinn
Aðrar fjárfestingar	1. stig	1. stig	1. stig
Opinber gjaldeyrisforði	Heimurinn		
IV. **Hreinar skekkjur og úrfellingar**			Heimurinn

([2]) Heimurinn, innan ESB, utan ESB, innan evrusvæðis, utan evrusvæðis, stofnanir ESB.“

3. Ákvæðum 6. liðar er breytt sem hér segir:

a) í töflunni er dálknum „1. stig“ breytt sem hér segir:

i. í stað „D3 ESB-25 (innan ESB-25)“ komi „V1 ESB-27 (innan ESB-27)“,

ii. í stað „D5 Utan-ESB-25“ komi „V2 Utan ESB-27“,

iii. í stað „Z8 Utan ESB-25, ekki úthlutað“ komi „Z8 Utan ESB-27, ekki úthlutað“,

b) í töflunni er dálknum „2. stig“ breytt sem hér segir:

i. í stað „D3 ESB-25 (innan ESB-25)“ komi „V1 ESB-27 (innan ESB-27)“,

ii. í stað „D5 Utan-ESB-25“ komi „V2 Utan ESB-27“,

iii. færslan „BG Búlgaría“ falli brott,

iv. færslan „RO Rúmenía“ falli brott,

v. í stað „Z8 Utan ESB-25, ekki úthlutað“ komi „Z8 Utan ESB-27, ekki úthlutað“,

c) í töflunni er dálknum „3. stig“ breytt sem hér segir:

i. færslan „CS Serbía og Svartfjallaland“ falli brott,

ii. færslunni „ME Svartfjallaland“ er bætt við eftir færsluna „MD Lýðveldið Moldóva“,

iii. færslunni „RS Serbía“ er bætt við eftir færsluna „QA Katar“.

4) Frá árlegri sendingu 2011 kemur eftirfarandi í stað 7. liðar:

„7. **Stig sundurliðunar eftir starfsemi**

1. stig	2. stig	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 2. endursk.
	LANDBÚNAÐUR, SKÓGRÆKT OG FISKVEIÐAR	Bálkur A
NÁMUGRÖFTUR OG VINNSLA HRÁEFNA ÚR JÖRÐU	**NÁMUGRÖFTUR OG VINNSLA HRÁEFNA ÚR JÖRÐU**	Bálkur B
	Vinnsla á hráolíu, jarðgasi og þjónustustarfsemi við námuvinnslu	Deildir 06, 09
FRAMLEIÐSLA	**FRAMLEIÐSLA**	Bálkur C
	Matvæli, drykkjar- og tóbaksvörur	Deildir 10, 11, 12
	Textíl- og viðarvörur SAMTALS	Deildir 13, 14, 16, 17, 18
	Textílefni og fatnaður	Deildir 13, 14
	Viður, pappír, prentun og fjölföldun	Deildir 16, 17, 18
Jarðolíu- og efnavörur, lyf, gúmmí- og plastvörur	Jarðolíu- og efnavörur, lyf, gúmmí- og plastvörur SAMTALS	Deildir 19, 20, 21, 22

1. stig	2. stig	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 2. endursk.
	Koks og hreinsaðar olíuvörur	Deild 19
	Efni og efnavörur	Deild 20
	Gúmmí- og plastvörur	Deild 22
	Málmvörur og vélbúnaður SAMTALS	Deildir 24, 25, 26, 28
	Hrámálmar og fullunnin málmvara	Deildir 24, 25
Tölvu- og rafeindavörur og optískar vörur	Tölvu- og rafeindavörur og optískar vörur	Deild 26
	Vélar og tæki ót.a.	Deild 28
Ökutæki, önnur flutningatæki	Ökutæki og önnur flutningatæki SAMTALS	Deildir 29, 30
	Vélknúin ökutæki og tengivagnar	Deild 29
	Önnur farartæki	Deild 30
	Önnur framleiðsla SAMTALS	Deildir 15, 23, 27, 31, 32, 33
RAFMAGNS-, GAS- OG HITAVEITUR	**RAFMAGNS-, GAS- OG HITAVEITUR**	Bálkur D
VATNSVEITA, FRÁVEITA, MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG AFMENGUN	**VATNSVEITA, FRÁVEITA, MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG AFMENGUN**	Bálkur E
	Vatnsveita, öflun og meðferð vatns	Deild 36
	Fráveita, meðhöndlun úrgangs, afmengun	Deildir 37, 38, 39
BYGGINGARSTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ	**BYGGINGARSTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ**	Bálkur F
ÞJÓNUSTA SAMTALS	**ÞJÓNUSTA SAMTALS**	Bálkar G, H, I, J, K, L, M, N O, P, Q, R, S, T, U
HEILD- OG SMÁSÖLUVERSLUN, VIÐGERÐIR Á VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM	**HEILD- OG SMÁSÖLUVERSLUN, VIÐGERÐIR Á VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM**	Bálkur G
	Heild- og smásöluverslun og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	Deild 45
	Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum	Deild 46
	Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum	Deild 47
FLUTNINGAR OG GEYMSLA	**FLUTNINGAR OG GEYMSLA**	Bálkur H
	Flutningar og geymsla SAMTALS	Deildir 49, 50, 51, 52
	Flutningur á landi og eftir leiðslum	Deild 49

1. stig	2. stig	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 2. endursk.
	Flutningur á sjó og vatnaleiðum	Deild 50
	Flutningur með flugi	Deild 51
	Vörugeymsla og stoðstarfsemi fyrir flutninga	Deild 52
	Póst- og boðberaþjónusta	Deild 53
REKSTUR GISTISTAÐA OG VEITINGAREKSTUR	**REKSTUR GISTISTAÐA OG VEITINGAREKSTUR**	Bálkur I
UPPLÝSINGAR OG FJARSKIPTI	**UPPLÝSINGAR OG FJARSKIPTI**	Bálkur J
	Kvikmyndir, myndbönd, sjónvarpsefni, önnur afþreyingarstarfsemi	Deildir 59, 60
	Fjarskipti	Deild 61
	Önnur upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi	Deildir 58, 62, 63
FJÁRMÁLA- OG VÁTRYGGINGASTARFSEMI	**FJÁRMÁLA- OG VÁTRYGGINGASTARFSEMI**	Bálkur K
	Fjármálaþjónusta, þó ekki starfsemi vátryggingafélaga og lífeyrissjóða	Deild 64
	Starfsemi eignarhaldsfélaga	Flokkur 64.2
	Vátryggingafélög, endurtryggingafélög og lífeyrissjóðir, þó ekki lögboðnar almannatryggingar	Deild 65
	Önnur fjármálastarfsemi	Deild 66
	FASTEIGNAVIÐSKIPTI	Bálkur L
SÉRFRÆÐILEG, VÍSINDALEG OG TÆKNILEG STARFSEMI	**SÉRFRÆÐILEG, VÍSINDALEG OG TÆKNILEG STARFSEMI**	Bálkur M
	Lögfræðiþjónusta og reikningshald	Deild 69
	Lögfræðiþjónusta	Flokkur 69.1
	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Flokkur 69.2
	Starfsemi höfuðstöðva, starfsemi við rekstrarráðgjöf	Deild 70
	Starfsemi höfuðstöðva	Flokkur 70.1
	Rekstrarráðgjöf	Flokkur 70.2
	Starfsemi arkitekta og verkfræðinga, tæknilegar prófanir og greining	Deild 71
Vísindarannsóknir og þróunarstarf	Vísindarannsóknir og þróunarstarf	Deild 72
	Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir	Deild 73

1. stig	2. stig	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 2. endursk.
	Auglýsingastarfsemi	Flokkur 73.1
	Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir	Flokkur 73.2
	Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi, dýralækningar	Deildir 74, 75
	LEIGUSTARFSEMI OG SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA	Bálkur N
	Leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga	Deild 77
	Önnur stjórnunar- og stuðningsþjónusta	Deildir 78, 79, 80, 81, 82
	FRÆÐSLUSTARFSEMI	Bálkur P
	HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSÞJÓNUSTA	Bálkur Q
MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFSEMI	**MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFSEMI**	Bálkur R
	Skapandi listir og afþreying	Deild 90
	Bókasöfn, skjalasöfn, söfn og önnur menningarstarfsemi	Deild 91
	Íþrótta- og tómstundastarfsemi, fjárhættu- og veðmálastarfsemi	Deildir 92, 93
	FÉLAGASAMTÖK OG ÖNNUR ÞJÓNUSTUSTARFSEMI	Bálkur S
	Starfsemi félagasamtaka	Deild 94
	Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota, önnur þjónustustarfsemi	Deildir 95, 96
	Ekki úthlutað	
	Einkakaup og sala fasteigna	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 520/2010 2014/EES/54/97

frá 16. júní 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 831/2002 að því er varðar aðgang að gögnum háðum trúnaðarkvöðum í vísindaskyni að því er varðar fyrirliggjandi kannanir og hagskýrsluheimildir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur ([1]) einkum 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002 ([2]) eru fastsett skilyrði fyrir veitingu aðgangs að gögnum háðum trúnaðarkvöðum, sem Bandalagsyfirvaldinu hafa verið send, með það að markmiði að unnt sé að draga af þeim tölfræðilegar ályktanir í vísindaskyni. Í reglugerðinni eru skráðar þær kannanir og gögn sem hún gildir um.

2) Aukin eftirspurn er frá vísindamönnum og vísindasamfélaginu almennt eftir að fá aðgang að trúnaðargögnum í vísindaskyni úr evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (e. *European Health Interview Survey* (EHIS)), hagskýrslum Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (e. *Community Statistics on Information Society* (CSIS)), könnun á tekjum og útgjöldum heimila (e. *Household Budget Survey* (HBS)) og hagskýrslum að því er varðar vöruflutninga á vegum (e. *Statistical returns in respect of the Carriage of Goods by Road* (CGR)).

3) Með evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (EHIS) er miðað að því að mæla, á samræmdan hátt og með miklum sambærileika milli aðildarríkja ESB, heilbrigðisástand, lífsstíl (mótandi þætti heilbrigðis) og heilsugæsluþjónustu meðal ríkisborgara Evrópusambandsins. Þau umfjöllunarefni sem eru á spurningalistanum uppfylla bæði stefnumiðaðar þarfir og vísindalegan tilgang. Með notkun einstaklingsbundinna gagnasafna geta vísindamenn gert rannsóknir innan tilgreinds þýðis (t.d. meðal eldri borgara) til að meta heilbrigðisástand innan þess þýðis betur og hvernig heilbrigðiskerfi mæta þörfum þess. Niðurstöður slíkra rannsókna væri hægt að nota til að forma sérstakar áætlanir fyrir mismunandi íbúahópa eða til að meta evrópskar og/eða innlendar forvarnaráætlanir.

4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið ([3]) er kveðið á um ramma fyrir framlagningu samræmdra hagskýrslugagna um notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT) á heimilum og hjá einstaklingum. Aðgangur að stökum gagnasöfnum myndi verða til mikilla bóta fyrir rannsóknir á því hvaða áhrif notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni hefur á evrópsk samfélög og á hlutdeild í upplýsingasamfélaginu. Hægt er að nota niðurstöður til að meta núverandi stefnu og til að skilgreina nýjar stefnur sem við eiga á innlendum og evrópskum vettvangi, t.d. i2010 áætlunina.

5) Könnun á tekjum og útgjöldum heimila (HBS) nær yfir flokkun útgjalda samkvæmt einkennum heimilisins og samkvæmt svaranda og heimilistekjum. Vegna einsleitni þessarar heimildar er hægt að búa til nákvæm hermilíkön til að prófa tilgátur fyrir allt Evrópusambandið og hjálpa stefnumótendum að taka upplýstar ákvarðanir.

6) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98 frá 25. maí 1998 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum ([4]) er þess krafist að skýrslugjafarlönd sendi Hagstofu Evrópusambandsins ársfjórðungslega einstaklingsbundin gögn um ökutæki sem valin eru í úrtakið, ferðir þessara ökutækja og vörur sem fluttar eru í þessum ferðum á milli svæða. Aðgangur vísindamanna að þessum gögnum væri gagnlegur fyrir greiningu á stefnu í flutningamálum og við gerð reiknilíkana fyrir flutninga, m.a. að því er varðar svæðastefnu Evrópusambandsins, jafnvægi á milli mismunandi flutningsmáta og þróun samevrópsks flutninganets innan Evrópusambandsins.

7) Því skal bæta evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (EHIS), hagskýrslum Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (CSIS) – aðferðareining 2: einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélag, könnuninni á tekjum og útgjöldum heimila (HBS) og hagskýrslunum að því er varðar vöruflutninga á vegum (CGR) við upptalninguna í reglugerð (EB) nr. 831/2002.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið (ESS nefndina).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 831/2002 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. málsgreinar 5. gr. komi eftirfarandi:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 151, 17.6.2010, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2009 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 25.

([1]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

([2]) Stjtíð. EB L 133, 18.5.2002, bls. 7.

([3]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49.

([4]) Stjtíð. EB L 163, 6.6.1998, bls. 1.

„1. Bandalagsyfirvaldið getur veitt aðgang í húsnæði sínu að gögnum, háðum trúnaðarkvöðum, sem fengin eru úr eftirfarandi könnunum eða hagskýrsluheimildum:

– heimiliskönnun Evrópubandalagsins,

– vinnumarkaðskönnuninni,

– könnun Bandalagsins á nýsköpun,

– könnun á starfsmiðaðri símenntun,

– launakerfiskönnuninni,

– hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör,

– fullorðinsfræðslukönnuninni,

– könnun á framleiðsluskipan á bújörðum,

– evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði,

– hagskýrslum Bandalagsins um upplýsinga-samfélagið (CSIS) – aðferðareining 2: einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélag,

– könnun á tekjum og útgjöldum heimila,

– hagskýrslunum að því er varðar vöruflutninga á vegum.

Að beiðni þess innlenda yfirvalds sem lagði til gögnin skal aðgangur að gögnunum þó óheimill til sérstaks rannsóknarverkefnis.“

2. Í stað 1. málsgreinar 6. gr. komi eftirfarandi:

„1. Bandalagsyfirvaldið getur birt nafnlaus einstaklingsbundin gögn sem fengin eru úr eftirfarandi könnunum eða hagskýrsluheimildum:

– heimiliskönnun Evrópubandalagsins,

– vinnumarkaðskönnuninni,

– könnun Bandalagsins á nýsköpun,

– könnun á starfsmiðaðri símenntun,

– launakerfiskönnuninni,

– hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör,

– fullorðinsfræðslukönnuninni,

– könnun á framleiðsluskipan á bújörðum,

– evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði,

– hagskýrslum Bandalagsins um upplýsinga-samfélagið (CSIS) - aðferðareining 2: einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélag,

– könnun á tekjum og útgjöldum heimila,

– hagskýrslunum að því er varðar vöruflutninga á vegum.

Aðgangur að gögnunum til sérstaks rannsóknarverkefnis skal þó ekki veittur ef innlenda yfirvaldið, sem lagði til gögnin, er því mótfallið.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/54/98

frá 26. október 2011

um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu

(tilkynnt með númeri C(2011) 7564)

(2011/707/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ([1]), einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ([2]), einkum annarri setningu annarrar undirgreinar 4. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ([3]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ([4]) er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.

2) Í kjölfar orðsendingar frá Belgíu ætti að rýmka gildissviðið í færslunum fyrir skoðunarmiðstöðvar Avia Partner og Swiss Port í skoðunarstöðinni á landamærunum á flugvellinum í Brussel-Zaventem til að ná til allrar pakkaðrar vöru til manneldis. Til samræmis við það ber að breyta skránni yfir færslur fyrir það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

3) Danmörk hefur tilkynnt að rita eigi heiti skoðunarstöðvarinnar á landamærunum við höfnina Århus sem „Aarhus“. Til samræmis við það ber að breyta skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum fyrir það aðildarríki.

4) Í kjölfar fullnægjandi skoðunar skoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar, Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar, ætti að bæta nýrri skoðunarstöð á landamærum í lestarstöðinni í Koidula í Eistlandi við færslurnar fyrir það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB. Að auki hefur Eistland tilkynnt að samþykkja eigi skoðunarstöðina á landamærunum við Luhamaa-veg einnig fyrir tiltekin önnur lifandi dýr en dýr af hestaætt og hóf- og klaufdýr. Því ber að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum til samræmis við það.

5) Ítalía hefur tilkynnt að samþykki fyrir skoðunarmiðstöðinni Sintermar í skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Livorno-Pisa hafi tímabundið verið fellt niður. Til samræmis við það ber að breyta skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum fyrir það aðildarríki.

6) Í kjölfar orðsendingar frá Lettlandi ætti að fella skoðunarmiðstöðina „Kravu Terminmāls“ í skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Ríga brott af skránni yfir færslur fyrir það aðildarríki sem er sett fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

7) Holland hefur tilkynnt að heiti skoðunarmiðstöðvanna innan skoðunarstöðvarinnar á landamærunum í Vlissingen hafi breyst. Því ber að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum til samræmis við það.

8) Í kjölfar orðsendingar frá Portúgal ætti að fella færsluna fyrir skoðunarstöðina á landamærunum við höfnina í Horta (Asoreyjum) brott af skránni yfir færslur fyrir það aðildarríki sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 281, 28.10.2011, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

([3]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

([4]) Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

9) Í kjölfar orðsendingar frá Svíþjóð ætti að fella samþykkið fyrir lifandi dýrum í færslunni fyrir skoðunarstöðina á landamærunum við höfnina í Gautaborg brott af skránni yfir færslur fyrir það aðildarríki sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

10) Færslan fyrir skoðunarstöðina á landamærunum á Manston-flugvelli í Bretlandi var felld brott í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/93/ESB (5). Í kjölfar nýrrar beiðni frá Bretlandi og fullnægjandi skoðunar skoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar, Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar, ætti að samþykkja Manston-flugvöll fyrir dýr af hestaætt og hóf- og klaufdýr og bæta honum á skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB. Að auki hefur Bretland tilkynnt að skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Southampton hefur verið skipt upp í tvær skoðunarmiðstöðvar sem eru samþykktar fyrir mismunandi vöruflokka. Því ber að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum til samræmis við það.

11) Í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er mælt fyrir um skrá yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfinu).

12) Í kjölfar orðsendinga frá Danmörku, Þýskalandi og Póllandi ætti að gera tilteknar breytingar á skránni yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í Traces-kerfinu að því er varðar þessi aðildarríki, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

13) Því ber að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. október 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

framkvæmdastjóri.

(5) Stjtíð. ESB L 37, 11.2.2011, bls. 25.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í þeim hluta sem varðar Belgíu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Brussel-Zaventem:

„Brussel–Zaventem Bruxelles-Zaventem	BE BRU 4	A	Flight Care	HC-T(2)	
			Flight Care 2	NHC(2)	U, E, O
			Avia Partner	HC(2)	
			WFS	HC-T(2)	
			Swiss Port	HC(2)“	

b) Í þeim hluta sem varðar Danmörku komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Árhus:

„Aarhus	DK AAR 1	P		HC(1)(2), NHC(2)“	

c) Þeim hluta sem varðar Eistland er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi færsla fyrir nýja skoðunarstöð á landamærunum við lestarstöðina í Koidula bætist við:

„Koidula	EE KLA 2	F		HC(2), NHC-NT(2), NHC-T(FR)(2)“	

ii. Í stað færslunnar fyrir Luhamaa-veg komi eftirfarandi:

„Luhamaa	EE LHM 3	R		HC, NHC	U, E, O(14)“

d) Í þeim hluta sem varðar Ítalíu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Livorno-Pisa:

„Livorno-Pisa	IT LIV 1	P	Porto Commerciale	HC, NHC-NT	
			Sintermar (*)	HC (*), NHC (*)	
			Lorenzini	HC, NHC-NT	
			Terminal Darsena Toscana	HC, NHC“	

e) Í þeim hluta sem varðar Lettland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Riga (Riga Port):

„Riga (Riga port)	LV RIX 1a	P		HC(2), NHC(2)“	

f) Í þeim hluta sem varðar Holland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Vlissingen:

„Vlissingen	NL VLI 1	P	Kloosterboer Denemarkenweg	HC-T(2), NHC-T(FR)(2)	
			Kloosterboer Finlandweg	HC(2)“	

g) Í þeim hluta sem varðar Portúgal falli brott færslan fyrir höfnina í Horta (Azoreyjum).

h) Í þeim hluta sem varðar Svíþjóð komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Gautaborg:

„Gautaborg	SE GOT 1	P		HC(2), NHC(2)-NT“	

i) Þeim hluta sem varðar Bretland er breytt sem hér segir:

i. Ný færsla fyrir flugvöllinn í Manston bætist við sem hér segir:

„Manston	GB MSE 4	A			U, E“

ii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Southampton komi eftirfarandi:

„Southampton	GB SOU 1	P	IC1	HC-T(1)(2), HC-NT(1)(2)	
			IC2	NHC(2)“	

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þeim hluta sem varðar Danmörku er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „DK00001 REGION VEST“ komi eftirfarandi:

„DK00001 FØDEVARESTYRELSEN, VEST“,

ii. Í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „DK00002 REGION ØST“ komi eftirfarandi:

„DK00002 FØDEVARESTYRELSEN, ØST“,

iii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DK01200 ÅRHUS“ komi eftirfarandi:

„DK01200 AARHUS“,

b) Í þeim hluta sem varðar Þýskaland falli brott færslan fyrir eftirfarandi staðareiningu:

„DE46713 WISMAR HANSESTADT“,

c) Í þeim hluta sem varðar Pólland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir staðareininguna „PL30160 OBORNIKI WLKP“:

„PL30160 OBORNIKI“.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1007/2011

2014/EES/54/99

frá 27. september 2011

um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 73/44/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og 2008/121/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 73/44/EBE frá 26. febrúar 1973 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um magngreiningu trefjablandna úr þremur efnum ([3]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB frá 16. desember 1996 um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB frá 14. janúar 2009 um textílheiti ([5]) hefur verið breytt nokkrum sinnum. Þar sem gera á frekari breytingar skal til glöggvunar setja einn lagagerning í þeirra stað.

2) Efni lagagerninga Sambandsins um heiti textíltrefja og viðkomandi merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvöru er mjög tæknilegt, með ítarleg ákvæði sem þarf að breyta reglulega. Til að koma í veg fyrir að aðildarríkin þurfi að lögleiða þessar tæknilegu breytingar í landslög og draga þannig úr stjórnsýsluálagi á landsyfirvöldum og til að hægt sé að flýta fyrir samþykkt nýrra heita textíltrefja sem byrjað er að nota samtímis í öllu Sambandinu virðist reglugerð vera sá lagagerningur sem best á við til að koma á einföldun löggjafarinnar.

3) Til að ryðja úr vegi hugsanlegum hindrunum í starfsemi innri markaðarins sem stafar af sundurleitum ákvæðum aðildarríkjanna að því er varðar textíltrefjaheiti og tilheyrandi merkingar á trefjasamsetningu textílvara er nauðsynlegt að samræma heiti á textíltrefjum og þær upplýsingar sem birtast á merkimiðum, merkingum og skjölum sem fylgja textílvörum á mismunandi stigum framleiðslu þeirra, vinnslu og dreifingar.

4) Þær kröfur um merkingar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu ekki gilda í þeim tilvikum þegar samið er um afhendingu á textílvörum til heimavinnandi aðila eða sjálfstæðra fyrirtækja sem vinna úr aðfengnum efnum án þess að eignaréttur, sem í þeim felst, sé yfirfærður gegn greiðslu eða þegar sérsniðnar textílvörur eru framleiddar af sjálfstætt starfandi klæðskerum. Hins vegar skulu þessar undanþágur vera takmarkaðar við viðskipti milli þessara heimavinnandi aðila eða sjálfstæðra fyrirtækja og aðilanna sem semja um vinnu við þá og milli sjálfstætt starfandi klæðskera og neytenda.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 272, 18.10.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 9.

([1]) Stjtíð. ESB C 255, 22.9.2010, bls. 37.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. maí 2010 (Stjtíð. ESB C 161 E, 31.5.2011, bls. 179) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 6. desember 2010 (Stjtíð. ESB C 50 E, 17.2.2011, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 11. maí 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 19. júlí 2011.

([3]) Stjtíð. EB L 83, 30.3.1973, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 32, 3.2.1997, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 19, 23.1.2009, bls. 29.

5) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmd ákvæði um tiltekna þætti að því er varðar merkingu á textílvörum, einkum heiti á textíltrefjum. Annars konar merkingar geta verið fyrir hendi að því tilskildu að þær taki ekki til sama gildissviðs og þessi reglugerð og að þær samrýmist sáttmálunum.

6) Rétt þykir að mæla fyrir um reglur sem gera framleiðendum kleift að fara fram á að heiti nýrra textíltrefja sé bætt við í viðaukana við þessa reglugerð.

7) Einnig skal setja ákvæði um ákveðnar vörur sem ekki eru einvörðungu gerðar úr textílefnum en innihalda þau og mynda nauðsynlegan hluta vörunnar eða sem sérstök athygli er vakin á af hálfu rekstraraðila.

8) Rétt þykir að mæla fyrir um reglur varðandi merkingar á tilteknum textílvörum sem innihalda hluta úr dýraríkinu sem eru ekki úr textílefnum. Með þessari reglugerð skal einkum setja fram þá kröfu um að tilgreina skuli hluta úr dýraríkinu sem eru ekki úr textílefnum á merkingum á textílvöru sem inniheldur slíka hluta, í því skyni að gera neytendum kleift að taka upplýstar ákvarðanir. Merkingar skulu ekki vera villandi.

9) Vikmörk að því er varðar „utanaðkomandi trefjar“ sem ekki er getið á merkimiðum og merkingum skulu gilda jafnt um hreinar vörur og blöndur.

10) Notkun merkinga að því er varðar trefjasamsetningu skal vera lögboðin til að tryggja að allir neytendur í Sambandinu fái réttar og samræmdar upplýsingar. Hins vegar skal þessi reglugerð ekki koma í veg fyrir að rekstraraðilar tilgreini að auki trefjar í litlu magni sem þarf að huga sérstaklega að til að halda upprunalegum gæðum textílvörunnar. Þegar erfitt reynist af tæknilegum ástæðum að tilgreina trefjasamsetningu textílvöru við framleiðslu skal vera mögulegt að tilgreina á merkimiða eða merkingu eingöngu þær trefjar sem eru þekktar þegar hún er framleidd, að því tilskildu að þær séu tiltekinn hundraðshluti fullunnu vörunnar.

11) Til að koma í veg fyrir ólíkar aðferðir innan aðildarríkjanna er nauðsynlegt að mæla fyrir um nákvæmar aðferðir við merkingu tiltekinna textílvara sem eru úr tveimur eða fleiri efnisþáttum og einnig að tilgreina þá efnisþætti textílvöru sem þarf ekki að taka tillit til að því er varðar merkingu og greiningu.

12) Textílvörur, sem aðeins er skylt að merkja sameiginlega og seldar eru í metratali eða í afskornum lengdum skal bjóða fram á markaði þannig að neytandinn geti kynnt sér til hlítar upplýsingar á ytri umbúðunum eða stranganum.

13) Notkun á textíltrefjaheitum eða lýsingum á trefjasamsetningu, sem njóta sérstaks álits meðal notenda og neytenda, skal vera háð sérstökum skilyrðum. Enn fremur þykir rétt, í því skyni að veita notendum og neytendum upplýsingar, að textíltrefjaheiti séu tengd eiginleikum trefjanna.

14) Markaðseftirlit aðildarríkja með vörum sem falla undir þessar reglugerð fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum ([6]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ([7]).

15) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu á textílvörum til að útiloka hugsanleg andmæli gegn aðferðum þeim sem notaðar eru. Nota skal samræmdar aðferðir við opinberar prófanir í aðildarríkjunum til að ákveða trefjasamsetningu textílvara sem eru úr trefjablöndum úr tveimur eða þremur efnum, bæði að því er varðar formeðferð sýnisins og magngreiningu þess. Til að einfalda þessa reglugerð og laga samræmdu aðferðirnar sem þar eru settar fram að tækniframförum þykir rétt að þessum aðferðum verði breytt í samhæfða staðla. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin annast umskipti frá núgildandi kerfi sem byggist á aðferðunum sem settar eru fram í þessari reglugerð yfir í kerfi sem byggir á samhæfðum stöðlum. Notkun samræmdra greiningaraðferða á textílvörum úr trefjablöndum úr tveimur eða þremur efnum mun auðvelda frjálsa flutninga þessara vara og bæta þannig starfsemi innri markaðarins.

16) Ef um er að ræða textíltrefjablöndu úr tveimur efnum sem ekki er til nein samræmd greiningaraðferð fyrir á vettvangi Sambandsins skal rannsóknarstofunni sem ber ábyrgð á prófuninni vera heimilt að ákvarða samsetningu blöndunnar og skýra í greiningarskýrslunni frá niðurstöðunni sem fékkst, þeirri aðferð sem notuð var og nákvæmni hennar.

([6]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.
([7]) Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

17) Í þessari reglugerð skal setja fram samþykkt frávik sem gilda um þurran massa hverrar trefjategundar við greiningu og ákvörðun trefjainnihalds í textílvörum og skal tilgreina tvenns konar samþykkt frávik við útreikning á samsetningu kembdra eða greiddra trefja sem innihalda ull og/eða dýrahár. Þar sem ekki er alltaf hægt að staðfesta hvort vara er kembd eða greidd og því getur ósamræmi komið fram í niðurstöðum sé þessum vikmörkum beitt við prófanir á samræmi textílvara sem gerðar eru í Sambandinu, skal rannsóknarstofum sem framkvæma þessar prófanir vera heimilt að beita einu samþykktu fráviki í vafamálum.

18) Mæla skal fyrir um reglur að því er varðar vörur sem skulu undanþegnar almennum kröfum um merkingu sem settar eru fram í þessari reglugerð, einkum er varðar einnota vörur eða vörur sem aðeins þarf að merkja sameiginlega.

19) Villandi viðskiptahættir, sem fela í sér að veittar eru rangar upplýsingar sem verða þess valdandi að neytendur taka viðskiptaákvörðun sem þeir hefðu annars ekki tekið, eru bannaðir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum ([8]) og falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd ([9]).

20) Neytendavernd útheimtir gagnsæjar og samræmdar viðskiptareglur, þ.m.t. að því er varðar upplýsingar um uppruna. Þegar slíkar upplýsingar eru veittar skulu þær gera neytendum kleift að vera fyllilega meðvitaðir um uppruna varanna sem þeir kaupa, til að vernda þá gegn sviksamlegum, ónákvæmum eða villandi fullyrðingum um uppruna.

21) Evrópskur textíliðnaður verður fyrir áhrifum af eftirlíkingum, sem hefur í för með sér vandamál að því er varðar neytendavernd og upplýsingar til neytenda. Aðildarríki skulu huga sérstaklega að framkvæmd á láréttri löggjöf Sambandsins og ráðstöfunum að því er varðar eftirlíkingar á sviði textílvara, t.d. reglugerð ráðsins (EB) nr. 1383/2003 frá 22. júlí 2003 um aðgerðir tollyfirvalda gegn vörum sem grunur leikur á að brjóti í bága við tiltekinn hugverkarétt og þær ráðstafanir sem heimilt er að grípa til gegn vörum sem ljóst þykir að brjóti í bága við þann rétt ([10]).

22) Rétt þykir að koma á verklagsreglum um upptöku nýrra textíltrefjaheita í viðaukana við þessa reglugerð. Því skal í þessari reglugerð setja fram kröfur varðandi umsóknir framleiðenda eða annarra aðila sem starfa á þeirra vegum um að nýjum textíltrefjaheitum sé bætt við þessa viðauka.

23) Nauðsynlegt er að framleiðendur eða aðilar sem starfa á þeirra vegum, sem vilja að nýju textíltrefjaheiti sé bætt við viðaukana við þessar reglugerð, láti fylgja með tækniskjalinu sem skal leggja fram með umsókninni fyrirliggjandi vísindalegar upplýsingar varðandi hugsanleg ofnæmisviðbrögð eða önnur skaðleg áhrif nýju textíltrefjunnar á heilsu manna, þ.m.t. niðurstöður prófana sem gerðar eru í þessu skyni í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins.

24) Framkvæmdastjórninni skal fengið umboð í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að samþykkja gerðir að því er varðar samþykkt tæknilegra viðmiðana og reglna um málsmeðferð fyrir heimild á rýmri vikmörkum, breytingar á II., IV., V., VI., VII., VIII. og IX. viðauka, til að laga þá að tækniframförum, og breytingar á I. viðauka í því skyni að taka upp ný textíltrefjaheiti í skrána sem sett er fram í þeim viðauka. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúning og samningu framseldra gerða tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

25) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð fram markmiðum þessarar reglugerðar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs hennar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

26) Skoða skal samræmingu eða stöðlun annarra þátta varðandi merkingu textíls í því skyni að ryðja úr vegi hugsanlegum hindrunum í starfsemi innri markaðarins sem stafar af sundurleitum ákvæðum eða starfsháttum aðildarríkjanna og til að halda í við þróun á rafrænni verslun og kröfum framtíðarinnar á markaði með textílvörur. Í þeim tilgangi er óskað eftir að framkvæmdastjórnin leggi fram skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið varðandi

([8]) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.
([9]) Stjtíð. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.
([10]) Stjtíð. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 7.

hugsanlegar nýjar kröfur um merkingar sem skal taka upp á vettvangi Sambandsins í því skyni að auðvelda frjálsa flutninga á textílvörum á innri markaðnum og til að ná fram öflugri neytendavernd í Sambandinu. Í þessari skýrslu skal einkum taka til athugunar skoðanir neytenda að því er varðar magn upplýsinga sem skal veita á merkimiðum á textílvörum og rannsaka hvaða valkosti aðra en merkimiða megi nota til að veita neytendum viðbótarupplýsingar. Skýrsluna skal byggja á ítarlegu samráði við viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. neytendur, og skal taka tillit til fyrirliggjandi tengdra evrópskra og alþjóðlegra staðla. Í skýrslunni skal einkum athuga eftirfarandi: umfang og sérkenni hugsanlegra samræmdra reglna um upplýsingar um uppruna með tilliti til niðurstaðna þróunar á hugsanlegum þverlægum reglum um upprunaland, virðisauka hugsanlegra krafna um merkingar fyrir neytendur að því er varðar þvottaleiðbeiningar, stærð, hættuleg efni, eldfimi og vistvænleika textílvara, notkun tákna eða kóða sem eru óháðir tungumálum fyrir auðkenningu textíltrefja í textílvöru sem gerir neytandanum kleift að skilja auðveldlega samsetningu, einkum notkun náttúrulegra eða tilbúinna trefja, félagslega merkingu og rafræna merkingu og notkun auðkennisnúmers á merkimiða til að hægt sé að nálgast viðbótarupplýsingar eftir pöntun, einkum á Netinu, um vöruna og framleiðandann. Skýrslunni skulu fylgja tillögur að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.

27) Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram rannsókn í því skyni að meta hvort það séu orsakatengsl á milli ofnæmisviðbragða og efna eða efnablandna sem notaðar eru í textílvörur. Á grundvelli þessarar rannsóknar skal framkvæmdastjórnin leggja fram, eftir því sem við á, tillögur að nýrri löggjöf innan ramma fyrirliggjandi löggjafar Sambandsins.

28) Fella skal tilskipanir 73/44/EBE, 96/73/EBE og 2008/121/EBE úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur varðandi notkun textíltrefjaheita og viðkomandi merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara, reglur varðandi merkingar textílvara sem innihalda hluta úr dýraríkinu sem eru ekki úr textílefnum og reglur varðandi ákvörðun á samsetningu trefja í textílvörum með magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur eða þremur efnum, í því skyni að bæta starfsemi innri markaðarins og veita neytendum nákvæmar upplýsingar.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um textílvörur þegar þær eru boðnar fram á markaði Sambandsins og um þær vörur sem um getur í 2. mgr.

2. Að því er varðar þessa reglugerð skal fara með eftirfarandi vörur á sama hátt og textílvörur:

a) vörur sem innihalda textíltrefjar sem eru minnst 80% af þyngd þeirra,

b) húsgagnaáklæði, regnhlífar- og sólhlífarefni þar sem minnst 80% af þyngd eru textílefnisþættir,

c) textílefnisþætti í:

i. efra laginu í marglaga gólfefnum,

ii. dýnuverum,

iii. yfirbreiðslum viðlegubúnaðar,

svo fremi sem þessir textílefnisþættir séu minnst 80% af heildarþyngd slíkra efri laga eða yfirbreiðslna,

d) textílefni sem felld eru inn í aðrar vörur og mynda óaðskiljanlegan hluta þeirra, svo fremi að samsetningar sé getið.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um textílvörur sem samið er um afhendingu á til heimavinnandi aðila eða sjálfstæðra fyrirtækja sem vinna úr aðfengnum efnum án þess að eignaréttur, sem í þeim felst, sé yfirfærður gegn greiðslu.

4. Þessi reglugerð gildir ekki um sérsniðnar textílvörur sem eru framleiddar af sjálfstætt starfandi klæðskerum.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „textílvara“: öll óunnin, hálfunnin eða fullunnin vara, framleidd að hluta, fullframleidd, tilbúin að hluta eða fullbúin eða vara sem að öllu leyti er samsett úr textíltrefjum án tillits til þeirrar aðferðar sem notuð er við blöndun eða samsetningu,

b) „textíltrefjar“: annað hvort eftirfarandi:

i. efniseining sem einkennist af sveigjanleika, fínleika og mikilli lengd samanborið við mesta þvermál sem gerir hana nothæfa til framleiðslu textílvara,

ii. sveigjanlegar lengjur, flatar eða holar, þar sem sýnileg breidd er ekki meiri en 5 mm, þ.m.t. lengjur skornar af breiðari lengjum eða lögum sem gerð eru úr efnum sem notuð eru við framleiðslu þeirra trefja sem skráðar eru í töflu 2 í I. viðauka og eru nothæfar til textílframleiðslu,

c) „sýnileg breidd“: breidd hinnar flötu eða holu lengju samanbrotinnar, útflattrar, samanþjappaðrar eða undinnar eða meðalbreidd þar sem breiddin er ekki alls staðar sú sama,

d) „textílefnisþáttur“: hluti textílvöru með greinanlegt trefjainnihald,

e) „utanaðkomandi trefjar“: trefjar, aðrar en þær sem getið er á merkimiða eða merkingu,

f) „fóður“: sérstakur efnisþáttur sem er notaður við framleiðslu á fatnaði og öðrum vörum, úr einu eða fleiri lögum textílefnis sem er fest á einum eða fleiri jöðrum,

g) „merkimiði“: áfesting tilskilinna upplýsinga á textílvöru með því að setja á hana merkimiða,

h) „merking“: tilskildar upplýsingar eru tilgreindar á textílvörunni með því að sauma, sauma út, prenta, þrykkja eða setja þær á með annars konar tækni,

i) „sameiginleg merking“: einn merkimiði notaður fyrir nokkrar textílvörur eða efnisþætti,

j) „einnota vara“: textílvara sem ætluð er til notkunar aðeins einu sinni eða í takmarkaðan tíma og þar sem eðlileg nýting slíkrar vöru útilokar alla endurnýjun til frekari notkunar í sama eða líkum tilgangi,

k) „samþykkt frávik“: gildi fyrir endurheimtan raka sem skal nota við útreikning á hundraðshluta trefjaefnisþáttar á grundvelli hreins, þurrs massa, eftir leiðréttingu með hefðbundnum stuðlum.

2. Í þessari reglugerð er merking hugtakanna „að bjóða fram á markaði“, „setning á markað“, „framleiðandi“, „innflytjandi“, „dreifingaraðili“, „rekstraraðilar“, „samhæfður staðall“, „markaðseftirlit“ og „markaðseftirlitsyfirvald“ sú sem sett er fram í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

4. gr.

Almennar kröfur að því er varðar að bjóða fram textílvörur á markaði

Aðeins skal bjóða fram á markaði textílvörur sem eru með merkimiða, merkingar eða meðfylgjandi viðskiptaskjöl í samræmi við þessa reglugerð.

2. KAFLI

HEITI TEXTÍLTREFJA OG TILHEYRANDI KRÖFUR VARÐANDI MERKINGAR

5. gr.

Heiti textíltrefja

1. Aðeins skal nota þau heiti textíltrefja sem eru skráð í I. viðauka við lýsingu á samsetningu trefja á merkimiðum og merkingum á textílvörum.

2. Notkun heitanna sem eru skráð í I. viðauka er bundin við textíltrefjar sem eru með eiginleika sem samsvara þeim lýsingum sem settar eru fram í þeim viðauka.

Ekki skal nota heitin sem skráð eru í I. viðauka um aðrar trefjar, hvort sem það er eitt sér, sem lýsingarorð eða sem orðstofn.

Ekki skal nota hugtakið „silki“ til að gefa til kynna lögun eða sérstaka eiginleika í samfelldu þráðgarni í textíltrefjum.

6. gr.

Umsóknir um ný heiti textíltrefja

Framleiðandi eða aðili sem kemur fram fyrir hans hönd getur óskað eftir því við framkvæmdastjórnina að nýju textíltrefjaheiti verði bætt við skrána sem sett er fram í I. viðauka.

Umsókninni skal fylgja tækniskjal sem er tekið saman í samræmi við við II. viðauka.

7. gr.

Hreinar textílvörur

1. Aðeins má merkja textílvöru sem einvörðungu er samsett úr trefjum sömu tegundar sem „100%“, „hrein“ eða „al-“.

Þessi eða áþekk hugtök skulu ekki notuð fyrir aðrar textílvörur.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. 8. gr. skal litið svo á að textílvara sem inniheldur ekki meira af utanaðkomandi trefjum en sem nemur 2% af þyngd teljist einvörðungu samsett úr trefjum sömu tegundar, að því tilskildu að þetta magn sé tæknilega óhjákvæmilegt við góða framleiðsluhætti og þeim sé ekki bætt við kerfisbundið.

Textílvara sem hefur verið kembd skal teljast einvörðungu samsett úr trefjum sömu tegundar er hún inniheldur ekki meira af utanaðkomandi trefjum en sem nemur 5% af þyngd, að því tilskildu að þetta magn sé tæknilega óhjákvæmilegt við góða framleiðsluhætti og þeim sé ekki bætt við kerfisbundið.

8. gr.

Vörur úr ullarreyfi eða nýrri ull

1. Einungis er heimilt að merkja textílvöru með einu af heitunum, sem sett eru fram í III. viðauka, ef hún er einvörðungu samsett úr ullartrefjum sem ekki hafa áður verið notaðar í fullunna vöru, hafa ekki verið spunnar og/eða þæfðar nema vegna framleiðslu vörunnar og hafa ekki skemmst í meðhöndlun eða við notkun.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota heitin, sem skráð eru er í III. viðauka, til þess að lýsa ull í textíltrefjablöndu að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) öll ull í blöndunni uppfyllir kröfurnar sem skilgreindar eru í 1. mgr.,

b) ullin vegur ekki minna en 25% af heildarþyngd blöndunnar,

c) ullinni er einvörðungu blandað saman við eina tegund trefja af annarri gerð þegar um grófkembda blöndu er að ræða.

Gefa skal upp hundraðshluta allra efna í blöndunni.

3. Utanaðkomandi trefjar sem um getur í 1. og 2. mgr., þ.m.t. kembdar ullarvörur, skulu ekki vera meira en 0,3% af þyngdinni og skal rökstyðja að þær séu tæknilega óhjákvæmilegar við góða framleiðsluhætti og þeim skal ekki bætt við kerfisbundið.

9. gr.

Fjöltrefja textílvörur

1. Merkja skal textílvöru með heiti og hundraðshluta allra trefjaefnisþátta, miðað við þyngd, í lækkandi röð.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. og með fyrirvara um um 2. mgr. 7. gr. er heimilt að merkja trefjar sem eru allt að 5% af heildarþyngd textílvöru eða trefjar sem saman eru allt að 15% af heildarþyngd textílvöru sem „aðrar trefjar“ ef ekki er unnt að tilgreina samsetningu þeirra með auðveldum hætti við framleiðslu og skal hundraðshluti, miðað við þyngd, koma þar strax á eftir eða undan.

3. Heimilt er að gefa vörum með hreina baðmullaruppistöðu og hreinu hörívafi, þar sem hundraðshluti hörs er a.m.k. 40% af heildarþyngd ósteinds vefnaðar, heitið „vefnaðarblanda úr baðmull og hör“ og skal þessi lýsing á samsetningu fylgja: „hrein baðmullaruppistaða hreint hörívaf“.

4. Með fyrirvara um 1. mgr. 5. gr. er heimilt að nota hugtakið „blandaðar trefjar“ eða hugtakið „ótiltekin textílsamsetning“ við merking á textílvörum sem ekki er unnt að tilgreina samsetningu fyrir með auðveldum hætti við framleiðslu.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að merkja trefjar sem enn hafa ekki verið skráðar í I. viðauka sem „aðrar trefjar“ og skal hundraðshluti, miðað við þyngd, koma þar strax á eftir eða undan.

10. gr.

Trefjar til skrauts og trefjar sem koma í veg fyrir rafmögnun

1. Ekki þarf að taka tillit til sýnilegra, aðgreinanlegra trefja, sem einungis eru til skrauts og ekki eru yfir 7% af þyngd fullunninnar vöru, í trefjasamsetningunum sem kveðið er á um í 7. og 9. gr.

2. Ekki þarf að taka tillit til málmtrefja og annarra trefja, sem eru felldar inní til að koma í veg fyrir rafmögnun og sem eru ekki yfir 2% af þyngd fullunninnar vöru, í trefjasamsetningunum sem kveðið er á um í 7. og 9. gr.

3. Í vörum, sem um getur í 4. mgr. 9. gr., skal reikna hundraðshlutana sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar miðað við þyngd uppistöðunnar og ívafsins sitt í hvoru lagi.

11. gr.

Textílvörur með mörgum efnisþáttum

1. Allar textílvörur með tvo eða fleiri efnisþætti sem innihalda ólíkar textíltrefjategundir, skulu vera með merkimiða eða merkingu þar sem fram kemur textíltrefjainnihald hvers efnisþáttar.

2. Ekki er skylt að viðhafa slíka merkingu, sem um getur í 1. mgr., um efnisþætti þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þessir efnisþættir eru ekki sýnilegt fóður og

b) þessir efnisþættir eru minna en 30% af heildarþyngd textílvörunnar.

3. Ef trefjainnihald tveggja eða fleiri textílvara er hið sama og þær mynda að jafnaði eina samstæðu skulu þær aðeins bera einn merkimiða eða merkingu.

12. gr.

Textílvörur sem innihalda hluta úr dýraríkinu sem eru ekki úr textíl

1. Ef textílvörur innihalda hluta úr dýraríkinu sem eru ekki úr textíl, skal tilgreina það með setningunni „Inniheldur hluta úr dýraríkinu sem eru ekki úr textíl“ á merkingum á vörum sem innihalda slíka hluta þegar þær eru boðnar fram á markaði.

2. Merkingar skulu ekki vera villandi og skulu framkvæmdar þannig að þær séu auðskildar neytandanum.

13. gr.

Merkingar á textílvörum sem taldar eru upp í IV. viðauka

Tilgreina skal samsetningu trefja í textílvörum sem taldar eru upp í IV. viðauka í samræmi við þau ákvæði um merkingar sem sett eru fram í þeim viðauka.

14. gr.

Merkimiðar og merkingar

1. Textílvörur skulu vera með merkimiða eða aðra merkingu sem sýnir trefjasamsetningu þeirra hvenær sem þær eru boðnar fram á markaði.

Merkingar á textílvörum skulu vera endingargóðar, auðlæsilegar, sýnilegar og aðgengilegar og, ef um er að ræða merkimiða, tryggilega festir.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. mega í stað merkimiða eða merkinga, eða þeim til viðbótar, koma viðskiptafylgiskjöl ef vörurnar eru afhentar rekstraraðilum innan aðfangakeðjunnar eða þær eru afhentar til að uppfylla pöntun frá samningsyfirvaldi eins og skilgreint er í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga ([11]).

3. Tilgreina skal á skýran hátt í viðskiptafylgiskjölunum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar textíltrefjaheiti og lýsingu á trefjasamsetningu sem um getur í 5., 7., 8. og 9. gr.

Ekki skal nota skammstafanir með þeirri undantekningu að heimilt er að nota vélrænt táknróf, eða ef skammstafanirnar eru skilgreindar í alþjóðlegum stöðlum, að því tilskildu að þær séu útskýrðar í sama viðskiptaskjali.

([11]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114.

15. gr.

Skylda til að afhenda merkimiða eða merkingar

1. Þegar textílvara er sett á markað skal framleiðandinn tryggja afhendingu merkimiða eða merkingar og að upplýsingarnar sem þar koma fram séu nákvæmar. Ef framleiðandinn hefur ekki staðfestu í Sambandinu skal innflytjandinn tryggja afhendingu merkimiða eða merkingar og að upplýsingarnar sem þar koma fram séu nákvæmar.

2. Í skilningi þessarar reglugerar telst dreifingaraðili vera framleiðandi þegar hann setur vöru á markað undir eigin nafni eða vörumerki, setur merkimiðann sjálfur á eða breytir innihaldi merkimiðans.

3. Þegar textílvara er boðin fram á markaði skal dreifingaraðilinn tryggja að textílvaran sé með viðeigandi merkingu eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

4. Rekstraraðilar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skulu tryggja að ekki sé unnt að rugla upplýsingum, sem veittar eru þegar textílvörur eru boðnar fram á markaði, saman við textíltrefjaheiti og lýsingar á trefjasamsetningum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

16. gr.

Notkun textíltrefjaheita og lýsinga á trefjasamsetningum

1. Þegar textílvara er boðin fram á markaði skal tilgreina lýsingar á samsetningu textíltrefja sem um getur í 5., 7., 8. og 9. gr í vöruskrám, kynningarefni, á umbúðum, merkimiðum og merkingum, með þeim hætti að þær séu auðlæsilegar, sýnilegar, skýrar og með prentletri sem samræmt að því er varðar stærð, snið og leturgerð. Þessar upplýsingar skulu vera vel sýnilegar neytandanum fyrir kaupin, þ.m.t. í þeim tilvikum þar sem kaupin fara fram með rafrænum hætti.

2. Heimilt er að vörumerki eða fyrirtækjaheiti komi fram strax á undan eða eftir lýsingum á samsetningu textíltrefja sem um getur í 5., 7., 8. og 9. gr.

Sé vörumerki eða fyrirtækjaheiti samt sem áður, eitt sér eða sem lýsingarorð eða orðstofn, eitt þeirra textíltrefjaheita sem eru skráð í I. viðauka eða heiti sem hætt er við að ruglað verði saman við áðurnefnt skráð heiti, skal vörumerkið eða heitið koma strax á eftir eða undan lýsingum á samsetningu textíltrefja sem um getur í 5., 7., 8. og 9. gr.

Aðrar upplýsingar skal ávallt sýna sérstaklega.

3. Merkingar skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum yfirráðasvæðis aðildarríkis þar sem textílvörurnar eru boðnar neytendum, nema hlutaðeigandi aðildarríki kveði á um annað.

Ákvæði fyrstu undirgreinar skal gilda um sameiginlegar merkingar sem um getur í 3. mgr. 17. gr. þegar um er að ræða spólur, hesputré, hespur, hnykla eða annað sauma-, viðgerða- og útsaumsgarn í litlum einingum. Þegar þessar vörur eru seldar í stykkjatali er heimilt að setja á þær merkimiða eða merkingar á einhverju opinberi tungumáli stofnana Sambandsins, að því tilskyldu að þær séu einnig merktar sameiginlega.

17. gr.

Undanþágur

1. Reglurnar sem mælt er fyrir um í 11., 14., 15. og 16. gr. eru með fyrirvara um um undanþágurnar sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Ekki er skylt að tilgreina textíltrefjaheiti eða trefjasamsetningu á merkimiðum og merkingum á textílvörum sem skráðar eru í V. viðauka.

Hins vegar gilda ákvæði 11., 14., 15. og 16. gr. ef vörumerki eða fyrirtækjaheiti felur í sér, eitt sér eða sem lýsingarorð eða orðstofn, eitt þeirra textíltrefjaheita sem eru skráð í I. viðauka eða heiti sem hætt er við að ruglað verði saman við það.

3. Þegar textílvörur, sem skráðar eru í IV. viðauka, eru af sömu gerð og með sömu trefjasamsetningu er heimilt að bjóða þær á markaði með sameiginlegri merkingu.

4. Heimilt er að tilgreina trefjasamsetningu textílvara, sem eru seldar í metratali á lengju eða stranga sem boðinn er fram á markaði.

5. Þær textílvörur sem um getur í 3. mgr. og 4. mgr. skulu boðnar fram á markaði með þeim hætti að sérhver kaupandi í aðfangakeðjunni, þ.m.t. neytandi, geti kynnt sér trefjasamsetningu þeirra.

3. KAFLI

MARKAÐSEFTIRLIT

18. gr.

Athuganir vegna markaðseftirlits

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu gera athuganir á samræmi trefjasamsetningar textílvara við veittar upplýsingar varðandi trefjasamsetningu þessara vara í samræmi við þessa reglugerð.

19. gr.

Ákvörðun á trefjasamsetningu

1. Að því er varðar ákvörðun á trefjasamsetningu í textílvörum skulu þær athuganir sem um getur í 18. gr. gerðar í samræmi við greiningaraðferðirnar sem settar eru fram í VIII. viðauka eða þá samhæfðu staðla sem verða teknir upp í þann viðauka.

2. Við ákvörðun trefjasamsetninga sem settar eru fram í 7., 8. og 9. gr. skal ekki tekið tillit til atriða sem eru talin upp í VII. viðauka.

3. Trefjasamsetningar sem settar eru fram í 7., 8. og 9. gr. skulu ákvarðaðar með því að nota viðeigandi samþykkt frávik, sem mælt er fyrir um í IX. viðauka, fyrir vatnsfrían massa hverrar trefjategundar eftir að þau atriði sem sett eru fram í 12. viðauka hafa verið fjarlægð.

4. Rannsóknarstofur sem bera ábyrgð á prófun á textílblöndu sem ekki er til nein samræmd greiningaraðferð fyrir á vettvangi Sambandsins skulu ákvarða trefjasamsetningu blöndunnar og skýra í greiningarskýrslunni frá niðurstöðunni sem fékkst, þeirri aðferð sem notuð var og nákvæmni hennar.

20. gr.

Vikmörk

1. Að því er varðar staðfestingu á trefjasamsetningu textílvara skulu vikmörkin sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. gilda.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. 8. gr. þarf ekki að tilgreina tilvist utanaðkomandi trefja í trefjasamsetningunni í samræmi við 9. gr. ef hundraðshluti þessara trefja er undir eftirfarandi gildum:

a) 2% af heildarþyngd textílvörunnar, að því tilskildu að þetta magn sé tæknilega óhjákvæmilegt við góða framleiðsluhætti og þeim sé ekki bætt við kerfisbundið eða

b) 5% af heildarþyngd textílvöru sem hefur verið kembd, að því tilskildu að þetta magn sé tæknilega óhjákvæmilegt við góða framleiðsluhætti og þeim sé ekki bætt við kerfisbundið.

3. Heimila skal 3% framleiðsluvikmörk milli tilgreindrar trefjasamsetningar sem skal veita í samræmi við 9. gr. og hundraðshluta sem fram koma við greiningu í samræmi við 19. gr., miðað við heildarþyngd trefja sem fram kemur á merkimiða eða merkingu. Þessi vikmörk skulu einnig gilda um eftirfarandi:

a) trefjar sem heimilt er að merkja sem „aðrar trefjar“ í samræmi við 9. gr.,

b) hundraðshluta ullar sem um getur í b-lið 2. mgr. 8. gr.

Að því er varðar greiningu skal reikna vikmörkin út hver fyrir sig. Heildarþyngdin sem taka skal mið af við útreikning vikmarkanna, sem um getur í þessari málsgrein, er heildarþyngd trefja fullunninnar vöru að frátalinni þyngd allra utanaðkomandi trefja sem fram koma þegar vikmörkunum, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, er beitt.

4. Einungis er heimilt að beita uppsöfnuðum vikmörkum, sem um getur í 2. og 3. mgr., ef einhverjar utanaðkomandi trefjar, sem fram koma við greiningu þegar vikmörkin sem um getur í 2. mgr. eru notuð, reynast vera af sömu gerð og trefjar sem eru tilgreindar á merkimiða eða merkingu.

5. Ef um er að ræða sérstakar textílvörur þar sem við framleiðslu er krafist rýmri vikmarka en mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. getur framkvæmdastjórnin heimilað rýmri vikmörk.

Áður en textílvara er sett á markað skal framleiðandinn leggja fram beiðni um heimild frá framkvæmdastjórninni með fullnægjandi rökstuðningi og sönnun fyrir þessum sérstökum framleiðsluskilyrðum. Heimildin skal aðeins veitt í undantekningartilvikum og þegar gild rök koma fram af hálfu framleiðanda.

Ef við á skal framkvæmdastjórnin samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 22. gr., tæknileg viðmið og reglur um málsmeðferð varðandi beitingu þessarar málsgreinar.

4. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Framseldar gerðir

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. varðandi samþykkt tæknilegra viðmiðana og reglna um málsmeðferð varðandi beitingu 5. mgr. 20. gr., breytingar á II., IV., V., VI., VII., VIII. og IX. viðauka, svo að tekið sé tillit til tækniframfara, og breytingar á I. viðauka í því skyni að taka upp, í samræmi við 6. gr., ný textíltrefjaheiti í skrána sem sett er fram í þeim viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

22. gr.

Beiting framseldra gerða

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 5. mgr. 20. gr. og 21. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 7. nóvember 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 5. mgr. 20. gr. og 21. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 5. mgr. 20. gr. og 21. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

23. gr.

Skýrslugjöf

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 8. nóvember 2014, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar með áherslu á umsóknir og samþykkt nýrra heita textíltrefja og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.

24. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. september 2013, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið að því er varðar hugsanlegar nýjar kröfur varðandi merkingar sem skal taka upp á vettvangi Sambandsins í því skyni að veita neytendum nákvæmar, viðeigandi og sambærilegar upplýsingar um eiginleika textílvara.

2. Skýrsluna skal byggja á samráði við viðkomandi hagsmunaaðila og skal taka tillit til fyrirliggjandi tengdra evrópskra og alþjóðlegra staðla.

3. Skýrslunni skulu, eftir því sem við á, fylgja tillögur að nýrri löggjöf og skal m.a. skoða eftirfarandi atriði:

a) kerfi fyrir upprunamerkingar sem miðar að því að veita neytendum nákvæmar upplýsingar um upprunaland og viðbótarupplýsingar sem tryggja rekjanleika textílvara, með tilliti til niðurstöðu þróunar á hugsanlegum þverlægum reglum um upprunaland,

b) samræmt kerfi varðandi þvottaleiðbeiningar,

c) samræmt heildarkerfi á vettvangi Sambandsins fyrir stærðarmerkingar viðkomandi textílvara,

d) upplýsingar um ofnæmisvaldandi efni,

e) rafrænar merkingar og aðra nýja tækni og notkun tákna eða kóða sem eru óháðir tungumálum fyrir auðkenningu trefja.

25. gr.

Rannsókn á hættulegum efnum

Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram rannsókn, eigi síðar en 30. september 2013, í því skyni að meta hvort það séu orsakatengsl á milli ofnæmisviðbragða og efna eða efnablandna sem notaðar eru í textílvörur. Á grundvelli þessarar rannsóknar skal framkvæmdastjórnin leggja fram, eftir því sem við á, tillögur að nýrri löggjöf innan ramma fyrirliggjandi löggjafar Sambandsins.

26. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Textílvörur sem eru í samræmi við tilskipun 2008/121/EB og sem settar eru á markað fyrir 8. maí 2012 mega áfram vera boðnar fram á markaði þar til 9. nóvember 2014.

27. gr.

Niðurfelling

Tilskipanir 73/44/EBE, 96/73/EB og 2008/121/EB eru hér með felldar úr gildi frá og með 8. maí 2012.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunum í X. viðauka.

28. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. maí 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 27. september 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

J. BUZEK

Fyrir hönd ráðsins

forseti.

M. DOWGIELEWICZ

I. VIÐAUKI

Skrá yfir heiti textíltrefja

(sem um getur í 5. gr.)

Tafla 1

Númer	Heiti	Lýsing trefja
1	ull	trefjar úr reyfi sauðfjár (*Ovis aries*) eða trefjablanda úr sauðfjárreyfi og hárum dýra sem tilgreind eru í nr. 2
2	alpaka, lama, úlfaldi, kasmír, móhár, angóra, vikúnja, jakuxi, gúanakó, kasgóra, bifur, otur, með eða án orðsins „ull“ eða „hár“	hár af eftirtöldum dýrum: alpöku, lamadýri, úlfalda, kasmírgeit, angórugeit, angóruakanínu, vikúnja, jakuxa, gúanakó, kasgórugeit , bifur, otri
3	hrosshár eða hár af öðrum dýrum, með eða án upplýsinga um dýrategund (t.d. nautshár, geitarull, hrosshár)	hár af ýmsum dýrum sem ekki eru talin upp í nr. 1 og 2
4	silki	trefjar einungis fengnar frá skordýrum sem spinna silki
5	baðmull	trefjar úr fræbelgjum baðmullarplöntunnar (*Gossypium*)
6	kapok	trefjar úr aldinveggjum kapoktrésins (*Ceiba pentandra*)
7	hör	basttrefjar úr stönglum línplöntunnar (*Linum usitatissimum*)
8	hampur	basttrefjar úr stönglum hampplöntunnar (*Cannabis sativa*)
9	júta	basttrefjar úr stönglum *Corchorus olitorius* og *Corchorus capsularis*. Að því er varðar reglugerð þessa skal fara með basttrefjar úr eftirfarandi tegundum á sama hátt og jútutrefjar: *Hibiscus cannabinus*, *Hibiscus sabdariffa*, *Abutilon avicennae*, *Urena lobata*, *Urena sinuata*
10	abaka (manillahampur)	trefjar úr blaðslíðri plöntunnar *Musa textilis*
11	alfa	trefjar úr laufi plöntunnar *Stipa tenacissima*
12	kókostrefjar (kókoshneta)	trefjar úr aldini kókospálmans (*Cocos nucifera*)
13	gífill	basttrefjar úr stönglum plöntunnar *Cytisus scoparius* og/eða *Spartium junceum*
14	ramí	basttrefjar úr *Boehmeria nivea* og *Boehmiria tenacissima*
15	sísal	trefjar úr laufi *Agave sisalana*
16	trefjar súnnplöntu	basttrefjar úr *Crotalaria juncea*
17	henequen	basttrefjar úr *Agave fourcroydes*
18	trefjar eyðimerkurlilju	basttrefjar úr eyðimerkurlilju (*Agave cantala*)

Tafla 2

Númer	Heiti	Lýsing trefja
19	asetat	trefjar úr sellulósaasetati, þar sem minna en 92% en a.m.k. 74% hýdroxýl-hópanna eru asetýlaðir (acetylated)
20	algínat	trefjar málmsalta algínsýru

Númer	Heiti	Lýsing trefja
21	kúpró	endurmyndaðar beðmistrefjar, fengnar með kúprammóníumaðferðinni
22	módal	endurmyndaðar beðmistrefjar, fengnar með breyttri viskósuaðferð, með mikinn slitkraft og mikið þanþol í vætu. Slitkrafturinn (B_C) við skilyrtar prófaðstæður og krafturinn (B_M), sem þarf til að lengja trefjarnar um 5% í vætu, eru: B_C (cN) ≥ 1,3 (√T + 2 T) B_M (cN) ≥ 0,5 √T þar sem T er meðalgildleiki trefja í desitexum
23	prótín	trefjar úr náttúrulegum prótínefnum, endurmyndaðar og stöðgaðar fyrir tilverknað íðefna
24	tríasetat	trefjar úr sellulósaasetati þar sem a.m.k. 92% hýdroxýlhópanna eru asetýleraðir
25	viskósa	endurmyndaðar beðmistrefjar, heilþræðir og skornir þræðir, fengnar með viskósuaðferðinni
26	akrýl	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem a.m.k. 85% af keðjunni er úr akrýílnítríli (miðað við massa)
27	klórtrefjar	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem einliður úr klóruðu vínylklóríði eða klóruðu vínylídenklóríði eru meira en 50% keðjunnar (miðað við massa)
28	flúortrefjar	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum úr alifatískum einliðum flúorkolefnis
29	módakrýl	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem akrýlnítríl er meira en 50% og minna en 85% keðjunnar (miðað við massa)
30	pólýamíð eða nælon	trefjar myndaðar úr tilbúnum, línulegum stórsameindum með endurteknum amíðtengjum í keðjunni, þar sem a.m.k. 85% þeirra eru bundin alifatískum eða hringalifatískum einingum
31	aramíð	trefjar myndaðar úr tilbúnum, línulegum stórsameindum sem eru úr arómatískum hópum, innbyrðis bundnum með amíð- eða ímíðtengjum, þar sem a.m.k. 85% tengjanna bindast beint tveimur arómatískum hringum og þar sem ímíðtengin, sé um þau að ræða, eru ekki fleiri en amíðtengin
32	pólýmíð	trefjar myndaðar úr tilbúnum, línulegum stórsameindum þar sem keðjan er úr endurteknum ímíðeiningum
33	lýósell	endurmyndaðar beðmistrefjar fengnar með uppleysingu og spuna í lífrænum leysi (blöndu lífrænna efnasambanda og vatns), án þess að afleiður myndist
34	pólýlaktíð	trefjar úr línulegum stórsameindum með a.m.k. 85% mjólkursýru-estereiningar (miðað við massa) sem unnar eru úr náttúrulegum sykrum og hafa bræðslumarkið a.m.k. 135 °C
35	pólýester	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem a.m.k. 85% af keðjunni eru ester úr díóli og tereþalsýru (miðað við massa)
36	pólýetýlen	trefjar myndaðar úr mettuðum, línulegum stórsameindum úr alifatískum vetniskolefnum, án sethópa
37	pólýprópýlen	trefjar myndaðar úr mettuðum, línulegum stórsameindum úr alifatískum kolvatnsefnum þar sem önnur hver kolefnisfrumeind er tengd metýlhliðarkeðju samkvæmt ísótaktískri niðurröðun og án frekari sethópa
38	pólýkarbamíð	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem í keðjunni er endurtekinn virki hópurinn úreýlen (NH-CO-NH)
39	pólýúretan	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem í keðjunni er endurtekinn virki hópurinn úretan

Númer	Heiti	Lýsing trefja
40	vínylal	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum sem hafa keðju úr pólývinýlalkóhóli með mismikilli asetölun (acetalisation)
41	trívínyl	trefjar myndaðar úr þríþættri fjölliðu, þ.e. akrýlnítríli, klóraðri vínyleinliðu og þriðju vinýleinliðu þar sem engin þeirra nær 50% af heildarmassa
42	elastódíen	teygjanlegar trefjar úr náttúrulegu eða tilbúnu pólýísópreni eða úr einu eða fleiri díenum, fjölliðuðum með einni eða fleiri vínyleinliðum eða án þeirra og sem skreppa strax saman næstum í upphaflega lengd ef þær eru teygðar í þrefalda, upphaflega lengd sína og sleppt aftur
43	elastan	teygjanlegar trefjar úr minnst 85% (miðað við massa) af niðurhlutuðu pólýúretani og sem skreppa strax saman næstum í upphaflega lengd ef þær eru teygðar í þrefalda, upphaflega lengd sína og sleppt aftur
44	glertrefjar	trefjar úr gleri
45	elastófjölester	trefjar sem eru myndaðar með víxlverkun tveggja eða fleiri efnafræðilega ólíkra, línulegra stórsameinda í tveimur eða fleiri aðskildum þrepum (þar sem engin fer yfir 85% miðað við massa) sem innihalda esterhópa sem ríkjandi, virkan hóp (a.m.k. 85%) og sem, eftir viðeigandi meðhöndlun, skreppa fljótt saman og að verulegu leyti í upphafslengd sína ef þær eru teygðar í eina og hálfa upphaflega lengd sína og sleppt
46	elastólefín	trefjar samsettar að a.m.k. 95% úr stórsameindum (miðað við massa) sem að hluta til eru víxltengdar, gerðar úr etýleni og a.m.k. einu öðru ólefíni og sem skreppa fljótt saman og að verulegu leyti í upphafslengd sína ef þær eru teygðar í eina og hálfa upphaflega lengd sína og sleppt aftur
47	melamín	trefjar myndaðar úr a.m.k. 85% af víxltengdum stórsameindum (miðað við massa) sem eru úr afleiðum melamíns
48	heiti sem svarar til efnis þess sem trefjarnar eru myndaðar úr, t.d. málmi (málmkenndur, málmgerður), asbesti, pappír, með eða án orðanna „garn“ eða „trefjar“ á eftir	trefjar úr ýmiss konar efnum eða nýjum efnum sem ekki eru taldar upp hér að framan

II. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur að því er varðar tækniskjal sem skal fylgja umsókn um nýtt heiti textíltrefju

(sem um getur í 6. gr.)

Tækniskjalið sem skal fylgja umsókn um að nýtt textíltrefjaheiti verði tekið upp í skrána sem sett er fram í I. viðauka, eins og kveðið er á um í 6. gr., skal að lágmarki innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1) Tillagt heiti textíltrefjunnar:

   Tillagt heiti skal tengjast efnasamsetningunni og skal, ef við á, veita upplýsingar um eiginleika trefjunnar. Tillagt heiti skal ekki falla undir hugverkarétt og skal ekki vera tengt framleiðandanum.

2) Tillögð skilgreining textíltrefjunnar:

   Þá eiginleika sem eru nefndir í skilgreiningunni á nýrri textíltrefju, t.d. teygjanleiki, skal vera hægt að sannprófa með prófunaraðferðum sem lagðar eru fram í tækniskjalinu ásamt greiningarniðurstöðum.

3) Greining á textíltrefjunni: efnaformúla, mismunur sem aðgreinir frá fyrirliggjandi textíltrefjum, ásamt, þar sem við á, ítarlegum upplýsingum, s.s. bræðslumark, eðlismassi, brotstuðull, brunaeiginleikar og FTIR-tíðniróf.

4) Tillaga að samþykktu fráviki sem skal nota við útreikning á trefjasamsetningu.

5) Nægilega þróaðar aðferðir fyrir greiningu og magnákvörðun, þ.m.t. tilraunagögn:

   Umsækjandinn skal meta möguleikann á að nota aðferðirnar sem skráðar eru í VIII. viðauka eða þá samhæfðu staðla sem verða teknir upp í þann viðauka til að greina þær blöndur sem helst er búist við á markaði með nýju textíltrefjunni og öðrum textíltrefjum og skal gera tillögu um a.m.k. eina af þeim aðferðum. Fyrir þær aðferðir eða samhæfðu staðla þar sem textíltrefjan getur talist óleysanlegur efnisþáttur skal umsækjandinn meta massaleiðréttingarstuðla nýju textíltrefjunnar. Öll tilraunagögnin skulu lögð fram með umsókninni.

   Ef aðferðirnar sem skráðar eru í þessari reglugerð henta ekki skal umsækjandinn leggja fram fullnægjandi rökstuðning og leggja til nýja aðferð.

   Í umsókninni skulu vera öll tilraunagögn fyrir þær aðferðir sem lagðar eru til. Gögn um nákvæmni, traustleika og endurtekningarnákvæmni aðferðanna skulu lögð fram með skjalinu.

6) Fyrirliggjandi vísindalegar upplýsingar varðandi hugsanleg ofnæmisviðbrögð eða önnur skaðleg áhrif nýju textíltrefjunnar á heilsu manna, þ.m.t. niðurstöður prófana sem gerðar eru í þessu skyni í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins.

7) Viðbótarupplýsingar til stuðnings umsókninni: framleiðsluaðferð, gildi fyrir neytendur.

Framleiðandinn eða aðili sem kemur fram fyrir hans hönd skal veita dæmigert sýnishorn af nýju, hreinu textíltrefjunni og viðeigandi textíltrefjablöndum sem eru nauðsynlegar til að framkvæma fullgildingu á greiningar- og mælingaraðferðum sem lagðar eru til. Framkvæmdastjórnin getur óskað eftir viðbótarsýnum af viðkomandi trefjablöndum frá framleiðandanum eða aðilanum sem kemur fram fyrir hönd hans.

———

III. VIÐAUKI

Heiti sem fram koma í 1. mgr. 8. gr.

— á búlgörsku: „необработена вълна“

— á spænsku: „lana virgen“ eða „lana de esquilado“

— á tékknesku: „střižní vlna“

— á dönsku: „ren, ny uld“

— á þýsku: „Schurwolle“

— á eistnesku: „uus vill“

— á grísku: „παρθένο μαλλί“

— á ensku: „fleece wool“ eða „virgin wool“

— á frönsku: „laine vierge“ eða „laine de tonte“

— á írsku: „olann lomra“

— á ítölsku: „lana vergine“ eða „lana di tosa“

— á lettnesku: „pirmlietojuma vilna“ eða „cirptā vilna“

— á litháísku: „natūralioji vilna“

— á ungversku: „élőgyapjú“

— á maltnesku: „suf verġni“

— á hollensku: „scheerwol“

— á pólsku: „żywa wełna“

— á portúgölsku: „lã virgem“

— á rúmensku: „lână virgină“

— á slóvakísku: „strižná vlna“

— á slóvensku: „runska volna“

— á finnsku: „uusi villa“

— á sænsku: „ny ull“

IV. VIÐAUKI

Sérákvæði varðandi merkingar á tilteknum textílvörum

(sem um getur í 13. gr.)

Afurðir	Ákvæði um merkingar
1. Eftirfarandi lífstykkjavörur:	Gefa skal upp samsetningu trefja á merkimiðum og merkingum með því að tilgreina samsetningu vörunnar í heild eða þeirra efnisþátta sem taldir eru upp, annað hvort í einu lagi eða fyrir hvern um sig:
a) Brjóstahaldarar	efni í yfirborð ytri og innri hluta skála og bakhluta,
b) Lífstykki og magabelti	framstykki, bakstykki og hliðarstykki,
c) Samfellur	efni í yfirborði ytri og innri hluta skála, framstykki, bakstykki og hliðarstykki.
2. Aðrar lífstykkjavörur sem ekki eru taldar upp hér að framan	Gefa skal upp samsetningu trefja með því að tilgreina samsetningu vörunnar í heild eða samsetningu mismunandi efnisþátta vörunnar, annað hvort í einu lagi eða fyrir hvern um sig. Ekki er skylt að viðhafa slíka merkingu um efnisþætti, sem eru undir 10% af heildarþyngd vörunnar.
3. Allar lífstykkjavörur	Aðskildar merkingar ólíkra hluta lífstykkjavaranna skulu þannig úr garði gerðar að neytendur eigi auðvelt með að átta sig á til hvaða hluta vörunnar upplýsingarnar á merkimiðanum eða merkingunni vísa.
4. Ætt textílefni	Gefa skal upp samsetningu trefja fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu grunnefnisins og samsetningu ættu hlutanna. Þessa efnisþætti skal tilgreina með heiti sínu.
5. Útsaumuð textílefni	Gefa skal upp samsetningu trefja fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu grunnefnisins og samsetningu útsaumsgarnsins. Þessa efnisþætti skal tilgreina með heiti sínu. Slíkar merkingar eru aðeins skyldubundnar fyrir útsaumaða efnisþætti sem eru a.m.k. 10% af yfirborði vörunnar.
6. Garn sem samanstendur af kjarna og slíðri úr ólíkum trefjum og er boðið neytendum til sölu sem slíkt	Gefa skal upp samsetningu trefja fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu kjarnans og samsetningu slíðursins. Þessa efnisþætti skal tilgreina með heiti sínu.
7. Textílefni úr flaueli og flosi eða textílefni sem líkjast flaueli eða flosi	Gefa skal upp samsetningu trefja fyrir vöruna í heild og hafi varan sérstakt undirlag og slitlag úr ólíkum trefjum er heimilt að gefa upp trefjasamsetningu fyrir hvorn þessara hluta sérstaklega. Þessa efnisþætti skal tilgreina með heiti sínu.
8. Gólfefni og gólfteppi þar sem undirlag og slitlag eru úr ólíkum trefjum	Heimilt er að gefa einungis upp trefjasamsetningu slitlagsins. Slitlagið skal tilgreina með heiti.

V. VIÐAUKI

Textílvörur sem ekki er skylt að merkja

(sem um getur í 2. mgr. 17. gr.)

1. Ermabönd
2. Úrarmbönd úr textílefnum
3. Merkimiðar og einkennismerki
4. Handföng, stoppuð með textílefnum
5. Kaffihettur
6. Tehettur
7. Ermahlífar
8. Handskjól, önnur en úr flosvefnaði
9. Gerviblóm
10. Nálapúðar
11. Málað léreft
12. Textílvörur fyrir grunnefni og stífur
13. Gamlar, uppgerðar textílvörur, svo fremi þær séu merktar þannig
14. Legghlífar
15. Umbúðir, ekki nýjar og seldar sem slíkar
16. Leðurvörur og reið- eða aktygi úr textílefnum
17. Ferðavörur úr textílefnum
18. Handunninn útsaumur, fullgerður eða ófullgerður, og efni til framleiðslu hans, þ.m.t. útsaumsgarn, sem er selt sérstaklega án strigans og er selt eingöngu til notkunar í slíkum listvefnaði
19. Rennilásar
20. Hnappar og spennur, yfirdekktar með textílefnum
21. Bókarspjöld úr textílefnum
22. Leikföng
23. Textílhlutar fótabúnaðar
24. Borðmottur úr ýmsum efnisþáttum, allt að 500 cm^2 stórar
25. Ofnhanskar og pottaleppar
26. Eggjahettur
27. Förðunartöskur

28. Tóbakspungar úr textílefni

29. Gleraugnahulstur, vindlinga- og vindlahulstur, kveikjara- og greiðuhulstur úr textílefni

30. Hlífar fyrir farsíma og ferðamargmiðlunarspilara með yfirborð sem er ekki stærra en 160 cm^2

31. Íþróttahlífar, að hönskum undanskildum

32. Snyrtitöskur

33. Skóburstunaröskjur

34. Varningur fyrir útfarir

35. Einnota vörur, að vatti undanskildu

36. Textílvörur sem falla undir reglur Evrópsku lyfjaskrárinnar og sem falla undir tilvísun í þær reglur, margnota sáraumbúðir til nota við lækningar og í bæklunarskurðlækningum og almennar textílvörur til notkunar í bæklunarlækningum almennt

37. Textílvörur, sem falla undir 12. lið í VI. viðauka, þar á meðal kaðlar, taugar og reimar, venjulega ætlaðar til:

    a) notkunar sem íhlutir í búnað við framleiðslu og vinnslu vara

    b) innsetningar í vélar, í búnað (t.d. hitunar, loftræstingar eða lýsingar), heimilistæki og önnur tæki, ökutæki og önnur flutningatæki eða til notkunar við rekstur þeirra og viðhald eða til notkunar sem búnaður með þeim, að undanskildum ábreiðum úr segldúk og aukabúnaði úr textílefnum sem seldur er sérstaklega og ekki með vélknúnum ökutækjum

38. Textílvörur, ætlaðar til verndar og öryggis, s.s. öryggisbelti, fallhlífar, björgunarvesti, neyðarrennur, slökkvibúnaður, skotheld vesti og sérstakur hlífðarfatnaður (t.d. vörn gegn eldi, efnum eða annarri hættu)

39. Loftuppblásin mannvirki (t.d. íþróttahallir, sýningastæði eða geymslur), svo fremi upplýsingar um afkastagetu og tæknilýsingar fylgi

40. Segl

41. Textílvörur fyrir dýr

42. Flögg og fánar

VI. VIÐAUKI

Textílvörur sem nægir að merkja sameiginlega

(sem um getur í 3. mgr. 17. gr.)

1. Gólfklútar
2. Hreinsiklútar
3. Bryddingar og leggingar
4. Kögur, snúrur, fléttuð bönd
5. Belti
6. Axlabönd
7. Sokkabönd
8. Skóreimar
9. Borðar
10. Teygjur
11. Nýjar umbúðir, seldar sem slíkar
12. Bögglasnæri og baggabönd: bönd, kaðlar og reimar sem ekki falla undir 37. lið V. viðauka([12])
13. Borðmottur
14. Vasaklútar
15. Hárnet
16. Hálstau og slaufur fyrir börn
17. Smekkir, þvottapokar og andlitsþurrkur
18. Garn til sauma, viðgerða og útsaums til smásölu í litlu magni, 1 gramm eða minna nettó
19. Bönd fyrir gluggatjöld, rimlatjöld og hlera

———

([12]) Þegar um ræðir vörur sem falla undir lið þennan og seldar eru afskornar í lengjum skal sameiginleg vörumerking vera sú sama og á rúllunni. Kaðlar og bönd undir þessum lið taka m.a. til kaðla og banda sem eru notuð í fjallaklifri og siglingaíþróttum.

VII. VIÐAUKI

Hlutir sem ekki skal taka tillit til við ákvörðun trefjasamsetningar

(sem um getur í 2. mgr. 19. gr.)

Afurðir	Hlutir sem eru undanskildir
a) Allar textílvörur	i. Hlutar, sem eru ekki úr textíl, sérofnir jaðrar, merkimiðar og merkispjöld, bryddingar og leggingar, sem ekki eru óaðskiljanlegur hluti vörunnar, hnappar og spennur þaktar textílefnum, aukabúnaður, skraut, óteygjanlegir borðar, teygjanlegir þræðir og bönd, sem bætt er við vöruna á tilteknum og afmörkuðum stöðum, og með fyrirvara um skilyrði tilgreind í 10. gr., sýnilegar, aðgreinanlegar trefjar til skrauts eingöngu og trefjar sem koma í veg fyrir rafmögnun. ii. Fituefni, bindiefni, þyngingar, límsterkja, gegnsýringarefni, hjálparefni til litunar og prentunar og önnur efni til þess að meðhöndla textílvörur.
b) Gólfefni og gólfteppi	Allir aðrir efnisþættir en slitlag.
c) Húsgagnaáklæði	Uppistöður og ívaf til bindingar og fyllingar sem ekki eru hluti slitlags.
d) Hengi og gluggatjöld	Uppistöður og ívaf til bindingar og fyllingar sem eru ekki hluti af réttaborði efnisins.
e) Sokkar	Viðbætt teygjugarn sem notað er í stroff og garn til stífingar og styrkingar í tá og hæl.
f) Sokkabuxur	Viðbætt teygjugarn sem notað er í strenginn og garn til stífingar og styrkingar í tá og hæl.
g) Textílvörur aðrar en þær sem tilgreindar eru í b- til f-lið	Grunnefni, stífur og styrkingar, innra fóður og dúkundirlag, saumagarn, svo fremi það komi ekki í stað uppistöðu og/eða ívafs efnisins, fyllingar sem ekki eru einangrandi og, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 11. gr., fóður. Að því er ákvæði þetta varðar: i. ber ekki að líta á grunnefni í textílvörum, sem gegna hlutverki undirlags fyrir slitlag, einkum í ábreiðum og tvöföldum efnum, og fyrir flauel eða flosefni og ámóta vörur, sem undirlag sem fjarlægja á. ii. merkja „stífur og styrkingar“ garn eða efni sem bætt er við á tilteknum og afmörkuðum stöðum á textílvörum til þess að styrkja þær eða gera stífar eða þykkar.

VIII. VIÐAUKI

Aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur eða þremur efnum

(sem um getur í 1. mgr. 19. gr.)

1. KAFLI

I. **Undirbúningur rannsóknarsýna og prófunarsýna til ákvörðunar á trefjasamsetningu textílvara**

1. GILDISSVIÐ

Í þessum kafla er mælt fyrir um hvernig beri að taka rannsóknarsýni af hæfilegri stærð til formeðferðar fyrir magngreiningu (þ.e. massi sem er 100 g eða minni) af vörusýnum og hvernig beri að velja prófunarsýni úr þeim rannsóknarsýnum sem hlotið hafa formeðferð þar sem önnur efni en trefjar eru fjarlægð ([13]).

2. SKILGREININGAR

2.1. Vöruskammtur

Það efnismagn sem metið er á grundvelli einnar raðar prófniðurstaðna. Þetta getur t.d. náð til alls efnis í klæðissendingu, alls klæðis sem er ofið í sömu rifur, sendingar af garni, eins eða fleiri balla af óunnum trefjum.

2.2. Vörusýni

Sá hluti vöruskammtsins sem litið er á sem dæmigerðan fyrir heildina og viðkomandi rannsóknarstofa hefur aðgang að. Vörusýnið skal vera þannig að stærð og gerð að það veiti réttar upplýsingar um öll afbrigði vöruskammtsins og sé auðvelt í meðförum á rannsóknarstofu ([14]).

2.3. Rannsóknarsýni

Sá hluti vörusýnisins sem hlotið hefur formeðferð þar sem önnur efni en trefjar eru fjarlægð og sem prófunarsýni eru tekin úr. Rannsóknarsýnið skal vera þannig að stærð og gerð að það veiti réttar upplýsingar um öll afbrigði vörusýnisins ([15]).

2.4. Prófunarsýni

Sá hluti efnisins sem nauðsynlegur er til þess að fá fram einstaka prófunarniðurstöðu og tekinn er af rannsóknarsýni.

3. MEGINREGLA

Rannsóknarsýnið er valið þannig að það sé dæmigert fyrir vörusýnið.

Prófunarsýnin eru tekin úr rannsóknarsýninu með þeim hætti að hvert þeirra sé dæmigert fyrir rannsóknarsýnið.

4. SÝNATAKA — LAUSAR TREFJAR

4.1. Óreglulegar trefjar

Rannsóknarsýnið er tekið með því að velja brúska af handahófi úr vörusýninu. Allt rannsóknarsýnið er blandað vandlega í rannsóknarstofukembivél ([16]). Setja skal vefinn eða blönduna, þar með taldar lausar trefjar og trefjar sem loða við blöndunartækin, í formeðferð. Prófunarsýnið er síðan tekið úr vefnum eða blöndunni, úr lausu trefjunum og úr trefjunum sem loða við blöndunartækin í réttu hlutfalli við viðeigandi massa.

Ef kembdi vefurinn er eftir sem áður óbreyttur að lokinni formeðferð eru prófunarsýnin tekin á þann hátt sem er lýst í 4.2. Ef kembdi vefurinn breytist við formeðferðina er hvert prófunarsýni tekið með því að taka af handahófi a.m.k. 16 smábrúska af hentugri og um það bil sömu stærð og sameina þá.

4.2. Reglulegar trefjar (kembd efni, vefnaður, lyppur, vindingar)

Minnst tíu lengjur af vörusýni valdar af handahófi eru klipptar og skal massi hverrar lengju vera um það bil 1 g. Rannsóknarsýnið, sem þannig er til komið, skal hljóta formeðferð. Lengjurnar eru sameinaðar aftur og lagðar samhliða og prófunarsýnið tekið með því að klippa þvert á þær þannig að hluti af hverri hinna tíu lengja sé tekinn.

([13]) Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að prófunarsýnið hljóti formeðferð.
([14]) Varðandi tilbúnar og frágengnar vörur, sjá 7. lið.
([15]) Sjá 1. lið.
([16]) Heimilt er að nota trefjablandara í stað rannsóknarstofukembivélar eða að blanda trefjarnar með því að beita aðferðinni „brúskar og úrkast“.

5. SÝNATAKA — GARN

5.1. Garn á spólum og í hespum

Sýni er tekið af öllum spólum eða hespum í vörusýninu.

Samhangandi garn er tekið, jafnlangt og af hæfilegri lengd af hverri spólu eða hespu, annaðhvort með því að vinda jafn oft ofan af hesputré ([17]) eða á annan hátt. Lengjurnar eru sameinaðar og lagðar samhliða, annað hvort sem ein hespa eða kapall til þess að mynda rannsóknarsýni og tryggja skal að lengjurnar, sem teknar eru af hverri spólu í hespuna eða kapalinn, séu jafnlangar.

Rannsóknarsýnið skal hljóta formeðferð.

Prófunarsýni er tekið af rannsóknarsýni með því að klippa þráðarenda sömu lengdar af hespunni eða kaplinum um leið og þess er gætt að þeir séu af öllum þráðum í sýninu.

Ef t er númer garnsins í „tex“ og n spólu- eða hespufjöldi, sem er valinn úr vörusýninu, er lengd garnsins, sem taka á af hverri spólu eða hespu, $10^6/nt$ cm ef rannsóknarsýni á að vera 10 g.

Ef nt er hátt, þ.e. 2000 eða hærra, er þykkari hespa undin og klippt þvert á hana á tveimur stöðum til þess að úr verði kapall með hæfilegan massa. Áður en formeðferð fer fram skal binda vel og vandlega saman enda á öllum sýnum í formi kapals og taka prófunarsýni á stað fjarri hnútnum.

5.2. Garn sem uppistaða

Rannsóknarsýni er tekið með því að klippa hluta af enda uppistöðunnar, ekki styttri en 20 cm, sem inniheldur allt garn í uppistöðunni nema jaðargarnið sem ekki er tekið með. Þræðirnir eru bundnir saman við annan endann. Ef allt sýnið er of stórt fyrir formeðferð er því skipt í tvo eða fleiri hluta, sem hver er bundinn saman fyrir formeðferð, og að aflokinni formeðferð eru þeir sameinaðir að nýju. Prófunarsýni er tekið með því að klippa hæfilega lengd af rannsóknarsýninu af endanum fjær hnútnum, þannig að allir þræðir í uppistöðunni fylgi með. Lengd sýnis, sem hefur massann 1 g, fyrir uppistöðu með N þræði og númer garns t „tex“ er $10^5/Nt$ cm.

6. SÝNATAKA — EFNI

6.1. Vörusýni sem myndað er af einum dæmigerðum afskurði klæðisins

Ræma er klippt á ská úr einu horni í annað og jaðrarnir fjarlægðir. Þessi ræma er rannsóknarsýnið. Til þess að ná rannsóknarsýni sem er x g skal flatarmál ræmunnar vera $x10^4/G$ cm^2, þar sem G er massi klæðisins í g/m^2.

Rannsóknarsýnið skal hljóta formeðferð, en síðan er ræman klippt þversum í fjórar jafnar lengjur og hver lögð ofan á aðra. Prófunarsýni er tekið einhvers staðar af lagskipta efninu með því að klippa gegnum öll lögin þannig að hvert sýni innihaldi öll lögin í sömu lengd.

Ef mynstur er ofið í efnið skal breidd rannsóknarsýnisins, mælt samhliða uppistöðunni, ekki vera minni en sem samsvarar lengd einnar uppistöðu í mynstrinu. Ef rannsóknarsýnið, að uppfylltu þessu skilyrði, er of stórt fyrir meðferð allt í senn er það klippt í jafna hluta sem hver um sig skal hljóta formeðferð og hver hluti er lagður ofan á annan áður en prófunarsýnið er valið um leið og þess er gætt að samsvarandi hlutar mynstursins falli ekki saman.

6.2. Vörusýni sem myndað er af nokkrum afskurðum

Hver afskurður er meðhöndlaður eins og er lýst í 6.1 og niðurstöðurnar birtar í hverju tilviki fyrir sig.

7. SÝNATAKA — TILBÚNAR OG FRÁGENGNAR VÖRUR

Vörusýnið er venjulega fullbúin eða frágengin vara eða dæmigerður hluti slíkrar vöru.

Þar sem við á skal ákvarða hundraðshluta ólíkra hluta vörunnar sem ekki hafa sömu trefjasamsetningu til að kanna hvort farið sé að ákvæðum 11. gr.

Velja skal rannsóknarsýni sem er dæmigert fyrir þann hluta tilbúinnar eða frágenginnar vöru sem skylt er að sýna samsetningu fyrir á merkimiða. Hafi varan fleiri en einn merkimiða, er tekið rannsóknarsýni sem er dæmigert fyrir hvern hluta sem merktur er með merkimiða.

Ef vara sem ákvarða á samsetningu fyrir er ekki alls staðar eins kann að reynast nauðsynlegt að velja rannsóknarsýni úr öllum hlutum hennar og að ákvarða innbyrðis hlutföll hinna ólíku hluta með tilliti til vörunnar í heild.

([17]) Ef unnt er að setja spólurnar upp á hentuga grind má vinda nokkrar í einu.

Síðan skal reikna út hundraðshlutana að teknu tilliti til innbyrðis hlutfalla þeirra hluta sem sýni hafa verið tekin úr.

Rannsóknarsýnin skulu hljóta formeðferð.

Síðan skal taka prófunarsýni sem eru dæmigerð fyrir þau rannsóknarsýni sem hlotið hafa formeðferð.

II. **Kynning á aðferðum við magngreiningu á textíltrefjablöndum**

Aðferðir við magngreiningu trefjablandna byggjast aðallega á tvenns konar ferlum, handvirkri og efnafræðilegri sundurgreiningu trefja.

Nota skal handvirka sundurgreiningu ef kostur er þar sem hún skilar almennt nákvæmari niðurstöðum en efnafræðilega aðferðin. Unnt er að beita henni á öll textílefni séu trefjahlutar þeirra ekki sameinaðir um of eins og t.d. þegar garn er samsett úr ólíkum uppistöðuefnum, hvert úr einni gerð trefja einvörðungu eða þegar um ræðir vefnað þar sem trefjar í uppistöðu eru annarrar gerðar en í ívafi eða upprekjanlegar prjónavörur úr garni ólíku að gerð.

Almennt eru efnafræðilegar aðferðir við magngreiningu byggðar á valvísri lausn einstakra efnisþátta. Eftir að efnisþáttur hefur verið fjarlægður er óleysanlegi hlutinn vigtaður og hlutfall uppleysta efnisþáttarins reiknað út frá massatapinu. Í þessum fyrsta hluta viðaukans eru veittar upplýsingar sem almennt varða greiningu samkvæmt þessari aðferð á öllum trefjablöndum, sem um er fjallað í viðaukanum, hver sem samsetning þeirra kann að vera. Því ber að nota hann með hliðsjón af einstökum köflum viðaukans sem eftir koma og innihalda sundurliðaðar aðferðir sem beitt er á tilteknar trefjablöndur. Í einstaka tilvikum byggist greining á annarri meginreglu en valvísri lausn, í slíkum tilvikum eru allar upplýsingar veittar í viðkomandi kafla.

Trefjablöndur notaðar við framleiðslu og í minna mæli fullunnin textílefni kunna að innihalda önnur efni en trefjar, t.d. fituefni, vax eða gljáefni eða vatnsleysanleg efni sem annaðhvort stafa af eðlilegum orsökum eða er bætt við til þess að auðvelda framleiðsluna. Fjarlægja skal önnur efni en trefjar áður en greining fer fram. Af þessum sökum er einnig tilgreind aðferð til þess að fjarlægja olíu, fitu, vax og vatnsleysanleg efni.

Textílefni geta að auki innihaldið resín eða önnur efni sem bætt er við til þess að ná fram sérstökum eiginleikum. Slík efni, þar með talin leysilitarefni í undantekningartilfellum, geta truflað virkni hvarfefnisins gagnvart hinum leysanlega efnisþætti og/eða hvarfefnið fjarlægt eða leyst þau upp að hluta eða alveg. Þessi gerð viðbótarefna gæti þannig skekkt niðurstöður og skal fjarlægja áður en rannsóknarsýnið er tekið til greiningar. Reynist ekki unnt að fjarlægja slík viðbótarefni eiga aðferðir við efnafræðilega magngreiningu, sem tilgreindar eru í þessum viðauka, ekki lengur við.

Litur í lituðum efnum er talinn óaðskiljanlegur hluti trefjanna og er ekki fjarlægður.

Til grundvallar greiningu er þurr massi og er vinnuaðferð til að ákveða þurran massa tilgreind.

Niðurstöður eru fengnar með því að nota samþykktu frávikin sem talin eru upp í IX. viðauka fyrir þurran massa hverrar trefjategundar.

Áður en greining hefst þarf að ganga úr skugga um hvaða trefjar eru í blöndunni. Nokkrar aðferðir eru þess eðlis að hvarfefnið, sem notað er til þess að leysa upp leysanlegan efnisþátt/-þætti blöndunnar, getur leyst upp óleysanlega efnisþáttinn að hluta.

Þar sem því hefur verið við komið hafa verið valin hvarfefni sem lítil eða engin áhrif hafa á óleysanlegu trefjarnar. Leiðrétta skal niðurstöðurnar sé vitað til að massi hafi rýrnað við greiningu og eru tilgreindir leiðréttingarstuðlar í þessu skyni. Þessir leiðréttingarstuðlar hafa verið ákveðnir á nokkrum rannsóknarstofum með því að beita viðeigandi hvarfefnum, sem tilgreind eru í greiningaraðferðinni, á trefjar sem hafa verið hreinsaðar með formeðferðinni.

Þessir leiðréttingarstuðlar gilda einungis fyrir trefjar sem hafa ekki orðið fyrir niðurbroti og kann að vera þörf á annars konar leiðréttingarstuðlum hafi trefjarnar orðið fyrir niðurbroti fyrir meðhöndlun eða á meðan henni stóð. Tilgreindar aðferðir gilda um einstakar greiningar.

Gera skal a.m.k. tvær greiningar á aðgreindum prófunarsýnum, bæði þegar um ræðir handvirka sundurgreiningu og efnafræðilega sundurgreiningu.

Til öryggis er mælt með því, nema það sé tæknilega óframkvæmanlegt, að beita ólíkum vinnuaðferðum þar sem efnisþátturinn sem verður eftir þegar staðalaðferðinni hefur verið beitt er leystur upp fyrst.

2. KAFLI

AÐFERÐIR VIÐ MAGNGREININGU TILTEKINNA TEXTÍLTREFJABLANDNA ÚR TVEIMUR EFNUM

I. **Almennar upplýsingar sem gilda almennt varðandi aðferðirnar sem tilgreindar eru fyrir efnafræðilega magngreiningu trefjablandna**

I.1. GILDISSVIÐ

Tilgreint er undir gildissviði hverrar aðferðar fyrir hvaða trefjar viðkomandi aðferð gildir.

I.2. MEGINREGLA

Eftir að borin hafa verið kennsl á efnishluta í blöndu er annað efni en trefjar fjarlægt með viðeigandi formeðferð og síðan annar efnishlutinn, venjulega með valvísri lausn ([18]). Óleysanlegi hlutinn er vigtaður og hlutfall uppleysta efnisþáttarins reiknað út frá massatapinu. Æskilegt er, nema slíkt valdi tæknilegum örðugleikum, að leysa upp þá trefjategund sem til staðar er í meira mæli þannig að sú trefjategund sem til staðar er í minna mæli gangi af.

I.3. EFNI OG BÚNAÐUR

I.3.1. Búnaður

I.3.1.1. Síudeiglur og vigtarglös nægjanlega stór til að rúma slíkar deiglur eða annar búnaður sem gefur sömu niðurstöður.

I.3.1.2. Sogflaska.

I.3.1.3. Þurrkari með lituðum kísilkristöllum sem gefa til kynna raka.

I.3.1.4. Viftuofn sem þurrkar sýni við 105 ± 3 °C.

I.3.1.5. Fínvog, með 0,0002 g nákvæmni.

I.3.1.6. Soxhlet-útdráttartæki eða annar búnaður sem gefur sömu niðurstöður.

I.3.2. Hvarfmiðill

I.3.2.1. Jarðolíueter, endureimað, suðumark 40 til 60 °C.

I.3.2.2. Aðrir hvarfmiðlar eru tilgreindir í viðkomandi hluta hverrar aðferðar.

I.3.2.3. Eimað eða afjónað vatn.

I.3.2.4. Aseton.

I.3.2.5. Ortófosfórsýra.

I.3.2.6. Þvagefni (úrea).

I.3.2.7. Natríumbíkarbónat.

Allir hvarfmiðlar skulu vera hreinir í efnafræðilegu tilliti.

I.4. ANDRÚMSLOFT VIÐ PRÓFUN OG FORMEÐHÖNDLUN

Þar sem ákvarða á þurran massa er ekki þörf á að formeðhöndla sýnið eða framkvæma greiningu í formeðhöndluðu andrúmslofti.

I.5. RANNSÓKNARSÝNI

Taka skal rannsóknarsýni sem er dæmigert fyrir vörusýnið, nægilega efnismikið til þess að fá öll prófunarsýni sem krafist er, hvert og eitt minnst 1 g.

I.6. FORMEÐFERÐ RANNSÓKNARSÝNIS ([19])

Ef efni er til staðar sem ekki skal taka tillit til við útreikninga hundraðshluta (sjá 19. gr.) skal fyrst fjarlægja það á viðeigandi hátt sem ekki skaðar efnisþætti trefjanna.

Í þessu skyni eru önnur efni en trefjar, sem unnt er að draga út með jarðolíueter og vatni, fjarlægð með því að rannsóknarsýni hljóti meðferð í Soxhlet-útdráttartæki með jarðolíueter í eina klukkustund með minnst sex lotum á klst. Jarðolíueterinn er látinn gufa upp af sýninu sem er síðan dregið út með beinni meðhöndlun sem felst í því að rannsóknarsýnið er látið liggja í vatni við stofuhita í eina klukkustund og síðan látið liggja í vatni við 65 ± 5 °C í aðra klukkustund og er vökvinn hristur öðru hverju. Hlutfall vökva og rannsóknarsýnis skal vera 100:1. Umframvatn er kreist úr sýninu eða það er fjarlægt með loftsogi eða í skilvindu og síðan skal sýnið látið loftþorna.

([18]) Aðferð 12 er undantekning. Hún byggist á því að ákvarða innihald efnishluta annars efnisþáttanna.
([19]) Sjá kafla 1.1.

Ef um er að ræða elastólefín eða trefjablöndur, sem innihalda elastólefín og aðrar trefjar (ull, dýrahár, silki, baðmull, hör, hamp, jútu, manilahamp, alfa, kókostrefjar, gífil, ramí, sísal, kúpró, módal, prótín, viskósa, akrýl, pólýamíð eða nælon, pólýester, elastófjölester) skal aðferðinni, sem lýst er hér að framan, breytt lítillega þar sem jarðolíueter skal skipt út fyrir aseton.

Þegar um er að ræða trefjablöndur úr tveimur efnum sem innihalda elastólefín og asetat skal nota eftirfarandi aðferð sem formeðferð. Rannsóknarsýnið er dregið út í 10 mínútur við 80 °C með lausn sem inniheldur 25 g/l af 50% ortófosfórsýru og 50 g/l af þvagefni (úrea). Hlutfall vökva og rannsóknarsýnis skal vera 100:1. Rannsóknarsýnið er skolað með vatni, svo er vatnið fjarlægt og skolað með 0,1% natríumbíkarbónatlausn og að lokum skolað vandlega með vatni.

Reynist ekki unnt að draga út önnur efni en trefjar með jarðolíueter og vatni skal fjarlægja þau með því að grípa til viðeigandi meðferðar í stað vatnsmeðferðarinnar, sem lýst var hér að framan, sem veldur ekki umtalsverðum breytingum á neinum efnishlutum trefjanna. Að því er varðar nokkrar óbleiktar, náttúrulegar plöntutrefjar (t.d. júta og kókostrefjar) skal taka tillit til þess að við hefðbundna formeðferð með jarðolíueter og vatni er ekki unnt að fjarlægja öll náttúruleg efni önnur en trefjar, engu að síður er aukalegri formeðferð ekki beitt nema sýnið innihaldi frágangsefni (finishes) sem eru óleysanleg bæði í jarðolíueter og vatni.

Í rannsóknarskýrslum skal vera nákvæm lýsing á aðferðum sem er beitt við formeðferð.

I.7. PRÓFUNARAÐFERÐ

I.7.1. Almennar leiðbeiningar

I.7.1.1. Þurrkun

Þurrkun skal vara minnst 4 klukkustundir og mest 16 klukkustundir við 105 ± 3 °C í viftuofni með lokuðum dyrum. Standi þurrkun yfir skemur en 14 klukkustundir skal vigta sýnið til að ganga úr skugga um að massi þess sé stöðugur. Líta má svo á að massinn sé stöðugur ef frávik er minna en 0,05% eftir frekari þurrkun í 60 mínútur.

Forðast skal að handleika síudeiglur og vigtarglös, sýni eða óuppleyst efni berum höndum meðan á þurrkun, kælingu og vigtun stendur.

Þurrka skal sýni í vigtarglasi með lokið við hliðina á glasinu. Loka skal vigtarglasinu að aflokinni þurrkun áður en það er tekið úr ofninum og flytja samstundis í þurrkarann.

Þurrka skal síudeigluna í vigtarglasi með lokið við hliðina á glasinu í ofninum. Loka skal vigtarglasinu að aflokinni þurrkun og flytja samstundis í þurrkarann.

Sé notaður annar búnaður en síudeigla skal standa þannig að þurrkun í ofninum að unnt sé að ákvarða þurran massa trefjanna án þyngdartaps.

I.7.1.2. Kæling

Öll kæling skal fara fram í þurrkaranum, sem hafa skal við hlið vogarinnar þar til vigtarglösin hafa verið kæld alveg niður, eða í tvær klukkustundir minnst.

I.7.1.3. Vigtun

Þegar vigtarglasið hefur kólnað skal það vigtað innan tveggja mínútna frá því að það er tekið úr þurrkaranum. Vigta skal með 0,0002 g nákvæmni.

I.7.2. Aðferð

Taka skal prófunarsýni sem vegur a.m.k. 1 g úr rannsóknarsýni sem hlotið hefur formeðferð. Garn eða klæði skal klippa niður í um það bil 10 mm langar lengjur og greiða eins vel í sundur og hægt er. Sýnið er þurrkað í vigtarglasi, kælt í þurrkara og vigtað. Sýnið er flutt í glerílát sem tilgreint er í viðeigandi hluta viðkomandi Sambandsaðferðar, vigtarglasið er vigtað strax á ný og fæst fram þurr massi sýnisins sem mismunur. Ljúka skal prófuninni eins og lýst er í viðkomandi hluta aðferðarinnar sem við á. Skoða skal það sem ekki leysist upp í smásjá til þess að ganga úr skugga um að leysanlegi trefjahlutinn hafi í reynd verið fjarlægður í meðferðinni.

I.8. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Gefa skal upp efnismagn óleysanlega efnisþáttarins sem hundraðshluta heildarmassa trefja í blöndunni. Hundraðshluti leysanlega efnisþáttarins er fenginn fram sem mismunur. Reikna skal niðurstöður út á grundvelli hreins, þurrs massa sem hefur verið leiðréttur með tilliti til samþykktra frávika annars vegar og hins vegar leiðréttingarstuðla sem nauðsynlegir eru til að unnt sé að taka tillit til efnistaps meðan á formeðferð og greiningu stendur. Við útreikninga skal beita formúlunni sem fram kemur í I.8.2.

I.8.1. Útreikningur hundraðshluta óleysanlegs efnisþáttar á grundvelli hreins, þurrs massa án tillits til massataps trefja meðan á formeðferð stendur:

$$P_1\% = \frac{100\ rd}{m}$$

þar sem

P_1% er hundraðshluti hreins, þurrs óleysanlegs efnisþáttar,

m er þurr massi sýnisins að aflokinni formeðferð,

r er þurr massi óuppleysts efnisþáttar,

d er leiðréttingarstuðullinn fyrir massatap óleysanlega efnisþáttarins í hvarfmiðlinum meðan á greiningu stendur. Gildi sem eiga við „d“ eru gefin upp í viðkomandi hluta hverrar aðferðar.

Þessi gildi fyrir „d“ eru að sjálfsögðu venjuleg gildi sem eiga við trefjar sem ekki hafa orðið fyrir efnafræðilegu niðurbroti.

I.8.2. Útreikningur hundraðshluta óleysanlegs efnisþáttar á grundvelli hreins, þurrs massa sem leiðréttur hefur verið með hefðbundnum stuðlum, og þar sem það á við, leiðréttingarstuðlum fyrir massatap meðan á formeðferð stendur:

$$P_{1A}\% = \frac{100\ P_1\left(1 + \frac{(a_1 + b_1)}{100}\right)}{P_1\left(1 + \frac{a_1 + b_1}{100}\right) + (100 - P_1)\left(1 + \frac{a_2 + b_2}{100}\right)}$$

þar sem

P_{1A}% er hundraðshluti óleysanlegs efnisþáttar sem leiðréttur hefur verið með tilliti til samþykktra frávika og massataps meðan á formeðferð stendur,

P_1 er hundraðshluti hreins, þurrs óleysanlegs efnisþáttar reiknaður út samkvæmt formúlunni sem fram kemur í I.8.1,

a_1 er samþykkt frávik fyrir óleysanlega efnisþáttinn (sjá IX. viðauka),

a_2 er samþykkt frávik fyrir leysanlega efnisþáttinn (sjá IX. viðauka),

b_1 er þyngdartap óleysanlegs efnisþáttar í formeðferð í hundraðshlutum,

b_2 er þyngdartap leysanlegs efnisþáttar í formeðferð í hundraðshlutum.

Hundraðshluti annars efnisþáttarins er $P_{2A}\% = 100 - P_{1A}\%$.

Þar sem sérstakri formeðferð hefur verið beitt skal, ef kostur er, ákveða gildi fyrir b_1 og b_2 með því að allir hreinir trefjaefnisþættir hljóti formeðferð þá sem beitt er við greiningu. Hreinar trefjar eru þær sem eru án allra annarra efna en trefja að undanskildum þeim sem þær innihalda venjulega (annaðhvort af náttúrlegum orsökum eða af völdum framleiðsluferlisins) í því ástandi (óbleiktar, bleiktar) sem þær fyrirfinnast í efninu sem á að greina.

Ef engir hreinir, aðskiljanlegir trefjaefnisþættir, sem notaðir hafa verið við framleiðslu þess efnis sem á að greina, eru fyrir hendi, skal nota meðalgildi b_1 og b_2 sem fengist hafa í prófunum sem framkvæmdar hafa verið á hreinum trefjum sem svara til trefjanna í efnablöndunni sem á að rannsaka.

Sé venjulegri formeðferð beitt, þar sem efni eru skilin út með jarðolíueter og vatni, má almennt sleppa leiðréttingarstuðlunum b_1 og b_2 nema um óbleikta baðmull, óbleiktan hör og óbleiktan hamp sé að ræða þar sem þyngdartap í formeðferðinni er oftast talið 4% en 1% þegar pólýprópýlen er annars vegar.

Þyngdartapi í formeðferð er oftast sleppt í útreikningum þegar um er að ræða aðrar trefjar.

II. **Magngreining með handvirkri sundurgreiningu**

II.1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð skal notuð á textíltrefjar af öllum gerðum myndi þær ekki óleysanlega blöndu og séu aðskiljanlegar með handvirkri aðferð.

II.2. MEGINREGLA

Eftir að borin hafa verið kennsl á efnisþætti textílsins er annað efni en trefjar fjarlægt með viðeigandi formeðferð og trefjarnar síðan aðskildar handvirkt, þurrkaðar og vigtaðar í þeim tilgangi að reikna út hlut hverrar trefjategundar í blöndunni.

II.3. BÚNAÐUR

II.3.1. Vigtarglas eða annar búnaður sem gefur sömu niðurstöður.

II.3.2. Þurrkari með lituðum kísilkristöllum sem gefa til kynna raka.

II.3.3. Viftuofn sem þurrkar sýni við 105 ± 3 °C.

II.3.4. Fínvog, með 0,0002 g nákvæmni.

II.3.5. Soxhlet-útdráttartæki eða annar búnaður sem gefur sömu niðurstöðu.

II.3.6. Nál.

II.3.7. Vindingsprófunarbúnaður eða ámóta búnaður.

II.4. HVARFMIÐLAR

II.4.1. Jarðolíueter, endureimað, suðumark 40 til 60 °C.

II.4.2. Eimað eða afjónað vatn.

II.4.3. Aseton.

II.4.4. Ortófosfórsýra.

II.4.5. Þvagefni (úrea).

II.4.6. Natríumbíkarbónat.

Allir hvarfmiðlar skulu vera hreinir í efnafræðilegu tilliti.

II.5. ANDRÚMSLOFT VIÐ PRÓFUN OG FORMEÐHÖNDLUN

Sjá I.4.

II.6. RANNSÓKNARSÝNI

Sjá I.5.

II.7. FORMEÐFERÐ RANNSÓKNARSÝNIS

Sjá I.6.

II.8. AÐFERÐ

II.8.1. Greining garns

Taka skal prófunarsýni úr rannsóknarsýni, sem hlotið hefur formeðferð, sem er með massann 1 g að lágmarki. Ef garnið er mjög fínt er heimilt að greining sé gerð á minnst 30 m lengju, hver sem massi hennar kann að vera.

Klippa skal garnið í hæfilegar lengjur og aðskilja ólíkar gerðir trefja með nál og vindingsprófunarbúnaði ef nauðsyn krefur. Trefjagerðunum sem fengnar eru fram á þennan hátt er komið fyrir í vigtarglösum sem vegin hafa verið áður og þær þurrkaðar við 105 ± 3 °C í stöðugan massa, eins og lýst er í I.7.1 og I.7.2.

II.8.2. Greining klæðis

Taka skal prófunarsýni, innan jaðra, úr rannsóknarsýni, sem hlotið hefur formeðferð, minnst 1 g að massa með vandlega klipptum köntum til þess að koma í veg fyrir að þeir trosni og liggja samhliða ívafi eða uppistöðuþræði eða, þegar um ræðir prjónles, eftir lykkjuröð, langsum og þversum. Aðskilja skal ólíkar gerðir trefja, setja saman í vigtarglös sem vegin hafa verið áður og fylgja þeirri vinnuaðferð sem lýst er í II.8.1.

II.9. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Gefa skal upp massa hvers trefjaefnisþáttar sem hundraðshluta heildarmassa trefja í blöndunni. Reikna skal niðurstöður út á grundvelli hreins, þurrs massa sem hefur verið leiðréttur með tilliti til samþykktra frávika annars vegar og hins vegar leiðréttingarstuðla sem nauðsynlegir eru til að unnt sé að taka tillit til efnistaps meðan á formeðferð stendur.

II.9.1. Útreikningur hundraðshluta massa hreinna, þurra trefja án tillits til massataps trefja meðan á formeðferð stendur:

$$P_1\% = \frac{100\ m_1}{m_1 + m_2} = \frac{100}{1 + \frac{m_2}{m_1}}$$

$P_1\%$ er hundraðshluti fyrsta hreina, þurra efnisþáttar,

m_1 er hreinn, þurr massi fyrsta efnisþáttar,

m_2 er hreinn, þurr massi annars efnisþáttar.

II.9.2. Útreikningur hundraðshluta hvers efnisþáttar, leiðréttur með tilliti til samþykktra frávika og, þar sem við á, leiðréttingarstuðla fyrir efnistap meðan á formeðferð stendur, sjá I.8.2.

III.1. NÁKVÆMNI AÐFERÐANNA

Nákvæmni sem gefin er til kynna varðandi einstakar aðferðir vísar til samanburðarnákvæmni.

Með samanburðarnákvæmni er átt við áreiðanleika, þ.e. hversu samkvæðar niðurstöðutölur einstakra rannsókna eru, sem fást á mismunandi rannsóknastofum eða á mismunandi tímum þar sem sömu aðferðum er beitt við rannsókn sýna úr efnisblöndu sem er eins að öllu leyti.

Samanburðarnákvæmni er gefin upp sem öryggismörk fyrir niðurstöður þar sem öryggisstig er 95%.

Með þessu er átt við að mismunur milli tveggja niðurstaðna í röð greininga, sem fram fara á mismunandi rannsóknarstofum, þar sem viðkomandi rannsóknaraðferð er beitt á venjubundinn og réttan hátt á einsleita efnisblöndu, myndi einungis vera yfir öryggismarki í 5 tilvikum af 100.

III.2. PRÓFUNARSKÝRSLA

III.2.1. Tilgreina skal hvort greiningin sé gerð samkvæmt þeirri aðferð sem hér er lýst.

III.2.2. Veita skal nákvæmar upplýsingar um sérstaka formeðferð (sjá I.6).

III.2.3. Birta skal einstakar niðurstöður og reiknað meðaltal, hvortveggja með eins aukastafs nákvæmni.

IV. **Sérstakar aðferðir**

Yfirlitstafla

Aðferð	Gildissvið		Hvarfmiðill/lýsing
	Leysanlegur efnisþáttur	Óleysanlegur efnisþáttur	
1.	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Aseton
2.	Tilteknar prótíntrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Salt af undirklórsýru
3.	Viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	Tilteknar aðrar trefjar	Maurasýra og sinkklóríð
4.	Pólýamíð eða nælon	Tilteknar aðrar trefjar	80% maurasýra m/m
5.	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Bensýlalkóhól
6.	Tríasetat eða pólýlaktíð	Tilteknar aðrar trefjar	Díklórmetan
7.	Tilteknar beðmistrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	75% brennisteinssýra m/m
8.	Akrýltrefjar, tilteknar módakrýltrefjar eða tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Dímetýlformamíð
9.	Tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Koldísúlfið/aseton, 55,5/44,5% v/v
10.	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Ísedik

Aðferð	Gildissvið		Hvarfmiðill/lýsing
	Leysanlegur efnisþáttur	Óleysanlegur efnisþáttur	
11.	silki	Tilteknar aðrar trefjar	75% brennisteinssýra m/m
12.	júta	Tilteknar dýratrefjar	Köfnunarefnisinnihald
13.	Pólýprópýlen	Tilteknar aðrar trefjar	Xýlen
14.	Tilteknar aðrar trefjar	Klórtrefjar (einsleitar fjölliður vínýlklóríðs), elastólefín eða melamín	Óblönduð brennisteinssýra
15.	Klórtrefjar, tiltekin módakrýl, tiltekin elastön, asetöt, tríasetöt	Tilteknar aðrar trefjar	Sýklóhexanon
16.	Melamín	Baðmull eða aramíð	90% heit maurasýra m/m

AÐFERÐ nr. 1

ASETAT OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR

(Aseton-aðferðin)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. asetati (19)

og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), hör (7), hampi (8), jútu (9), manilahampi (10), alfa (11), kókostrefjum (12), gífli (13), ramí (14), sísali (15), kúpróí (21), módali (22), prótíni (23), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), elastófjölester (45), elastólefíni (46) og melamíni (47).

Þessari aðferð er aldrei beitt á asetattrefjar þar sem asetýl hefur verið fjarlægt af yfirborði.

2. MEGINREGLA

Asetattrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með asetoni. Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð, massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurrs asetats er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (til viðbótar þeim sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

Keiluflöskur með glertappa sem rúma a.m.k. 200 ml.

3.2. Hvarfmiðill

Aseton.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

Bæta skal 100 ml af asetoni við fyrir hvert gramm af prófunarsýninu í keiluflöskunni sem er með glertappa og tekur a.m.k. 200 ml; flaskan er hrist, látin standa við stofuhita í 30 mínútur, hrist af og til og vökvanum síðan hellt af í gegnum vigtuðu síudeigluna.

Þessi meðferð er endurtekin tvisvar (þrír útdrættir alls) en einungis í 15 mínútur, þannig að heildartími asetonmeðferðarinnar sé ein klukkustund. Leifin er flutt yfir í síudeigluna. Leifin í síudeiglunni er skoluð úr asetoni og það fjarlægt með loftsogi. Fylla skal deigluna með asetoni á ný og láta síast í gegn án loftsogs.

Að lokum skal deiglan tæmd með loftsogi og deiglan og leifin því næst þurrkuð, kæld og vigtuð.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða melamín en þá er „d“ = 1,01.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 2

TILTEKNAR PRÓTÍNTREFJAR OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem hýpóklórít er notað)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. tilteknum prótíntrefjum, til að mynda: ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), prótíni (23)

   og

2. baðmull (5), kúpróí (21), módal (22), viskósu (25), akrýli (26), klórtrefjum (27), pólýamíði eða nælon (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastani (43), glertrefjum (44), elastófjölester (45), elastólefíni (46) og melamíni (47).

Ef prótíntrefjarnar eru af tveimur tegundum eða fleiri veitir aðferðin upplýsingar um heildarmagn þeirra en ekki hundraðshluta hvers og eins.

2. MEGINREGLA

Prótíntrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með hýpóklórítlausn. Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð, massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurra prótíntrefja er mismunurinn.

Hægt er að nota annað hvort litíumhýpóklórít eða natríumhýpóklórít við lögun hýpóklórítlausnarinnar.

Mælt er með litíumhýpóklóríti í tilvikum þar sem um fáar greiningar er að ræða eða þegar tiltölulega langt hlé verður á milli greininga. Ástæðan er sú að hundraðshluti hýpóklóríts í litíumhýpóklóríti í föstu formi — ólíkt því sem á við natríumhýpóklórít — er því sem næst stöðugur. Ef hundraðshluti hýpóklóríts er þekktur er óþarft að kanna hýpóklórítmagn við hverja greiningu með mælingum með joðaðferð þar sem unnt er að nota stöðugt, vegið litíumhýpóklórítmagn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Keiluflaska með slípuðum glertappa, 250 ml.

b) Hitastillir, stillanlegur á 20 ± 2 °C.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Hýpóklóríthvarfmiðill

i. Litíumhýpóklórítlausn

Þetta er samsett úr nýlagaðri lausn, sem hefur að geyma 35 ± 2 g/l af virku klóri (u.þ.b. 1 M), sem 5 ± 0,5 g/l af natríumhýdroxíði, sem áður hefur verið leyst upp, er bætt í. Lögun fer þannig fram að 100 g af litíumhýpóklóríti, sem inniheldur 35% virkan klór (eða 115 g sem innihalda 30% virkan klór), eru leyst upp í u.þ.b. 700 ml af eimuðu vatni, 5 g af natríumhýdroxíði, sem er leyst upp í u.þ.b. 200 ml af eimuðu vatni, er bætt við, og eimuðu vatni bætt við að einum lítra. Ekki þarf að kanna þessa nýlöguðu lausn með mælingum þar sem joðaðferð er beitt.

ii. Natríumhýpóklórítlausn

Þetta er samsett úr nýlagaðri lausn, sem hefur að geyma 35 ± 2 g/l af virku klóri (u.þ.b. 1 M) sem 5 ± 0,5 g/l af natríumhýdroxíði, sem áður hefur verið leyst upp, er bætt í.

Fyrir hverja greiningu skal kanna innihald virks klórs í lausninni með mælingum þar sem joðaðferð er beitt.

b) Þynnt ediksýra

Þynna skal 5 ml af ísediki með vatni í einn lítra.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir: blanda skal u.þ.b. 1 g af sýninu saman við u.þ.b. 100 ml af hýpóklórítlausninni (litíum- eða natríumhýpóklórít) í 250 ml keiluflösku og hræra vel og vandlega til þess að gegnbleyta prófsýnið.

Flaskan er síðan hituð í hitastilli í 40 mínútur við 20 °C og hrært stöðugt eða a.m.k. með reglulegu millibili. Þar sem varmaorka leysist úr læðingi við uppleysingu ullarinnar skal dreifa eða fjarlægja þann varma sem myndast við efnahvörfin sem eiga sér stað þegar þessari aðferð er beitt. Að öðrum kosti getur uppleysing óleysanlegra trefja í upphafi valdið umtalsverðum skekkjum.

Innihald flöskunnar er síað að 40 mínútum liðnum gegnum vegna glersíudeiglu og allar óuppleystar trefjar fluttar yfir í deigluna með því að skola flöskuna með örlitlu hýpóklórítprófefni. Deiglan er tæmd með loftsogi og óleysanlegi hlutinn þveginn, fyrst með vatni, þá þynntri ediksýru og loks vatni og deiglan þurrkuð með loftsogi eftir hvern þvott. Loftsogi skal ekki beitt fyrr en þvottalausnin hefur síast í gegn án loftsogs.

Að lokum skal deiglan tæmd með loftsogi og deiglan með leifinni því næst þurrkuð, kæld og vigtuð.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða baðmull, viskósu, módal og melamín, en þá er „d“ = 1,01, og óbleikta baðmull en þá er „d“ = 1,03.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleitar blöndur textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 3

VISKÓSA, KÚPRÓ EÐA TILTEKNAR GERÐIR MÓDALS OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er maurasýra og sinkklóríð)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. viskósa (25) eða kúpró (21), þar með taldar tilteknar gerðir módaltrefja (22),

   og

2. baðmull (5), elastólefíni (46) og melamíni (47).

Ef módaltrefjar eru til staðar skal framkvæma forprófun til þess að kanna hvort þær séu leysanlegar í hvarfmiðlinum.

Þessi aðferð gildir ekki fyrir blöndur þar sem baðmullin hefur orðið fyrir verulegu efnafræðilegu niðurbroti og ekki heldur þegar viskósa- eða kúprótrefjarnar eru ekki fyllilega leysanlegar vegna þess að í þeim eru tilteknir leysilitir eða frágangsefni sem ekki er hægt að fjarlægja að öllu leyti.

2. MEGINREGLA

Viskósa-, kúpró- eða módaltrefjarnar, í þekktum þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með prófefni úr maurasýru og sinkklóríði. Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð og leiðréttur massi hennar er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurru viskósa-, kúpró- eða módaltrefjanna er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Keiluflöskur með glertappa sem rúma a.m.k. 200 ml.

b) Búnaður til að halda hitastigi flasknanna við 40 ± 2 °C.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Lausn sem inniheldur 20 g af bráðnu vatnsfríu sinkklóríði og 68 g af vatnsfrírri maurasýru fyllt upp með vatni í 100 g (nánar tiltekið 20 hlutar af bráðnu sinkklóríðefnis í 80 hlutum af 85% maurasýru m/m).

Athugasemd:

Í þessu sambandi er vakin athygli á lið I.3.2.2 þar sem mælt er fyrir um að allir hvarfmiðlar, sem eru notaðir, skuli vera hreinir í efnafræðilegu tilliti, þar að auki er nauðsynlegt að einungis sé notað bráðið vatnsfrítt sinkklóríð.

b) Ammóníumhýdroxíðlausn: 20 ml af óblandaðri ammoníakslausn (eðlismassi við 20 °C: 0,880) eru þynntir með vatni að einum lítra.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir: sýnið er sett strax í flöskuna sem hefur verið hituð í 40 °C. Bæta skal við 100 ml af maurasýru- og sinkklóríðlausninni, sem hituð hefur verið í 40 °C, fyrir hvert gramm af sýninu. Tappinn er settur í og flaskan hrist kröftuglega. Halda skal flöskunni og innihaldi hennar á stöðugum hita, 40 °C, í tvær og hálfa klukkustund og hún hrist á klukkustundar fresti.

Innihald flöskunnar er síað gegnum vigtaða síudeiglu og allar trefjar, sem kunna að sitja eftir í flöskunni, eru fluttar yfir í deigluna með hjálp hvarfmiðilsins. Skolað er með 20 ml af hvarfmiðli sem hefur verið hitaður í 40 °C.

Deiglan og leifin eru þvegin vel og vandlega með vatni við 40 °C. Óleysanlegu trefjarnar eru skolaðar í um það bil 100 ml af kaldri ammóníakslausn (b-liður liðar 3.2) og gengið úr skugga um að þeim sé sökkt algerlega ofan í lausnina í 10 mínútur ([20]), síðan er skolað vandlega með köldu vatni.

Loftsogi skal ekki beitt fyrr en þvottalausnin hefur síast í gegn án loftsogs.

Að lokum skal losa vökvann sem eftir er með loftsogi og deiglan og leifin því næst þurrkuð, kæld og vigtuð.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,02 fyrir baðmull, 1,01 fyrir melamín og 1,00 fyrir elastólefín.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 2 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 4

PÓLÝAMÍÐ EÐA NÆLON OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem 80% maurasýra m/m er notuð)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. pólýamíði eða næloni (30)

og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), klórtrefjum (27), pólýester (35), pólýprópýleni (37), glertrefjum (44), elastófjölester (45), elastólefíni (46) og melamíni (47).

Eins og að framan greinir gildir þessi aðferð einnig fyrir blöndur sem innihalda ull, en fari ullarmagnið yfir 25% skal nota aðferð nr. 2 (ull leyst upp í basískri natríumhýpóklórít- eða litíumhýpóklórítlausn).

2. MEGINREGLA

Pólýamíð- eða nælontrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með maurasýru. Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð, massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurrs pólýamíðs eða nælons er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

([20]) Til þess að tryggja að óleysanlegu trefjunum sé algerlega sökkt ofan í ammóníakslausnina í 10 mínútur er t.d. unnt að nota síudeiglu útbúna með tengi þar sem flæði ammóníakslausnarinnar er stýrt í gegnum krana.

3.1. Búnaður

Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Maurasýra (80%, m/m, eðlismassi við 20 °C: 1,204). Þynna skal 880 ml af 90% m/m maurasýru (eðlismassi við 20 °C: 1,220 g/ml) að einum lítra með vatni. Að öðrum kosti skal þynna 780 ml af 98 til 100% maurasýru (m/m, eðlismassi við 20 °C: 1,220 g/ml) að einum lítra með vatni.

Það er nægileg nákvæmni að styrkur maurasýrunnar liggi milli 77–83% m/m.

b) Þynnt ammoníakslausn: þynnið 80 ml af óblandaðri ammoníakslausn (eðlismassi við 20 °C: 0,880) að einum lítra með vatni.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir: bæta skal 100 ml af maurasýru við fyrir hvert gramm af sýninu í keiluflöskunni sem tekur a.m.k. 200 ml. Tappinn skal settur í flöskuna og hún hrist til að gegnbleyta sýnið. Flaskan er látin standa við stofuhita í 15 mínútur og hrist með jöfnu millibili. Innihald flöskunnar er síað gegnum vigtaða síudeiglu og allar óuppleystar trefjar fluttar yfir í deigluna með því að skola flöskuna með örlitlum maurasýruhvarfmiðli.

Deiglan skal tæmd með loftsogi og leifin á síunni skoluð fyrst með maurasýru (hvarfmiðlinum), heitu vatni, þynntri ammoníakslausn og loks köldu vatni og skal deiglan tæmd með loftsogi eftir hverja skolun. Loftsogi skal ekki beitt fyrr en þvottalausnin hefur síast í gegn án loftsogs.

Að lokum skal deiglan tæmd með loftsogi og deiglan og leifin því næst þurrkuð, kæld og vigtuð.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða melamín en þá er „d“ = 1,01.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 5

ASETAT OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notað er bensýlalkóhól)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. asetati (19)

og

2. tríasetati (24), elastólefíni (46) og melamíni (47).

2. MEGINREGLA

Asetattrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með bensýlalkóhóli við 52 ± 2 °C.

Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð og massi hennar er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurrs asetats er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.

b) Vélhristari.

c) Hitastillir eða annar búnaður til þess að halda flöskunni við 52 ± 2 °C.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Bensýlalkóhól.

b) Etanól.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

bæta skal 100 ml af bensýlalkóhóli við fyrir hvert gramm af sýninu í keiluflöskunni. Tappinn er settur í, flöskunni komið tryggilega fyrir í hristaranum þannig að hún sé að fullu ofan í vatnsbaðinu, sem skal haldið við 52 ± 2 °C, og hrist í 20 mínútur við þennan hita.

(Hrista má flöskuna kröftuglega með handafli í stað þess að nota vélhristara.)

Vökvanum skal hellt ofan af í gegnum vegnu síudeigluna. Viðbótarskammti af bensýlalkóhóli er bætt í flöskuna og hrist sem fyrr við 52 ± 2 °C í 20 mínútur.

Vökvanum skal hellt ofan af gegnum deigluna. Aðgerðin er endurtekin í þriðja sinn.

Að lokum er vökvanum og leifinni hellt í deigluna, allar óleysanlegar trefjar eru skolaðar úr flöskunni í deigluna með aukaskammti af bensýlalkóhóli við 52 ± 2 °C. Tæma skal deigluna vandlega.

Trefjarnar eru fluttar í flösku, skolaðar með etanóli og hellt gegnum síudeiglu, eftir að hafa verið hristar með handafli.

Þessi skolun er endurtekin tvisvar eða þrisvar. Leifin er flutt yfir í deigluna og skal tæma vandlega. Deiglan og leifin eru þurrkaðar, kælda og vigtaðar.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða melamín en þá er „d“ = 1,01.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 6

ÞRÍASETAT EÐA PÓLÝLAKTÍÐ OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem díklórmetan er notað)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. tríasetati (24) eða pólýlaktíð (34)

   og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúpróí (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), glertrefjum (44), elastófjölester (45), elastólefíni (46) og melamíni (47).

Athugasemd:

Tríasetattrefjar, sem hafa verið meðhöndlaðar með frágangsefnum sem hefur leitt til vatnsrofs að hluta, verða ekki lengur að öllu leyti leysanlegar í hvarfmiðlinum. Í þeim tilvikum er aðferðin ónothæf.

2. MEGINREGLA

Tríasetattrefjarnar eða pólýlaktíðtrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með díklórmetani. Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð, massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurrs tríasetats eða pólýlaktíðs er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.

3.2. Hvarfmiðill

Díklórmetan.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

bæta skal 100 ml af díklórmetani við fyrir hvert gramm af sýninu í keiluflöskunni sem er með glertappa og tekur a.m.k. 200 ml, tappinn er settur í, flaskan hrist til þess að gegnvæta sýnið og látin standa við stofuhita í 30 mínútur og skal flaskan hrist á tíu mínútna fresti. Vökvanum skal hellt ofan af í gegnum vegnu síudeigluna. Þá skal 60 ml af díklórmetani bætt í flöskuna sem inniheldur leifina, flaskan hrist með handafli og innihald hennar síað í gegnum síudeigluna. Óuppleystar trefjar eru fluttar í deigluna með því að skola úr flöskunni með aðeins meira af díklórmetani. Deiglan er tæmd með loftsogi til þess að fjarlægja umframvökva, deiglan fyllt á ný með díklórmetani og leyft að síast í gegn án loftsogs.

Að lokum skal beita loftsogi til að losa umframvökva, leifin er meðhöndluð með sjóðandi vatni til að losna við allan leysi, loftsogi er beitt, deiglan og leifin þurrkuð, kæld og vigtuð.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða pólýester, elastófjölester, elastólefín og melamín en þá er það 1,01.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 7

TILTEKNAR BEÐMISTREFJAR OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem 75% brennisteinssýra m/m er notuð)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. baðmull (5), hör (7), hampi (8), ramí (14), kúpró (21), módal (22), viskósu (25)

   og

2. pólýester (35), elastófjölester (45) og elastólefíni (46).

2. MEGINREGLA

Beðmistrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með 75% m/m brennisteinssýru. Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð og massi hennar er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurra beðmistrefja er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 500 ml.

b) Hitastillir eða annar búnaður til þess að halda flöskunni við 50 ± 5 °C.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Brennisteinssýra, 75 ± 2% m/m

Tilreitt með því að bæta gætilega, undir kælingu, 700 ml af brennisteinssýru (eðlismassi við 20 °C: 1,84) út í 350 ml af eimuðu vatni.

Eftir að lausnin hefur kólnað niður í stofuhita er hún þynnt að einum lítra með vatni.

b) Þynnt ammóníakslausn

Þynna skal 80 ml af ammoníakslausn (eðlismassi við 20 °C: 0,880) að einum lítra með vatni.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

bæta skal 200 ml af 75% brennisteinssýru við sýnið í keiluflöskunni, sem er með glertappa og tekur a.m.k. 500 ml, fyrir hvert gramm af sýninu, tappinn settur í og flaskan hrist vandlega til að bleyta í sýninu.

Flöskunni skal haldið við 50 ± 5 °C í eina klukkustund og hrist með reglulegu millibili, á um það bil tíu mínútna fresti. Innihald flöskunnar er síað með loftsogi gegnum vigtaða síudeiglu. Óuppleystar trefjar eru skolaðar úr flöskunni með svolítilli 75% brennisteinssýru. Deiglan skal tæmd með loftsogi og leifarnar á síunni eru skolaðar einu sinni með því að fylla deigluna með nýjum skammti af brennisteinssýru. Ekki skal beita loftsogi fyrr en sýran hefur síast í gegn án loftsogs.

Leifin er skoluð, fyrst nokkrum sinnum með köldu vatni, tvisvar með þynntri ammóníakslausn og síðan vandlega með köldu vatni og skal tæma deigluna með loftsogi eftir hverja skolun. Loftsogi skal ekki beitt fyrr en þvottalausnin hefur síast í gegn án loftsogs. Að lokum skal losa vökvann sem eftir er úr deiglunni með loftsogi og deiglan og leifin því næst þurrkuð, kæld og vigtuð.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 8

AKRÝLTREFJAR, TILTEKNAR MÓDAKRÝLTREFJAR EÐA TILTEKNAR KLÓRTREFJAR OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notað er dímetýlformamíð)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. akrýltrefjum (26), tilteknum módakrýltrefjum (29) eða tilteknum klórtrefjum (27) ([21])

   og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35) elastófjölester (45), elastólefíni (46) og melamíni (47).

Hún á jafnt við um akrýltrefjar og tilteknar módakrýltrefjar, sem hafa verið meðhöndlaðar með málmauknum leysilitum, en ekki um þær sem litaðar eru með eftirkrómuðum leysilitum.

2. MEGINREGLA

Akrýltrefjarnar, módakrýltrefjarnar eða klórtrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með dímetýlformamíði, hituðu að suðumarki í vatnsbaði. Leifinni er safnað saman, hún þvegin, þurrkuð og vigtuð. Massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar og hundraðshluti þurrs akrýls, módakrýls eða klórtrefja er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.

b) Vatnsbað við suðumark.

3.2. Hvarfmiðill

Dímetýlformamíð (suðumark 153 ± 1 °C) sem ekki inniheldur meir en 0,1% af vatni.

Þessi hvarfmiðill er eitraður og því er mælt með notkun súgskáps.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

bæta skal 80 ml af dímetýlformamíði, forhituðu í vatnsbaði við suðumark, við sýnið í keiluflöskunni, sem er með glertappa og tekur a.m.k. 200 ml, fyrir hvert gramm af sýninu, tappinn er settur í, flaskan hrist til að bleyta í sýninu og hitað í vatnsbaðinu við suðumark í 1 klst. Flaskan og innihald hennar er hrist varlega með handafli fimm sinnum á þeim tíma.

([21]) Kanna skal leysni slíkra módakrýl- eða klórtrefja í hvarfmiðlinum áður en greiningin er gerð.

Vökvanum er hellt gegnum vigtaða síudeiglu en trefjunum haldið í flöskunni. Bætt er öðrum 60 ml af dímetýlformamíði og hitað í 30 mínútur til viðbótar og flaskan með innihaldi hrist varlega með handafli tvisvar á þeim tíma.

Innihald flöskunnar er síað með loftsogi gegnum síudeigluna.

Óuppleystar trefjar eru fluttar í deigluna með því að skola úr flöskunni með dímetýlformamíði. Deiglan er tæmd með loftsogi. Leifin er skoluð úr með u.þ.b. 1 lítra af heitu vatni við 70–80 °C og er deiglan fyllt í hvert sinn.

Eftir hverja áfyllingu vatns skal beita loftsogi í skamma stund en ekki fyrr en vatnið hefur síast í gegn án loftsogs. Ef þvottalausnin rennur of hægt gegnum deigluna má beita smávægilegu loftsogi.

Að lokum er deiglan með leifinni þurrkuð, kæld og vigtuð.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða ull, baðmull, kúpró, módal, pólýester, elastófjölester og melamín, en þá er það 1,01.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 9

TILTEKNAR KLÓRTREFJAR OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er 55,5/44,5 v/v blanda koldísúlfíðs og asetons)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. tilteknum klórtrefjum (27), þ.e. pólývinýlklóríðtrefjum, einnig klórbornum eftir á ([22])

   og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúpróí (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), glertrefjum (44), elastófjölester (45) og melamíni (47).

Fari ullar- eða silkimagn blöndunnar yfir 25% skal nota aðferð nr. 2.

Fari pólýamíð- eða nælonmagn blöndunnar yfir 25% skal nota aðferð nr. 4.

2. MEGINREGLA

Klórtrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með aseótrópískri blöndu koldísúlfíðs og asetons. Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð, massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurra pólývínylklóríðtrefja er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.

b) Vélhristari.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Aseótrópísk blanda koldísúlfíðs og asetons (55,5% koldísúlfíð miðað við rúmmál á móti 44,5% af asetoni). Þar sem hvarfmiðillinn er eitraður er mælt með notkun súgskáps.

b) Etanól (92% miðað við rúmmál) eða metanól.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

bæta skal 100 ml af aseótrópísku blöndunni við fyrir hvert gramm af sýninu í keiluflöskunni sem er með glertappa og tekur a.m.k. 200 ml. Loka skal flöskunni vandlega og hrista í vélhristara eða kröftuglega með handafli í tuttugu mínútur við stofuhita.

([22]) Kanna skal leysni pólývínylklóríðtrefjanna í hvarfmiðlinum áður en greiningin er gerð.

Flotinu er hellt í gegnum vigtaða síudeigluna.

Meðhöndlunin er endurtekin með 100 ml af nýjum hvarfmiðli. Þessi vinnuhringur er endurtekinn þar til engin fjölliðuútfelling kemur fram á úrgleri þegar dropi af útdrættinum er látinn gufa upp. Flytja skal leifina yfir í síudeigluna með því að nota meiri hvarfmiðil, loftsogi er beitt til að fjarlægja vökvann og deiglan og leifin skoluð með 20 ml af alkóhóli og síðan þrisvar með vatni. Þvottalögurinn er látinn síast í gegn án loftsogs áður en loftsogi er beitt. Deiglan og leifin eru þurrkaðar, kælda og vigtaðar.

Athugasemd:

Umtalsverð rýrnun getur orðið á sýninu við þurrkun þegar um ræðir tilteknar blöndur sem innihalda mikið magn klórtrefja, sem veldur erfiðleikum við að leysa klórtrefjarnar upp með leysiefninu.

Þetta hefur samt sem áður ekki áhrif á endanlega lausn klórtrefjannar í leysiefninu.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða melamín en þá er „d“ = 1,01.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 10

ASETAT OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notað er ísedik)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. asetati (19)

og

2. tilteknum klórtrefjum (27), þ.e. pólývinýlklóríði, einnig klórbornum eftir á, elastólefíni (46) og melamíni (47).

2. MEGINREGLA

Asetattrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með ísediki. Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð, massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurrs asetats er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.

b) Vélhristari.

3.2. Hvarfmiðill

Ísedik (yfir 99%). Þar sem þetta hvarfmiðill er mjög ætandi skal meðhöndla hann með gætni.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

Bæta skal 100 ml af ísediki við fyrir hvert gramm af sýninu í keiluflöskunni sem er með glertappa og tekur a.m.k. 200 ml. Loka skal flöskunni vandlega og hrista í vélhristara eða kröftuglega með handafli í tuttugu mínútur við stofuhita. Flotinu er hellt í gegnum vigtaða síudeigluna. Meðhöndlunin er endurtekin tvisvar og skal nota 100 ml af nýjum hvarfmiðli í hvort sinn þannig að þrír útdrættir séu gerðir alls.

Flytja skal leifina yfir í síudeigluna, loftsogi er beitt til að fjarlægja vökvann og deiglan og leifin skoluð með 50 ml af ísediki og síðan þrisvar með vatni. Eftir hverja skolun er vökvanum leyft að síast í gegn án loftsogs áður en loftsogi er beitt. Deiglan og leifin eru þurrkaðar, kælda og vigtaðar.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 11

SILKI OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR

(Aðferð þar sem 75% brennisteinssýra m/m er notuð)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. silki (4)

og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3) og elastólefíni (46) og melamíni (47).

2. MEGINREGLA

Silkitrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með 75% m/m brennisteinssýru ([23]).

Leifinni er safnað saman, hún þvegin, þurrkuð og vigtuð. Massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurrs silkis er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Brennisteinssýra (75 ± 2% m/m)

Tilreitt með því að bæta gætilega, undir kælingu, 700 ml af brennisteinssýru (eðlismassi við 20 °C: 1,84) út í 350 ml af eimuðu vatni.

Eftir kælingu niður í stofuhita er lausnin þynnt að einum lítra með vatni.

b) Þynnt brennisteinssýra: bæta skal 100 ml af brennisteinssýru (eðlismassi við 20 °C: 1,84) varlega út í 1900 ml af eimuðu vatni.

c) Þynnt ammoníakslausn: þynna skal 200 ml af óblönduðu ammoníaki (eðlismassi við 20 °C: 0,880) að einum lítra með vatni.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

bæta skal 100 ml af 75% brennisteinssýru (m/m) við sýnið í keiluflöskunni, sem er með glertappa og tekur a.m.k. 200 ml, fyrir hvert gramm af sýninu og setja tappann í. Hrista skal kröftuglega og láta standa í 30 mínútur við stofuhita. Þá er hrist aftur og látið standa í 30 mínútur.

Flaskan er hrist í síðasta sinn og innihald hennar síað í gegnum vigtaða síudeigluna. Óuppleystar trefjar eru skolaðar úr flöskunni með 75% brennisteinssýruhvarfmiðlinum. Skola skal leifina í deiglunni fyrst með 50 ml af þynntu brennisteinssýrunni, svo með 50 ml af vatni og síðan með 50 ml af þynntu ammóníakslausninni. Trefjunum er leyft að liggja í vökvanum í tíu mínútur í hvert sinn áður en loftsogi er beitt. Að lokum er skolað með vatni og trefjarnar látnar liggja í vatninu í um það bil 30 mínútur.

Deiglan er tæmd með loftsogi og deiglan og leifin því næst þurrkuð, kæld og vigtuð.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 0,985 fyrir ull, 1,00 fyrir elastólefín og 1,01 fyrir melamín.

([23]) Hrásilki eins og tússasilki er ekki algerlega leysanlegt í 75% brennisteinssýru m/m.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 12

JÚTA OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR

(Aðferð þar sem ákvarðað er köfnunarefnisinnihald)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. jútu (9)

og

2. tilteknum dýratrefjum.

Trefjaefnisþáttur dýrahársins getur verið einvörðungu úr dýrahári (2 og 3) eða ull (1) eða úr hvaða blöndu sem er af þessu tvennu. Þessi aðferð er ekki notuð á textílblöndur sem innihalda önnur efni en trefjar (litarefni, gljáefni o.s.frv.) með köfnunarefni sem grunnefni.

2. MEGINREGLA

Köfnunarefnisinnihald blöndunnar er ákvarðað og hlutfall hvors efnisþáttar reiknað út frá því og þekktu eða áætluðu köfnunarefnisinnihaldi efnisþáttanna tveggja.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Kjeldahl-niðurbrotsflaska, 200–300 ml.

b) Kjeldahl-eimingarbúnaður með gufuinnspýtingu.

c) Títrunarbúnaður með 0,05 ml nákvæmni.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Tólúen.

b) Metanól.

c) Brennisteinssýra (eðlismassi við 20 °C: 1,84) ([24])

d) Kalíumsúlfat ([25]).

e) Seleníumdíoxíð ([26]).

f) Natríumhýdroxíðlausn, (400 g/lítra). Leysa skal 400 g af natríumhýdroxíði í 400–500 ml af vatni og þynna að einum lítra með vatni.

g) Blandaður litvísir. Leysa skal 0,1 g af metýlrauðu í 95 ml af etanóli og 5 ml af vatni og blanda saman við 0,5 g af brómókresólgrænu, uppleystu í 475 ml af etanóli og 25 ml af vatni.

h) Bórsýrulausn. Leysa skal 20 g af bórsýru í 1 lítra vatns.

i. Brennisteinssýra, 0,02N (staðaltítrunarlausn).

4. FORMEÐFERÐ PRÓFUNARSÝNIS

Eftirfarandi formeðferð kemur í stað formeðferðar sem lýst er í almennu leiðbeiningunum:

Loftþurrkaða sýnið er dregið út í Soxhlet-tæki með blöndu af einum rúmmálshluta tólúens og þremur rúmmálshlutum metanóls í fjórar klukkustundir með minnst fimm lotum á klukkustund. Lausninni er leyft að gufa upp úr sýninu af sjálfu sér og síðustu ummerki hennar eru fjarlægð í ofni við 105 ± 3 °C. Sýnið er síðan dregið út í vatni (50 ml fyrir hvert gramm af sýninu) sem soðið er með endurþéttingu (reflux) í 30 mínútur. Vökvinn er síaður, sýnið er sett aftur í flöskuna og útdrátturinn endurtekinn með sama vatnsmagni. Vökvinn er síaður, umframvatn kreist úr sýninu, það fjarlægt með loftsogi eða í þeytivindu og sýnið síðan látið loftþorna.

Athugasemd:

Hafa skal í huga eiturhrif tólúens og metanóls og gæta skal fyllstu varúðar við notkun þessara efna.

([24]) Þessir hvarfmiðlar skulu vera án köfnunarefnis.
([25]) Þessir hvarfmiðlar skulu vera án köfnunarefnis.
([26]) Þessir hvarfmiðlar skulu vera án köfnunarefnis.

5. PRÓFUNARAÐFERÐ

5.1. Almennar leiðbeiningar

Fylgja skal þeirri aðferð sem er lýst í almennu leiðbeiningunum að því er varðar val, þurrkun og vigtun sýnisins.

5.2. Prófunaraðferðin í smáatriðum

Sýnið er flutt yfir í Kjeldahl-niðurbrotsflösku. Við sýnið, sem vegur minnst 1 g og er í niðurbrotsflöskunni er bætt í þessari röð: 2,5 g af kalíumsúlfati, 0,1 – 0,2 g af seleníumdíoxíði og 10 ml af brennisteinssýru (eðlismassi við 20 °C: 1,84). Flaskan er hituð, varlega í fyrstu, þar til allar trefjar hafa brotnað niður og síðan hraðar þar til lausnin verður tær og næstum litlaus. Hitað er áfram í 15 mínútur. Flaskan er látin kólna, innihaldið þynnt varlega með 10 – 20 ml af vatni, það kælt, flutt yfir í 200 ml mæliflösku og mælt aftur og fyllt upp að réttu rúmmáli með vatni til þess að fá fram niðurbrotslausnina. Um það bil 20 ml af bórsýrulausn eru settir í 100 ml keiluflösku og henni komið fyrir undir gufuþétti Kjeldahl-eimingarbúnaðarins þannig að frárennslisrörið nái rétt niður fyrir yfirborð bórsýrulausnarinnar. Nákvæmlega 10 ml af niðurbrotslausn eru fluttir yfir í eimingarflöskuna, a.m.k. 5 ml af natríumhýdroxíðlausn er bætt við í trektina, tappanum er lyft lítið eitt og natríumhýdroxíðlausninni leyft að renna hægt í flöskuna. Ef niðurbrotslausnin og natríumhýdroxíðlausnin mynda tvö aðskilin lög er þeim blandað saman með því að hrista varlega. Eimingarflaskan er hituð varlega um leið og gufa frá gufuframleiðaranum er leidd inn í hana. Um það bil 20 ml af eimuðum vökva er safnað, keiluflaskan er lækkuð þannig að endi frárennslisrörs gufuþéttisins sé u.þ.b. 20 mm fyrir ofan yfirborð vökvans og eimað er áfram í eina mínútu. Endi frárennslisrörsins er skolaður með vatni þannig að það skili sér í keiluflöskuna. Keiluflaskan er fjarlægð og önnur keiluflaska sett í hennar stað sem inniheldur u.þ.b. 10 ml af bórsýrulausn og í hana er safnað u.þ.b. 10 ml af eimuðum vökva.

Eimuðu vökvarnir tveir eru mældir með títrun, hvor í sínu lagi með 0,02 N brennisteinssýru, og notaður er blandaður litvísir Heildarniðurstaða er skráð fyrir báða eimuðu vökvana. Ef niðurstaðan fyrir síðari eimaða vökvann er yfir 0,2 ml er prófunin endurtekin og eimað á nýjan leik með nýjum skammti af niðurbrotslausninni.

Framkvæma skal blankákvörðun, þ.e. niðurbrot og eimingu þar sem einungis eru notaðir hvarfmiðlar.

6. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

6.1. Hundraðshluti köfnunarefnis í þurru sýninu er reiknaður út á eftirfarandi hátt:

$$A\% = \frac{28\,(V - b)N}{W}$$

þar sem

A = hundraðshluti köfnunarefnis í hreinu, þurru sýninu,

V = heildarrúmmál staðlaðrar brennisteinssýru í ml notað við ákvörðunina,

b = heildarrúmmál staðlaðrar brennisteinssýru í ml notað við blankákvörðunina,

N = styrkur staðlaðrar brennisteinssýru,

W = þurr massi (g) sýnisins.

6.2. Samsetning blöndunnar er reiknuð út á eftirfarandi hátt þar sem gildið 0,22% er notað fyrir köfnunarefnismagn jútu og 16,2% fyrir köfnunarefnismagn dýratrefja og báðir hundraðshlutar eru reiknaðir út af þurrum massa trefjanna:

$$PA\% = \frac{A - 0{,}22}{16{,}2 - 0{,}22} \times 100$$

þar sem

PA% = hundraðshluti dýratrefja í hreinu, þurru sýninu.

7. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 13

PÓLÝPRÓPÝLENTREFJAR OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem xýlen er notað)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. pólýprópýlentrefjum (37)

og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), asetati (19), kúpróí (21), módali (22), tríasetati (24), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), glertrefjum (44), elastófjölester (45) og melamíni (47).

2. MEGINREGLA

Pólýprópýlentrefjarnar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með sjóðandi xýleni. Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð, massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti pólýprópýlens er mismunurinn.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.

b) Baksvali (hentugur fyrir vökva með hátt suðumark) sem passar fyrir keiluflöskuna í a-lið.

c) hitasveppur (e. heating mantle) við suðumark xýlens.

3.2. Hvarfmiðill

Xýlen sem eimast við 137 til 142 °C.

Athugasemd:

Xýlen er mjög eldfimt og eitraðar gufur stíga frá því. Gera skal viðeigandi varúðarráðstafanir við notkun þess.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

bæta skal 100 ml af xýleni (3.2) við fyrir hvert gramm af sýninu í keiluflöskunni (3.1.a). Baksvalinn er tengdur (b-liður 3.1), innihaldið er hitað að suðu og haldið við suðumark í þrjár mínútur.

Heitum vökvanum er strax hellt í gegnum vigtaða síudeiglu (sjá athugasemd 1). Meðferðin er endurtekin tvisvar sinnum til viðbótar og nýr 50 ml skammtur af leysiefninu notaður í bæði skipti.

Leifin í flöskunni er skoluð tvisvar með 30 ml af sjóðandi xýleni, þá tvisvar með 75 ml af jarðolíueter (I.3.2.1 í almennu leiðbeiningunum). Innihald flöskunnar er síað gegnum deigluna að aflokinni síðari skolun með jarðolíueter, allar óuppleystar trefjar eru færðar yfir í deigluna og til þess notaður smáskammtur af jarðolíueter og leysiefninu leyft að gufa upp. Deiglan og leifin eru þurrkaðar, kælda og vigtaðar.

Athugasemdir:

1. Síudeiglan, sem xýleninu er hellt í gegnum, skal forhituð.

2. Að aflokinni meðferðinni með sjóðandi xýleni, skal ganga úr skugga um að flaskan sem inniheldur leifina sé kæld nægilega áður en jarðolíueternum er hellt yfir.

3. Til að draga úr brunahættu og hættu á eitrun fyrir rannsóknarmenn er heimilt að nota búnað fyrir útdrátt við háan hita, þar sem beitt er viðeigandi aðferðum sem gefa sömu niðurstöður ([27]).

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða melamín en þá er „d“ = 1,01.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

([27]) Sjá t.d. búnaðinn sem er lýst í *Melliand Textilberichte* 56 (1975), bls. 643–645.

AÐFERÐ nr. 14

TILTEKNAR TREFJAR OG KLÓRTREFJAR (EINSLEITAR FJÖLLIÐUR VÍNÝLKLÓRÍÐS) ELASTÓLEFÍN EÐA MELAMÍN

(Aðferð þar sem óblönduð brennisteinssýra er notuð)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. baðmull (5), asetati (19), kúprói (21), módali (22), tríasetati (24), viskósu (25), tilteknum akrýlum (26), tilteknum módakrýlum (29), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35) og elastófjölester (45)

   og

2. klórtrefjum (27) sem eru úr einsleitum fjölliðum vinýlklóríðs, einnig klórbornum eftir á, elastólefíni (46) og melamíni (47).

Þau módakrýl, sem um er að ræða, gefa tæra lausn þegar þeim er sökkt í óblandaða brennisteinssýru (eðlismassi við 20 °C: 1,84).

Þessa aðferð má nota í stað aðferða nr. 8 og 9.

2. MEGINREGLA

Efnisþátturinn, að klórtrefjunum, elastólefíninu og melamíninu undanskildu (þ.e. trefjarnar sem tilteknar eru í lið 1.1) er fjarlægður úr þekktum, þurrum massa af blöndunni með því að leysa hann upp í óblandaðri brennisteinssýru (eðlismassi við 20 °C: 1,84).

Leifinni, sem samanstendur af klórtrefjunum, elastólefíninu eða melamíninu, er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð, massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti hins efnisþáttarins er reiknaður út frá mismuninum.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.

b) Glerspaði.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Brennisteinssýra, óblönduð (eðlismassi við 20 °C: 1,84).

b) Brennisteinssýra, um það bil 50% vatnslausn (m/m).

Tilreitt með því að bæta gætilega, undir kælingu, 400 ml af brennisteinssýru (eðlismassi við 20 °C: 1,84) út í 500 ml af eimuðu eða afjónuðu vatni. Eftir kælingu niður í stofuhita er lausnin þynnt að einum lítra með vatni.

c) Þynnt ammóníakslausn.

Þynna skal 60 ml af óblandaðri ammoníakslausn (eðlismassi við 20 °C: 0,880) að einum lítra með vatni.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum, halda skal síðan áfram sem hér segir:

bæta skal 100 ml af brennisteinssýru (a-liður 3.2) við fyrir hvert gramm af sýninu í flöskunni (a-liður 3.1).

Innihald flöskunnar er látið standa í tíu mínútur við stofuhita og hrært í sýninu við og við á þeim tíma með glerspaðanum. Ef ofið eða prjónað efni er til meðferðar skal þrýsta því að glerinu með glerspaðanum til þess að skilja frá efnið sem er leyst upp í brennisteinssýrunni.

Vökvanum skal hellt ofan af í gegnum vegnu síudeigluna. Í flöskuna er bætt nýjum 100 ml skammti af brennisteinssýru (a-liður 3.2) og meðferðin endurtekin. Innihald flöskunnar er flutt yfir í síudeigluna og við það notaður glerspaðinn á óuppleystar trefjarnar. Ef nauðsyn krefur er smáskammti af óblandaðri brennisteinssýru (a-liður 3.2) bætt í flöskuna til þess að fjarlægja trefjar sem loða við glerið. Síudeiglan er þurrkuð með loftsogi, síaði vökvinn er fjarlægður með því að tæma flöskuna með síunni eða skipta um flösku, leifin í deiglunni er síðan skoluð með 50% brennisteinssýrulausn (b-liður 3.2), eimuðu eða afjónuðu vatni (I.3.2.3 í almennu leiðbeiningunum), ammóníakslausn (c-liður 3.2) og að lokum er skolað vandlega með eimuðu eða afjónuðu vatni, og skal deiglan tæmd með loftsogi eftir hverja skolun. (Loftsogi skal ekki beita meðan á skolun stendur heldur einungis eftir að vökvinn hefur síast í gegn án loftsogs.) Deiglan og leifin eru þurrkaðar, kælda og vigtaðar.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða melamín en þá er „d“ = 1,01.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ nr. 15

KLÓRTREFJAR, TILTEKNAR MÓDAKRÝLTREFJAR, TILTEKNAR ELASTANTREFJAR, ASETATTREFJAR, TRÍASETATTREFJAR OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notað er sýklóhexanon)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. asetati (19), tríasetati (24), klórtrefjum (27), tilteknum módakrýlum (29), tilteknum elastönum (43)

   og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúpróí (21), módali (22), viskósu (25), pólýamíði eða næloni (30), akrýli (26), glertrefjum (44) og melamíni (47).

Ef módakrýltrefjar eða elastön eru til staðar ber fyrst að framkvæma forprófun til þess að kanna hvort trefjarnar séu að öllu leyti leysanlegar í hvarfmiðlinum.

Einnig er hægt að greina blöndur sem innihalda klórtrefjar með því að nota aðferð nr. 9 eða 14.

2. MEGINREGLA

Asetat- og tríasetattrefjarnar, klórtrefjarnar, tilteknar módakrýltrefjar og tilteknar elastantrefjar, í þekktum, þurrum massa af blöndunni, eru leystar upp með sýklóhexanoni við hitastig nálægt suðumarki. Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð, massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti klórtrefjanna, módakrýl, elastan, asetat og tríasetat er reiknaður út sem mismunur.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Búnaður fyrir útdrátt við háan hita sem hentar til notkunar við framkvæmd prófsins í 4. lið.(Sjá meðfylgjandi skýringarmynd af afbrigði búnaðarins sem er lýst í *Melliand Textilberichte* 56 (1975) bls. 643–645).

b) Síudeigla undir prófunarsýnið.

c) Gropin þynna (gropstig 1).

d) Baksvali sem passar á eimingarflösku.

e) Hitari.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Sýklóhexanon, suðumark 156 °C.

b) Etanól, 50% miðað við rúmmál.

Athugasemd:

Sýklóhexanon er eldfimt og eitrað. Gera skal viðeigandi varúðarráðstafanir við notkun þess.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

hella skal 100 ml af sýklóhexanoni fyrir hvert gramm af sýni í eimingarflöskuna, útdráttarbúnaðinum, sem síudeiglan með sýninu og gropnu þynnunni, lítillega skáhallri, hefur áður verið sett í, er síðan komið fyrir. Baksvalinn er settur á. Hitað er að suðu og útdrætti haldið áfram í 60 mínútur með minnst 12 lotum á klukkustund.

Ílátið undir útdráttinn er fjarlægt að loknum útdrætti og kælingu, síudeiglan er tekin úr og gropna þynnan fjarlægð. Innihald síudeiglunnar er þvegið þrisvar til fjórum sinnum með 50% etanóli, sem er hitað í u.þ.b. 60 °C og þar á eftir með einum lítra af 60 °C heitu vatni.

Ekki skal beita loftsogi á meðan eða á milli þess sem þvegið er. Vökvanum er fyrst leyft að síast í gegn án loftsogs og síðan er loftsogi beitt.

Að lokum er deiglan með leifinni þurrkuð, kæld og vigtuð.


5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða silki og melamín, en þá er „d“ = 1,01, og akrýl en þá er „d“ = 0,98.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleitar blöndur textíltrefja, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

Skýringarmynd sem um getur í a-lið í lið 3.1 í aðferð nr. 15



AÐFERÐ nr. 16

MELAMÍN OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er heit maurasýra)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. melamíni (47)

og

2. baðmull (5) og aramíði (31).

2. MEGINREGLA

Melamínið er fjarlægt úr þekktum, þurrum massa af blöndunni með því að leysa það upp í heitri maurasýru (90% m/m).

Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vigtuð, massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti hins efnisþáttarins er reiknaður út frá mismuninum.

Athugasemd:

Fylgja skal nákvæmlega ráðleggingum um hitasvið þar sem leysni melamíns er mjög háð hitastigi.

3. BÚNAÐUR OG HVARFMIÐLAR (aðrir en þeir sem tilgreindir eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

a) Keiluflaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.

b) Hristivatnsbað eða annar búnaður til að hrista flöskuna og viðhalda hitastigi hennar við 90 ± 2 °C.

3.2. Hvarfmiðlar

a) Maurasýra (90% m/m, eðlismassi við 20 °C: 1,204). Þynna skal 890 ml af 98 til 100% maurasýru (m/m, eðlismassi við 20 °C: 1,220 g/ml) að einum lítra með vatni.

Heit maurasýra er mjög ætandi og verður að meðhöndla með varúð.

b) Þynnt ammoníakslausn: þynnið 80 ml af óblandaðri ammoníakslausn (eðlismassi við 20 °C: 0,880) að einum lítra með vatni.

4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum, halda skal síðan áfram sem hér segir:

Bæta skal 100 ml af maurasýru við fyrir hvert gramm af prófunarsýninu í keiluflöskunni sem er með glertappa og tekur a.m.k. 200 ml. Tappinn skal settur í flöskuna og hún hrist til að gegnbleyta sýnið. Flaskan skal hrist kröftuglega í hristivatnsbaðinu við 90 ± 2 °C í eina klukkustund. Flaskan skal kæld niður í stofuhita. Vökvanum skal hellt ofan af í gegnum vegnu síudeigluna. Þá skal 50 ml af maurasýru bætt í flöskuna sem inniheldur leifina, flaskan hrist í höndunum og innihald hennar síað í gegnum síudeigluna. Það sem eftir er af trefjum í flöskunni skal skolað með svolítilli maurasýru (hvarfmiðli) og fært yfir í deigluna. Deiglan skal tæmd með loftsogi og leifin skoluð með maurasýru (hvarfmiðli), heitu vatni, þynntri ammoníakslausn og loks köldu vatni og síðan skal deiglan tæmd með loftsogi eftir hverja skolun. Loftsogi skal ekki beitt fyrr en þvottalausnin hefur síast í gegn án loftsogs. Að lokum skal deiglan tæmd með loftsogi og deiglan og leifin því næst þurrkuð, kæld og vigtuð.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,02.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 2 miðað við 95% öryggisstig.

3. KAFLI

MAGNGREINING TEXTÍLTREFJABLANDNA ÚR ÞREMUR EFNUM

INNGANGUR

Almennt eru efnafræðilegar aðferðir við magngreiningu byggðar á valvísri lausn einstakra efnisþátta. Til eru fjögur hugsanleg afbrigði þessarar aðferðar:

1. Notuð eru tvö mismunandi prófunarsýni, efnisþáttur a er leystur upp í fyrra prófunarsýninu og annar efnisþáttur b í því síðara. Óleysanleg leif hvors prófunarsýnis fyrir sig er vigtuð og hundraðshluti hvors hinna tveggja leysanlegu efnisþátta reiknaður út frá samsvarandi massatapi. Hundraðshluti þriðja efnisþáttarins c er reiknaður út sem mismunur.

2. Notuð eru tvö mismunandi prófunarsýni, efnisþáttur a er leystur upp í fyrra prófunarsýninu og tveir efnisþættir a og b í því síðara. Óleysanleg leif fyrra prófunarsýnisins er vigtuð og hundraðshluti efnisþáttar a reiknaður út frá massatapi. Óleysanleg leif síðara prófunarsýnisins er vigtuð; hún samsvarar efnisþætti c. Hundraðshluti þriðja efnisþáttarins b er reiknaður út sem mismunur.

3. Notuð eru tvö mismunandi prófunarsýni, tveir efnisþættir a og b eru leystir upp í fyrra prófunarsýninu og tveir efnisþættir b og c í því síðara. Óleysanlegu leifarnar samsvara hinum tveimur efnisþáttunum, c annars vegar og a hins vegar. Hundraðshluti þriðja efnisþáttarins b er reiknaður út sem mismunur.

4. Notað er aðeins eitt prófunarsýni eftir að annar efnisþátturinn hefur verið fjarlægður er óleysanlega leifin sem hinar trefjarnar tvær mynda vigtuð og hundraðshluti leysanlega efnisþáttarins reiknaður út frá massatapi. Önnur trefjategundanna tveggja í óleysanlegu leifinni er leyst upp, óleysanlegi efnisþátturinn vigtaður og hundraðshluti síðari leysanlega efnisþáttarins reiknaður út frá massatapi.

Ef unnt er að velja er mælt með því að nota eitt þriggja fyrstu afbrigðanna.

Ef notast er við efnagreiningu skal sérfræðingurinn sem sér um greininguna gæta þess að velja aðferðir sem fela í sér að notuð séu leysiefni sem einungis leysa upp þær trefjategundir sem til er ætlast en ekki aðrar.

Til glöggvunar er í V. hluta birt tafla yfir tiltekinn fjölda blandna úr þremur efnum ásamt greiningaraðferðum fyrir blöndur úr tveimur efnum sem í grundvallaratriðum er unnt að nota til að greina þessar blöndur úr þremur efnum.

Til að halda hættunni á skekkjum í lágmarki er mælt með því að framkvæma, hvenær sem við verður komið, efnagreiningu þar sem að minnsta kosti tvö af fyrrnefndum fjórum afbrigðum eru notuð.

Bera skal kennsl á allar trefjar í blöndunni áður en magngreining hefst. Nokkrar efnafræðilegar aðferðir eru þess eðlis að hvarfmiðillinn, sem notaður er til þess að leysa upp leysanlegan efnisþátt/-þætti blöndunnar, getur leyst upp óleysanlega efnisþáttinn að hluta. Þar sem því hefur verið við komið hafa verið valdir hvarfmiðlar sem lítil eða engin áhrif hafa á óleysanlegu trefjarnar. Leiðrétta skal niðurstöðurnar sé vitað til að massi hafi rýrnað við greiningu og eru tilgreindir leiðréttingarstuðlar í þessu skyni. Þessir leiðréttingarstuðlar hafa verið ákveðnir á nokkrum rannsóknarstofum með því að beita viðeigandi hvarfmiðlum, sem tilgreindir eru í greiningaraðferðinni, á trefjar sem hafa verið hreinsaðar með formeðferðinni. Þessir leiðréttingarstuðlar gilda einungis fyrir trefjar sem hafa ekki orðið fyrir niðurbroti og kann að vera þörf á annars konar leiðréttingarstuðlum hafi trefjarnar orðið fyrir niðurbroti fyrir meðhöndlun eða á meðan henni stóð. Ef nota verður fjórða afbrigðið, þar sem trefjategund hlýtur meðferð með tveimur mismunandi leysiefnum í röð, skal beita leiðréttingarstuðlum vegna hugsanlegs massataps trefjanna í meðferðunum tveimur. Gera skal a.m.k. tvær greiningar, bæði þegar um ræðir handvirka sundurgreiningu og efnafræðilega sundurgreiningu.

I. Almennar upplýsingar um aðferðir við efnafræðilega magngreiningu trefjablandna úr þremur efnum

Upplýsingar sem almennt varða aðferðirnar sem nota skal við efnafræðilega magngreiningu trefjablandna úr þremur efnum.

I.1. GILDISSVIÐ

Tilgreint er undir gildissviði hverrar greiningaraðferðar fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum fyrir hvaða trefjar viðkomandi aðferð er notuð (sjá 2. kafla varðandi tilteknar aðferðir við magngreiningu trefjablandna úr tveimur efnum).

I.2. MEGINREGLA

Eftir að borin hafa verið kennsl á efnisþætti í blöndu er annað efni en trefjar fjarlægt með viðeigandi formeðferð og síðan notað eitt eða fleiri afbrigðanna fjögurra af aðferðinni við valvísa lausn sem lýst er í inngangínum. Æskilegt er, nema slíkt valdi tæknilegum örðugleikum, að leysa upp aðalefnisþátt blöndunnar til þess að aukaefnisþáttur komi fram sem óleysanleg leif.

I.3. EFNI OG BÚNAÐUR

I.3.1. Búnaður

I.3.1.1. Síudeiglur og vigtarglös nægjanlega stór til að rúma slíkar deiglur eða annar búnaður sem gefur sömu niðurstöður.

I.3.1.2. Sogflaska.

I.3.1.3. Þurrkari með lituðum kísilkristöllum sem gefa til kynna raka.

I.3.1.4. Viftuofn sem þurrkar sýni við 105 ± 3 °C.

I.3.1.5. Fínvog, með 0,0002 g nákvæmni.

I.3.1.6. Soxhlet-útdráttartæki eða annar búnaður sem gefur sömu niðurstöður.

I.3.2. Hvarfmiðlar

I.3.2.1. Jarðolíueter, endureimað, suðumark 40 til 60 °C.

I.3.2.2. Aðrir hvarfmiðlar eru tilgreindir í viðkomandi hluta hverrar aðferðar.

I.3.2.3. Eimað eða afjónað vatn.

I.3.2.4. Aseton.

I.3.2.5. Ortófosfórsýra.

I.3.2.6. Þvagefni (úrea).

I.3.2.7. Natríumbíkarbónat.

Allir hvarfmiðlar skulu vera hreinir í efnafræðilegu tilliti.

I.4. ANDRÚMSLOFT VIÐ PRÓFUN OG FORMEÐHÖNDLUN

Þar sem ákvarða á þurran massa er ekki þörf á að formeðhöndla sýnið eða framkvæma greiningu í formeðhöndluðu andrúmslofti.

I.5. RANNSÓKNARSÝNI

Taka skal rannsóknarsýni sem er dæmigert fyrir vörusýnið, nægilega efnismikið til þess að fá öll prófunarsýni sem krafist er, hvert og eitt minnst 1 g.

I.6. FORMEÐFERÐ RANNSÓKNARSÝNIS ([28])

Ef efni er til staðar sem ekki skal taka tillit til við útreikninga hundraðshluta (sjá 19. gr.) skal fyrst fjarlægja það á viðeigandi hátt sem ekki skaðar efnisþætti trefjanna.

Í þessu skyni eru önnur efni en trefjar, sem unnt er að draga út með jarðolíueter og vatni, fjarlægð með því að rannsóknarsýni hljóti meðferð í Soxhlet-útdráttartæki með jarðolíueter í eina klukkustund með minnst sex lotum á klst. Jarðolíueterinn er látinn gufa upp af rannsóknarsýninu sem er síðan dregið út með beinni meðhöndlun sem felst í því að rannsóknarsýnið er látið liggja í vatni við stofuhita í eina klukkustund og síðan látið liggja í vatni við 65 ± 5 °C í aðra klukkustund og er vökvinn hristur öðru hverju. Hlutfall vökva og rannsóknarsýnis skal vera 100:1. Umframvatn er kreist úr rannsóknarsýninu eða það er fjarlægt með loftsogi eða í skilvindu og síðan skal sýnið látið loftþorna.

Ef um er að ræða elastólefín eða trefjablöndur, sem innihalda elastólefín og aðrar trefjar (ull, dýrahár, silki, baðmull, hör, hamp, jútu, manilahamp, alfa, kókostrefjar, gífil, ramí, sísal, kúpró, módal, prótín, viskósa, akrýl, pólýamíð eða nælon, pólýester, elastófjölester) skal aðferðinni, sem lýst er hér að framan, breytt lítillega þar sem jarðolíueter skal skipt út fyrir aseton.

([28]) Sjá kafla 1.1.

Reynist ekki unnt að draga út önnur efni en trefjar með jarðolíueter og vatni skal fjarlægja þau með því að grípa til viðeigandi meðferðar í stað vatnsmeðferðarinnar, sem lýst var hér að framan, sem veldur ekki umtalsverðum breytingum á neinum efnishlutum trefjanna. Að því er varðar nokkrar óbleiktar, náttúrulegar plöntutrefjar (t.d. júta og kókostrefjar) skal taka tillit til þess að við hefðbundna formeðferð með jarðolíueter og vatni er ekki unnt að fjarlægja öll náttúruleg efni önnur en trefjar, engu að síður er aukalegri formeðferð ekki beitt nema sýnið innihaldi frágangsefni (finishes) sem eru óleysanleg bæði í jarðolíueter og vatni.

Í rannsóknarskýrslum skal vera nákvæm lýsing á aðferðum sem er beitt við formeðferð.

I.7. PRÓFUNARAÐFERÐ

I.7.1. Almennar leiðbeiningar

I.7.1.1. Þurrkun

Þurrkun skal vara minnst 4 klukkustundir og mest 16 klukkustundir við 105 ± 3 °C í viftuofni með lokuðum dyrum. Standi þurrkun yfir skemur en 14 klukkustundir skal vigta sýnið til að ganga úr skugga um að massi þess sé stöðugur. Líta má svo á að massinn sé stöðugur ef frávik er minna en 0,05% eftir frekari þurrkun í 60 mínútur.

Forðast skal að handleika síudeiglur og vigtarglös, sýni eða óuppleyst efni berum höndum meðan á þurrkun, kælingu og vigtun stendur.

Þurrka skal sýni í vigtarglasi með lokið við hliðina á glasinu. Loka skal vigtarglasinu að aflokinni þurrkun áður en það er tekið úr ofninum og flytja samstundis í þurrkarann.

Þurrka skal síudeigluna í vigtarglasi með lokið við hliðina á glasinu í ofninum. Loka skal vigtarglasinu að aflokinni þurrkun og flytja samstundis í þurrkarann.

Sé notaður annar búnaður en síudeigla skal framkvæma þurrkunina í ofninum til að unnt sé að ákvarða þurran massa trefjanna án taps.

I.7.1.2. Kæling

Öll kæling skal fara fram í þurrkaranum, sem hafa skal við hlið vogarinnar þar til vigtarglösin hafa verið kæld alveg niður, eða í tvær klukkustundir minnst.

I.7.1.3. Vigtun

Þegar vigtarglasið hefur kólnað skal það vigtað innan tveggja mínútna frá því að það er tekið úr þurrkaranum og skal vigta með 0,0002 g nákvæmni.

I.7.2. Aðferð

Taka skal prófunarsýni sem vegur a.m.k. 1 g úr rannsóknarsýni sem hlotið hefur formeðferð. Garn eða klæði skal klippa niður í um það bil 10 mm langar lengjur og greiða eins vel í sundur og hægt er. Sýnið er þurrkað í vigtarglasi, kælt í þurrkara og vigtað. Sýnið er flutt í glerílát sem tilgreint er í viðeigandi hluta viðkomandi Sambandsaðferðar, vigtarglasið er vigtað strax á ný og fæst fram þurr massi sýnisins sem mismunur, síðan skal ljúka prófinu eins og lýst er í viðeigandi hluta viðkomandi aðferðar. Skoða skal leifina í smásjá til þess að ganga úr skugga um að leysanlegi trefjahlutinn/-hlutarnir hafi í reynd verið fjarlægðir að fullu í meðferðinni.

I.8. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Gefa skal upp massa hvers efnisþáttars sem hundraðshluta heildarmassa trefja í blöndunni. Reikna skal niðurstöður út á grundvelli hreins, þurrs massa sem hefur verið leiðréttur með tilliti til samþykktra frávika annars vegar og hins vegar leiðréttingarstuðla sem nauðsynlegir eru til að unnt sé að taka tillit til efnistaps annarra efna en trefja meðan á formeðferð og greiningu stendur.

I.8.1. Útreikningur hundraðshluta massa hreinna, þurra trefja án tillits til massataps trefja meðan á formeðferð stendur:

I.8.1.1. — 1. AFBRIGÐI —

Formúlur sem skal nota þegar efnisþáttur blöndunnar er fjarlægður úr einu prófunarsýni og annar efnisþáttur úr öðru prófunarsýni:

$$P_1\% = \left[\frac{d_2}{d_1} - d_2 \times \frac{r_1}{m_1} + \frac{r_2}{m_2} \times \left(1 - \frac{d_2}{d_1}\right)\right] \times 100$$

$$P_2\% = \left[\frac{d_4}{d_3} - d_4 \times \frac{r_2}{m_2} + \frac{r_1}{m_1} \times \left(1 - \frac{d_4}{d_3}\right)\right] \times 100$$

$$P_3\% = 100 - (P_1\% + P_2\%)$$

$P_1\%$ er hundraðshluti fyrsta hreina, þurra efnisþáttarins (efnisþáttur í fyrra prófunarsýninu uppleystur í fyrri hvarfmiðlinum),

$P_2\%$ er hundraðshluti síðara hreina, þurra efnisþáttarins (efnisþáttur í síðara prófunarsýninu uppleystur í síðari hvarfmiðlinum),

$P_3\%$ er hundraðshluti þriðja hreina, þurra efnisþáttarins (efnisþáttur óuppleystur í báðum prófunarsýnum),

m_1 er þurr massi fyrra prófunarsýnisins að aflokinni formeðferð,

m_2 er þurr massi seinna prófunarsýnisins að aflokinni formeðferð,

r_1 er þurr massi leifarinnar eftir að fyrsti efnisþátturinn hefur verið fjarlægður úr fyrra prófunarsýninu í fyrri hvarfmiðlinum,

r_2 er þurr massi leifarinnar eftir að annar efnisþátturinn hefur verið fjarlægður úr síðara prófunarsýninu í síðari hvarfmiðlinum,

d_1 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps annars efnisþáttar í fyrra prófunarsýninu sem er óuppleystur í fyrri hvarfmiðlinum (*),

d_2 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps þriðja efnisþáttar í fyrra prófunarsýninu sem er óuppleystur í fyrri hvarfmiðlinum,

d_3 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps fyrsta efnisþáttar í síðara prófunarsýninu sem er óuppleystur í síðari hvarfmiðlinum,

d_4 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps þriðja efnisþáttar í síðara prófunarsýninu sem er óuppleystur í síðari hvarfmiðlinum.

I.8.1.2. — 2. AFBRIGÐI —

Formúlur sem nota skal þegar efnisþáttur a er fjarlægður úr fyrra prófunarsýninu og hinir tveir efnisþættirnir b + c eru skildir eftir sem leif og tveir efnisþættir a + b eru fjarlægðir úr síðara prófunarsýninu og þriðji efnisþátturinn c er skilinn eftir sem leif:

$$P_1\% = 100 - (P_2\% + P_3\%)$$

$$P_2\% = 100 \times \frac{d_1 r_1}{m_1} - \frac{d_1}{d_2} \times P_3\%$$

$$P_3\% = \frac{d_4 r_2}{m_2} \times 100$$

$P_1\%$ er hundraðshluti fyrsta hreina, þurra efnisþáttarins (efnisþáttur í fyrra prófunarsýninu uppleystur í fyrri hvarfmiðlinum),

$P_2\%$ er hundraðshluti annars hreina, þurra efnisþáttarins (efnisþáttur sem er leysanlegur í síðari hvarfmiðlinum á sama tíma og fyrsti efnisþáttur í síðara prófunarsýninu),

$P_3\%$ er hundraðshluti þriðja hreina, þurra efnisþáttarins (efnisþáttur óuppleystur í báðum prófunarsýnum),

(*) Gildi d er getið í 2. kafla þessa viðauka varðandi einstakar aðferðir við greiningu á blöndum úr tveimur efnum.

m_1 er þurr massi fyrra prófunarsýnisins að aflokinni formeðferð,

m_2 er þurr massi seinna prófunarsýnisins að aflokinni formeðferð,

r_1 er þurr massi leifarinnar eftir að fyrsti efnisþátturinn hefur verið fjarlægður úr fyrra prófunarsýninu í fyrri hvarfmiðlinum,

r_2 er þurr massi leifarinnar eftir að fyrsti og annar efnisþátturinn hefur verið fjarlægður úr síðari prófunarsýninu í síðari hvarfmiðlinum,

d_1 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps annars efnisþáttar í fyrra prófunarsýninu sem er óuppleystur í fyrri hvarfmiðlinum,

d_2 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps þriðja efnisþáttar í fyrra prófunarsýninu sem er óuppleystur í fyrri hvarfmiðlinum,

d_4 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps þriðja efnisþáttar í síðara prófunarsýninu sem er óuppleystur í síðari hvarfmiðlinum.

I.8.1.3. — 3. AFBRIGÐI —

Formúlur sem nota skal þegar tveir efnisþættir a + b eru fjarlægðir úr prófunarsýni og þriðji efnisþátturinn c er skilinn eftir sem leif og tveir efnisþættir b + c eru fjarlægðir úr öðru prófunarsýni og fyrsti efnisþátturinn a er skilinn eftir sem leif:

$$P_1\% = \frac{d_3 r_2}{m_2} \times 100$$

$$P_2\% = 100 - (P_1\% + P_3\%)$$

$$P_3\% = \frac{d_2 r_1}{m_1} \times 100$$

$P_1\%$ er hundraðshluti fyrsta hreina, þurra efnisþáttarins (efnisþáttur sem leysist upp í hvarfmiðlinum),

$P_2\%$ er hundraðshluti annars hreina, þurra efnisþáttarins (efnisþáttur sem leysist upp í hvarfmiðlinum),

$P_3\%$ er hundraðshluti þriðja hreina, þurra efnisþáttarins (efnisþáttur sem leysist upp í síðara prófunarsýninu í hvarfmiðlinum),

m_1 er þurr massi fyrra prófunarsýnisins að aflokinni formeðferð,

m_2 er þurr massi seinna prófunarsýnisins að aflokinni formeðferð,

r_1 er þurr massi leifarinnar eftir að fyrsti og annar efnisþátturinn hafa verið fjarlægðir úr fyrra prófunarsýninu í fyrri hvarfmiðlinum,

r_2 er þurr massi leifarinnar eftir að annar og þriðji efnisþátturinn hafa verið fjarlægðir úr síðara prófunarsýninu í síðari hvarfmiðlinum,

d_2 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps þriðja efnisþáttar í fyrra prófunarsýninu sem er óuppleystur í fyrri hvarfmiðlinum,

d_3 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps fyrsta efnisþáttar í síðara prófunarsýninu sem er óuppleystur í síðari hvarfmiðlinum.

I.8.1.4. — 4. AFBRIGÐI —

Formúlur sem nota skal þegar tveir efnisþættir úr blöndunni eru fjarlægðir hver á eftir öðrum úr sama prófunarsýni:

$$P_1\% = 100 - (P_2\% + P_3\%)$$

$$P_2\% = \frac{d_1 r_1}{m} \times 100 - \frac{d_1}{d_2} \times P_3\%$$

$$P_3\% = \frac{d_3 r_2}{m} \times 100$$

$P_1\%$ er hundraðshluti fyrsta hreina, þurra efnisþáttarins, (fyrsti leysanlegi efnisþáttur),

$P_2\%$ er hundraðshluti annars hreina, þurra efnisþáttarins, (annar leysanlegi efnisþáttur),

$P_3\%$ er hundraðshluti þriðja hreina, þurra efnisþáttarins (óleysanlegur efnisþáttur),

m er þurr massi sýnisins að aflokinni formeðferð,

r_1 er þurr massi leifarinnar eftir að fyrsti efnisþátturinn hefur verið fjarlægður í fyrri hvarfmiðlinum,

r_2 er þurr massi leifarinnar eftir að fyrsti og annar efnisþáttur hafa verið fjarlægðir í fyrri og síðari hvarfmiðlinum,

d_1 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps sem annar efnisþáttur verður fyrir í fyrri hvarfmiðlinum,

d_2 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps sem þriðji efnisþáttur verður fyrir í fyrri hvarfmiðlinum,

d_3 er leiðréttingarstuðull þar sem tillit er tekið til massataps sem þriðji efnisþáttur verður fyrir í fyrri og síðari hvarfmiðlinum (**).

I.8.2. Útreikningur hundraðshluta hvers efnisþáttar, leiðréttur með tilliti til samþykktra frávika og, þar sem við á, leiðréttingarstuðla fyrir massatap meðan á formeðferð stendur.

Gefið er:

$$A = 1 + \frac{a_1 + b_1}{100} \quad B = 1 + \frac{a_2 + b_2}{100} \quad C = 1 + \frac{a_3 + b_3}{100}$$

þar af leiðir:

$$P_1A\% = \frac{P_1A}{P_1A + P_2B + P_3C} \times 100$$

$$P_2A\% = \frac{P_2A}{P_1A + P_2B + P_3C} \times 100$$

$$P_3A\% = \frac{P_3A}{P_1A + P_2B + P_3C} \times 100$$

$P_1A\%$ er hundraðshluti fyrsta hreina, þurra efnisþáttarins, þar með talið rakainnihald ásamt massatapi meðan á formeðferð stendur,

$P_2A\%$ er hundraðshluti annars hreina, þurra efnisþáttarins, þar með talið rakainnihald ásamt massatapi meðan á formeðferð stendur,

$P_3A\%$ er hundraðshluti þriðja hreina, þurra efnisþáttarins, þar með talið rakainnihald ásamt massatapi meðan á formeðferð stendur,

P_1 er hundraðshluti fyrsta hreina, þurra efnisþáttarins sem fenginn er með einni af formúlunum sem gefnar eru upp í lið I.8.1,

P_2 er hundraðshluti annars hreina, þurra efnisþáttarins sem fenginn er með einni af formúlunum sem gefnar eru upp í lið I.8.1,

P_3 er hundraðshluti þriðja hreina, þurra efnisþáttarins sem fenginn er með einni af formúlunum sem gefnar eru upp í lið I.8.1,

m_1 er samþykkt frávik fyrsta efnisþáttar,

m_2 er samþykkt frávik annars efnisþáttar,

m_3 er samþykkt frávik þriðja efnisþáttar,

b_1 er hundraðshluti massataps fyrsta efnisþáttar meðan á formeðferð stendur,

b_2 er hundraðshluti massataps annars efnisþáttar meðan á formeðferð stendur,

b_3 er hundraðshluti massataps þriðja efnisþáttar meðan á formeðferð stendur.

Þar sem sérstakri formeðferð hefur verið beitt skal, ef kostur er, ákveða gildi fyrir b_1, b_2 og b_3 með því að allir hreinir trefjaefnisþættir hljóti formeðferð þá sem beitt er við greiningu. Hreinar trefjar eru þær sem eru án allra annarra efna en trefja að undanskildum þeim sem þær innihalda venjulega (annaðhvort af náttúrlegum orsökum eða af völdum framleiðsluferlisins) í því ástandi (óbleiktar, bleiktar) sem þær fyrirfinnast í efninu sem á að greina.

Ef engir hreinir, aðskiljanlegir trefjaefnisþættir, sem notaðir hafa verið við framleiðslu þess efnis sem á að greina, eru fyrir hendi, skal nota meðalgildi b_1, b_2 og b_3 sem fengist hafa í prófunum sem framkvæmdar hafa verið á hreinum trefjum sem svara til trefjanna í efnablöndunni sem á að rannsaka.

Sé venjulegri formeðferð beitt, þar sem efni eru skilin út með jarðolíueter og vatni, má almennt sleppa leiðréttingarstuðlunum b_1, b_2 og b_3 nema um óbleikta baðmull, óbleiktan hör og óbleiktan hamp sé að ræða þar sem þyngdartap í formeðferðinni er oftast talið 4% en 1% þegar pólýprópýlen er annars vegar.

(**) Ákveða skal gildi fyrir d_3 fyrirfram með tilraunum hvenær sem því verður við komið.

Þyngdartapi í formeðferð er venjulega sleppt í útreikningum þegar um er að ræða aðrar trefjar.

I.8.3. Athugasemd:

Dæmi um útreikninga eru sýnd í IV. hluta.

II. **Magngreining trefjablandna úr þremur efnum með handvirkri sundurgreiningu**

II.1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð skal notuð á textíltrefjar af öllum gerðum myndi þær ekki óleysanlega blöndu og séu aðskiljanlegar með handvirkri aðferð.

II.2. MEGINREGLA

Eftir að borin hafa verið kennsl á efnisþætti textílsins er annað efni en trefjar fjarlægt með viðeigandi formeðferð og trefjarnar síðan aðskildar handvirkt, þurrkaðar og vigtaðar í þeim tilgangi að reikna út hlut hverrar trefjategundar í blöndunni.

II.3. BÚNAÐUR

II.3.1. Vigtarglös eða annar búnaður sem gefur sömu niðurstöður.

II.3.2. Þurrkari með lituðum kísilkristöllum sem gefa til kynna raka.

II.3.3. Viftuofn sem þurrkar sýni við 105 ± 3 °C.

II.3.4. Fínvog með 0,0002 g nákvæmni.

II.3.5. Soxhlet-útdráttartæki eða annar búnaður sem gefur sömu niðurstöður.

II.3.6. Nál.

II.3.7. Vindingsprófunarbúnaður eða ámóta búnaður.

II.4. HVARFMIÐLAR

II.4.1. Jarðolíueter, endureimað, suðumark 40 til 60 °C.

II.4.2. Eimað eða afjónað vatn.

II.5. ANDRÚMSLOFT VIÐ PRÓFUN OG FORMEÐHÖNDLUN

Sjá I.4.

II.6. RANNSÓKNARSÝNI

Sjá I.5.

II.7. FORMEÐFERÐ RANNSÓKNARSÝNA

Sjá I.6.

II.8. AÐFERÐ

II.8.1. Greining garns

Taka skal prófunarsýni úr rannsóknarsýni, sem hlotið hefur formeðferð, sem er með massann 1 g að lágmarki. Ef garnið er mjög fínt er heimilt að greining sé gerð á minnst 30 m lengju, hver sem massi hennar kann að vera.

Klippa skal garnið í hæfilegar lengjur og aðskilja ólíkar gerðir trefja með nál og vindingsprófunarbúnaði ef nauðsyn krefur. Trefjagerðunum sem fengnar eru fram á þennan hátt er komið fyrir í vigtarglösum sem vegin hafa verið áður og þær þurrkaðar við 105 ± 3 °C í stöðugan massa, eins og lýst er í I.7.1 og I.7.2.

II.8.2. Greining klæðis

Taka skal prófunarsýni, innan jaðra, úr rannsóknarsýni, sem hlotið hefur formeðferð, minnst 1 g að massa með vandlega klipptum köntum til þess að koma í veg fyrir að þeir trosni og liggja samhliða ívafi eða uppistöðuþræði eða, þegar um ræðir prjónles, eftir lykkjuröð, langsum og þversum. Aðskilja skal mismunandi gerðir trefja, setja saman í vigtarglös sem vigtuð hafa verið áður og fylgja þeirri vinnuaðferð sem lýst er í II.8.1.

II.9. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Gefa skal upp massa hvers trefjaefnisþáttar sem hundraðshluta heildarmassa trefja í blöndunni. Reikna skal niðurstöður út á grundvelli hreins, þurrs massa sem hefur verið leiðréttur með tilliti til a) samþykktra frávika annars vegar og b) hins vegar leiðréttingarstuðla sem nauðsynlegir eru til að unnt sé að taka tillit til massataps meðan á formeðferð stendur.

II.9.1. Útreikningur hundraðshluta massa hreinna, þurra trefja án tillits til massataps trefja meðan á formeðferð stendur:

$$P_1\% = \frac{100\ m_1}{m_1 + m_2 + m_3} = \frac{100}{1 + \frac{m_2 + m_3}{m_1}}$$

$$P_2\% = \frac{100\ m_2}{m_1 + m_2 + m_3} = \frac{100}{1 + \frac{m_1 + m_3}{m_2}}$$

$$P_3\% = 100 - (P_1\% + P_2\%)$$

$P_1\%$ er hundraðshluti fyrsta hreina, þurra efnisþáttar,

$P_2\%$ er hundraðshluti annars hreina, þurra efnisþáttar,

$P_3\%$ er hundraðshluti þriðja hreina, þurra efnisþáttar,

m_1 er hreinn, þurr massi fyrsta efnisþáttar,

m_2 er hreinn, þurr massi annars efnisþáttar,

m_3 er hreinn, þurr massi þriðja efnisþáttar.

II.9.2. Útreikningur hundraðshluta hvers efnisþáttar, leiðréttur með tilliti til samþykktra frávika og, þar sem við á, leiðréttingarstuðla fyrir massatap meðan á formeðferð stendur, sjá I.8.2.

III. **Magngreining trefjablandna úr þremur efnum með blandaðri aðferð handvirkrar sundurgreiningar og efnafræðilegrar sundurgreiningar**

Beita skal handvirkri sundurgreiningu þar sem því verður við komið og tekið tillit til hlutfalls milli efnisþátta sem sundurgreindir eru áður en haldið er áfram með efnafræðilega meðhöndlun hvers sundurgreinds efnisþáttar.

III.1. NÁKVÆMNI AÐFERÐANNA

Nákvæmni einstakra greiningaraðferða trefjablandna úr tveimur efnum sem gefin er upp á við um samanburðarnákvæmni (sjá 2. kafla varðandi aðferðir við magngreiningu tiltekinna textíltrefjablandna úr tveimur efnum).

Með samanburðarnákvæmni er átt við áreiðanleika, þ.e. hversu samkvæðar niðurstöðutölur einstakra rannsókna eru, sem fást á mismunandi rannsóknastofum eða á mismunandi tímum þar sem sömu aðferðum er beitt við rannsókn sýna úr efnisblöndu sem er eins að öllu leyti.

Samanburðarnákvæmni er gefin upp sem öryggismörk fyrir niðurstöður þar sem öryggisstig er 95%.

Með þessu er átt við að mismunur milli tveggja niðurstaðna í röð greininga, sem fram fara á mismunandi rannsóknarstofum, þar sem viðkomandi rannsóknaraðferð er beitt á venjubundinn og réttan hátt á einsleita trefjablöndu, myndi einungis vera yfir öryggismarki í 5 tilvikum af 100.

Gildi þau sem gefin eru upp í greiningaraðferðum fyrir blöndur úr tveimur efnum, sem beitt hefur verið til að greina blöndu úr þremur efnum, eru notuð á venjubundinn hátt þegar ákveða á nákvæmni greiningar blandna úr þremur efnum.

Sé gert ráð fyrir að leyst sé upp tvisvar í afbrigðunum fjórum af efnafræðilegri magngreiningu blandna úr þremur efnum (þar sem tvö aðgreind prófunarsýni eru notuð fyrir þrjú fyrstu afbrigðin og eitt prófunarsýni fyrir fjórða afbrigðið) og sé nákvæmni greiningaraðferðanna tveggja fyrir blöndur úr tveimur efnum táknuð með E_1 og E_2 kemur nákvæmni niðurstaðna fyrir hvern efnisþátt um sig fram í eftirfarandi töflu:

Trefjar viðkomandi efnisþáttar	Afbrigði		
	1	2 og 3	4
a	E_1	E_1	E_1
b	E_2	$E_1 + E_2$	$E_1 + E_2$
c	$E_1 + E_2$	E_2	$E_1 + E_2$

Sé fjórða afbrigðið notað má gera ráð fyrir að nákvæmni sé minni en útreikningar sýna í aðferðinni að ofan sakir hugsanlegrar virkni fyrsta hvarfmiðilsins á leifina, sem samanstendur af efnisþáttum b og c, sem erfitt yrði að meta.

III.2. PRÓFUNARSKÝRSLA

III.2.1. Taka skal fram hvaða afbrigði eru notuð við framkvæmd greiningarinnar, hvaða aðferðir, hvarfmiðlar og leiðréttingarstuðlar.

III.2.2. Veita skal nákvæmar upplýsingar um sérstaka formeðferð (sjá I.6).

III.2.3. Birta skal einstakar niðurstöður og reiknað meðaltal, hvortveggja með einum aukastaf.

III.2.4. Þar sem því verður við komið skal tilgreina nákvæmni aðferðarinnar fyrir hvern efnisþátt um sig sem reiknuð er út samkvæmt töflunni í 1. lið III. hluta.

IV. **Dæmi um útreikninga hundraðshluta efnisþátta tiltekinna blandna úr þremur efnum þar sem notuð eru nokkur þeirra afbrigða sem lýst er í lið I.8.1.**

Mat á tilviki þar sem eftirfarandi efnisþættir koma fram við greiningu á samsetningu hráefnis: 1 kembd ull, 2 nælon (pólýamíð), 3 óbleikt baðmull.

AFBRIGÐI nr. 1

Unnt er fá eftirfarandi niðurstöður þegar þetta afbrigði er notað, þ.e. notuð eru tvö mismunandi prófunarsýni og einn efnisþáttur (a = ull) er fjarlægður með uppleysingu úr fyrra prófunarsýninu og annar efnisþáttur (b = pólýamíð) úr því síðara:

1. Þurr massi fyrra prófunarsýnis að lokinni formeðferð er (m_1) = 1,6000 g

2. Þurr massi leifarinnar að lokinni formeðferð með basísku natríumhýpóklóríti (pólýamíð + baðmull) (r_1) = 1,4166 g

3. Þurr massi seinna prófunarsýnisins að lokinni formeðferð er (m_2) = 1,8000 g

4. Þurr massi leifarinnar að lokinni formeðferð með maurasýru (ull + baðmull) (r_2) = 0,9000 g

Basísk natríumhýpóklórítmeðferð hefur ekki í för með sér massatap fyrir pólýamíð, en hins vegar 3% massatap fyrir óbleikta baðmull, þannig að d_1 = 1,00 og d_2 = 1,03.

Maurasýrumeðferð hefur ekki í för með sér massatap fyrir ull eða óbleikta baðmull, þannig að d_3 og d_4 = 1,00.

Séu gildin sem fram koma við efnagreiningu sett inn í formúluna í lið I.8.1.1 ásamt leiðréttingarstuðlunum fæst eftirfarandi niðurstaða:

P_1% (ull) = [1,03/1,00 – 1,03 × 1,4166/1,6000 + (0,9000/1,8000) × (1 – 1,03/1,00)] ×100 = 10,30

P_2% (pólýamíð) = [1,00/1,00 – 1,00 × 0,9000/1,8000 + (1,4166/1,6000) × (1 – 1,00/1,00)] × 100 = 50,00

P_3% (baðmull) = 100 – (10,30 + 50,00) = 39,70

Hundraðshlutar hreinu, þurru trefjanna í blöndunni eru eftirfarandi:

ull	10,30%
pólýamíð	50,00%
baðmull	39,70%

Þessa hundraðshluta verður að leiðrétta samkvæmt formúlunum í lið I.8.2 svo að samþykktu frávikin séu einnig tekin með í reikninginn ásamt leiðréttingarstuðlunum fyrir hvers kyns massatap að formeðferð lokinni.

Eins og tekið er fram í IX. viðauka eru samþykktu frávikin eftirfarandi: kembd ull 17,0%, pólýamíð 6,25%, baðmull 8,5%, einnig verður 4% massatap í óbleiktri baðmull að lokinni formeðferð með jarðolíueter og vatni.

Þannig verður:

P_1A% (ull) = 10,30 × [1 + (17,00 + 0,0)/100] / [10,30 × (1 + (17,00 + 0,0)/100) + 50,00 × (1 + (6,25 + 0,0)/100) + 39,70 × (1 + (8,50 + 4,0)/100)] × 100 = 10,97

P_2A% (pólýamíð) = 50,0 × [(1 + (6,25 + 0,0)/100)/109,8385] × 100 = 48,37

$P_3A\%$ (baðmull) = 100 – (10,97 + 48,37) = 40,66

Samsetning hráefnis í garninu er því þessi:

pólýamíð	48,4%
baðmull	40,6%
ull	11,0%
	100,0%

AFBRIGÐI nr. 4

Mat á tilviki þar sem eftirfarandi efnisþættir koma fram við greiningu á eiginleikum trefjablöndu: kembd ull, viskósa, óbleikt baðmull.

Gert er ráð fyrir að eftirfarandi niðurstöður fáist fram þegar 4. afbrigði er notað, þ.e. þegar tveir efnisþættir eru fjarlægðir hver á eftir öðrum úr blöndu eina og sama prófunarsýnis:

1. Þurr massi prófunarsýnisins að lokinni formeðferð er (m2) = 1,6000 g

2. Þurr massi leifarinnar að lokinni formeðferð með basísku natríumhýpóklóríti (viskósa + baðmull) (r_1) = 1,4166 g

3. Þurr massi leifarinnar að lokinni annarri meðferð leifarinnar r_1 með sinkklóríði/maurasýru (baðmull) (r_2) = 0,6630 g

Basísk natríumhýpóklórítmeðferð hefur ekki í för með sér massatap fyrir viskósa, en hins vegar 3% massatap fyrir óbleikta baðmull, þannig að $d_1 = 1,00$ og $d_2 = 1,03$.

Massi baðmullar eykst um 4% við sinkklóríð/maurasýrumeðferð, þannig að $d_3 = 1,03 \times 0,96 = 0,9888$, námundað í 0,99, ($d_3$ er leiðréttingarstuðull fyrir massatap eða eftir atvikum aukningu þriðja efnisþáttar í fyrsta og öðrum hvarfmiðlinum).

Séu gildin sem fram koma við efnagreiningu sett inn í formúlurnar í lið I.8.1.4 ásamt leiðréttingarstuðlunum fæst eftirfarandi niðurstaða:

$P_2\%$ (viskósa) = $1,00 \times (1,4166/1,6000) \times 100 – (1,00/1,03) \times 41,02 = 48,71\%$

$P_3\%$ (baðmull) = $0,99 \times (0,6630/1,6000) \times 100 = 41,02\%$

$P_1\%$ (ull) = 100 – (48,71 + 41,02) = 10,27%

Eins og þegar hefur verið tekið fram varðandi 1. afbrigði skal leiðrétta þessa hundraðshluta og nota til þess formúlurnar sem fram koma í lið I.8.2.

$P_1A\%$ (ull) = $10,27 \times [1 + (17,0 + 0,0)/100)]/[10,27 \times (1 + (17,00 + 0,0)/100) +48,71 \times (1 + (13 + 0,0)/100) + 41,02 \times (1 + (8,5 + 4,0)/100)] \times 100 = 10,61\%$

$P_2A\%$ (viskósa) = $48,71 \times [1 + (13 + 0,0)/100] / 113,2057 \times 100 = 48,62\%$

$P_3A\%$ (baðmull) = 100 – (10,61 + 48,62) = 40,77%

Samsetning hráefnis í blöndunni er því þessi:

viskósa	48,6%
baðmull	40,8%
ull	10,6%
	—
	100,0%

V. **Tafla yfir dæmigerðar blöndur úr þremur efnum sem heimilt er að greina með greiningaraðferðum Sambandsins fyrir blöndur úr tveimur efnum (dæmi)**

Nr. blöndu	Trefjar viðkomandi efnisþáttar			Afbrigði	Nr. aðferðar fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum ásamt hvarfmiðlum
	1. efnisþáttur	2. efnisþáttur	3. efnisþáttur		
1.	ull eða dýrahár	viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	baðmull	1 og/eða 4	2. (hýpóklórít) og 3. (sinkklóríð/maurasýra)
2.	ull eða dýrahár	pólýamíð eða nælon	baðmull, viskósa, kúpró eða módal	1 og/eða 4	2. (hýpóklórít) og 4. (maurasýra, 80% m/m)
3.	ull, dýrahár eða silki	tilteknar aðrar trefjar	viskósa, kúpró, módal eða baðmull	1 og/eða 4	2. (hýpóklórít) og 9. (koldísúlfið/aseton, 55,5/44,5% v/v)
4.	ull eða dýrahár	pólýamíð eða nælon	pólýester, pólýprópýlen, akrýl eða glertrefjar	1 og/eða 4	2. (hýpóklórít) og 4. (maurasýra, 80% m/m)
5.	ull, dýrahár eða silki	tilteknar aðrar trefjar	pólýester, akrýl, pólýamíð eða nælon eða glertrefjar	1 og/eða 4	2. (hýpóklórít) og 9. (koldísúlfið/aseton, 55,5/44,5% v/v)
6.	silki	ull eða dýrahár	pólýester	2	11. (brennisteinssýra, 75% m/m) og 2. (hýpóklórít)
7.	pólýamíð eða nælon	akrýl eða tilteknar aðrar trefjar	baðmull, viskósa, kúpró eða módal	1 og/eða 4	4. (maurasýra, 80% m/m) og 8. (dímetýlformamíð)
8.	tilteknar klórtrefjar	pólýamíð eða nælon	baðmull, viskósa, kúpró eða módal	1 og/eða 4	8. (dímetýlformamíð) og 4. (maurasýra, 80% m/m) eða 9. (koldísúlfið/aseton, 55,5/44,5% v/v) og 4. (maurasýra, 80% m/m)
9.	akrýl	pólýamíð eða nælon	pólýester	1 og/eða 4	8. (dímetýlformamíð) og 4. (maurasýra, 80% m/m)
10.	asetat	pólýamíð eða nælon eða tilteknar aðrar trefjar	viskósa, baðmull, kúpró eða módal	4	1. (aseton) og 4. (maurasýra, 80% m/m)
11.	tilteknar klórtrefjar	akrýl eða tilteknar aðrar trefjar	pólýamíð eða nælon	2 og/eða 4	9. (koldísúlfið/aseton, 55,5/44,5% v/v) og 8. (dímetýlformamíð)
12.	tilteknar klórtrefjar	pólýamíð eða nælon	akrýl	1 og/eða 4	9. (koldísúlfið/aseton, 55,5/44,5% v/v) og 4. (maurasýra, 80% m/m)
13.	pólýamíð eða nælon	viskósa, kúpró, módal eða baðmull	pólýester	4	4. (maurasýra, 80% m/m) og 7. (brennisteinssýra, 75% m/m)
14.	asetat	viskósa, kúpró, módal eða baðmull	pólýester	4	1. (aseton) og 7 (brennisteinssýra, 75% m/m)
15.	akrýl	viskósa, kúpró, módal eða baðmull	pólýester	4	8. (dímetýlformamíð) og 7. (brennisteinssýra, 75% m/m)
16.	asetat	ull, dýrahár eða silki	baðmull, viskósa, kúpró, módal, pólýamíð eða nælon, pólýester, akrýl	4	1. (aseton) og 2. (hýpóklórít)
17.	tríasetat	ull, dýrahár eða silki	baðmull, viskósa, kúpró, módal, pólýamíð eða nælon, pólýester, akrýl	4	6. (díklórmetan) og 2. (hýpóklórít)
18.	akrýl	ull, dýrahár eða silki	pólýester	1 og/eða 4	8. (dímetýlformamíð) og 2. (hýpóklórít)

Nr. blöndu	Trefjar viðkomandi efnisþáttar			Afbrigði	Nr. aðferðar fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum ásamt hvarfmiðlum
	1. efnisþáttur	2. efnisþáttur	3. efnisþáttur		
19.	akrýl	silki	ull eða dýrahár	4	8. (dímetýlformamíð) og 11. (brennisteinssýra, 75% m/m)
20.	akrýl	ull, dýrahár eða silki	baðmull, viskósa, kúpró eða módal	1 og/eða 4	8. (dímetýlformamíð) og 2. (hýpóklórít)
21.	ull, dýrahár eða silki	baðmull, viskósa, módal, kúpró	pólýester	4	2. (hýpóklórít) og 7. (brennisteinssýra, 75% m/m)
22.	viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	baðmull	pólýester	2 og/eða 4	3. (sinkklóríð/maurasýra) og 7. (brennisteinssýra, 75% m/m)
23.	akrýl	viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	baðmull	4	8. (dímetýlformamíð) og 3 (sinkklórið/maurasýra)
24.	tilteknar klórtrefjar	viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	baðmull	1 og/eða 4	9. (koldísúlfíð/aseton, 55,5/44,5% v/v) og 3. (sinkklóríð/maurasýra) eða 8. (dímetýlformamíð) og 3. (sinkklóríð/maurasýra)
25.	asetat	viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	baðmull	4	1. (aseton) og 3. (sinkklóríð/maurasýra)
26.	tríasetat	viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	baðmull	4	6. (díklórmetan) og 3. (sinkklóríð/maurasýra)
27.	asetat	silki	ull eða dýrahár	4	1. (aseton) og 11. (brennisteinssýra, 75% m/m)
28.	tríasetat	silki	ull eða dýrahár	4	6. (díklórmetan) og 11. (brennisteinssýra, 75% m/m)
29.	asetat	akrýl	baðmull, viskósa, kúpró eða módal	4	1. (aseton) og 8. (dímetýlformamíð)
30.	tríasetat	akrýl	baðmull, viskósa, kúpró eða módal	4	6. (díklórmetan) og 8. (dímetýlformamíð)
31.	tríasetat	pólýamíð eða nælon	baðmull, viskósa, kúpró eða módal	4	6. (díklórmetan) og 4. (maurasýra, 80% m/m)
32.	tríasetat	baðmull, viskósa, kúpró eða módal	pólýester	4	6. (díklórmetan) og 7. (brennisteinssýra, 75% m/m)
33.	asetat	pólýamíð eða nælon	pólýester eða akrýl	4	1. (aseton) og 4. (maurasýra, 80% m/m)
34.	asetat	akrýl	pólýester	4	1. (aseton) og 8. (dímetýlformamíð)
35.	tilteknar klórtrefjar	baðmull, viskósa, kúpró eða módal	pólýester	4	8. (dímetýlformamíð) og 7. (brennisteinssýra, 75% m/m) eða 9 (koldísúlfíð/aseton, 55,5/44,5% v/v) og 7. (brennisteinssýra, 75% m/m)
36.	baðmull	pólýester	elastólefín	2 og/eða 4	7. (brennisteinssýra, 75% m/m) og 14. (óþynnt brennisteinssýra)
37.	tiltekin módakrýl	pólýester	melamín	2 og/eða 4	8. (dímetýlformamíð) og 14. (óþynnt brennisteinssýra)

IX. VIÐAUKI

Samþykkt frávik sem nota skal við útreikning á massa trefja í textílvöru

(sem um getur í 3. mgr. 19. gr.)

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
1-2	Ull og annað dýrahár:	
	greiddar trefjar	18,25
	kembdar trefjar	17,00 (1)
3	Dýrahár:	
	greiddar trefjar	18,25
	kembdar trefjar	17,00 (1)
	Hrosshár:	
	greiddar trefjar	16,00
	kembdar trefjar	15,00
4	silki	11,00
5	Baðmull:	
	venjulegar trefjar	8,50
	mersiunnar (mercerised) trefjar	10,50
6	Dúnviðaraldin	10,90
7	Hör	12,00
8	Hampur	12,00
9	júta	17,00
10	Manilahampur	14,00
11	alfa	14,00
12	Kókostrefjar	13,00
13	Gífill	14,00
14	Ramí (bleiktar trefjar)	8,50
15	Sísal	14,00
16	Trefjar súnnplöntu	12,00
17	Henequen	14,00
18	Trefjar eyðimerkurlilju	14,00
19	Asetat	9,00
20	Algínat	20,00
21	Kúpró	13,00
22	Módal	13,00
23	Prótín	17,00
24	Tríasetat	7,00
25	Viskósa	13,00
26	Akrýl	2,00
27	Klórtrefjar	2,00

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
28	Flúortrefjar	0,00
29	Módakrýl	2,00
30	Pólýamíð eða nælon:	
	skornar trefjar	6,25
	heilþráður	5,75
31	Aramíð	8,00
32	Pólýimíð	3,50
33	Lýósell	13,00
34	Pólýlaktíð	1,50
35	Pólýester	1,50
36	Pólýetýlen	1,50
37	Pólýprópýlen	2,00
38	Pólýkarbamíð	2,00
39	Pólýúretan:	
	skornar trefjar	3,50
	heilþráður	3,00
40	Vínylal	5,00
41	Trívínyl	3,00
42	Elastódíen	1,00
43	Elastan	1,50
44	Glertrefjar:	
	með meðalþvermál yfir 5 µm	2,00
	með meðalþvermál 5 µm eða minna	3,00
45	Elastófjölester	1,50
46	Elastólefín	1,50
47	Melamín	7,00
48	Málmtrefjar	2,00
	Málmgerðar trefjar	2,00
	Asbest	2,00
	Pappírsgarn	13,75

([1]) Samþykktu frávikin, sem nema 17,00%, skulu einnig notuð ef ómögulegt er að ganga úr skugga um hvort textílvara, sem inniheldur ull og/eða annað dýrahár, er greidd eða kembd.

X. VIÐAUKI

Samsvörunartöflur

Tilskipun 2008/121/EB	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	4. gr.
a–c-liður 2. mgr. 1. gr.	—
d-liður 2. mgr. 1. gr.	3. mgr. 2. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 3. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 2. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 2. gr.
a-liður 2. mgr. 2. gr.	a-liður 2. mgr. 2. gr.
b-liður 2. mgr. 2. gr.	b- og c-liður 2. mgr. 2. gr.
c-liður 2. mgr. 2. gr.	d-liður 2. mgr. 2. gr.
3. gr.	5. gr.
4. gr.	7. gr.
5. gr.	8. gr.
1. og 2. mgr. 6. gr.	—
3. mgr. 6. gr.	3. mgr. 9. gr.
4. mgr. 6. gr.	4. mgr. 9. gr.
5. mgr. 6. gr.	20. gr.
7. gr.	10. gr.
Fyrsti málsliður 1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 14. gr.
Annar málsliður 1. mgr. 8. gr.	2. mgr. 14. gr.
2. mgr. 8. gr.	3. mgr. 14. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 8. gr.	1. mgr. 16. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 3. mgr. 8. gr.	2. mgr. 16. gr.
4. mgr. 8. gr.	3. mgr. 16. gr.
5. mgr. 8. gr.	—
1. mgr. 9. gr.	1. og 2. mgr. 11. gr.
2. mgr. 9. gr.	3. mgr. 11. gr.
3. mgr. 9. gr.	13 gr. og IV. viðauki
a-liður 1. mgr. 10. gr.	2. mgr. 17. gr.
b-liður 1. mgr. 10. gr.	3. mgr. 17. gr.
c-liður 1. mgr. 10. gr.	4. mgr. 17. gr.
2. mgr. 10. gr.	5. mgr. 17. gr.
11. gr.	4. mgr. 15. gr.
12. gr.	2 mgr. 19. gr. og VII. viðauki

Tilskipun 2008/121/EB	Þessi reglugerð
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 19. gr.
2. mgr. 13. gr.	—
1. mgr. 14. gr.	—
2. mgr. 14. gr.	—
15. gr.	21. gr.
16. gr.	—
17. gr.	—
18. gr.	—
19. gr.	—
20. gr.	—
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	III. viðauki
III. viðauki	V. viðauki
36. liður III. viðauka	j-liður 1. mgr. 3. gr.
IV. viðauki	VI. viðauki
V. viðauki	IX. viðauki
VI. viðauki	—
VII. viðauki	—

Tilskipun 96/73/EB	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. liður I. hluta 1. kafla VIII. viðauka
3. gr.	1. mgr. 19. gr.
4. gr.	4. mgr. 19. gr.
5. gr.	21. gr.
6. gr.	—
7. gr.	—
8. gr.	—
9. gr.	—
I. viðauki	I. hluti 1. kafla VIII. viðauka
II. viðauki	II. hluti 1. kafla VIII. viðauka og 2. kafli
III. viðauki	—
IV. viðauki	—

Tilskipun 73/44/EBE	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	I. hluti 1. kafla VIII. viðauka
3. gr.	1. mgr. 19. gr.
4. gr.	4. mgr. 19. gr.
5. gr.	21. gr.
6. gr.	—
7. gr.	—
I. viðauki	Inngangur 3. kafla VIII. viðauka og I. til III. hluti
II. viðauki	IV. hluti 3. kafla VIII. viðauka
III. viðauki	V. hluti 3. kafla VIII. viðauka

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/73/ESB

2014/EES/54/100

frá 24. nóvember 2010

um breytingu á tilskipunum 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 50. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna([1]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Leiðtogaráðið samþykkti á fundi sínum 8. og 9. mars 2007 að dregið skuli úr stjórnsýsluálagi á fyrirtæki um 25% fyrir árið 2012 til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja í Sambandinu.

2) Framkvæmdastjórnin hefur bent á að sumar skuldbindingarnar sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB ([4]) virðast óþarflega íþyngjandi fyrir fyrirtæki.

3) Þessar skuldbindingar þarf að endurskoða til að draga eins og unnt er úr álagi sem íþyngir fyrirtækjum innan Sambandsins, án þess að það komi niður á vernd fjárfesta og eðlilegri starfsemi verðbréfamarkaða innan Sambandsins.

4) Í tilskipun 2003/71/EB er þess krafist af framkvæmdastjórninni að hún meti beitingu þeirrar tilskipunar 5 árum eftir að hún tekur gildi og leggi fram tillögur um endurskoðun hennar, eftir því sem við á. Þetta mat hefur leitt í ljós að tilteknum þáttum tilskipunar 2003/71/EB skuli breytt í því skyni að einfalda og bæta beitingu hennar, auka skilvirkni hennar og alþjóðlega samkeppnishæfni Sambandsins og stuðla þannig að því að dregið sé úr stjórnsýsluálagi.

5) Að lokinni gerð skýrslu nefndar háttsettra embættismanna um fjármálaeftirlit í Evrópusambandinu („de Larosière-skýrslan“) lagði framkvæmdastjórnin fram markvissa tillögu að nýrri löggjöf þann 23. september 2009 til að koma á fót Evrópska fjármálaeftirlitskerfinu sem samanstendur af kerfi innlendra fjármálaeftirlitsaðila sem vinna saman, með nýjum evrópskum eftirlitsstofnunum. Ein af þessum nýju stofnunum, Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði) kemur í stað samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.

6) Skýra skal aðferðina, sem notuð er til að reikna út mörk hámarksfjárhæðar útboðs í tilskipun 2003/71/EB, með skírskotun til réttarvissu og skilvirkni. Heildarfjárhæð vegna tiltekinna útboða sem um getur í þeirri tilskipun skal reiknuð á grundvelli vettvangs Sambandsins.

7) Að því er varðar lokuð útboð verðbréfa skal fjárfestingarfyrirtækjum og lánastofnunum vera heimilt að meðhöndla þá einstaklinga eða aðila, sem lýst er í 1.-4. lið I. hluta II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([5]), og aðra einstaklinga eða aðila sem farið er með sem fagviðskiptavini, eða teljast viðurkenndir gagnaðilar í samræmi við tilskipun 2004/39/EB, sem hæfa fjárfesta. Fjárfestingarfyrirtækjum

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 22.

([1]) Álit frá 18. febrúar 2010 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*).

([2]) Stjtíð. ESB C 19, 26.1.2010, bls. 1.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 17. júní 2010 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 11. október 2010.

([4]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

([5]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

sem heimilt er að halda áfram að líta á þá fagviðskiptavini, sem fyrir eru, sem slíka, í samræmi við 6. mgr. 71. gr. tilskipunar 2004/39/EB, skal vera heimilt að fara með þá viðskiptavini sem hæfa fjárfesta samkvæmt þessari tilskipun. Líklegt er að þessi samræming viðkomandi ákvæða tilskipana 2003/71/EB og 2004/39/EB dragi úr flækjum og kostnaði fyrir fjárfestingarfyrirtækin ef til lokaðs útboðs kemur, þar eð fyrirtækin gætu skilgreint einstaklingana eða aðilana sem útboðinu er beint til með því að reiða sig á eigin skrár yfir fagviðskiptavini og viðurkennda gagnaðila. Útgefandi skal geta reitt sig á skrána yfir fagviðskiptavini og viðurkennda gagnaðila sem gerð hefur verið í samræmi við II. viðauka við tilskipun 2004/39/EB. Skilgreiningin á hæfum fjárfesti í tilskipun 2003/71/EB skal því víkkuð svo hún taki til þessara einstaklinga eða aðila og ekki skal halda aðskilin skráningarkerfi.

8) Það er meginforsenda fyrir heilleika, skilvirkni og skipulegri starfsemi fjármálamarkaða að tryggja rétta og fulla beitingu laga Sambandsins. Þess er vænst að stofnun Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði) muni stuðla að því markmiði með því að gefa út samræmdar reglur og með því að hlúa að samleitnari aðferð að því er varðar athugun og samþykkt lýsinga. Framkvæmdastjórnin skal taka til endurskoðunar ii-lið m-liðar 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 2003/71/EB, í tengslum við takmörkun á ákvörðun heimaaðildarríkis vegna útgáfu á verðbréfum sem ekki eru hlutabréfatengd og að nafnverði undir 1 000 evrum. Að þeirri endurskoðun lokinni skal hún taka til athugunar hvort halda skuli ákvæðinu við eða afnema það.

9) Viðmiðunarmörkin 50 000 evrur í c- og d-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/71/EB endurspegla ekki lengur greinarmuninn á almennum fjárfestum og fagfjárfestum hvað varðar fjárfestingargetu, þar sem svo virðist sem jafnvel almennir fjárfestar hafi nýlega fjárfest fyrir meira en 50 000 evrur í einum viðskiptum. Því er viðeigandi að hækka fyrrnefnd viðmiðunarmörk og breyta öðrum ákvæðum þar sem þessi viðmiðunarmörk eru nefnd, til samræmis við það. Rétt er að gera samsvarandi leiðréttingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ([6]). Að þeim leiðréttingum loknum og að teknu tilliti til eftirstandandi binditíma skuldabréfa, skal vera ákvæði í tengslum við b-lið 1. mgr. 8. gr., 3. mgr. 18. gr. og 6. mgr. 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB sem mælir fyrir um að eldri reglur gildi um skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði í Sambandinu fyrir gildistöku þessarar tilskipunar, nemi nafnverð hverrar einingar þeirra a.m.k. 50 000 evrum.

10) Fullnægjandi lýsing, sem gerð er af útgefanda eða aðila sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar og er aðgengileg almenningi við endanlegt útboð verðbréfa fyrir milligöngu fjármálamilliliða eða við síðari endursölu verðbréfa, veitir nægilegar upplýsingar til að fjárfestar geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun. Því skulu fjármálamilliliðir sem setja verðbréf á markað eða endurselja verðbréf eiga rétt á að reiða sig á upphaflega lýsingu sem útgefandi eða aðili sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar birtir, svo fremi sem hún sé í gildi og með viðeigandi viðauka í samræmi við 9. gr. og 16. gr. tilskipunar 2003/71/EB og að útgefandinn eða aðilinn sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar gefi samþykki sitt fyrir notkun hennar. Útgefandinn eða aðilinn sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar skal geta bundið samþykki sitt skilyrðum. Samþykkið, þ.m.t. öll skilyrði bundin því, skal gefið með skriflegu samkomulagi milli hlutaðeigandi aðila, sem gerir viðkomandi aðilum kleift að meta hvort endursala eða endanlegt útboð verðbréfa fylgi samkomulaginu. Hafi samþykki til að nota lýsinguna verið veitt, skal útgefandi eða aðilinn sem ber ábyrgð á gerð upphaflegrar lýsingar vera ábyrgur fyrir upplýsingunum sem settar eru fram í henni og, ef um er að ræða grunnlýsingu, að setja og skrá endanlega skilmála og ekki skal krefjast annarrar lýsingar. Hinsvegar, ef útgefandi eða aðilinn sem ber ábyrgð á að semja þess háttar upphaflega lýsingu gefur ekki samþykki sitt fyrir notkun hennar, skal fjármálamilliliður krafinn um birtingu nýrrar lýsingar. Í því tilviki skal fjármálamilliliðurinn vera ábyrgur fyrir upplýsingum í lýsingunni, þ.m.t. allar upplýsingar felldar inn með tilvísun og, ef um er að ræða grunnlýsingu, endanlega skilmála.

11) Til að gera beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([7]) tilskipunar 2003/71/EB og tilskipunar 2004/109/EB skilvirkari og til að skýra undirliggjandi vandamál við aðgreiningu og skörun, skal framkvæmdastjórnin setja fram skilgreiningu fyrir hvert hugtakanna „frummarkaður“, „eftirmarkaður“ og „almennt útboð“.

12) Bótaábyrgðarkerfi í aðildarríkjunum eru verulega ólík vegna landsbundins valdsviðs í einkamálarétti. Til að auðkenna og vakta fyrirkomulag í aðildarríkjunum skal framkvæmdastjórnin koma á fót samanburðartöflu yfir kerfi aðildarríkjanna.

13) Ákvæði d-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/71/EB kveða á um að skuldbindingin til að birta lýsingu eigi ekki við um hluti sem eru boðnir út og úthlutað er, eða sem til stendur að úthluta endurgjaldslaust til núverandi hluthafa. Samkvæmt e-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar er útboð með heildarfjárhæð undir 100 000 evrum algerlega undanþegið kröfunni um að birta lýsingu. Undanþágunni í d-lið 1. mgr. 3. gr. er því ofaukið, þar sem útboð sem er endurgjaldslaust fellur undir gildissvið e-liðar 2. mgr. 3. gr.

([6]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

([7]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

14) Núgildandi undanþágur vegna verðbréfa sem eru boðin út og úthlutað, eða sem til stendur að úthluta til núverandi eða fyrrverandi starfsmanna eða stjórnenda eru of heftandi til að vera gagnlegar marktækum fjölda vinnuveitenda sem starfrækja hlutaáætlanir fyrir starfsmenn í Sambandinu. Þátttaka starfsmanna í Sambandinu er einkum mikilvæg fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, þar sem hver einstakur starfsmaður gegnir líklega stóru hlutverki í árangri fyrirtækisins. Því skal ekki vera krafa um að gera lýsingu vegna útboða sem gerð eru í tengslum við hlutaáætlun fyrir starfsmenn, af hálfu fyrirtækis í Sambandinu. Ef verðbréf eru ekki tekin til viðskipta fellur útgefandi ekki undir viðeigandi kröfur um áframhaldandi upplýsingagjöf og reglur um markaðssvik. Því skulu vinnuveitendur eða eignartengd félög þeirra uppfæra skjalið sem um getur í e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/71/EB, ef nauðsyn krefur, fyrir fullnægjandi mat á verðbréfunum. Undanþáguna skal rýmka svo hún nái einnig til almennra útboða og töku fyrirtækja, sem eru skráð utan Sambandsins, til viðskipta, séu verðbréf þeirra tekin til viðskipta annaðhvort á skipulegum markaði eða á markaði þriðja lands. Í síðara tilvikinu verður framkvæmdastjórnin að hafa tekið jákvæða ákvörðun um jafngildi laga- og eftirlitsramma samsvarandi stýringar á mörkuðum í þriðja landi til að undanþágan gildi. Veita skal starfsmönnum í Sambandinu aðgang að áframhaldandi upplýsingum um fyrirtækið.

15) Samantekt lýsingar skal veita almennum fjárfestum helstu upplýsingar. Hún á að vera sjálfstæður hluti lýsingarinnar og á að vera stutt, einföld, greinargóð og auðskiljanleg fyrirhuguðum fjárfestum. Í henni á að beina sjónum að lykilupplýsingum sem fjárfestar þarfnast til að geta ákveðið hvaða tilboð og skráningu verðbréfa þeir eiga að taka til frekari athugunar. Slíkar lykilupplýsingar skulu gefa til kynna mikilvæg einkenni útgefanda, ábyrgðaraðila og verðbréfa, sem boðin eru eða tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði, og áhættu sem tengist þeim. Þær ættu einnig að kveða á um almenna skilmála tilboðsins, þ.m.t. áætlaðan kostnað sem útgefandi eða tilboðsgjafi krefur fjárfestinn um, og gefa til kynna áætluð heildarútgjöld, þar sem þau geta verið töluverð. Þær ættu einnig að upplýsa fjárfestinn um öll réttindi í tengslum við verðbréfin og þá áhættu sem tengist fjárfestingu í viðkomandi verðbréfum. Framsetning samantektarinnar skal ákvörðuð á þann hátt sem heimilar samanburð við samantektir svipaðra afurða með því að tryggja að jafngildar upplýsingar birtist ávallt á sama stað í samantektinni.

16) Aðildarríkin skulu tryggja að engin einkaréttarábyrgð falli á neinn aðila eingöngu á grundvelli samantektarinnar, þ.m.t. nokkurrar þýðingar hennar, nema hún sé villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingarinnar. Samantektin skal innihalda skýra viðvörun þess efnis.

17) Rétt þykir að skýra að endanlegir skilmálar við grunnlýsingu skulu einungis innihalda upplýsingar er varða verðbréfalýsingu sem á einungis við um útgáfuna og sem einungis er hægt að ákvarða á tíma hverrar útgáfu. Slíkar upplýsingar gætu t.d. tekið til alþjóðlegs auðkennisnúmers verðbréfa, útgáfuverðs, gjalddaga, allra arðmiða, nýtingardags, nýtingarverðs, innlausnarverðs og annarra skilmála sem ekki eru þekktir þegar lýsingin er samin. Aðrar nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á mat á útgefanda og verðbréfum skulu, almennt séð, fylgja með í viðauka við lýsinguna. Til að uppfylla skuldbindinguna um að veita einnig lykilupplýsingar samkvæmt grunnlýsingu, skulu útgefendur sameina samantektina viðeigandi hlutum endanlegra skilmála á þann hátt sem er aðgengilegur fjárfestum. Ekki skal krafist sérstaks samþykkis í þeim tilvikum.

18) Til að bæta skilvirkni forkaupsréttarútgáfu hlutabréfatengdra verðbréfa og til að taka tilhlýðilegt tillit til stærðar útgefenda, án þess að hafa áhrif á vernd fjárfesta, skal kynna hóflegt kerfi fyrir upplýsingagjöf vegna útboða á hlutum til núverandi hluthafa sem geta annaðhvort skráð sig fyrir þeim hlutum eða selt réttinn til skráningar fyrir hlutunum, vegna útboða af hálfu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og útgefenda með lækkað markaðsverðmæti (þ.e. lítil fyrirtæki ef hlutir þeirra hafa verið teknir til viðskipta á skipulegan markað), og vegna útboða verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd, sem um getur í j-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/71/EB, útgefin af lánastofnunum. Þegar slíkar lánastofnanir gefa út verðbréf undir mörkunum sem mælt er fyrir um í þeirri grein, en velja að hallast að fyrirkomulagi þessarar tilskipunar og útbúa lýsingu af þessum sökum, skulu þær eiga rétt á að njóta ávinnings af viðeigandi hóflegu kerfi fyrir upplýsingagjöf. Hóflega kerfið fyrir upplýsingagjöf vegna forkaupsréttarútgáfu skal gilda þegar boðnir hlutir eru af sama flokki og hlutir útgefandans sem eru annaðhvort teknir til viðskipta á skipulegan markað eða á markaðstorgi fjármálagerninga eins og skilgreint er í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB svo framarlega sem torgið fellur undir viðeigandi kröfur um áframhaldandi birtingu upplýsinga og reglur um markaðssvik. Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði) ber að gefa út leiðbeiningar varðandi þessi skilyrði til að tryggja samræmda nálgun lögbærra yfirvalda.

19) Aðildarríki birta kappnóg af upplýsingum um fjárhagsstöðu sína sem eru yfirleitt aðgengilegar á opinberum vettvangi. Þegar aðildarríki ábyrgist útboð

verðbréfa skal útgefandi ekki vera skuldbundinn til að veita upplýsingar í lýsingunni um það aðildarríki sem hefur hlutverk ábyrgðaraðila.

20) Til að bæta réttarvissu skal gildistími lýsingar hefjast við samþykki hennar, en þá tímasetningu er auðvelt fyrir lögbært yfirvald að sannreyna. Ennfremur skulu útgefendur geta uppfært útgefandalýsinguna í samræmi við aðferðina fyrir viðauka við lýsingar, til að auka sveigjanleika.

21) Í kjölfar þess að tilskipun 2004/109/EB öðlaðist gildi, hefur skuldbindingin í tilskipun 2003/71/EB um að útgefandi leggi árlega fram skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem birtar hafa verið síðustu 12 mánuði fyrir birtingu lýsingarinnar orðið að tvöfaldri skuldbindingu og skal því afnumin. Því skal útgefandalýsing uppfærð með viðauka eða verðbréfalýsingu í stað þess að vera uppfærð í samræmi við 10. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

22) Netið tryggir auðveldan aðgang að upplýsingum. Til að tryggja betra aðgengi fyrir fjárfesta skal lýsingin ávallt birt á rafrænu formi á viðeigandi vefsetri. Þegar aðili, annar en útgefandi, ber ábyrgð á því að lýsingin sé samin, skal vera fullnægjandi fyrir þann aðila að birta lýsinguna á vefsetri sínu.

23) Til að bæta réttarvissu ber að skýra hvenær kröfunni um að birta viðauka við lýsinguna og uppsagnarrétti ljúki. Á þessi ákvæði ber að líta sitt í hvoru lagi. Skuldbindingin um viðauka við lýsingu skal felld úr gildi við endanleg lok útboðstímabils eða þegar viðskipti með slík verðbréf á skipulegum markaði hefjast, hvort sem gerist síðar. Hins vegar á rétturinn til afturköllunar samþykkis einungis við þegar lýsingin tengist útboði verðbréfa á almennum markaði, hafi nýi þátturinn, mistökin eða ónákvæmnin átt sér stað áður en útboðinu var endanlega lokið og áður en verðbréfin voru afhent. Því er uppsagnarrétturinn tengdur tímasetningu nýja þáttarins, mistakanna eða ónákvæmninnar, sem er ástæða viðaukans, og gerir ráð fyrir að sá atburður hafi átt sér stað á meðan útboðið var opið og áður en verðbréfin voru afhent.

24) Þegar bætt er við lýsinguna myndi samræming á þeim tímamörkum sem fjárfestar hafa til uppsagnarréttar fyrri staðfestinga, á vettvangi Sambandsins, veita útgefendum sem bjóða út verðbréf yfir landamæri ákveðna vissu. Til að veita útgefendum frá aðildarríkjum, þar sem hefð er fyrir lengri tímamörkum í þessu tilliti, sveigjanleika verða útgefandinn eða tilboðsgjafinn að eiga möguleika á að rýmka skilmálana vegna nýtingar þessara réttinda að eigin frumkvæði. Til að bæta réttarvissu ber að tilgreina lok uppsagnarréttar í viðaukanum við lýsinguna.

25) Yfirvaldinu sem er ábyrgt fyrir samþykki útboðslýsingarinnar ber einnig að tilkynna útgefanda, eða aðilanum sem ber ábyrgð á samningu lýsingarinnar, um samþykkisvottorð lýsingarinnar sem er sent til yfirvalda gistiaðildarríkja í samræmi við tilskipun 2003/71/EB til að veita útgefandanum eða aðilanum sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar vissu um hvort og hvenær tilkynning hefur raunverulega tekið gildi.

26) Ráðstafanirnar sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar þessarar tilskipunar skulu samþykktar með framkvæmdargerðum í samræmi við 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Það er einkum mikilvægt að Evrópuþingið fái drög að ráðstöfunum og drög að framkvæmdargerðum ásamt öllum öðrum viðeigandi upplýsingum áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um jafngildi lýsinga sem samdar eru í tilteknu þriðja landi.

27) Til að virða meginreglurnar sem settar eru fram í 41. forsendu tilskipunar 2003/71/EB og til að hafa hliðsjón af tækniþróuninni á fjármálamörkuðum og tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/71/EB, skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Framseldar gerðir geta einkum verið nauðsynlegar til að uppfæra viðmiðunarmörkin og skilgreiningarnar fyrir lækkað markaðsverðmæti og lítil og meðalstór fyrirtæki sem staðfestar voru í þessari tilskipun og í tilskipun 2003/71/EB og til að tilgreina nákvæmt innihald og tiltekið snið samantektarinnar í samræmi við niðurstöðu umræðunnar sem hófst með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um pakkaðar fjárfestingarvörur til smásölu frá 30. apríl 2009, sem samræmir innihald og snið samantektar um verðbréf þeirri niðurstöðu eins og frekast er unnt, til að koma í veg fyrir tvítekningu skjala og hugsanlega ringulreið hjá fjárfestum, sem og til að lágmarka kostnaðinn.

28) Evrópuþingið og ráðið hafa þrjá mánuði frá tilkynningardegi til að andmæla framseldri gerð. Það skal vera mögulegt að framlengja þetta tímabil um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins að því er varðar mikilvæg atriði. Þar að auki skal vera mögulegt fyrir Evrópuþingið og ráðið að upplýsa aðrar stofnanir um fyrirætlanir sínar um að hreyfa ekki andmælum. Skjót samþykkt á framseldum gerðum á sérstaklega við þegar um frest er að ræða, t.d. ef tímaáætlun varðandi samþykki framkvæmdastjórnarinnar á framseldum gerðum er í grundvallargerðinni.

29) Í yfirlýsingu 39 um 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem fylgir með í viðauka við lokagerð ríkjaráðstefnunnar sem samþykkti Lissabon-sáttmálann og var undirrituð 13. desember 2007, hafði ráðstefnan hliðsjón af þeirri fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar að halda áfram að hafa samráð við sérfræðinga sem tilnefndir eru af aðildarríkjunum við undirbúning að drögum að framseldum gerðum á sviði fjármálaþjónustu, í samræmi við viðteknar venjur.

30) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, nánar tiltekið að draga úr stjórnsýsluálagi að því er varðar birtingu lýsingar ef um er að ræða útboð verðbréfa til almennings og töku til viðskipta á skipulegan markað innan Sambandsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

31) Því ber að breyta tilskipunum 2003/71/EB og 2004/109/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/71/EB

Tilskipun 2003/71/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breyting er gerð á 1. gr.:

a) Í 2. mgr.:

i. eftirfarandi komi í stað h-liðar:

„h) verðbréf sem eru hluti af útboði í Sambandinu að heildarfjárhæð undir 5 000 000 evrum og miðast útreikningurinn við 12 mánaða tímabil,“,

ii. Í stað j-liðar komi eftirfarandi:

„j) verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd, sem lánastofnanir gefa út samfellt eða með endurteknum hætti, þar sem heildarfjárhæð útboðsins í Sambandinu er undir 75 000 000 evrum og miðast útreikningurinn við 12 mánaða tímabil, að því tilskildu að þessi verðbréf:

i. séu ekki víkjandi, breytanleg eða skiptanleg,

ii. veiti ekki rétt til að skrá sig fyrir eða kaupa aðrar tegundir verðbréfa og að þau séu ekki tengd afleiðugerningi.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum, þ.m.t. verðbólgu, ber framkvæmdastjórninni að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og háð skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ráðstafanir varðandi breytingu þeirra marka sem um getur í h- og j-liðum 2. mgr. þessarar greinar.“,

2. Eftirfarandi breyting er gerð á 2. gr.:

a) í 1. mgr.:

i. í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) „hæfir fjárfestar“: einstaklingar eða aðilar sem skýrt er frá í 1.–4. lið I. þáttar II. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga (*), og einstaklingar eða aðilar sem eru samkvæmt beiðni meðhöndlaðir sem fagviðskiptavinir í samræmi við II. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, eða teljast viðurkenndir gagnaðilar í samræmi við 24. gr. tilskipunar 2004/39/EB, nema þeir hafi farið fram á að vera ekki meðhöndlaðir sem fagviðskiptavinir. Fjárfestingarfyrirtækjum og lánastofnunum ber að tilkynna flokkun þeirra, samkvæmt beiðni, til útgefandans með fyrirvara um viðeigandi löggjöf um gagnavernd. Fjárfestingarfyrirtækjum sem heimilt er að halda áfram að líta á þá fagviðskiptavini, sem fyrir eru, sem slíka, í samræmi við 6. mgr. 71. gr. tilskipunar 2004/39/EB, skal vera heimilt að fara með þá viðskiptavini sem hæfa fjárfesta samkvæmt þessari tilskipun,“

(*) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

ii. eftirfarandi liðir bætist við:

„s) „lykilupplýsingar“: mikilvægar upplýsingar, uppbyggðar á viðeigandi hátt, sem veita ber fjárfestum með það fyrir augum að gera þeim kleift að skilja eðli og áhættu útgefanda, ábyrgðaraðila og verðbréfanna sem þeim eru boðin eða eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði og, með fyrirvara um b-lið, 2. mgr. 5. gr., að ákvarða hvaða boðin verðbréf eigi að taka til frekari athugunar. Í ljósi hlutaðeigandi útboðs og verðbréfa, skulu lykilupplýsingarnar fela í sér eftirfarandi þætti:

i. stutta lýsingu á mikilvægum einkennum útgefandans og sérhvers ábyrgðaraðila — þar á meðal eignum, skuldum og fjárhagsstöðu — ásamt áhættu sem tengist þeim,

ii. stutta lýsingu á mikilvægum einkennum fjárfestingar í viðkomandi verðbréfum — þar á meðal réttindum sem fylgja bréfunum — ásamt áhættu sem tengist þeim,

iii. almenna skilmála útboðsins, þ.m.t. áætlaðan kostnað sem útgefandi eða tilboðsgjafi krefur fjárfestinn um,

iv. upplýsingar um töku til viðskipta,

v. ástæður fyrir útboðinu og notkun ágóðans,

t) „félag með lækkað markaðsverðmæti“: félag sem skráð er á skipulegum markaði sem hafði meðalmarkaðsverðmæti undir 100 000 000 evrum á grundvelli uppgefins markaðsverðs í lok árs næstliðin þrjú almanaksár.“,

b) 2. og 3. mgr. falli brott,

c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein, ber framkvæmdastjórninni að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og með fyrirvara um skilyrði 24. gr. b og 24. gr. c, skilgreiningarnar sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. leiðréttingar talna sem notaðar eru fyrir skilgreiningu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og viðmiðunarmörk fyrir lækkað markaðsverðmæti, með tilliti til aðstæðna á mismunandi landsbundnum mörkuðum, þ.m.t. flokkun sem rekstraraðilar skipulegra markaða nota, löggjöf Sambandsins og tilmæli ásamt efnahagsþróun.“,

3. Eftirfarandi breyting er gerð á 3. gr.:

a) í 2. mgr.:

i. Í stað fyrsta undirliðar komi eftirfarandi:

„2. Ekki er skylt að birta lýsingu þegar um er að ræða eftirfarandi tegundir útboða:

a) útboð verðbréfa, sem beint er eingöngu til fagfjárfesta, og/eða

b) útboð verðbréfa sem beint er til færri en 150 einstaklinga eða lögaðila í hverju aðildarríki, annarra en hæfra fjárfesta, og/eða

c) útboð verðbréfa sem beint er til fjárfesta þar sem hver fjárfestir kaupir verðbréf fyrir a.m.k. 100 000 evrur í hverju útboði fyrir sig, og/eða

d) útboð verðbréfa þar sem nafnverð hverrar einingar nemur a.m.k. 100 000 evrum, og/eða

e) útboð verðbréfa að heildarfjárhæð undir 100 000 evrum í Sambandinu og miðast útreikningurinn við 12 mánaða tímabil.

ii. eftirfarandi undirlið er bætt við:

„Aðildarríki ber ekki að krefjast annarrar lýsingar í neinni síðari endursölu verðbréfa eða í endanlegu útboði verðbréfa í gegnum fjármálamilliliði svo framarlega sem gild lýsing liggur fyrir í samræmi við 9. gr. og útgefandinn eða aðili sem ber ábyrgð á að semja slíka lýsingu samþykkir notkun hennar með skriflegu samkomulagi.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum, þ.m.t. verðbólgu, ber framkvæmdastjórninni að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og háð skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ráðstafanir varðandi viðmiðunarmörkin í c- til e-liðum 2. mgr. þessarar greinar.“,

4. Eftirfarandi breyting er gerð á 4. gr.:

a) í 1. mgr.:

i. Í stað c- til e-liðar komi eftirfarandi:

„c) verðbréfa sem boðin eru, er úthlutað eða verður úthlutað í tengslum við samruna eða skiptingu, að því gefnu að fyrir liggi skjal með upplýsingum sem lögbært yfirvald telur vera jafngildar þeim sem eru í lýsingunni, að teknu tilliti til krafna í löggjöf Sambandsins,

d) útgreidds arðs, til hluthafa sem fyrir eru, í formi hluta sem eru í sama flokki og hlutirnir sem arðurinn er greiddur af, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda hlutanna og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu og ítarlegum upplýsingum um það,

e) verðbréfa sem eru boðin út, úthlutað eða sem til stendur að úthluta til núverandi eða fyrrverandi stjórnenda eða starfsmanna af hálfu vinnuveitanda eða fyrirtækis í eignartengslum, að því tilskildu að fyrirtækið hafi aðalskrifstofu sína eða skráða skrifstofu í Sambandinu og að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda verðbréfanna og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu og ítarlegum upplýsingum um það.“,

ii. eftirfarandi undirliðir bætist við:

„e-liður skal einnig gilda um fyrirtæki sem hefur staðfestu utan Sambandsins, hafi verðbréf þess verið tekin til viðskipta annaðhvort á skipulegum markaði eða á markaði þriðja lands. Í síðara tilvikinu skal undanþágan gilda að því tilskildu að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi, þ.m.t. skjalið sem um getur í e-lið, a.m.k. á venjubundnu tungumáli alþjóðafjármálageirans og að því gefnu að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt jafngilda ákvörðun að því er varðar hlutaðeigandi markað þriðja lands.

Að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis ber framkvæmdastjórninni að samþykkja ákvarðanir um jafngildi í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr., þar sem tilgreint er hvort laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggi að skipulegur markaður sem heimilaður er í því þriðja landi fari eftir lagalega bindandi kröfum sem eru, vegna beitingar undanþágu skv. e-lið, jafngildar þeim kröfum sem leiða af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([8]), af III. bálki tilskipunar 2004/39/EB og af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem skráð eru á skipulegan markað ([9]), og eru háðar skilvirku eftirliti og framfylgd í því þriðja landi. Þessu lögbæra yfirvaldi ber að tilgreina ástæður þess að það álítur að telja skuli laga- og eftirlitsramma hlutaðeigandi þriðja lands jafngildan og ber að veita viðeigandi upplýsingar þar að lútandi.

Slíkur laga- og eftirlitsrammi í þriðja landi getur talist jafngildur ef sá rammi uppfyllir að lágmarki eftirfarandi skilyrði:

i. markaðirnir eru háðir leyfi ásamt virku eftirliti og framfylgd á áframhaldandi grundvelli,

ii. markaðirnir búa yfir skýrum og gagnsæjum reglum varðandi töku verðbréfa til viðskipta svo að viðskipti með slík verðbréf geti átt sér stað á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt, og séu án takmarkana,

iii. útgefendur verðbréfa lúta reglubundnum og samfelldum upplýsingakröfum sem tryggja víðtæka vernd fjárfesta og

iv. gagnsæi á markaði og heilleiki eru tryggð með því að koma í veg fyrir markaðssvik í formi innherjasvika og markaðsmisnotkunar.

Til að taka tillit til þróunar fjármálamarkaða, að því er varðar e-lið, ber framkvæmdastjórninni að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og háð skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ráðstafanir til að tilgreina ofangreindu skilyrðin eða til að bæta fleirum við til notkunar við mat á jafngildi.“

([8]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.
([9]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

b) í stað d-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„d) verðbréf sem boðin eru, er úthlutað eða verður úthlutað í tengslum við samruna eða skiptingu, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum sem lögbært yfirvald telur vera jafngildar þeim sem eru í lýsingunni, að teknu tilliti til krafna í löggjöf Sambandsins,“,

5. Eftirfarandi breyting er gerð á 5. gr.:

a) í 2. mgr.:

i. í stað inngangshlutans í fyrsta undirlið komi eftirfarandi:

„2. Lýsingin skal hafa að geyma upplýsingar um útgefandann og verðbréfin sem fyrirhugað er að bjóða út á almennum markaði eða taka til viðskipta á skipulegum markaði. Hún skal einnig fela í sér gagnorða samantekt á auðskiljanlegu máli sem veitir lykilupplýsingar á sama tungumáli og lýsingin var upphaflega samin á. Snið og innihald samantektar lýsingarinnar skal, í tengslum við lýsinguna, kveða á um viðeigandi upplýsingar um grunnþætti hlutaðeigandi verðbréfa til að aðstoða fjárfesta þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.

Samantektina skal setja saman á almennu sniði, til að auðvelda samanburðarhæfi samantekta um sambærileg verðbréf, og innihald hennar skal veita lykilupplýsingar um viðkomandi verðbréf til að aðstoða fjárfesta þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum. Í samantektinni skal einnig vera viðvörun um:“,

ii. í stað annars undirliðar komi eftirfarandi:

„Ef lýsingin varðar töku verðbréfa, sem ekki eru hlutabréfatengd, til viðskipta á skipulegum markaði, sem nema a.m.k. 100 000 evrum að nafnverði, skal þess ekki krafist að lögð sé fram samantekt nema aðildarríki fari fram á það í samræmi við 4. mgr. 19. gr.“,

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Útgefandanum, tilboðsgjafanum eða þeim, sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði, er heimilt að semja lýsinguna sem eitt skjal eða fleiri aðskilin skjöl. Í lýsingu, sem samanstendur af fleiri en einu skjali, skal umbeðnum upplýsingum skipt upp í útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt. Útgefandalýsing skal innihalda upplýsingar sem varða útgefandann. Verðbréfalýsingin skal hafa að geyma upplýsingar um verðbréfin, sem eru boðin í almennu útboði, eða verða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.“,

c) Eftirfarandi komi í stað þriðja undirliðar 4. mgr.:

„Sé endanlega skilmála útboðsins hvorki að finna í grunnlýsingunni né viðauka skulu þeir látnir fjárfestum í té og lagðir inn hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis og útgefandi tilkynnir lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins(-ríkjanna) um þá í hvert sinn sem fram fer almennt útboð, eins fljótt og unnt er og áður en útboðið hefst eða bréfin eru tekin til viðskipta, ef mögulegt er. Endanlegir skilmálar skulu einungis innihalda upplýsingar sem tengjast verðbréfalýsingunni og ekki skal nota þær til að auka við grunnlýsinguna. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 8. gr. skulu gilda í þeim tilvikum.“,

d) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein, skal framkvæmdastjórnin samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og háð skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ráðstafanir í tengslum við eftirfarandi:

a) snið lýsingarinnar eða grunnlýsingarinnar, samantekt, lokaskilmála og viðauka og

b) sundurliðað inntak og sérstakt snið lykilupplýsinganna sem taka þarf með í samantektina.

Þessar framseldu gerðir ber að samþykkja fyrir 1. júlí 2012.“,

6. Í stað annarrar undirgreinar í 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu þó tryggja að engin einkaréttarábyrgð falli á neinn aðila eingöngu á grundvelli samantektarinnar, þ.m.t. þýðing hennar, nema hún sé villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða að hún veiti ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum. Samantektin skal innihalda skýra viðvörun þess efnis.“,

7. Eftirfarandi breyting er gerð á 7. gr.:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, í samræmi við 24. gr. a og háð skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ítarlegar framseldar gerðir varðandi þær sérstöku upplýsingar sem lýsing verður að innihalda og til að koma í veg fyrir tvítekningu upplýsinga þegar lýsing samanstendur af fleiri en einu skjali.“,

b) í 2. mgr.:

i. í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) ólíkra tegunda og eiginleika útboða og töku verðbréfa, sem ekki eru hlutabréfatengd, á skipulegan markað. Upplýsingar, sem þurfa að koma fram í lýsingu, skulu vera viðeigandi frá sjónarhóli viðkomandi fjárfesta að því er varðar verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd, þar sem nafnverð hverrar einingar nemur a.m.k. 100 000 evrum,

ii. í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) mismunandi starfsemi og umfangs útgefandans, einkum lánastofnana sem gefa út verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og um getur í j-lið 2. mgr. 1. gr., fyrirtækja með lækkað markaðsverðmæti og lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þegar um er að ræða slík fyrirtæki skulu upplýsingarnar lagaðar að umfangi þeirra og, þar sem við á, stuttum ferli þeirra,“,

iii. eftirfarandi liður bætist við:

„g) hóflegt kerfi fyrir upplýsingagjöf gildir um útboð hluta fyrirtækja, þar sem hlutir af sama flokki eru teknir til viðskipta á skipulegum markaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga eins og skilgreint er í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, sem falla undir viðeigandi kröfur um áframhaldandi birtingu upplýsinga og reglur um markaðssvik, að því tilskildu að útgefandinn hafi ekki látið hjá líða að beita lögboðnum forkaupsrétti.“,

c) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Framseldu gerðirnar sem um getur í 1. mgr. skulu byggjast á stöðlum á sviði fjárhagslegra upplýsinga og annarra upplýsinga sem settar hafa verið af alþjóðlegum verðbréfaeftirlitsstofnunum, einkum Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO), og á leiðbeinandi viðaukum við þessa tilskipun.“,

8. Eftirfarandi breyting er gerð á 8. gr.:

a) í inngangshluta 2. mgr. og í 3. mgr. kemur heitið „framseldar gerðir“ í stað „framkvæmdarráðstafanir“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Þegar aðildarríki ábyrgist verðbréf hefur útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði rétt á að sleppa upplýsingum um slíkan ábyrgðaraðila, við gerð lýsingar í samræmi við 3. mgr. 1. gr.,“,

c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein, ber framkvæmdastjórninni að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og háð skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ráðstafanir varðandi 2. mgr.“,

9. Eftirfarandi breyting er gerð á 9. gr.:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Lýsing skal gilda í 12 mánuði frá samþykki að því er varðar almennt útboð eða töku til viðskipta á skipulegum markaði, að því tilskildu að við lýsinguna sé bætt öllum þeim viðaukum sem krafist er skv. 16. gr.“,

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Útgefandalýsing, eins og um getur í 3. mgr. 5. gr., áður skráð og samþykkt, skal gilda í allt að 12 mánuði. Útgefandalýsingin, uppfærð í samræmi við 2. mgr. 12. gr. eða 16. gr., ásamt verðbréfalýsingu og samantektinni, skal talin mynda gilda lýsingu.“,

10. Ákvæði 10. gr. falli brott,

11. Eftirfarandi breyting er gerð á 11. gr.:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu heimila að upplýsingar séu felldar inn í lýsingu með tilvísun til eins eða fleiri áður útgefinna skjala eða skjala sem gefin eru út samtímis, sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins hefur samþykkt eða lögð hafa verið inn hjá þeim í samræmi við þessa tilskipun eða tilskipun 2004/109/EB. Slíkar upplýsingar skulu vera nýjustu upplýsingar sem útgefandi hefur aðgang að. Ekki skal fella upplýsingar inn í samantektina með tilvísun.“,

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein, ber framkvæmdastjórninni að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og háð skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ráðstafanir varðandi upplýsingarnar sem fella á inn með tilvísun.“,

12. Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 12. gr.:

„2. Í slíku tilviki skulu upplýsingar, sem að öllu jöfnu væru gefnar í útgefandalýsingu, koma fram í verðbréfalýsingunni ef verulegar breytingar eða nýleg þróun hefur átt sér stað sem kynni að hafa áhrif á mat fjárfesta frá því síðasta uppfærsla útgefandalýsingar fór fram, nema slíkar upplýsingar séu veittar í viðauka í samræmi við 16. gr. Verðbréfalýsingin og samantektin skulu samþykktar hvor í sínu lagi.“,

13. Eftirfarandi komi í stað 7. mgr. 13. gr.:

„7. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein, ber framkvæmdastjórninni að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og háð skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ráðstafanir varðandi skilyrðin fyrir breytingu frestsins.“,

14. Eftirfarandi breyting er gerð á 14. gr.:

a) í 2. mgr.:

i. Í stað c-liðar fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„c) á rafrænu formi á vefsetri útgefandans eða, ef við á, á vefsetri fjármálamilliliða sem annast markaðssetningu eða sölu verðbréfanna, þ.m.t. þær stofnanir sem annast greiðslur, eða“,

ii. í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Aðildarríki skulu krefja útgefendur eða aðila sem bera ábyrgð á gerð lýsingar og birta lýsinguna í samræmi við a- eða b-lið, um að birta lýsinguna einnig á rafrænan hátt í samræmi við c-lið.“,

b) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein, ber framkvæmdastjórninni að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og háð skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ráðstafanir varðandi 1.-4. mgr. þessarar greinar.“,

15. Eftirfarandi komi í stað 7. mgr. 15. gr.:

„7. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein, ber framkvæmdastjórninni að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og samkvæmt skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ráðstafanir varðandi dreifingu auglýsinga, þar sem tilkynnt er um að fyrirhugað sé að bjóða verðbréf út til almennings eða taka þau til viðskipta á skipulegum markaði, einkum áður en lýsing hefur verið gerð aðgengileg almenningi eða áður en áskriftartímabil hefst og að því er varðar 4. mgr. þessarar greinar.“,

16. Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

Viðauki við lýsingu

1. Í viðauka við lýsingu skal geta um sérhvert nýtt atriði sem máli skiptir, mikilvæg mistök eða ónákvæmni í upplýsingum lýsingar, sem getur haft áhrif á mat á verðbréfunum og á sér stað eða kemur í ljós frá samþykkt lýsingar þar til almennu útboði er lokið eða, eftir því sem við á, þar til viðskipti hefjast með verðbréf á skipulegum markaði, hvort sem gerist síðar. Slíkur viðauki skal samþykktur á sama hátt innan sjö virkra daga og birtur í samræmi við a.m.k. sama fyrirkomulag og gilti þegar upprunalega lýsingin var birt. Einnig skal bæta við samantektina og þýðingar hennar, ef nauðsyn krefur, til að taka tillit til nýju upplýsinganna í viðaukanum.

2. Þegar lýsingin tengist útboði verðbréfa til almennings skulu fjárfestar, sem hafa þegar samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfunum áður en viðaukinn er birtur, hafa rétt til að afturkalla samþykki sitt innan tveggja virkra daga frá birtingu viðaukans, að því tilskildu að nýi þátturinn, mistökin eða ónákvæmnin sem um getur í 1. mgr. hafi átt sér stað fyrir lok almenna útboðsins og afhendingu verðbréfanna. Það tímabil geta útgefandinn eða tilboðsgjafinn framlengt. Tilgreina ber lokadagsetningu réttarins til afturköllunar samþykkis í viðaukanum.“,

17. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 18. gr.:

„1. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal, að beiðni útgefanda eða aðilans, sem er ábyrgur fyrir samningu lýsingarinnar, og innan þriggja virkra daga frá því að slík beiðni er lögð fram eða, ef beiðnin er lögð fram ásamt drögum að lýsingu, innan eins virks dags frá því að lýsingin var samþykkt, gera lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins viðvart um vottorð um samþykki, sem staðfestir að lýsingin sé samin í samræmi við þessa tilskipun, ásamt afriti af viðkomandi lýsingu. Þessari tilkynningu skal fylgja, ef við á, þýðing á samantektinni, sem er gerð á ábyrgð útgefanda eða aðila sem er ábyrgur fyrir samningu lýsingarinnar. Sömu verklagsreglu skal fylgt vegna allra viðauka við lýsinguna. Einnig þarf að tilkynna útgefandanum eða þeim aðila sem ber ábyrgð á samningu lýsingarinnar um vottorðið um samþykki á sama tíma og lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins.“,

18. Eftirfarandi komi í stað 4. mgr. 19. gr.:

„4. Þegar sótt er um töku verðbréfa, sem ekki eru hlutabréfatengd, til viðskipta á skipulegum markaði í einu eða fleiri aðildarríkjum og upphæð hverrar einingar bréfanna nemur a.m.k. 100 000 evrum skal lýsingin samin annaðhvort á tungumáli sem lögbær yfirvöld heima- og gistiaðildarríkja samþykkja eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, samkvæmt vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem sækir um skráningu, eftir því sem við á. Aðildarríkin geta kosið að setja í landslög að samantekt skuli samin á einu eða fleiri opinberum tungumálum þeirra.“,

19. Eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. 20. gr.:

„3. Framkvæmdastjórninni ber að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 24. gr. a og háð skilyrðum 24. gr. b og 24. gr. c, ráðstafanir til að koma á fót almennum jafngildisskilyrðum, byggðum á kröfunum sem mælt var fyrir um í 5. gr. og 7. gr.“,

20. Í d-lið 4. mgr. 21. gr. kemur „framseldra gerða hennar sem um getur þar“ í stað „framkvæmdarráðstafana hennar“,

21. eftirfarandi greinar bætast við:

„24. gr. a

Beiting framsals

1. Valdið til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 4. mgr. 1. gr., 4. mgr. 2. gr., 4. mgr. 3. gr., fimmtu undirgrein 1. mgr. 4. gr., 5. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 4. mgr. 8. gr., 3. mgr. 11. gr., 7. mgr. 13. gr., 8. mgr. 14. gr., 7. mgr. 15. gr. og í fyrstu undirgrein 3. mgr. 20. gr. skal falið framkvæmdastjórninni í fjögur ár frá 31. desember 2010. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fjögurra ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 24. gr. b.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 24. gr. b og 24. gr. c.

24. gr. b

Afturköllun framsals

1. Framsal valds sem um getur í 4. mgr. 1. gr., 4. mgr. 2. gr., 4. mgr. 3. gr., fimmtu undirgrein 1. mgr. 4. gr., 5. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 4. mgr. 8. gr., 3. mgr. 11. gr., 7. mgr. 13. gr., 8. mgr. 14. gr., 7. mgr. 15. gr. eða í fyrstu undirgrein 3. mgr. 20. gr. getur Evrópuþingið eða ráðið afturkallað hvenær sem er.

2. Sú stofnun sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða vald, sem hefur verið framselt, kynni að vera afturkallað.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

24. gr. c

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið geta andmælt framseldri gerð innan þriggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Hafi hvorki Evrópuþingið né ráðið andmælt framseldri gerð þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., rennur út skal hún birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Andmæli annaðhvort Evrópuþingið eða ráðið framseldri gerð innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. öðlast hún ekki gildi. Í samræmi við 296. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni gefa upp ástæðurnar fyrir því.“.

22. Í C-lið I. þáttar og III. og IV. þætti I. viðauka, II. þætti II. viðauka, II. og III. þætti III. viðauka og í þriðja lið IV. viðauka kemur heitið „helstu upplýsingar“ í stað „lykilupplýsingar“.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2004/109/EB

Tilskipun 2004/109/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað i-liðar 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„i. að því er varðar útgefanda skuldabréfa, þar sem nafnverð hverrar einingar er lægra en 1 000 evrur, eða útgefanda hluta:

– það aðildarríki þar sem útgefandinn er með skráða skrifstofu, hafi hann réttarstöðu lögaðila í Sambandinu,

– það aðildarríki sem um getur í iii. lið m-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/71/EB, hafi útgefandinn réttarstöðu lögaðila í þriðja landi.

Skilgreiningin á heimaaðildarríki skal gilda um skuldabréf sem eru í öðrum gjaldmiðli en evru að því tilskildu að virði nafnverðs hverrar einingar við útgáfu sé lægra en 1 000 evrur, nema það jafngildi næstum 1 000 evrum,“,

2. Eftirfarandi breyting er gerð á 8. gr.:

a) Í stað b-liðar í 1. mgr. komi eftirfarandi:

„b) útgefanda sem gefur eingöngu út skuldabréf sem eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði og nafnverð hverrar einingar er a.m.k. 100 000 evrur, eða, ef skuldabréfin eru í öðrum gjaldmiðli en evru, nafnverð hverrar einingar á útgáfudegi jafngildir a.m.k. 100 000 evrum.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr., skulu 4. gr., 5. gr. og 6. gr. ekki gilda um útgefendur sem gefa eingöngu út skuldabréf, þar sem nafnverð einingar er a.m.k. 50 000 evrur eða, ef skuldabréfin eru í öðrum gjaldmiðli en evru, nafnverð hverrar einingar á útgáfudegi jafngildi a.m.k. 50 000 evrum, sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði í Sambandinu fyrir 31. desember 2010, svo framarlega sem slík skuldabréf eru útistandandi.“,

3. Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 18. gr.:

„3. Ef aðeins skal boða á fundinn handhafa skuldabréfa að nafnverði a.m.k. 100 000 evrur á hverja einingu, eða nafnverð hverrar einingar á útgáfudegi jafngildi a.m.k. 100 000 evrum ef skuldabréfin eru í öðrum gjaldmiðli en evru, má útgefandi velja að halda fundinn í hvaða aðildarríki sem er að því tilskildu að allur nauðsynlegur búnaður og upplýsingar, sem gerir slíkum handhöfum kleift að neyta réttar síns, sé til staðar í því aðildarríki.

Valkosturinn sem um getur í fyrstu undirgrein skal einnig gilda að því er varðar handhafa skuldabréfa að nafnverði a.m.k. 50 000 evrur á hverja einingu, eða nafnverð hverrar einingar á útgáfudegi jafngildir a.m.k. 50 000 evrum ef skuldabréfin eru tilgreind í öðrum gjaldmiðli en evru, sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði í Sambandinu fyrir 31. desember 2010, svo framarlega sem slík skuldabréf eru útistandandi, að því tilskildu að allur nauðsynlegur búnaður og upplýsingar, sem gera slíkum handhöfum kleift að neyta réttar síns, sé til staðar í því aðildarríki sem útgefandi velur.“,

4. Eftirfarandi komi í stað 6. mgr. 20. gr.:

„6. Ef nafnverð hverrar einingar verðbréfa, sem eru tekin til viðskipta á skipulegan markað í einu eða fleiri aðildarríkjum, er a.m.k. 100 000 evrur, eða jafngildir a.m.k. 100 000 evrum á útgáfudegi ef skuldabréfin eru tilgreind í öðrum gjaldmiðli en evru, skulu upplýsingar, sem reglur kveða á um, þrátt fyrir 1.–4. gr., birtar opinberlega annaðhvort á tungumáli sem lögbær yfirvöld heima- og gistiaðildarríkja samþykkja eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, samkvæmt vali útgefanda eða einstaklings sem hefur krafist töku til viðskipta án samþykkis útgefanda.

Frávikið sem um getur í fyrstu undirgrein skal einnig gilda um skuldabréf, að nafnverði a.m.k. 50 000 evrur á hverja einingu, eða nafnverð hverrar einingar á útgáfudegi jafngildir a.m.k. 50 000 evrum ef skuldabréfin eru tilgreind í öðrum gjaldmiðli en evru, sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði í einu eða fleiri aðildarríkjum fyrir 31. desember 2010, svo framarlega sem slík skuldabréf eru útistandandi.“.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Endurskoðun

Fyrir 1. janúar 2016 skal framkvæmdastjórnin meta beitingu tilskipunar 2003/71/EB eins og henni var breytt með þessari tilskipun, einkum að því er varðar beitingu og áhrif reglna, þ.m.t. ábyrgð, samantekt með lykilupplýsingum, áhrif undanþága sem kveðið er á um í e-lið 1. mgr. 4. gr. um vernd starfsmanna og hóflegt kerfi fyrir upplýsingagjöf sem um getur í e- og g-lið 2. mgr. 7. gr. og rafræna birtingu lýsinga í samræmi við 14. gr., og skal endurskoða ii. lið m-liðar 1. mgr. 2. gr. í tengslum við takmörkun á ákvörðun heimaaðildarríkisins vegna útgáfu á verðbréfum, sem ekki eru hlutabréfatengd, að nafnverði undir 1 000 evrum til að taka til athugunar hvort halda skuli ákvæðinu við eða afnema það. Framkvæmdastjórnin skal einnig meta þörfina á að endurskoða skilgreiningu hugtaksins „almennt útboð“ og þörfina á að skilgreina hugtökin „frummarkaður“ og „eftirmarkaður“, og skýra að fullu tengingarnar á milli tilskipunar 2003/71/EB og tilskipana 2003/6/EB og 2004/109/EB hvað það varðar. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið að loknu mati sínu, ásamt tillögum til breytinga á tilskipun 2003/71/EB eftir því sem við á.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 24. nóvember 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	O. CHASTEL

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB **2014/EES/54/101**

frá 1. júlí 2010

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulagsins milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS)([1]), einkum 3. mgr. 12. gr., 2. mgr. 14. gr., 6. mgr. 23. gr., 6. mgr. 33. gr. og 4. mgr. 51. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglur og hugtök varðandi skipulagskröfur, hagsmunaárekstra og viðskiptahætti skulu eins og frekast er unnt samræmdar stöðlunum sem innleiddir eru á sviði fjármálaþjónustu með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE ([2]) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fjárfestingarfyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun([3]). Slík samræming myndi, að teknu tilhlýðilegu tilliti til sérstöðu starfsemi á sviði sameiginlegrar stjórnunar eignasafns, gera það kleift að unnt sé að uppfylla jafngilda staðla, ekki aðeins innan mismunandi sviða fjármálaþjónustu heldur einnig á breiðari grundvelli innan eignastýringarstarfsemi, þar sem nokkur aðildarríki hafa þegar rýmkað tilteknar kröfur sem kveðið er á um í tilskipun 2006/73/EB þannig að þær gildi um rekstrarfélög verðbréfasjóða.

2) Það er viðeigandi að samþykkja þessar reglur í formi tilskipunar til að gera það kleift að laga framkvæmdarákvæðin að sérhæfi tiltekins markaðar og lagakerfis í hverju aðildarríki. Tilskipun mun einnig gera það kleift að ná fram hámarkssamræmi við fyrirkomulagið sem kveðið er á um í tilskipun 2006/73/EB.

3) Þótt meginreglurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skipti almennt máli fyrir öll rekstrarfélög eru þær nægilega sveigjanlegar til að tryggja að beiting þeirra, og eftirlit lögbærra yfirvalda með slíkri beitingu, sé í réttu hlutfalli við og taki tillit til eðlis, umfangs og þess hve flókin starfsemi rekstrarfélags er, og fjölbreytni fyrirtækja sem falla undir gildissvið tilskipunar 2009/65/EB og fjölbreyttra tegunda mismunandi verðbréfasjóða sem rekstrarfélag getur rekið.

4) Að því marki sem landslög heimila skulu rekstrarfélög geta gert ráðstafanir til að fela þriðju aðilum að annast hluta af starfsemi þeirra. Framkvæmdarreglurnar ber að skilja í samræmi við þetta. Rekstrarfélagið skal einkum framkvæma áreiðanleikakönnun til að ákvarða, með hliðsjón af þeirri tegund verkefna sem þriðju aðilar munu annast, hvort fyrirtækið sem annast viðkomandi starfsemi geti talist hæft til og fært um að annast viðkomandi verkefni. Þriðji aðili skal því uppfylla allar skipulagskröfur og kröfur varðandi hagsmunaárekstra í tengslum við þá starfsemi sem hann mun annast. Það felur einnig í sér að rekstrarfélagið skal sannreyna að þriðji aðili hafi gert viðeigandi ráðstafanir til að fara að fyrrnefndum kröfum og hafa skilvirkt eftirlit með því að þriðji aðili fari að þessum kröfum. Ef aðili sem úthlutað er starfsemi ber ábyrgð á að beita reglunum sem gilda um hina úthlutuðu starfsemi, gilda samsvarandi skipulagskröfur og kröfur að því er varðar hagsmunaárekstra um eftirlit með hinni úthlutuðu starfsemi. Rekstrarfélagið skal við áreiðanleikakönnunina geta tekið tillit til þess að þriðji aðili, sem úthlutað er starfsemi, fellur oft undir tilskipun 2004/39/EB.

5) Til að koma í veg fyrir að mismunandi stöðlum sé beitt á rekstrarfélög og fjárfestingarfélög sem hafa ekki tilgreint rekstrarfélag, skal hið síðarnefnda falla undir sömu hátternisreglur og ákvæði um hagsmunaárekstra og áhættustýringu og gilda um rekstrarfélög. Þess vegna skulu reglurnar í þessari tilskipun um stjórnsýslumeðferð og innra eftirlitskerfi, í samræmi við góðar starfsvenjur, gilda bæði um rekstrarfélög og fjárfestingarfélög sem hafa ekki tilgreint rekstrarfélag, með tilliti til meginreglunnar um meðalhóf.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 23.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 26.

6) Í tilskipun 2009/65/EB er þess krafist að rekstrarfélög hafi traustar stjórnunaraðferðir. Til að uppfylla þá kröfu skulu rekstrarfélög koma á vel skjalfestu stjórnskipulagi sem tilgreinir með skýrum hætti ábyrgð og tryggir gott upplýsingaflæði milli allra hlutaðeigandi aðila. Rekstrarfélög skulu einnig koma á fót kerfum til að vernda upplýsingar og tryggja samfellu viðskipta, og sem duga til að gera þeim kleift að sinna skyldum sínum í tilvikum þar sem þriðji aðili annast starfsemi þeirra.

7) Rekstrarfélög skulu einnig ráða yfir nauðsynlegu fjármagni til að geta sinnt skyldum sínum, einkum til að ráða starfsfólk sem býr yfir viðeigandi færni, þekkingu og reynslu.

8) Að því er varðar öruggt verklag við gagnavinnslu, og þá skyldu að geta rakið öll viðskipti sem varða verðbréfasjóðinn, skal rekstrarfélagið vera með fyrirkomulag sem gerir því kleift að skrá á réttum tíma og á réttan hátt hver og ein viðskipti sem gerð eru fyrir hönd verðbréfasjóðsins.

9) Bókhald er eitt af helstu sviðunum innan stjórnsýslu verðbréfasjóðs. Þess vegna hefur það mikla þýðingu að allt bókhaldsfyrirkomulag sé tilgreint enn frekar í framkvæmdalöggjöfinni. Tilskipun þessi skal því styðja þá meginreglu að unnt sé að tilgreina beint allar eignir og skuldir verðbréfasjóðs eða fjárfestingadeilda hans og að reikningar skuli vera aðskildir. Ef um mismunandi flokka hlutabréfa er að ræða, t.d. með hliðsjón af stjórnendaþóknunum, skal auk þess vera mögulegt að draga ályktun beint af reikningsskilunum um verðmæti hreinnar eignar þessara mismunandi flokka.

10) Skýr skipting ábyrgðar yfirstjórnar og eftirlitseiningarinnar er mikilvæg fyrir framkvæmd viðeigandi innra eftirlitskerfis eins og krafist er í tilskipun 2009/65/EB. Þetta hefur í för með sér að yfirstjórnin ber ábyrgð á framkvæmd almennu fjárfestingarstefnunnar eins og um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2010 frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vefsetri([4]). Yfirstjórn ber einnig áfram ábyrgð á fjárfestingarstefnunum, sem eru almennar upplýsingar um skipulagða eignaskiptingu verðbréfasjóðsins og fjárfestingaraðferðir sem eru nauðsynlegar til að geta framkvæmt fjárfestingarstefnuna á fullnægjandi og árangursríkan hátt. Skýr skipting ábyrgðar skal einnig tryggja að viðeigandi eftirlit sé til staðar til að tryggja að fjárfestingar verðbréfasjóðsins séu í samræmi við sjóðsreglurnar eða stofnsamningana og gildandi lagaákvæði, og að ekki sé fjárfest umfram takmörk fyrir áhættu viðkomandi verðbréfasjóðs. Úthlutun ábyrgðar skal vera í samræmi við hlutverk og ábyrgð yfirstjórnarinnar og eftirlitseiningarinnar samkvæmt gildandi landslögum og reglum um stjórnarhætti fyrirtækja. Það er mögulegt að í yfirstjórninni sitji nokkrir eða allir meðlimir stjórnar.

11) Til að tryggja að rekstrarfélag hafi fullnægjandi eftirlitskerfi er nauðsynlegt að það hafi varanlega regluvörslu og innri endurskoðun. Regluvarslan skal skipulögð á þann hátt að tryggt sé að hún greini hvers konar hættu á að rekstrarfélagið sinni ekki skyldum sínum samkvæmt tilskipun 2009/65/EB. Endurskoðunardeildin skal hafa það að markmiði að sannreyna og meta mismunandi eftirlitsaðferðir og stjórnunarfyrirkomulag sem rekstrarfélagið hefur komið á.

12) Nauðsynlegt er að veita rekstrarfélögum vissan sveigjanleika við uppbyggingu á áhættustýringu þeirra. Ef ekki er viðeigandi eða hóflegt að hafa sérstaka áhættustýringarstarfsemi skal rekstrarfélagið samt geta sýnt fram á að sérstakar verndarráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum geri það kleift að framkvæma óháða áhættustýringu.

13) Samkvæmt tilskipun 2009/65/EB ber rekstrarfélögum skylda til að setja reglur um einkaviðskipti. Í samræmi við tilskipun 2006/73/EB skulu rekstrarfélög koma í veg fyrir að þeir starfsmenn þeirra sem hagsmunaárekstrar eiga við um eða búa yfir innherjaupplýsingum, í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik)([5]), eigi einkaviðskipti sem eru afleiðing misnotkunar á upplýsingum sem þeir hafa fengið í atvinnustarfsemi sinni.

14) Í tilskipun 2009/65/EB er þess krafist að rekstrarfélög tryggi að rekja megi uppruna allra viðskipta með eignasafn sem varða verðbréfasjóðinn, hverjir séu aðilar að viðskiptunum, eðli viðskiptanna, og hvenær og hvar þau áttu sér stað. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um kröfur um skráningu viðskipta með eignasöfn og um áskriftar- og innlausnarpantanir.

15) Í tilskipun 2009/65/EB er þess krafist að rekstrarfélög verðbréfasjóðs séu með viðeigandi fyrirkomulag sem tryggir sanngjarna meðferð verðbréfasjóðs ef um er að ræða hagsmunaárekstra sem ekki verður hjá komist. Þess vegna skulu rekstrarfélög í slíkum tilvikum tryggja að yfirstjórn eða annar til þess bær innri aðili rekstrarfélagsins séu tafarlaust upplýstir, svo þeir geti tekið nauðsynlega ákvörðun til að tryggja að verðbréfasjóðurinn og eigendur hlutdeildarskírteina fái sanngjarna meðferð.

([4]) Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

16) Þess skal krafist að rekstrarfélög samþykki, beiti og viðhaldi skilvirkri og viðeigandi áætlun um nýtingu atkvæðisréttar sem tilheyrir fjármálagerningum verðbréfasjóðsins sem þau stjórna, með það fyrir augum að tryggja að slíkur réttur sé nýttur í þágu verðbréfasjóðsins eingöngu. Upplýsingar um áætlunina og beitingu hennar skulu vera aðgengilegar fjárfestum, þ.m.t. á vefsetri. Eftir atvikum getur ákvörðun um að nýta ekki atkvæðisrétt við tilteknar aðstæður talist vera í þágu verðbréfasjóðsins eingöngu, með hliðsjón af fjárfestingaráætlun hans. Þó má ekki útiloka möguleika fjárfestingarfélags á að kjósa sjálft eða gefa rekstrarfélagi sínu tilteknar leiðbeiningar um kosningu.

17) Sú skylda að upplýsa yfirstjórn eða annan til þess bæran innri aðila rekstrarfélagsins, til að viðkomandi aðili geti tekið nauðsynlega ákvörðun, skal ekki takmarka skyldu rekstrarfélaganna og verðbréfasjóðsins til að upplýsa um aðstæður þar sem skipulag eða stjórnunarfyrirkomulag til þess ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra var ekki fullnægjandi til að koma í veg fyrir, svo fullnægjandi þyki, hættu á tjóni, t.d. í reglubundnum skýrslum þeirra. Slík skýrslugjöf skal útskýra og rökstyðja ákvörðun rekstrarfélagsins, einnig þegar ákvörðun er tekin um að bregðast ekki við, með tilliti til innri stefnu og verklags sem innleitt er til að greina, koma í veg fyrir og stjórna hagsmunaárekstrum.

18) Samkvæmt tilskipun 2009/65/EB ber rekstrarfélögum skylda til að þjóna hagsmunum verðbréfasjóðsins sem þau reka og heildstæði markaðarins. Tiltekið atferli, t.d. að notfæra sér tímamismun og stunda viðskipti eftir lokun kauphalla, getur haft skaðleg áhrif á eigendur hlutdeildarskírteina og grafið undan virkni markaðarins. Þess vegna skulu rekstrarfélög setja viðeigandi verklagsreglur til að koma í veg fyrir mistök. Auk þess skulu rekstrarfélög koma á viðeigandi verklagsreglum til að koma í veg fyrir ósanngjarna gjaldtöku og starfsemi, t.d. óhófleg viðskipti, með tilliti til fjárfestingarmarkmiða og stefnu verðbréfasjóðsins.

19) Rekstrarfélög skulu einnig þjóna hagsmunum verðbréfasjóðsins við framkvæmd pantana á viðskiptum fyrir hönd verðbréfasjóðsins sem þau stjórna eða með því að fela framkvæmdina þriðju aðilum. Við framkvæmd viðskipta fyrir hönd verðbréfasjóðsins skulu rekstrarfélög gera viðeigandi ráðstafanir til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir verðbréfasjóðinn á samræmdan hátt, með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líka á framkvæmd og uppgjöri, stærðar og eðli viðskipta eða annarra atriða sem skipta máli fyrir framkvæmd viðskiptanna.

20) Til að tryggja að rekstrarfélög annist viðskipti af kunnáttusemi, umhyggju og kostgæfni með hagsmuni verðbréfasjóðanna sem þau stjórna að leiðarljósi, eins og krafist er í tilskipun 2009/65/EB, er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur um afgreiðslu viðskipta.

21) Ekki skal leyfa tilteknar þóknanir, umboðslaun eða ópeningalegan ávinning sem rekstrarfélag gæti þurft að greiða eða fengið greitt, þar sem það gæti haft áhrif á það hvort farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/65/EB, þess efnis að rekstrarfélag annist viðskipti af kunnáttusemi, umhyggju og kostgæfni með hagsmuni verðbréfasjóðsins að leiðarljósi. Því er nauðsynlegt að setja fram skýrar reglur sem tilgreina hvenær greiðslur þóknana, umboðslauna og ópeningalegs ávinnings teljast ekki brot á þeim meginreglum.

22) Starfsemi rekstrarfélags sem nær yfir landamæri getur leitt af sér ný viðfangsefni varðandi samband rekstrarfélags og vörslufyrirtækis verðbréfasjóðs. Til að tryggja nauðsynlega réttarvissu skulu helstu þættir samningsins milli vörslufyrirtækis verðbréfasjóðsins og rekstrarfélagsins, ef rekstrarfélagið hefur staðfestu í aðildarríki öðru en heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins, tilgreindir í þessari tilskipun. Þar sem nauðsynlegt er að tryggja að þessi samningur þjóni tilgangi sínum þarf að kveða á um mismun milli réttarreglna sem víkur frá 3. og 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I)([6]) þannig að lögin sem gilda um þennan samning verði lög heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins.

23) Í samræmi við tilskipun 2009/65/EB skal tilgreina viðmiðun til að meta hvort áhættustýringarferlið, sem rekstrarfélag notar, sé fullnægjandi. Slík viðmiðun leggur áherslu á að komið sé á viðeigandi og skjalfestri áhættustýringarstefnu sem rekstrarfélög skulu beita. Þessi stefna skal gera rekstrarfélögum kleift að meta áhættu af stöðum í eignasafni sem þau stjórna og áhrif einstakra staðna á heildaráhættusnið eignasafnsins. Skipulag áhættustýringarstefnunnar skal vera fullnægjandi og í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hversu flókin starfsemi rekstrarfélags og verðbréfasjóðsins, sem það stjórnar, er.

24) Reglubundið mat, eftirlit og endurskoðun rekstrarfélaga á áhættustýringarstefnunni er einnig viðmiðun við mat á því hvort áhættustýringarferlið sé fullnægjandi. Þessi viðmiðun felur einnig í sér endurskoðun á skilvirkni ráðstafana sem ætlað er að taka á vanbúnaði við framkvæmd áhættustýringarferlisins.

([6]) Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6.

25) Rekstrarfélög skulu samþykkja, sem mikilvægan þátt í viðmiðuninni til að meta hvort áhættustýringarferlið sé fullnægjandi, hlutfallslegar og skilvirkar áhættumatsaðferðir til að meta áhættu sem verðbréfasjóðirnir sem þau stýra verða eða gætu hvenær sem er orðið fyrir. Þessar kröfur byggja á almennum venjum sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa samþykkt. Í þeim felast bæði megindlegar ráðstafanir, að því er varðar mælanlega áhættu, og eigindlegar aðferðir. Rafræn gagnavinnslukerfi og tæki sem notuð eru við útreikning á megindlegum ráðstöfunum skulu samþætt hvert öðru eða viðskipta- og bókhaldskerfunum. Áhættustýringaraðferðir skulu gera það kleift að meta áhættu á fullnægjandi hátt á tímum þegar aukið umrót er á mörkuðum og skal vera mögulegt að endurskoða þær með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Einnig skulu þær gera það mögulegt að meta á fullnægjandi hátt samsöfnun og samspil viðeigandi áhættuþátta á vettvangi eignasafnsins.

26) Markmiðið með virku áhættustýringarkerfi er að fjárfestingartakmarkanir, sem settar eru með tilskipun 2009/65/EB, svo sem takmörkun á heildaráhættu og mótaðilaáhættu, séu virtar. Af þeirri ástæðu skal mæla fyrir um viðmiðun um hvernig reikna skal út heildaráhættu og mótaðilaáhættu.

27) Þegar mælt er fyrir um slíka viðmiðun er nauðsynlegt að þessi tilskipun skýri hvernig reikna megi út heildaráhættu, þ.m.t. með notkun staðfestuaðferðarinnar, vágildisaðferðarinnar eða þróaðra áhættumatsaðferða. Einnig skal hún mæla fyrir um helstu þætti aðferðafræðinnar sem rekstrarfélag skal beita við útreikning á mótaðilaáhættu. Þegar þessum reglum er beitt skal taka tillit til skilyrðanna sem eru fyrir hendi þegar stuðst er við þessa aðferðafræði, þ.m.t. meginreglurnar sem beitt er á slíkar tryggingarráðstafanir til að draga úr mótaðilaáhættu verðbréfasjóðsins auk notkunar áhættuvarna og skuldajöfnunar, sem lögbær yfirvöld hafa þróað innan samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.

28) Samkvæmt tilskipun 2009/65/EB er rekstrarfélögum skylt að nota ferli sem tryggir nákvæmt og óháð mat á virði afleiða sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar. Í þessari tilskipun er því mælt fyrir um ítarlegar reglur um það ferli í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB frá 19. mars 2007 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum([7]). Rekstrarfélög skulu, samkvæmt góðri starfsvenju, beita þessum kröfum varðandi gerninga, sem valda verðmatsáhættu fyrir verðbréfasjóð, sem jafngildir áhættu vegna afleiða sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, t.d. áhættu í tengslum við illseljanleika afurða og/eða hversu flókið endurgreiðsluferlið er. Til samræmis við það skulu rekstrarfélög samþykkja fyrirkomulag og verklag, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 44. gr., um mat á miður seljanlegum eða flóknum, framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem krefjast þess að beitt sé verðmatsaðferðum sem byggja á líkönum.

29) Samkvæmt tilskipun 2009/65/EB ber rekstrarfélagi skylda til að veita viðkomandi lögbærum yfirvöldum upplýsingar um þær tegundir afleiðugerninga sem verðbréfasjóður hefur fjárfest í, undirliggjandi áhættu, gildandi magntakmarkanir og aðferðir sem valdar hafa verið til að meta áhættu í tengslum við slík viðskipti. Tilgreina skal inntak og ferli sem rekstrarfélagi ber að fara eftir þegar það innir þessa skyldu af hendi.

30) Leitað hefur verið til samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB ([8]) um tæknilega ráðgjöf.

31) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um framkvæmd tilskipunar 2009/65/EB:

1. þar sem tilgreint er verklag og fyrirkomulag sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 12. gr., og uppbygging og skipulagskröfur til að lágmarka þá hagsmunaárekstra sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 12. gr.,

2. sem koma á fót viðmiðunum fyrir heiðarlega og sanngjarna viðskiptahætti og að annast viðskipti sín af kunnáttusemi, umhyggju og kostgæfni með hagsmuni verðbréfasjóðsins að leiðarljósi, og viðmiðunum fyrir ákvörðun um tegundir hagsmunaárekstra, tilgreina þær meginreglur sem krafist er til að tryggja skilvirka notkun fjármuna, skilgreina þau skref sem sanngjarnt væri að ætla að rekstrarfélög tækju til að greina, fyrirbyggja, stýra eða upplýsa um hagsmunaárekstra sem um getur í 1. og 2. mgr. 14. gr.,

3. varðandi þau einstöku atriði sem þurfa að vera í hefðbundnu samkomulagi vörslufyrirtækis og rekstrarfélags í samræmi við 5. mgr. 23. gr. og 5. mgr. 33. gr. og

([7]) Stjtíð. ESB L 79, 20.3.2007, bls. 11.

([8]) Stjtíð. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 18.

4. varðandi áhættustýringarferlið sem um getur í 1. mgr. 51. gr., einkum viðmiðanir til að meta hvort áhættustýringarferlið sem rekstrarfélagið notar og áhættustýringarstefna og -ferli og fyrirkomulag, ferli og aðferðir við mat á áhættu, og stjórnun í tengslum við slíkar viðmiðanir, sé fullnægjandi.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um rekstrarfélög sem reka verðbréfasjóð (UCITS) eins og um getur í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

Ákvæði V. kafla þessarar tilskipunar gilda einnig um vörslufyrirtæki sem stunda starfsemi sína samkvæmt ákvæðum IV. kafla og 3. þáttar V. kafla tilskipunar 2009/65/EB.

2. Ákvæði þessa kafla, 12. gr. II. kafla og III., IV. og VI. kafla gilda að breyttu breytanda um fjárfestingarfélög sem hafa ekki tilgreint rekstrarfélag sem hefur leyfi samkvæmt tilskipun 2009/65/EB.

Í slíkum tilvikum ber að skilja „rekstrarfélag“ sem „fjárfestingarfélag“.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, auk þeirra merkinga sem settar eru fram í tilskipun 2009/65/EB:

1. „viðskiptavinur“: einstaklingur eða lögaðili, eða annað fyrirtæki, þ.m.t. verðbréfasjóður, sem rekstrarfélag veitir þjónustu á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns eða þjónustu skv. 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

2. „eigandi hlutdeildarskírteina“: einstaklingur eða lögaðili sem á eitt eða fleiri hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði,

3. „viðkomandi aðili“: eitthvað af eftirfarandi þegar um rekstrarfélag er að ræða:

   a) stjórnarmaður, meðeigandi eða jafngildur samsvarandi aðili, eða stjórnandi rekstrarfélagsins,

   b) starfsmaður rekstrarfélagsins, auk annarra einstaklinga sem gegna þannig starfi að þjónusta þeirra er í höndum og undir stjórn rekstrarfélagsins og sá hinn sami á þátt í að veita þjónustu rekstrarfélagsins á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafna,

   c) einstaklingur sem á beinan þátt í að veita rekstrarfélagi þjónustu samkvæmt fyrirkomulagi um úthlutun til þriðju aðila sem hefur þann tilgang að fyrirtækið veiti þjónustu sem felst í sameiginlegri stjórnun verðbréfasafna,

4. „yfirstjórn“: aðili eða aðilar sem í reynd stýra starfsemi rekstrarfélags í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

5. „stjórn“: stjórn rekstrarfélagsins,

6. „eftirlitseining“: viðkomandi aðili eða aðilar sem bera ábyrgð á eftirliti með yfirstjórn og á mati og reglubundinni endurskoðun á því hvort áhættustýringarferlið sé fullnægjandi og skilvirkt, og á stefnum, fyrirkomulagi og verklagi, sem komið hefur verið á til að uppfylla skyldur samkvæmt tilskipun 2009/65/EB,

7. „mótaðilaáhætta“: hættan á tapi verðbréfasjóðsins vegna þess að mótaðili í viðskiptum stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað,

8. „lausafjáráhætta“: hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni verðbréfasjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma, og að getu verðbréfasjóðsins til að uppfylla ætlið 1. mgr. 84. gr. tilskipunar 2009/65/EB sé þar með stofnað í hættu,

9. „markaðsáhætta“: hættan á tapi verðbréfasjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði staðna í eignasafni verðbréfasjóðsins sem heimfæra má á breytingar á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánshæfi útgefanda,

10. „rekstraráhætta“: hættan á tapi verðbréfasjóðsins vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og skjalaáhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, uppgjör og mat sem er innt af hendi fyrir hönd verðbréfasjóðsins.

Hugtakið „stjórn“, sem er skilgreint í 5. lið fyrstu málsgreinar, skal ekki ná yfir eftirlitsstjórnina ef rekstrarfélög hafa tvöfalt skipulag sem samanstendur af yfirstjórn og eftirlitsstjórn.

II. KAFLI

STJÓRNUNARAÐFERÐIR OG EFTIRLITSKERFI

(a-liður 1. mgr. 12. gr. og c-liður 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2009/65/EB)

1. ÞÁTTUR

Almennar meginreglur

4. gr.

Almennar kröfur um verklag og skipulag

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) að koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda ferli við ákvarðanatöku og stjórnskipulag þar sem kemur skýrt fram og skjalfest er hverjar boðleiðirnar eru, sem og skipting verkefna og ábyrgðar,

b) að tryggja að viðkomandi aðilum í þeim sé kunnugt um þau ferli sem verður að fylgja til að þeir axli á réttan hátt þá ábyrgð sem þeir bera,

c) að koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda viðunandi innri eftirlitskerfum sem eru til þess gerð að tryggja að ákvörðunum og ferlum sé fylgt á öllum stigum rekstrarfélagsins,

d) að koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda skilvirkri innri skýrslugjöf og miðlun upplýsinga á öllum viðeigandi stigum rekstrarfélagsins, auk skilvirks upplýsingaflæðis til allra hlutaðeigandi þriðju aðila,

e) að viðhalda viðunandi og skipulegum skrám um viðskipti þeirra og innra skipulag.

Aðildarríki skulu tryggja að rekstrarfélög taki tillit til eðlis og umfangs viðskipta rekstrarfélagsins og hve flókin þau eru, sem og eðlis og umfangs þjónustunnar og starfseminnar sem stunduð er þegar þessi viðskipti fara fram.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á fót, hrindi í framkvæmd og viðhaldi kerfum og ferlum sem duga til að vernda öryggi og heilleika upplýsinga og trúnað sem á þeim hvílir, að teknu tilliti til þess hvers eðlis þær upplýsingar eru sem um ræðir.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á, hrindi í framkvæmd og viðhaldi viðeigandi stefnu um samfellu í viðskiptum sem miðar að því að tryggja varðveislu mikilvægra gagna og starfsemi í því tilviki að truflun verði í kerfum þeirra og ferlum, og viðhald þjónustu og starfsemi eða, ef því verður ekki við komið, tímanlega endurheimt þessara gagna og starfsemi og tímanlega endurupptöku þjónustu og starfsemi.

4. Aðildarríkin skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á fót, hrindi í framkvæmd og viðhaldi reikningsskilaaðferðum og -ferlum sem gera þeim kleift að skila tímanlega til lögbærs yfirvalds, að beiðni þess, reikningsskilum sem gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu þeirra og uppfylla alla gildandi reikningsskilastaðla og -reglur.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög hafi eftirlit með og meti reglulega hvort kerfi þeirra, innri eftirlitskerfi og fyrirkomulag sem komið er á í samræmi við 1.–4. gr., séu fullnægjandi og skilvirk, og grípi til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á annmörkum.

5. gr.

Tilföng

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög ráði starfsfólk með færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að takast á við þau ábyrgðarsvið sem þeim eru falin.

2. Aðildarríki skulu tryggja að rekstrarfélög viðhaldi nauðsynlegum tilföngum og sérþekkingu til að geta haft skilvirkt eftirlit með starfseminni sem þriðju aðilar inna af hendi á grundvelli samnings við rekstrarfélagið, einkum að því er varðar stýringu áhættu í tengslum við viðkomandi samninga.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að þegar viðkomandi aðilar sinna margþættum störfum komi það ekki í veg fyrir, og sé ekki líklegt til að koma í veg fyrir, að þessir viðkomandi aðilar takist á við öll störf sín af heilindum, heiðarleika og fagmennsku.

4. Aðildarríki skulu tryggja, í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. gr., að rekstrarfélög taki tillit til eðlis og umfangs viðskipta rekstrarfélagsins og þess hve flókin þau eru, og eðlis og umfangs þjónustunnar og starfseminnar sem stunduð er þegar þessi viðskipti fara fram.

2. ÞÁTTUR

Stjórnunaraðferðir og bókhaldsfyrirkomulag

6. gr.

Meðferð kvartana

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á, hrindi í framkvæmd og viðhaldi skilvirku og gegnsæju verklagi fyrir sanngjarna og skjóta meðferð kvartana frá fjárfestum.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að allar kvartanir og ráðstafanir sem gripið er til við úrlausn þeirra séu skráðar.

3. Fjárfestar skulu geta lagt fram kvartanir án endurgjalds. Upplýsingarnar um verklagið sem um getur í 1. mgr, skulu gerðar aðgengilegar fjárfestum án endurgjalds.

7. gr.

Rafræn gagnavinnsla

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög geri viðeigandi ráðstafanir hvað varðar hentug rafræn kerfi til að hægt sé að skrá á réttum tíma, og á réttan hátt, hver viðskipti með eignasafn eða áskriftar- eða innlausnarpantanir til þess að uppfylla kröfur 14. gr. og 15. gr.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi hátt öryggisstig við rafræna gagnavinnslu auk heilleika og trúnaðar varðandi skráðu upplýsingarnar, eins og við á.

8. gr.

Bókhaldsfyrirkomulag

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að beitt sé reikningsskilaaðferðum og -ferlum, eins og um getur í 4. mgr. 4. gr., til að tryggja vernd eigenda hlutdeildarskírteina.

Bókhald verðbréfasjóðs skal vera með þeim hætti að unnt sé að greina allar eignir og skuldir verðbréfasjóðsins á hverjum tíma.

Ef verðbréfasjóður hefur mismunandi fjárfestingadeildir skulu reikningar þessara fjárfestingadeilda vera aðskildir.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á, framkvæmi og viðhaldi reikningsskilaaðferðum og -ferlum, í samræmi við reikningsskilareglur heimaaðildarríkja verðbréfasjóðsins, til að tryggja að útreikningur á verðmæti hreinnar eignar hvers verðbréfasjóðs sé rétt, á grundvelli reikningsskila, og að framkvæma megi áskriftar- og innlausnarpantanir í samræmi við það verðmæti hreinnar eignar.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á viðeigandi verklagi til að tryggja rétt og nákvæmt mat á eignum og skuldum verðbréfasjóðsins, í samræmi við gildandi reglur sem um getur í 85. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

3. ÞÁTTUR

Innra eftirlitskerfi

9. gr.

Eftirlit yfirstjórnar og eftirlitseiningar

1. Við skiptingu innri verkefna skulu aðildarríki krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að yfirstjórn og eftirlitseining, þar sem við á, beri ábyrgð á að tryggja að rekstrarfélagið uppfylli skyldur sínar samkvæmt tilskipun 2009/65/EB.

2. Rekstrarfélagið skal tryggja að yfirstjórn þess:

a) beri ábyrgð á framkvæmd á almennri fjárfestingarstefnu hvers verðbréfasjóðs sem félagið stjórnar, eins og það er skilgreint, ef við á, í lýsingunni, sjóðsreglunum eða stofnsamningi fjárfestingarfélagsins,

b) hafi umsjón með samþykki fjárfestingaráætlana fyrir hvern verðbréfasjóð undir stjórn rekstrarfélagsins,

c) beri ábyrgð á að tryggja að rekstrarfélagið hafi varanlega og skilvirka regluvörslu, eins og um getur í 10. gr., þótt þriðji aðili inni starfsemina af hendi,

d) tryggi og staðfesti með reglulegu millibili að almenna fjárfestingarstefnan, fjárfestingaráætlanirnar og áhættutakmarkanir hvers verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið rekur séu framkvæmdar rétt og skilvirkt og að farið sé að þeim, einnig þegar þriðji aðili innir áhættustýringuna af hendi,

e) samþykki og endurskoði með reglulegu millibili hvort innra verklag við fjárfestingarákvarðanir sé fullnægjandi í tilvikum hvers og eins verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið stjórnar, til að tryggja að slíkar ákvarðanir séu í samræmi við samþykktar fjárfestingaráætlanir,

f) samþykki og endurskoði með reglulegu millibili áhættustýringarstefnu og -fyrirkomulag, ferli og aðferðir við framkvæmd þeirrar stefnu, eins og um getur í 38. gr., þ.m.t. kerfi til að takmarka áhættu fyrir hvern og einn verðbréfasjóð sem rekstrarfélagið stjórnar.

3. Rekstrarfélagið skal einnig sjá til þess að yfirstjórn þess og, eftir því sem við á, eftirlitseiningin:

a) meti og endurskoði með reglulegu millibili skilvirkni stefnu, fyrirkomulags og verklags sem komið er á til að vera í samræmi við skyldur í tilskipun 2009/65/EB,

b) geri viðeigandi ráðstafanir til að taka á annmörkum.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að yfirstjórn þeirra fái reglulega, a.m.k. árlega, skriflegar skýrslur um málefni varðandi regluvörslu, innri endurskoðun og áhættustýringu, þar sem einkum kemur fram hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar ef annmarkar eru fyrir hendi.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að yfirstjórn þeirra fái reglulega skýrslur um framkvæmd fjárfestingaráætlana og innra verklag við fjárfestingarákvarðanir sem um getur í b- til e-lið 2. mgr.

6. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að eftirlitseiningin, ef einhver er, fái reglulega í hendur skriflegar skýrslur um málefnin sem um getur í 4. mgr.

10. gr.

Varanleg regluvarsla

1. Aðildarríki skulu tryggja að rekstrarfélög komi á, hrindi í framkvæmd og viðhaldi viðeigandi stefnu og ferlum sem gerðir eru til að greina hvers konar hættu á misbrestum hjá rekstrarfélaginu á því að uppfylla skyldur sínar, samkvæmt tilskipun 2009/65/EB, og einnig tengda hættu, og geri viðeigandi ráðstafanir og komi á fót ferlum sem eru til þess ætlaðir að lágmarka slíka hættu og til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að beita valdi sínu á skilvirkan hátt samkvæmt þessari tilskipun.

Aðildarríki skulu tryggja að rekstrarfélög taki tillit til eðlis og umfangs viðskipta félagsins og þess hve flókin þau eru, sem og eðlis og umfangs þjónustunnar og starfseminnar sem stunduð er þegar þessi viðskipti fara fram.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á og viðhaldi varanlegri og skilvirkri regluvörslu sem er óháð og ber ábyrgð á eftirfarandi:

a) að fylgjast með og meta hvort ráðstafanir, stefna og ferlar sem komið er á í samræmi við 1. lið og aðgerðir sem gripið er til í því skyni að taka á annmörkum á því að rekstrarfélagið uppfylli skyldur sínar, séu fullnægjandi og skilvirk,

b) að veita viðkomandi aðilum, sem bera ábyrgð á að annast þjónustu og starfsemi, ráðgjöf og aðstoð til að uppfylla skyldur rekstrarfélagsins samkvæmt tilskipun 2009/65/EB.

3. Til þess að gera regluvörslunni, sem um getur í 2. mgr., kleift að inna skyldur sínar af hendi með réttum og óháðum hætti, skulu rekstrarfélög tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) regluvarslan verður að hafa nauðsynlegt valdsvið, úrræði, sérfræðiþekkingu og aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli,

b) tilnefna skal regluvörð sem skal bera ábyrgð á regluvörslunni og allri skýrslugjöf til yfirstjórnar, reglulega og a.m.k. árlega, um málefni varðandi starfsemina, þar sem sérstaklega skal tilgreina hvort viðeigandi ráðstafanir til úrbóta hafa verið gerðar ef um annmarka er að ræða,

c) viðkomandi aðilar, sem taka þátt í regluvörslunni, skulu ekki taka þátt í að veita þjónustu eða sinna starfsemi sem þeir hafa eftirlit með,

d) sú aðferð sem beitt er við ákvörðun á greiðslu til viðkomandi aðila, sem taka þátt í regluvörslunni, skal ekki skaða hlutlægni þeirra og ekki skulu vera líkur á því að hún verði til þess.

Þess skal þó ekki krafist að rekstrarfélag uppfylli c- eða d-lið fyrstu málsgreinar ef því er unnt að sýna fram á að vegna eðlis og umfangs viðskipta þess og þess hve flókin þau eru, og vegna eðlis og umfangs þjónustu og starfsemi þess, sé krafan sem gerð er ekki hófleg og að regluvarsla þess beri áfram árangur.

11. gr.

Varanleg innri endurskoðun

1. Þar sem það er viðeigandi og hæfilegt með tilliti til eðlis og umfangs viðskipta og þess hve flókin þau eru, og eðlis og umfangs sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafna sem sinnt er þegar slík viðskipti fara fram, skulu aðildarríki krefjast þess að rekstrarfélög komi á og viðhaldi innri endurskoðun sem er aðskilin og óháð öðrum deildum og starfsemi rekstrarfélagsins.

2. Innri endurskoðun, sem um getur í 1. mgr., ber ábyrgð á eftirfarandi:

a) að koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda endurskoðunaráætlun til að rannsaka og meta hvort kerfi rekstrarfélagsins, innri eftirlitskerfi og fyrirkomulag séu fullnægjandi og skilvirk.

b) að gefa út tilmæli sem byggjast á niðurstöðu vinnu sem innt er af hendi í samræmi við a-lið,

c) að sannreyna að farið sé að tilmælunum sem um getur í b-lið,

d) að gefa skýrslur í tengslum við innri endurskoðun í samræmi við 4. mgr. 9. gr.

12. gr.

Varanleg áhættustýringarstarfsemi

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á fót og viðhaldi varanlegri áhættustýringarstarfsemi.

2. Varanlega áhættustýringarstarfsemin, sem um getur í 1. mgr., skal vera stigskipt og rekstrarlega óháð rekstrareiningum.

Aðildarríki geta þó heimilað rekstrarfélögum að víkja frá þeirri skyldu ef undanþágan er viðeigandi og í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flókin starfsemi rekstrarfélagsins, og verðbréfasjóðsins sem það stjórnar, er.

Rekstrarfélag skal geta sýnt fram á að gerðar hafi verið viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, til að óháð framkvæmd áhættustýringarstarfsemi og áhættustýringarferlið uppfylli kröfurnar í 51. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

3. Varanlega áhættustýringarstarfsemin skal:

a) framkvæma áhættustýringarstefnuna og -ferlið,

b) tryggja að farið sé að kerfi verðbréfasjóðsins varðandi takmörkun áhættu, þ.m.t. lögboðin takmörkun heildaráhættu og mótaðilaáhættu í samræmi við 41., 42. og 43. gr.,

c) veita stjórninni ráðgjöf að því er varðar greiningu á áhættusniði sérhvers verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið stjórnar,

d) að gefa stjórninni og eftirlitseiningunni, ef hún er til, reglulega skýrslu um:

   i. samræmið milli núverandi áhættustigs hvers og eins verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið rekur og áhættusniðs sem samþykkt hefur verið fyrir viðkomandi verðbréfasjóð,

   ii. hvort sérhver verðbréfasjóður sem rekstrarfélagið rekur sé í samræmi við viðeigandi takmörkun áhættu,

   iii. hvort áhættustýringarferlið sé fullnægjandi og skilvirkt, einkum hvort viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta úr annmörkum sem kunna að hafa komið til,

e) gefa yfirstjórninni reglulega skýrslur um núverandi áhættustig hvers verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið stjórnar, og ef farið er umfram takmarkanir þeirra eða þegar það er fyrirsjáanlegt, til að tryggja að unnt sé að grípa skjótt til viðeigandi aðgerða,

f) endurskoða og styðja, eftir því sem við á, fyrirkomulag og verklag vegna mats á virði afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða eins og um getur í 44. gr.

4. Varanlega áhættustýringarstarfsemin skal hafa nauðsynlegt vald og aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum sem þörf er á til að sinna verkefnunum sem sett eru fram í 3. mgr.

13. gr.

Einkaviðskipti

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á, hrindi í framkvæmd og viðhaldi viðunandi fyrirkomulagi sem miðar að því að koma í veg fyrir eftirfarandi starfsemi ef um er að ræða einhvern viðkomandi aðila sem tekur þátt í starfsemi sem gæti valdið hagsmunaárekstrum, eða hefur aðgang að innherjaupplýsingum í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB, eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast verðbréfasjóði eða viðskiptum við eða fyrir verðbréfasjóð á grundvelli starfsemi sem hann innir af hendi sjálfur eða fyrir hönd rekstrarfélagsins:

a) að stofna til einkaviðskipta sem uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi viðmiðunum:

   i. viðkomandi einstaklingi er bannað að stofna til viðkomandi einkaviðskipta í skilningi tilskipunar 2003/6/EB,

   ii. þau fela í sér misnotkun eða óviðeigandi birtingu trúnaðarupplýsinga,

   iii. þau stangast á við, eða líklegt er að þau stangist á við, skyldu rekstrarfélagsins samkvæmt tilskipun 2004/65/EB eða tilskipun 2004/39/EB,

b) að gefa einhverjum öðrum aðila ráð eða aðstoða hann á annan hátt en rétt er í starfi hans eða samningi um þjónustu, við að stofna til viðskipta með fjármálagerninga, sem myndu falla undir a-lið þessarar málsgreinar eða a- eða b-lið 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2006/73/EB eða myndi á annan hátt teljast misnotkun upplýsinga í tengslum við óafgreiddar pantanir, ef um væri að ræða einkaviðskipti viðkomandi aðila,

c) að veita einhverjum öðrum aðila upplýsingar eða álit, með fyrirvara um a-lið 3. gr. í tilskipun 2003/6/EB, annað en það sem um er að ræða í venjubundnu starfi hans eða samningi um þjónustu, ef viðkomandi aðili veit, eða ætti með réttu að vita, að með slíkri tilkynningu muni hinn aðilinn grípa til annars hvors eftirfarandi ráðs eða líklegt er að hann geri það:

   i. stofna til viðskipta með fjármálagerninga sem myndu falla undir a-lið þessarar málsgreinar eða a- eða b-lið 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2006/73/EB, eða myndi á annan hátt teljast misnotkun upplýsinga í tengslum við óafgreiddar pantanir, ef um væri að ræða einkaviðskipti viðkomandi aðila,

   ii. ráðleggja öðrum einstaklingi eða aðstoða hann við að stofna til slíkra viðskipta.

2. Fyrirkomulagið, sem krafist er skv. 1. mgr., skal einkum vera með þeim hætti að tryggt sé að:

a) sérhverjum viðkomandi aðila, sem fellur undir 1. mgr., sé kunnugt um takmarkanir um einkaviðskipti og þær ráðstafanir sem rekstrarfélagið hefur komið á í tengslum við einkaviðskipti og birtingu upplýsinga í samræmi við 1. mgr.,

b) rekstrarfélaginu sé tilkynnt tafarlaust um öll einkaviðskipti, sem viðkomandi aðili stofnar til, annaðhvort með tilkynningu um þessi viðskipti eða með öðrum aðferðum, þannig að rekstrarfélaginu sé unnt að auðkenna slík viðskipti,

c) haldin sé skrá um einkaviðskipti sem rekstrarfélaginu er tilkynnt um eða það auðkennir, þ.m.t. öll leyfi eða bönn í tengslum við slík viðskipti.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal rekstrarfélagið, ef þriðju aðilar framkvæma tilteknar aðgerðir, tryggja að einingin sem framkvæmir aðgerðirnar haldi skrá yfir einkaviðskipti viðkomandi aðila og veiti rekstrarfélaginu þær upplýsingar án tafar ef um þær er beðið.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um eftirfarandi tegundir einkaviðskipta:

a) einkaviðskipti sem framkvæmd eru samkvæmt eigna-stýringarþjónustu að eigin ákvörðun þar sem engin samskipti hafa áður farið fram í tengslum við viðskiptin milli eignasafnsstjórans og viðkomandi aðila eða annars aðila þar sem viðskiptin fara fram fyrir reikning hans,

b) einkaviðskipti í verðbréfasjóði eða hlutdeildarskírteinum í sameiginlegum sjóðum sem falla undir eftirlit, samkvæmt lögum aðildarríkis, þar sem gerð er krafa um sambærilega áhættudreifingu eigna þeirra í því tilviki að viðkomandi aðili og hvaða annar aðili sem er, þar sem viðskiptin fara fram fyrir hans reikning, taki ekki þátt í stjórnun þessa fyrirtækis.

4. Að því er varðar 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar hefur „einkaviðskipti“ sömu merkingu og í 11. gr. tilskipunar 2006/73/EB.

14. gr.

Skráning viðskipta með eignasafn

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi, fyrir hver og ein viðskipti er varða eignasafn verðbréfasjóðs, að fullnægjandi upplýsingar séu skráðar til að unnt sé án tafar að rekja upplýsingar um pöntunina og framkvæmd viðskipti.

2. Skráningin, sem um getur í 1. mgr., skal fela í sér:

a) nafn eða annað heiti verðbréfasjóðsins og viðkomandi einstaklings sem starfar fyrir hönd verðbréfasjóðsins,

b) upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru til að tilgreina viðkomandi gerning,

c) magn,

d) eðli pöntunarinnar eða viðskiptanna,

e) verðið,

f) varðandi pantanir, dagsetningu og nákvæma tímasetningu sendingar pöntunarinnar og nafn eða annað heiti aðilans sem pöntunin var send, eða varðandi viðskipti, dagsetningu og nákvæma tímasetningu ákvörðunar um að eiga viðskipti, og framkvæmd viðskiptanna,

g) nafn aðilans sem sendir pöntunina eða framkvæmir viðskiptin,

h) eftir atvikum, ástæður fyrir afturköllun pöntunar,

i) varðandi framkvæmd viðskipti, auðkenni mótaðila og viðskiptakerfis.

Í skilningi i-liðar fyrstu undirgreinar merkir „viðskiptakerfi“ skipulegan markað eins og um getur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, markaðstorg eins og um getur í 15. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, innmiðlara eins og um getur í 7. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar eða viðskiptavaka eða annan aðila sem útvegar lausafé eða einingu sem gegnir sambærilegu hlutverki í þriðja landi og einhver hinna framangreindu gegnir.

15. gr.

Skráning áskriftar- og innlausnarpantana

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög geri allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að áskriftar- og innlausnarpantanir sem berast verðbréfasjóðnum sé safnað saman og skráðar tafarlaust við viðtöku slíkra pantana.

2. Skráningin skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) viðkomandi verðbréfasjóð,

b) aðilann sem leggur fram eða sendir pöntunina,

c) aðilann sem tekur við pöntuninni,

d) dagsetningu og tímasetningu pöntunarinnar,

e) greiðsluskilmála og greiðslumáta,

f) eðli pantananna,

g) dagsetningu á framkvæmd pantananna,

h) fjölda hlutdeildarskírteina sem aðili skrifar sig fyrir eða innleysir,

i) verð á hverju hlutdeildarskírteini sem aðili skrifar sig fyrir eða innleysir,

j) heildarvirði hlutdeildarskírteina sem aðili skrifar sig fyrir eða innleysir,

k) heildarvirði pöntunarinnar, þ.m.t. gjöld vegna áskriftar eða hreina fjárhæð að frádregnum innlausnargjöldum.

16. gr.

Kröfur um skráahald

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi varðveislu skráa, sem um getur í 14. gr. og 15. gr., í að minnsta kosti 5 ár.

Lögbær yfirvöld geta þó, við sérstakar aðstæður, krafist þess að rekstrarfélög varðveiti einhverjar þessara skráninga eða þær allar í lengri tíma, í samræmi við eðli gerningsins eða viðskiptanna með eignasafn, ef það er nauðsynlegt til að gera yfirvaldinu kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt tilskipun 2009/65/EB.

2. Eftir að leyfi rekstrarfélags hefur verið fellt úr gildi geta aðildarríki eða lögbær yfirvöld krafist þess að rekstrarfélag varðveiti skrár sem um getur í 1. mgr. það sem eftir er af 5 ára tímabilinu.

Ef rekstrarfélag felur öðru rekstrarfélagi ábyrgð sína í tengslum við verðbréfasjóðinn geta aðildarríki eða lögbær yfirvöld krafist þess að ráðstafanir séu gerðar til að slíkar skrár varðandi undanfarin 5 ár séu aðgengilegar því félagi.

3. Skrárnar skal varðveita á miðli sem gerir mögulega geymslu upplýsinga á þann hátt að lögbæra yfirvaldinu sé unnt að nálgast þær síðar, á því formi og með þeim hætti að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) lögbæra yfirvaldið verður að geta nálgast þær auðveldlega og endurgert sérhvert mikilvægt stig í ferlinu við viðskipti með eignasafn,

b) auðvelt verður að vera að ganga úr skugga um allar leiðréttingar eða breytingar, sem og innihald skráa áður en þessar leiðréttingar eða breytingar voru gerðar,

c) ekki má vera hægt að hagræða eða breyta skránum að öðru leyti.

III. KAFLI

HAGSMUNAÁREKSTUR

(b-liður 1. mgr. 12. gr., d-liður 1. mgr. og c-liður 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 2009/65/EB)

17. gr.

Viðmiðanir um greiningu hagsmunaárekstra

1. Aðildarríki skulu tryggja, í því skyni að auðkenna allar gerðir hagsmunaárekstra sem skapast við það að veita þjónustu og aðgerðir þar sem tilvist þeirra getur skaðað hagsmuni verðbréfasjóðs, að rekstrarfélög taki tillit til þess, með því að nota lágmarksviðmiðanir, hvort eftirfarandi aðstæður eiga við um rekstrarfélagið, viðkomandi aðila eða aðila sem eru beint eða óbeint tengdir rekstrarfélaginu í gegnum yfirráð, hvort sem það er vegna þess að veitt hefur verið þjónusta sem felst í sameiginlegri stjórnun eignasafns eða vegna annars:

a) líklegt er að rekstrarfélagið eða þessi aðili njóti fjárhagslegs ágóða eða forðist fjárhagslegt tap á kostnað verðbréfasjóðsins,

b) rekstrarfélagið eða þessi aðili hefur hagsmuna að gæta hvað varðar niðurstöðu þjónustunnar sem verðbréfasjóðnum eða öðrum viðskiptavini er veitt, eða hvað varðar niðurstöðu viðskiptanna, sem gerð eru fyrir hönd verðbréfasjóðsins eða annars viðskiptavinar, þar sem þessir hagsmunir eru aðgreindir frá hagsmunum verðbréfasjóðsins að því er varðar niðurstöðuna,

c) fyrir hendi er fjárhagslegur hvati eða annars konar hvati hjá rekstrarfélaginu eða þessum aðila til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framar hagsmunum verðbréfasjóðsins,

d) rekstrarfélagið eða þessi aðili framkvæmir sömu aðgerðir fyrir verðbréfasjóðinn og fyrir annan viðskiptavin eða viðskiptavini sem eru ekki verðbréfasjóðir,

e) rekstrarfélagið eða þessi aðili tekur á móti eða mun taka á móti, frá aðila öðrum en verðbréfasjóðnum, umbun í tengslum við þjónustu sem felst í sameiginlegri stjórnun eignasafns, sem veitt er verðbréfasjóðnum í formi peninga, vara eða þjónustu annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana fyrir þessa þjónustu.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög taki, við greiningu á tegundum hagsmunaárekstra, tillit til eftirfarandi:

a) hagsmuna rekstrarfélagsins, þ.m.t. þeir sem eru afleiðing þess að félagið tilheyrir samstæðu eða afleiðing framkvæmdar þjónustu og aðgerða, hagsmuna viðskiptavinanna og skyldu rekstrarfélagsins gagnvart verðbréfasjóðnum,

b) hagsmuna tveggja eða fleiri verðbréfasjóða undir stjórn rekstrarfélagsins.

18. gr.

Stefna varðandi hagsmunaárekstra

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á, framkvæmi og viðhaldi skilvirkri stefnu varðandi hagsmunaárekstra. Stefnan skal sett fram skriflega og vera viðeigandi með tilliti til stærðar og skipulags rekstrarfélagsins og eðlis, umfangs og þess hve flókin starfsemi þess er.

Ef rekstrarfélagið er aðili að samstæðu verður stefnan einnig að taka tillit til hvers konar aðstæðna sem félaginu er, eða ætti að vera, kunnugt um, sem gætu leitt til hagsmunaárekstra vegna skipulags og starfsemi annarra aðila að samstæðunni.

2. Stefnan um hagsmunaárekstra sem komið er á í samræmi við 1. mgr. skal taka til eftirfarandi:

a) ákvörðunar um, með hliðsjón af starfsemi á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns, sem stunduð er af eða fyrir hönd rekstrarfélagsins, hvaða aðstæður það eru sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér verulega hættu á að hagsmunir verðbréfasjóðsins eða eins eða fleiri viðskiptavina skaðist,

b) aðferða sem fylgja skal, og ráðstafana sem beita skal, í því skyni að hafa stjórn á þessum árekstrum.

19. gr.

Óhæði í deilustjórnun

1. Aðildarríki skulu tryggja að aðferðirnar og ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 18. gr., séu gerðar til að tryggja að viðkomandi aðilar, sem stunda mismunandi starfsemi sem hefur í för með sér hagsmunaárekstra, stundi þessa starfsemi með það miklu óhæði að það sé til jafns við umfang og starfsemi rekstrarfélagsins og samstæðunnar sem það tilheyrir, og þess hversu raunveruleg áhættan er á því að hagsmunaárekstrar viðskiptavinanna skaðist.

2. Aðferðir sem fylgja skal, og ráðstafanir sem beita skal, í samræmi við b-lið 2. mgr. 18. gr. skulu innihalda eftirfarandi, ef nauðsyn krefur og viðeigandi þykir, til að rekstrarfélagið tryggi nauðsynlegt óhæði:

a) árangursríkar aðferðir til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingaskiptum milli viðeigandi aðila, sem stunda starfsemi á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum, ef þessi upplýsingaskipti geta skaðað hagsmuni eins eða fleiri viðskiptavina,

b) sérstakt eftirlit með viðeigandi aðilum sem hafa það sem aðalverkefni að annast sameiginlega stjórnun verðbréfasafns fyrir hönd þeirra viðskiptavina eða fjárfesta, eða veita þeim þjónustu, sem geta átt í hagsmunaárekstrum eða eru fulltrúar mismunandi hagsmuna sem geta stangast á, þ.m.t. hagsmunir rekstrarfélagsins,

c) afnám hvers kyns beinna tengsla milli greiðslu til viðeigandi aðila sem annast fyrst og fremst eitt verksvið og greiðslu til annarra viðeigandi aðila sem annast fyrst og fremst annað verksvið, eða tekjur sem þeir skapa, ef til hagsmunaárekstra gæti komið í tengslum við þessi verksvið,

d) ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aðili hafi óviðeigandi áhrif á það hvernig viðkomandi aðili annast sameiginlega stjórnun verðbréfasafns, eða til að takmarka getu hans til að hafa slík áhrif,

e) ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða hafa eftirlit með þátttöku viðkomandi aðila, sem er annaðhvort samhliða eða fylgir á eftir sérstakri aðgerð á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns, ef þessi þátttaka getur skaðað eðlilega stjórnun hagsmunaárekstra.

Ef samþykkt á eða beiting einnar eða fleiri af þessum ráðstöfunum og aðferðum tryggir ekki tilskilið óhæði skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstrarfélög samþykki þær val- eða viðbótarráðstafanir og -aðferðir sem eru nauðsynlegar og viðeigandi í þessu skyni.

20. gr.

Stjórnun aðgerða sem skapa skaðlega hagsmunaárekstra

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög haldi skrá sem þau uppfæra reglulega yfir tegundir sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns sem er stunduð af rekstrarfélaginu eða fyrir hönd þess þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur sem hefur í för með sér verulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri verðbréfasjóða eða annarra viðskiptavina skaðist eða kunni að skaðast ef um er að ræða áframhaldandi sameiginlega stjórnun verðbréfasafns.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess, ef skipulag eða stjórnunarfyrirkomulag rekstrarfélags vegna stjórnunar hagsmunaárekstra er ekki fullnægjandi til að tryggja, svo nægilegt þyki, að komið sé í veg fyrir hættu á að hagsmunir verðbréfasjóðs eða eigendur hlutdeildarskírteina hans skaðist, fái yfirstjórn eða annar til þess bær innri aðili rekstrarfélagsins tafarlaust upplýsingar þar um til að viðkomandi geti tekið nauðsynlega ákvörðun til að tryggja að rekstrarfélag starfi með hagsmuni verðbréfasjóðs og eigenda hlutdeildarskírteina hans að leiðarljósi.

3. Rekstrarfélagið skal tilkynna fjárfestum um aðstæður sem um getur í 2. mgr. á viðeigandi varanlegum miðli og rökstyðja ákvörðun sína.

21. gr.

Áætlanir um nýtingu atkvæðisréttar

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög þrói fullnægjandi og árangursríkar áætlanir til að ákvarða hvort og hvenær nýta skuli atkvæðisrétt sem tilheyrir gerningum í eignasöfnum í stýringu, eingöngu með hagsmuni viðkomandi verðbréfasjóðs í huga.

2. Áætlunin sem um getur í 1. mgr. ræður ráðstöfunum og verklagi við:

a) eftirlit með viðeigandi fyrirtækjaatburðum,

b) að tryggja nýtingu atkvæðisréttar í samræmi við fjárfestingarmarkmið og stefnu viðkomandi verðbréfasjóðs,

c) að koma í veg fyrir eða stjórna hagsmunaárekstrum sem eru afleiðing nýtingar á atkvæðisrétti.

3. Samantekin lýsing á áætlunum sem um getur í 1. mgr. skal gerð aðgengileg fjárfestum.

Upplýsingar um aðgerðir sem gripið er til á grundvelli þessara áætlana skulu gerðar aðgengilegar eigendum hlutdeildarskírteina án endurgjalds, ef þeir óska eftir þeim.

IV. KAFLI

HÁTTERNISREGLUR

(a- og b-liður 1. mgr. og a- og b-liður 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 2009/65/EB)

1. ÞÁTTUR

Almennar meginreglur

22. gr.

Skylda til að þjóna hagsmunum verðbréfasjóðs og eigendum hlutdeildarskírteina hans

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði undir þeirra stjórn fái sanngjarna meðhöndlun.

Rekstrarfélög skulu ekki setja hagsmuni eins hóps eigenda hlutdeildarskírteina ofar hagsmunum annars hóps eigenda hlutdeildarskírteina.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög beiti viðeigandi stefnum og verklagi til að koma í veg fyrir mistök sem nærtækt væri að gera ráð fyrir að hefðu áhrif á stöðugleika og heilleika markaðarins.

3. Með fyrirvara um kröfur að landslögum skulu aðildarríki krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að notuð séu sanngjörn, rétt og gagnsæ verðmatslíkön og -kerfi vegna verðbréfasjóðsins sem þau stjórna, til að fara að þeirri skyldu að starfa með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteinanna að leiðarljósi. Rekstrarfélög skulu geta sýnt fram á að eignasöfn verðbréfasjóðsins séu verðlögð með nákvæmum hætti.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög starfi með þeim hætti að komið sé í veg fyrir óþarfa kostnað fyrir verðbréfasjóðinn og eigendur hlutdeildarskírteina hans.

23. gr.

Kröfur um áreiðanleikakönnun

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi mikinn áreiðanleika við val á og viðvarandi eftirlit með fjárfestingum, með hagsmuni verðbréfasjóðs og heilleika markaðarins að leiðarljósi.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að þau búi yfir fullnægjandi þekkingu og skilningi á eignunum sem verðbréfasjóðurinn hefur fjárfest í.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á skriflegum stefnum og verklagi um áreiðanleikakannanir og innleiði skilvirkt fyrirkomulag til að tryggja að fjárfestingar-ákvarðanir, sem teknar eru fyrir hönd verðbréfasjóðsins, séu framkvæmdar í samræmi við markmið, fjárfestingaráætlun og áhættutakmarkanir verðbréfasjóðsins.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög, við framkvæmd áhættustýringarstefnu sinnar og eftir því sem við á með tilliti til eðlis fyrirhugaðrar fjárfestingar, setji fram spár og framkvæmi greiningar hvað varðar áhrif fjárfestingarinnar á samsetningu, seljanleika og áhættu á móti ávinningi eignasafns verðbréfasjóðsins áður en fjárfestingin er framkvæmd. Aðeins skal framkvæma greininguna á grundvelli áreiðanlegra og uppfærðra upplýsinga, bæði megindlegra og eigindlegra.

Rekstrarfélög skulu sýna tilhlýðilega færni, aðgát og kostgæfni þegar þau stofna til, fara með eða binda endi á hvers kyns samninga við þriðju aðila í tengslum við framkvæmd áhættustýringarstarfsemi. Áður en slíkir samningar eru gerðir skulu rekstrarfélög gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannreyna að þriðji aðili hafi getu og hæfni til að framkvæma áhættustýringarstarfsemi á áreiðanlegan, faglegan og skilvirkan hátt. Rekstrarfélagið skal koma á fót aðferðum fyrir viðvarandi mat á gæðum frammistöðu þriðja aðila.

2. ÞÁTTUR

Meðferð áskriftar- og innlausnarpantana

24. gr.

Kvöð um skýrslugjöf að því er varðar framkvæmd áskriftar- og innlausnarpantana

1. Aðildarríki skulu tryggja að rekstrarfélög sendi, þegar þau hafa framkvæmt áskriftar- eða innlausnarpöntun frá eiganda hlutdeildarskírteina, eigandanum tilkynningu á varanlegum miðli til staðfestingar á framkvæmd pöntunarinnar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir framkvæmdina eða, ef fjárfestingafyrirtæki móttekur staðfestingu frá þriðja aðila, eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir að staðfesting hefur borist frá þriðja aðila.

Ákvæði fyrsta undirliðar skulu þó ekki gilda ef í tilkynningunni eru sömu upplýsingar og eru í staðfestingu sem annar aðili á að senda eiganda hlutdeildarskírteinanna tafarlaust.

2. Í tilkynningunni, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir atvikum koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) auðkenni rekstrarfélagsins,

b) nafn eða annað auðkenni eiganda hlutdeildarskírteina,

c) viðtökudagur og -tími pöntunarinnar og greiðslumáti,

d) dagsetning framkvæmdar,

e) auðkenni verðbréfasjóðsins,

f) eðli pöntunarinnar (áskrift eða innlausn),

g) fjöldi hlutdeildarskírteina í viðskiptunum,

h) virði hlutdeildarskírteina við áskrift eða innlausn,

i) dagsetning viðmiðunargildis,

j) heildarvirði pöntunarinnar, þ.m.t. gjöld vegna áskriftar eða hrein fjárhæð að frádregnum innlausnargjöldum,

k) samtala þóknana og innheimts kostnaðar og sundurliðuð skipting ef fjárfestirinn fer fram á það.

3. Ef pantanir eiganda hlutdeildarskírteina eru framkvæmdar með reglulegu millibili skulu rekstrarfélög annaðhvort framkvæma aðgerðina sem tilgreind er í 1. mgr. eða veita eiganda hlutdeildarskírteinanna upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti að því er varðar þessi viðskipti.

4. Rekstrarfélög skulu veita eiganda hlutdeildarskírteina upplýsingar um stöðu pantana hans ef hann óskar eftir því.

3. ÞÁTTUR

Besta framkvæmd

25. gr.

Framkvæmd ákvarðana um að eiga viðskipti fyrir hönd verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið stjórnar

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög þjóni hagsmunum verðbréfasjóðsins sem þau stjórna þegar þau framkvæma ákvarðanir um að eiga viðskipti fyrir hönd verðbréfasjóðsins sem þau stjórna í samhengi við stjórnun eignasafna þeirra.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstrarfélög geri allar eðlilegar ráðstafanir til að ná fram niðurstöðu sem sé sem hagstæðust fyrir verðbréfasjóðinn, að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á framfylgd og greiðslu, umfangs og eðlis pantana eða annarra þátta sem máli skipta til að framkvæma pöntunina. Ákvarða skal hlutfallslegt mikilvægi slíkra þátta með vísan í eftirfarandi viðmiðanir:

a) markmið, fjárfestingarstefnu og áhættu verðbréfasjóðsins, eins og tilgreint er í lýsingunni eða, eftir því sem við á, í sjóðsreglum eða samþykktum verðbréfasjóðsins,

b) einkenni pöntunarinnar,

c) einkenni fjármálagerninganna sem um er að ræða í þeirri pöntun,

d) einkenni viðskiptakerfanna sem unnt er að senda pöntunina.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að rekstrarfélög geri skilvirkar ráðstafanir til að vera í samræmi við skylduna sem um getur í 2. mgr. Einkum skulu rekstrarfélög koma á og framkvæma stefnu sem gerir þeim kleift að ná sem hagstæðastri niðurstöðu, að því er varðar pantanir verðbréfasjóðs, í samræmi við 2. mgr.

Rekstrarfélög skulu fá fyrirframsamþykki fjárfestingarfélags á framkvæmdarstefnunni. Rekstrarfélag skal gera viðeigandi upplýsingar um stefnuna, sem komið er á í samræmi við þessa grein og um allar verulegar breytingar á stefnu sinni, aðgengilegar eigendum hlutdeildarskírteina.

4. Rekstrarfélög skulu hafa reglulegt eftirlit með skilvirkni fyrirkomulags og stefnu um framkvæmd pantana til að greina og, eftir því sem við á, leiðrétta annmarka.

Auk þess skulu rekstrarfélög endurskoða framkvæmdarstefnuna árlega. Endurskoðun skal fara fram í hvert skipti sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu rekstrarfélagsins til að ná áframhaldandi besta hugsanlega árangri fyrir verðbréfasjóðinn sinn.

5. Rekstrarfélög skulu geta sýnt fram á að þau hafi framkvæmt pantanir fyrir hönd verðbréfasjóðsins í samræmi við framkvæmdarstefnu rekstrarfélagsins.

26. gr.

Pantanir til annarra eininga um að þær framkvæmi fyrir hönd verðbréfasjóðs

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög þjóni hagsmunum verðbréfasjóðsins sem þau stjórna þegar þau setja fram pantanir til annarra eininga um að þær framkvæmi fyrir hönd verðbréfasjóðsins sem þau stjórna, í samhengi við stjórnun eignasafna þeirra.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög geri allar eðlilegar ráðstafanir til að niðurstaðan verði sem hagstæðust fyrir verðbréfasjóðinn, að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á framfylgd og greiðslu, umfangs, eðlis eða annarra þátta sem máli skipta fyrir framkvæmd pöntunarinnar. Ákvarða skal hlutfallslegt mikilvægi slíkra þátta með tilvísun í 2. mgr. 25. gr.

Í þeim tilgangi skulu rekstrarfélög koma á og framkvæma stefnu sem gerir þeim kleift að vera í samræmi við skylduna sem um getur í fyrstu undirgrein. Í stefnunni skal, fyrir hvern flokk gerninga, tilgreina einingarnar sem má koma pöntununum til. Rekstrarfélagið skal aðeins gera samning um framkvæmd ef slíkt fyrirkomulag er í samræmi við skyldurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein. Rekstrarfélög skulu gera viðeigandi upplýsingar um stefnuna, sem komið er á í samræmi við þessa málsgrein og um allar verulegar breytingar á stefnu sinni, aðgengilegar eigendum hlutdeildarskírteina.

3. Rekstrarfélög skulu hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni stefnunnar sem komið er á í samræmi við 2. mgr., einkum gæði framkvæmdar hjá einingunum sem tilgreindar eru í þessari stefnu, og skulu þau ráða bót á hvers konar annmörkum þar sem við á.

Auk þess skulu rekstrarfélög endurskoða stefnuna árlega. Slík endurskoðun skal fara fram í hvert skipti sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu rekstrarfélagsins til að ná áframhaldandi besta hugsanlega árangri fyrir verðbréfasjóðinn sinn.

4. Rekstrarfélög skulu geta sýnt fram á að þau hafi lagt inn pantanir fyrir hönd verðbréfasjóðsins í samræmi við stefnuna sem komið er á í samræmi við 2. mgr.

4. ÞÁTTUR

Meðhöndlun pantana

27. gr.

Almennar meginreglur

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á og framkvæmi verklag og fyrirkomulag þar sem kveðið er á um skjóta og sanngjarna framfylgd fyrirmæla um viðskipti með eignasafn fyrir hönd verðbréfasjóðsins.

Verklagið og fyrirkomulagið sem rekstrarfélögin framkvæma skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) tryggja skal að pantanir, sem framkvæmdar eru fyrir hönd verðbréfasjóðs, séu skráðar og þeim úthlutað án tafar og af nákvæmni,

b) framkvæma skal pantanir verðbréfasjóðs, sem eru sambærilegar að öðru leyti, eftir röð og án tafar nema það sé ógerlegt vegna þess hvers eðlis pantanirnar eru eða vegna ríkjandi markaðsaðstæðna eða vegna þess að hagsmunir verðbréfasjóðsins geri annað nauðsynlegt.

Fjármálagerningum eða fjármunum, sem veitt er viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd þessara pantana, skal komið til skila án tafar og með viðeigandi hætti á reikning viðkomandi verðbréfasjóðs.

2. Rekstrarfélag skal ekki misnota upplýsingar sem tengjast óafgreiddum pöntunum verðbréfasjóðs og það skal grípa til allra skynsamlegra ráðstafana til að hindra að nokkrir viðkomandi aðilar þess misnoti slíkar upplýsingar.

28. gr.

Samsöfnun og úthlutun viðskiptapantana

1. Aðildarríki skulu ekki heimila rekstrarfélögum að framkvæma pöntun verðbréfasjóðs ásamt pöntun annars verðbréfasjóðs eða annars viðskiptavinar eða viðskiptum fyrir eigin reikning, nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) ólíklegt verður að teljast að samsöfnun pantana og viðskipta muni í heild reynast óhagstæð einhverjum verðbréfasjóði eða viðskiptavini sem á pöntun er verður hluti af safninu,

b) móta skal stefnu um úthlutun pantana og framkvæmd þar sem kveðið er á um sanngjarna dreifingu samsafnaðra pantana á nægilega ítarlegu máli, þ.m.t. hvernig magn og verð pantana ákvarðar dreifingu og meðferð pantana sem framkvæmdar eru að hluta.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að ef rekstrarfélag setur pöntun verðbréfasjóðs með einni eða fleiri pöntunum annarra verðbréfasjóða eða viðskiptavina og samsöfnuðu pantanirnar eru framkvæmdar að hluta, dreifi það tengdum viðskiptum í samræmi við stefnu sína um dreifingu pantana.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstrarfélög, sem hafa safnað saman viðskiptum fyrir eigin reikning og lagt við eina eða fleiri pantanir verðbréfasjóða eða annarra viðskiptavina, dreifi ekki tengdum viðskiptum þannig að það skaði viðkomandi verðbréfasjóð eða viðskiptavin.

4. Aðildarríkin skulu krefjast þess að ef rekstrarfélag bætir pöntun verðbréfasjóðs eða annars viðskiptavinar við viðskipti fyrir eigin reikning og samsafnaða pöntunin er framkvæmd að hluta, dreifi það tengdum viðskiptum til verðbréfasjóðsins eða viðskiptavinarins fremur en til rekstrarfélagsins sjálfs.

Ef rekstrarfélagið getur á hinn bóginn sýnt verðbréfasjóðnum eða öðrum viðskiptavini sínum fram á, með skynsamlegum hætti, að ef ekki hefði verið fyrir samsöfnunina hefði því ekki verið unnt að framkvæma pöntunina á svo hagstæðum kjörum, eða yfirleitt, getur það úthlutað viðskiptunum fyrir eigin reikning hlutfallslega, í samræmi við stefnuna sem um getur í b-lið 1. mgr.

5. ÞÁTTUR

Söluhvatar

29. gr.

Verndun hagsmuna verðbréfasjóða

1. Aðildarríki skulu tryggja að rekstrarfélög séu ekki talin starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni verðbréfasjóðsins ef þau greiða eða þeim er greidd, í tengslum við að þau sinna fjárfestingarstýringu og stjórnun fyrir verðbréfasjóðinn, einhver þóknun eða umboðslaun, eða þau veita eða þeim er veittur einhver óþeningalegur ávinningur annar en eftirfarandi:

a) þóknun, umboðslaun eða óþeningalegur ávinningur, greiddur eða veittur verðbréfasjóði eða aðila, sem er full-trúi verðbréfasjóðsins, eða sem verðbréfasjóðurinn greiðir eða veitir eða aðili fyrir hans hönd,

b) þóknun, umboðslaun eða óþeningalegur ávinningur, greiddur eða veittur þriðja aðila, eða aðila sem er fulltrúi þriðja aðilans, eða sem þriðji aðili greiðir eða veitir eða aðili fyrir hans hönd ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. verðbréfasjóðurinn skal vera skilmerkilega upplýstur með ítarlegum, nákvæmum og skiljanlegum hætti um tilvist, eðli og fjárhæð þóknunarinnar, umboðslaunanna eða ávinningsins eða hvaða aðferð er notuð til að reikna út fjárhæðina ef ekki er unnt að ákvarða hana, áður en viðkomandi þjónusta er veitt,

ii. greiðsla þóknunarinnar eða umboðslaunanna eða afhending óþeningalega ávinningsins skal vera með þeim hætti að viðkomandi þjónusta aukist að gæðum og hindri rekstrarfélagið ekki í að sinna þeirri skyldu sinni að þjóna hagsmunum verðbréfasjóðsins,

c) viðeigandi þóknanir, sem auðvelda eða eru nauðsynlegar til að viðkomandi þjónusta sé veitt, þ.m.t. vörslugjöld, uppgjörs- og viðskiptaþóknanir, eftirlitsgjöld eða lögfræðiþóknanir og sem, vegna eðlis þeirra, geta ekki valdið hagsmunaárekstrum við þá skyldu rekstrarfélagsins að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku þannig að það samræmist hagsmunum verðbréfasjóðsins.

2. Aðildarríki skulu heimila rekstrarfélagi, að því er varðar i-lið b-liðar 1. mgr., að greina í stuttu máli frá grundvallarskilmálum í fyrirkomulaginu, sem tengist þóknunum, umboðslaunum eða óþeningalegum ávinningi, að því tilskildu að rekstrarfélagið skuldbindi sig til að greina frá frekari upplýsingum að beiðni eiganda hlutdeildarskírteina og að því tilskildu að það virði þessa skuldbindingu.

V. KAFLI

EINSTÖK ATRIÐI SAMKOMULAGSINS MILLI VÖRSLUFYRIRTÆKIS OG REKSTRARFÉLAGS

(5. mgr. 23. gr. og 5. mgr. 33. gr. í tilskipun 2009/65/EB)

30. gr.

Þættir sem tengjast verklagi sem aðilum að samkomulaginu ber að fylgja

Aðildarríki skulu krefjast þess að vörslufyrirtækið og rekstrarfélagið, sem um getur í þessum kafla sem „aðilar að samkomulaginu“, fjalli í skriflega samkomulaginu, sem um getur annaðhvort í 5. mgr. 23. gr. eða 5. mgr. 33. gr. í tilskipun 2009/65/EB, a.m.k. um eftirfarandi atriði í tengslum við þjónustuna sem aðilar að samkomulaginu veita og verklag sem þeim ber að fylgja:

a) lýsingu á verklaginu, þ.m.t. það sem tengist varðveislu, sem skal samþykkja fyrir hvern eignaflokk verðbréfasjóðsins sem falinn er vörslufyrirtækinu,

b) lýsingu á verklaginu sem ber að fylgja ef rekstrarfélagið gerir ráð fyrir að breyta sjóðsreglum eða lýsingu verðbréfasjóðsins og tilgreina hvenær beri að upplýsa vörslufyrirtækið, eða hvenær þörf er á undanfarandi samkomulagi við vörslufyrirtækið til að hægt sé að halda áfram með breytinguna,

c) lýsingu á aðferðum og verklagi sem vörslufyrirtækið notar til að senda rekstrarfélaginu allar viðeigandi upplýsingar sem það þarf til að inna starf sitt af hendi, þ.m.t. lýsing á aðferðum og verklagi í tengslum við nýtingu réttinda sem eru tengd fjármálagerningum, og aðferðum og verklagi sem beitt er til að gera rekstrarfélaginu og verðbréfasjóðnum kleift að hafa tímanlegt og nákvæmt aðgengi að upplýsingum í tengslum við reikninga verðbréfasjóðsins,

d) lýsingu á aðferðum og verklagi sem vörslufyrirtækið getur nýtt til að nálgast allar viðeigandi upplýsingar sem það þarf til að geta uppfyllt skyldur sínar,

e) lýsingu á verklagi sem vörslufyrirtækið getur fylgt til að spyrjast fyrir um framkvæmd rekstrarfélagsins og til að meta gæði sendra upplýsinga, þ.m.t. með vettvangsheimsóknum,

f) lýsingu á verklagi sem rekstrarfélagið getur farið eftir við endurskoðun á frammistöðu vörslufyrirtækisins að því er varðar samningsbundnar skyldur vörslufyrirtækisins.

31. gr.

Þættir í tengslum við upplýsingaskipti og skuldbinding um þagnarskyldu og viðnám gegn peningaþvætti

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að aðilar að samkomulaginu, sem um getur í 5. mgr. 23. gr. eða 5. mgr. 33. gr. tilskipunar 2009/65/EB, fjalli a.m.k. um eftirfarandi þætti í tengslum við upplýsingaskipti og skuldbindingu um þagnarskyldu og viðnám gegn peningaþvætti í því samkomulagi:

a) skrá yfir allar upplýsingar sem verðbréfasjóðurinn, rekstrarfélag hans og vörslufyrirtæki þurfa að skiptast á í tengslum við áskrift, innlausn, útgáfu, afpöntun og endurkaup hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðnum,

b) þagnarskyldu sem gildir um aðila að samkomulaginu,

c) upplýsingar um verkefni og ábyrgð aðila að samkomulaginu að því er varðar skyldur í tengslum við að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, eftir atvikum.

2. Skyldurnar sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu settar fram með þeim hætti að þær skerði hvorki getu lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki rekstrarfélags né lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins til að fá aðgang að viðeigandi skjölum og upplýsingum.

32. gr.

Þættir í tengslum við tilnefningu þriðju aðila

Geri vörslufyrirtækið eða rekstrarfélagið ráð fyrir að tilnefna þriðja aðila til að inna af hendi skyldur sínar skulu aðildarríki krefjast þess að báðir aðilar að samkomulaginu, sem um getur annaðhvort í 5. mgr. 23. gr. eða 5. mgr. 33. gr. tilskipunar 2009/65/EB, fjalli a.m.k. um eftirfarandi atriði í því samkomulagi:

a) skuldbindingu beggja aðila um að veita með reglulegu millibili upplýsingar um alla þá þriðju aðila sem vörslufyrirtækið eða rekstrarfélagið tilnefnir til að inna af hendi skyldur sínar,

b) skuldbinding um að ef annar hvor aðilinn óskar eftir því þá muni hinn aðilinn veita upplýsingar um viðmiðanirnar sem við er stuðst við val á þriðja aðila og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að hafa eftirlit með starfseminni sem þriðji aðili sinnir,

c) yfirlýsingu þess efnis að það breyti ekki ábyrgð vörslufyrirtækis skv. 24. eða 34. gr. tilskipunar 2009/65EB þótt það hafi falið þriðja aðila einhverjar eða allar eignir sem því hefur verið falið að varðveita.

33. gr.

Þættir í tengslum við mögulegar breytingar og slit samkomulagsins

Aðildarríki skulu krefjast þess að aðilar að samkomulaginu, sem um getur í 5. mgr. 23. gr. eða 5. mgr. 33. gr. tilskipunar 2009/65/EB, fjalli a.m.k. um eftirfarandi atriði í tengslum við breytingar og slit samkomulags í því samkomulagi:

a) gildistíma samkomulags,

b) skilyrði sem verða að vera fyrir hendi til að breyta megi samkomulaginu eða slíta því,

c) skilyrði sem nauðsynleg eru til að auðvelda flutning til annars vörslufyrirtækis og, ef um er að ræða slíkan flutning, með hvaða hætti vörslufyrirtækið skal senda allar viðeigandi upplýsingar til hins vörslufyrirtækisins.

34. gr.

Gildandi lög

Aðildarríki skulu krefjast þess að aðilar að samkomulaginu, sem um getur í 5. mgr. 23. gr. eða 5. mgr. 33. gr. tilskipunar 2009/65/EB, tilgreini að lög heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins gildi um samkomulagið.

35. gr.

Rafræn sending upplýsinga

Í tilvikum sem aðilar að samkomulaginu, sem um getur í 5. mgr. 23. gr. eða 5. mgr. 33. gr. tilskipunar 2009/65/EB, samþykkja að beita rafrænni sendingu vegna hluta eða allra upplýsinganna sem þeir skiptast á skulu aðildarríki krefjast þess að slíkt samkomulag feli í sér ákvæði sem tryggja að slíkar upplýsingar séu skráðar.

36. gr.

Gildissvið samkomulagsins

Aðildarríki geta heimilað að samkomulagið, sem um getur í 5. mgr. 23. gr. eða 5. mgr. 33. gr. tilskipunar 2009/65/EB, gildi um fleiri en einn verðbréfasjóð undir stjórn rekstrarfélagsins. Ef svo er skal skrá viðkomandi verðbréfasjóð í samkomulagið.

37. gr.

Þjónustusamningur

Aðildarríki skulu heimila aðilum að samkomulaginu að fjalla um upplýsingar um aðferðir og verklag, sem um getur í c- og d-lið 30. gr., annaðhvort í samkomulaginu sem um getur í 5. mgr. 23. gr. eða 5. mgr. 33. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða í sérstöku skriflegu samkomulagi.

VI. KAFLI

ÁHÆTTUSTÝRING

(1. mgr. 51. gr. í tilskipun 2009/65/EB)

1. ÞÁTTUR

Áhættustýringarstefna og áhættumat

38. gr.

Áhættustýringarstefna

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög komi á, framkvæmi og viðhaldi fullnægjandi og skjalfestri áhættustýringarstefnu sem greinir þá áhættu sem verðbréfasjóðurinn sem þau stjórna er, eða kann að verða óvarinn fyrir.

Áhættustýringarstefnan skal taka til aðferða sem nauðsynlegar eru til að gera rekstrarfélaginu kleift að meta markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhættu fyrir hvern verðbréfasjóð sem það stjórnar, og alla aðra áhættu sem sá verðbréfasjóður er óvarinn fyrir, þ.m.t. rekstraráhætta sem getur verið veruleg fyrir hvern verðbréfasjóð sem það stjórnar.

Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög fjalli a.m.k. um eftirfarandi þætti í áhættustýringarstefnu sinni:

a) aðferðir, tæki og fyrirkomulag sem gerir þeim kleift að vera í samræmi við skyldurnar sem settar eru fram í 40. gr. og 41. gr.,

b) úthlutun ábyrgðar er varðar áhættustýringu innan rekstrarfélagsins.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að í áhættustýringarstefnunni sem um getur í 1. mgr. séu tilgreindir skilmálar, inntak og tíðni skýrslugjafar um áhættustýringarstarfsemina, sem um getur í 12. gr., til stjórnarinnar og yfirstjórnarinnar og, eftir því sem við á, til eftirlitseiningarinnar.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skulu aðildarríki tryggja að rekstrarfélög taki tillit til eðlis, umfangs og þess hve flókin starfsemi þeirra og verðbréfasjóðsins sem þau stjórna er.

39. gr.

Mat, eftirlit og endurskoðun á áhættustýringarstefnu

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög meti, hafi eftirlit og endurskoði með reglulegu millibili:

a) hvort áhættustýringarstefnan og fyrirkomulag, ferli og aðferðir sem um getur í 40. gr. og 41. gr. séu fullnægjandi og skilvirkar,

b) í hvaða mæli rekstrarfélagið fylgi áhættustýringarstefnunni og fyrirkomulagi, ferlum og aðferðum sem um getur í 40. gr. og 41. gr.,

c) hvort ráðstafanir sem ætlað er að taka á annmörkum við framkvæmd áhættustýringarferlisins séu fullnægjandi og skilvirkar.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tilkynni lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis síns um verulegar breytingar á áhættustýringarferlinu.

3. Aðildarríki skulu tryggja að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., séu stöðugt endurskoðaðar af lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins, og við veitingu leyfis.

2. ÞÁTTUR

Áhættustýringarferli, mótaðilaáhætta og samþjöppun útgefenda

40. gr.

Áhættumat og áhættustýring

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög samþykki fullnægjandi og árangursríkt fyrirkomulag, ferli og aðferðir til að:

a) meta og stjórna á hverjum tíma þeirri áhættu sem verðbréfasjóðurinn sem þau stjórna er, eða gæti verið óvarinn fyrir,

b) tryggja að farið sé að takmörkunum varðandi heildaráhættu og mótaðilaáhættu í samræmi við 41. gr. og 43. gr.

Þetta fyrirkomulag, ferli og aðferðir skulu vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flókin starfsemi rekstrarfélaganna og verðbréfasjóðsins sem þau stjórna er, og vera í samræmi við áhættusnið verðbréfasjóðsins.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu aðildarríki krefjast þess að rekstrarfélög grípi til eftirfarandi aðgerða fyrir hvern og einn verðbréfasjóð sem þau stjórna:

a) komi á fyrirkomulagi, ferlum og aðferðum við áhættumat sem nauðsynlegt er til að tryggja að áhætta af teknum stöðum og framlag þeirra til heildaráhættusniðsins sé metið nákvæmlega á grundvelli traustra og áreiðanlegra gagna, og að fyrirkomulag, ferlar og aðferðir við áhættumatið sé skjalfest með fullnægjandi hætti,

b) framkvæmi, eftir því sem við á, reglubundið afturvirkt eftirlit til að endurskoða gildi áhættumatsfyrirkomulagsins sem felur í sér notkun spá- og matslíkana,

c) framkvæmi, eftir því sem við á, reglubundin álagspróf og sviðsmyndagreiningar til að taka á áhættu sem leiðir af mögulegum breytingum á markaðsaðstæðum sem gætu haft slæm áhrif á verðbréfasjóðinn,

d) komi á, innleiði og viðhaldi skjalfestu kerfi um innri takmarkanir varðandi mat sem beitt er til að stjórna og hafa eftirlit með viðeigandi áhættu sem varðar hvern verðbréfasjóð fyrir sig að teknu tilliti til allrar áhættu sem gæti haft veruleg áhrif á verðbréfasjóðinn eins og um getur í 38. gr. og tryggi samræmi við áhættusnið verðbréfasjóðsins,

e) tryggi að núverandi áhættustig sé í samræmi við kerfið um áhættutakmörkun eins og segir í d-lið fyrir hvern verðbréfasjóð,

f) komi á, innleiði og viðhaldi fullnægjandi verklagi sem, ef um er að ræða raunveruleg eða fyrirséð brot á kerfi verðbréfasjóðsins um takmörkun áhættu, leiðir til þess að gripið verði tímanlega til ráðstafana til úrbóta með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

3. Aðildarríki skulu tryggja að rekstrarfélög beiti viðeigandi stýringu lausafjáráhættu til að tryggja að hver og einn verðbréfasjóður sem þau stjórna uppfylli ávallt 1. mgr. 84. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

Rekstrarfélög skulu, eftir því sem við á, framkvæma álagspróf sem gera þeim kleift að meta lausafjáráhættu verðbréfasjóðsins við óvenjulegar aðstæður.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi, fyrir hvern verðbréfasjóð sem þau stjórna, að lausafjársnið fjárfestinga verðbréfasjóðsins sé í samræmi við innlausnarstefnuna sem sett er fram í sjóðsreglunum, stofnsamningnum eða lýsingunni.

41. gr.

Útreikningur á heildaráhættu

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög reikni út að heildaráhætta verðbréfasjóðs sem það stjórnar, eins og um getur í 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/65/EB, sé annað hvort eftirfarandi:

a) aukin áhætta og skuldsetning vegna notkunar verðbréfasjóðsins, sem þau stjórna, á fjármálaafleiðugerningum, þ.m.t. innbyggðar afleiður samkvæmt fjórðu undirgrein 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/65/EB, sem má ekki vera umfram samtölu verðmætis hreinnar eignar verðbréfasjóðsins,

b) markaðsáhætta eignasafns verðbréfasjóðsins.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög reikni út heildaráhættu verðbréfasjóðsins eigi sjaldnar en daglega.

3. Aðildarríki geta heimilað rekstrarfélögum að reikna út heildaráhættu með notkun staðfestuaðferðarinnar, vágildisaðferðarinnar eða annarra þróaðra áhættumatsaðferða sem eiga við. Að því er varðar þetta ákvæði merkir „vágildi“ mælikvarða á hámark vænts taps á tilteknu öryggisstigi á tilteknu tímabili.

Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að aðferðin sem valin er til að mæla heildaráhættu sé viðeigandi, að teknu tilliti til fjárfestingaráætlunar verðbréfasjóðsins og tegundar og þess hversu flóknir afleiðugerningar eru notaðir, og hversu hátt hlutfall eignasafns verðbréfasjóðsins er fjármálaafleiðugerningar.

4. Ef verðbréfasjóður, í samræmi við 2. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/65/EB, beitir tækni og tækjum, þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup eða verðbréfalánveitingar til að auka skuldsetningu eða markaðsáhættu, skulu aðildarríki krefjast þess að rekstrarfélög taki viðkomandi viðskipti til greina við útreikning á heildaráhættu.

42. gr.

Staðfestuaðferð

1. Ef staðfestuaðferðinni er beitt við útreikning á heildaráhættu skulu aðildarríki krefjast þess að rekstrarfélög beiti þeirri aðferð á alla fjármálaafleiðugerninga, þ.m.t. innbyggðar afleiður sem um getur í fjórðu undirgrein 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/65/EB, hvort sem þær eru notaðar í samræmi við almenna fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins, til að draga úr áhættu eða að því er varðar skilvirka stýringu eignasafns eins og um getur í 2. mgr. 51. gr. í þeirri tilskipun.

2. Ef staðfestuaðferðinni er beitt við útreikning á heildaráhættu skulu aðildarríki krefjast þess að rekstrarfélög umreikni hvern og einn fjármálaafleiðugerning í eignasafninu yfir í markaðsvirði sambærilegrar stöðu í undirliggjandi eign viðkomandi afleiðu (hefðbundna staðfestuaðferðin).

Aðildarríki geta heimilað rekstrarfélögum að beita öðrum útreikningsaðferðum sem eru jafngildar hefðbundnu staðfestuaðferðinni.

3. Aðildarríki geta heimilað rekstrarfélögum að taka til greina skuldajöfnun og áhættuvarnir við útreikning á heildaráhættu, ef slíkt fyrirkomulag lítur ekki framhjá augljósri og verulegri áhættu og dregur greinilega úr áhættu.

4. Ef notkun fjármálaafleiðugerninga eykur ekki áhættu verðbréfasjóðsins þarf ekki að taka tillit til undirliggjandi áhættu við staðfestuútreikninginn.

5. Ef staðfestuaðferðinni er beitt þarf ekki að taka tillit til skammtímalána sem verðbréfasjóðurinn hefur tekið í samræmi við 83. gr. tilskipunar 2009/65/EB við útreikning á heildaráhættu.

43. gr.

Mótaðilaáhætta og samþjöppun útgefenda

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að mótaðilaáhætta, sem leiðir af afleiðugerningi utan verðbréfamarkaðar, falli undir takmarkanir sem settar eru fram í 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

2. Við útreikning á mótaðilaáhættu verðbréfasjóðsins í samræmi við takmarkanir eins og um getur í 1. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB skulu rekstrarfélög nota jákvætt markaðsvirði afleiðusamnings utan verðbréfamarkaðar við þann mótaðila.

Rekstrarfélög geta skuldajafnað afleiðustöðu verðbréfasjóðs við sama mótaðila, að því tilskildu að þeir geti löglega framfylgt skuldajöfnunarsamningunum við mótaðilann fyrir hönd verðbréfasjóðsins. Skuldajöfnun er eingöngu leyfileg að því er varðar afleiðugerninga utan verðbréfamarkaðar ef þeir eru við sama mótaðila og tengjast engri annarri áhættu verðbréfasjóðsins sem gæti haft sama mótaðila.

3. Aðildarríki geta heimilað rekstrarfélögum að minnka áhættu verðbréfasjóðsins gagnvart mótaðila í viðskiptum með afleiðu utan verðbréfamarkaðar ef félagið fær tryggingu. Móttekin trygging skal vera nægilega seljanleg til að unnt sé að selja hana hratt og á verði sem er nálægt verðmati hennar fyrir sölu.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög taki tillit til trygginga við útreikning á mótaðilaáhættu, eins og um getur í 1. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB, þegar rekstrarfélagið framselur tryggingu til mótaðila í afleiðuviðskiptum utan verðbréfamarkaðar fyrir hönd verðbréfasjóðsins. Aðeins má taka tillit til framseldra trygginga við skuldajöfnun ef rekstrarfélagið getur löglega framfylgt skuldajöfnunarsamningum við mótaðilann fyrir hönd verðbréfasjóðsins.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög reikni út fjárfestingarmark útgefanda eins og um getur í 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB á grundvelli undirliggjandi áhættu vegna notkunar fjármálaafleiðugerninga samkvæmt staðfestuaðferðinni.

6. Að því er varðar áhættu vegna viðskipta með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, eins og um getur í 2. mgr. 52. gr tilskipunar 2009/65/EB, skulu aðildarríki krefjast þess að rekstrarfélög taki tillit til mótaðilaáhættu vegna afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða við útreikninginn.

3. ÞÁTTUR

Verklag við verðmat á afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða

44. gr.

Verklag við mat á virði afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög sannreyni að áhætta verðbréfasjóðs vegna afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða sé metin á gangvirði sem byggir ekki eingöngu á markaðsskráningu mótaðilans í viðskiptunum og sem uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. mgr. 8. gr. tilskipunar 2007/16/EB.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu rekstrarfélög koma á, framkvæma og viðhalda fyrirkomulagi og verklagi sem tryggir viðeigandi, gagnsætt og sanngjarnt mat á áhættu verðbréfasjóðs vegna afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög tryggi að gangvirði afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða sé metið á fullnægjandi, nákvæman og óháðan hátt.

Matsfyrirkomulag og -ferli skal vera fullnægjandi og í réttu hlutfalli við eðli viðkomandi afleiðu utan skipulegra verðbréfamarkaða og það hversu flókin hún er.

Rekstrarfélög skulu fara að kröfunum sem settar eru fram í 2. mgr. 5. gr. og í annarri undirgrein 4. mgr. 23. gr. ef fyrirkomulag og verklag við mat á afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða felur í sér að þriðju aðilar framkvæmi tilteknar aðgerðir.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal úthluta áhættustýringarstarfseminni tilteknum skyldum og ábyrgð.

4. Matsfyrirkomulag og -ferli sem um getur í 2. mgr. skal vera fullnægjandi skjalfest.

4. ÞÁTTUR

Sending upplýsinga um afleiðugerninga

45. gr.

Skýrslur um afleiðugerninga

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög afhendi lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu, eigi sjaldnar en árlega, skýrslur með upplýsingum sem gefa glögga mynd af þeim tegundum afleiða sem hver og einn verðbréfasjóður notar, undirliggjandi áhættu, magntakmörkunum og aðferðum sem notaðar eru til að meta áhættu í tengslum við afleiðuviðskiptin.

2. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins endurskoði tíðni og heilleika upplýsinga sem um getur í 1. mgr. og að þau hafi tækifæri til íhlutunar þegar við á.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

46. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

47. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

48. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 1. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/44/ESB **2014/EES/54/102**

frá 1. júlí 2010

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) ([1]), einkum 5. mgr. 43. gr., a- og c-lið 6. mgr. 60. gr., 3. mgr. 61. gr., 4. mgr. 62. gr., a-lið 4. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 95. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Upplýsingarnar sem veita skal eigendum hlutdeildarskírteina samkvæmt 1. mgr. 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB ef um er að ræða samruna skulu endurspegla mismunandi þarfir eigenda hlutdeildarskírteina samrunasjóða og viðtökusjóða og stuðla að skilningi þeirra.

2) Ekki skal krefja samruna- eða viðtökusjóðina um að telja með aðrar upplýsingar en þær sem um getur í 3. mgr. 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB og í 3.–5. gr. þessarar tilskipunar í upplýsingaskjalið. Samruna- eða viðtökusjóðir geta samt sem áður bætt öðrum mikilvægum upplýsingum við í tengslum við fyrirhugaða samrunann.

3) Sé aukið við upplýsingaskjalið í samræmi við 1. mgr. 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB með samantekt, leysir það verðbréfasjóðinn ekki undan þeirri skuldbindingu að komast hjá notkun langra eða tæknilegra útskýringa í upplýsingaskjalinu.

4) Í upplýsingunum sem veita skal eigendum hlutdeildarskírteina viðtökusjóða samkvæmt 1. mgr. 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB skal gera ráð fyrir að þessir eigendur hlutdeildarskírteina séu þegar allkunnugir eiginleikum viðtökusjóða, þeim réttindum sem þeir njóta í tengslum við þá og hvernig þeir eru starfræktir. Því ætti megináherslan að vera á framkvæmd samrunans og hugsanleg áhrif hans á viðtökusjóðina.

5) Samræma þarf með hvaða hætti upplýsingarnar samkvæmt 43. gr. og 64. gr. tilskipunar 2009/65/EB eru veittar eigendum hlutdeildarskírteina. Þær upplýsingar miða að því að gera eigendum hlutdeildarskírteina kleift að taka upplýsta ákvörðun um hvort þeir vilji halda áfram að fjárfesta eða fara fram á innlausn, þar sem verðbréfasjóður er annaðhvort hluti af samruna, breytist í fylgisjóð eða breytir höfuðsjóðnum. Eigendum hlutdeildarskírteina skal vera kunnugt um fyrrnefnda stóra breytingu sem verðbréfasjóðurinn undirgengst og þeir skulu vera í stöðu til að lesa upplýsingarnar. Af þeirri ástæðu skal senda upplýsingarnar persónulega til eigenda hlutdeildarskírteina, annaðhvort á pappír eða með öðrum varanlegum miðli, líkt og tölvupósti (tölvupóstfang). Notkun rafrænna miðla ætti að gera verðbréfasjóðum kleift að veita upplýsingarnar á kostnaðarhagkvæman hátt. Þessi tilskipun ætti ekki að útheimta að verðbréfasjóðir upplýsi eigendur hlutdeildarskírteina sinna beint, heldur ætti að taka tilhlýðilegt tillit til sérstakra eiginleika í tilteknum aðildarríkjum þar sem verðbréfasjóðir eða

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 23.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

rekstrarfélög þeirra geta ekki haft beint samband við eigendur hlutdeildarskírteina, af lagalegum ástæðum eða hagkvæmnisástæðum. Verðbréfasjóðir ættu einnig að geta veitt upplýsingarnar með því að senda þær áfram til vörsluaðilans eða miðlara, að því tilskildu að tryggt sé að allir eigendur hlutdeildarskírteina veiti upplýsingunum viðtöku í tæka tíð. Þessi tilskipun á einungis að samræma með hvaða hætti upplýsingarnar eru veittar eigendum hlutdeildarskírteina, samkvæmt 43. gr. og 64. gr. tilskipunar 2009/65/EB. Aðildarríki geta komið á landsbundnum reglum um veitingu annarra tegunda upplýsinga til eigenda hlutdeildarskírteina.

6) Samkomulagið á milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins skal taka til greina sérstakar þarfir fylgisjóðsins, sem fjárfestir að lágmarki 85% af eignum sínum í höfuðsjóðnum, um leið og hún uppfyllir allar kröfur sem verðbréfasjóður. Samkomulagið skal því að tryggja að höfuðsjóðurinn veiti fylgisjóðnum allar nauðsynlegar upplýsingar á tilhlýðilegum tíma, til að gera fylgisjóðnum kleift að standa við eigin skuldbindingar. Í því skal einnig mæla fyrir um önnur réttindi og skyldur beggja aðila.

7) Aðildarríki skulu ekki krefjast þess að samkomulagið á milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins, skv. fyrstu undirgrein 1. mgr. 60. gr., nái yfir aðra þætti en þá sem um getur í VIII. kafla tilskipunar 2009/65/EB og 8.–14. gr. þessarar tilskipunar. Samkomulagið getur samt sem áður náð yfir aðra þætti, mæli höfuðsjóðurinn og fylgisjóðurinn svo fyrir um.

8) Sé fyrirkomulag viðskipta á milli höfuðsjóðs og fylgisjóðs ekki frábrugðið því sem gildir um alla eigendur hlutdeildarskírteina höfuðsjóðsins sem er ekki fylgisjóður og þar sem mælt er fyrir um slíkt fyrirkomulag í lýsingu höfuðsjóðsins, þarf samkomulagið á milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins ekki að endurgera þetta staðlaða fyrirkomulag viðskipta, en getur millivísað í viðkomandi hluta lýsingar höfuðsjóðsins til að hjálpa greininni við að lækka kostnað og draga úr stjórnsýsluálagi.

9) Samkomulagið á milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins skal fela í sér viðeigandi aðferð til meðhöndlunar fyrirspurna og kvartana frá eigendum hlutdeildarskírteina með það fyrir augum að taka á bréfaskiptum, sem hafa fyrir mistök verið send höfuðsjóðnum í stað fylgisjóðnum eða öfugt.

10) Til að spara viðskiptakostnað og komast hjá neikvæðum skattaáhrifum geta höfuðsjóðurinn og fylgisjóðurinn kosið að vera einhuga um yfirfærslu eigna í fríðu, nema það sé bannað samkvæmt landslögum eða ósamrýmanlegt sjóðsreglum eða stofnsamningum, annaðhvort höfuðsjóðsins eða fylgisjóðsins. Möguleikinn á yfirfærslu eigna í fríðu í höfuðsjóðinn, ætti einkum að hjálpa þeim fylgisjóðum sem hafa þegar stundað starfsemi sem verðbréfasjóður, þ.m.t. fylgisjóður annars höfuðsjóðs, til að komast hjá viðskiptakostnaði sem hlýst af eignasölu sem bæði fylgisjóðurinn og höfuðsjóðurinn hafa fjárfest í. Fylgisjóðurinn á einnig að geta tekið við, ef hann óskar þess, öðrum eignum í fríðu frá höfuðsjóðnum, þar sem unnt er á þann hátt að lækka viðskiptakostnað og komast hjá neikvæðum skattaáhrifum. Yfirfærsla eigna í fríðu í fylgisjóðinn skal ekki takmarkast við tilvik þegar um er að ræða félagsslit, samruna eða skiptingu höfuðsjóðsins, heldur skal hún einnig vera möguleg við aðrar aðstæður.

11) Til að viðhalda nauðsynlegum sveigjanleika, með hagsmuni fjárfesta að leiðarljósi, skal fylgisjóðurinn, sem tók við eignum í fríðu, annað hvort geta flutt einhverjar eða allar viðkomandi eignir til höfuðsjóðsins ef höfuðsjóðurinn samþykkir það, eða selja eignir fyrir reiðufé í því skyni að fjárfesta í höfuðsjóðnum.

12) Vegna sérstöðu skipunar höfuðsjóða og fylgisjóða er nauðsynlegt að samningurinn milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins kveði á um mismun milli réttarreglna sem leiða af 3. gr. og 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I)([2]) þannig að lögin sem gilda um þennan samning eru annað hvort lög aðildarríkis þar sem fylgisjóður hefur staðfestu eða höfuðsjóðsins. Aðilunum skal því vera frjálst að leggja mat á kosti og galla þessa valkosts og taka tillit til þess hvort höfuðsjóðurinn hafi marga fylgisjóði og hvort þessum fylgisjóðum hafi verið komið á fót í aðeins einu eða fleiri aðildarríkjum.

13) Ef um er að ræða félagsslit, samruna eða skiptingu höfuðsjóðsins, þar sem tilskipun 2009/65/EB veitir eigendum hlutdeildarskírteina rétt til að óska eftir innlausn, skal fylgisjóðurinn ekki grafa undan þeim réttindum með því að fresta tímabundið endurkaupum eða innlausn, nema það sé nauðsynlegt vegna sérstakra aðstæðna til að vernda hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina eða ef lögbær yfirvöld skipa fyrir um það.

14) Þar sem samruni eða skipting höfuðsjóðs getur tekið gildi innan 60 daga, getur fresturinn fyrir fylgisjóðinn til að sækja um og fá samþykki fyrir ný fjárfestingaráform sín og til að veita eigendum hlutdeildarskírteina fylgisjóðsins rétt til að óska eftir endurkaupum eða innlausn innan 30 daga í undantekningartilvikum verið of stuttur til að fylgisjóðurinn geti komist að því fyrir víst hversu margir af eigendum hlutdeildarskírteina fylgisjóðsins munu óska eftir innlausn. Við slíkar aðstæður skal fylgisjóðnum, að meginreglu til, vera skylt að óska eftir innlausn á allri hlutdeild sinni í höfuðsjóðnum. Til að koma í veg fyrir óþarfa viðskiptakostnað skal fylgisjóðurinn hins vegar geta beitt öðrum aðferðum til að tryggja að eigendur hlutdeildarskírteina fylgisjóðsins geti nýtt rétt sinn til að óska eftir innlausn, um leið og hann dregur úr viðskiptakostnaði eða kemur í veg fyrir önnur neikvæð áhrif. Einkum skal fylgisjóðurinn sækja um samþykki eins fljótt og hægt er. Auk þess skal fylgisjóðnum t.d. ekki vera skylt að óska eftir innlausn að því marki sem eigendur hlutdeildarskírteina fylgisjóðsins kjósa

([2]) Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6.

að nýta sér ekki þann kost. Ef fylgisjóðurinn óskar eftir innlausn hjá höfuðsjóðnum skal hann huga að því hvort innlausn í fríðu gæti minnkað viðskiptakostnað og komið í veg fyrir önnur neikvæð áhrif.

15) Samkomulagið milli vörsluaðila höfuðsjóðs og fylgisjóðs um upplýsingaskipti skal gera vörsluaðila fylgisjóðs kleift að taka við viðeigandi upplýsingum og skjölum sem hann þarfnast til að geta sinnt skyldum sínum. Vegna sértæki þessa samnings skal í honum kveðið á um sömu reglur um lagaskil eins og mælt er fyrir um í samkomulaginu milli höfuðsjóðs og fylgisjóðs sem víkur frá 3. gr. og 4. gr. Róm I reglugerðarinnar. Í samkomulaginu um upplýsingaskipti skal þó hvorki krafist þess að vörsluaðili höfuðsjóðsins né fylgisjóðsins annist verkefni sem eru bönnuð eða ekki er kveðið á um í landslögum í heimaaðildarríki þeirra.

16) Skýrslugjöfinni um frávik, sem vörsluaðili höfuðsjóðsins greinir við störf sín sem vörsluaðili samkvæmt landslögum heimaaðildarríkis síns, er ætlað að vernda fylgisjóðinn. Af þeirri ástæðu skal skýrslugjafar ekki krafist þar sem þessi frávik hafa ekki neikvæð áhrif á fylgisjóðinn. Ef frávik að því er varðar höfuðsjóðinn hafa neikvæð áhrif á fylgisjóðinn skal hinn síðarnefndi einnig upplýstur um hvort og hvernig leyst hefur verið úr frávikunum. Vörsluaðili höfuðsjóðsins skal því upplýsa vörsluaðila fylgisjóðsins um með hvaða hætti höfuðsjóðurinn hefur leyst úr eða leggur til að leyst verði úr frávikinu. Ef vörsluaðili fylgisjóðsins er ekki fullviss um að úrlausnin sé eigendum hlutdeildarskírteina fylgisjóðsins fyrir bestu, skal hann án tafar tilkynna fylgisjóðnum um þá skoðun sína.

17) Samkomulagið milli endurskoðenda höfuðsjóðs og fylgisjóðs um upplýsingaskipti skal gera endurskoðanda fylgisjóðsins kleift að taka við öllum viðeigandi upplýsingum og skjölum sem hann þarfnast til að geta sinnt skyldum sínum. Vegna sértæki þessa samnings skal í honum kveðið á um sömu reglur um lagaskil eins og mælt er fyrir um í samkomulaginu milli höfuðsjóðs og fylgisjóðs sem víkur frá 3. gr. og 4. gr. Róm I reglugerðarinnar.

18) Tilgreina skal umfang upplýsinganna sem veita skal aðgang að með rafrænum hætti, í samræmi við 3. mgr. 91. gr. tilskipunar 2009/65/EB, til að veita réttarvissu að því er varðar þá flokka upplýsinga sem ber að taka með.

19) Til þess að kveða megi á um sameiginlega stefnu um rafrænan aðgang lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki verðbréfasjóðsins að gögnunum, sem um getur í 2. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skal þess krafist að hver og einn verðbréfasjóður eða rekstrarfélag hans tilgreini vefsetur þar sem slík gögn eru gerð aðgengileg á rafrænu formi sem er almennt notað. Einnig er nauðsynlegt að setja fram aðferð við rafræna tilkynningu til lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki verðbréfasjóðsins um breytingar á þessum gögnum, í samræmi við 7. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar.

20) Til að gera verðbréfasjóðum og rekstrarfélögum þeirra kleift að aðlaga sig að nýjum kröfum um aðferð og hátt við veitingu upplýsinga til eigenda hlutdeildarskírteina, í tilvikum sem um getur í 7. gr. og 29. gr. skulu aðildarríki fá lengri frest til að innleiða þessar kröfur í landsbundið réttarkerfi sitt. Það er sérstaklega mikilvægt í þeim tilvikum sem verðbréfasjóðirnir eða rekstrarfélög þeirra geta ekki, af lagalegum eða hagkvæmnisástæðum, upplýst eigendur hlutdeildarskírteina beint. Verðbréfasjóðir sem eiga rafræn handhafahlutabréf skulu geta gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eigendur hlutdeildarskírteina fái upplýsingarnar í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 8. gr. og 32. gr. Verðbréfasjóðir sem eiga útprentuð handhafahlutabréf skulu geta breytt þeim í skráð hlutabréf eða rafræn handhafahlutabréf, ef þeir vilja geta tekið þátt í samruna, umbreyst í fylgisjóð eða breytt höfuðsjóðnum.

21) Leitað hefur verið til samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB ([3]) um tæknilega ráðgjöf.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENNT

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd 43. gr. (5. mgr) og 60. gr. (a- og c-liður 6. mgr.), 61. gr. (3. mgr.) og 62. gr. (4. mgr.), 64. gr. (a-liður 4. mgr.) og 95. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2009/65/EB.

([3]) Stjtíð. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 18.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „endurstilling eignasafns“: veruleg breyting á samsetningu eignasafns verðbréfasjóðs,

2. „tilbúnir mælikvarðar á áhættu og ávinningi“: tilbúnir mælikvarðar í skilningi 8. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2010 frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vefsetri ([4]).

II. KAFLI

SAMRUNAR VERÐBRÉFASJÓÐA

1. ÞÁTTUR

Innihald samrunaupplýsinga

3. gr.

Almennar reglur varðandi innihald upplýsinga sem veita á eigendum hlutdeildarskírteina

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar, sem ber að veita eigendum hlutdeildarskírteina skv. 1. mgr. 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB, séu ritaðar á gagnorðan hátt og á máli sem leikmenn geta skilið og gerir eigendum hlutdeildarskírteina kleift að taka upplýsta ákvörðun um áhrif fyrirhugaðs samruna á fjárfestingu sína.

Ef um er að ræða fyrirhugaðan samruna yfir landamæri skal samrunasjóðurinn og viðtökusjóðurinn, eftir því sem við á, útskýra á skýru máli alla skilmála eða aðferðir í tengslum við hinn verðbréfasjóðinn sem er frábrugðið því sem venjulega er beitt í hinu aðildarríkinu.

2. Upplýsingarnar sem veita skal eigendum hlutdeildarskírteina í samrunasjóðnum skulu uppfylla þarfir fjárfesta sem ekki búa fyrirfram yfir neinni þekkingu á eiginleikum viðtökusjóðsins eða starfsemi hans. Þær skulu draga athygli þeirra að lykilupplýsingum fyrir fjárfesta viðtökusjóðsins og leggja áherslu á æskileika þess að lesa þær.

3. Upplýsingarnar sem veita skal eigendum hlutdeildarskírteina viðtökusjóðsins skulu leggja áherslu á framkvæmd samrunans og möguleg áhrif hans á viðtökusjóðinn.

4. gr.

Sértækar reglur varðandi inntak upplýsinga sem veita á eigendum hlutdeildarskírteina

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar, sem ber að veita eigendum hlutdeildarskírteina samrunasjóðsins í samræmi við b-lið 3. mgr. 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB, taki einnig til:

a) upplýsinga um hvers konar mismun á réttindum eigenda hlutdeildarskírteina samrunasjóðsins fyrir og eftir gildistöku fyrirhugaðs samruna,

b) ef lykilupplýsingar fyrir fjárfesta samrunasjóðsins og viðtökusjóðsins sýna tilbúna mælikvarða á áhættu og ávinning í mismunandi flokkum, eða greina mismunandi verulega áhættu í meðfylgjandi lýsingu, samanburðar á þessum mismun,

c) samanburðar á öllum gjöldum, þóknunum og útgjöldum beggja verðbréfasjóða á grundvelli fjárhæðanna sem settar eru fram í lykilupplýsingum þeirra fyrir fjárfesta, eftir því sem við á,

d) ef samrunasjóður beitir frammistöðutengdri þóknun, útskýringar á því með hvaða hætti henni verði beitt fram að þeim tíma sem samruninn tekur gildi,

e) ef viðtökusjóðurinn beitir frammistöðutengdri þóknun, hvernig henni verði beitt síðar til að tryggja sanngjarna meðferð þeirra eigenda hlutdeildarskírteina sem áður áttu hlutdeildarskírteini í samrunasjóðnum,

f) í tilvikum þar sem ákvæði 46. gr. tilskipunar 2009/65/EB heimila álagningu kostnaðar í tengslum við undirbúning og frágang samrunans annað hvort á samruna- eða viðtökusjóð eða einhvern af eigendum hlutdeildarskírteina þeirra, upplýsingar um hvernig áætlað er að úthluta þessum kostnaði,

g) skýringar á því hvort rekstrar- eða fjárfestingarfélag samrunasjóðsins ætli sér að framkvæma endurstillingu á eignasafninu áður en samruninn tekur gildi.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar, sem ber að veita eigendum hlutdeildarskírteina viðtökusjóðsins í samræmi við b-lið 3. mgr. 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB, taki einnig til útskýringar á því hvort rekstrar- eða fjárfestingarfélag viðtökusjóðsins vænti þess að samruninn hafi veruleg áhrif á eignasafn viðtökusjóðsins og hvort það ætli sér að framkvæma einhverja endurstillingu á eignasafninu, annað hvort fyrir eða eftir að samruninn tekur gildi.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar, sem ber að veita í samræmi við c-lið 3. mgr. 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB, taki einnig til:

a) upplýsinga um hvernig ber að meðhöndla áfallnar tekjur viðkomandi verðbréfasjóðs,

([4]) Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 1.

b) ábendingu um það hvernig megi nálgast skýrslu óháðs endurskoðanda eða vörslufyrirtækis sem um getur í 3. mgr. 42. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess, ef skilmálar fyrirhugaðs samruna fela í sér ákvæði um greiðslu í reiðufé í samræmi við i.- og ii.-lið p-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB, að upplýsingarnar sem ber að veita eigendum hlutdeildarskírteina samrunasjóðsins feli í sér upplýsingar um þá fyrirhuguðu greiðslu, þ.m.t. hvenær og hvort eigendur hlutdeildarskírteina samrunasjóðsins fái greiðsluna í reiðufé.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar, sem ber að veita í samræmi við d-lið 3. mgr. 43. gr., taki einnig til:

a) ef við á, samkvæmt landslögum, viðkomandi verðbréfasjóðs, með hvaða hætti eigendur hlutdeildarskírteina verða beðnir að samþykkja tillöguna um samruna, og hvaða fyrirkomulagi verði komið á til að upplýsa þá um niðurstöðuna,

b) upplýsinga um allar fyrirhugaðar frestanir á viðskiptum með hlutdeildarskírteini til þess ætlaðar að gera það kleift að framkvæma samrunann skilvirkt,

c) hvenær samruninn taki gildi í samræmi við 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

6. Aðildarríki skulu í tilvikum þar sem eigendur hlutdeildarskírteina þurfa að samþykkja fyrirhugaðan samruna, samkvæmt innlendum lögum viðkomandi verðbréfasjóðs, tryggja að upplýsingarnar geti innihaldið tilmæli viðkomandi rekstrarfélags eða stjórnar fjárfestingarfélags um framkvæmd aðgerða.

7. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar sem ber að veita eigendum hlutdeildarskírteina samrunasjóðsins taki einnig til:

a) tímabilsins sem eigendur hlutdeildarskírteina geta haldið áfram að skrifa sig fyrir hlutdeildarskírteinum og óska eftir innlausn á hlutdeildarskírteinum í samrunasjóðnum,

b) tímans þegar þeir eigendur hlutdeildarskírteina, sem ekki nýta rétt sinn sem þeim er veittur skv. 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2009/65/EB innan viðkomandi tímamarka, skulu geta nýtt réttindi sín sem eigendur hlutdeildarskírteina viðtökusjóðsins,

c) útskýring á að í tilvikum þegar eigendur hlutdeildarskírteina samrunasjóðs þurfa að samþykkja samrunann samkvæmt landslögum og tillagan er samþykkt með nauðsynlegum meirihluta, skulu þeir eigendur hlutdeildarskírteina, sem kjósa gegn tillögunni eða kjósa alls ekki og þeir sem nýta ekki réttinn sem þeim er veittur skv. 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2009/65/EB innan viðeigandi tímamarka, verða eigendur hlutdeildarskírteina viðtökusjóðsins.

8. Ef samantekt á lykilatriðunum í tillögu um samruna er sett fram í upphafi upplýsingaskjalsins skal millivísa í þá hluta upplýsingaskjalsins þar sem frekari upplýsingar eru veittar.

5. gr.

Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögð sé fram uppfærð útgáfa af lykilupplýsingum fyrir fjárfesta viðtökusjóðsins til núverandi eigenda hlutdeildarskírteina samrunasjóðsins.

2. Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta viðtökusjóðsins skulu lagðar fram til núverandi eigenda hlutdeildarskírteina viðtökusjóðsins ef þeim hefur verið breytt að því er varðar fyrirhugaðan samruna.

6. gr.

Nýir eigendur hlutdeildarskírteina

Á milli dagsetningarinnar þegar upplýsingaskjalið skv. 1. mgr. 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB er lagt fram til eigenda hlutdeildarskírteina og dagsetningarinnar þegar samruninn tekur gildi, skal leggja upplýsingaskjalið og uppfærðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta viðtökusjóðsins fyrir hvern og einn aðila sem kaupir eða skrifar sig fyrir hlutdeildarskírteinum annað hvort í samruna- eða viðtökusjóðnum eða óskar eftir því að fá afrit af sjóðsreglunum eða stofnsamningnum, útboðslýsingunni eða lykilupplýsingum fyrir fjárfesta í öðrum hvorum verðbréfasjóðnum.

2. ÞÁTTUR

Aðferð við að veita upplýsingarnar

7. gr.

Aðferð við veitingu upplýsinga til eigenda hlutdeildarskírteina

1. Aðildarríki skulu tryggja að samruna- og viðtökusjóðurinn leggi fram upplýsingarnar skv. 1. mgr. 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB til eigenda hlutdeildarskírteina, skriflega eða á öðrum varanlegum miðli.

2. Ef veita ber upplýsingarnar til allra eða tiltekinna eigenda hlutdeildarskírteina á varanlegum miðli öðrum en pappír skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) veiting upplýsinganna sé viðeigandi miðað við þær aðstæður sem viðskiptin milli eigenda hlutdeildarskírteina við samruna- eða viðtökusjóðinn eða, ef við á, viðkomandi rekstrarfélag, fara fram við eða munu fara fram við,

b) sá eigandi hlutdeildarskírteina sem á að fá upplýsingarnar kýs sérstaklega að þær séu veittar á öðrum varanlegum miðli þegar hann getur valið milli upplýsinga á pappír og annars varanlegs miðils.

3. Að því er varðar 1. mgr. og 2. mgr. skal litið svo á að veiting upplýsinga með rafrænum samskiptaleiðum sé viðeigandi miðað við aðstæðurnar, sem viðskipti milli samruna- og viðtökusjóðsins eða viðkomandi rekstrarfélags og eiganda hlutdeildarskírteina fara fram við eða munu fara fram við, ef unnt er að færa sönnur á að eigandi hlutdeildarskírteinanna hafi reglulega aðgang að Netinu. Litið skal á það sem slíka sönnun ef eigandi hlutdeildarskírteinanna gefur upp netfang í því skyni að sinna þessum viðskiptum.

III. KAFLI

SKIPAN HÖFUÐSJÓÐA OG FYLGISJÓÐA

1. ÞÁTTUR

Samkomulag milli fylgisjóðs og höfuðsjóðs og innri hátternisreglur viðskipta

1. undirþáttur

Inntak samkomulagsins á milli höfuðsjóðs og fylgisjóðs

8. gr.

Aðgangur að upplýsingum

Aðildarríki skulu krefjast þess að samkomulag milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli í sér eftirfarandi að því er varðar aðgengi að upplýsingum:

a) hvernig og hvenær höfuðsjóður leggur fram afrit til fylgisjóðsins af sjóðsreglum sínum eða stofnsamningi, lýsingu og lykilupplýsingum fyrir fjárfesta eða hvers kyns breytingar,

b) hvernig og hvenær höfuðsjóðurinn upplýsir fylgisjóðinn um úthlutun fjárfestingarstýringar- og áhættustýringarstarfsemi til þriðju aðila í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

c) eftir atvikum, hvernig og hvenær höfuðsjóðurinn leggur fram til fylgisjóðsins innri rekstrargögn, svo sem áhættustýringarferli og skýrslur um reglufylgni,

d) hvaða upplýsingar höfuðsjóðnum ber að veita fylgisjóðnum um brot höfuðsjóðsins á lögum, sjóðsreglum eða stofnsamningi og samkomulaginu milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins og hvernig og hvenær tilkynningin skal eiga sér stað,

e) ef fylgisjóðurinn beitir afleiðugerningum til áhættuvarna, hvernig og hvenær höfuðsjóðurinn skal veita fylgisjóðnum upplýsingar um raunverulega áhættu vegna afleiðugerninga, sem gerir fylgisjóðnum kleift að reikna út eigin heildaráhættu eins og gert er ráð fyrir í a-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 58. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

f) yfirlýsingu þess efnis að höfuðsjóður upplýsi fylgisjóð um hvers konar samkomulag um upplýsingaskipti sem gert hefur verið við þriðju aðila og, eftir atvikum, hvernig og hvenær höfuðsjóðurinn gerir slíkt samkomulag um upplýsingaskipti aðgengilegt fylgisjóðnum.

9. gr.

Grundvöllur fjárfestinga og innlausna fylgisjóðs

Aðildarríki skulu krefjast þess að samkomulag milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli í sér eftirfarandi að því er varðar grundvöll fjárfestinga og innlausna fylgisjóðsins:

a) yfirlýsingu þess efnis í hvaða hlutabréfaflokkum höfuðsjóðsins fylgisjóðurinn má fjárfesta,

b) gjöld og útgjöld sem fylgisjóðurinn skal bera ábyrgð á og upplýsingar um alla afslætti eða endurgreiðslur á gjöldum eða útgjöldum frá höfuðsjóðnum,

c) ef við á, skilmála varðandi allar upphaflegar eða síðari yfirfærslur eigna í fríðu frá fylgisjóðnum til höfuðsjóðsins.

10. gr.

Staðlað fyrirkomulag viðskipta

Aðildarríki skulu krefjast þess að samkomulag milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli í sér eftirfarandi að því er varðar staðlað fyrirkomulag viðskipta:

a) samræmingu á tíðni og tímasetningu útreikninga á verðmæti hreinnar eignar og birtingar á verði hlutdeildarskírteina,

b) samræmingu á sendingu fylgisjóðs á viðskiptafyrirmælum, þ.m.t. eftir atvikum, hlutverk umsýsluaðila eða annars þriðja aðila,

c) eftir atvikum, hvers konar fyrirkomulag sem er nauðsynlegt til að taka til greina að annað hvort annar eða báðir verðbréfasjóðirnir eru skráðir á eftirmarkað eða viðskipti eru með þá á eftirmarkaði,

d) ef nauðsyn krefur, aðrar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 2. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

e) ef hlutdeildarskírteini fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins eru tilgreind í mismunandi gjaldmiðlum, grunninn fyrir umreikning viðskiptafyrirmæla,

f) greiðslutímabil og greiðsluupplýsingar um kaup eða áskriftir og endurkaup eða innlausn á hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðsins, þ.m.t. ef aðilarnir hafa komið sér saman um það, skilmálarnir sem höfuðsjóðurinn getur samið um innlausnarbeiðnir með yfirfærslu eigna í fríðu til fylgisjóðsins, sér í lagi í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. og 5. mgr. tilskipunar 2009/65/EB,

g) málsmeðferðarreglur til þess ætlaðar að tryggja viðeigandi meðhöndlun fyrirspurna og kvartana frá eigendum hlutdeildarskírteina,

h) ef sjóðsreglur eða stofnsamningur og lýsing höfuðsjóðsins veitir honum tiltekin réttindi eða völd í tengslum við eigendur hlutdeildarskírteina og höfuðsjóðurinn kýs að takmarka eða afsala sér slíkum réttindum eða valdi í tengslum við fylgisjóðinn, yfirlýsingu um skilmála sjóðsins hvað það varðar.

11. gr.

Atburðir sem hafa áhrif á fyrirkomulag viðskipta

Aðildarríki skulu krefjast þess að samkomulag milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli í sér eftirfarandi að því er varðar atburði sem hafa áhrif á fyrirkomulag viðskipta:

a) hvar og hvenær annar hvor verðbréfasjóðurinn skal tilkynna um tímabundna frestun og endurupptöku endurkaupa, innlausnar, kaupa eða áskriftar á hlutdeildarskírteinum í viðkomandi verðbréfasjóði,

b) fyrirkomulag við tilkynningu um og lausn á skekkjum við verðlagningu í höfuðsjóðnum.

12. gr.

Staðlað fyrirkomulag endurskoðunarskýrslunnar

Aðildarríki skulu krefjast þess að samkomulag milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli í sér eftirfarandi að því er varðar staðlað fyrirkomulag endurskoðunarskýrslunnar:

a) ef fylgisjóðurinn og höfuðsjóðurinn hafa sama uppgjörsár, samræmingu á gerð reglubundinna skýrslna,

b) ef fylgisjóðurinn og höfuðsjóðurinn hafa mismunandi uppgjörsár, fyrirkomulag fylgisjóðsins við að nálgast nauðsynlegar upplýsingar frá höfuðsjóðnum til að geta gert reglubundnar skýrslur sínar á réttum tíma og sem tryggir að endurskoðandi höfuðsjóðsins geti tekið saman sérstaka skýrslu á lokadagsetningu fylgisjóðsins í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 62. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

13. gr.

Breytingar á föstu fyrirkomulagi

Aðildarríki skulu krefjast þess að samkomulag milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli í sér eftirfarandi að því er varðar breytingar á föstu fyrirkomulagi:

a) hvernig og hvenær höfuðsjóðurinn skal tilkynna um fyrirhugaðar og skilvirkar breytingar á sjóðsreglum sínum eða stofnsamningi, lýsingu og lykilupplýsingum fyrir fjárfesta, ef þessar upplýsingar eru frábrugðnar fasta fyrirkomulaginu við tilkynningu til eigenda hlutdeildarskírteina sem sett er fram í sjóðsreglum, stofnsamningi eða útboðslýsingu höfuðsjóðsins,

b) hvernig og hvenær höfuðsjóðurinn skal tilkynna um áætluð eða fyrirhuguð félagsslit, samruna eða skiptingu,

c) hvernig og hvenær annar hvor verðbréfasjóðurinn skal tilkynna um að hann uppfylli ekki lengur, eða muni ekki uppfylla, skilyrðin til að flokkast sem fylgisjóður eða höfuðsjóður, eftir því sem við á,

d) hvernig og hvenær annar hvor verðbréfasjóðurinn skal tilkynna að hann ætli sér að skipta um rekstrarfélag, vörsluaðila, endurskoðanda eða annan þriðja aðila sem hefur fengið umboð til að inna af hendi fjárfestingarstýringar- eða áhættustýringarstarfsemi,

e) hvernig og hvenær skal tilkynna um aðrar breytingar á föstu fyrirkomulagi sem höfuðsjóðurinn skuldbindur sig til að veita.

14. gr.

Val á gildandi lögum

1. Ef fylgisjóðurinn og höfuðsjóðurinn eru stofnsettir í sama aðildarríki skulu aðildarríkin tryggja að samkomulagið milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, kveði á um að lög þess aðildarríkis gildi um samkomulagið og að báðir aðilar samþykki að dómstóll þess aðildarríkis hafi einn lögsögu.

2. Ef höfuðsjóðurinn og fylgisjóðurinn eru ekki stofnsettir í sama aðildarríki skulu aðildarríkin tryggja að samkomulagið milli höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, kveði á um að gildandi lög skulu vera annað hvort lög þess aðildarríkis þar sem fylgisjóðurinn er stofnsettur eða lög þess aðildarríkis þar sem höfuðsjóðurinn er stofnsettur og að báðir aðilar samþykki að dómstóll þess aðildarríkis, ef þau hafa mælt fyrir um að lög þess gildi, hafi einn lögsögu.

2. undirþáttur

Inntak innri hátternisreglna viðskipta

15. gr.

Hagsmunaárekstrar

Aðildarríki skulu tryggja að innri hátternisreglur viðskipta rekstrarfélagsins, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli í sér viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum sem gætu skapast milli fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins eða milli fylgisjóðsins og annarra eigenda hlutdeildarskírteina höfuðsjóðsins að því marki að um þá sé ekki fjallað með fullnægjandi hætti í ráðstöfunum sem rekstrarfélagið beitir til að uppfylla kröfurnar í b-lið 1. mgr. 12. gr. og d-lið 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2009/65/EB og III. kafla tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulagsins milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags([5]).

16. gr.

Grundvöllur fjárfestinga og innlausna fylgisjóðsins

Aðildarríki skulu tryggja að innri hátternisreglur viðskipta rekstrarfélagsins, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli a.m.k. í sér eftirfarandi, að því er varðar grundvöll fjárfestinga og innlausna fylgisjóðsins:

a) yfirlýsingu þess efnis í hvaða hlutabréfaflokkum höfuðsjóðsins fylgisjóðurinn má fjárfesta,

b) gjöld og útgjöld sem fylgisjóðurinn skal bera ábyrgð á og upplýsingar um alla afslætti eða endurgreiðslur á gjöldum eða útgjöldum frá höfuðsjóðnum,

c) ef við á, skilmála varðandi allar upphaflegar eða síðari yfirfærslur eigna í fríðu frá fylgisjóðnum til höfuðsjóðsins.

17. gr.

Staðlað fyrirkomulag viðskipta

Aðildarríki skulu tryggja að innri hátternisreglur viðskipta rekstrarfélags, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli a.m.k. í sér eftirfarandi, að því er varðar staðlað fyrirkomulag viðskipta:

a) samræmingu á tíðni og tímasetningu útreikninga á verðmæti hreinnar eignar og birtingar á verði hlutdeildarskírteina,

b) samræmingu á sendingu fylgisjóðs á viðskiptafyrirmælum, þ.m.t. eftir atvikum, hlutverk umsýsluaðila eða annars þriðja aðila,

c) eftir atvikum, hvers konar fyrirkomulag sem er nauðsynlegt til að taka til greina að annað hvort annar eða báðir verðbréfasjóðirnir eru skráðir á eftirmarkað eða viðskipti eru með þá á eftirmarkaði,

d) viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 2. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

e) ef fylgisjóðurinn og höfuðsjóðurinn eru tilgreindir í mismunandi gjaldmiðlum, grunninn fyrir umreikning viðskiptafyrirmæla,

f) greiðslutímabil og greiðsluupplýsingar um kaup og innlausn á hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðsins, þ.m.t. ef aðilarnir hafa komið sér saman um það, skilmálarnir um uppgjör höfuðsjóðsins á innlausnarbeiðnum með yfirfærslu eigna í fríðu til fylgisjóðsins, sér í lagi í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. og 5. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

g) ef sjóðsreglur eða stofnsamningur og lýsing höfuðsjóðsins veitir honum tiltekin réttindi eða völd í tengslum við eigendur hlutdeildarskírteina og höfuðsjóðurinn kýs að takmarka eða afsala sér slíkum réttindum eða valdi í tengslum við fylgisjóðinn, yfirlýsingu um skilmála sjóðsins hvað það varðar.

18. gr.

Atburðir sem hafa áhrif á fyrirkomulag viðskipta

Aðildarríki skulu tryggja að innri hátternisreglur viðskipta rekstrarfélags, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli a.m.k. í sér eftirfarandi að því er varðar atburði sem hafa áhrif á fyrirkomulag viðskipta:

a) hvernig og hvenær annar hvor verðbréfasjóðurinn skal tilkynna um tímabundna frestun og endurupptöku endurkaupa, innlausnar kaupa eða áskriftar á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði,

b) fyrirkomulag við tilkynningu um og lausn á skekkjum við verðlagningu í höfuðsjóðnum.

19. gr.

Staðlað fyrirkomulag endurskoðunarskýrslunnar

Aðildarríki skulu tryggja að innri hátternisreglur viðskipta rekstrarfélags, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, feli a.m.k. í sér eftirfarandi að því er varðar staðlað fyrirkomulag endurskoðunarskýrslunnar:

a) ef fylgisjóðurinn og höfuðsjóðurinn hafa sama uppgjörsár, samræmingu á gerð reglubundinna skýrslna,

([5]) Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 42.

b) ef fylgisjóðurinn og höfuðsjóðurinn hafa mismunandi uppgjörsár, fyrirkomulag fylgisjóðsins við að nálgast nauðsynlegar upplýsingar frá höfuðsjóðnum til að geta gert reglubundnar skýrslur sínar á réttum tíma og sem tryggir að endurskoðandi höfuðsjóðsins geti tekið saman sérstaka skýrslu á lokadagsetningu fylgisjóðs í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 62. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

2. ÞÁTTUR

Félagsslit, samruni eða skipting höfuðsjóðs

1. undirþáttur

Málsmeðferð komi til félagsslita

20. gr.

Umsókn um samþykki

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fylgisjóðurinn leggi eftirfarandi fram til lögbærra yfirvalda sinna eigi síðar en tveimur mánuðum eftir daginn sem höfuðsjóðurinn upplýsti hann um bindandi ákvörðun um félagsslit:

a) ef fylgisjóðurinn ætlar að fjárfesta minnst 85% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annars höfuðsjóðs í samræmi við a-lið 4. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB:

   i. umsókn sína um samþykki fyrir þeirri fjárfestingu,

   ii. umsókn sína um samþykki á tillögu að breytingum á sjóðsreglum sínum eða stofnsamningi,

   iii. breytingar á lýsingu sinni og lykilupplýsingum fyrir fjárfesta í samræmi við 74. og 82. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eftir því sem við á,

   iv. önnur gögn sem krafist er skv. 3. mgr. 59. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

b) ef fylgisjóðurinn hyggst breytast í verðbréfasjóð sem ekki er fylgisjóður í samræmi við b-lið 4. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB:

   i. umsókn sína um samþykki á tillögu að breytingum á sjóðsreglum sínum eða stofnsamningi,

   ii. breytingar á lýsingu sinni og lykilupplýsingum fyrir fjárfesta í samræmi við 74. gr. og 82. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eftir því sem við á,

c) ef fylgisjóður ætlar að slíta félaginu, tilkynningu þess efnis.

2. Ef höfuðsjóðurinn upplýsti fylgisjóðinn um bindandi ákvörðun sína um að slíta félaginu meira en fimm mánuðum fyrir daginn sem slitin munu hefjast skal fylgisjóðurinn, þrátt fyrir 1. mgr., leggja fram til lögbærra yfirvalda sinna umsókn sína eða tilkynningu í samræmi við a-, b- eða c-lið 1. mgr. eigi síðar en þremur mánuðum fyrir þann dag.

3. Fylgisjóðurinn skal, án ástæðulausrar tafar, upplýsa eigendur hlutdeildarskírteina sinna um fyrirætlan sína að slíta félaginu.

21. gr.

Samþykki

1. Upplýsa skal fylgisjóðinn innan 15 virkra daga frá framlagningu fullkláraðra gagna, sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 20. gr., eftir því sem við á, hvort lögbær yfirvöld hafa veitt þau samþykki sem krafist er.

2. Við viðtöku á samþykki lögbærra yfirvalda skv. 1. mgr. skal fylgisjóðurinn upplýsa höfuðsjóðinn um viðtökuna.

3. Fylgisjóðurinn skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla kröfurnar í 64. gr. tilskipunar 2009/65/EB eins fljótt og hægt er eftir að lögbær yfirvöld hafa veitt nauðsynleg samþykki samkvæmt a-lið 1. mgr. 20. gr. í þessari tilskipun.

4. Ef greiðsla á afrakstri félagsslita höfuðsjóðsins skal fara fram fyrir þann dag sem fylgisjóðurinn ætlar að byrja að fjárfesta í öðrum höfuðsjóði samkvæmt a-lið 1. mgr. 20. gr. eða í samræmi við ný fjárfestingarmarkmið sín og nýja fjárfestingarstefnu sína samkvæmt b-lið 1. mgr. 20. gr. skulu lögbær yfirvöld fylgisjóðsins veita leyfi háð eftirfarandi skilyrðum:

a) fylgisjóðurinn skal taka við afrakstri félagsslitanna:

   i. í reiðufé eða

   ii. hluta af eða öllum afrakstrinum í fríðu, ef fylgisjóðurinn óskar eftir því og ef kveðið er á um það í samkomulaginu milli fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins eða í innri hátternisreglum viðskipta og bindandi ákvörðuninni um félagsslit,

b) reiðufé í eigu fylgisjóðs, eða sem tekið er við í samræmi við þessa málsgrein, má aðeins endurfjárfesta í þeim tilgangi að stýra reiðufé með skilvirkum hætti fyrir þann dag sem fylgisjóðurinn mun byrja að fjárfesta annað hvort í öðrum höfuðsjóði eða í samræmi við ný fjárfestingarmarkmið sín og nýja fjárfestingarstefnu sína.

Ef ii-liður a-liðar í fyrstu undirgrein gildir, getur fylgisjóðurinn hvenær sem er innleyst valfrjálsan hluta eignanna, sem yfirfærðar voru í fríðu, fyrir reiðufé.

2. undirþáttur

Málsmeðferðarreglur komi til samruna eða skiptingar

22. gr.

Umsókn um samþykki

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fylgisjóðurinn leggi eftirfarandi fram til lögbærra yfirvalda sinna, eigi síðar en einum mánuði eftir daginn sem fylgisjóðurinn tók við upplýsingunum um fyrirhugaðan samruna eða skiptingu í samræmi við aðra undirgrein 5. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB:

a) ef fylgisjóðurinn verður áfram fylgisjóður sama höfuðsjóðs:

   i. umsókn sína um samþykki á því,

   ii. eftir atvikum, umsókn sína um samþykki á tillögu að breytingum á sjóðsreglum sínum eða stofnsamningi,

   iii. eftir atvikum, breytingar á lýsingu sinni og lykilupplýsingum fyrir fjárfesta í samræmi við 74. gr. og 82. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eftir því sem við á,

b) ef fylgisjóðurinn hefur í hyggju að verða fylgisjóður í öðrum höfuðsjóði sem verður til við fyrirhugaðan samruna eða skiptingu höfuðsjóðsins eða ef fylgisjóður ætlar að fjárfesta minnst 85% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annars höfuðsjóðs sem ekki varð til við samrunann eða skiptinguna:

   i. umsókn sína um samþykki á þeirri fjárfestingu,

   ii. umsókn sína um samþykki á tillögu að breytingum á sjóðsreglum sínum eða stofnsamningum,

   iii. breytingar á lýsingu sinni og lykilupplýsingum fyrir fjárfesta í samræmi við 74. gr. og 82. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eftir því sem við á,

   iv. önnur gögn sem krafist er skv. 3. mgr. 59. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

c) ef fylgisjóðurinn hyggst breytast í verðbréfasjóð sem ekki er fylgisjóður í samræmi við b-lið 4. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB:

   i. umsókn sína um samþykki á tillögu að breytingum á sjóðsreglum sínum eða stofnsamningi,

   ii. breytingar á lýsingu sinni og lykilupplýsingum fyrir fjárfesta í samræmi við 74. gr. og 82. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eftir því sem við á,

d) ef fylgisjóður ætlar að slíta félaginu, tilkynningu þess efnis.

2. Að því er varðar beitingu a- og b-liðar 1. mgr. skal taka tillit til eftirfarandi:

Orðalagið „verður áfram fylgisjóður sama höfuðsjóðs“ vísar til tilvika þar sem:

a) höfuðsjóðurinn er viðtökusjóður í fyrirhuguðum samruna,

b) höfuðsjóðurinn breytist ekki verulega þegar hann, við fyrirhugaða skiptingu, breytist í verðbréfasjóð.

Orðalagið „verður fylgisjóður í öðrum höfuðsjóði við samruna eða skiptingu höfuðsjóðsins“ vísar til tilvika þar sem:

a) höfuðsjóðurinn er samrunasjóðurinn og fylgisjóðurinn verður, vegna samrunans, eigandi hlutdeildarskírteina viðtökusjóðsins,

b) fylgisjóðurinn verður eigandi hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs sem verður til við skiptingu og er verulega frábrugðinn höfuðsjóðnum.

3. Í tilvikum þegar höfuðsjóðurinn veitti fylgisjóðnum upplýsingarnar sem um getur eða sem eru sambærilegar 43. gr. tilskipunar 2009/65/EB fyrr en fjórum mánuðum fyrir fyrirhugaðan gildistökudag, skal fylgisjóðurinn, þrátt fyrir 1. mgr., leggja fram til lögbærra yfirvalda sinna umsókn eða tilkynningu sína í samræmi við einn af liðum a- til d- í 1. mgr. þessarar greinar eigi síðar en þremur mánuðum fyrir fyrirhugaðan gildistökudag samruna eða skiptingar höfuðsjóðsins.

4. Fylgisjóðurinn skal, án ástæðulausrar tafar, upplýsa eigendur hlutdeildarskírteina sinna og höfuðsjóðsins um fyrirætlan sína að slíta félaginu.

23. gr.

Samþykki

1. Upplýsa skal fylgisjóðinn innan 15 virkra daga frá framlagningu fullkláraðra gagna sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 22. gr., eftir því sem við á, hvort lögbær yfirvöld hafa veitt þau samþykki sem er krafist.

2. Við viðtöku á upplýsingum um samþykki lögbærra yfirvalda skv. 1. mgr. skal fylgisjóðurinn upplýsa höfuðsjóðinn um viðtökuna.

3. Eftir að fylgisjóðurinn hefur verið upplýstur um að lögbær yfirvöld hafa veitt nauðsynleg samþykki samkvæmt b-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar tilskipunar skal fylgisjóðurinn, án ástæðulausrar tafar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla kröfurnar í 64. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

4. Í tilvikum b- og c-liðar 1. mgr. 22. gr. þessarar tilskipunar skal fylgisjóðurinn nýta rétt sinn til að óska eftir endurkaupum og innlausn hlutdeildarskírteina sinna í höfuðsjóðnum í samræmi við þriðju undirgrein 5. mgr. 60. gr. og 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2009/65/EB ef lögbær yfirvöld fylgisjóðsins hafa

ekki gefið nauðsynleg samþykki, sem krafist er skv. 1. mgr. 22. gr. þessarar tilskipunar, fyrir þann virka dag sem kemur á undan síðasta deginum sem fylgisjóðurinn getur óskað eftir endurkaupum og innlausn á hlutdeildarskírteinum sínum í höfuðsjóðnum áður en samruninn eða skiptingin tekur gildi.

Fylgisjóðurinn skal einnig nýta þennan rétt í þeim tilgangi að tryggja að réttindi eigenda hlutdeildarskírteina fylgisjóðsins til að óska eftir endurkaupum eða innlausn á hlutdeildarskírteinum sínum í fylgisjóðnum samkvæmt d-lið 1. mgr. 64. gr. tilskipunar 2009/65/EB verði ekki fyrir áhrifum af þessu.

Áður en rétturinn sem um getur í fyrstu undirgrein er nýttur skal fylgisjóðurinn taka til athugunar aðrar lausnir sem gætu hjálpað til við að koma í veg fyrir, eða minnka, viðskiptakostnað eða önnur neikvæð áhrif að því er varðar eigendur hlutdeildarskírteina fylgisjóðsins.

5. Ef fylgisjóðurinn óskar eftir endurkaupum eða innlausn á hlutdeildarskírteinum sínum í höfuðsjóðnum skal hann fá afhent eitt af eftirfarandi:

a) afrakstur af endurkaupunum eða innlausninni í reiðufé,

b) hluta af eða allan afrakstur af endurkaupunum eða innlausninni í fríðu ef fylgisjóðurinn óskar eftir því og ef samkomulagið milli fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins kveður á um það.

Ef b-liður fyrstu undirgreinar gildir, getur fylgisjóðurinn hvenær sem er innleyst hvaða hluta eignanna sem er, sem yfirfærðar voru í fríðu, fyrir reiðufé.

6. Lögbær yfirvöld fylgisjóðsins skulu gefa samþykki með því skilyrði að reiðufé í eigu fylgisjóðs, eða sem tekið er við í samræmi við 5. mgr., má aðeins endurfjárfesta í þeim tilgangi að stýra reiðufé með skilvirkum hætti fyrir þann dag sem fylgisjóðurinn mun byrja að fjárfesta annað hvort í nýja höfuðsjóðnum eða í samræmi við ný fjárfestingarmarkmið sín og nýja fjárfestingarstefnu sína.

3. ÞÁTTUR

Vörsluaðilar og endurskoðendur

1. undirþáttur

Vörsluaðilar

24. gr.

Inntak samkomulags um upplýsingaskipti á milli vörsluaðila

Samkomulagið um upplýsingaskipti milli vörsluaðila höfuðsjóðsins og vörsluaðila fylgisjóðsins sem um getur í 1. mgr. 61. gr. tilskipunar 2009/65/EB skal fela í sér eftirfarandi:

a) auðkenni gagna og upplýsingaflokka sem bæði vörslufyrirtækin koma til með að skiptast reglulega á, og hvort annað vörslufyrirtækið leggur slíkar upplýsingar eða gögn fram til hins vörslufyrirtækisins eða hvort þurfi að óska eftir því,

b) hvernig og hvenær sending upplýsinga frá vörsluaðila höfuðsjóðsins til vörsluaðila fylgisjóðsins fer fram, þ.m.t. allir gildandi frestir,

c) samræmingu á þátttöku beggja vörsluaðila í tengslum við framkvæmdina, að því marki sem þykir viðeigandi miðað við skyldur þeirra samkvæmt landslögum, þ.m.t.:

   i. aðferðin við að reikna út verðmæti hreinnar eignar fyrir hvern og einn verðbréfasjóð, þ.m.t. allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hægt sé að sjá fyrir verðsveiflur hlutdeildarskírteina þeirra á mörkuðum í samræmi við 2. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

   ii. meðhöndlun fyrirmæla frá fylgisjóði um að kaupa, skrifa sig fyrir eða óska eftir endurkaupum eða innlausn á hlutdeildarskírteinum í höfuðsjóðnum og um uppgjör á slíkum viðskiptum, þ.m.t. hvers konar fyrirkomulag um yfirfærslur eigna í fríðu,

d) samræmingu aðgerða í lok uppgjörsárs,

e) hvaða upplýsingar vörsluaðila höfuðsjóðsins ber að veita vörsluaðila fylgisjóðsins um brot höfuðsjóðsins á lögum og sjóðsreglum eða stofnsamningi og hvernig og hvenær skal veita upplýsingarnar,

f) verklag við meðhöndlun sérstakra umsókna um aðstoð frá einum vörsluaðila til annars,

g) greiningu á einstökum óvæntum atburðum sem einn vörsluaðili ætti að tilkynna hinum vörsluaðilanum í hverju tilviki fyrir sig og hvernig og hvenær slíkt skal gert.

25. gr.

Val á gildandi lögum

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar fylgisjóður og höfuðsjóður hafa gert samkomulag í samræmi við 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, kveði samkomulagið milli vörsluaðila höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins á um að lög þess aðildarríkis, sem gilda um viðkomandi samkomulag í samræmi við 14. gr. þessarar tilskipunar, gildi einnig um samkomulagið um upplýsingaskipti milli vörsluaðilanna og að báðir vörsluaðilarnir samþykki að dómstólar þess aðildarríkis hafi einir dómsvald.

2. Aðildarríki skulu tryggja að þegar innri hátternisreglur viðskipta koma í stað samkomulagsins milli fylgisjóðs og höfuðsjóðs í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB kveði samkomulagið milli vörsluaðila höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins á um að lögin sem gilda um samkomulagið um upplýsingaskipti milli vörsluaðilanna skulu annað hvort vera lög aðildarríkisins þar sem fylgisjóðurinn er stofnsettur eða, ef það er ekki sama aðildarríki, lög aðildarríkisins þar sem höfuðsjóðurinn er stofnsettur og að báðir vörsluaðilarnir samþykki að dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi einir dómsvald.

26. gr.

Skýrslugjöf vörsluaðila höfuðsjóðsins um frávik frá réttri framkvæmd

Frávikin sem um getur í 2. mgr. 61. gr. tilskipunar 2009/65/EB sem vörsluaðili höfuðsjóðsins verður var við meðan á störfum hans stendur samkvæmt landslögum og sem gætu haft neikvæð áhrif á fylgisjóðinn skulu fela í sér, en ekki takmarkast við:

a) skekkjur í útreikningi á verðmæti hreinnar eignar höfuðsjóðsins,

b) skekkjur í viðskiptum eða uppgjöri á kaupum, áskriftum eða óskum fylgisjóðsins eftir endurkaupum eða innlausn á hlutdeildarskírteinum í höfuðsjóðnum,

c) skekkjur í greiðslum eða eignfærslu tekna af höfuðsjóðnum eða í útreikningum á staðgreiðslusköttum,

d) brot á fjárfestingarmarkmiðum, -stefnu eða -áætlun höfuðsjóðsins, eins og þeim er lýst í sjóðsreglunum eða stofnsamningi, lýsingu eða lykilupplýsingum fyrir fjárfesta sjóðsins,

e) brot á fjárfestingar- eða lántökutakmörkum sem sett eru fram í landslögum eða sjóðsreglunum, stofnsamningnum, lýsingunni eða lykilupplýsingum fyrir fjárfesta.

2. undirþáttur

Endurskoðendur

27. gr.

Samkomulag um upplýsingaskipti á milli endurskoðenda

1. Samkomulagið um upplýsingaskipti milli endurskoðanda höfuðsjóðsins og endurskoðanda fylgisjóðsins sem um getur í 1. mgr. 62. gr. tilskipunar 2009/65/EB skal fela í sér eftirfarandi:

a) tilgreiningu gagna og upplýsingaflokka sem endurskoðendurnir koma til með að skiptast reglulega á,

b) hvort annar endurskoðandinn leggi fram upplýsingarnar eða gögnin sem um getur í a-lið til hins endurskoðandans eða hvort óska þurfi eftir þeim,

c) hvernig og hvenær, þ.m.t. allir gildandi frestir, sending upplýsinga frá endurskoðanda höfuðsjóðsins til endurskoðanda fylgisjóðsins fer fram,

d) samræmingu á þátttöku hvers endurskoðanda fyrir sig í aðgerðum í lok uppgjörsárs fyrir viðkomandi verðbréfasjóð,

e) greiningu á málefnum sem ber að meðhöndla sem frávik sem birta skal í endurskoðunarskýrslu höfuðsjóðsins að því er varðar aðra undirgrein 2. mgr. 62. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

f) hvernig og hvenær skal meðhöndla sérstakar umsóknir eins endurskoðandans um aðstoð hins endurskoðandans, þ.m.t. ósk um nánari upplýsingar um frávik sem birt eru í endurskoðunarskýrslu endurskoðanda höfuðsjóðsins.

2. Samkomulagið sem um getur í 1. mgr. skal fela í sér ákvæði um undirbúning endurskoðunarskýrslnanna sem um getur í 2. mgr. 62. gr. og 73. gr. tilskipunar 2009/65/EB og hvernig og hvenær skal leggja fram endurskoðunarskýrslu höfuðsjóðsins og drög að henni til endurskoðanda fylgisjóðsins.

3. Ef fylgisjóðurinn og höfuðsjóðurinn loka ekki uppgjörsári sínu á sama degi skal í samkomulaginu sem um getur í 1. mgr. fjalla um með hvaða hætti og hvenær endurskoðandi höfuðsjóðsins skal taka saman sérstöku skýrsluna sem krafist er í fyrstu undirgrein 2. mgr. 62. gr. tilskipunar 2009/65/EB og leggja hana og drög að henni fram til endurskoðanda fylgisjóðsins.

28. gr.

Val á gildandi lögum

1. Aðildarríki skal tryggja að þegar fylgisjóður og höfuðsjóður hafa gert samkomulag, í samræmi við 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB, kveði samkomulagið milli endurskoðenda höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins á um að lög þess aðildarríkis, sem gilda um viðkomandi samkomulag í samræmi við 14. gr. þessarar tilskipunar, gildi einnig um samkomulagið um upplýsingaskipti milli endurskoðendanna og að báðir endurskoðendurnir samþykki að dómstólar þess aðildarríkis hafi einir dómsvald.

2. Aðildarríki skulu tryggja að þegar innri hátternisreglur viðskipta hafa komið í stað samkomulagsins milli fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/65/EB kveði samkomulagið milli endurskoðenda höfuðsjóðsins og fylgisjóðsins á um að lögin sem gilda um samkomulagið um upplýsingaskipti milli endurskoðendanna skulu annað hvort vera lög aðildarríkisins þar sem fylgisjóðurinn er stofnsettur eða, ef það er ekki sama aðildarríki, lög aðildarríkisins þar sem höfuðsjóðurinn er stofnsettur og að báðir endurskoðendurnir samþykki að dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi einir dómsvald.

4. ÞÁTTUR

Háttur á veitingu upplýsinga til eigenda hlutdeildarskírteina

29. gr.

Háttur á veitingu upplýsinga til eigenda hlutdeildarskírteina

Aðildarríki skulu tryggja að fylgisjóðurinn veiti upplýsingarnar til eigenda hlutdeildarskírteina skv. 1. mgr. 64. gr. tilskipunar 2009/65/EB á sama hátt og mælt var fyrir um í 7. gr. þessarar tilskipunar.

IV. KAFLI

TILKYNNINGARAÐFERÐ

30. gr.

Umfang upplýsinga sem aðildarríki eiga að gera aðgengilegar í samræmi við 3. mgr. 91. gr. tilskipunar 2009/65/EB

1. Aðildarríki skulu tryggja að eftirfarandi flokkar upplýsinga um viðeigandi lög og stjórnsýslufyrirmæli séu gerðir aðgengilegir í samræmi við 3. mgr. 91. gr. tilskipunar 2009/65/EB:

a) skilgreiningin á hugtakinu „markaðssetning á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs“ eða jafngildu lagalegu hugtaki, annað hvort eins og það er sett fram í landslöggjöf eða notað í raun,

b) kröfur um inntak, framsetningu og kynningu markaðsefnis, þ.m.t. allar lögboðnar viðvaranir og takmarkanir á notkun tiltekinna orða eða orðasambanda,

c) með fyrirvara um IX. kafla tilskipunar 2009/65/EB, upplýsingar um allar viðbótarupplýsingar sem krafist er að birta skuli fjárfestum,

d) upplýsingar um allar undanþágur frá reglum eða kröfum að því er varðar fyrirkomulag markaðssetningar sem gilda í viðkomandi aðildarríki um tiltekna verðbréfasjóði, tiltekna flokka hlutabréfa verðbréfasjóðs eða tiltekna flokka fjárfesta,

e) kröfur um hvers konar skýrslugjöf eða sendingu upplýsinga til lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis og málsmeðferð við framlagningu á uppfærðum útgáfum gagna sem krafist er,

f) kröfur um hvers konar þóknanir eða aðrar fjárhæðir sem skal greiða lögbærum yfirvöldum eða öðrum lögskipuðum aðilum í því aðildarríki, annað hvort við upphaf markaðssetningar eða reglulega eftir það,

g) kröfur í tengslum við aðstöðu sem skal gera aðgengilega fyrir eigendur hlutdeildarskírteina eins og krafist er í 92. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

h) skilyrði fyrir því að verðbréfasjóður frá öðru aðildarríki geti tekið hlutdeildarskírteini sín af markaði í viðkomandi aðildarríki,

i) nákvæmt inntak upplýsinganna sem aðildarríki krefst að teknar séu með í B-hluta tilkynningarinnar eins og um getur í 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 584/2010 frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda([6]),

j) tilgreint tölvupóstfang að því er varðar 32. gr.

2. Aðildarríki skulu veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. sem lýsingu í samfelldu máli eða samsetningu af samfelldu máli og röð tilvísana eða tengla í frumskjölin.

31. gr.

Aðgangur gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs að skjölum

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að verðbréfasjóðir tryggi að rafrænt eintak hvers einasta skjals sem um getur í 2. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB sé gert aðgengilegt á vefsetri verðbréfasjóðsins eða vefsetri rekstrarfélagsins sem stjórnar viðkomandi verðbréfasjóði eða á öðru vefsetri sem verðbréfasjóður hefur tilgreint í tilkynningu sinni, sem lögð er fram í samræmi við 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða uppfærslur á henni. Öll gögn sem gerð eru aðgengileg á vefsetri skulu lögð fram á rafrænu formi sem er almennt notað.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að verðbréfasjóðir tryggi að gistiaðildarríki verðbréfasjóðsins hafi aðgang að vefsetrinu sem um getur í 1. mgr.

32. gr.

Uppfærslur gagna

1. Lögbær yfirvöld skulu tilgreina tölvupóstfang í þeim tilgangi að taka við tilkynningum um uppfærslur og breytingar á gögnum sem um getur í 2. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skv. 7. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Aðildarríki skulu leyfa verðbréfasjóðum að tilkynna um hvers konar uppfærslu eða breytingu á gögnunum sem um getur í 2. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skv. 7. mgr. 93. gr. sömu tilskipunar með tölvupósti, sem skal senda á tölvupóstfangið sem um getur í 1. mgr.

([6]) Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 16.

Í tölvupóstinum sem sendur er til að tilkynna um slíka uppfærslu eða breytingu má annað hvort lýsa uppfærslunni eða breytingunni sem hefur verið framkvæmd, eða leggja fram nýja útgáfu gagnanna í viðhengi.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að öll gögn sem send eru sem viðhengi við tölvupóstinn, sem um getur í 2. mgr., skulu lögð fram á rafrænu formi sem almennt er notað.

33. gr.

Þróun almennra gagnavinnslukerfa

1. Til að auðvelda aðgengi lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs að upplýsingum eða gögnum sem um getur í 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, að því er varðar 7. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar, mega lögbær yfirvöld aðildarríkja koma á fót, með samræmdum hætti, háþróuðu rafrænu gagnavinnslukerfi og miðlægu geymslukerfi sem er sameiginlegt fyrir öll aðildarríki.

2. Samræming milli aðildarríkja sem um getur í 1. mgr. skal fara fram innan samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

34. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2011.

Þau skulu þó samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 7. gr. og 29. gr. eigi síðar en 31. desember 2013.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

35. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

36. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 1. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/83/ESB 2014/EES/54/103

frá 25. október 2011

um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([5]) er mælt fyrir um ýmis samningsbundin réttindi neytenda.

2) Þessar tilskipanir hafa verið endurskoðaðar í ljósi reynslunnar með það í huga að einfalda og uppfæra gildandi reglur og eyða ósamræmi og óæskilegum gloppum í þeim. Þessi endurskoðun hefur leitt í ljós að rétt þykir að ein tilskipun komi í stað þessara tveggja. Í þessari tilskipun er þess vegna mælt fyrir um almennar reglur um sameiginlega þætti samninga um fjarsölu og samninga, sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva, með því að falla frá meginreglu eldri tilskipananna um lágmarkssamræmingu en gefa aðildarríkjunum jafnframt kost á að viðhalda eða samþykkja landsbundnar reglur með tilliti til tiltekinna þátta.

3) Í 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 169. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) er kveðið á um að Sambandið skuli stuðla að því að ná fram öflugri neytendavernd með þeim ráðstöfunum sem það samþykkir í samræmi við 114. gr. hans.

4) Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal innri markaðurinn ná til svæðis án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og staðfesturéttur eru tryggð. Nauðsynlegt er að samræma tiltekna þætti neytendasamninga sem tengjast fjarsölu og sölu utan fastra starfsstöðva til að stuðla að raunverulegum innri markaði fyrir neytendur og sjá til þess að jafnvægi ríki milli öflugrar neytendaverndar og samkeppnishæfni fyrirtækja og tryggja um leið að nálægðarreglan sé virt.

5) Þeir möguleikar, sem felast í fjarsölu milli landa, sem gæti orðið einhver áþreifanlegasti ávinningurinn af því að koma á innri markaðinum, eru ekki fullnýttir. Í samanburði við þá umtalsverðu aukningu sem hefur orðið á fjarsölu innanlands á undanförnum árum hefur aukning á fjarsölu milli landa verið takmörkuð. Þetta ósamræmi er einkum greinilegt þegar um er að ræða sölu á Netinu þar sem miklir möguleikar eru á frekari aukningu. Möguleikar til viðskipta yfir landamæri með samningum sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva (bein sala) takmarkast af ýmsum þáttum, s.s. mismunandi landsbundnum reglum um neytendavernd sem fyrirtækjum ber að hlíta. Í samanburði við aukningu á beinni sölu innanlands á undanförnum árum, einkum innan þjónustugeirans, t.d. hjá almenningsveitum, hefur fjöldi neytenda sem nota þessa leið til kaupa yfir landamæri haldist stöðugur. Með sívaxandi viðskiptatækifærum í mörgum aðildarríkjum ættu lítil og meðalstór fyrirtæki (einnig sjálfstætt starfandi seljendur) eða fulltrúar fyrirtækja sem stunda beina sölu að vera fúsari

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 42.

([1]) Stjtíð. ESB C 317, 23.12.2009, bls. 54.

([2]) Stjtíð. ESB C 200, 25.8.2009, bls. 76.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 23. júní 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 10. október 2011.

([4]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1985, bls. 31.

([5]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.

til að leita eftir viðskiptatækifærum í öðrum aðildarríkjum, einkum á landamærasvæðum. Þess vegna mun full samræming á upplýsingum til neytenda og réttur til að falla frá fjarsölusamningum og samningum sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva stuðla að öflugri neytendavernd og betri starfsemi innri markaðarins gagnvart neytendum.

6) Tiltekið misræmi skapar verulegar viðskiptahindranir sem hafa áhrif á seljendur og neytendur. Þetta misræmi gerir að verkum að kostnaður við að fylgja reglum eykst hjá seljendum sem vilja taka þátt í að selja vörur eða þjónustu milli landa. Óhóflegt sundurleysi grefur einnig undan tiltrú neytenda á innri markaðinum.

7) Full samræming nokkurra lykilþátta í lagasetningu er til þess fallin að veita neytendum og seljendum umtalsvert meiri réttarvissu. Bæði neytendur og seljendur þurfa að geta stuðst við einn regluramma sem byggður er á lagahugtökum sem eru skýrt skilgreind og gilda um tiltekin svið viðskiptahátta gagnvart neytendum alls staðar innan Sambandsins. Með slíkri samræmingu ætti að vera unnt að ryðja úr vegi hindrunum sem eru til komnar vegna þess hve reglurnar eru sundurlausar og gera innri markað á þessu sviði að veruleika. Einungis er unnt að ryðja þessum hindrunum úr vegi með því að koma á samræmdum reglum á vettvangi Sambandsins. Neytendur skulu enn fremur njóta öflugrar sameiginlegrar verndar alls staðar innan Sambandsins.

8) Aðeins skal samræma þá þætti í lagasetningu sem snerta samninga sem seljendur og neytendur gera sín í milli. Þessi tilskipun hefur því ekki áhrif á landslög um ráðningarsamninga, samninga sem tengjast erfðarétti, samninga sem tengjast sifjarétti né samninga um stofnun og félagalög fyrirtækja eða samstarfssamninga.

9) Í þessari tilskipun eru settar reglur um upplýsingar sem veita skal við fjarsölusamninga, samninga sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva og aðra samninga en fjarsölusamninga og samninga sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva. Í þessari tilskipun eru einnig settar reglur um rétt til að falla frá fjarsölusamningum og samningum sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva og samræmingu tiltekinna ákvæða um framkvæmd neytendasamninga og ýmsa aðra þætti þeirra.

10) Þessi tilskipun skal gilda með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) ([1]).

11) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á gerninga Sambandsins á sérstökum sviðum, s.s. um mannalyf, lækningatæki, friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti, réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, merkingu matvæla og innri markað fyrir rafmagn og jarðgas.

12) Upplýsingakröfurnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, koma til viðbótar upplýsingakröfum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ([3]). Aðildarríkin skulu áfram hafa möguleika til að setja fram frekari upplýsingakröfur sem gilda um þjónustuveitendur með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra.

13) Aðildarríkin skulu áfram vera lögbær, í samræmi við löggjöf Sambandsins, til að beita ákvæðum þessarar tilskipunar á sviðum sem falla utan gildissviðs hennar. Aðildarríkin geta því viðhaldið eða innleitt ákvæði í landslög, sem samsvara ákvæðum þessarar tilskipunar eða vissum ákvæðum hennar, um samninga sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta t.d. ákveðið að rýmka beitingu reglna þessarar tilskipunar þannig að þær nái til lögaðila eða einstaklinga sem eru ekki neytendur í skilningi þessarar tilskipunar, s.s. frjálsra félagasamtaka, sprotafyrirtækja eða lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Á svipaðan hátt geta aðildarríkin látið ákvæði þessarar tilskipunar ná til samninga, sem eru ekki fjarsölusamningar í skilningi þessarar tilskipunar, t.d. vegna þess að þeir hafa ekki verið gerðir í gegnum skipulagt kerfi fyrir fjarsölu eða þjónustuveitingar. Aðildarríkin geta því, á þessu sviði, viðhaldið eða innleitt landsbundin ákvæði varðandi málefni, sem ekki er sérstaklega fjallað um í þessari tilskipun, s.s. frekari reglur um sölusamninga, þ.m.t. í tengslum við afhendingu á vörum, eða kröfur um veitingu upplýsinga á gildistíma samnings.

14) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á landslög á sviði samningaréttar þegar um er að ræða þá þætti samningaréttar sem þessi tilskipun nær ekki til. Þess vegna skal þessi tilskipun gilda með fyrirvara um landslög sem taka t.d. til gerðar samnings eða lögmætis hans (t.d. í tilviki þar sem samþykki hefur ekki fengist). Þessi tilskipun hefur heldur ekki áhrif á landslög í tengslum við almenn úrræði samningalaga, reglur hins opinbera á efnahagssviðinu, t.d. reglur um óhóflegt verð eða okurverð, ásamt reglum um siðferðilega ranga lagalega viðskiptagerninga.

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6.

([2]) Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36.

([3]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

15) Þessari tilskipun er ekki ætlað að samræma tungumálakröfur sem eiga við um neytendasamninga. Þess vegna geta aðildarríki viðhaldið tungumálakröfum varðandi upplýsingar tengdar samningum og samningsskilmála eða leitt þær í landslög.

16) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á landslög um málflutningsþjónustu á borð við reglur um einstakling sem kemur fram í nafni seljandans eða fyrir hönd hans (s.s. umboðsaðili eða vörslumaður). Aðildarríki skulu áfram vera lögbær á þessu sviði. Tilskipun þessi skal gilda um alla seljendur, hvort heldur er innan opinbera geirans eða einkageirans.

17) Skilgreining á neytanda skal taka til einstaklings sem vinnur að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðju eða sérgrein hans. Ef um er að ræða samninga með tvenns konar markmið þar sem samningurinn, sem gerður er, miðast ekki nema að hluta til við atvinnugrein einstaklings og atvinnutengda markmiðið er svo takmarkað að það er ekki aðalmarkmið samningsins í heild skal sá einstaklingur þó einnig teljast neytandi.

18) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að skilgreina, í samræmi við lög Sambandsins, það sem þau telja vera þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, hvernig skipuleggja skuli þessa þjónustu og fjármagna hana, í samræmi við reglur um ríkisaðstoð og hvaða sérstöku skuldbindingar skulu gilda um hana.

19) Stafrænt efni merkir gögn, sem eru framleidd og afhent á stafrænu formi, s.s. tölvuforrit, hugbúnaður, leikir, tónlist, hreyfimyndir eða textar, án tillits til þess hvort þeim er hlaðið niður eða þau streymd, af áþreifanlegum miðli eða með hvers konar öðrum aðferðum. Samningar um afhendingu á stafrænu efni falla undir gildissvið þessarar tilskipunar. Ef stafrænt efni er afhent á áþreifanlegum miðli, s.s. geisladiski eða stafrænum mynddiski, telst það vera vara í skilningi þessarar tilskipunar. Á sama hátt og samningar um vatn, gas eða rafmagn, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, skulu samningar um stafrænt efni, sem er ekki afhent á áþreifanlegum miðli, hvorki flokkaðir sem sölusamningar né þjónustusamningar að því er varðar tilskipun þessa. Í slíkum tilvikum skal neytandinn hafa rétt til að falla frá samningi nema hann hafi samþykkt að hefja efndir samningsins áður en fresturinn til að falla frá honum lýkur og viðurkennt að hann muni þar með missa réttinn til að falla frá samningnum. Til viðbótar almennum upplýsingakröfum skal seljandinn upplýsa neytandann um virkni og viðeigandi rekstrarsamhæfi stafræns efnis. Með hugtakinu virkni er átt við mismunandi leiðir til að nota stafrænt efni, t.d. til að rekja atferli neytenda, hugtakið skal einnig vísa til þess hvort einhvers konar tæknilegar takmarkanir eru fyrir hendi eða ekki, s.s. vörn með stjórnun stafrænna réttinda eða svæðiskóðun. Hugtakinu viðeigandi rekstrarsamhæfi er ætlað að lýsa upplýsingum um þann staðlaða vélbúnað og hugbúnaðarumhverfið, sem stafræna efnið er samhæft við, t.d. stýrikerfi, nauðsynleg útgáfa og tilteknir eiginleikar vélbúnaðarins. Framkvæmdastjórnin skal kanna þörfina á frekari samræmingu ákvæða að því er varðar stafrænt efni og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf ef þörf er á.

20) Skilgreining á fjarsölusamningi skal ná til allra tilvika þar sem samningur milli seljanda og neytanda er gerður í gegnum skipulagt kerfi fyrir fjarsölu eða þjónustuveitingu sem notar eingöngu einn eða fleiri fjarsamskiptamiðla (s.s. vörulistar, Netið, sími eða bréfasími) allt fram að og á þeim tíma sem gengið er frá samningnum. Skilgreiningin skal einnig ná yfir tilvik þegar neytandinn heimsækir starfsstöðvarnar einvörðungu í þeim tilgangi að afla upplýsinga um vöru eða þjónustu og gerir síðan samninginn og gengur frá honum með aðstoð fjarsamskiptamiðils. Á hinn bóginn telst samningur, sem er gerður á fastri starfsstöð seljandans og síðan frágenginn með aðstoð fjarsamskiptamiðils, ekki vera fjarsölusamningur. Samningur sem byrjað er á með aðstoð fjarsamskiptamiðils og síðan gengið frá á fastri starfsstöð seljandans telst ekki heldur vera fjarsölusamningur. Á sama hátt skal hugtakið fjarsölusamningur ekki ná yfir pantanir sem neytandi gerir með aðstoð fjarsamskiptamiðils til að biðja um þjónustu fagaðila, t.d. þegar neytandi hringir til þess að panta tíma hjá hárgreiðslumanni. Hugtakið skipulagt kerfi fyrir fjarsölu eða þjónustuveitingu skal ná yfir kerfi, sem eru boðin af þriðja aðila sem er annar en seljandinn, en notuð af seljandanum, s.s. netvettvangur. Það skal þó ekki ná yfir tilvik þar sem vefsetur veita einungis upplýsingar um seljandann, vörur og/eða þjónustu hans ásamt samskiptaupplýsingum.

21) Samningur, sem gerður er utan fastra starfsstöðva, skal skilgreindur sem frágenginn samningur þegar bæði seljandinn og neytandinn eru í eigin persónu samtímis á stað sem er ekki föst starfsstöð seljandans, t.d. á heimili eða vinnustað neytandans. Utan fastra starfsstöðva getur neytandinn hugsanlega verið undir sálrænum þrýstingi eða honum komið að óvörum, óháð því hvort neytandinn á frumkvæði að komu seljandans eða ekki. Skilgreining á samningi, sem gerður er utan fastra starfsstöðva, skal einnig ná yfir aðstæður þar sem haft er persónulegt og beint samband við neytandann utan fastrar starfsstöðvar en samningur er gerður strax að því loknu á starfsstöð seljandans eða með aðstoð fjarsamskiptamiðils. Skilgreining á samningi, sem

gerður er utan fastra starfsstöðva, skal ekki ná yfir það þegar seljandi kemur fyrst á heimili neytandans eingöngu til að taka mál eða gefa mat án skuldbindinga af hálfu neytandans og samningur er gerður síðar á starfsstöð seljandans eða með aðstoð fjarsamskiptamiðils á grundvelli mats seljandans. Í slíkum tilvikum ber ekki að telja að samningurinn hafi verið gerður strax eftir að seljandinn hafði samband við neytandann ef neytandanum hefur gefist færi á að íhuga mat seljandans áður en gengið er frá samningnum. Kaup, sem gerð eru í skemmtiferð sem seljandinn skipuleggur þar sem keyptar vörur eru kynntar og boðnar til sölu, skulu teljast til samninga sem gerðir eru utan fastra starfsstöðva.

22) Fastar starfsstöðvar skulu ná yfir hvers konar svæði (s.s. verslanir, sölubásar eða vöruflutningabifreiðar) sem er varanleg eða venjuleg starfsstöð seljandans. Markaðsbásar og sýningarbásar skulu teljast til fastra starfsstöðva ef þeir fullnægja þessu skilyrði. Húsnæði fyrir smásölu þar sem seljandinn stundar árstíðabundna starfsemi, t.d. á ferðamannatímanum á skíða- eða baðstöðum, skal teljast til fastra starfsstöðva þar sem seljandinn stundar reglubundna starfsemi sína í þessu húsnæði. Staðir, sem eru aðgengilegir almenningi, s.s. götur, verslunarmiðstöðvar, baðstrendur, íþróttamannvirki og almenningssamgöngutæki, sem seljandi notar fyrir starfsemi sína í undantekningartilvikum, sem og heimili og vinnustaðir, skulu ekki teljast til fastra starfsstöðva. Föst starfsstöð einstaklings, sem kemur fram í nafni seljandans eða á vegum hans eins og það er skilgreint í þessari tilskipun, skal teljast föst starfsstöð í skilningi þessarar tilskipunar.

23) Varanlegir miðlar skulu gera neytandanum kleift að geyma upplýsingarnar, eins lengi og hann þarf á að halda, til að vernda hagsmuni sína sem rekja má til tengsla hans við seljandann. Slíkir miðlar skulu einkum ná yfir pappír, minnislykla, geisladiska, stafræna mynddiska, minniskort eða harða tölvudiska sem og tölvupóst.

24) Opinbert uppboð felur í sér að seljendur og neytendur séu viðstaddir eða sé veitt tækifæri til að vera viðstaddir uppboðið í eigin persónu. Seljandinn býður neytandanum vöru eða þjónustu í útboðsferli, sem er heimilað með lögum í sumum aðildarríkum, til að bjóða vörur eða þjónustu til sölu á opinberu uppboði. Hlutskarpasti bjóðandi er skuldbundinn til að kaupa vöruna eða þjónustuna. Notkun netvettvangs fyrir uppboð, sem neytendur og seljendur hafa aðgang að, skal ekki teljast opinbert uppboð í skilningi þessarar tilskipunar.

25) Samningar um fjarhitun skulu falla undir þessa tilskipun á sama hátt og samningar um vatnsveitu, gas eða raforku. Með fjarhitun er átt við afhendingu hita, m.a. í formi gufu eða heits vatns, frá miðlægum framleiðslustað um flutninga- og dreifikerfi til margra bygginga til hitunar.

26) Samningar, sem varða framsal fasteigna eða rétt til fasteigna, eða tilurð eða kaup á fasteignum eða slíkum rétti, samningar um smíði nýrra bygginga eða verulegar breytingar á byggingum, sem eru fyrir hendi ásamt samningum um leigu á húsnæði til íbúðarnota falla nú þegar undir nokkrar sértækar kröfur í löggjöf einstakra aðildarríkja. Þessir samningar ná t.d. yfir sölu á fasteignum sem enn hafa ekki verið byggðar og kaupleigu. Ákvæði þessarar tilskipunar eiga ekki við þessa samninga og skulu þeir því vera undanþegnir gildissviði hennar. Verulegar breytingar eru breytingar sem eru sambærilegar við smíði nýrrar byggingar, t.d. þegar aðeins framhlið eldri byggingar er varðveitt. Þjónustusamningar, einkum þeir sem varða smíði viðbygginga við byggingar (t.d. bílskúr eða verönd) og viðgerðir og endurnýjun bygginga, sem ekki er veruleg breyting, skulu falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, ásamt samningum sem varða þjónustu fasteignasala og leigu á húsnæði sem ekki er til íbúðarnota.

27) Flutningaþjónusta nær yfir fólks- og vöruflutninga. Fólksflutningar skulu falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar þar sem þeir falla nú þegar undir aðra löggjöf Sambandsins eða, þegar um er að ræða almenningssamgöngur og leigubíla, undir löggjöf einstakra aðildarríkja. Þó skulu ákvæði þessarar tilskipunar, sem vernda neytendur gegn óhóflegum gjöldum fyrir notkun greiðslumiðla eða gegn földum kostnaði, einnig gilda um samninga um fólksflutninga. Í tengslum við vöruflutninga og bílaleigu, sem er þjónusta, skulu neytendur njóta þeirrar verndar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að undanskildum réttinum til að falla frá samningi.

28) Til að komast hjá því að stjórnsýslubyrði sé lögð á seljendur geta aðildarríki ákveðið að beita ekki þessari tilskipun þegar vara eða þjónusta með lágt verðgildi er seld utan fastra starfsstöðva. Viðmiðunarmörk fjárhæða skal fastsetja nægilega lágt til þess að einungis kaup sem skipta litlu máli verði undanskilin. Aðildarríkjum skal heimilt að ákvarða þessa fjárhæð í eigin lögum að því tilskildu að hún fari ekki fyrir 50 evrur. Ef neytandinn gerir tvo eða fleiri samninga um skylt efni á sama tíma skal taka tillit til heildarkostnaðar þeirra við beitingu þessara viðmiðunarmarka.

29) Félagsleg þjónusta hefur sérstök grundvallareinkenni, sem endurspeglast í löggjöf á tilteknum sviðum, að hluta til á vettvangi Sambandsins og að hluta til á landsvísu. Félagsleg þjónusta er annars vegar þjónusta við sérstaklega illa setta eða tekjulága einstaklinga og þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur sem þarfnast aðstoðar við venjubundin, dagleg verk og hins vegar þjónusta við alla sem hafa sérþörf fyrir aðstoð, stuðning, vernd eða hvatningu á tilteknu æviskeiði. Félagsleg þjónusta nær m.a. yfir þjónustu við börn og unglinga, aðstoðarþjónustu við fjölskyldur, einstæða foreldra og eldri borgara ásamt þjónustu við innflytjendur. Félagsleg þjónusta nær bæði yfir skammtíma- og langtímaumönnun, t.d. á vegum heimahlynningar eða í vernduðum þjónustuíbúðum og á hjúkrunarheimilum eða í öðru húsnæði fyrir aldraða. Félagsleg þjónusta nær ekki einungis yfir þjónustu, sem ríkið sér um á innlendum, svæðisbundnum og staðbundnum vettvangi og þjónustuaðilar með umboð frá ríkinu eða viðurkennd góðgerðarfélög veita, heldur einnig þjónustu sem einkarekin fyrirtæki veita. Ákvæði þessarar tilskipunar eiga ekki við um samninga um félagslega þjónustu og skulu þeir því vera undanþegnir gildissviði hennar.

30) Þörf er á sérstökum reglugerðum fyrir heilbrigðisþjónustu vegna þess hve tæknilega flókin hún er, vegna mikilvægis hennar sem þjónusta í almannaþágu og vegna umfangsmikillar opinberrar fjármögnunar hennar. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri ([1]) er heilbrigðisþjónusta skilgreind sem „þjónusta sem fagfólk í heilbrigðisþjónustu veitir sjúklingum í því skyni að meta, viðhalda eða endurheimta heilsu þeirra, þ.m.t. að ávísa lyfjum, skammta þau og afgreiða lyf og lækningatæki“. Í tilskipuninni er fagfólk í heilbrigðisþjónustu skilgreint sem læknir, hjúkrunarfræðingur í almennri hjúkrun, tannlæknir, ljósmóðir eða lyfjafræðingur í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ([2]) eða annað fagfólk, sem leggur stund á starfsemi í heilbrigðisgeiranum, sem er takmörkuð við lögverndaða starfgrein, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/36/EB, eða einstaklingur sem telst til fagfólks í heilbrigðisþjónustu samkvæmt löggjöf í aðildarríkinu þar sem meðferð fer fram. Ákvæði þessarar tilskipunar eiga ekki við um heilbrigðisþjónustu og skal hún því vera undanþegin gildissviði hennar.

31) Fjárhættustarfsemi skal falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Fjárhættustarfsemi felur í sér að veðja fjármunum í áhættuspilum, þ.m.t. happdrætti, fjárhættustarfsemi í spilavítum og veðmálaviðskipti. Aðildarríkin skulu geta samþykkt aðrar, einnig strangari, reglur um neytendavernd í tengslum við slíka starfsemi.

32) Gildandi löggjöf Sambandsins, m.a. varðandi fjármálaþjónustu fyrir neytendur, pakkaferðir og skiptileigu, inniheldur nokkrar reglur um neytendavernd. Af þessari ástæðu gildir þessi tilskipun ekki að því er varðar samninga á þessum sviðum. Að því er varðar fjármálaþjónustu eru aðildarríkin hvött til að taka mið af gildandi löggjöf Sambandsins á þessu sviði, þegar þau setja lög á sviðum sem Sambandið setur ekki reglur um, á þann hátt að jöfn samkeppnisskilyrði allra neytenda og allra samninga um fjármálaþjónustu séu tryggð.

33) Seljanda skal vera skylt að upplýsa neytandann fyrirfram um hvers konar fyrirkomulag sem hefur í för með sér að neytandinn greiði seljandanum tryggingarfé, þ.m.t. fyrirkomulag þar sem trygging fyrir fjárhæð er tekin frá á kredit- eða debetkorti neytandans.

34) Seljandi skal veita neytandanum skýrar og skiljanlegar upplýsingar áður en neytandinn er bundinn af fjarsölusamningi eða samningi sem gerður er utan fastrar starfsstöðvar, öðrum samningi en fjarsölusamningi eða samningi sem gerður er utan fastrar starfsstöðvar eða samsvarandi tilboði. Þegar seljandi veitir þessar upplýsingar skal hann taka tillit til sérþarfa neytenda, sem eru sérlega berskjaldaðir sökum andlegrar, líkamlegrar eða sálrænnar fötlunar, aldurs eða trúgirni á þann hátt að telja mætti eðlilegt að seljandinn gæti séð það fyrir. Það að tekið sé tillit til slíkra sérþarfa skal þó ekki leiða af sér mismunandi stig neytendaverndar.

35) Upplýsingar sem seljanda ber að veita neytanda skulu vera skyldubundnar og þeim má ekki breyta. Þó skulu samningsaðilar geta samþykkt sérstaklega að breyta efni samningsins sem síðan er gerður, t.d. um fyrirkomulag afhendingar.

36) Þegar um er að ræða fjarsölusamninga skal aðlaga upplýsingakröfur þannig að tekið sé tillit til tæknilegra takmarkana tiltekinna miðla, s.s. takmarkaðs fjölda tákna á tilteknum farsímaskjám eða tímatakmarkana fyrir auglýsingainnskot í sjónvarpi. Í slíkum tilvikum skal seljandinn uppfylla lágmarkskröfur um upplýsingar og vísa neytandanum á aðrar upplýsingar, t.d. með því að gefa upp gjaldfrjálst símanúmer eða krækju á vefsíðu seljandans þar sem beinn aðgangur er að viðkomandi upplýsingum og auðvelt að nálgast þær. Að því er varðar kröfuna um að upplýsa neytandann um kostnað við að skila vörum, sem eru þannig að ekki er hægt að endursenda þær í pósti, telst kröfunni hafa verið fullnægt, m.a. ef seljandinn tilgreinir eitt flutningafyrirtæki (t.d. það sem hann fól að afhenda

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45.
([2]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

vöruna) og eina upphæð vegna kostnaðar við að skila vörunni. Ef seljandi getur ekki með góðu móti reiknað út fyrirfram kostnað við að skila vörunni, t.d. vegna þess að hann býðst ekki til að sjá um endursendingu vörunnar sjálfur, skal seljandi gefa yfirlýsingu um að greiða skuli þann kostnað og að kostnaðurinn geti verið hár, ásamt sanngjörnu mati á hámarkskostnaði sem gæti miðast við kostnaðinn við afhendingu til neytandans.

37) Þar sem neytandinn getur ekki séð vöruna áður en gengið er frá samningnum, þegar um fjarsölu er að ræða, skal hann eiga rétt til að falla frá samningnum. Af sömu ástæðu skal neytandinn eiga rétt til að prófa og skoða vöru sem hann hefur keypt, eftir því sem nauðsynlegt er, til að staðfesta eiginleika, einkenni og virkni vörunnar. Þegar um er að ræða samninga sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva skal neytandinn eiga rétt til að falla frá þeim vegna þess að honum er hugsanlega komið í opna skjöldu og/eða hann verður fyrir sálrænum þrýstingi. Þegar fallið er frá samningi bindur það enda á þá skyldu samningsaðila að efna hann.

38) Á viðskiptavefsetrum skal tilgreint á skýran og læsilegan hátt, í síðasta lagi við upphaf pöntunarferlisins, hvort um einhverjar takmarkanir á afhendingu sé að ræða og hvaða greiðslumáti sé viðurkenndur.

39) Þegar gengið er frá fjarsölusamningum um vefsetur er mikilvægt að tryggja að neytandinn geti að fullu lesið og skilið meginþætti samningsins áður en hann leggur inn pöntun sína. Í þessu skyni skulu í þessari tilskipun vera ákvæði um að þessir þættir séu sýndir nærri staðfestingunni sem þarf til að leggja inn pöntun. Einnig er mikilvægt í slíkum tilvikum að tryggja að neytandinn geti ákveðið á hvaða tíma hann skuldbindur sig til að greiða seljandanum. Þess vegna skal einkum vekja athygli neytandans á því með ótvíræðu orðalagi að pöntun hafi í för með sér skuldbindingu um greiðslu til seljandans.

40) Núverandi frestur til að falla frá samningi, sem er mismunandi bæði milli aðildarríkjanna og hvað varðar fjarsölusamninga og samninga, sem gerðir eru utan fastra starfsstöðva, veldur réttaróvissu og kostnaði við reglufylgni. Sami frestur til að falla frá samningi skal gilda um alla fjarsölusamninga og samninga sem gerðir eru utan fastra starfsstöðva. Ef um þjónustusamninga er að ræða skal frestur til að falla frá samningi renna út 14 dögum eftir að gengið er frá samningi. Ef um sölusamninga er að ræða skal frestur til að falla frá samningi renna út 14 dögum eftir að neytandinn eða þriðji aðili annar en flutningsaðilinn, sem neytandinn hefur tilgreint, hefur tekið vöruna í vörslu sína í reynd. Auk þess skal neytandinn geta nýtt sér réttinn til að falla frá samningi áður en hann tekur vöruna í vörslu sína í reynd. Þegar neytandinn pantar margar vörur í einni pöntun en þær eru afhentar hver um sig skal frestur til að falla frá samningi renna út 14 dögum eftir þann dag þegar neytandinn tekur síðustu vöruna í vörslu sína í reynd. Þegar vörur eru afhentar í mörgum einingum eða stykkjum skal frestur til að falla frá samningi renna út 14 dögum eftir þann dag þegar neytandinn tekur síðustu einingunа eða stykkið í vörslu sína í reynd.

41) Til að tryggja réttarvissu er rétt að reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti ([1]) gildi við útreikning á tímabilum sem fjallað er um í þessari tilskipun. Þess vegna skulu allir frestir í þessari tilskipun mældir í almanaksdögum. Eigi frestur, mældur í dögum, að reiknast frá þeirri stundu er atburður gerist eða aðgerðir framkvæmdar, telst ekki með í frestinum sá dagur þegar atburður á sér stað eða aðgerðir eru framkvæmdar.

42) Ákvæðin, sem varða réttinn til að falla frá samningi, skulu ekki hafa áhrif á lög og reglur aðildarríkjanna sem gilda um riftun samnings eða að samningur sé ekki aðfararhæfur eða möguleika neytandans til að fullnægja samningsbundnum skyldum sínum fyrir þann tíma sem tiltekinn er í samningnum.

43) Ef seljandi hefur ekki veitt neytandanum nægar upplýsingar áður en gengið er frá fjarsölusamningi eða samningi, sem gerður er utan fastrar starfsstöðvar, skal framlengja frestinn til að falla frá samningnum. Til að tryggja réttarvissu að því er varðar frestinn til að falla frá samningi skal þó takmarka frestinn við tólf mánuði.

44) Rétturinn til að segja upp samningi er nýttur á mismunandi hátt í aðildarríkjunum og hefur það haft í för með sér kostnað fyrir seljendur sem stunda sölu yfir landamæri. Með því að taka upp samræmt staðlað uppsagnareyðublað sem neytendur geta notað má einfalda ferlið og koma á réttarvissu. Af þessum sökum skulu aðildarríkin forðast að bæta kröfum um framsetningu við staðlað eyðublað í Sambandinu, t.d. varðandi leturstærð. Neytandanum skal þó vera frjálst að nota sitt eigið orðalag í þegar hann fellur frá samningi, að því tilskildu að yfirlýsing hans til seljandans, þar sem fram kemur ákvörðun hans um að falla frá samningnum, sé ótvíræð. Bréf, símtal eða skil á vörunum með skýrri yfirlýsingu getur verið fullnægjandi en neytandinn skal bera sönnunarbyrðina um að uppsögnin hafi verið innan þeirra tímamarka sem sett eru í tilskipuninni. Af þessum sökum er það neytandanum í hag að nota varanlegan miðil þegar hann tilkynnir seljanda um að hann falli frá samningnum.

([1]) Stjtíð. EB L 124, 8.6.1971, bls. 1.

45) Þar sem reynslan sýnir að margir neytendur og seljendur kjósa að eiga samskipti um vefsetur seljandans skal seljandinn geta gefið neytandanum kost á að fylla út veflægt uppsagnareyðublað. Í slíkum tilvikum skal seljandinn láta í té kvittun fyrir móttöku án tafar, t.d. með tölvupósti.

46) Í því tilviki þegar neytandi fellur frá samningi skal seljandinn endurgreiða allar greiðslur sem hann hefur fengið frá neytandanum, þ.m.t. greiðslur vegna kostnaðar sem seljandinn hafði af afhendingu til neytandans. Endurgreiðslan skal ekki vera í formi inneignarmiða nema neytandinn hafi notað inneignarmiða í upphaflegu viðskiptunum eða hafi samþykkt þá sérstaklega. Kjósi neytandinn sérstaklega að afhending fari fram með ákveðnum hætti (t.d. með 24 klst. hraðsendingu), þó að seljandinn hafi boðið algengan og almennt viðurkenndan afhendingarmáta, sem hefði haft í för með sér lægri afhendingarkostnað, skal neytandinn standa straum af þeim mismun kostnaðar sem er á þessu tvenns konar fyrirkomulagi afhendingar.

47) Sumir neytendur nýta rétt sinn til að falla frá samningi eftir að hafa notað vöruna meira en nauðsynlegt er til að staðfesta eiginleika, einkenni og virkni hennar. Í því tilviki skal neytandinn ekki missa réttinn til að falla frá samningnum heldur skal hann vera ábyrgur fyrir allri rýrnun á verðgildi vörunnar. Til þess að staðfesta eiginleika, einkenni og virkni vörunnar skal neytandinn aðeins meðhöndla hana og skoða á sama hátt og honum hefði verið leyft í verslun. Neytanda skal t.d. aðeins máta fatnað og skal ekki vera heimilt að ganga í honum. Af þessum sökum skal neytandinn meðhöndla og skoða vöruna af varfærni áður en frestinum til að falla frá samningi lýkur. Skyldur neytandans þegar hann fellur frá samningi eiga ekki að fæla hann frá því að nýta sér rétt sinn til að falla frá honum.

48) Neytandanum skal vera skylt að endursenda vöruna eigi síðar en 14 dögum eftir að hann upplýsti seljandann um ákvörðun sína að falla frá samningnum. Í tilvikum þegar seljandi og neytandi fullnægja ekki skuldbindingum varðandi rétt til að falla frá samningi skulu viðurlög, sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við þessa tilskipun, gilda, ásamt ákvæðum samningaréttar.

49) Tilteknar undantekningar frá rétti til að segja upp samningi skulu vera fyrir hendi, bæði fyrir fjarsölusamninga og samninga sem gerðir eru utan fastra starfsstöðva. Réttur til að falla frá samningi gæti verið óviðeigandi, t.d. að teknu tilliti til eiginleika sérstakrar vöru eða þjónustu. Svo er t.d. um vín sem er afhent löngu eftir gerð samnings sem einkennist af spákaupmennsku þar sem verðgildið er háð sveiflum á markaði („vin en primeur“). Rétturinn til að falla frá samningi skal hvorki gilda um vöru, sem er framleidd samkvæmt forskrift neytandans eða ber skýrt auðkenni hans, s.s. gluggatjöld gerð eftir máli, né t.d. um afhendingu eldsneytis sem er vara sem eðlis síns vegna er ekki unnt að aðskilja frá öðrum vörum eftir afhendingu. Einnig gæti verið óviðeigandi að veita neytanda rétt til að segja upp samningi þegar um er að ræða ákveðna þjónustu þar sem gerð samningsins hefur í för með sér að afkastageta er höfð til reiðu, sem seljanda gæti reynst erfitt að nýta á annan hátt ef réttur til að falla frá samningi væri nýttur. Þetta ætti t.d. við um bókanir á hótelum eða um fristundahús eða um menningar- eða íþróttaviðburði.

50) Neytandinn á annars vegar að njóta góðs af rétti sínum til að falla frá samningi jafnvel þótt hann hafi óskað eftir þjónustu áður en frestinum til að falla frá honum lýkur. Hins vegar skal seljanda tryggt að hann fái sanngjarna greiðslu fyrir þá þjónustu sem hann hefur veitt ef neytandinn nýtir rétt sinn til að falla frá samningi. Útreikningur á hlutfallslegri fjárhæð skal byggjast á verðinu sem samþykkt var í samningnum nema neytandinn sýni fram á að það heildarverð sé sjálft ekki í réttu hlutfalli, en í slíku tilviki skal fjárhæðin, sem greiða skal, reiknuð út á grundvelli markaðsvirðis þjónustunnar sem veitt var. Markaðsvirðið skal skilgreint með því að bera saman verð sambærilegrar þjónustu sem veitt var af öðrum seljendum þegar samningurinn var gerður. Neytandinn skal þess vegna óska eftir þjónustu áður en frestur til að falla frá samningi rennur út með því að leggja fram beiðnina sérstaklega og, ef um er að ræða samninga utan fastrar starfsstöðvar, á varanlegum miðli. Á sama hátt skal seljandinn upplýsa neytandann á varanlegum miðli um hvers konar skuldbindingu um greiðslu á hlutfallslegum kostnaði fyrir þá þjónustu sem þegar hefur verið veitt. Þegar um er að ræða samninga sem fjalla bæði um vörur og þjónustu skulu reglurnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun um skil á vöru, gilda um þá þætti sem snúa að vörunni og fyrirkomulag endurgjalds fyrir þjónustu gilda um þá þætti sem snúa að þjónustunni.

51) Helstu erfiðleikar, sem neytendur verða fyrir og ein meginástæða ágreinings við seljendur, snúa að afhendingu á vöru, þar á meðal að vara týnist eða skemmist í flutningi og sé afhent seint eða að hluta hennar vanti. Þess vegna þykir rétt að skýra og samræma landsreglur um hvenær afhending skuli fara fram. Staður og fyrirkomulag afhendingar og reglur varðandi ákvörðun um skilyrði fyrir yfirfærslu eignarhalds á vörunni ásamt því hvenær yfirfærslan á sér stað skal áfram falla undir landslög og hefur þessi tilskipun því ekki áhrif á þessa þætti. Reglur um afhendingu, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu taka til möguleika neytandans til að heimila þriðja aðila að taka vöruna í vörslu sína eða fá umráð yfir henni fyrir hans hönd. Neytandi skal teljast hafa umráð yfir vöru ef hann eða þriðji aðili, sem neytandinn hefur tilgreint, hefur aðgang að vörunni til að nota hana sem eigandi eða getur endurselt hana (t.d. þegar hann hefur fengið í hendur lykla eða hefur í vörslu sinni skjöl sem staðfesta eignarhaldið).

52) Í tengslum við sölusamninga getur afhending vöru farið fram á margvíslegan hátt, ýmist þegar í stað eða síðar. Hafi samningsaðilar ekki komið sér saman um sérstakan afhendingardag skal seljandinn afhenda vörurnar eins fljótt og unnt er og í öllum tilvikum eigi síðar en 30 dögum frá þeim degi þegar gengið var frá samningi. Í reglunum um síðbúna afhendingu skal einnig taka tillit til vara sem eru framleiddar eða keyptar sérstaklega fyrir neytandann og sem seljandinn getur ekki endurnýtt án þess að verða fyrir verulegu tapi. Þess vegna skal vera ákvæði í þessari tilskipun sem veitir seljandanum hæfilega langan viðbótartíma við tilteknar aðstæður. Hafi seljandinn ekki afhent vörur innan þess tíma sem samkomulag var gert um við neytandann skal neytandinn, áður en hann getur rift samningnum, leita eftir því við seljandann að vörurnar verði afhentar innan hæfilegs viðbótartíma og eiga rétt til að rifta samningnum ef seljandinn afhendir vörurnar ekki heldur innan þessa viðbótartíma. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef seljandinn hefur með ótvíræðri yfirlýsingu neitað að afhenda vörurnar. Það gildir ekki heldur í tilteknum tilvikum þegar nauðsynlegt er að afhenda vörurnar á tilteknum tíma, s.s. ef um er að ræða brúðarkjól sem þarf að afhenda fyrir brúðkaupið. Það gildir ekki heldur í tilvikum þegar neytandinn tilkynnir seljandanum að nauðsynlegt sé að afhenda vörurnar á tilteknum degi. Neytandinn getur í þessum tilgangi notað samskiptaupplýsingar seljandans sem eru látnar í té í samræmi við þessa tilskipun. Í slíkum sérstökum tilvikum skal neytandinn, ef seljandinn afhendir vörurnar ekki í tæka tíð, eiga rétt til að rifta samningnum tafarlaust að umsömdum afhendingartíma liðnum. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði í landslögum einstakra aðildarríkja um hvernig neytandinn skuli tilkynna seljandanum að hann óski eftir að rifta samningnum.

53) Auk réttar neytandans til að rifta samningi ef seljandinn uppfyllir ekki skuldbindingar sínar um að afhenda vörur, í samræmi við þessa tilskipun, getur neytandinn, í samræmi við viðeigandi landslög, nýtt sér önnur úrræði, s.s. að veita seljandanum viðbótarfrest til afhendingar, krefjast þess að samningurinn sé efndur, halda eftir greiðslu og gera kröfu um skaðabætur.

54) Í samræmi við 3. mgr. 53. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum ([1]) skal aðildarríkjunum vera heimilt að banna eða takmarka rétt seljenda til að krefjast gjalds af neytendum að teknu tilliti til nauðsynjar á að efla samkeppni og stuðla að notkun skilvirkra greiðslumiðla. Í öllum tilvikum skal seljendum bannað að krefja neytendur um gjöld umfram þann kostnað sem seljandinn hefur haft af notkun tiltekins greiðslumiðils.

55) Hafi seljandinn sent neytandanum vörurnar geta komið upp deilur, ef vörurnar týnast eða skemmast, um hvenær yfirfærsla áhættu á sér stað. Þess vegna skal í þessari tilskipun kveðið á um að neytandinn sé verndaður gegn allri áhættu af því að vörurnar týnist eða skemmist áður en hann hefur fengið þær í vörslu sína. Neytandinn skal njóta verndar meðan á flutningi stendur, sem seljandinn skipuleggur eða annast, jafnvel þegar neytandinn hefur valið tiltekinn afhendingarmáta úr ýmsum möguleikum sem seljandinn býður. Þetta ákvæði skal þó ekki gilda um samninga þar sem neytandinn þarf sjálfur að sækja vörurnar eða fá flutningsaðila til að sækja þær. Að því er varðar hvenær yfirfærsla áhættu á sér stað skal neytandinn teljast hafa fengið vörurnar í vörslu sína þegar hann hefur tekið á móti þeim.

56) Einstaklingar eða stofnanir sem teljast, samkvæmt innlendum lögum, hafa lögmætra hagsmuna að gæta í að vernda samningsbundinn rétt neytenda skulu hafa rétt til þess að hefja málsmeðferð, annaðhvort hjá dómstóli eða stjórnvaldi sem er þar til bært að úrskurða í kærumálum, eða hefja viðeigandi málarekstur.

57) Nauðsynlegt er að aðildarríkin mæli fyrir um viðurlög við brotum á þessari tilskipun og tryggi að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

58) Neytendur skulu ekki sviptir þeirri vernd sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Ef lögin sem gilda um samninginn eru lög þriðja lands skal reglugerð (EB) nr. 593/2008 gilda til þess að ákvarða hvort neytandinn nýtur þeirrar verndar sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

59) Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila, leitast við að finna ákjósanlegustu leiðina til að tryggja að öllum neytendum sé gerð grein fyrir réttindum þeirra á sölustað.

60) Þar sem óumbeðin afhending vöru eða þjónustu, sem er afhending vöru eða veiting þjónustu án þess að neytandinn hafi óskað eftir henni, er bönnuð með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum („tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti“) ([2]) þótt ekki sé þar kveðið á um samningsbundin úrræði, er nauðsynlegt að taka upp í þessari tilskipun samningsbundin úrræði til að undanþiggja neytendur hvers konar skuldbindingum varðandi slíka óumbeðna afhendingu.

([1]) Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.

61) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ([1]) er reglum þegar komið yfir óumbeðin samskipti og kveðið á um öfluga neytendavernd. Þess vegna eru samsvarandi ákvæði um sama efni í tilskipun 97/7/EB óþörf.

62) Rétt þykir að framkvæmdastjórnin endurskoði þessa tilskipun, komi einhverjar hindranir á innri markaðinum í ljós. Framkvæmdastjórnin skal í endurskoðun sinni huga sérstaklega að möguleikunum sem aðildarríkjunum eru veittir til að viðhalda eða taka upp sérstök landsbundin ákvæði, þar á meðal á tilteknum sviðum í tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi ([3]). Endurskoðunin gæti leitt til þess að framkvæmdastjórnin legði fram tillögu um breytingu á þessari tilskipun, í þeirri endurskoðun gætu falist breytingar á öðrum lögum um neytendavernd sem endurspegla stefnumörkun framkvæmdastjórnarinnar varðandi neytendavernd og þá skuldbindingu að endurskoða réttarreglur Sambandsins til að ná fram öflugri almennri neytendavernd.

63) Tilskipunum 93/13/EBE og 1999/44/EB skal breytt þannig að aðildarríkjunum verði skylt að tilkynna framkvæmdastjórninni um samþykkt sérstakra ákvæða í landslögum á tilteknum sviðum.

64) Fella skal tilskipanir 85/577/EBE og 97/7/EB úr gildi.

65) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að stuðla að eðlilegri starfsemi innri markaðarins með því að tryggja öfluga neytendavernd, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

66) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

67) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([4]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að semja og birta sínar eigin töflur sem sýna samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafananna eftir því sem kostur er.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1 KAFLI

EFNI, SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

1. gr.

Efni

Markmiðið með þessari tilskipun er að ná fram öflugri neytendavernd og stuðla þannig að eðlilegri starfsemi innri markaðarins með því að samræma tiltekna þætti í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi samninga sem neytendur og seljendur gera sín í milli.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „neytandi“: einstaklingur sem, að því er varðar samninga sem þessi tilskipun nær til, starfar að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein hans,

2) „seljandi“: einstaklingur eða lögaðili, jafnt í eigu hins opinbera sem í einkaeigu, ásamt hverjum þeim sem starfar í nafni seljandans eða fyrir hönd hans, sem starfar að þeim markmiðum sem varða atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein hans í tengslum við samninga sem falla undir þessa tilskipun,

3) „vara“: allir efnislegir lausamunir aðrir en munir seldir nauðungarsölu eða með annars konar lagaheimild; vatn, gas og rafmagn skal teljast til vöru í skilningi þessarar tilskipunar ef það er selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni,

4) „vara sem er framleidd samkvæmt forskrift neytandans“: vara sem er ekki forsmíðuð, framleidd samkvæmt einstaklingsbundnu vali eða ákvörðun neytandans,

5) „sölusamningur“: samningur þar sem seljandi yfirfærir eða skuldbindur sig til að yfirfæra eignarhald á vörum til neytanda og neytandinn greiðir eða skuldbindur sig til að greiða verð þeirra, þ.m.t. samningar sem varða bæði vörur og þjónustu,

([1]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.
([2]) Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29.
([3]) Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12.
([4]) Stjtíð. ESB L 321, 31.12.2003, bls. 1.

6) „þjónustusamningur“: aðrir samningar en samningar þar sem seljandi veitir neytanda þjónustu eða skuldbindur sig til þess og neytandinn greiðir eða skuldbindur sig til að greiða verð hennar,

7) „fjarsölusamningur“: samningur á milli seljanda og neytanda, sem er gerður um skipulagt kerfi fyrir fjarsölu eða þjónustuveitingu án þess að seljandinn og neytandinn séu viðstaddir samtímis í eigin persónu, þar sem eingöngu einn eða fleiri fjarsamskiptamiðlar eru notaðir allt fram að og á þeim tíma sem gengið er frá samningnum,

8) „samningur sem er gerður utan fastrar starfsstöðvar“: samningur milli seljanda og neytanda:

   a) sem er gerður þegar bæði seljandinn og neytandinn eru viðstaddir samtímis í eigin persónu, á stað sem er ekki föst starfsstöð seljandans,

   b) neytandinn hefur gert tilboð um við sömu aðstæður og í a-lið,

   c) er gerður á fastri starfsstöð seljandans eða um hvers konar fjarsamskiptamiðil strax eftir að haft var persónulegt og beint samband við neytandann á stað sem er ekki föst starfsstöð seljandans, þegar bæði seljandinn og neytandinn eru viðstaddir samtímis í eigin persónu, eða

   d) er gerður í skemmtiferð, sem seljandi skipuleggur með það fyrir augum að kynna og selja neytandanum vörur eða þjónustu,

9) „föst starfsstöð“:

   a) fast húsnæði fyrir smásölu, þar sem seljandi stundar starfsemi sína til frambúðar, eða

   b) færanlegt athafnasvæði fyrir smásölu þar sem seljandi stundar reglubundna starfsemi sína,

10) „varanlegur miðill“: tæki, sem gerir neytanda eða seljanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir því hvaða tilgangi upplýsingarnar þjóna og sem gerir kleift að afrita óbreyttar þær upplýsingarnar sem geymdar eru,

11) „stafrænt efni“: gögn sem eru framleidd og afhent á stafrænu formi,

12) „fjármálaþjónusta“: þjónusta á sviði bankaviðskipta, lána, vátrygginga, séreignarlífeyris, fjárfestinga eða greiðslna,

13) „opinbert uppboð“: söluaðferð þar sem seljandi býður fram vörur eða þjónustu til neytenda, sem eru viðstaddir eða er veitt tækifæri til að vera viðstaddir uppboðið í eigin persónu, í gagnsæju útboðsferli á samkeppnisgrundvelli sem er stjórnað af uppboðshaldara og þar sem hlutskarpasti bjóðandi er skuldbundinn til að kaupa vörurnar eða þjónustuna,

14) „viðskiptaábyrgð“: allar skuldbindingar seljanda eða framleiðanda (ábyrgðarmanns) gagnvart neytandanum, auk lagalegrar skuldbindingar hans í tengslum við samræmisábyrgð, um að endurgreiða kaupverð eða skipta, gera við vöru eða á annan hátt ráða bót á göllum hennar, sé hún ekki í samræmi við lýsingu í ábyrgðarskírteinum eða auglýsingar um vöruna, sem voru aðgengilegar á þeim tíma þegar samningur var gerður eða fyrr,

15) „fylgisamningur“: samningur sem gildir um kaup neytandans á vöru eða þjónustu, sem tengist fjarsölusamningi eða samningi sem gerður er utan fastrar starfsstöðvar, og sem seljandi eða þriðji aðili lætur í té á grundvelli samkomulags milli þess þriðja aðila og seljandans.

3. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir, í samræmi við skilyrði og umfang þessara ákvæða, um alla samninga sem seljandi og neytandi gera sín í milli. Hún gildir einnig um samninga um afhendingu á vatni, gasi, rafmagni eða fjarhitun, einnig frá opinberum veitendum, að svo miklu leyti sem afhendingin er á grundvelli samnings.

2. Ef ákvæði þessarar tilskipunar stríða gegn ákvæði annarrar gerðar Sambandsins, sem gildir um sérstaka geira, skal ákvæði hinnar gerðar Sambandsins ganga framar og gilda um þá sérstöku geira.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga um:

a) félagsþjónustu, þ.m.t. félagsbústaði, dagvistun barna og stuðning við fjölskyldur og einstaklinga sem eru aðstoðar þurfi um stundarsakir eða til frambúðar, þ.m.t. langtímaumönnun,

b) heilbrigðisþjónustu, eins og hún er skilgreind í a-lið 3. gr. tilskipunar 2011/24/ESB, hvort sem hún er veitt fyrir milligöngu heilbrigðisstofnana eða ekki,

c) fjárhættustarfsemi, sem felur í sér að veðja fjármunum í áhættuspilum, þ.m.t. happdrætti, fjárhættustarfsemi í spilavítum og veðmálaviðskipti,

d) fjármálaþjónustu,

e) tilurð, kaup eða framsal fasteigna eða réttar til fasteigna,

f) smíði nýrra bygginga eða verulegar breytingar á byggingum sem eru til staðar ásamt leigu á húsnæði til íbúðarnota,

g) sem falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka ([1]),

h) sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, samninga um orlofskosti til langs tíma, endursölu- og skiptasamninga ([2]),

i) sem eru, í samræmi við löggjöf aðildarríkjanna, samdir af opinberum embættismanni sem lögum samkvæmt skal vera óháður og óhlutdrægur og sem ber, með því að veita ítarlegar lögfræðilegar upplýsingar, að tryggja að neytandinn geri ekki samning nema eftir að hafa skoðað hann vandlega í lögfræðilegu tilliti og sé kunnugt um lagalegt gildissvið hans,

j) útvegun matvöru, drykkja eða annarrar vöru til daglegra heimilisnota sem seljandinn sendir heim til neytandans, til dvalarstaðar hans eða vinnustaðar með sendlum sem fara tíðar og reglubundnar ferðir,

k) farþegaflutninga, að undanskildum ákvæðum 8. gr. (2. mgr.), 19. og 20. gr.,

l) sem gerðir eru með aðstoð sjálfsala eða sjálfvirkra verslana,

m) sem eru gerðir við fjarskiptafyrirtæki um opinbera símasjálfsala eða um eina síma-, net- eða bréfasímatengingu sem neytandi hefur komið á.

4. Aðildarríki geta kosið að beita ekki tilskipun þessari eða viðhalda ekki eða innleiða samsvarandi innlend ákvæði um samninga, sem gerðir eru utan fastra starfsstöðva, ef greiðsla sem neytanda er skylt að inna af hendi fer ekki yfir 50 evrur. Aðildarríki geta skilgreint lægra verð í landslöggjöf sinni.

5. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á landsbundin almenn samningalög, s.s. reglur um gildi, gerð eða áhrif samnings, að svo miklu leyti sem ekki eru settar reglur um almenn atriði samningalaga í þessari tilskipun.

6. Tilskipun þessi hindrar ekki seljendur í að bjóða neytendum samningsbundið fyrirkomulag sem gengur lengra en verndin sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

4. *gr.*

Umfang samræmingar

Aðildarríkin skulu ekki viðhalda eða innleiða ákvæði í landslöggjöf sína sem víkja frá þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þ.m.t. strangari eða mildari ákvæði, í því augnamiði að tryggja neytendum aðra vernd, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

II. KAFLI

UPPLÝSINGAR TIL NEYTENDA VEGNA ANNARRA SAMNINGA EN FJARSÖLUSAMNINGA OG SAMNINGA SEM GERÐIR ERU UTAN FASTRA STARFSSTÖÐVA

5. *gr.*

Kröfur um upplýsingar vegna annarra samninga en fjarsölusamninga og samninga sem gerðir eru utan fastra starfsstöðva

1. Áður en neytandi er bundinn samningi öðrum en fjarsölusamningi eða samningi sem gerður er utan fastrar starfsstöðvar eða samsvarandi tilboði skal seljandi veita neytandanum upplýsingar um eftirfarandi á skýran og auðskiljanlegan máta, séu þessar upplýsingar ekki þegar augljósar af samhenginu:

a) helstu eiginleika vörunnar eða þjónustunnar, að því marki sem telst heppilegt með tilliti til miðilsins og vörunnar eða þjónustunnar,

b) deili á seljandanum, s.s. viðskiptaheiti, heimilisfang þar sem hann hefur staðfestu og símanúmer hans,

c) heildarverð vöru eða þjónustu með sköttum eða, þegar varan eða þjónustan er þess eðlis að ekki er hægt með góðu móti að reikna út verðið fyrir fram, á hvern hátt verðið er reiknað út og, eftir því sem við á, allan viðbótarkostnað, afhendingar- eða póstgjöld eða, ef ekki er hægt að reikna þetta út fyrir fram með góðu móti, upplýsingar um að e.t.v. þurfi að greiða slíkan viðbótarkostnað,

d) eftir atvikum, tilhögun greiðslu, afhendingar, efnda, tímann sem seljandinn skuldbindur sig til að afhenda vöruna á eða inna þjónustuna af hendi og framkvæmd og meðferð kvartana af hendi seljandans,

([1]) Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59.
([2]) Stjtíð. ESB L 33, 3.2.2009, bls. 10.

e) auk ábendingar um að lögbundin samræmisábyrgð vegna vöru sé fyrir hendi, að viðhaldsþjónusta og viðskiptaábyrgð séu fyrir hendi ásamt skilmálum þeirra, eftir atvikum,

f) gildistíma samningsins, eftir því sem við á, eða, ef samningurinn er ótímabundinn eða endurnýjast sjálfkrafa, skilyrði fyrir uppsögn samningsins,

g) eftir því sem við á, virkni stafræns efnis, þ.m.t. viðeigandi tæknilegar verndarráðstafanir,

h) eftir því sem við á, viðeigandi rekstrarsamhæfi stafræns efnis við vélbúnað og hugbúnað sem seljandi hefur vitneskju um eða með réttu má gera ráð fyrir að hann hafi vitneskju um.

2. Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um samninga um afhendingu á vatni, gasi eða rafmagni, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, samninga um fjarhitun eða stafrænt efni sem er ekki afhent á áþreifanlegum miðli.

3. Aðildarríkjum skal ekki vera skylt að beita 1. mgr. gagnvart samningum sem snerta dagleg viðskipti og er framfylgt jafnskjótt og samningurinn er gerður.

4. Aðildarríki geta samþykkt eða viðhaldið viðbótarkröfum um upplýsingar sem veita skal áður en samningur er gerður þegar um er að ræða samninga sem þessi grein tekur til.

III. KAFLI

UPPLÝSINGAR TIL NEYTENDA OG RÉTTUR TIL AÐ FALLA FRÁ FJARSÖLUSAMNINGUM OG SAMNINGUM SEM ERU GERÐIR UTAN FASTRA STARFSSTÖÐVA

6. *gr.*

Kröfur um upplýsingar vegna fjarsölusamninga og samninga sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva

1. Áður en neytandi er bundinn fjarsölusamningi eða samningi sem er gerður utan fastrar starfsstöðvar, eða samsvarandi tilboði, skal seljandi veita neytandanum upplýsingar um eftirfarandi á skýran og auðskiljanlegan máta:

a) helstu eiginleika vörunnar eða þjónustunnar, að því marki sem telst heppilegt með tilliti til miðilsins og vörunnar eða þjónustunnar,

b) deili á seljandanum, s.s. viðskiptaheiti,

c) heimilisfang þar sem seljandinn hefur staðfestu ásamt símanúmeri, bréfasímanúmeri og netfangi hans, eftir því sem við á, til að gefa neytandanum tækifæri á að ná fljótt sambandi við seljandann og eiga samskipti við hann á skilvirkan hátt og, ef hann starfar á vegum annars seljanda, heimilisfang þess aðila og deili á honum,

d) heimilisfang starfsstöðvar seljandans ef það er annað en heimilisfangið sem er tilgreint í samræmi við c-lið og, ef hann starfar á vegum annars seljanda, heimilisfang þess aðila og deili á honum, sem neytandinn getur beint kvörtunum til,

e) heildarverð vöru eða þjónustu með sköttum eða, þegar varan eða þjónustan er þess eðlis að ekki er hægt með góðu móti að reikna út verðið fyrir fram, á hvern hátt verðið er reiknað út og, eftir því sem við á, allan viðbótarkostnað, afhendingar- eða póstgjöld og allan annan kostnað eða, ef ekki er hægt að reikna þetta út fyrir fram með góðu móti, upplýsingar um að e.t.v. þurfi að greiða slíkan viðbótarkostnað. Ef um er að ræða ótímabundinn samning eða samning sem inniheldur áskrift skal heildarkostnaður fyrir hvert reikningstímabil koma fram í heildarverði. Ef greiðslur samkvæmt slíkum samningum eru föst fjárhæð merkir heildarverð einnig mánaðarlegur heildarkostnaður. Ef ekki er hægt með góðu móti að reikna út heildarverðið fyrir fram skal tilgreint á hvern hátt verðið er reiknað út,

f) kostnað við notkun fjarsamskiptamiðils til að ganga frá samningi, ef kostnaðurinn er reiknaður samkvæmt öðrum taxta en grunntaxta,

g) tilhögun greiðslu, afhendingar, efnda, tímann sem seljandinn skuldbindur sig til að afhenda vöruna á eða inna þjónustuna af hendi og, eftir því sem við á, framkvæmd og meðferð kvartana af hendi seljandans,

h) skilyrði, tímamörk og tilhögun réttar til að falla frá samningi, ef hann er fyrir hendi, í samræmi við 1. mgr. 11. gr., ásamt samræmda staðlaða uppsagnareyðublaðinu í B-hluta I. viðauka,

i) að neytandinn skuli, eftir atvikum, bera kostnað af því að skila vöru ef hann fellur frá samningi og, þegar um er að ræða fjarsölusamninga, kostnað við að skila vöru sem er þannig að ekki er hægt að endursenda hana í pósti,

j) að neytandi skuli, ef hann neytir réttar síns til að falla frá samningi, eftir að hafa lagt fram beiðni í samræmi við 3. mgr. 7. gr. eða 8. mgr. 8. gr., bera ábyrgð á að greiða seljandanum eðlilegan kostnað í samræmi við 3. mgr. 14. gr.,

k) ef uppsagnarréttur er ekki fyrir hendi skv. 16. gr., upplýsingar um að neytandinn muni ekki njóta réttar til að falla frá samningi, eða, eftir því sem við á, við hvaða aðstæður neytandinn missi rétt sinn til að falla frá samningi,

l) ábendingu um að lögbundin samræmisábyrgð vegna vöru sé fyrir hendi,

m) eftir því sem við á, um að viðhaldsþjónusta og viðskiptaábyrgð séu fyrir hendi, ásamt skilmálum þeirra,

n) um að viðeigandi siðareglur, eins og þær eru skilgreindar í f-lið 2. gr. tilskipunar 2005/29/EB, séu fyrir hendi og hvernig megi nálgast þær, eftir því sem við á,

o) gildistíma samningsins, eftir því sem við á, eða, ef samningurinn er ótímabundinn eða endurnýjast sjálfkrafa, skilyrði fyrir uppsögn hans,

p) eftir því sem við á, lágmarkstímabil skuldbindinga neytandans samkvæmt samningnum,

q) eftir því sem við á, geymslufé eða aðrar fjárhagslegar tryggingar sem neytanda ber að greiða eða leggja fram að beiðni seljandans, ásamt skilmálum,

r) eftir því sem við á, virkni stafræns efnis, þ.m.t. viðeigandi tæknilegar verndarráðstafanir,

s) eftir því sem við á, viðeigandi rekstrarsamhæfi stafræns efnis við vélbúnað og hugbúnað sem seljandi hefur vitneskju um eða með réttu má gera ráð fyrir að hann hafi vitneskju um,

t) eftir því sem við á, hvort fyrir hendi er kerfi fyrir kvartanir og úrlausn mála utan réttar, sem seljandinn fellur undir og, ef svo er, hvernig aðgangur fæst að því.

2. Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um samninga um afhendingu á vatni, gasi eða rafmagni, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, samninga um fjarhitun eða stafrænt efni sem er ekki afhent á áþreifanlegum miðli.

3. Ef um opinbert uppboð er að ræða má skipta upplýsingunum, sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr,. út fyrir samsvarandi upplýsingar um uppboðshaldarann.

4. Upplýsingarnar, sem um getur í h-, i- og j-lið 1. mgr., má veita með því að nota stöðluðu leiðbeiningarnar til að falla frá samningi sem eru settar fram í A-hluta I. viðauka. Seljandinn hefur fullnægt kröfum um upplýsingar, sem eru settar fram í h-, i- og j-lið 1. mgr., ef hann hefur veitt neytandanum þessar upplýsingar og fyllt eyðublaðið út á réttan hátt.

5. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. skulu vera óaðskiljanlegur hluti fjarsölusamnings eða samnings sem gerður er utan fastrar starfsstöðvar og þeim skal ekki breytt nema samningsaðilarnir samþykki annað sérstaklega.

6. Hafi seljandi ekki uppfyllt kröfur um upplýsingar um viðbótargjöld eða annan kostnað, sem um getur í e-lið 1. mgr., eða um kostnað af að skila vörum, sem um getur í i-lið 1. mgr., skal neytandinn ekki bera þessi gjöld eða kostnað.

7. Aðildarríki geta viðhaldið tungumálakröfum eða innleitt í landslög að því er varðar upplýsingar sem tengjast samningum til að tryggja að þessar upplýsingar séu auðskiljanlegar neytendum.

8. Upplýsingakröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, koma til viðbótar kröfum um upplýsingar í tilskipun 2006/123/EB og tilskipun 2000/31/EB og koma ekki í veg fyrir að aðildarríki geti gert frekari kröfur um upplýsingar í samræmi við þessar tilskipanir.

Ef ákvæði tilskipunar 2006/123/EB eða tilskipunar 2000/31/EB um efni upplýsinga, sem veita skal og hvernig skuli veita þær, stríðir gegn ákvæði þessarar tilskipunar gildir ákvæði þessarar tilskipunar, með fyrirvara um fyrsta undirlið.

9. Að því er varðar það hvort farið er að kröfum um upplýsingar, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, skal sönnunarbyrðin hvíla á seljandanum.

7. *gr.*

Formlegar kröfur vegna samninga sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva

1. Að því er varðar samninga sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva skal seljandi veita neytanda upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., á pappírsformi eða, með samþykki neytandans, á öðrum varanlegum miðli. Þessar upplýsingar skulu vera læsilegar og á skýru, skiljanlegu máli.

2. Seljandi skal láta neytandanum í té undirritað eintak af samningnum eða staðfestingu á samningnum á pappírsformi eða, með samþykki neytandans, á öðrum varanlegum miðli, þ.m.t., eftir því sem við á, staðfestingu á ótvíræðu fyrirframsamþykki neytandans og viðurkenningu hans í samræmi við m-lið 16. gr.

3. Óski neytandi eftir að veiting þjónustu eða afhending á vatni, gasi eða rafmagni, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, eða að fjarhitun hefjist á meðan fresturinn til að falla frá samningi, sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr. varir, skal seljandinn óska eftir að neytandinn leggi fram ótvíræða beiðni þar um á varanlegum miðli.

4. Að því er varðar samninga sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva þar sem neytandinn hefur sérstaklega óskað eftir þjónustu seljandans vegna viðgerða eða viðhalds og seljandinn og neytandinn uppfylla samningsskyldur sínar þegar í stað og greiðslan sem neytandinn á að inna af hendi fer ekki yfir 200 evrur:

a) skal seljandinn láta neytandanum í té upplýsingarnar, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 6. gr., og upplýsingar um verðið eða hvernig það er reiknað út ásamt áætluðu heildarverði á pappírsformi eða, með samþykki neytandans, á öðrum varanlegum miðli. Seljandinn skal láta í té upplýsingarnar, sem um getur í a-, h- og k-lið 1. mgr. 6. gr., en getur, með skýljósu samþykki neytandans, kosið að veita þær ekki á pappírsformi eða öðrum varanlegum miðli,

b) skal staðfesting á samningi, sem er veitt í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar innihalda upplýsingarnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr.

Aðildarríkin geta ákveðið að beita ekki þessari grein:

5. Aðildarríkin skulu ekki setja neinar formlegar viðbótarkröfur um upplýsingar, sem veita skal áður en samningur er gerður, í því skyni að uppfylla kröfur um upplýsingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

8. *gr.*

Formlegar kröfur vegna fjarsölusamninga

1. Að því er varðar fjarsölusamninga skal seljandi veita upplýsingarnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. eða gera þessar upplýsingar aðgengilegar neytandanum, með aðferðum sem henta þeim fjarsamskiptamiðlum, sem eru notaðir, á skýru og skiljanlegu máli. Upplýsingarnar skulu vera læsilegar, svo fremi að þær séu veittar á varanlegum miðli.

2. Ef fjarsölusamningur sem á að gera með rafrænum hætti leggur skuldbindingu um greiðslu á herðar neytandanum skal seljandi á skýran og auðskiljanlegan hátt og rétt áður en neytandinn leggur fram pöntun vekja athygli hans á upplýsingunum sem kveðið er á um í a-, e-, o- og p-lið 1. mgr. 6. gr.

Þegar neytandinn leggur fram pöntun skal seljandinn sjá til þess að neytandinn viðurkenni afdráttarlaust að pöntunin hafi greiðsluskyldu í för með sér. Sé pöntun gerð með því að virkja hnapp eða með svipaðri aðgerð skal merkja hnappinn eða aðgerðina á auðlæsilegan hátt eingöngu með orðunum „pöntun og skuldbinding um greiðslu“ eða samsvarandi ótvíræðu orðalagi sem gefur til kynna að pöntunin hafi í för með sér skuldbindingu um að greiða seljandanum. Hafi seljandi ekki farið að ákvæðum þessarar undirgreinar skal neytandinn ekki vera bundinn af samningnum eða pöntuninni.

3. Á viðskiptavefsetrum skal tilgreint á skýran og læsilegan hátt, í síðasta lagi við upphaf pöntunarferlisins, hvort um einhverjar takmarkanir á afhendingu er að ræða og hvaða greiðslumiðill er viðurkenndur.

4. Ef samningur er gerður með aðstoð fjarsamskiptamiðils sem veitir takmarkað rými eða tíma til að sýna upplýsingarnar skal seljandinn, áður en gengið er frá slíkum samningi, láta í té á þessum tiltekna miðli a.m.k. upplýsingarnar, sem veita ber áður en samningur er gerður, um helstu einkenni vörunnar eða þjónustunnar, deili á seljandanum, heildarverð, rétt til að falla frá samningnum, gildistíma samningsins og, sé samningurinn ótímabundinn, skilyrði fyrir uppsögn samnings eins og um getur í a-, b-, e-, h- og o-lið 1. mgr. 6. gr. Seljandi skal láta neytanda í té aðrar upplýsingar, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., á viðeigandi hátt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

5. Með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. skal seljandi, ef hann hefur símasamband við neytanda með það fyrir augum að gera fjarsölusamning, segja til nafns strax í upphafs samtals við neytandann og, eftir atvikum, ef hann hringir fyrir annars hönd, greina frá nafni þess aðila og í hvaða viðskiptaerindum hringt er.

6. Ef gera á fjarsölusamning í síma geta aðildarríkin kveðið á um að seljandinn skuli staðfesta tilboðið gagnvart neytandanum sem ekki er bundinn af því fyrr en hann hefur undirritað tilboðið eða sent skriflegt samþykki sitt. Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að slík staðfesting skuli gerð á varanlegum miðli.

7. Seljandi skal láta neytandanum í té staðfestingu á samningnum sem var gerður á varanlegum miðli innan hæfilegs frests frá því að gengið var frá fjarsölusamningnum og eigi síðar en á þeim tíma þegar varan er afhent eða áður en veiting þjónustunnar hefst. Eftirfarandi skal koma fram í staðfestingunni:

a) allar upplýsingar, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., nema seljandinn hafi þegar látið neytandanum í té þessar upplýsingar á varanlegum miðli áður en gengið var frá fjarsölusamningnum og

b) eftir því sem við á, staðfesting á ótvíræðu fyrirframsamþykki neytandans og viðurkenningu hans í samræmi við m-lið 16. gr.

8. Óski neytandi eftir að veiting þjónustu eða afhending á vatni, gasi eða rafmagni, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, eða að fjarhitun hefjist á meðan fresturinn til að falla frá samningi, sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr. varir, skal seljandinn óska eftir að neytandinn leggi fram ótvíræða beiðni þar um.

9. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á ákvæði um gerð rafrænna samninga og rafrænar pantanir sem sett eru fram í 9. og 11. gr. tilskipunar 2000/31/EB.

10. Aðildarríkin skulu ekki setja neinar formlegar viðbótarkröfur um upplýsingar, sem veita skal áður en samningur er gerður, í því skyni að uppfylla kröfur um upplýsingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

9. gr.

Réttur til að falla frá samningi

1. Að undanskildum undantekningunum, sem kveðið er á um í 16. gr., skal neytandinn hafa 14 daga frest til að falla frá fjarsölusamningi eða samningi sem er gerður utan fastrar starfsstöðvar án þess að tilgreina nokkra ástæðu og án annars kostnaðar en þess sem kveðið er á um í 2. mgr. 13. gr. og 14. gr.

2. Með fyrirvara um ákvæði 10. gr. skal fresturinn til að falla frá samningi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, renna út:

a) ef um þjónustusamninga er að ræða, 14 dögum eftir þann dag þegar gengið var frá samningi,

b) ef um sölusamninga er að ræða, 14 dögum eftir þann dag þegar neytandinn eða þriðji aðili annar en flutningsaðilinn, sem neytandinn hefur tilgreint, tók vöruna í vörslu sína í reynd eða:

   i. þegar neytandinn pantar margar vörur í einni pöntun en þær eru afhentar hver um sig, 14 dögum eftir þann dag þegar neytandinn eða þriðji aðili annar en flutningsaðilinn, sem neytandinn hefur tilgreint, hefur tekið vöruna í vörslu sína í reynd,

   ii. þegar vörur eru afhentar í mörgum einingum eða stykkjum, 14 dögum eftir þann dag þegar neytandinn eða þriðji aðili annar en flutningsaðilinn, sem neytandinn hefur tilgreint, hefur tekið síðustu einingunа eða stykkið í vörslu sína í reynd,

   iii. ef um er að ræða samninga um reglulega afhendingu á vörum á tilteknu tímabili, 14 dögum eftir þann dag þegar neytandinn eða þriðji aðili annar en flutningsaðilinn, sem neytandinn hefur tilgreint, hefur tekið fyrstu vöruna í vörslu sína í reynd,

c) ef um er að ræða samninga um afhendingu á vatni, gasi eða rafmagni, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, samninga um fjarhitun eða stafrænt efni sem er ekki afhent á áþreifanlegum miðli, 14 dögum eftir þann dag þegar gengið er frá samningi.

3. Aðildarríkin skulu ekki banna samningsaðilum að efna samningsbundnar skyldur sínar meðan fresturinn til að falla frá samningi varir. Ef um er að ræða samninga utan fastra starfsstöðva geta aðildarríkin þó viðhaldið gildandi landslögum, sem banna seljendum að innheimta greiðslu frá neytanda, í tiltekinn tíma eftir að gengið er frá samningi.

10. gr.

Upplýsingum um rétt til að falla frá samningi sleppt

1. Hafi seljandi ekki látið neytandanum í té upplýsingar um rétt til að falla frá samningi, eins og krafist er í h-lið 1. mgr. 6. gr., skal réttur til að falla frá samningi renna úr 12 mánuðum eftir að upphaflega frestinum til að falla frá honum lýkur, eins og skilgreint er í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

2. Hafi seljandi látið neytandanum í té upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, innan 12 mánaða frá deginum, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., skal réttur til að falla frá samningi renna úr 14 dögum eftir daginn þegar neytandinn fær þessar upplýsingar.

11. gr.

Rétturinn til að falla frá samningi nýttur

1. Neytandi skal tilkynna seljanda um ákvörðun sína um að falla frá samningi áður en fresturinn til að falla frá honum rennur út. Í þessum tilgangi getur neytandinn annaðhvort:

a) notað samræmda staðlaða uppsagnareyðublaðið, sem sett er fram í B-hluta I. viðauka, eða

b) gefið aðra ótvíræða yfirlýsingu um ákvörðun sína um að falla frá samningnum.

Aðildarríkin skulu ekki kveða á um neinar formlegar kröfur varðandi staðlaða uppsagnareyðublaðið umfram þær sem eru settar fram í B-hluta I. viðauka.

2. Neytandinn telst hafa nýtt sér réttinn til að falla frá samningi innan frestsins til þess, sem um getur í 2. mgr. 9. gr. og 10. gr., enda sendi hann tilkynninguna um það frá sér áður en fresturinn rennur út.

3. Auk valkostanna sem um getur í 1. mgr. getur seljandi gefið neytandanum kost á að fylla út og senda með rafrænum hætti annaðhvort staðlaða uppsagnareyðublaðið, sem sett er fram í B-hluta I. viðauka, eða aðra ótvíræða yfirlýsingu á vefsvæði seljandans. Í slíkum tilvikum skal seljandinn láta neytandanum í té kvittun fyrir móttöku uppsagnar á varanlegum miðli án tafar.

4. Sönnunarbyrði fyrir því að réttur til að falla frá samningi sé nýttur í samræmi við ákvæði þessarar greinar skal hvíla á neytandanum.

12. gr.

Áhrif uppsagnar

Ef réttur til að falla frá samningi er nýttur falla niður skuldbindingar samningsaðilanna um að:

a) efna fjarsölusamning eða samning, sem er gerður utan fastrar starfsstöðvar, eða

b) ganga frá fjarsölusamningi eða samningi, sem er gerður utan fastrar starfsstöðvar, í tilvikum þegar neytandinn hefur gert tilboð.

13. gr.

Skyldur seljanda ef fallið er frá samningi

1. Seljandi skal endurgreiða neytanda allar greiðslur sem hann innti af hendi, þar á meðal sendingarkostnað, ef við á, án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en 14 dögum eftir þann dag þegar honum er tilkynnt um ákvörðun neytandans um að falla frá samningnum í samræmi við 11. gr.

Seljandinn skal inna af hendi endurgreiðsluna, sem um getur í fyrstu undirgrein, með því að nota sama greiðslumiðil og neytandinn notaði fyrir upphaflegu viðskiptin nema neytandinn hafi samþykkt annað sérstaklega og að því tilskildu að neytandinn þurfi ekki að bera neinn kostnað af slíkri endurgreiðslu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal seljanda ekki vera skylt að endurgreiða viðbótarkostnaðinn ef neytandinn hefur óskað sérstaklega eftir öðrum afhendingarmáta en ódýrasta staðlaða afhendingarmátanum sem seljandinn bauð.

3. Hafi seljandi ekki boðist til að sækja vörurnar sjálfur þegar um er að ræða sölusamninga getur hann haldið eftir endurgreiðslunni þar til hann hefur fengið vörurnar aftur eða þar til neytandinn hefur lagt fram sönnun fyrir endursendingu þeirra, hvort sem kemur á undan.

14. gr.

Skyldur neytanda ef fallið er frá samningi

1. Hafi seljandi ekki boðist til að sækja vörurnar sjálfur skal neytandinn endursenda vörurnar eða afhenda þær seljandanum eða einstaklingi, sem hefur heimild seljandans til að taka á móti vörunum, án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en 14 dögum eftir þann dag þegar hann tilkynnti seljandanum um ákvörðun sína um að falla frá samningnum í samræmi við 11. gr. Fresturinn skal teljast virtur ef neytandinn endursendir vörurnar fyrir lok 14 daga tímabilsins.

Neytandinn skal aðeins bera beinan kostnað af því að skila vörunum nema seljandinn hafi samþykkt að bera hann eða seljandinn hafi ekki upplýst neytandann um að neytandinn skuli bera þennan kostnað.

Ef um er að ræða samning sem er gerður utan fastrar starfsstöðvar og vörurnar voru sendar heim til neytandans þegar gengið var frá samningnum skal seljandinn sækja vörurnar á eigin kostnað ef vörurnar eru þannig að ekki er hægt að endursenda þær í pósti.

2. Neytandinn skal aðeins vera ábyrgur fyrir allri rýrnun á verðgildi vöru sem stafar af meðferð vörunnar annarri en þeirri sem nauðsynleg er til að staðfesta eiginleika, einkenni og virkni hennar. Neytandinn skal ekki undir neinum kringumstæðum vera ábyrgur fyrir rýrnun á verðgildi vörunnar hafi seljandi ekki tilkynnt honum um réttinn til að falla frá samningi í samræmi við h-lið 1. mgr. 6. gr.

3. Þegar neytandi hefur nýtt sér réttinn til að falla frá samningi, eftir að hafa lagt fram beiðni í samræmi við 3. mgr. 7. gr. eða 8. mgr. 8. gr., skal neytandinn greiða seljandanum fjárhæð, sem er í réttu hlutfalli við það sem hefur verið afgreitt fram að þeim tíma þegar neytandinn hefur tilkynnt seljandanum um að hann nýti réttinn til að falla frá samningnum, samanborið við að samningurinn hafi verið efndur til fulls. Útreikningur á hlutfallslegri fjárhæð sem neytanda ber að greiða seljandanum skal byggjast á heildarverðinu sem samþykkt var í samningnum. Sé heildarverðið óhóflegt skal hlutfallslega verðið reiknað út á grundvelli markaðsvirðis þess sem var afgreitt.

4. Neytandi skal ekki bera neinn kostnað af:

a) veitingu á þjónustu eða afhendingu á vatni, gasi eða rafmagni, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, eða fjarhitun, að öllu leyti eða að hluta til, áður en frestur til að falla frá samningi rennur út, ef:

   i. seljandinn hefur ekki veitt upplýsingar, í samræmi við h- eða j-lið 1. mgr. 6. gr., eða

   ii. neytandinn hefur ekki óskað sérstaklega eftir að veiting þjónustu hefjist áður en frestur til að falla frá samningi rennur út, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. eða 8. mgr. 8. gr., eða

b) afhendingu, að öllu leyti eða að hluta til, á stafrænu efni sem er ekki afhent á áþreifanlegum miðli ef:

   i. neytandinn hefur ekki veitt ótvírætt fyrirframsamþykki sitt fyrir því að framkvæmd samningsins hefjist áður en 14 daga tímabilið, sem um getur í 9. gr., hefst,

   ii. neytandinn hefur ekki viðurkennt að hann missi rétt sinn til að falla frá samningi með því að veita samþykki sitt eða

   iii. seljandinn hefur ekki gefið staðfestingu í samræmi við 2. mgr. 7. gr. eða 7. mgr. 8. gr.

5. Neytandinn skal ekki bera neina ábyrgð sem nýting réttar til að falla frá samningi gæti haft í för með sér nema að því leyti sem kveðið er á um í 2. mgr. 13. gr. og í þessari grein.

15. gr.

Áhrif nýtingar réttarins til að falla frá samningi á fylgisamninga

1. Með fyrirvara um 15. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur ([1]) skal öllum fylgisamningum sjálfkrafa sagt upp neytanda að kostnaðarlausu ef neytandinn nýtir rétt sinn til að falla frá fjarsölusamningi eða samningi sem var gerður utan fastrar starfsstöðvar í samræmi við 9.–14. gr. þessarar tilskipunar, sé ekki kveðið á um annað í 2. mgr. 13. gr. og í 14. gr. þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ítarlegar reglur varðandi uppsögn slíkra samninga.

16. gr.

Undantekningar frá rétti til að falla frá samningi

Aðildarríkin skulu ekki gera ráð fyrir að hægt sé að falla frá samningi, sbr. 9.–15. gr., þegar um er að ræða fjarsölusamninga og samninga sem gerðir eru utan fastra starfstöðva að því er varðar eftirfarandi:

a) þjónustusamninga eftir að þjónustan hefur verið veitt að fullu ef veiting hennar hefur hafist með ótvíræðu fyrirframsamþykki neytandans og viðurkenningu á að hann muni missa rétt sinn til að falla frá samningi þegar seljandinn hefur efnt samninginn til fulls,

b) afhendingu á vöru eða veitingu þjónustu sem er, að því er varðar verðlag, háð sveiflum á fjármálamarkaðinum, sem seljandinn hefur ekki stjórn á, sem geta átt sér stað áður en frestur til að falla frá samningi rennur út,

c) afhendingu á vöru sem er framleidd samkvæmt forskrift neytandans eða ber skýrt auðkenni hans,

d) afhendingu á vöru sem líklegt er að rýrni eða úreldist fljótt,

e) afhendingu á innsiglaðri vöru sem er ekki hægt að skila vegna lýðheilsusjónarmiða eða af hreinlætisástæðum, hafi innsigli verið rofið eftir afhendingu,

f) afhendingu á vöru sem eðlis síns vegna er ekki unnt að aðskilja frá öðrum vörum eftir afhendingu,

g) afhendingu á áfengum drykkjum sem samið hefur verið um verð á þegar gengið var frá samningi og ekki er unnt að afhenda fyrr en 30 dögum síðar og þar sem verðgildið er háð sveiflum á markaði sem seljandinn hefur ekki stjórn á,

h) samninga þar sem neytandinn hefur sérstaklega óskað eftir að seljandinn komi til hans til þess að sinna áríðandi viðgerðum eða viðhaldi. Ef seljandinn veitir þjónustu við slíka komu, umfram það sem neytandinn hefur sérstaklega óskað eftir, eða afhendir vöru aðra en varahluti sem eru nauðsynlegir fyrir viðhaldið eða viðgerðirnar skal réttur til að falla frá samningi gilda um þessa viðbótarþjónustu eða vöru,

i) afhendingu á innsigluðum hljóð- eða myndupptökum eða tölvuhugbúnaði sem neytandinn hefur rofið innsiglið á eftir afhendingu,

j) afhendingu á dagblöðum eða tímaritum að undanteknum áskriftarsamningum um afhendingu á slíku útgefnu efni,

k) samninga sem eru gerðir á opinberu uppboði,

l) veitingu þjónustu í tengslum við húsnæði, sem ekki er til íbúðarnota, vöruflutninga, bílaleigu, matsölu- eða tómstundaþjónustu, sé gert ráð fyrir í samningnum að þjónustan sé veitt á tilteknum degi eða tilteknu tímabili,

m) afhendingu á stafrænu efni sem er ekki afhent á áþreifanlegum miðli ef framkvæmd hefur hafist með ótvíræðu fyrirframsamþykki neytandans og viðurkenningu á að hann muni þar með missa rétt sinn til að falla frá samningi.

IV. KAFLI

ÖNNUR RÉTTINDI NEYTENDA

17. gr.

Gildissvið

1. Ákvæði 18. og 20. gr. skulu gilda um sölusamninga. Ákvæði þessara greina gilda ekki ef um er að ræða samninga um afhendingu á vatni, gasi eða rafmagni, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, samninga um fjarhitun eða stafrænt efni sem er ekki afhent á áþreifanlegum miðli.

2. Ákvæði 19., 21. og 22. gr. skulu gilda um samninga um sölu og þjónustu og samninga um afhendingu á vatni, gasi, rafmagni, fjarhitun eða stafrænu efni.

([1]) Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66.

18. gr.

Afhending

1. Hafi samningsaðilar ekki komið sér saman um annað skal seljandinn afhenda vöru með því að yfirfæra raunverulega vörslu vörunnar eða umráð yfir henni til neytandans án ástæðulausrar tafar, þó ekki síðar en 30 dögum eftir að gengið var frá samningi.

2. Hafi seljandinn ekki uppfyllt skuldbindingu sína um að afhenda vöru á þeim tíma, sem samkomulag var gert um við neytandann eða innan tímamarkanna í 1. mgr., skal neytandinn fara þess á leit að hann afhendi vöruna innan viðbótarfrests sem á við aðstæður. Hafi seljandinn ekki afhent vöruna innan þessa viðbótarfrests skal neytandinn eiga rétt til að rifta samningnum.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki um sölusamninga ef seljandinn hefur neitað að afhenda vöruna eða ef afhending vörunnar innan umsamins frests er nauðsynleg forsenda samningsgerðar með tilliti til allra aðstæðna eða ef neytandinn upplýsir seljandann, áður en gengið er frá samningi, um að nauðsynlegt sé að afhenda vöruna á tilteknum degi eða fyrir þann dag. Í slíkum tilvikum, ef seljandi afhendir ekki vöruna á þeim tíma sem samið var um við neytandann eða innan tímamarkanna, sem tilgreind eru í 1. mgr., skal neytandinn eiga rétt til að rifta samningnum þegar í stað.

3. Við uppsögn samnings skal seljandinn án ástæðulausrar tafar endurgreiða allar fjárhæðir sem greiddar hafa verið samkvæmt samningnum.

4. Auk þess að rifta samningi í samræmi við 2. mgr. getur neytandinn nýtt sér önnur úrræði sem kveðið er á um í landslögum.

19. gr.

Gjöld fyrir notkun á greiðslumiðli

Aðildarríki skulu banna seljendum að krefja neytendur um gjöld fyrir notkun tiltekins greiðslumiðils umfram þann kostnað sem seljandinn hefur haft af notkun þess greiðslumiðils.

20. gr.

Yfirfærsla áhættu

Í samningum þar sem seljandi sendir neytanda vöru skal áhættan af því að varan týnist eða skemmist færast yfir til neytandans þegar hann eða þriðji aðili, annar en flutningsaðilinn sem neytandinn hefur tilgreint, hefur tekið vöruna í vörslu sína í reynd. Áhættan skal þó færast yfir til neytandans þegar varan er afhent flutningsaðila ef neytandinn hefur fengið hann til að flytja vöruna og sá kostur var ekki í boði hjá seljandanum, með fyrirvara um réttindi neytandans gagnvart flutningsaðilanum.

21. gr.

Samskipti í síma

Aðildarríkin skulu sjá til þess, ef seljandinn rekur símaþjónustu í þeim tilgangi að unnt sé að hafa samband við hann símleiðis í tengslum við samning sem gerður hefur verið, að neytandinn sé aðeins krafinn um greiðslu samkvæmt grunntaxta þegar hann hefur samband við seljandann.

Ákvæði fyrstu undirgreinar skal ekki hafa áhrif á rétt veitenda fjarskiptaþjónustu til að krefjast gjalds fyrir slík símtöl.

22. gr.

Viðbótargreiðslur

Áður en neytandi er bundinn samningi eða tilboði skal seljandinn óska eftir ótvíræðu samþykki neytandans fyrir hvers konar viðbótargreiðslum umfram greiðsluna sem samþykkt var fyrir samningsbundna meginskyldu seljandans. Ef seljandinn hefur ekki fengið ótvírætt samþykki neytandans en hefur gert ráð fyrir því með því að nota sjálfgefna kosti sem neytandinn þarf að hafna til þess að forðast viðbótargreiðsluna skal neytandinn eiga rétt til að fá hana endurgreidda.

V. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

23. gr.

Framfylgd

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að til séu viðunandi og skilvirkar leiðir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Meðal leiðanna sem um getur í 1. mgr. skulu vera ákvæði, sem einn eða fleiri eftirtalinna aðila, eins og ákvarðast af landslögum, geta nýtt sér til aðgerða samkvæmt landslögum fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnsýslustofnunum, til að tryggja að beitt sé ákvæðum landslaga til lögleiðingar þessarar tilskipunar:

a) opinberar stofnanir eða fulltrúar þeirra,

b) neytendasamtök sem hafa lögmæta hagsmuni af því að vernda neytendur,

c) fagfélög sem hafa réttmætan hag af því að grípa til aðgerða.

24. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotin og hafa letjandi áhrif.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði fyrir 13. desember 2013 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

25. gr.

Ófrávíkjanleg ákvæði tilskipunarinnar

Þegar gildandi lög um samninginn eru lög aðildarríkis geta neytendur ekki afsalað sér þeim rétti sem þeir hafa samkvæmt innlendum ráðstöfunum sem leiða í lög þessa tilskipun.

Hvers konar samningsskilmálar sem beint eða óbeint skerða eða fella niður þau réttindi, sem þessi tilskipun kveður á um, skulu ekki vera bindandi fyrir neytandann.

26. gr.

Upplýsingar

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að veita neytendum og seljendum upplýsingar um landsbundin ákvæði til lögleiðingar þessari tilskipun og skulu, þegar við á, hvetja seljendur og reglusetningaraðila, eins og þeir eru skilgreindir í g-lið 2. gr. tilskipunar 2005/29/EB, til að veita neytendum upplýsingar um siðareglur sínar.

27. gr.

Óumbeðin vara eða þjónusta

Neytandinn skal vera undanþeginn skyldu til að greiða fyrir óumbeðna afhendingu á vörum, vatni, gasi, rafmagni, fjarhitun eða stafrænu efni eða óumbeðna veitingu á þjónustu, sem er bönnuð skv. 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2005/29/EB og 29. lið í I. viðauka við sömu tilskipun. Í slíkum tilvikum skal það ekki jafngilda samþykki neytandans þótt slíku sé látið ósvarað þegar um er að ræða óumbeðna afhendingu eða þjónustuveitingu.

28. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. desember 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana á formi skjala. Framkvæmdastjórnin skal nota þessi skjöl við gerð skýrslunnar sem um getur í 30. gr.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 13. júní 2014.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Tilskipun þessi skal gilda um samninga sem gerðir eru frá og með 13. júní 2014.

29. gr.

Tilkynningarskylda

1. Ef aðildarríki nýtir sér einhverja þá reglusetningarvalkosti sem um getur í 3. gr. (4. mgr.), 6. gr. (7. mgr.), 6. gr. (8. mgr.), 7. gr. (4. mgr.), 8. gr. (6. mgr.) og 9. gr. (3. mgr.) skal það tilkynna framkvæmdastjórninni þar um eigi síðar en 13. desember 2013, svo og um allar síðari breytingar.

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að neytendur og seljendur hafi greiðan aðgang að upplýsingunum sem um getur í 1. mgr., m.a. á sérstöku vefsetri.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda hinum aðildarríkjunum og Evrópuþinginu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hagsmunaaðila um þessar upplýsingar.

30. gr.

Skýrslugjöf framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 13. desember 2016, senda skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu þessarar tilskipunar. Í skýrslunni skal einkum vera mat á ákvæðum þessarar tilskipunar varðandi stafrænt efni, þ.m.t. rétturinn til að falla frá samningi. Skýrslunni skulu fylgja, ef nauðsyn krefur, tillögur að nýrri löggjöf til þess að laga þessa tilskipun að þróun á sviði réttinda neytenda.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

31. gr.

Niðurfelling

Frá og með 13. júní 2014 falla niður tilskipun 85/577/EBE og tilskipun 97/7/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur ([1]) og með tilskipunum 2005/29/EB og 2007/64/EB.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

([1]) Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16.

32. gr.

Breyting á tilskipun 93/13/EBE

Eftirfarandi grein verði felld inn í tilskipun 93/13/EBE:

„8. gr. a

1. Þegar aðildarríki samþykkir ákvæði í samræmi við 8. gr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni þar um, svo og um hvers konar síðari breytingar á þeim, einkum ef þessar breytingar:

— rýmka mat á grundvelli viðmiðanna um óréttmæta samningsskilmála þannig að það taki einnig til skilmála sem samið er um sérstaklega eða til réttmæts verðs eða endurgjalds eða

— innihalda skrá um samningsskilmála sem teljast óréttmætir,

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að neytendur og seljendur hafi greiðan aðgang að upplýsingunum sem um getur í 1. mgr., m.a. á sérstöku vefsetri.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda hinum aðildarríkjunum og Evrópuþinginu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hagsmunaaðila um þessar upplýsingar.“

33. gr.

Breyting á tilskipun 1999/44/EB

Eftirfarandi grein verði felld inn í tilskipun 1999/44/EB:

„8. gr. a

Upplýsingaskylda

1. Ef aðildarríki samþykkir, í samræmi við 2. mgr. 8. gr., strangari ákvæði um neytendavernd en þau sem kveðið er á um í 1.–3. mgr. 5. gr. og í 1. mgr. 7. gr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni þar um, svo og um hvers konar síðari breytingar á þeim.

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að neytendur og seljendur hafi greiðan aðgang að upplýsingunum sem um getur í 1. mgr., m.a. á sérstöku vefsetri.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda hinum aðildarríkjunum og Evrópuþinginu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hagsmunaaðila um þessar upplýsingar.“

34. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

35. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 25. október 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. Buzek	M. Dowgielewicz
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Upplýsingar um nýtingu réttar til að falla frá samningi

A. Staðlaðar leiðbeiningar vegna uppsagnar

Réttur til að falla frá samningi

Þér hafið rétt til að falla frá þessum samningi án þess að tilgreina nokkra ástæðu innan 14 daga.

Frestur til að falla frá samningnum rennur út 14 dögum eftir daginn [1].

Til þess að nýta réttinn til að falla frá samningnum þurfið þér að tilkynna okkur [2] ákvörðun yðar um að falla frá samningnum með ótvíræðri yfirlýsingu (t.d. bréf sent í pósti, símbréf eða tölvupóstur). Nota má meðfylgjandi staðlað uppsagnareyðublað en það er ekki skylda. [3]

Til að uppsagnarfresturinn teljist virtur nægir að þér sendið tilkynningu yðar um að þér neytið réttar yðar til að falla frá samningi áður en uppsagnarfresturinn rennur út.

Áhrif þess að falla frá samningi

Ef þér fallið frá þessum samningi munum við endurgreiða yður allar greiðslur sem við höfum fengið frá yður, þ.m.t. afhendingarkostnaður (að undanskildum viðbótarkostnaði vegna þess að þér hafið valið annan afhendingarmáta en ódýrasta staðlaða afhendingarmáta sem við bjóðum), án ástæðulausrar tafar og alla jafna eigi síðar en 14 dögum eftir þann dag þegar okkur er tilkynnt um ákvörðun yðar um að falla frá þessum samningi. Við munum endurgreiða yður með því að nota sama greiðslumiðil og þér notuðuð í upphaflegu viðskiptunum, nema þér hafið samþykkt annað sérstaklega; í öllum tilvikum þurfið þér ekki að bera neinn kostnað af þessari endurgreiðslu. [4]

[5]

[6]

Leiðbeiningar um að fylla út eyðublaðið:

[1] Bætið við einum af eftirfarandi textum í gæsalöppum:

a) ef um er að ræða þjónustusamning eða samning um afhendingu á vatni, gasi eða rafmagni, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, samning um fjarhitun eða stafrænt efni sem er ekki afhent á áþreifanlegum miðli: „við gerð samningsins.“,

b) ef um er að ræða sölusamning: „þegar þér eða þriðji aðili annar en flutningsaðilinn, sem þér hafið tilgreint, hefur í reynd fengið vöruna í sína vörslu.“,

c) ef um er að ræða samning þar sem neytandinn pantar margar vörur í einni pöntun en þær eru afhentar hver um sig: „þegar þér eða þriðji aðili annar en flutningsaðilinn, sem þér hafið tilgreint, hefur í reynd fengið síðustu vöruna í sína vörslu.“,

d) ef um er að ræða samning þar sem vörur eru afhentar í mörgum einingum eða stykkjum: „þegar þér eða þriðji aðili annar en flutningsaðilinn, sem þér hafið tilgreint, hefur í reynd tekið einingunа eða stykkið í sína vörslu.“,

e) ef um er að ræða samning um reglubundna afhendingu á vörum á tilteknu tímabili: „þegar þér eða þriðji aðili annar en flutningsaðilinn, sem þér hafið tilgreint, hefur í reynd tekið fyrstu vöruna í sína vörslu“.

[2] Færið inn nafn yðar, heimilisfang og, ef hægt er, símanúmer yðar, bréfasímanúmer og netfang.

[3] Færið inn eftirfarandi ef þér gefið neytandanum kost á að fylla út og senda á rafrænu formi upplýsingar um uppsögn hans á vefsvæði yðar: „Þér getið einnig fyllt út og sent með rafrænum hætti staðlaða uppsagnareyðublaðið eða aðra ótvíræða yfirlýsingu á vefsvæði okkar (færið inn veffang). Ef þér notið þennan valkost munum við senda yður kvittun fyrir móttöku slíkrar uppsagnar á varanlegum miðli (t.d. með tölvupósti) án tafar.“

[4] Færið inn eftirfarandi ef um er að ræða sölusamninga þar sem þér hafið ekki boðist til að sækja vöruna ef til uppsagnar kæmi: „Við getum haldið eftir endurgreiðslu þar til við höfum fengið vöruna aftur eða þér hafið lagt fram sönnun fyrir endursendingu hennar, hvort sem kemur á undan.“

5 Ef neytandinn hefur móttekið vöru í tengslum við samninginn:

a) færið inn:

— „Við munum sækja vöruna.“, eða

— Þér þurfið að endursenda vöruna eða afhenda okkur eða ... hana (færið inn, eftir atvikum, nafn og heimilisfang einstaklings, sem hefur heimild yðar til að taka á móti vörunni), án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en 14 dögum eftir daginn sem þér tilkynnið okkur ákvörðun yðar um að falla frá samningnum. Fresturinn skal teljast virtur ef þér endursendið vöruna fyrir lok 14 daga tímabilsins.“

b) færið inn:

— „Við munum bera kostnað af endursendingu vörunnar.“,

— „Þér þurfið að bera beinan kostnað af endursendingu vörunnar.“,

— Ef um er að ræða fjarsölusamning og þér bjóðist ekki til að bera kostnaðinn af að skila vörunni og varan er þannig að ekki er hægt að endursenda hana í pósti: „Þér þurfið að bera beinan kostnað af endursendingu vörunnar, ... evrur (færið inn fjárhæð).“, eða ef ekki er hægt með góðu móti að reikna fyrirfram út kostnaðinn við að endursenda vöruna: „Þér þurfið að bera beinan kostnað af endursendingu vörunnar. Áætlaður kostnaður er að hámarki u.þ.b. ... evrur (færið inn fjárhæð).“, eða

— Ef um er að ræða samning sem var gerður utan fastrar starfsstöðvar og varan er þannig að ekki er hægt að endursenda hana í pósti og hún var send heim til neytandans þegar gengið var frá samningnum: „Við munum sækja vöruna á okkar kostnað.“, og

c) færið inn „Þér eruð aðeins ábyrg(ur) fyrir allri rýrnun á verðgildi vörunnar sem stafar af meðferð hennar annarri en þeirri sem nauðsynleg er til að staðfesta eiginleika, einkenni og virkni hennar.“

6 Færið inn eftirfarandi ef um er að ræða samning um afhendingu á vatni, gasi eða rafmagni, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, eða um fjarhitun: „Ef þér óskið eftir að veiting þjónustu eða afhending á vatni/gasi/rafmagni/fjarhitun (strikið yfir það sem ekki á við) hefjist áður en frestur til að falla frá samningi rennur út þurfið þér að greiða okkur fjárhæð sem er í réttu hlutfalli við það sem hefur verið afgreitt fram að þeim tíma þegar þér tilkynnið okkur að þér fallið frá þessum samningi, samanborið við að samningurinn hefði verið efndur til fulls.“

B. Staðlað uppsagnareyðublað

(fyllið út og sendið þetta eyðublað einungis ef þér óskið eftir að falla frá samningnum)

— Til (hér skal seljandi setja inn nafn seljandans, heimilisfang og, ef hægt er, bréfasímanúmer og netfang):

— Ég/Við (*) tilkynni/tilkynnum (*) hér með að ég/við (*) óska/óskum (*) eftir að falla frá samningi mínum/okkar (*) um sölu á eftirfarandi vöru (*)/um veitingu eftirfarandi þjónustu (*)

— Sem voru pantaðar hinn (*)/mótteknar hinn (*)

— Nafn neytanda/neytenda

— Heimilisfang neytanda/neytenda

— Undirritun neytanda/neytenda (einungis ef þetta eyðublað er á pappírsformi)

— Dagsetning

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 85/577/EBE	Tilskipun 97/7/EB	Þessi tilskipun
1. gr.		3. gr., túlkuð í tengslum við 8. og 9. lið 2. gr. og h-lið 16. gr.
	1. gr.	1. gr., túlkuð í tengslum við 7. lið 2. gr.
2. gr.		1. og 2. liður 2. gr.
	1. liður 2. gr.	7. liður 2. gr.
	2. liður 2. gr.	1. liður 2. gr.
	3. liður 2. gr.	2. liður 2. gr.
	Fyrsti málsliður 4. liðar 2. gr.	7. liður 2. gr.
	Annar málsliður 4. liðar 2. gr.	—
	5. liður 2. gr.	—
1. mgr. 3. gr.		
4. mgr. 3. gr.		
a-liður 2. mgr. 3. gr.		e- og f-liður 3. mgr. 3. gr.
b-liður 2. mgr. 3. gr.		j-liður 3. mgr. 3. gr.
c-liður 2. mgr. 3. gr.		—
d-liður 2. mgr. 3. gr.		d-liður 3. mgr. 3. gr.
e-liður 2. mgr. 3. gr.		d-liður 3. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.		—
	Fyrsti undirliður 1. mgr. 3. gr.	d-liður 3. mgr. 3. gr.
	Annar undirliður 1. mgr. 3. gr.	l-liður 3. mgr. 3. gr.
	Þriðji undirliður 1. mgr. 3. gr.	m-liður 3. mgr. 3. gr.
	Fjórði undirliður 1. mgr. 3. gr.	e- og f-liður 3. mgr. 3. gr.
	Fimmti undirliður 1. mgr. 3. gr.	3. mgr. 6. gr. og k-liður 16. gr., túlkuð í tengslum við 13. lið 2. gr.
	Fyrsti undirliður 2. mgr. 3. gr.	j-liður 3. mgr. 3. gr.
	Annar undirliður 2. mgr. 3. gr.	f-liður (um leigu á húsnæði til íbúðarnota), g-liður (um pakkaferðir), h-liður (um skiptileigu) og k-liður (um farþegaflutninga, með nokkrum undantekningum) 3. mgr. 3. gr. og l-liður 16. gr. (undantekning frá uppsagnarrétti)
Fyrsti málsliður 4. gr.		b-, c- og h-liður 1. mgr. 6. gr. og 1. og 2. liður 7. gr.
Annar málsliður 4. gr.		a-liður 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr.
Þriðji málsliður 4. gr.		1. mgr. 6. gr.
Fjórði málsliður 4. gr.		10. gr.
	a-liður 1. mgr. 4. gr.	b- og c-liður 1. mgr. 6. gr.
	b-liður 1. mgr. 4. gr.	a-liður 1. mgr. 6. gr.

Tilskipun 85/577/EBE	Tilskipun 97/7/EB	Þessi tilskipun
	c-liður 1. mgr. 4. gr.	e-liður 1. mgr. 6. gr.
	d-liður 1. mgr. 4. gr.	e-liður 1. mgr. 6. gr.
	e-liður 1. mgr. 4. gr.	g-liður 1. mgr. 6. gr.
	f-liður 1. mgr. 4. gr.	h-liður 1. mgr. 6. gr.
	g-liður 1. mgr. 4. gr.	f-liður 1. mgr. 6. gr.
	h-liður 1. mgr. 4. gr.	—
	i-liður 1. mgr. 4. gr.	o- og p-liður 1. mgr. 6. gr.
	2. mgr. 4. gr.	1. mgr. 6. gr., túlkuð í tengslum við 1., 2. og 4. lið 8. gr.
	3. mgr. 4. gr.	5. mgr. 8. gr.
	1. mgr. 5. gr.	7. mgr. 8. gr.
	2. mgr. 5. gr.	m-liður 3. mgr. 3. gr.
	1. mgr. 6. gr.	9. gr. (1. og 2. liður), 10. gr., 13. gr. (2. liður), 14. gr.
	2. mgr. 6. gr.	13. gr. og önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 14. gr.
	Fyrsti undirliður 3. mgr. 6. gr.	a-liður 16. gr.
	Annar undirliður 3. mgr. 6. gr.	b-liður 16. gr.
	Þriðji undirliður 3. mgr. 6. gr.	c- og d-liður 16. gr.
	Fjórði undirliður 3. mgr. 6. gr.	i-liður 16. gr.
	Fimmti undirliður 3. mgr. 6. gr.	j-liður 16. gr.
	Sjötti undirliður 3. mgr. 6. gr.	c-liður 3. mgr. 3. gr.
	4. mgr. 6. gr.	15. gr.
	A1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 18. gr. (um sölusamninga)
	2. mgr. 7. gr.	2., 3. og 4. mgr. 18. gr.
	3. mgr. 7. gr.	—
	8. gr.	—
	9. gr.	27. gr.
	10. gr.	— (sjá þó 13. gr. tilskipunar 2002/58/EB)
	1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 23. gr.
	2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 23. gr.
	a-liður 3. mgr. 11. gr.	9. liður 6. gr. um sönnunarbyrði vegna kröfu um upplýsingar áður en samningur er gerður: –
	b-liður 3. mgr. 11. gr.	1. mgr. 24. gr.
	4. mgr. 11. gr.	—
	1. mgr. 12. gr.	25. gr.
	2. mgr. 12. gr.	—
	13. gr.	2. mgr. 3. gr.
	14. gr.	4. gr.

Tilskipun 85/577/EBE	Tilskipun 97/7/EB	Þessi tilskipun
	1. mgr. 15. gr.	1. mgr. 28. gr.
	2. mgr. 15. gr.	1. mgr. 28. gr.
	3. mgr. 15. gr.	1. mgr. 28. gr.
	4. mgr. 15. gr.	30. gr.
	16. gr.	26. gr.
	17. gr.	—
	18. gr.	34. gr.
	19. gr.	35. gr.
1. mgr. 5. gr.		9. og 11. gr.
2. mgr. 5. gr.		12. gr.
6. gr.		25. gr.
7. gr.		
13., 14. og 15. gr.		
8. gr.		4. gr.

Viðauki við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) ([1])	Sem tilvísun í
2. og 11. liður	Þessi tilskipun

([1]) Stjtíð. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1372/2007 **2014/EES/54/104**

frá 23. október 2007

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við Lissabon-áætlunina og eins og staðfest var í endurskoðun þeirrar áætlunar á miðju tímabilinu árið 2005, verður stefna Evrópubandalagsins að beinast í auknum mæli að hagvexti og atvinnumálum til að ná fram markmiðum Lissabon-áætlunarinnar.

2) Þróun Bandalagsins og starfsemi innri markaðarins auka þörfina fyrir samanburðarhæf gögn sem gera kleift að meta áhrif uppbyggingar og dreifingar launa, launakostnaðar og starfsmenntunar og -þjálfunar á vinnumarkaðinn, einkum í því skyni að greina efnahagslega og félagslega samheldni.

3) Til þess að framkvæmdastjórnin geti annast verkefnin sem henni eru úthlutuð þarfnast hún gagna um röðun launa eftir félagslegum og hagrænum eiginleikum, og einnig í tengslum við ýmiss konar launaða atvinnu, sem eru nauðsynleg til að greina og skilja vinnumarkaðinn og þær breytingar sem eiga sér stað í uppbyggingu vinnuaflsins. Í þessu tilliti eru kostir þess að hafa gögn um laun í tíundarhlutum í tengslum við önnur einkenni starfa viðurkenndir.

4) Vinnumarkaðskönnun Bandalagsins er fyrsta og áreiðanlegasta heimildin þar sem er að finna vinnumarkaðsupplýsingar í Evrópusambandinu og upplýsingar um laun sem grundvallarbreytu til skýringar á vinnumarkaðshegðun, ættu að vera staðlaður þáttur í þessari könnun til að unnt sé að fá fram ítarlegri greiningu á vinnumörkuðum.

5) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([2]), í samræmi við 3. gr. þeirrar ákvörðunar.

6) Því ber að breyta reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ([3]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 577/98 er hér með breytt sem hér segir:

1) í stað l-liðar 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„l) laun fyrir aðalstarf,“

2) í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Afhending niðurstaðna

Innan tólf vikna frá lokum viðmiðunartímabilsins skulu aðildarríkin senda Hagstofu Evrópubandalaganna niðurstöður könnunarinnar án beinna kennimerkja.

Þegar stjórnsýslugögn eru notuð til að afhenda gögn sem samsvara könnunaratriðinu „laun fyrir aðalstarf“ er heimilt að senda gögnin til Hagstofu Evrópubandalaganna innan tuttugu og eins mánaðar frá lokum viðmiðunartímabilsins.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 58, 25.9.2008, bls. 21.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 10. júlí 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 9. október 2007.

([2]) Stjtíð EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

([3]) Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2257/2003 (Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 6).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 23. október 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	Fyrir hönd ráðsins,
H.-G. PÖTTERING	M. LOBO ANTUNES
forseti.	forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1227/2010 **2014/EES/54/105**

frá 20. desember 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1055/2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 að því er varðar gæðaviðmiðanir og gæðaskýrslur varðandi hagskýrslur um greiðslujöfnuð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 184/2005 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beinar, erlendar fjárfestingar.

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1055/2008 ([2]) var mælt fyrir um sameiginlegar gæðaviðmiðanir og tíðni gæðaskýrslna fyrir hagskýrslur um greiðslujöfnuð.

3) Aðlaga þarf sameiginlegu gæðaviðmiðunina og tíðni gæðaskýrslna fyrir hagskýrslur um greiðslujöfnuð, til að endurspegla gæðaviðmiðunina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([3]) um evrópskar hagskýrslur.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1055/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um greiðslujöfnuð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1055/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu láta gæðaskýrslur sínar í té eigi síðar en 31. maí ár hvert.“

2. Í stað viðaukans komi viðauki við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 20.

([1]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23.

([2]) Stjtíð. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

VIÐAUKI

1. **Inngangur**

Í gæðaskýrslunni skulu vera bæði megindlegir og eigindlegir gæðavísar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal leggja fram niðurstöður megindlegu vísanna fyrir hvert aðildarríki, reiknaðar á grundvelli gagna sem látin eru í té. Aðildarríki skulu túlka þær og gera við þær athugasemdir, í ljósi aðferða þeirra við gagnaöflun.

2. **Tímamörk**

– Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal láta aðildarríkjunum árlega í té, fyrir lok fyrsta ársfjórðungs, drög að gæðaskýrslum á grundvelli þeirra gagna sem send voru á næstliðnu ári, sem fyllt hafa verið út að hluta með flestum megindlegu vísunum og öðrum upplýsingum sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) hefur aðgang að.

– Aðildarríkin skulu árlega láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) frágengnar gæðaskýrslur í té, innan tveggja mánaða frá móttöku gæðaskýrslu sem fyllt hefur verið út að hluta og eigi síðar en 31. maí.

3. **Gæðaviðmiðanir**

Gæðaskýrslan skal innihalda megindlega og eigindlega gæðavísa sem ná til allra skilgreindra gæðaviðmiðana í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/54/106

frá 7. júlí 2011

um breytingu á II. og III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar afturköllun á útrýmingaráætlun vegna nýrnaveiki á yfirráðasvæði Stóra-Bretlands og samþykki fyrir eftirlitsáætlun varðandi ostruherpesveiru 1 µvar fyrir Guernsey

(tilkynnt með númeri C(2011) 4770)

(2011/403/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum 2. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB ([2]) er tilteknum aðildarríkjum heimilað að beita takmörkunum varðandi setningu á markað og innflutningstakmörkunum á sendingar af þessum dýrum til að koma í veg fyrir að tilteknir sjúkdómar berist til yfirráðasvæðis þeirra, að því tilskildu að þau hafi annaðhvort sýnt fram á að yfirráðasvæði þeirra, eða tiltekin afmörkuð svæði á yfirráðasvæði þeirra, séu laus við slíka sjúkdóma, eða komið á útrýmingar- eða eftirlitsáætlun til að verða laus við slíka sjúkdóma.

2) Í II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB er Stóra-Bretland sem stendur skráð sem svæði Breska konungsríkisins sem fellur undir samþykkta útrýmingaráætlun varðandi nýrnaveiki.

3) Breska konungsríkið hefur tilkynnt um að það hyggist afturkalla þá útrýmingaráætlun. Í kjölfar ítarlegs endurmats á ráðstöfunum sem aðildarríkið hefur gripið til í því skyni að verjast nýrnaveiki á yfirráðasvæði Stóra-Bretlands var komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé lengur viðeigandi að beita takmörkunum á tilflutningi sendinga af tilteknum lagareldisdýrum til Breska konungsríkisins, eins og kveðið er á um í þeirri áætlun. Af þessum sökum ætti að taka yfirráðasvæði Stóra-Bretlands af skránni yfir svæði sem falla undir samþykkta útrýmingaráætlun varðandi nýrnaveiki, eins og sett er fram í II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB.

4) Í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB eru sem stendur hlutar af yfirráðasvæði Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skráðir sem svæði Breska konungsríkisins sem falla undir samþykkta eftirlitsáætlun að því er varðar ostruherpesveiru 1 µvar (osHV-1 µvar). Breska konungsríkið hefur nú lagt fram eftirlitsáætlun að því er varðar OsHV-1 µvar fyrir Guernsey. Með þeirri eftirlitsáætlun er stefnt að því að sýna fram á að þau svæði á Guernsey þar sem OsHV-1 µvar hefur ekki greinst séu laus við þá veiru og að því að hindra að hún berist til þessara svæða. Inntak þeirrar eftirlitsáætlunar er sambærilegt og í þeim eftirlitsáætlunum sem þegar hafa verið samþykktar og skráðar í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB.

5) Undanfarin tvö ár hefur ekki greinst aukning á afföllum í eldisstöðvum og á umlagningarsvæðum fyrir risaostrur á Guernsey. Samkvæmt upplýsingum sem Breska konungsríkið hefur lagt fram hafa rekstraraðilar með risaostrur sjálfviljugir lagt bann við flutningi risaostra til Guernsey frá því í apríl 2010. Þær upplýsingar benda til þess að Guernsey sé laus við OsHV-1 µvar. Samþykkja ætti takmarkanir á tilflutningi til að vernda heilbrigðisástand risaostra á því svæði.

6) Því ber að samþykkja eftirlitsáætlunina fyrir Guernsey og bæta Guernsey í skrána sem sett er fram í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB.

7) Því ber að breyta ákvörðun 2010/221/ESB til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 180, 8.7.2011, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 5.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) Stjtíð. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. og III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Aðildarríki og hlutar þeirra sem hafa innleitt útrýmingaráætlanir að því er varðar tiltekna sjúkdóma í lagareldisdýrum og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómum hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Nýrnaveiki (BKD)	Finnland	FI	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
Brisdrepsveira (IPN)	Svíþjóð	SE	Strandsvæði á yfirráðasvæði hennar

III. VIÐAUKI

Aðildarríki og svæði sem hafa innleitt eftirlitsáætlanir að því er varðar ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µvar) og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómi hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæða sem hafa innleitt samþykktar landsráðstafanir (aðildarríki, svæði og hólf)
Ostruherpesveira 1 µvar (OsHV-1 µvar)	Írland	IE	Hólf 1: Sheephaven Bay og Gweedore Bay. Hólf 2: Gweebara Bay. Hólf 3: Drumcliff Bay, Killala Bay, Broadhaven Bay og Blacksod Bay. Hólf 4: Ballinakill Bay og Streamstown Bay. Hólf 5: Bertraghboy Bay og Galway Bay. Hólf 6: Mynni Shannon-ár og Poulnasharry Bay, Askeaton Bay og Ballylongford Bay. Hólf 7: Kenmare Bay. Hólf 8: Dunmanus Bay. Hólf 9: Kinsale Bay og Oysterhaven Bay.
	Breska konungsríkið	UK	Yfirráðasvæði Stóra-Bretlands, að undanskildum Whitstable Bay, Kent. Yfirráðasvæði Norður-Írlands, að undanskildum Killough Bay, Lough Foyle og Carlingford Lough. Yfirráðasvæði Guernsey.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/54/107

frá 4. apríl 2011

um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar umfermingu afurðasendinga, sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins eða þriðju landa, á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingarnar eru fluttar inn

(tilkynnt með númeri C(2011) 2067)

(2011/215/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 97/78/EB er kveðið á um að aðildarríki skuli láta fara fram heilbrigðiseftirlit með afurðum úr dýraríkinu og tilteknum plöntuafurðum sem eru fluttar til Sambandsins frá þriðju löndum í samræmi við þá tilskipun. Í henni er einnig kveðið á um að aðildarríki skuli sjá til þess að slíkar afurðasendingar séu fluttar inn í Sambandið um skoðunarstöð á landamærum.

2) Í 9. gr. tilskipunar 97/78/EB er kveðið á um verklagsreglur, sem fylgja skal á skoðunarstöð á landamærum þar sem sending er flutt inn, ef um er að ræða sendingar sem ætlaðar eru til innflutnings inn í Sambandið um aðra skoðunarstöð á landamærum en eru umfermdar á skoðunarstöð á landamærum þar sem sending er flutt inn á tollsvæði sömu hafnar eða flughafnar í Sambandinu.

3) Ákvæði 11. gr. tilskipunar 97/78/EB varða sendingar sem koma frá þriðju landi og eru umfermdar á skoðunarstöð á landamærum á komustað, á tollsvæði sömu hafnar eða flughafnar í Sambandinu, en eru ætlaðar fyrir annað þriðja land, annað hvort um yfirráðasvæði Sambandsins um aðra skoðunarstöð á landamærum eða beint til þriðja lands án þess að þær séu fluttar inn á annarri skoðunarstöð á landamærum.

4) Að auki er í 9. og 11. gr. tilskipunar 97/78/EB kveðið á um ýmsar undanþágur frá almennum reglum um heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum sem framkvæmt er á skoðunarstöð á landamærum þar sem sending er flutt inn. Þær undanþágur hafa mismunandi gildissvið og tengjast lokaviðtökustað sendinganna og því hversu lengi sendingarnar eru geymdar meðan á umfermingarferli á skoðunarstöð á landamærum á komustað stendur.

5) Tímalengdin er ákvörðuð með hliðsjón af lágmarks- og hámarkstíma fyrir slíka geymslu en það er ákvarðað nánar í samræmi við verklagsregluna sem um getur í tilskipun 97/78/EB.

6) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/25/EB frá 16. desember 1999 um nákvæmar reglur um beitingu ákvæða 9. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB varðandi áframhaldandi flutning afurða frá skoðunarstöð á landamærum ef sendingar eru ætlaðar til innflutnings í Evrópubandalaginu og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/14/EBE ([2]) er sem stendur mælt fyrir um lágmarks- og hámarkstíma sem gildir í þeim tilvikum þegar sendingarnar eru ætlaðar til innflutnings inn í Sambandið um aðra skoðunarstöð á landamærum, sem er staðsett á sama yfirráðasvæði eða á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

7) Ákvæði ákvörðunar 2000/25/EB eru ekki nægilega skýr að því er varðar gildissvið reglna sem varða sendingar, sem eru umfermdar úr einu loftfari í annað eða umskipað úr einu skipi í annað á tollsvæði sömu hafnar eða flughafnar til gegnumflutnings til þriðja lands, annað hvort án frekari viðkomu á yfirráðasvæði Sambandsins eða um yfirráðasvæði Sambandsins. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur í þessari ákvörðun til að skýra þau ákvæði sem þegar eru sett fram í ákvörðun 2000/25/EB, þ.m.t. reglur um viðeigandi lágmarkstíma.

8) Til að tryggja heilbrigði manna og dýra ætti opinberi dýralæknirinn á skoðunarstöð á landamærum þar sem sending er flutt inn að fá viðeigandi upplýsingar, ef um er að ræða sendingar sem falla undir 9. og 11. gr. tilskipunar 97/78/EB. Því er rétt að mæla fyrir um reglur um upplýsingar sem einstaklingurinn, sem er ábyrgur fyrir farminum við komutíma sendingar á skoðunarstöð á landamærum, þarf að veita.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 7.

([1]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

([2]) Stjtíð. EB L 9, 13.1.2000, bls. 27.

9) Að loknum lágmarkstíma, sem nemur sjö dögum, verður að fara fram heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum á sendingum sem er umskipað úr einu skipi í annað í sömu höfn og eru ætlaðar til innflutnings eða gegnumflutnings til þriðju landa eins og gert er ráð fyrir í 9. og 11. gr. tilskipunar 97/78/EB.

10) Að því er varðar sendingar, sem er umskipað úr einu skipi í annað í sömu höfn á skoðunarstöð á landamærum á komustað og sem eru ætlaðar beint til þriðja lands án frekari viðkomu á yfirráðasvæði Sambandsins, er dregið úr áhættu fyrir heilbrigði dýra og manna í Sambandinu þar eð snerting sendinganna við yfirráðasvæði Sambandsins er takmörkuð. Í slíkum tilvikum getur verið rétt að framlengja lágmarkstímann sem um getur í 9. og 11. gr. tilskipunar 97/78/EB.

11) Sú framlenging ætti að vera með fyrirvara um viðeigandi ábyrgðir frá aðildarríki skoðunarstöðvarinnar á landamærum á komustað. Einkum ætti aðildarríkið að sjá til þess að komið sé í veg fyrir að slíkar sendingar séu fluttar í aðra höfn í Sambandinu og að þær séu sendar beint til þriðja lands. Að auki ætti aðildarríkið að veita framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar varðandi þessar ábyrgðir, þ.m.t. upplýsingar um vöktunarkerfi, til að tryggja að tímabil og fyrirkomulag varðandi áframhaldandi flutning til tiltekins ákvörðunarstaðar, eins og tilgreint er í tilkynningu um sendinguna, séu virt.

12) Að auki er mikilvægt að tilgreina að öllu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 97/78/EB, skuli beitt í tengslum við sendingar eftir að hámarkstíminn, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, er útrunninn.

13) Til að tryggja gagnsæi og samræmi í löggjöf Sambandsins er rétt að fella ákvörðun 2000/25/EB úr gildi og að þessi ákvörðun komi í stað hennar.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þegar sendingum er framvísað á skoðunarstöð á landamærum til síðari umfermingar skal einstaklingurinn, sem er ábyrgur fyrir farminum, tilkynna opinbera dýralækninum á þeirri skoðunarstöð á landamærum um eftirfarandi:

a) áætlaðan affermingartíma sendingarinnar,

b) viðtökuskoðunarstöð á landamærum í Sambandinu ef um er að ræða innflutning eða gegnumflutning um Sambandið eða þriðja viðtökuland ef um er að ræða gegnumflutning beint til þriðja lands,

c) nákvæma staðsetningu sendingarinnar ef hún er ekki sett beint um borð í loftfarið eða skipið til næsta ákvörðunarstaðar,

d) áætlaðan tíma fyrir setningu sendingar um borð í loftfarið eða skipið sem er á leið til næsta ákvörðunarstaðar.

Sú tilkynning skal gerð við komutíma sendingar á skoðunarstöð á landamærum og með þeim hætti sem lögbært yfirvald hefur fastsett.

2. gr.

1. Lágmarkstíminn, sem mælt er fyrir um í i. lið b-liðar 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 97/78/EB, skal vera:

a) 12 klukkustundir á flugvelli,

b) sjö dagar í höfn.

2. Hámarkstíminn, sem mælt er fyrir um í i. lið b-liðar 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 97/78/EB, skal vera:

a) 48 klukkustundir á flugvelli,

b) 20 dagar í höfn.

3. gr.

1. Að því er varðar beitingu 11. gr. tilskipunar 97/78/EB skal lágmarkstíminn, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 9. gr. þeirrar tilskipunar, vera:

a) 12 klukkustundir á flugvelli,

b) sjö dagar í höfn.

2. Að því er varðar beitingu 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 97/78/EB og annars undirliðar b-liðar 2. mgr. 11. gr. þeirrar tilskipunar geta aðildarríkin framlengt lágmarkstímann, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, í 14 daga að því tilskildu að:

a) sendingarnar komi frá þriðja landi og séu ætlaðar til annars þriðja lands án frekari viðkomu á þeim yfirráðasvæðum sem eru skráð í I. viðauka við tilskipun 97/78/EB,

b) sendingunum sé umskipað úr einu skipi í annað á skoðunarstöð á landamærum á tollsvæði sömu hafnar í Sambandinu,

c) hlutaðeigandi aðildarríki leggi ítarlegan rökstuðning fyrir framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki, innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, þar sem tilgreint er að gripið hafi verið til allra nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að slíkar sendingar séu fluttar til annarrar hafnar í Sambandinu í stað þess að þeim sé umskipað beint til þriðja lands.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér vöktunarkerfi til að tryggja að tímabil og næsti ákvörðunarstaður, eins og tilgreint er í tilkynningunni sem kveðið er á um í 1. gr., séu virt.

4. gr.

Ef hámarkstíminn, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr., er útrunninn skal sendingin sæta sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi, sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunar 97/78/EB, á skoðunarstöðinni á landamærunum þar sem sendingin er flutt inn.

5. gr.

Ákvörðun 2000/25/EB er felld úr gildi.

6. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. maí 2011.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

framkvæmdastjóri.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar **2014/EES/54/108**

frá 7. desember 2011

um leiðbeiningar varðandi samskráningu í ESB, skráningu í þriðju löndum og hnattræna skráningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS)

(tilkynnt með númeri C(2011) 8896)

(2011/832/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS)([1]), einkum 3. gr. og 4. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1221/2009 er fyrirtækjum/stofnunum með mörg athafnasvæði í einu eða fleiri aðildarríkjum eða þriðju löndum gefinn kostur á að skrá þau í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

2) Fyrirtæki og stofnanir með athafnasvæði í mismunandi aðildarríkjum eða þriðju löndum skulu fá viðbótarupplýsingar og -leiðbeiningar um þann möguleika að skrá þau í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 4. mgr. 46. gr. og í þeim tilgangi að veita skýrari viðbótarupplýsingar varðandi 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009 samþykkir framkvæmdastjórnin þessar leiðbeiningar varðandi samskráningu í ESB, skráningu í þriðju löndum og hnattræna skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 330, 14.12.2011, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2013 frá 8. október 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 13, 27.2.2014, bls. 28.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

VIÐAUKI

Leiðbeiningar varðandi samskráningu í ESB, skráningu í þriðju löndum og hnattræna skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (reglugerð (EB) nr. 1221/2009)

1. INNGANGUR

Tilgangurinn með þessu skjali er að veita leiðbeiningar um hvernig evrópska umhverfisstjórnunarkerfið (EMAS) virkar fyrir fyrirtæki/stofnanir sem eru með dótturfyrirtæki og athafnasvæði í mörgum aðildarríkjum ESB og/eða í þriðju löndum, ásamt því að veita aðildarríkjunum, sannprófendum og fyrirtækjum/stofnunum sérstakar leiðbeiningar sem nota má við skráningu. Þessar leiðbeiningar eru tilkomnar vegna 4. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfið([2]) þar sem segir „Framkvæmdastjórnin skal semja leiðbeiningar, í samvinnu við samstarfsvettvang þar til bærra aðila, um skráningu fyrirtækja/stofnana utan Bandalagsins“ og 3. mgr. 16. gr. þar sem segir „Á samstarfsvettvangi þar til bærra aðila skal semja leiðbeiningar til að tryggja samræmi í málsmeðferð um skráningu fyrirtækja/stofnana samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. endurnýjun skráningar og tímabundin og varanleg afskráning fyrirtækja/stofnana, jafnt innan sem utan Bandalagsins“.

Þegar umhverfisstjórnunarkerfi ESB var innleitt árið 1993 var það hannað til að ná yfir einstök athafnasvæði fyrirtækja/stofnana úr iðnaðar- og framleiðslugeirunum. Í kjölfar fyrstu endurskoðunarinnar árið 2001 varð aðild að umhverfisstjórnunarkerfi ESB II heimil öllum fyrirtækjum/stofnunum með mörg athafnasvæði (í aðildarríki ESB og innan EES eins og áður). Umhverfisstjórnunarkerfi ESB III er enn opnara og á nú einnig við um fyrirtæki/stofnanir innan og utan ESB.

Með því að opna umhverfisstjórnunarkerfi ESB fyrir þriðju lönd er fyrirtækjum/stofnunum úr öllum geirum veitt leið til að ná miklum árangri í umhverfismálum sem hagsmunaaðilar innan Evrópubandalagsins geta viðurkennt opinberlega.

Aðildarríkjunum er frjálst að taka ákvörðun um hvort landsbundnir þar til bærir aðilar þeirra munu annast skráningar á fyrirtækjum/stofnunum í þriðju löndum í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Skráning

Vegna innbyrðis tengsla milli skráningar fyrirtækja/stofnana með mörg athafnasvæði innan ESB og skráningar fyrirtækja/stofnana utan ESB geta í raun komið upp mörg mismunandi tilvik. Í þessu skjali eru veittar almennar leiðbeiningar varðandi tilvik sem þar til bærir aðilar, umhverfissannprófendur og fyrirtæki/stofnanir sem sækja um umhverfisstjórnunarkerfi ESB þurfa að fást við. Gerð er grein fyrir eftirfarandi þremur tilteknum tegundum tilvika:

— Tilvik 1: Skráning fyrirtækja/stofnana með athafnasvæði í fleiri en einu aðildarríki ESB (samskráning í ESB).

— Tilvik 2: Skráning einstakra eða sameiginlegra fyrirtækja/stofnana með athafnasvæði í þriðju löndum (skráning í þriðju löndum).

— Tilvik 3: Skráning fyrirtækja/stofnana með athafnasvæði bæði í aðildarríkjum ESB og þriðju löndum (hnattræn skráning).

Í öllum þremur ferlum getur fyrirtækið/stofnunin sótt um samskráningu fyrir öll eða sum þessara athafnasvæða. Fyrirtækið/stofnunin sem sækir um ákveður hvaða athafnasvæði skulu vera í skráningunni.

*Athugasemd***:**

Ekki er fjallað um einfalda landsbundna samskráningu í ESB í þessum leiðbeiningum.

Þessar leiðbeiningar fjalla um atriði á borð við:

— tilgreiningu þar til bærra aðila,

— faggildingu eða veitingu starfsleyfis til umhverfissannprófenda utan ESB,

— samræmingu meðal aðildarríkjanna á þessum ferlum,

— samræmi við lög í þriðju löndum,

— endurnýjun, varanlega afskráningu og tímabundna afskráningu samskráningar.

([2]) Reglugerð (EB) nr. 1221/2009.

Kröfurnar í þessum þremur tilvikum eru oft svipaðar en notkun millivísana milli kaflanna er þó haldið í algjöru lágmarki til að bæta læsileika textans. Því geta endurtekningar komið fyrir.

Að teknu tilliti til trúverðugleika umhverfisstjórnunarkerfis ESB er mikilvægt að beiting reglugerðarinnar sé með svipuðum hætti innan og utan ESB. Það skal því taka tillit til mismunar og erfiðleika við framkvæmd sérstakra þátta umhverfisstjórnunarkerfisins, t.d. samræmi við lög. Þar til bærir aðilar í aðildarríkjum, sem heimila skráningu þriðju landa, skulu samþykkja sértæka málsmeðferð til að tryggja að umhverfisstjórnunarkerfið innan og utan ESB hafi í för með sér jafngild kerfi. Sögulegu, efnahagslegu og menningarlegu tengslin milli aðildarríkja ESB og þriðju landa geta verið hvetjandi fyrir framkvæmdina á umhverfisstjórnunarkerfinu í þriðju löndum og hnattrænt og getur verið leið til að auðvelda útbreiðslu umhverfisstjórnunarkerfisins um allan heim.

2. HUGTAKANOTKUN

Að því er varðar þetta leiðbeiningarskjal skal nota eftirfarandi hugtök:

Höfuðstöðvar: stjórnunareining efst í fyrirtæki/stofnun með mörg athafnasvæði sem stjórnar og samræmir helstu hlutverk fyrirtækisins/stofnunarinnar, s.s. stefnumótandi áætlanagerð, samskipti, skatta, lagaleg mál, markaðssetningu, fjármál ásamt öðru.

Stjórnarsetur: athafnasvæði annað en höfuðstöðvar fyrirtækis/stofnunar með mörg athafnasvæði, sem eru sérstaklega tilnefnd að því er varðar skráningar samkvæmt reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, þar sem tryggð er stjórnun og samræming umhverfisstjórnunarkerfisins.

Þar til bær forystuaðili: þar til bær aðili sem ber ábyrgð á samskráningunni í ESB, skráningunni í þriðju löndum og hnattrænu skráningunni.

Athugasemd:

Ákvæði 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB fjalla um ákvörðun þar til bærs (forystu)aðila.

Ákvörðun þar til bærs forystuaðila getur verið breytileg, samkvæmt „tilvikunum“ sem lýst er hér að framan, sem hér segir:

— Ef um tilvik 1 er að ræða (samskráningu í ESB) er þar til bæri forystuaðilinn þar til bæri aðilinn frá aðildarríkinu þar sem höfuðstöðvarnar eða stjórnarsetur fyrirtækisins/stofnunarinnar, sem leggur fram umsóknina, er staðsett.

— Ef um er að ræða skráningu í þriðju löndum og hnattræna skráningu er það þar til bæri aðilinn frá aðildarríkinu sem annast skráningar á fyrirtækjum/stofnunum utan Bandalagsins og þar sem sannprófandinn hefur hlotið faggildingu. Aðildarríkið verður með öðrum orðum fyrst að annast skráningu í þriðju löndum og því næst verða sannprófendur, sem hlotið hafa faggildingu eða leyfi til að inna af hendi sannprófanir í þessum þriðju löndum þar sem athafnasvæðin sem falla undir skráningarferlið eru staðsett, að vera tiltækir.

3. SAMSKRÁNING Í ESB — SKRÁNING FYRIRTÆKJA/STOFNANA MEÐ MÖRG ATHAFNASVÆÐI Í NOKKRUM AÐILDARRÍKJUM

3.1. **Gildandi löggjöf og samræmi við lög í aðildarríkjum ESB**

3.1.1. Fyrirtæki/stofnanir skulu alltaf uppfylla lagakröfur ESB og landsbundnar lagakröfur sem gilda um athafnasvæðin sem eru með í skráningunni í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

3.1.2. Samkvæmt g-lið B-hluta IV. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal umhverfislýsing fyrirtækja/stofnana fela í sér tilvísun til gildandi lagakrafna varðandi umhverfið.

3.1.3. Til að leggja fram gögn eða skjalfesta sönnun fyrir því að fyrirtæki/stofnun fari að lögum, eins og um getur í 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, er fyrirtækinu/stofnuninni heimilt að leggja fram yfirlýsingu frá lögbærum eftirlitsyfirvöldum sem tryggir að ekkert bendi til þess að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum og/eða að fyrirtækið sé ekki þátttakandi í viðkomandi fullnustuaðgerðum, málshöfðun eða kvörtunarmálum. Sannprófendur skulu, sem hluti af sannprófunarferlinu, kanna öll umhverfisleyfi sem gilda um fyrirtækið/stofnunina eða öll önnur sönnunargögn í samræmi við réttarkerfi aðildarríkisins þar sem athafnasvæðið er staðsett.

3.2. **Verkefni þar til bærra aðila**

3.2.1. Ef um er að ræða samskráningu í ESB er það staðsetning höfuðstöðvanna eða stjórnarseturs fyrirtækis/stofnunar (í þessari röð) sem ákvarðar hver þar til bæri forystuaðilinn skuli vera.

3.2.2. Ef um er að ræða **samskráningu í ESB** skal þar til bæri forystuaðilinn eingöngu hafa samstarf við alla þar til bæra aðila sem staðsettir eru í aðildarríkjunum þar sem athafnasvæðin, sem falla undir samskráningarferlið, eru staðsett.

3.2.3. Þar til bær forystuaðili ber ábyrgð á skráningunni og mun sjá um samræmingu ferla ásamt öðrum viðkomandi þar til bærum aðilum.

Þar til bær forystuaðili skal ekki skrá, afskrá tímabundið eða varanlega eða endurnýja skráningu fyrirtækis/stofnunar ef þar til bær aðili í öðru aðildarríki, þar sem athafnasvæði fyrirtækisins/stofnunarinnar í skráningunni eru staðsett, er ekki sammála skráningunni, tímabundinni eða varanlegri afskráningu eða endurnýjuninni (sjá lið 3.4 og 3.6 í þessum leiðbeiningum). Eins og skýrt er frá í lið 3.4.6 getur þar til bæri forystuaðilinn einnig ákveðið að halda áfram samskráningarferlinu með smærra svæði (t.d. án svæðanna sem ágreiningur er um).

3.2.4. Þar til bærir aðilar ættu að samræma aðgerðir sínar við aðgerðir faggildingar- og leyfisveitingarstofa í aðildarríkjum þeirra til að tryggja að bæði þar til bæri aðilinn og faggildingar- eða leyfisveitingarstofur geti sinnt verkefnum á samræmdan hátt.

3.2.5. Koma skal almennum meginreglum og sérstöku samræmingarferli milli þar til bærra aðila á fót og þau samþykkt á samstarfsvettvangi þar til bærra aðila innan sex mánaða frá samþykkt þessa leiðbeiningarskjals. Því næst skal leggja þau fram til samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 48. gr. og 3. mgr. 49. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

3.2.6. Samstarfsvettvangur þar til bærra aðila skal þróa stöðluð eyðublöð á öllum opinberum tungumálum Evrópusambandsins til framkvæmdar á samskráningarferlinu sem um getur hér að framan. Til að auðvelda skilvirk samskipti og á sama tíma draga úr misskilningi sem stafar af tungumálaerfiðleikum skulu stöðluðu eyðublöðin aðallega vera með gátreiti og eingöngu afar takmarkaðan fjölda af reitum fyrir athugasemdir sem geta innihaldið frjálsan texta. Skrifleg sönnunargögn um þessi samskipti, hvort sem það er almennur póstur, tölvupóstur eða símbréf, skal geyma ef ágreiningur kemur upp á milli þar til bærra aðila.

Framangreind eyðublöð skulu innihalda skrá, sem uppfæranlegt fylgiskjal, yfir viðeigandi gjöld fyrir öll aðildarríki.

3.3. **Verkefni sannprófenda sem hafa hlotið faggildingu eða leyfi**

3.3.1. Almennar reglur sem gilda um umhverfissannprófendur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, faggildingu þeirra eða leyfi, og um sannprófunarferlið eru settar í V. og VI. kafla reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfið.

3.3.2. Umhverfissannprófandi í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sem hlotið hefur faggildingu eða leyfi fyrir viðkomandi svið í samræmi við kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna([3]), skal framkvæma sannprófunina í umhverfisstjórnunarkerfinu og fullgildingu umhverfisyfirlýsingarinnar í umhverfisstjórnunarkerfinu.

3.3.3. Við skráningu fyrirtækis/stofnunar með mörg athafnasvæði og margs konar starfsemi skal faggilding sannprófanda/sannprófenda ná yfir alla kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna fyrir athafnasvæði og starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar. Ef sannprófandi hefur ekki hlotið faggildingu eða leyfi að því er varðar alla viðkomandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna skulu aðrir faggiltir umhverfissannprófendur, eftir atvikum, taka þátt með samvinnu. Það er undir fyrirtæki/stofnun komið, sem sækir um skráningu, hvort óskað sé eftir fleiri faggiltum sannprófendum, með tilliti til 4. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þegar frá eru taldar ástæður eins og skortur á sannprófendum sem hlotið hafa faggildingu að því er varðar viðkomandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna þá geta fyrirtæki/stofnanir einnig haft aðrar ástæður (t.d. staðbundna reynslu, tungumálakunnáttu eða vilja til að sameina sannprófunina í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og vottun við aðra staðla) til að nota fleiri sannprófendur. Allir sannprófendur sem vinna saman verða að undirrita yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB og umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfinu. Hver sannprófandi sem tekur þátt er ábyrgur fyrir niðurstöðu þess hluta sannprófunarinnar sem tilheyrir hans sérsviði (aðallega í tengslum við tiltekna kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna). Sú venja að allir sannprófendur verði að undirrita sömu yfirlýsinguna gerir þar til bærum forystuaðila kleift að tilgreina alla sannprófendur sem taka þátt. Af þessum sökum getur þar til bær forystuaðili sannprófað, fyrir milligöngu þar til bærra aðila í samvinnu (sem sjálfir samræma störf sín störfum faggildingar- og leyfisveitingastofa), hvort allir sannprófendurnir sem taka þátt hafi uppfyllt skuldbindinguna um fyrirframtilkynningu, eins og lýst er í 2. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þar til bær forystuaðili getur einnig sannprófað hvort kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna fyrir sannprófendurna sem taka þátt nái yfir kóðana fyrir viðkomandi fyrirtæki/stofnun.

3.3.4. Sannprófendur sem hlotið hafa faggildingu eða leyfi í einu aðildarríki mega starfa í öðrum aðildarríkjum. Sannprófendur skulu senda tilkynningu til faggildingar- eða leyfisveitingarstofu sem staðsett er í aðildarríkinu/aðildarríkjunum, sem þeir ætla að starfa í, a.m.k. fjórum vikum áður en þeir hefja störf.

([3]) Eins og komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

3.3.5. Faggildingar- eða leyfisveitingarstofan sem hefur eftirlit með framkvæmd sannprófandans/sannprófendanna í aðildarríkinu skal senda þar til bærum aðila í viðkomandi aðildarríki eftirlitsskýrslu ef upp koma vandamál eða neikvæðar niðurstöður. Þar til bæri aðilinn skal þá senda eftirlitsskýrsluna til þar til bærs forystuaðila sem ber ábyrgð á samskráningunni í ESB.

3.3.6. Ef sannprófandi kemst að raun um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum þegar sannprófun fyrstu skráningar fer fram skal hann ekki undirrita yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB og umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfinu.

3.3.7. Ef sannprófandi kemst að raun um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum á gildistíma skráningarinnar eða við endurnýjun hennar getur hann tilkynnt þar til bærum (forystu)aðila að viðkomandi fyrirtæki/stofnun uppfylli ekki lengur kröfur umhverfisstjórnunarkerfis ESB. Þegar endurnýjun á sér stað á skráningunni í umhverfisstjórnunarkerfinu er honum eingöngu heimilt að undirrita yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr. og uppfærðu umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfinu ef fyrirtækið/stofnunin sýnir fram á að hafa gert ráðstafanir (t.d. í samvinnu við eftirlitsyfirvöld) til þess að tryggja að aftur sé komið á samræmi við lög. Ef fyrirtækið/stofnunin gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir til að leysa vandamálið varðandi reglufylgnina skal sannprófandinn ekki fullgilda uppfærðu yfirlýsinguna og ekki undirrita yfirlýsinguna og umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfinu. Með öðrum orðum þá skal umhverfissannprófandinn í umhverfisstjórnunarkerfinu aðeins undirrita yfirlýsinguna og fullgilda umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfinu ef um er að ræða fulla reglufylgni.

3.4. **Skráningarferli**

3.4.1. Almennar reglur sem gilda um skráninguna eru settar fram í II., III. og IV. kafla reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

3.4.2. Fyrirtækið/stofnunin skal á fyrstu stigum hafa samskipti við sannprófanda/sannprófendur og þar til bæran forystuaðila til að skýra atriði varðandi tungumál að því er varðar skjölin sem nauðsynleg eru fyrir skráningu, með kröfurnar í 3. mgr. 5. gr. og D-hluta IV. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB í huga.

3.4.3. Þar til bær forystuaðili skal kanna upplýsingarnar í umsókninni og tilkynna það öðrum þar til bærum aðilum sem taka þátt. Þetta þýðir að þar til bærir aðilar sem taka þátt upplýsa þar til bæra forystuaðilann um réttmæti upplýsinganna um viðkomandi landsbundin athafnasvæði.

3.4.4. Þar til bærir aðilar skulu kanna fyrir aðildarríki sitt, fyrir milligöngu faggildingar- og leyfisveitingarstofa þeirra, hvort sannprófandinn eða sannprófendurnir sem taka þátt í skráningarferlinu hafi hlotið faggildingu eða leyfi að því er varðar alla viðkomandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna í skráningarferlinu. Þetta þýðir að þar til bær aðili kannar hvort sannprófandinn eða sannprófendurnir hafi veitt upplýsingar á réttan hátt og á réttum tíma (a.m.k. fjórum vikum fyrir hverja sannprófun í aðildarríki), í samræmi við 1. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þar til bæri aðilinn skal því undir öllum kringumstæðum senda faggildingar- eða leyfisveitingarstofunni í aðildarríki sínu einfalda tilkynningu um að það séu athafnasvæði sem skal skrá á grundvelli sannprófunar-/faggildingarstarfsemi sannprófenda frá öðrum aðildarríkjum. Ef faggildingar- og leyfisveitingarstofan samþykkir ekki hæfni sannprófandans getur faggildingar- eða leyfisveitingarstofan þvingað sannprófandann til að uppfylla viðkomandi kröfur eða tilkynna þar til bærum aðila um vandamálið. Séu þessi lágmarkssamskipti ekki til staðar milli þar til bæru aðilanna og faggildingar- og leyfisveitingarstofa, og milli þar til bærra aðila og þar til bærra forystuaðila, getur það grafið undan eftirlitsstarfseminni.

3.4.5. Allir þar til bærir aðilar sem taka þátt í skráningarferlinu skulu beita landsbundinni málsmeðferð til að kanna hvort athafnasvæði sem staðsett eru í þeirra aðildarríki fari að ákvæðum reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þeir skulu upplýsa þar til bæran forystuaðila um ákvörðun þeirra (hægt að skrá/ekki hægt að skrá). Ef um er að ræða neikvæða ákvörðun skal þar til bæri aðilinn upplýsa þar til bæran forystuaðila um rökin fyrir henni í yfirlýsingu. Þar sem þessi yfirlýsing er bindandi getur þar til bær forystuaðili annaðhvort ákveðið að stöðva samskráningarferlið þar til kröfurnar í reglugerðinni eru uppfylltar (þá verður ekkert athafnasvæðanna skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB) eða upplýst fyrirtækið/stofnunina um að hægt sé að halda áfram samskráningarferlinu án athafnasvæðisins sem ágreiningur er um.

3.4.6. Að lokinni ákvörðun um skráningu skal þar til bær forystuaðili tilkynna það öllum landsbundnum þar til bærum aðilum, sem taka þátt, sem upplýsa hver sitt eftirlitsyfirvald.

Athugasemd:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hvetur þar til bæra aðila sem taka þátt til að skiptast á samskiptaupplýsingum viðkomandi eftirlitsyfirvalda þeirra til að auðvelda upplýsingaskipti milli þar til bærra aðila og eftirlitsyfirvalda um að eftirlitsyfirvöldum hafi ekki verið kunnugt um tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

3.4.7. Vöktun á samræmi við lög á landsvísu er tryggð af hálfu landsbundinna eftirlitsyfirvalda og sannprófenda á meðan á sannprófunarferlinu stendur. Ef þessi yfirvöld komast að raun um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum verða þau að upplýsa landsbundna þar til bæra aðilann sem skal þá upplýsa þar til bæra forystuaðilann.

3.4.8. Ef þar til bær aðili í aðildarríki, þar sem athafnasvæði fyrirtækisins/stofnunarinnar sem sækir um viðkomandi samskráningu er staðsett, finnur sannanir fyrir því að brotið hafi verið í bága við gildandi lagakröfur, kvartanir eða aðrar viðeigandi upplýsingar að því er varðar það að uppfylla kröfurnar varðandi skráningu, endurnýjun á skráningu og tímabundna og varanlega afskráningu skal hann án tafar senda þar til bærum forystuaðila eftirlitsskýrslu til að lýsa vandamálinu.

3.4.9. Sumum aðildarríkjum ber skylda samkvæmt landslöggjöf til að innheimta gjöld. Af þessum sökum getur þar til bær forystuaðili ekki tekið ákvörðun um gjöld sem eru fastsett samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis. Hlutverk þar til bærs forystuaðila varðandi gjöld er eingöngu að upplýsa fyrirtækið/stofnunina um heildarfjárhæðina og þau einstöku gjöld sem greiða skal landsbundnum þar til bærum aðilum sem taka þátt í skráningarferlinu. Þar til bær forystuaðili skal einnig tilkynna fyrirtækinu/stofnuninni um að allir þar til bærir aðilar sem taka þátt innheimta gjöldin vegna skráningar landsbundinna athafnasvæða, sem falla undir samskráningarferlið, beint hjá hverju landsbundnu athafnasvæði umsóknarfyrirtækisins/-stofnunarinnar.

Allir hlutaðeigandi þar til bærir aðilar skulu tilkynna þar til bærum forystuaðila um að gjöld hafi verið greidd fyrir skráningu, eins og krafist er í d-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Athugasemd:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hvetur öll aðildarríki eindregið til að kanna möguleikana á því að lækka viðeigandi gjöld fyrir fyrirtæki/stofnanir sem sækja um samskráningu. Þegar um samskráningu er að ræða skal eingöngu þar til bæri forystuaðilinn bera umsýslukostnað sem samsvarar þeim kostnaði sem fylgir almennri skráningu en hlutaðeigandi þar til bærir aðilar taka minni þátt og skulu því bera lægri kostnað. Lægri gjöld auka aðdráttarafl reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB og samskráningarinnar.

3.4.10. Allir þar til bærir aðilar sem taka þátt skulu innheimta gjöldin vegna skráningar landsbundinna athafnasvæða sem eru í samskráningarferli beint hjá hverju landsbundnu athafnasvæði umsóknarfyrirtækis/-stofnunar.

3.5. **Fyrirtæki/stofnanir sem þegar hafa verið skráð**

3.5.1. Ef fyrirtæki/stofnun, sem þegar hefur verið skráð, ákveður samskráningu í ESB er þar til bærum forystuaðila heimilt, að fenginni beiðni frá fyrirtækinu/stofnuninni, að færa út gildissvið gildandi skráningar og þannig viðhalda þáverandi fjölda í landsbundnu skránni. Færslan skal einnig skráð með nýju skráningarnúmeri í landsbundnu skrána. Í slíkum tilvikum skulu allir aðrir þar til bærir aðilar aðildarríkja sem taka þátt, þar sem fyrirtækið/stofnunin hefur þegar skráð athafnasvæði, tryggja að fyrirliggjandi skráning verði skráð undir nýja skráningarnúmerinu í viðkomandi skrá.

3.6. **Varanleg og tímabundin afskráning**

3.6.1. Almennar reglur fyrir tímabundna og varanlega afskráningu, sem komið er á fót í 15. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, skulu gilda um þessa sértæku málsmeðferð.

3.6.2. Allar kvartanir varðandi skráða fyrirtækið/stofnunina skulu tilkynntar þar til bærum forystuaðila.

3.6.3. Allir þar til bærir aðilar bera ábyrgð á málsmeðferðarreglunum sem tengjast athafnasvæðum fyrirtækisins/stofnunarinnar í hverju aðildarríki fyrir sig. Ef upp kemur tilvik þar sem fyrirtæki/stofnun skal afskráð tímabundið eða varanlega úr skránni í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal þar til bæri samstarfsaðilinn tilkynna þar til bæra forystuaðilanum það með yfirlýsingu þar sem sjónarmiðum hans er komið á framfæri. Þetta þýðir að landsbundnir þar til bærir aðilar gefa eingöngu út yfirlýsingar varðandi landsbundin athafnasvæði hvers og eins. Ef ein þessara yfirlýsinga staðfestir að ekki sé hægt að skrá landsbundið athafnasvæði skal þar til bæri forystuaðilinn hefja málsmeðferð fyrir varanlega eða tímabundna afskráningu og fara eftir kröfunum í 15. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Áður en endanleg ákvörðun er tekin varðandi varanlega eða tímabundna afskráningu fyrirtækisins/stofnunarinnar skal þar til bær forystuaðili tilkynna það öðrum þar til bærum samstarfsaðilum sem taka þátt til að þeir fái vitneskju um ástæðurnar fyrir varanlegu/tímabundnu afskráningunni af hálfu eins eða fleiri þar til bærra aðila. Þar til bær forystuaðili skal einnig tilkynna höfuðstöðvum eða stjórnarsetri fyrirtækisins/stofnunarinnar um ákvörðunina sem var tekin og ástæður fyrir tillagðri varanlegri eða tímabundinni afskráningu. Í kjölfarið skal þar til bæri forystuaðilinn veita fyrirtækinu/stofnuninni tækifæri til að ákveða hvort afskrá skuli allt fyrirtækið/stofnunina úr skránni í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eða hvort athafnasvæðin sem ágreiningur er um skuli falla utan gildissviðs samskráningarinnar.

3.6.4. Ágreining milli einstakra landsbundinna þar til bærra aðila sem taka þátt í samskráningarferlinu skal leysa á samstarfsvettvangi þar til bærra aðila. Ágreining milli þar til bærs forystuaðila og fyrirtækisins/stofnunarinnar skal leysa samkvæmt landslögum þess lands þar sem þar til bæri forystuaðilinn er staðsettur. Ágreining milli fyrirtækisins/stofnunarinnar og einstakra þar til bærra aðila, t.d. um að einstök landsbundin athafnasvæði, sem taka þátt í samskráningarferlinu, haldi samræmi við lög, skal leysa samkvæmt gildandi landslögum viðkomandi aðildarríkis. Ágreining skal leysa í samræmi við kröfurnar í 15. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

3.6.5. Ef ekki er hægt að finna lausn milli þar til bærra aðila sem taka þátt á samstarfsvettvangi þar til bærra aðila er mögulegt að halda skráningarferlinu áfram án athafnasvæðanna sem ágreiningur er um.

3.7. **Atriði er varða tungumál**

3.7.1. Umhverfisyfirlýsingin í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og önnur viðeigandi skjöl skulu lögð fram á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem þar til bæri forystuaðilinn er staðsettur (3. mgr. 5. gr.). Ef fyrirtæki/stofnun leggur fram heildarumhverfislýsingu með upplýsingum um einstök athafnasvæði skulu þessar upplýsingar þar að auki lagðar fram á opinberu tungumáli eða tungumálum þeirra aðildarríkja þar sem athafnasvæðin eru staðsett.

4. SKRÁNING Í ÞRIÐJU LÖNDUM — SKRÁNING FYRIRTÆKJA/STOFNANA MEÐ EITT EÐA FLEIRI ATHAFNASVÆÐI Í ÞRIÐJU LÖNDUM (TILVIK 2)

Skráning í þriðju löndum í umhverfisstjórnunarkerfi ESB merkir skráningu fyrirtækis/stofnunar sem starfrækt er í einu eða fleiri þriðju löndum í umhverfisstjórnunarkerfinu. Samkvæmt reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfið er aðildarríkjunum frjálst að taka ákvörðun um hvort landsbundnir þar til bærir aðilar þeirra munu annast skráningar á fyrirtækjum/stofnunum í þriðju löndum í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

4.1. **Gildandi löggjöf og samræmi við lög í þriðju löndum**

4.1.1. Fyrirtæki/stofnanir skulu alltaf fara að viðeigandi landsbundnum lagakröfum þriðju landanna þar sem athafnasvæðin sem taka þátt í skráningunni í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eru staðsett.

4.1.2. Til að tryggja að umhverfisstjórnunarkerfið viðhaldi miklum metnaði og trúverðugleika er æskilegt að árangur fyrirtækis/stofnunar í þriðja landi í umhverfismálum nái sem næst því stigi sem krafist er að fyrirtæki/stofnanir í ESB nái í viðkomandi löggjöf ESB og landslöggjöf. Því er æskilegt að fyrirtæki/stofnanir utan Bandalagsins, auk tilvísananna til gildandi landsbundinna umhverfiskrafna, vísi í umhverfisyfirlýsingunni einnig til lagakrafna varðandi umhverfið sem gilda fyrir sams konar fyrirtæki/stofnanir í aðildarríkjunum þar sem fyrirtækið/stofnunin hyggst sækja um skráningu (4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB). Umhverfiskröfurnar í þeirri skrá skulu notaðar sem tilvísun þegar háleitari frammistöðumarkmið til viðbótar eru smám saman sett en þær eru ekki bindandi að því er varðar matið á því hvort fyrirtækið/stofnunin haldi samræmi við lög.

4.1.3. Samkvæmt g-lið B-hluta IV. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal umhverfisyfirlýsing fyrirtækjanna/stofnananna fela í sér tilvísun til gildandi landsbundinna lagakrafna varðandi umhverfið.

4.1.4. Að því er varðar athafnasvæði sem staðsett eru í þriðju löndum skulu skjalfestu sannanirnar, eins og um getur í 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, helst samanstanda af:

— yfirlýsingum frá eftirlitsyfirvöldum í þriðja landinu, þ.m.t. upplýsingar um gild umhverfisleyfi fyrirtækisins/stofnunarinnar, þar sem greint er frá því að ekkert bendi til þess að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum og/eða að fyrirtækið sé ekki þátttakandi í fullnustuaðgerðum, málshöfðun eða kvörtunarmálum,

— að auki er æskilegt að umhverfisyfirlýsingin innihaldi töflur yfir millivísanir milli landslöggjafar þriðja landsins og löggjafarinnar í landinu þar sem fyrirtækið/stofnunin sækir um skráningu, eins og kveðið er á um í lið 4.1.2.

4.2. **Faggilding og leyfisveiting í þriðju löndum í umhverfisstjórnunarkerfi ESB**

4.2.1. Aðildarríki skulu taka ákvörðun um hvort þau annist skráningu í þriðju löndum eða ekki, í samræmi við úrræði þeirra og verklagsreglur. Í þeim tilvikum skulu aðildarríki tryggja að faggildingar- eða leyfisveitingarstofur þeirra veiti faggildingu eða starfsleyfi til umhverfissannprófenda í þriðju löndum í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Eingöngu aðildarríki sem samþykkja meginregluna um „skráningu í þriðju löndum“ er heimilt að skrá fyrirtæki/stofnanir sem starfrækt eru í þriðju löndum.

4.2.2. Ef aðildarríki ákveður að annast skráningu í þriðju löndum, skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, fer möguleikinn á skráningu í því tiltekna aðildarríki í raun eftir því hvort aðgengi sé að faggiltum sannprófendum. Sannprófandinn sem kemur til greina skal vera faggiltur í því tiltekna aðildarríki sem annast skráningu í þriðju löndum, í þeim tilteknu þriðju löndum og í tilteknum atvinnugreinum (ákvarðað á grundvelli kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna) í viðkomandi skráningarferli.

Nánari útskýringar:

Þetta þýðir að sannprófandinn sem skal framkvæma sannprófunina í viðkomandi þriðja landi verður að vera faggiltur fyrir þetta tiltekna þriðja land af faggildingar- og leyfisveitingarstofu aðildarríkisins sem annast skráningar í þriðju löndum og þar sem fyrirtækið/stofnunin hyggst skrá sig.

4.2.3. Faggildingin eða leyfið sem sannprófendur geta fengið í þriðju löndum verður að sýna fram á í hvaða þriðju löndum það gildir svo að skráningarheimildin sé í samræmi við ákvæði 2. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Það er undir aðildarríkjunum komið að ákveða hvort þau vilji gefa út aðskilin vottorð fyrir hvert þriðja land eða gefa út heildarfaggildingarvottorð með meðfylgjandi landafræðilegum viðbæti þar sem talin eru upp þau lönd þar sem sannprófunaraðilarnir hafa hlotið faggildingu til að sinna sínum störfum.

Nánari útskýringar:

Með tilliti til 22. gr., „viðbótarkröfur fyrir umhverfissannprófendur sem starfa í þriðja landi“, er ljóst að faggildin/leyfisveiting í þriðju löndum getur aðeins verið faggilding eða leyfisveiting til viðbótar við grunnfaggildingu/grunnleyfisveitingu í Evrópu. Þetta þýðir að faggilding/leyfisveiting í þriðju löndum er veitt sem viðbótarkrafa við grunnfaggildingu/grunnleyfisveitingu á tilteknu gildissviði ásamt tilheyrandi kröfum. Faggilding/leyfisveiting í þriðju löndum skal því ná yfir faggildingu/leyfisveitingu í einu aðildarríkjanna og innan tiltekins gildissviðs.

Þegar sannprófandi hefur hlotið faggildingu eða starfsleyfi í einu aðildarríki getur hann sinnt sannprófunarstörfum í öðrum aðildarríkjum í samræmi við 24. gr. reglugerðarinnar.

4.3. **Verkefni þar til bærs aðila**

4.3.1. Aðildarríki þar sem eru fleiri en einn þar til bær aðili skal ákveða til hvaða þar til bæra aðila skal sækja um skráningar í þriðju löndum og þessi aðili skal vera sá sami og er tilnefndur samkvæmt lið 5.3.1.

4.3.2. Umsóknin um skráningu í þriðja landi frá fyrirtækjum/stofnunum með athafnasvæði sem eru eingöngu staðsett í þriðju löndum er lögð fyrir þann þar til bæra aðila sem er tilnefndur í þessum tilgangi í þeim aðildarríkjum þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) aðildarríki annast skráningar á fyrirtækjum/stofnunum í þriðju löndum,

b) sannprófendur, sem hafa hlotið faggildingu eða leyfi, eru tiltækir til sannprófunar í þriðju löndum þar sem athafnasvæðin í skráningunni eru staðsett og þessir sannprófendur taka til viðkomandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (ákvörðunin um val á sannprófanda ákvarðar með öðrum orðum skráningaraðildarríkið og öfugt).

4.3.3. Þar til bærir aðilar ættu að samræma aðgerðir sínar við aðgerðir faggildingar- og leyfisveitingarstofa í aðildarríkjum þeirra til að tryggja, þegar aðildarríki annast skráningar á fyrirtækjum/stofnunum í þriðju löndum, að bæði þar til bæri aðilinn og faggildingar- eða leyfisveitingarstofur geti sinnt verkefnum á samræmdan hátt.

4.4. **Verkefni sannprófenda sem hafa hlotið faggildingu eða leyfi**

4.4.1. Almennar reglur sem gilda um umhverfissannprófendur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, faggildingu þeirra eða leyfi, og um sannprófunarferlið eru settar í V. og VI. kafla reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfið.

4.4.2. Þau aðildarríki sem leyfa skráningu í þriðju löndum skulu koma sér upp sérstöku kerfi til að veita sannprófendum faggildingu eða starfsleyfi í þriðju löndum. Sannprófanda er veitt faggilding eða leyfi í hverju landi fyrir sig sem viðbót við almenna faggildingu eða leyfi, í samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar í þessum þætti.

4.4.3. Sannprófandi verður að hafa hlotið faggildingu eða leyfi að því er varðar alla kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna fyrir starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar í tengslum við athafnasvæði viðkomandi fyrirtækis/stofnunar sem fellur undir skráningarferlið. Vegna hugsanlegs mikils umfangs starfseminnar hafa fyrirtæki/stofnanir möguleika á að nota nokkra faggilta sannprófendur eins og þau/þær telja henta. Í reynd gæti verið erfitt ef ekki ómögulegt að skipa einn sannprófanda fyrir alla starfsemi stórra fyrirtækja/stofnana. Ef sannprófandinn hefur sjálfur ekki hlotið faggildingu eða leyfi að því er varðar viðkomandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna skulu aðrir umhverfissannprófendur, eftir atvikum, taka þátt með samvinnu. Það er undir fyrirtæki/stofnun komið, sem sækir um skráningu, hvort óskað verði eftir fleiri faggiltum/leyfishafandi sannprófendum, með tilliti til 4. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þegar frá eru taldar ástæður eins og skortur á sannprófendum sem hlotið hafa faggildingu að því er varðar viðkomandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna þá geta fyrirtæki/stofnanir einnig haft aðrar ástæður (t.d. staðbundna reynslu, tungumálakunnáttu eða vilja til að sameina sannprófunina í umhverfisstjórnunarkerfinu og vottun við aðra staðla) til að nota fleiri sannprófendur.

4.4.4. Allir sannprófendur sem vinna saman verða að undirrita yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr. og umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfinu. Hver sannprófandi sem tekur þátt er ábyrgur fyrir niðurstöðu þess hluta sannprófunarinnar sem tilheyrir hans sérsviði (aðallega í tengslum við tiltekna kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna). Sú venja að allir sannprófendur verði að undirrita sömu yfirlýsinguna gerir þar til bærum aðila kleift að tilgreina alla sannprófendur sem taka þátt. Af þessum sökum getur þar til bær aðili sannprófað, fyrir milligöngu faggildingar- og leyfisveitingastofa, hvort allir sannprófendurnir sem taka þátt hafi uppfyllt skuldbindinguna um fyrirframtilkynningu, eins og lýst er í 2. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þar til bær aðili getur einnig sannprófað hvort kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna fyrir sannprófendurna sem taka þátt nái yfir kóðana fyrir viðkomandi fyrirtæki/stofnun.

4.4.5. Sannprófendur sem vilja starfa í þriðju löndum verða að fá til þess sérstaka faggildingu eða leyfi fyrir viðkomandi tiltekið land sem viðbót við almenna faggildingu eða leyfi, í samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar sem settar eru fram í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þetta leiðir af sér að þeir þurfa:

a) að hafa sérstaka faggildingu eða leyfi að því er varðar kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna sem gilda um fyrirtækið/stofnunina,

b) að hafa þekkingu og skilning á þeim laga- og stjórnsýslukröfum er lúta að umhverfinu í því þriðja landi þar sem viðkomandi sækir um faggildingu eða leyfi,

c) að hafa þekkingu og skilning á opinberu tungumáli þriðja landsins þar sem viðkomandi sækir um faggildingu eða leyfi.

4.4.6. Sannprófendur skulu, sem hluti af sannprófunarferlinu, kanna öll umhverfisleyfi sem gilda um fyrirtækið/stofnunina eða öll önnur sönnunargögn í samræmi við réttarkerfi í þeim löndum sem falla undir umsóknina.

4.4.7. Í þriðju löndum skal sannprófandinn, auk almennra verkefna, einkum vinna nákvæma könnun á því hvort fyrirtæki/stofnun og athafnasvæði þess/hennar, sem eru í skráningarferlinu, séu í samræmi við lög. Því skulu sannprófendur, sérstaklega að teknu tilliti til c-liðar 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, kanna hvort eitthvað bendi til þess að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum varðandi umhverfið. Sannprófendur skulu nota niðurstöður eftirlitsyfirvaldanna og skulu því setja sig í samband við þau yfirvöld til að fá nákvæmar upplýsingar varðandi samræmi við lög. Sannprófandinn skal kanna hvort hann er þess fullviss, á grundvelli sönnunargagna sem hann hefur fengið í hendur, t.d. með skriflegri skýrslu frá lögbæru eftirlitsyfirvaldi. Ef engar sannanir eru fyrir því að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum skal það gefið upp í yfirlýsingu umhverfissannprófandans um sannprófun og fullgildingu (VII. viðauki við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB). Þessi yfirlýsing skal undirrituð af sannprófandanum. Sannprófandanum ber skylda til að kanna hvort kröfurnar í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB séu uppfylltar með venjulegum aðferðum við úttekt sem skulu framkvæmdar í samræmi við reglugerðina. Til að tryggja jafnt gæðastig skráningar athafnasvæðanna í þriðju löndum í samanburði við áþekk athafnasvæði í ESB getur sannprófandinn íhugað að framkvæma áhættumat.

4.4.8. Í samræmi við d-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal sannprófandinn athuga hvort engar kvartanir, málinu viðvíkjandi, hafi borist frá hagsmunaaðilum eða að kvartanir hafa fengið farsæla úrlausn.

4.4.9. Aðildarríkin sem annast skráningu í þriðju löndum skulu íhuga að gera ráðstafanir til að styrkja faggildingarferlið til að tryggja að sannprófendur, sem hlotið hafa faggildingu í tilteknum þriðju löndum, búi yfir þekkingu til að kanna hvort fyrirtækið/stofnunin fari að þeirri landslöggjöf sem er í gildi í þriðja landinu.

4.4.10. Aðildarríki sem annast skráningu í þriðju löndum geta íhugað að setja valkvæð sértæk ákvæði til að efla könnun á því hvort farið sé að lögum og tryggja skráningarferli sem er svipað því sem er í ESB. Aðildarríkjum er einkum heimilt að íhuga möguleikann á því að gera samninga (tvíhliða samning, samkomulag, o.s.frv.). Slíkir samningar geta falið í sér málsmeðferð til að miðla því að farið sé að lögum á milli viðkomandi eftirlitsyfirvalds í þriðja landinu og aðildarríkinu, ásamt því að miðla hvort brotið hafi verið í bága við gildandi lagakröfur til þar til bærs aðila í aðildarríkinu á tímabilinu frá upphaflegu skráningunni eða endurnýjuninni til næstu endurnýjunar.

4.4.11. Að minnsta kosti sex vikum fyrir sannprófun eða fullgildingu í þriðja landi skal umhverfissannprófandinn senda upplýsingar um faggildingu sína eða leyfi og um stað og tíma sannprófunar eða fullgildingar til faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar í aðildarríkinu þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki/stofnun hyggst sækja um skráningu eða er skráð. Einnig er hægt að senda þær þar til bærum aðila í aðildarríkinu þar sem fyrirhugað er að skrá athafnasvæðin.

4.4.12. Ef sannprófandi kemst að raun um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum þegar skráningin fer fram skal hann ekki undirrita umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar.

4.4.13. Ef sannprófandi kemst að raun um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum á gildistíma skráningarinnar eða við endurnýjun hennar getur hann tilkynnt þar til bærum aðila að viðkomandi fyrirtæki/stofnun uppfylli ekki lengur kröfur umhverfisstjórnunarkerfis ESB. Þegar endurnýjun á sér stað er honum eingöngu heimilt að undirrita yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr. og uppfærðu umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB ef fyrirtækið/stofnunin sýnir fram á að hafa gert viðhlítandi ráðstafanir (t.d. í samvinnu við eftirlitsyfirvöld) til þess að tryggja að aftur sé komið á samræmi við lög. Ef fyrirtækið/stofnunin getur ekki sýnt sannprófandanum fram á að gerðar hafi verið fullnægjandi ráðstafanir til að koma aftur á samræmi við lög skal sannprófandinn ekki fullgilda uppfærðu yfirlýsinguna og ekki undirrita yfirlýsinguna og umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

4.5. **Skráningarferli**

4.5.1. Fyrirtækið/stofnunin skal á fyrstu stigum hafa samskipti við sannprófanda/sannprófendur og þar til bæran aðila til að skýra atriði varðandi tungumál að því er varðar skjölin sem nauðsynleg eru fyrir skráningu, með kröfurnar í 3. mgr. 5. gr. og D-hluta IV. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB í huga.

4.5.2. Áður en umsókn um skráningu er send til þar til bærs aðila skal fyrirtækið/stofnunin leggja gögn eða skjalfesta sönnun fyrir sannprófandann þess efnis að engin sönnun sé fyrir því að ekki sé farið að gildandi lagakröfum varðandi umhverfið eins og lýst er í lið 4.1.4. í þessum leiðbeiningum.

4.5.3. Eftir að hafa uppfyllt kröfurnar í umhverfisstjórnunarkerfinu, einkum þær sem gilda um skráningarferlið sem tilgreint er í II. viðauka við reglugerðina, og sannprófandi, sem hlotið hefur faggildingu eða leyfi, hefur fullgilt umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal fyrirtækið/stofnunin senda umsóknareyðublaðið og tilheyrandi skjöl, einkum VI. og VII. viðauka, til skráningar hjá þar til bærum aðila.

4.5.4. Þar til bæri aðilinn skal kanna upplýsingarnar sem koma fram í umsókninni og í þeim tilgangi skal þar til bæri aðilinn hafa samskipti við landsbundnu faggildingar- eða leyfisveitingarstofuna.

4.5.5. Faggildingar- og leyfisveitingarstofan skulu meta hæfni umhverfissannprófandans með hliðsjón af þeim þáttum sem eru tilgreindir í 20., 21. og 22. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Ef hæfni sannprófandans er ekki samþykkt getur faggildingar- og leyfisveitingarstofan þvingað sannprófandann til að uppfylla viðkomandi kröfur og tilkynna þar til bærum aðila um vandamálið. Á móti skal þar til bæri aðilinn tilkynna faggildingar- eða leyfisveitingarstofunni með einföldum hætti um að hann hafi móttekið umsókn um skráningu og að það séu athafnasvæði í þriðju löndum sem skuli skrá. Þegar slík tilkynning hefur borist faggildingar- og leyfisveitingarstofunni skal hún senda þar til bæra aðilanum niðurstöðurnar varðandi sannprófandann/sannprófendurna sem taka þátt. Þetta auðveldar endanlega könnun þar til bæra aðilans á því hvort sannprófandinn eða sannprófendurnir sem taka þátt í skráningarferlinu hafa hlotið faggildingu eða leyfi fyrir öllum viðkomandi kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna í skráningarferlinu. Ef þessi lágmarkssamskipti milli þar til bæra aðilans og faggildingar- og leyfisveitingarstofunnar eru ekki til staðar getur það grafið undan eftirlitsstarfseminni.

4.5.6. Þar til bæri aðilinn sem ber ábyrgð á skráningunni samræmir könnun á samræminu við lög á grundvelli upplýsinganna sem fyrirtækið/stofnunin hefur veitt sannprófandanum. Eingöngu ef um er að ræða aðildarríki sem hefur gert sérstakan samning við þriðju lönd, sem felur í sér ákvæði sem heimila aðildarríkinu að hafa samband við eftirlitsyfirvöld þriðju landa, er hægt að kanna hvort samræmi við lög sé til staðar beint hjá eftirlitsyfirvöldunum í þriðju löndum. Ef ekki þá verður þar til bæri aðilinn að treysta á að sannprófandinn og/eða fyrirtækið/stofnunin fái gögn eða skjalfesta sönnun sem sýnir fram á að viðeigandi lagakröfur hafi verið uppfylltar.

4.6. **Varanleg og tímabundin afskráning**

4.6.1. Þar til bæri aðilinn skal fylgja almennu reglunum sem settar eru í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB varðandi varanlega og tímabundna afskráningu.

4.6.2. Allar kvartanir varðandi skráða fyrirtækið/stofnunina skulu tilkynntar þar til bærum aðila.

4.6.3. Fyrirtæki/stofnanir í þriðju löndum sem leitast eftir skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og vilja hefja skráningarferlið verða að samþykkja að þar til bæri aðilinn biðji sannprófandann um að staðfesta hugsanlegar ástæður fyrir tímabundnum eða varanlegum afskráningum sem geta átt sér stað í þriðju löndum þar sem athafnasvæðin eru staðsett áður en ákvörðun er tekin. Fyrirtækið/stofnunin skal vinna með og veita sannprófandanum eða þar til bæra aðilanum svör við öllum spurningum varðandi hugsanlegar ástæður fyrir tímabundinni og varanlegri afskráningu. Fyrirtækið/stofnunin skal einnig vera tilbúið/tilbúin að bera kostnað í tengslum við starf sannprófandans við að skýra tilvikin.

4.6.4. Þegar samningar hafa verið undirritaðir milli aðildarríkisins sem ber ábyrgð á skráningunni og þriðja landsins geta þeir innihaldið sértæk ákvæði til að tryggja vöktun á samræmi við löggjöf og virka miðlun brota frá eftirlitsyfirvöldunum í þriðja landinu til þar til bæra aðilans.

4.6.5. Í öllum tilvikum, jafnvel þegar slíkir samningar eru til staðar, skal sannprófandinn bera ábyrgð á eftirliti með því að farið sé að lögum. Hugsanlegar kvartanir og ósamræmi sem geta leitt til varanlegrar eða tímabundinnar afskráningar skulu koma fram í eftirlitinu með því að farið sé að lögum.

4.6.6. Hægt er að hafa samráð við frjáls félagasamtök sem starfa í þriðju löndum og nota þau sem upplýsingagjafa. Í öllum tilvikum skal sannprófandinn senda þar til bærum aðila skýrslu með öllum viðeigandi upplýsingum sem fást á sannprófunarferlinu.

4.7. **Atriði er varða tungumál**

4.7.1. Umhverfisyfirlýsing í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og önnur viðeigandi skjöl skulu lögð fram til skráningar á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem þar til bær aðili er staðsettur (3. mgr. 5. gr.). Ef fyrirtæki/stofnun leggur fram heildarumhverfislýsingu með upplýsingum um einstök athafnasvæði, sem staðsett eru í mismunandi þriðju löndum, skulu þessar upplýsingar þar að auki lagðar fram á opinberu tungumáli eða tungumálum þeirra þriðju landa þar sem athafnasvæðin eru staðsett.

5. HNATTRÆN SKRÁNING — FYRIRTÆKI/STOFNANIR MEÐ MÖRG ATHAFNASVÆÐI Í AÐILDARRÍKJUM OG Í ÞRIÐJU LÖNDUM (TILVIK 3)

Hnattræn skráning í umhverfisstjórnunarkerfi ESB er skráning fyrirtækis/stofnunar með mörg athafnasvæði innan og utan ESB, þar sem sótt er um eina skráningu fyrir öll athafnasvæðin eða hluta þeirra í aðildarríki sem annast skráningar í þriðju löndum.

Skráning með mörgum athafnasvæðum í aðildarríkjum og í þriðju löndum er flókið ferli sem sameinar þau tvö ferli sem þegar hefur verið lýst: samskráningu í ESB og skráningu í þriðju löndum. Í þessum lið er varpað ljósi á atriði sem eru ólík þeim sem lýst er í 3. og 4. lið leiðbeininganna.

5.1. **Gildandi löggjöf og samræmi við lög í aðildarríkjum og í þriðju löndum**

5.1.1. Fyrirtæki/stofnanir skulu alltaf uppfylla lagakröfur ESB og landsbundnar lagakröfur sem gilda um athafnasvæðin sem eru með í skráningunni í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

5.1.2. Til að tryggja að umhverfisstjórnunarkerfið viðhaldi miklum metnaði og trúverðugleika er æskilegt að árangur fyrirtækis/stofnunar í þriðja landi í umhverfismálum nái sem næst því stigi sem krafist er að fyrirtæki/stofnanir í ESB nái í viðkomandi löggjöf ESB og landslöggjöf. Því er æskilegt að fyrirtæki/stofnanir með athafnasvæði utan Bandalagsins, auk tilvísananna til gildandi landsbundinna umhverfiskrafna, vísi í umhverfisyfirlýsingunni einnig til lagakrafna varðandi umhverfið sem gilda fyrir sams konar fyrirtæki/stofnanir í aðildarríkjunum þar sem fyrirtækið/stofnunin hyggst sækja um skráningu (4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB). Umhverfiskröfurnar í þeirri skrá skulu notaðar sem tilvísun þegar sett eru háleitari frammistöðumarkmið til viðbótar en þær eiga ekki við að því er varðar matið á því hvort fyrirtækið/stofnunin haldi samræmi við lög.

5.1.3. Að því er varðar athafnasvæði sem staðsett eru í þriðju löndum skulu skjalfestu sannanirnar, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, samanstanda af:

— yfirlýsingum frá eftirlitsyfirvöldum í þriðja landinu, þ.m.t. upplýsingar um gild umhverfisleyfi fyrirtækisins/stofnunarinnar, þar sem greint er frá því að ekkert bendi til þess að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum og/eða að fyrirtækið sé ekki þátttakandi í fullnustuaðgerðum, málshöfðun eða kvörtunarmálum,

— að auki er æskilegt að umhverfisyfirlýsingin innihaldi töflur yfir millivísanir milli landslöggjafar þriðja landsins og löggjafarinnar í landinu þar sem fyrirtækið/stofnunin sækir um skráningu, eins og kveðið er á um í lið 5.1.2.

5.2. **Faggilding og leyfisveiting**

5.2.1. Ákvæðin, eins og lýst er í lið 4.2 varðandi faggildingu og leyfisveitingu í þriðju löndum í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, gilda.

5.3. **Verkefni þar til bærra aðila**

5.3.1. Aðildarríki þar sem eru fleiri en einn þar til bær aðili skal ákveða til hvaða þar til bæra aðila skal sækja um hnattræna skráningu og þessi aðili skal vera sami þar til bæri aðilinn og er tilnefndur samkvæmt lið 4.3.1.

5.3.2. Umsóknin um hnattræna skráningu, t.d. frá fyrirtækjum/stofnunum með athafnasvæði sem staðsett eru í aðildarríkjum ESB og í þriðju löndum, er lögð fyrir þann þar til bæra aðila sem er tilnefndur í þessum tilgangi í einu aðildarríkjanna þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) aðildarríkið annast skráningar á fyrirtækjum/stofnunum utan ESB,

b) sannprófendur, sem hafa hlotið faggildinu eða leyfi, eru tiltækir til sannprófunar í þriðju löndum þar sem athafnasvæðin í skráningunni eru staðsett og faggilding eða leyfisveiting þessara sannprófenda tekur til viðkomandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna.

5.3.3. Ákvörðun þess aðildarríkis, þar sem þar til bæri aðilinn sem ber ábyrgð á ferlinu verður staðsettur, er tekin á grundvelli skilyrðanna í eftirfarandi forgangsröð:

1) Ef fyrirtækið/stofnunin er með höfuðstöðvar í einu aðildarríkjanna sem annast skráningu í þriðju löndum, skal umsóknin lögð fyrir þar til bæran aðila í viðkomandi aðildarríki.

2) Ef höfuðstöðvar fyrirtækisins/stofnunarinnar eru ekki staðsettar í aðildarríki sem annast skráningu í þriðju löndum en hefur þar stjórnarsetur skal umsóknin lögð fyrir þar til bæran aðila í viðkomandi aðildarríki.

3) Ef fyrirtækið/stofnunin sem sækir um hnattræna skráningu hefur hvorki höfuðstöðvar né stjórnarsetur í aðildarríki sem annast skráningu í þriðju löndum verður fyrirtækið/stofnunin að setja á stofn sérstakt stjórnarsetur í aðildarríki sem annast skráningar í þriðju löndum og umsóknin skal lögð fyrir þar til bæran aðila í viðkomandi aðildarríki.

5.3.4. Ef fleiri en eitt aðildarríki fellur undir umsóknina verður að fara eftir samræmingarferlinu milli þar til bærra aðila, sem taka þátt, eins og komið er á fót í lið 3.2. Þar til bæri aðilinn starfar þá sem þar til bær forystuaðili samkvæmt þeim þáttum ferlisins er varða samskráningu í ESB.

5.4. **Verkefni sannprófenda sem hafa hlotið faggildingu eða leyfi**

5.4.1. Almennar reglur sem gilda um umhverfissannprófendur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, faggildingu þeirra eða leyfi, og um sannprófunarferlið eru settar í V. og VI. kafla reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

5.4.2. Þau aðildarríki sem leyfa skráningu í þriðju löndum skulu koma sér upp sérstöku kerfi til að veita sannprófendum faggildingu eða starfsleyfi í þriðju löndum. Sannprófanda er veitt faggilding eða leyfi í hverju landi fyrir sig sem viðbót við almenna faggildingu eða leyfi, í samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar í þessum þætti.

5.4.3. Við hnattræna skráningu fyrirtækis/stofnunar með mörg athafnasvæði og margs konar starfsemi skal faggilding sannprófanda/sannprófenda ná yfir alla kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna fyrir athafnasvæði og starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar. Að því er varðar athafnasvæði í þriðju löndum skal sannprófandinn/sannprófendurnir hafa hlotið faggildingu eða leyfi að því er varðar öll þriðju lönd og alla kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna að því er varðar öll athafnasvæðin í hnattrænu skráningunni í aðildarríkinu þar sem fyrirtækið/stofnunin hyggst sækja um skráningu. Vegna hugsanlegs mikils umfangs starfseminnar hafa fyrirtæki/stofnanir möguleika á að nota nokkra faggilta sannprófendur eins og þau/þær telja henta. Í reynd gæti verið erfitt ef ekki ómögulegt að skipa einn sannprófanda fyrir alla starfsemi stórra fyrirtækja/stofnana. Ef sannprófandinn hefur sjálfur ekki hlotið faggildingu eða leyfi, að því er varðar viðkomandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna eða lönd, skulu aðrir faggiltir umhverfissannprófendur, eftir atvikum, taka þátt með samvinnu. Það er undir fyrirtæki/stofnun komið, sem sækir um skráningu, hvort óskað verði eftir fleiri faggiltum/leyfishafandi sannprófendum, með tilliti til 4. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þegar frá eru taldar ástæður eins og skortur á sannprófendum sem hlotið hafa faggildingu að því er varðar viðkomandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna þá geta fyrirtæki/stofnanir einnig haft aðrar ástæður (t.d. staðbundna reynslu, tungumálakunnáttu eða vilja til að sameina sannprófunina í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og vottun við aðra staðla) til að nota fleiri sannprófendur.

5.4.4. Allir sannprófendur sem vinna saman verða að undirrita yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB og umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfinu. Hver sannprófandi sem tekur þátt er ábyrgur fyrir niðurstöðu þess hluta sannprófunarinnar sem tilheyrir hans sérsviði (aðallega í tengslum við tiltekna kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna). Sú venja að allir sannprófendur verði að undirrita sömu yfirlýsinguna gerir þar til bærum forystuaðila kleift að tilgreina alla sannprófendur sem taka þátt. Af þessum sökum getur þar til bær forystuaðili sannprófað, fyrir milligöngu þar til bærra aðila í samvinnu (sem sjálfir samræma störf sín störfum faggildingar- og leyfisveitingastofa), hvort allir sannprófendurnir sem taka þátt hafi uppfyllt skuldbindinguna um fyrirframtilkynningu, eins og lýst er í 2. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þar til bær forystuaðili getur einnig sannprófað hvort kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna fyrir sannprófendurna sem taka þátt nái yfir kóðana fyrir viðkomandi fyrirtæki/stofnun.

5.4.5. Sannprófendur sem vilja starfa í þriðju löndum verða að fá til þess sérstaka faggildingu eða leyfi fyrir viðkomandi tiltekið land sem viðbót við almenna faggildingu eða leyfi, í samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar sem settar eru fram í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þetta leiðir af sér að þeir þurfa:

a) að hafa sérstaka faggildingu eða leyfi að því er varðar kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna sem gilda um fyrirtækið/stofnunina,

b) að hafa þekkingu og skilning á þeim laga- og stjórnsýslukröfum er lúta að umhverfinu í því þriðja landi þar sem viðkomandi sækir um faggildingu eða leyfi,

c) að hafa þekkingu og skilning á opinberu tungumáli þriðja landsins þar sem viðkomandi sækir um faggildingu eða leyfi.

5.4.6. Sannprófendur skulu, sem hluti af sannprófunarferlinu, kanna öll umhverfisleyfi sem gilda um fyrirtækið/stofnunina eða öll önnur sönnunargögn í samræmi við réttarkerfi í þeim löndum sem falla undir umsóknina.

5.4.7. Í þriðju löndum skal sannprófandinn, auk almennra verkefna, einkum vinna nákvæma könnun á því hvort fyrirtæki/stofnun og athafnasvæði þess/hennar, sem eru í skráningarferlinu, séu í samræmi við lög. Því skulu sannprófendur, sérstaklega að teknu tilliti til c-liðar 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, kanna hvort eitthvað bendi til þess að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum varðandi umhverfið. Sannprófendur skulu nota niðurstöður eftirlitsyfirvaldanna og skulu því setja sig í samband við þau yfirvöld til að fá nákvæmar upplýsingar varðandi samræmi við lög. Sannprófandinn skal kanna hvort hann er þess fullviss, á grundvelli sönnunargagna sem hann hefur fengið í hendur, t.d. með skriflegri skýrslu frá lögbæru eftirlitsyfirvaldi. Ef engar sannanir eru fyrir því að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum skal það gefið upp í yfirlýsingu umhverfissannprófandans um sannprófun og fullgildingu (VII. viðauki við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB). Þessi yfirlýsing skal undirrituð af sannprófandanum. Það er skylda sannprófandans að kanna, með venjulegum aðferðum við úttekt, hvort að kröfurnar í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB séu uppfylltar. Til að tryggja jafnt gæðastig athafnasvæðanna í þriðju löndum og athafnasvæðanna í ESB, sem falla undir skráninguna, getur sannprófandinn íhugað að framkvæma áhættumat.

5.4.8. Í samræmi við d-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal sannprófandinn athuga hvort engar kvartanir, málinu viðvíkjandi, hafi borist frá hagsmunaaðilum eða að kvartanir hafa fengið farsæla úrlausn.

5.4.9. Aðildarríkin sem annast skráningu í þriðju löndum (og því einnig hnattræna skráningu) skulu íhuga að gera ráðstafanir til að styrkja faggildingarferlið til að tryggja að sannprófendur, sem hlotið hafa faggildingu í tilteknum þriðju löndum, búi yfir þekkingu til að kanna hvort fyrirtækið/stofnunin fari að þeirri landslöggjöf sem er í gildi í þriðja landinu.

5.4.10. Aðildarríki sem annast hnattræna skráningu geta íhugað að setja valkvæð sértæk ákvæði til að efla könnun á því hvort farið sé að lögum og tryggja skráningarferli sem er svipað því sem er í ESB. Aðildarríkjum er einkum heimilt að íhuga möguleikann á því að gera samninga (tvíhliða samning, samkomulag, o.s.frv.). Slíkir samningar geta falið í sér málsmeðferð til að miðla því að farið sé að lögum á milli viðkomandi eftirlitsyfirvalds í þriðja landinu og aðildarríkinu, ásamt því að miðla hvort brotið hafi verið í bága við gildandi lagakröfur til þar til bærs aðila í aðildarríkinu á tímabilinu frá upphaflegu skráningunni eða endurnýjuninni til næstu endurnýjunar.

5.4.11. Að minnsta kosti sex vikum fyrir sannprófun eða fullgildingu í þriðja landi skal umhverfissannprófandinn senda upplýsingar um faggildingu sína eða leyfi og um stað og tíma sannprófunar eða fullgildingar til faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar í aðildarríkinu þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki/stofnun hyggst sækja um skráningu eða er skráð. Að auki skal sannprófandinn senda upplýsingar um faggildingu sína eða leyfi til faggildingar- eða leyfisveitingarstofa í þeim aðildarríkjum þar sem viðkomandi athafnasvæði eru staðsett.

5.4.12. Ef sannprófandi kemst að raun um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum þegar skráningin fer fram skal hann ekki undirrita umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar.

5.4.13. Ef sannprófandi kemst að raun um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum á gildistíma skráningarinnar eða við endurnýjun hennar getur hann tilkynnt þar til bærum aðila að viðkomandi fyrirtæki/stofnun uppfylli ekki lengur kröfur umhverfisstjórnunarkerfis ESB. Þegar endurnýjun á sér stað er honum eingöngu heimilt að undirrita yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr. og uppfærðu umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB ef fyrirtækið/stofnunin sýnir fram á að hafa gert viðhlítandi ráðstafanir (t.d. í samvinnu við eftirlitsyfirvöld) til þess að tryggja að aftur sé komið á samræmi við lög. Ef fyrirtækið/stofnunin getur ekki sýnt sannprófandanum fram á að gerðar hafi verið fullnægjandi ráðstafanir til að koma aftur á samræmi við lög skal sannprófandinn ekki fullgilda uppfærðu yfirlýsinguna og ekki undirrita yfirlýsinguna og umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

5.5. **Skráningarferli**

5.5.1. Fyrirtækið/stofnunin skal á fyrstu stigum hafa samskipti við sannprófanda/sannprófendur og þar til bæran aðila til að skýra atriði varðandi tungumál að því er varðar skjölin sem nauðsynleg eru fyrir skráningu, með kröfurnar í 3. mgr. 5. gr. og D-hluta IV. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB í huga.

5.5.2. Fyrirtækið/stofnunin skal leggja fram gögn sem sanna að það/hún fari að lögum eins og lýst er í lið 5.1.3.

5.5.3. Eftir að hafa uppfyllt kröfurnar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, einkum þær sem gilda um skráningarferlið sem tilgreint er í II. viðauka við reglugerðina, og sannprófandi, sem hlotið hefur faggildingu eða leyfi, hefur fullgilt umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfinu skal fyrirtækið/stofnunin senda umsóknareyðublaðið og tilheyrandi skjöl, einkum VI. og VII. viðauka, til skráningar hjá þar til bærum (forystu)aðila.

5.5.4. Þar til bær aðili sem ber ábyrgð á skráningunni skal kanna upplýsingarnar sem koma fram í umsókninni og í þeim tilgangi eiga samskipti við landsbundnu faggildingar- eða leyfisveitingarstofuna og, ef við á, við aðra þar til bæra aðila sem taka þátt. Ef nauðsyn krefur getur sannprófandinn sem ábyrgur er fyrir sannprófuninni tekið þátt í þessum samskiptum. Hægt er að nota almennan póst, tölvupóst eða símbréf en geyma skal skrifleg sönnunargögn um þessi samskipti.

5.5.5. Faggildingar- og leyfisveitingarstofur í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum skulu meta hæfni umhverfissannprófandans með hliðsjón af þeim þáttum sem eru tilgreindir í 20., 21. og 22. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Ef hæfni sannprófandans er ekki samþykkt getur faggildingar- og leyfisveitingarstofan þvingað sannprófandann til að uppfylla viðkomandi kröfur eða tilkynna þar til bærum landsbundnum aðila um vandamálið. Á móti skal þar til bæri aðilinn tilkynna faggildingar- eða leyfisveitingarstofu með einföldum hætti um að hann hafi móttekið umsókn um skráningu og að það séu athafnasvæði sem skuli skrá. Þegar slík tilkynning hefur borist faggildingar- og leyfisveitingarstofunni skal hún senda landsbundna þar til bæra aðilanum niðurstöðurnar varðandi sannprófandann/sannprófendurna sem taka þátt. Allir landsbundnir þar til bærir aðilar sem taka þátt skulu skýra þar til bærum forystuaðila frá þessu. Þetta auðveldar endanlega könnun þar til bærra aðila sem taka þátt og þar til bæra forystuaðilans á því hvort sannprófandinn eða sannprófendurnir sem taka þátt í skráningarferlinu hafa hlotið faggildingu eða leyfi fyrir öllum viðkomandi kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna í skráningarferlinu. Ef þessi lágmarkssamskipti milli þar til bærra aðila og faggildingar- og leyfisveitingarstofa eru ekki til staðar getur það grafið undan eftirlitsstarfseminni.

5.5.6. Þar til bæri aðilinn sem ber ábyrgð á skráningunni samræmir könnun á samræminu við lög á grundvelli upplýsinganna sem fyrirtækið/stofnunin hefur veitt sannprófandanum. Eingöngu ef um er að ræða aðildarríki sem hefur gert sérstakan samning við þriðju lönd, sem felur í sér ákvæði sem heimila aðildarríkinu að hafa samband við eftirlitsyfirvöld þriðju landa, er hægt að kanna hvort samræmi við lög sé til staðar beint hjá eftirlitsyfirvöldunum í þriðju löndum. Ef ekki þá verður þar til bæri aðilinn að treysta á að sannprófandinn og/eða fyrirtækið/stofnunin fái gögn eða skjalfesta sönnun sem sýnir fram á að viðeigandi lagakröfur hafi verið uppfylltar.

5.5.7. Ef við á, að lokinni ákvörðun um skráningu, skal þar til bær forystuaðili tilkynna það öllum landsbundnum þar til bærum aðilum, sem taka þátt, sem upplýsa hver sitt eftirlitsyfirvald.

5.5.8. Ef nokkrir þar til bærir aðilar taka þátt í skráningarferlinu skulu skilyrðin varðandi gjöld, eins og lýst er í lið 3.4., gilda.

5.6. **Varanleg og tímabundin afskráning**

5.6.1. Þar til bæri aðilinn skal fylgja almennu reglunum sem settar eru í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB varðandi varanlega og tímabundna afskráningu.

5.6.2. Allar kvartanir varðandi skráða fyrirtækið/stofnunina skulu tilkynntar þar til bærum aðila.

5.6.3. Fyrirtæki/stofnanir í þriðju löndum sem leitast eftir skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og vilja hefja skráningarferlið verða að samþykkja að þar til bæru aðilarnir biðji sannprófandann um að staðfesta hugsanlegar ástæður fyrir tímabundnum eða varanlegum afskráningum sem geta átt sér stað í þriðju löndum þar sem athafnasvæðin eru staðsett áður en ákvörðun er tekin. Fyrirtækið/stofnunin skal vinna með og veita sannprófandanum eða þar til bæra aðilanum svör við öllum spurningum varðandi hugsanlegar ástæður fyrir tímabundinni og varanlegri afskráningu. Fyrirtækið/stofnunin skal einnig vera tilbúið/tilbúin að bera kostnað í tengslum við starf sannprófandans við að skýra tilvikin.

5.6.4. Í öllum tilvikum, jafnvel þegar slíkir samningar eru til staðar, skal sannprófandinn bera ábyrgð á eftirliti með því að farið sé að lögum. Hugsanlegar kvartanir og ósamræmi sem geta leitt til varanlegrar eða tímabundinnar afskráningar skulu koma fram í eftirlitinu með því að farið sé að lögum.

5.6.5. Hægt er að hafa samráð við frjáls félagasamtök sem starfa í því þriðja landi og nota þau sem upplýsingagjafa. Í öllum tilvikum skal sannprófandinn senda þar til bærum aðila skýrslu með öllum viðeigandi upplýsingum sem fást á sannprófunarferlinu.

5.7. **Atriði er varða tungumál**

5.7.1. Umhverfisyfirlýsingin í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og önnur viðeigandi skjöl skulu lögð fram á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem þar til bæri forystuaðilinn er staðsettur (3. mgr. 5. gr.). Ef fyrirtæki/stofnun leggur fram heildarumhverfisyfirlýsingu með upplýsingum um einstök athafnasvæði skulu upplýsingarnar varðandi athafnasvæði í ESB auk þess lagðar fram á opinberu tungumáli eða tungumálum þeirra aðildarríkja þar sem athafnasvæðin eru staðsett og upplýsingarnar varðandi athafnasvæðin sem staðsett eru í þriðju löndum skulu helst lagðar fram á opinberu tungumáli eða tungumálum viðkomandi þriðju landa.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1292/2013 **2014/EES/54/109**

frá 11. desember 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 294/2008 um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 3. mgr. 173. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Áætlunin Evrópa 2020 um snjallan og sjálfbæran hagvöxt fyrir alla ætlar Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu („EIT“) mikilvægt hlutverk en stofnunin leggur sinn skerf til nokkurra forystuverkefna.

2) Á tímabilinu 2014 til 2020 ætti Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu að leggja sinn skerf til markmiða sem sett eru í áætluninni „Horizon 2020 - rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun“ og komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013([3])(„Horizon 2020“) með því að samþætta þekkingarþríhyrninginn æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun.

3) Til að tryggja samræmdan ramma fyrir þátttakendur í Horizon 2020 ætti reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)([4]) nr. 1290/2013 („þátttökureglur“) að gilda um Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

4) Reglur um umsjón hugverkaréttinda eru skilgreindar í þátttökureglunum.

5) Reglur um samvinnu þriðju landa eru skilgreindar í Horizon 2020.

6) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ætti að hvetja til frumkvöðlastarfsemi í starfsemi sinni á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar. Einkum ætti hún að efla framúrskarandi menntun sem stuðlar að framtakssemi og styðja stofnun sprota- og hliðarfyrirtækja.

7) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ætti að tengjast lands- og svæðisbundnum fulltrúum og öðrum hagsmunaaðilum í nýsköpunarkeðjunni með beinum hætti og skapa þannig gagnleg tengsl fyrir báða aðila. Til þess að koma á skipulagi í slíkum viðræðum og skoðanaskiptum ætti að koma á fót sérstökum vettvangi hagsmunaaðila í Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og ná þannig saman breiðum hópi hagsmunaaðila til að fjalla um þverlæg málefni. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ætti einnig að koma upplýsingum á framfæri við og annast samskipti sem beinast að viðkomandi hagsmunaaðilum.

8) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ætti að stuðla að jafnri þátttöku mismunandi aðila í þekkingarþríhyrningi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna. Hún ætti einnig að stuðla að mikilli þátttöku einkageirans, einkum örfyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

9) Rétt er að skilgreina umfangið á framlagi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu til þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna og gert skal ljóst hvaðan fjármagn til þekkingar- og nýsköpunarsamfélagsins kemur.

10) Einfalda ætti samsetningu aðila að Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Rétt er að hagræða í starfsemi stjórnar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og kveða nánar á um hlutverk og verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra.

11) Stofna ætti ný þekkingar- og nýsköpunarsamfélög, þ.m.t. forgangssvið þeirra og skipulag og tímasetning valferlisins, með þeim aðferðum sem skilgreindar eru í stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun í kjölfar opins og gagnsæs samkeppnisferlis.

12) Þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin ættu að auka menntunarstarfsemi sína til að styrkja færnigrunninn í Sambandinu í heild með því að bjóða fagleg námskeið og önnur viðeigandi þjálfunarnámskeið.

13) Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin og Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu hafi með sér samstarf um skipulag á eftirliti og mati á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum til þess að tryggja samræmi við heildareftirlits- og matskerfi á Sambandsvísu. Einkum ættu að vera skýrar meginreglur um eftirlit með þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum og Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 174. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, bíður birtingar.

(1) Stjtíð. ESB C 181, 21.6.2012, bls. 122.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 21. nóvember 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 - rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020)(Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1290/2013 frá 11. desember 2013 um reglur um þátttöku og miðlun í „Horizon 2020 - rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014–2020)“ (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 81).

14) Þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin ættu að leita eftir samvirkni með viðeigandi framtaksverkefnum í Sambandinu, einstökum löndum og einstökum svæðum.

15) Til þess að tryggja breiða þátttöku skipulagsheilda frá ýmsum aðildarríkjum í þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum ætti að koma á fót samstarfsstofnunum í a.m.k. þremur mismunandi aðildarríkjum.

16) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin ættu að þróa starfsemi sem ætlað er að vekja áhuga út á við og miðla bestu starfsvenjum, m.a. í gegnum svæðisbundnu nýsköpunaráætlunina.

17) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ætti að samþykkja forsendur og ferli fyrir fjármögnun, eftirlit og mat á starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna áður en að valferli þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna kemur.

18) Í þriggja ára starfsáætlun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu ætti að taka tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar varðandi sértæk markmið Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, eins og þau eru skilgreind í Horizon 2020, og hvernig hún er til fyllingar stefnumiðum og fjármögnunarleiðum Sambandsins.

19) Þar sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu heyrir undir Horizon 2020 mun hagræðing í útgjöldum vegna loftslagsbreytinga samkvæmt Horizon 2020 ná til hennar.

20) Matið á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ætti að koma sem tímabært innlegg fyrir matið á Horizon 2020 fyrir árin 2017 og 2023.

21) Framkvæmdastjórnin ætti að efla hlutverk sitt við eftirlit með framkvæmd sérstakra þátta í starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

22) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma fyrir allan þann tíma sem Horizon 2020 varir og skal þetta vera meginviðmiðunarfjárhæð Evrópuþingsins og ráðsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 17. liðar stofnanasamstarfssamnings frá 2. desember 2013 milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn ([5]). Fjárframlag til Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu ætti að vera veitt frá Horizon 2020.

23) Andstætt því sem fyrirhugað var í fyrstu mun Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ekki njóta beins framlags úr fjárlögum Sambandsins og þess vegna ætti samþykktarferli Sambandsins ekki að eiga við um hana.

24) Til glöggvunar ætti að nýr viðauki að koma í stað viðaukans við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins ([6]) nr. 294/2008.

25) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 294/2008 til samræmis við það.

([5]) Stjtíð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 294/2008 frá 11. mars 2008 um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 294/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. „nýsköpun“: ferlið, og niðurstaðan úr því, þar sem brugðist er við samfélagslegum eða efnahagslegum þörfum og eftirspurn með nýjum hugmyndum og sköpun nýrra vara, þjónustu eða viðskipta- og skipulagslíkana sem eru sett á ríkjandi markað með góðum árangri eða geta skapað nýja markaði og verðmæti fyrir samfélagið.“

b) Í stað liðar 2 komi eftirfarandi:

„2. „Þekkingar- og nýsköpunarsamfélag“: sjálfstætt samstarfsfélag æðri menntastofnana, rannsóknastofnana, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila í nýsköpunarferlinu í formi skipulegs netkerfis sem grundvallast á sameiginlegri skipulagsáætlun, til langs eða meðallangs tíma, í því skyni að ljúka verkefnum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, án tillits til nákvæms lagalegs forms þess og stuðla að því að markmiðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 („Horizon 2020“) verði náð.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 - rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).“

c) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. „samnýtingarmiðstöð“: landsvæði þar sem helstu samstarfsaðilar í þekkingarþríhyrningnum eru með aðstöðu þar sem þeir geta hæglega starfað saman og skapað þar miðstöð fyrir starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga á þessu svæði.“

d) Ákvæði 4. mgr. falli brott.

e) Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. „samstarfsskipulagsheild“: skipulagsheild sem er aðili að þekkingar- og nýsköpunarfélagi, einkum æðri menntastofnanir, rannsóknastofnanir, opinber fyrirtæki eða einkafyrirtæki, fjármálastofnanir, héraðs- og staðaryfirvöld, sjóði og stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni.“

f) Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:

„9. „stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun“: stefnumarkandi greinargerð þar sem forgangssvið og langtímastefna Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu í framtaksverkefnum í framtíðinni eru tilgreind, m.a. með yfirliti yfir fyrirhugaða starfsemi á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar, fyrir sjö ára tímabil.“

g) Eftirfarandi liður bætist við:

„9a. „svæðisbundin nýsköpunaráætlun“: áætlun sem vekur áhuga út á við og beinist að samstarfsfélögum æðri menntastofnana, rannsóknarstofnana, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila til þess að hlúa að nýsköpun alls staðar í Sambandinu.“

h) Eftirfarandi liðir bætist við:

„10. „hagsmunavettvangur“: vettvangur sem opinn er fulltrúum lands-, svæðis- og staðaryfirvalda, skipulagðra hópa hagsmunaaðila og einstakra fyrirtækja úr atvinnulífinu, æðra menntasviði, rannsóknum, samtökum, borgaralegu samfélagi og klasaskipulagsheilda sem og öðrum aðilum hvaðanæva úr þekkingarþríhyrningnum sem eiga hagsmuna að gæta,

11. „starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélagsins með virðisauka“: starfsemi samstarfsskipulagsheilda eða lögaðila innan þekkingar- og nýsköpunarsamfélagsins, ef við á, sem stuðlar að samþættingu þekkingarþríhyrningsins, þ.e. æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar, m.a. starfsemi í tengslum við stofnun, stjórnun og samræmingu þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna og stuðla einnig að heildarmarkmiðum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.“

2) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Hlutverk og Markmið

Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu hefur það hlutverk að stuðla að sjálfbærum, evrópskum hagvexti og samkeppnishæfni með því að styrkja nýsköpunarhæfni aðildarríkjanna og Sambandsins til þess að bregðast við stórum áskorunum sem Evrópusamfélagið stendur frammi fyrir. Í þessu skyni skal hún efla samvirkni og samvinnu milli æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar af hæstu gæðum og samþætta þessa þætti, jafnframt því að hlúa að frumkvöðlastarfsemi.

Almenn markmið, sértæk markmið og árangursvísar sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu setur fyrir tímabilið 2014 til 2020 eru skilgreind í Horizon 2020.“

3) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Í stjórninni sitja háttsettir fulltrúar með reynslu á sviði æðri menntunar, rannsókna, nýsköpunar og úr atvinnulífinu. Hún skal bera ábyrgð á stjórnun á starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, vali, tilnefningu og mati á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum og öllum öðrum stefnumótandi ákvörðunum Hún skal njóta aðstoðar framkvæmdanefndar.“

b) Liður b falli brott.

c) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) framkvæmdastjóri, sem stjórnin tilnefnir, sem ber ábyrgð gagnvart stjórninni á framkvæmda- og fjármálastjórn Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og skal vera lagalegur fyrirsvarsmaður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.“

4) Ákvæðum 1. mgr. 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) skilgreina, í samræmi við stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun helstu forgangssvið og starfsemi.“

b) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) velja og tilnefna þekkingar- og nýsköpunarfélög á forgangssviðum í samræmi við 7. gr. og skilgreina réttindi og skyldur þeirra samkvæmt samningi, veita þeim viðeigandi stuðning, grípa til viðeigandi ráðstafana við gæðaeftirlit, vakta starfsemi þeirra að staðaldri og meta hana reglulega, tryggja nægilega mikla samræmingu og liðka fyrir samskiptum og þemabundinni samvinnu milli þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga.“

c) Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) stuðla að miðlun bestu starfsvenja að því er varðar samþættingu þekkingarþríhyrningsins, þ. á m. milli þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga, í því skyni að þróa sameiginlega menningu á sviði nýsköpunar- og þekkingarmiðlunar og hvetja til þátttöku í starfsemi sem vekur áhuga út á við, þ. á m. svæðisbundnu nýsköpunaráætluninni,“.

d) Í stað h-liðar komi eftirfarandi :

„h) stuðla að þverfaglegri nálgun að nýsköpun, m.a. samþættingu tæknilegra, félagslegra og ótæknilegra lausna, nálgana sem byggja á skipulagsheildum og nýrra viðskiptalíkana.“

e) Eftirfarandi liðir bætist við:

„i) tryggja fyllingu og samvirkni milli starfsemi á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og annarra áætlana Sambandsins, þar sem við á ,

j) kynna þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin sem framúrskarandi samstarfsaðila í nýsköpun innan Sambandsins sem utan,

k) koma á fót hagsmunavettvangi sem veitir upplýsingar um starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, reynslu hennar, bestu starfsvenjur og framlag til nýsköpunar í Sambandinu, stefnu og markmið í rannsóknum og menntun og þar sem hagsmunaaðilar hafa tök á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Boða skal til fundar hagsmunavettvangs a.m.k. einu sinni á ári. Fulltrúar aðildarríkjanna skulu funda í sérstakri samsetningu, á fundi hagsmunavettvangs, til að tryggja viðeigandi samskipti og upplýsingaflæði hjá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og þeir skulu upplýstir um árangur sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin hafa náð, veita þeim ráð og deila reynslu sinni með þeim. Með hinni sérstöku samsetningu fulltrúa aðildarríkjanna innan hagsmunavettvangs skal einnig tryggð viðeigandi samvirkni og fylling milli starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélagsins og landsbundinna áætlana og framtaksverkefna, þ.m.t. möguleg landsbundin samfjármögnun á starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga.“

5) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) framsæknar og nýsköpunarmiðaðar rannsóknir á helstu sviðum efnahags- og samfélagslegra hagsmuna, sem byggjast á niðurstöðum evrópskra og landsbundinna rannsókna, og gefa færi á að styrkja samkeppnishæfi Evrópu á alþjóðavettvangi og finna lausnir á stórum áskorunum sem evrópska samfélagið horfist í augu við,“.

ii. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) menntun og þjálfun í meistara- og doktorsnámi, ásamt starfsþjálfun, í greinum sem geta hugsanlega fullnægt félagshagfræðilegum þörfum í Evrópu og aukið fjölbreytni í færniþáttum í Sambandinu, stuðlað að þróun færni á sviðum tengdum nýsköpun, betri færni á sviði stjórnunar og frumkvöðlastarfsemi og hreyfanleika vísindamanna og námsmanna og ýtt undir að þekkingu sé deilt, leiðbeinendastarf og tengslamyndun meðal þeirra sem öðlast gráður og þjálfun sem kenndar eru við Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu,“.

iii. Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) starfsemi sem ætlað er að vekja áhuga út á við og miðlun bestu starfsvenja í nýsköpunargeiranum með áherslu á að efla samvinnu milli æðri menntunar, rannsókna og viðskipta, þ.m.t. í þjónustu- og fjármálageiranum.“

iv. Eftirfarandi liður bætist við:

„e) leita leiða til samvirkni og fyllingar milli starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga og evrópskra, lands- og svæðisbundinna áætlana, sem fyrir hendi eru, eftir því sem við á.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Þekkingar- og nýsköpunarfélög skulu hafa verulegt, almennt sjálfstæði til að móta innra skipulag sitt og samsetningu auk nákvæmrar áætlunar sinnar og starfsaðferða. Þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin skulu einkum:

a) koma á stjórnunartilhögun sem endurspeglar þekkingarþríhyrninginn æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun,

b) miða að því að vera ætíð opin fyrir nýja aðila sem auka vægi samtakanna,

c) starfa með opnum og gagnsæjum hætti í samræmi við innri reglur sínar,

d) vinna viðskiptaáætlanir með markmiðum og lykilmælikvörðum um árangur,

e) þróa áætlanir fyrir fjárhagslega sjálfbærni.“

6) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal velja og tilnefna samstarfsfélag sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélag að undangengnu opnu og gagnsæju samkeppnisferli. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja og birta nákvæmar viðmiðanir fyrir val á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum, sem byggjast á meginreglum um gæði og mikilvægi fyrir nýsköpun. Utanaðkomandi og sjálfstæðir sérfræðingar skulu koma að valferlinu.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal hefja val og tilnefningu á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum samkvæmt forgangssviðunum og tímaáætluninni sem skilgreind er í stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun.“

c) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Í samræmi við meginreglurnar sem sett eru í 1. mgr. skulu valforsendurnar fyrir tilnefningu þekkingar- og nýsköpunarsamfélags taka m.a. til:

a) fyrirliggjandi og mögulegrar nýsköpunargetu í samstarfsfélaginu, m.a. frumkvöðlastarfsemi, auk þess að það skari fram úr á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar,

b) getu samstarfsfélagsins til að ná markmiðum stefnumótandi framkvæmdaáætlunarinnar um nýsköpun og stuðla þannig að almennum markmiðum og forgangsmálum Horizon 2020,

c) þverfaglegrar nálgunar að nýsköpun, m.a. samþættingu tæknilegra, félagslegra og ótæknilegra lausna,

d) getu samstarfsfélagsins til að tryggja sjálfbæra fjármögnun, sem ber sig til langs tíma, m.a. umtalsvert og vaxandi framlag frá einkageiranum, atvinnulífinu og þjónustugeiranum,

e) viðeigandi jafnrar þátttöku í samstarfsfélagi skipulagsheilda sem eru virk í þekkingarþríhyrningi æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar,

f) kynningar á áætlun um umsjón með hugverkum sem hentar í viðeigandi geira, m.a. hvernig tekið hefur verið tillit til framlaga hinna ýmsu samstarfsskipulagsheilda,

g) ráðstafana til að styðja þátttöku einkageirans og samstarf við hann, m.a. fjármálageirann, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, auk stuðnings við að koma á fót sprota-, hliðar-, litlum og meðalstórum fyrirtækjum með það í huga að nýta árangurinn af starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga í ábataskyni,

h) vilja til að gera raunhæfar ráðstafanir í samskiptum og samvinnu við opinbera og þriðja geirann, eftir því sem við á,

i) vilja til að hafa samskipti við aðrar skipulagsheildir og netkerfi utan þekkingar- og nýsköpunarsamfélagsins í þeim tilgangi að miðla sín á milli góðum starfsvenjum og gæðum,

j) vilja til að gera raunhæfar tillögur um samvirkni í tengslum við framtaksverkefni innan Sambandsins og önnur framtaksverkefni sem skipta máli.“

d) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Lágmarksskilyrðið fyrir myndun þekkingar- og nýsköpunarsamfélags er að a.m.k. þrjár samstarfsskipulagsheildir eigi aðild að því og hafi staðfestu í a.m.k. þremur aðildarríkjum. Þessar samstarfsskipulagsheildir skulu allar óháðar hver annarri í skilningi 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1290/2013 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1290/2013 frá 11. desember 2013 um reglur um þátttöku og miðlun í „Horizon 2020 - rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014–2020)“ og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1906/2006/EB (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 81).“

e) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Auk skilyrðisins sem sett er fram í 3. mgr. skulu a.m.k. tveir þriðju samstarfsskipulagsheildanna sem mynda þekkingar- og nýsköpunarsamfélag hafa staðfestu í aðildarríkjunum. Að minnsta kosti ein æðri menntastofnun og eitt einkafyrirtæki skulu eiga aðild að hverju þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi.“

f) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja og birta viðmið og aðferðir í tengslum við fjármögnun, eftirlit og mat á starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna áður en valferlið fyrir ný þekkingar- og nýsköpunarsamfélög er hafið. Hin sérstaka samsetning fulltrúa aðildarríkjanna innan hagsmunavettvangs skal þegar upplýst um þær.“

7) Eftirfarandi greinar eru felldar inn:

„7. gr. a

Meginreglur við mat og eftirlit á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum

Á grundvelli lykilárangursmælikvarða sem settir eru fram m.a. í reglugerð (ESB) nr. 1291/2013 og í stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun, og í samstarfi við framkvæmdastjórnina, skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skipuleggja samfellt eftirlit og reglubundið mat utanaðkomandi aðila á afurðum, niðurstöðum og áhrifum sérhvers þekkingar- og nýsköpunarsamfélags. Tilkynna skal um niðurstöður þessa eftirlits og mats til Evrópuþingsins og ráðsins og skulu þær birtar opinberlega.

7. gr. b

Gildistími, framhald og slit þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga

1. Með fyrirvara um niðurstöður samfellds eftirlits og reglubundins mats og sérstöðu tiltekinna sviða skulu þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin alla jafna starfrækt á tímabili sem spannar sjö til fimmtán ár.

2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu getur stofnað til rammasamstarfssamnings við þekkingar- og nýsköpunarsamfélag þar sem upphafstímabilið er sjö ár.

3. Stjórnin getur ákveðið að framlengja rammasamstarfssamninginn við þekkingar- og nýsköpunarsamfélag fram yfir það tímabil sem upphaflega var ákveðið, innan marka fjárhagsrammans sem um getur í 19. gr., ef það er hentar best til að ná markmiði Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

4. Ef mat á þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi leiðir í ljós ófullnægjandi árangur skal stjórnin gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. að minnka, breyta eða afturkalla fjárstuðning hennar eða slíta samningnum.“

8) Eftirfarandi liður bætist við í 2. mgr. 8. gr.

„aa) miðla bestu starfsvenjum um þverlæg málefni,“.

9) Ákvæði 10. gr. falli brott.

10) Í stað 2. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal birta opinberlega verklagsreglur sínar, sérstöku fjármálareglurnar, sem um getur í 1. mgr. 21. gr., og nákvæmu viðmiðanirnar fyrir val á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum, sem um getur í 7. gr., áður en auglýst er í fyrsta skipti eftir tillögum vegna vals á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum.“

11) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Einkum skulu þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin fjármögnuð á eftirfarandi hátt:

a) með framlögum frá samstarfsskipulagsheildunum sem reiða fram umtalsvert fé,

b) með frjálsum framlögum frá aðildarríkjum, þriðju löndum eða þarlendum opinberum yfirvöldum,

c) með framlögum frá alþjóðlegra aðilum eða stofnunum,

d) með tekjum af eignum og starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna og rétthafagreiðslum af hugverkarétti,

e) með stofnframlögum, þ.m.t. þeim sem sjóður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu annast,

f) með dánargjöfum, gjöfum og framlögum frá einstaklingum, stofnunum, sjóðum eða öðrum landsbundnum aðilum,

g) með framlagi frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu

h) með fjármögnunargerningum, þ.m.t. þeim sem fjármagnaðir eru með fjárlögum Sambandsins.

Framlög geta falið í sér framlög í fríðu.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Framlag Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu til þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna getur falið í sér allt að100% af heildarupphæð aðstoðarhæfs kostnaðar af starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélagsins sem ber virðisauka.“

c) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„6. Framlag Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal, að meðaltali, ekki vera hærra en 25% af heildarfjármögnun þekkingar- og nýsköpunarsamfélags.

7. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal koma á tilhögun við endurskoðun sem byggir á samkeppni við úthlutun á viðeigandi hlut af fjárframlagi sínu til þekkingar- og nýsköpunarsamfélagsins. Hún skal fela í sér mat á viðskiptaáætlun og árangri þekkingar- og nýsköpunarsamfélagsins eins og hann hefur mælst með samfelldu eftirliti.“

12) Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

Áætlanir og skýrslugerð

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja breytilega þriggja ára starfsáætlun, sem byggist á stefnumótandi framkvæmdaráætlun um nýsköpun, þegar hún hefur verið samþykkt, og felur í sér yfirlýsingu um helstu forgangssvið og fyrirhuguð framtaksverkefni Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna, m.a. mat á fjármögnunarþörf og –leiðum. Í henni skulu einnig vera viðeigandi mælikvarðar fyrir eftirlit með starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna og Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu þar sem beitt er árangursmiðaðri nálgun. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal leggja þriggja ára bráðabirgðastarfsáætlunina fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember þess árs sem endar tveimur árum áður en umrædd þriggja ára starfsáætlun tekur gildi (árið N - 2).

Innan þriggja mánaða frá því að starfsáætlunin hefur verið lögð fram skal framkvæmdastjórnin skila áliti á sértækum markmiðum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu eins og þau eru skilgreind í Horizon 2020 og hvernig hún er til fyllingar stefnumiðum og stjórntækjum Sambandsins. Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal taka tilhlýðilegt tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar og færa rök fyrir afstöðu sinni ef til ágreinings kemur. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal senda endanlega starfsáætlun til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar þeim til upplýsingar. Sé þess óskað skal framkvæmdastjórinn leggja endanlega starfsáætlun fyrir viðkomandi ábyrga nefnd Evrópuþingsins.

2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja ársskýrslu fyrir 30. júní ár hvert. Í skýrslunni skal gera grein fyrir starfsemi á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna á næstliðnu almanaksári og meta árangurinn með tilliti til

settra markmiða, mælikvarða og tímaáætlunar, áhættunnar í tengslum við starfsemina sem fór fram, nýtingu fjármuna og almenns rekstrar á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal senda Evrópuþinginu og ráðinu ársskýrsluna og upplýsa þau um starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, framlag hennar til Horizon 2020 og til nýsköpunar-, rannsókna og menntastefnu og -markmiða í Sambandinu a.m.k. einu sinni á ári.“

13) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 2. mgr. komi orðið „þrír“ í stað orðsins „fimm“.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Framkvæmdastjórnin getur, með aðstoð óháðra sérfræðinga, framkvæmt frekara mat á þemum eða efni sem skipta máli fyrir stefnuna til þess að kanna hvernig Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu miðar í því að ná settum markmiðum, greina þá þætti sem stuðla að framkvæmd aðgerða og greina bestu starfsvenjur. Þannig skal framkvæmdastjórnin taka fullt tillit til stjórnsýslulegra áhrifa Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna.“

14) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Í stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun skal skilgreina forgangssvið og langtímastefnu Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þar skal koma fram mat á félagshagfræðilegum áhrifum hennar og getu til að mynda mesta virðisauka nýsköpunar. Í stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun skal tekið tillit til niðurstaðna vegna eftirlits og mats Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu eins og um getur í 16. gr.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Í stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun skal koma fram greining á mögulegum og viðeigandi samvirkni- og fyllingarþáttum milli starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og annarra framtaksverkefna, verkfæra og áætlana Sambandsins.“

c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar skal Evrópuþingið og ráðið samþykkja stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun í samræmi við 3. mgr. 173. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.“

15) Í stað 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

Fjárlagaskuldbindingar

1. Fjárhagsrammi Horizon 2020, ætlaður til framkvæmdar á þessari reglugerð á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2020, er 2711,4 milljón evrur á gangverði.

2. Þessi fjárhæð skal vera helsta viðmiðun Evrópuþingsins og ráðsins meðan á fjárlagagerð stendur, í skilningi 17. liðar stofnanasamstarfssamnings frá 2. desember 2013 milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samvinnu í málum er varða fjárlög og trausta fjármálastjórnun (*).

3. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar. Kveðið skal á um fjárframlag Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu til þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga samkvæmt þessum fjárhagsramma.

(*) Stjtíð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.“

16) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Stjórnin skal samþykkja drög að áætluninni, ásamt drögum að yfirliti um stöðugildi og breytilegu þriggja ára starfsáætluninni og senda framkvæmdastjórninni fyrir 31. desember árið N-2.“

b) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Á grundvelli þessarar áætlunar skal framkvæmdastjórnin fella inn í fyrstu drög að fjárlagafrumvarpi Sambandsins þá þætti matsáætlana sem hún telur nauðsynlega vegna þeirrar styrkfjárhæðar sem veita skal af fjárlögum.“

17) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Fjárframlagið til Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal koma til framkvæmda í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1290/2013 og reglugerð (ESB) nr. 1291/2013.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Fyrir 15. maí árið N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu, leysa framkvæmdastjórann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu fyrir árið N.“

18) Ákvæði 4. mgr. 22. gr. falli niður.

19) Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. a

Slit Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu

Komi til slita Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal framkvæmdastjórnin stjórna slitameðferðinni í samræmi við gildandi lög. Í samningunum við þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin og gerðinni um að stofna sjóð fyrir Nýsköpunar- og tæknistofnun skal mæla fyrir um þau ákvæði sem eiga við í slíkri stöðu.“

2. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 294/2008 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	V. LEŠKEVIČIUS

VIÐAUKI

Stofnsamþykktir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu

1. HLUTI

SKIPAN STJÓRNAR

1. Stjórnina skulu skipa stjórnarmenn sem bæði eru tilnefndir og fulltrúar.

2. Tólf þeirra skulu vera tilnefndir stjórnarmenn, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir, þannig að jafnvægi sé milli þeirra sem hafa reynslu af viðskiptum, æðri menntun og rannsóknum. Skipunartími þeirra er til fjögurra ára í senn, án möguleika á endurnýjun.

   Ætíð þegar nauðsyn krefur skal stjórnin leggja fyrir framkvæmdastjórnina tillögu um tilnefningu nýs stjórnarmanns/nýrra stjórnarmanna. Hinn útnefndi/hinir útnefndu skulu valdir á grundvelli niðurstöðu gagnsæs og opins ferlis sem felur m.a. í sér samráð við hagsmunaaðila.

   Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að jafnvægi sé milli æðri menntunar, rannsókna, nýsköpunar og viðskiptareynslu sem og jafnt hlutfall kynjanna og taka til greina mismunandi umhverfi að því er varðar æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun í Sambandinu.

   Framkvæmdastjórnin skal tilnefna stjórnarmenn, einn eða fleiri, og upplýsa Evrópuþingið og ráðið um valferlið og lokatilnefningu þessara stjórnarmanna.

   Ef stjórnarmaður getur ekki setið út skipunartíma sinn skal tilnefna varamann samkvæmt sama ferli og fráfarandi stjórnarmaður til þess að ljúka skipunartíma hans. Framkvæmdastjórnin getur tilnefnt aftur varamann, sem hefur setið í innan við tvö ár, til setu í fjögur ár til viðbótar að beiðni stjórnarinnar.

   Þeir stjórnarmenn sem voru tilnefndir í upphafi til setu til sex ára skulu ljúka skipunartíma sínum á umbreytingartímabilinu. Þangað til skulu 18 stjórnarmenn sitja samkvæmt tilnefningu. Innan sex mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skal stjórnin, með samþykki framkvæmdastjórnarinnar, velja einn þriðja af tólf stjórnarmönnum sem tilnefndir voru 2012 til setu í tvö ár, einn þriðja til setu í fjögur ár og einn þriðja til setu í sex ár.

   Í sérstökum og tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum getur framkvæmdastjórnin, að eigin frumkvæði og til að viðhalda heildstæði stjórnarinnar, bundið enda á skipunartíma stjórnarmanns.

3. Fulltrúar skulu vera þrír talsins sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin kjósa úr röðum samstarfsskipulagsheildanna. Þeir skulu skipaðir til tveggja ára í senn, sem heimilt er að framlengja einu sinni. Skipunartíma þeirra lýkur yfirgefi þeir þekkingar- og nýsköpunarsamfélagið.

   Stjórnin skal samþykkja skilyrði og fyrirkomulag á vali og breytingu á skipan fulltrúa, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjóranum. Þetta fyrirkomulag skal tryggja viðeigandi fjölbreytni í fyrirsvari og skal taka mið af þróun þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna.

   Þeir stjórnarmenn sem voru tilnefndir í upphafi til setu til sex ára skulu ljúka skipunartíma sínum á umbreytingartímabilinu. Þangað til skulu fulltrúar vera fjórir talsins.

4. Stjórnarmenn skulu starfa í þágu Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu með því að stuðla að markmiðum hennar og hlutverki og standa vörð um ímynd hennar, sjálfstæði og samkvæmni á sjálfstæðan og gagnsæjan hátt.

2. HLUTI

SKYLDUR STJÓRNAR

Stjórnin skal taka nauðsynlegar aðgerðaákvarðanir, einkum eftirfarandi:

a) samþykkja drög Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu að stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun, breytilega þriggja ára starfsáætlun, fjárhagsáætlun, ársreikninga og efnahagsreikninga og árlega skýrslu um starfsemi á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjóranum,

b) samþykkja viðmið og aðferðir í tengslum við fjármögnun, vöktun og mat á starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjóranum,

c) samþykkja valferli þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna,

d) velja og tilnefna samstarfsfélag sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélag eða draga tilnefningu til baka ef þörf krefur,

e) tryggja áframhaldandi mat á starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna,

f) setja sér starfsreglur, og reglur fyrir framkvæmdanefndina, auk sérstakra fjárhagsreglna fyrir Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu,

g) skilgreina með samþykki framkvæmdastjórnarinnar viðeigandi þóknun til stjórnarmanna og framkvæmdanefndarinnar, þessa þóknun skal ákveða með hliðsjón af sambærilegum þóknunum í aðildarríkjunum,

h) samþykkja fyrirkomulag við val á framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóra,

i) tilnefna framkvæmdastjóra og, ef þörf er á, víkja honum úr starfi og vera yfir hann/hana sett,

j) tilnefna gjaldkera og aðila í framkvæmdanefnd,

k) samþykkja góða starfshætti að því er varðar hagsmunaárekstra,

l) koma á fót ráðgefandi hópum, eftir því sem við á, hugsanlega til ákveðins tíma,

m) koma á fót innri endurskoðun í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002([7]),

n) hafa heimild til að stofna sjóð sem hafi það sérstaka markmið að efla og styðja starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu,

o) taka ákvörðun um tungumálastefnu Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, með tilliti til fyrirliggjandi meginreglna um fjöltyngi og hagnýtra krafna vegna starfsemi hennar,

p) koma Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu á framfæri hnattrænt til að sýna að hún sé eftirsóknarverð og gera hana að framúrskarandi stofnun á heimsmælikvarða á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar.

3. HLUTI

STARFSHÆTTIR STJÓRNAR

1. Stjórnin kýs sér formann úr hópi tilnefndra stjórnarmanna. Kjörtímabil formanns er tvö ár og er heimilt að endurnýja einu sinni.

2. Stjórnin skal taka ákvarðanir með einföldum meirihluta þeirra sem hafa atkvæðarétt, sbr. þó 3. mgr.

   Þó skal krefjast atkvæða tveggja þriðju hluta allra stjórnarmanna, sem hafa atkvæðisrétt, vegna ákvarðana skv. a-, b-, c-, i- og o-lið í 2. hluta og skv. 1. mgr. í þessum hluta.

3. Fulltrúum er ekki heimilt að greiða atkvæði um ákvarðanir sem eru teknar skv. b-, c-, d-, e-, f-, g-, i-, j-, k-, o-, og p-lið í 2. hluta.

4. Stjórnin skal koma saman á reglulegum fundum a.m.k. þrisvar á ári og halda aukafundi sem formaður hennar boðar til eða að beiðni a.m.k. eins þriðja hluta stjórnarmanna.

5. Stjórnin skal njóta aðstoðar framkvæmdanefndar. Framkvæmdanefndin skal skipuð þremur tilnefndum stjórnarmönnum og formanni stjórnar sem einnig fer með formennsku í framkvæmdanefndinni. Stjórnin skal velja stjórnarmennina þrjá, fyrir utan formanninn, úr hópi tilnefndra stjórnarmanna í stjórn. Stjórninni er heimilt að fela framkvæmdanefndinni sérstök verkefni.

4. HLUTI

FRAMKVÆMDASTJÓRI

1. Framkvæmdastjórinn skal búa yfir sérfræðiþekkingu og hafa gott orðspor á þeim sviðum sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu fæst við. Stjórnin skipar framkvæmdastjóra til fjögurra ára. Stjórninni er heimilt að framlengja þetta skipunartímabil einu sinni um fjögur ár telji hún hagsmunum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu best borgið þannig.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 23. desember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72).

2. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á rekstri og daglegri stjórnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og er lagalegur fyrirsvarsmaður hennar. Framkvæmdastjórinn er ábyrgur gagnvart stjórninni og sendir henni skýrslu reglulega um þróun starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

3. Framkvæmdastjórinn skal einkum:

   a) skipuleggja og hafa umsjón með starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu,

   b) aðstoða stjórnina og framkvæmdanefndina við störf þeirra og láta þeim í té skrifstofu fyrir fundi þeirra og veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að þau geti sinnt verkefnum sínum,

   c) semja drög að stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun, drög að breytilegu þriggja ára starfsáætluninni, semja drög að ársskýrslu og vinna drög að árlegri fjárhagsáætlun til að leggja fyrir stjórnina,

   d) undirbúa og hafa umsjón með valferlinu fyrir þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin og tryggja að mismunandi áföngum þessa ferlis sé hrundið í framkvæmd á gagnsæjan og hlutlægan hátt,

   e) undirbúa, semja og leiða til lykta samninga við þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin,

   f) skipuleggja hagsmunavettvang, þ.m.t. sérstaka samsetningu fulltrúa aðildarríkjanna,

   g) tryggja framkvæmd skilvirks ferlis við eftirlit með og mat á því hvernig Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu miðar við að ná markmiðum sínum, samkvæmt faglega viðurkenndum stöðlum.

   h) bera ábyrgð á stjórnun og fjármálum, þ.m.t. framkvæmd fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og taka tilhlýðilegt tillit til ráðgjafar frá innri endurskoðun,

   i) bera ábyrgð á öllu starfsmannahaldi,

   j) leggja drög að ársreikningum og efnahagsreikningum fyrir innri endurskoðun og síðan fyrir stjórnina fyrir milligöngu framkvæmdanefndarinnar,

   k) tryggja að skuldbindingar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, að því er varðar gerða samninga og samkomulög, séu uppfylltar,

   l) tryggja skilvirk samskipti við stofnanir Sambandsins,

   m) Stjórnarmenn skulu starfa í þágu Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu með því að stuðla að markmiðum hennar og hlutverki og standa vörð um ímynd hennar, sjálfstæði og samkvæmni á sjálfstæðan og gagnsæjan hátt.

5. HLUTI

STARFSMENN NÝSKÖPUNAR- OG TÆKNISTOFNUNAR EVRÓPU

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ræður til sín starfsfólk milliliðalaust á grundvelli tímabundinna samninga. Ráðningarkjör annarra starfsmanna Evrópusambandsins gilda um framkvæmdastjórann og starfsfólk Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

2. Heimilt að lána sérfræðinga tímabundið til starfa hjá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Stjórnin skal samþykkja ákvæði sem gera sérfræðingum að láni kleift að starfa hjá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og þar sem réttindi þeirra og skyldur eru skilgreind.

3. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal, að því er starfsfólk varðar, beita þeim heimildum sem því yfirvaldi eru faldar sem hefur heimild til að gera ráðningarsamninga.

4. Heimilt er að krefjast þess af hvaða starfsmanni sem er að hann bæti, að hluta eða að öllu leyti, skaða sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu kann að verða fyrir vegna alvarlegs misferlis hans/hennar við störf sín eða í tengslum við þau.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 275/2010 2014/EES/54/110

frá 30. mars 2010

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([1]), einkum j-lið 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 295/2008 var komið á sameiginlegum ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á evrópskum hagskýrslum um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Evrópusambandinu.

2) Í þeim tilgangi að bera ávinninginn af því að hafa þessi gögn aðgengileg saman við kostnaðinn við söfnun þeirra og fyrirhöfn vegna þeirra fyrir fyrirtæki, sérstaklega lítil fyrirtæki, skal fara fram gæðamat í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 295/2008. Það er því nauðsynlegt að fastsetja viðmiðanir fyrir gæðamat og lykilvísa.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum er mælt fyrir um viðmiðanir fyrir gæðamat og innihald þeirra gæðaskýrslna sem aðildarríkin skulu leggja fram.

2. gr.

Sú stofnun sem landsyfirvöld tilnefna skal senda gögnin og lýsigögnin sem afhenda skal vegna gæðaskýrslna, eða upphala þeim á rafrænu formi á miðlægan komustað hjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins). Afhendingin skal vera í samræmi við viðeigandi staðal um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.

3. gr.

Fyrstu gæðaskýrslunni, um gögn fyrir viðmiðunarárið 2008, skal skilað fyrir 31. mars 2011. Belgía, Kýpur, Þýskaland, Grikkland, Lúxemborg, Malta, Rúmenía og Bretland hafa fengið 3 mánuði í viðbót til að senda gæðaskýrslurnar fyrir viðmiðunarárið 2008. Síðari skýrslur skal senda til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) eigi síðar en 27 mánuðum frá lokum viðmiðunartímabilsins sem gögnin voru tekin saman fyrir.

4. gr.

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal meta gæði þeirra gagna sem send eru og semja og birta skýrslur um gæði evrópskra hagskýrslna.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 86, 1.4.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 16.12.2010, bls. 20.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Gæðaskýrslur og viðmiðanir fyrir gæðamat hagskýrslna um skipulag fyrirtækja

I. ÞÁTTUR

Gæðaskýrslur

Viðbótarleiðbeiningar um túlkun sameiginlegu gæðaviðmiðananna eru settar fram í Handbók um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) hefur tekið saman í samstarfi við aðildarríkin. Gæðaskýrslan skal bæði innihalda megindlegar og eigindlegar upplýsingar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal leggja fram niðurstöðurnar um þá megindlegu vísa sem reikna má út samkvæmt gögnum sem aðildarríki hafa sent. Aðildarríki skulu koma með athugasemdir við vísana og aðstoða Hagstofu Evrópusambandsins við að túlka þá miðað við þá aðferð sem þau notuðu við gagnasöfnunina og skulu leggja fram þá megindlegu vísa og þær eigindlegu upplýsingar sem eftir eru.

Aðildarríkin skulu leggja fram:

skýrslu um gæðaþættina í I.-IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008. Ef þörf telst á slíku geta aðildarríkin lagt fram aðskildar skýrslur um I., II., III, og IV. viðauka þeirrar reglugerðar,

— skýrslu um gæðaþættina í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008,

— skýrslu um gæðaþættina í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008,

— skýrslu um gæðaþættina í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008,

— skýrslu um gæðaþættina í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008. Ef upplýsingunum, sem nauðsynlegar eru til að taka saman hagskýrslur vegna VIII. viðauka við þá reglugerð, er safnað með sömu könnun og upplýsingum vegna I.-IV. viðauka, þarf ekki að leggja fram sérstaka skýrslu um gæðaþættina í VIII. viðauka hennar,

— skýrslu um gæðaþættina í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008.

II. ÞÁTTUR

Tímalína

Frá og með árinu 2011 skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) senda aðildarríkjunum, fyrir lok janúar ár hvert, gæðaskýrslur um viðmiðunarárið t-3, þar sem megindlegir vísar og aðrar upplýsingar, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) hefur undir höndum, eru forskráð að hluta.

Aðildarríkin skulu, fyrir 31. mars ár hvert, senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gæðaskýrslurnar útfylltar að fullu.

III. ÞÁTTUR

Gæðaviðmiðanir

Gögn sem aðildarríkin senda vegna hagskýrslnanna í I.-IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, skulu metin með hliðsjón af gæðaviðmiðununum sem skráðar eru í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([1]), þ.e. mikilvægi, nákvæmni, innan tímamarka, rétt tímasetning, aðgengileiki, skýrleiki, samanburðarhæfi og samfella.

1. *Mikilvægi*

„Mikilvægi“: það að hve miklu leyti hagskýrslur uppfylla núverandi og hugsanlegar þarfir notenda.

2. *Nákvæmni*

„Nákvæmni“: það hversu nærri áætlanir eru óþekktum sanngildum.

([1]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

3. *Samfella*

„Samfella“: það að unnt er að setja gögnin margvíslega saman og í margvíslegum tilgangi á áreiðanlegan hátt.

4. *Samanburðarhæfi*

„Samanburðarhæfi“: mat á áhrifum af mismunandi beitingu hagtöluhugtaka, mælitækja og verklagsreglna þegar bornar eru saman hagtölur mismunandi landssvæða, greinasviða eða tímabila.

5. *Innan tímamarka og rétt tímasetning*

„Innan tímamarka“: tímabilið frá því atburður eða fyrirbæri eiga sér stað þar til upplýsingarnar, sem lýsa þeim, verða tiltækar. „Rétt tímasetning“: tíminn milli birtingardags gagna og áætlaðs markdags (þ.e. dagsins þegar hefði átt að afhenda gögnin).

6. Aðgengileiki og skýrleiki

„Aðgengileiki“ og „skýrleiki“: með hvaða hætti og með hvaða skilyrðum notendur geta fengið gögn, notað þau og túlkað.

IV. ÞÁTTUR

Raðir megindlegra vísa sem aðildarríkin skulu leggja fram varðandi nákvæmni (og áreiðanleika)

Megindlegu vísana, sem lýst er í þessum þætti, þarf aðeins að leggja fram vegna hagskýrslnanna sem taldar eru upp í I.-IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, eins og tilgreint er hér á eftir. Gögnin skulu send á því tæknisniði sem lýst er í V. þætti viðaukans við þessa reglugerð.

1. *Frávíksstuðlar*

Eftirfarandi upplýsingar þarf aðeins að leggja fram ef gerð er úrtakskönnun eða notuð er samsetning af úrtakskönnunum og stjórnsýslugögnum.

Aðildarríki skulu veita upplýsingar um þau könnunaratriði, þrep og raðir sem tilgreind eru hér að neðan. Atriði sem taka skal tillit til við útreikninga á frávíksstuðlum skulu skilgreind frekar í samstarfi við aðildarríkin. Lýsing á aðferðinni sem notuð er við útreikninga á frávíksstuðlum (þ.m.t. hugbúnaði) skal koma fram í gæðaskýrslunni.

a) Vegna árlegra fyrirtækjahagskýrslna um starfsemi sem fellur undir bálka B-J og L-N og deild 95 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. (gögn lögð fram samkvæmt röðum 1A, 2A, 3A og 4A sem skilgreindar eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 ([1]), skal frávíksstuðullinn fyrir eftirfarandi könnunaratriði (sem skilgreind eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009 ([2]) lagður fram samkvæmt þeirri sundurliðun eftir starfsemi sem tilgreind er hér að neðan:

— könnunaratriði 12110 í þriggja tölustafa þrepi (flokkur) atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk.,

— könnunaratriði 11110, 12110, 12150, 13310, 15110 og 16110 í bálkaþrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk., fyrir bálka B-J og L-N og í tveggja tölustafa þrepi (deildir) atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk., fyrir deildir 45-47 og 95.

b) Fyrir árlegar fyrirtækjahagskýrslur sundurliðaðar eftir stærðarflokkum fyrirtækja vegna starfsemi sem fellur undir bálka C-J og L-N og deild 95 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. (gögn lögð fram samkvæmt röðum 1B, 2B, 3B og 4B) skal frávíksstuðullinn lagður fram samkvæmt þeirri sundurliðun eftir starfsemi og þeim stærðarflokkum fyrirtækja sem tilgreind eru hér að neðan:

— könnunaratriði 11110, 12110, 12150 og 16110,

— í bálkaþrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk., fyrir bálka B-J og L-N og í tveggja tölustafa þrepi (deildir) fyrir deild 95,

([1]) Stjtíð. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 170.
([2]) Stjtíð. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 1.

— stærðarflokkar 0-9, 10-19, 20-49, 50-249 og 250 og yfir fyrir bálka B-F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og 0-1, 2-9, 10-19, 20-49, 50-249 og 250 og yfir fyrir bálka G-J and L-N og deild 95 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

2. *Brottfall einingar*

Eftirfarandi upplýsingar skal veita ef notaðar eru úrtakskannanir, samsetning af úrtakskönnunum og stjórnsýslugögnum eða stjórnsýslugögn eingöngu. Atriði sem taka skal tillit til við útreikninga á brottfalli einingar skulu skilgreind frekar í samstarfi við aðildarríkin.

Aðildarríki skulu senda upplýsingar um vegið brottfall einingar vegna þeirrar starfsemi sem fellur undir bálka B-J og L-N í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og deild 95 í þriggja tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk. Ef nokkrar kannanir/stjórnsýsluheimildir eru notaðar fyrir könnunaratriði 11110, 12110, 12150, 13310, 15110 og 16110 skal senda sérstaka vísa um brottfall einingar þar sem fram kemur númer breytunnar á viðkomandi sviði. Brottfall einingar skal vegið, helst með fjölda starfsmanna. Að öðrum kosti má nota veltu.

V. ÞÁTTUR

Tæknisnið fyrir sendingar gæðaskýrslna og gæðavísa

Þegar skýrslurnar og raðir gæðavísanna eru sendar skal nota viðeigandi kennimerki gagnasafns. Nákvæmt innihald gæðaskýrslnanna skal ákveðið í samstarfi við aðildarríkin. Aðildarríkin skulu ljúka við að fylla út gæðaskýrslurnar með forskráðu upplýsingunum og skila þeim til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins). Þegar tilkynnt er um gæðavísana tvo (frávíksstuðla og brottfall einingar) skal nota það færslusnið sem skilgreint er hér að neðan en það er svipað tæknisniðinu fyrir sendingu hagskýrslna um skipulag fyrirtækja.

1. *Kennimerki gagnasafns*

Eftirfarandi kennimerki gagnasafns skal nota þegar tilkynnt er um gæðaviðmiðanir vegna hagskýrslna um skipulag fyrirtækja:

Tegund raða	Heiti	Kennimerki gagnasafns
Frávíksstuðlar fyrir breytu 12110 í þriggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna fyrir bálka B-J og L-N og deild 95 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.	QAG	RSBSQUAL_QAG_A
Frávíksstuðlar fyrir breytur 11110, 12110, 12150, 13310, 15110 og 16110 í bálkaþrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk., fyrir bálka B-J og L-N og einnig í tveggja tölustafa þrepi (deildir) atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk., fyrir deildir 45, 46, 47 og 95	QAS	RSBSQUAL_QAS_A
Frávíksstuðlar fyrir breytur 11110, 12110, 12150 og 16110 í bálkaþrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk., fyrir bálka H-J og L-N og einnig í tveggja tölustafa þrepi (deildir) atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk., fyrir deild 95 og eftir stærðarflokki	Q1B	RSBSQUAL_ Q1B _A
Frávíksstuðlar fyrir breytur 11110, 12110, 12150 og 16110 í bálkum B-E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., með nánari upplýsingum eftir bálki atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna og eftir stærðarflokki	Q2B	RSBSQUAL_ Q2B _A
Frávíksstuðlar fyrir breytur 11110, 12110, 12150 og 16110 í bálki G í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., með nánari upplýsingum eftir bálki atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna og eftir stærðarflokki	Q3B	RSBSQUAL_ Q3B _A
Frávíksstuðlar fyrir breytur 11110, 12110, 12150 og 16110 í bálki F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., með nánari upplýsingum eftir bálki atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna og eftir stærðarflokki	Q4B	RSBSQUAL_ Q4B _A
Vegið brottfallshlutfall einingar fyrir bálka B-J og L-N í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.	QN	RSBSQUAL_QN_A
Gæðaskýrsla	QR	RSBSQUAL_QR_A

2. *Snið gagnasafns*

Í þessum lið er mælt fyrir um snið þeirra færslna sem senda þarf. Nota skal kóðana sem fram koma í stöðluðu kóðaskránum fyrir tilvísunargagnagrunninn. Þessum kóðaskrám skal bætt inn í handbókina um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja a.m.k. 2 mánuðum áður en fyrsta gagnasendingin á sér stað. Kóðaskrárnar skulu aðeins þjóna þeim tilgangi að sýna hvaða kóða skuli nota við sendingu gagna og breytingar mega ekki að neinu leyti auka það sundurliðunarstig sem krafist er í reglugerð (EB) nr. 251/2009. Tæknisnið sendinga þeirra megindlegu gagna sem krafist er í þessari reglugerð skal einnig sett fram í handbókinni um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja.

Reitur	Lýsing
Flokkur	Kóði fyrir raðir QAG, QAS, Q1B, Q2B, Q3B, Q4B eða QN
Ár	Kóði fyrir viðmiðunarárið
Hagskýrslusvæði	Samsvarar landskóða
Stærðarflokkur	Kóði fyrir stærðarflokkinn
Atvinnustarfsemi	Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk.: bálkar, deildir eða flokkar
Breyta	Kóði fyrir það könnunaratriði sem tengist gæðavísinum
Vísir	Kóði fyrir gæðavísinn
Gildi vísis	Tölugildi vísisins, tölugildi gæðavísisins margfaldað með 10 og síðan námundað að næstu heilu tölu

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/54/111

frá 13. desember 2010

um breytingu á ákvörðun 2009/980/ESB að því er varðar skilyrði fyrir notkun leyfðrar heilsufullyrðingar um áhrif vatnsleysanlegs tómatþykknis á blóðflagnaþyrpingar

(tilkynnt með númeri C(2010) 8828)

(Einungis enski textinn hefur lagagildi)

(2010/770/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 4. mgr. 18.gr. og 19. gr.,

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

að höfðu samráði við aðildarríkin,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í kjölfar álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), um áhrif vatnsleysanlegs tómatþykknis (WSTC) I og II á virkni blóðflagnaþyrpinga í heilbrigðu fólki (spurning nr. EFSA-Q-2009-00229) ([2]), var heilsufullyrðing þar sem staðhæft er að vatnsleysanlegt tómatþykkni (WSTC) I og II „hjálpi til við að viðhalda eðlilegri blóðflagna-þyrpingu, sem stuðlar að heilbrigðu blóðflæði“ leyfð með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/980/ESB ([3]). Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglu-gerðar (EB) nr. 1924/2006 inniheldur ákvörðun 2009/980/ESB eftirfarandi skilyrði fyrir notkun þessarar heilsufullyrðingar: „Upplýsingar fyrir neytandann þess efnis að nota þurfi 3 g af WSTC I eða 150 mg af WSTC II daglega í allt að 250 ml af ávaxtasafa, bragðbættri drykkjarvöru eða jógúrtdrykk (þó ekki vöru sem gengist hefur undir mikla gerilsneyðingu) til að fá fram jákvæðu áhrifin“.

2) Í því samhengi lagði umsækjandinn, Provexis Natural Products Ltd., fram umsókn 31. mars 2010 um breytingu á leyfinu fyrir viðkomandi heilsufullyrðingu skv. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006. Breytingin varðar rýmkun á notkunarskilyrðunum sem fylgja leyfðu heilsufullyrðingunni, einkum með því að heimila notkun hennar þegar um er að ræða fæðubótarefni.

3) Farið var fram á að Matvælaöryggisstofnunin skilaði áliti á breytingunni á skilyrðunum fyrir notkun heilsufullyrðingarinnar sem umsækjandi lagði til. Hinn 23. júlí 2010 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar (spurning nr. EFSA-Q-2010-00809) ([4]), þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á WSTC I og II í fæðubótarefnum, t.d. í smápokum með dufti, töflum og hylkjum, og fullyrtu áhrifanna.

4) Að teknu tilliti til vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og til að rýmka notkun heilsufullyrðingarinnar þannig að hún nái yfir önnur matvæli en þau sem þegar eru leyfð er því nauðsynlegt að breyta skilyrðum fyrir notkun hennar.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2009/980/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað textans í fjórða dálki (skilyrði fyrir notkun heilsufullyrðingar) í viðaukanum við ákvörðun 2009/980/ESB komi eftirfarandi:

„Upplýsingar fyrir neytandann þess efnis að nota þurfi 3 g af WSTC I eða 150 mg af WSTC II daglega í allt að 250 ml af ávaxtasafa, bragðbættri drykkjarvöru eða jógúrtdrykk (þó ekki vöru sem gengist hefur undir mikla gerilsneyðingu), eða 3 g af WSTC I eða 150 mg af WSTC II daglega í fæðubótarefnum þegar þau eru tekin með glasi af vatni eða öðrum vökva, til að fá fram jákvæðu áhrifin“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 14.12.2010, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2012 frá 7. Desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 18, 21.3.2013, bls. 7.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 1101, 1–15.

([3]) Stjtíð. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 55.

([4]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(7), 1689.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Provexis Natural Products Ltd, Thames Court, 1 Victoria Street, Windsor, Berkshire, SL4 1YB, Bretlandi.

Gjört í Brussel 13. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/54/112

frá 21. maí 2012

um breytingu á ákvörðun 2002/840/EB um samþykkt skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu til að geisla matvæli

(tilkynnt með númeri C(2012) 3179)

(2012/277/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/2/EB frá 22. febrúar 1999 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar matvæli og innihaldsefni matvæla sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 1999/2/EB má ekki flytja inn matvæli, sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun, frá þriðja landi nema þau hafi verið meðhöndluð í geislunarstöð sem Sambandið viðurkennir.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/840/EB ([2]) var sett fram skrá yfir viðurkenndar stöðvar í þriðju löndum.

3) Yfirvöld í Taílandi hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um að heiti einnar geislunarstöðvarinnar í Taílandi, sem hefur hlotið viðurkenningu, hafi breyst.

4) Því ber að breyta ákvörðun 2002/840/EB til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við ákvörðun 2002/840/EB er breytt til samræmis við textann í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 134, 24.5.2012, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 27.3.2014, bls. 14.

([1]) Stjtíð. EB L 66, 13.3.1999, bls. 16.

([2]) Stjtíð. EB L 287, 25.10.2002, bls. 40.

VIÐAUKI

Í viðaukanum við ákvörðun 2002/840/EB er

„Tilvísunarnr.: EU-AIF 08-2006

Isotron (Thailand) Ltd
Bangpakong Industrial Park (Amata Nakorn)
700/465 Moo 7, Tambon Donhuaroh
Amphur Muang
Chonburi 20000
Taíland

Sími: (66) (0) 38 458431 til 4
Bréfsími: (66) 0 38 458435“

skipt út fyrir:

„Tilvísunarnr.: EU-AIF 08-2006

Synergy Health (Thailand) Ltd
700/465 Amata Nakorn Industrial
Moo 7, Tambon Donhuaroh
Amphur Muang
Chonburi 20000
Taíland

Sími: (66) (0) 38 458431 til 3 og (66) (0) 38 450092 til 3
Bréfsími: (66) (0) 38 458435 og (66) (0) 38 717146“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1201/2009 2014/EES/54/113

frá 30. nóvember 2009

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal að því er varðar tækniforskriftir efnisþáttanna og sundurliðanir þeirra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 frá 9. júlí 2008 um manntal og húsnæðistal (1), einkum 4. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja að gögn um manntal og húsnæðistal í aðildarríkjunum séu samanburðarhæf, og til að hægt sé að gera áreiðanleg yfirlit yfir allt Bandalagið, verður að skilgreina og sundurliða efnisþætti manntals og húsnæðistals á sama hátt í öllum aðildarríkjunum, eins og krafist er í reglugerð (EB) nr. 763/2008. Því skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkja tækniforskriftir fyrir þessa efnisþætti og sundurliðun þeirra eins og krafist er í reglugerð (EB) nr. 763/2008.

2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um þær tækniforskriftir að efnisþáttum manntals og húsnæðistals og sundurliðanir á þeim sem þarf til að koma reglugerð (EB) nr. 763/2008 til framkvæmda. Tækniforskriftirnar sem gilda um gögnin sem senda á til framkvæmdastjórnarinnar fyrir viðmiðunarárið 2011 eru skráðar í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín Almunia

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2009 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 27.

(1) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 14.

VIÐAUKI

Tækniforskriftir fyrir efnisþætti manntals og húsnæðistals og sundurliðanir þeirra

Tækniforskriftirnar eru settar fram sem hér segir:

— Hver efnisþáttur er auðkenndur með fyrirsögn.

— Á eftir fyrirsögn efnisþáttarins geta komið tækniforskriftir sem vísa almennt til þess efnisþáttar.

— Þar á eftir er(u) sundurliðun/sundurliðanir efnisþáttarins/efnisþáttanna skilgreind/skilgreindar. Sumir efnisþættir eru sundurliðaðir í fleiri en einn þátt, hver með mismunandi nákvæmni. Í því tilviki táknar „H“ sundurliðun með mestu nákvæmni, „M“ táknar sundurliðun með nákvæmni í meðallagi og „L“ táknar sundurliðun með minnstu nákvæmni.

— Niðurstöðutölurnar sem sundurliðanirnar gilda um eru auðkenndar. Hverri sundurliðun geta fylgt frekari tækniforskriftir sem tengjast sérstaklega þeirri sundurliðun.

Skilgreiningarnar, sem mælt er fyrir um í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008, gilda einnig um þessa reglugerð.

Efnisþáttur: Vanalegur búsetustaður

Þegar notuð er skilgreining á „vanaleg búseta“, sem gefin er í d-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008, skulu aðildarríki fjalla um sérstök mál sem hér segir:

a) búi einstaklingur reglulega á fleiri en einum stað á árinu skal sá staður þar sem viðkomandi ver meirihlutanum af árinu vera talinn vanalegur búsetustaður, án tillits til þess hvort sá staður er annars staðar í landinu eða utanlands. Einstaklingur sem vinnur fjarri heimili á virkum dögum og snýr þangað aftur um helgar skal þó telja heimili fjölskyldunnar vera vanalegan búsetustað sinn, án tillits til þess hvort vinnustaðurinn er annars staðar í landinu eða utanlands,

b) grunn- og framhaldsskólanemar og námsmenn sem dvelja fjarri heimili á skólaönninni skulu telja heimili fjölskyldunnar vera vanalegan búsetustað sinn, án tillits til þess hvort þeir stunda nám sitt annars staðar í landinu eða utanlands,

c) háskólanemar sem dvelja fjarri heimili meðan á námi stendur skulu telja dvalarstað á starfstíma skóla vera vanalegan búsetustað sinn, án tillits til þess hvort hann sé stofnun (t.d. heimavistarskóli) eða heimili í einkaeign og án tillits til þess hvort þeir stunda nám sitt annars staðar í landinu eða utanlands. Sé skólinn á landinu er heimilt, í sérstökum undantekningartilvikum, að telja heimili fjölskyldunnar vera vanalegan búsetustað,

d) stofnun skal talin vanalegur búsetustaður allra þeirra íbúa sem hafa búið, eða líklegt er að búi, þar í 12 mánuði eða lengur þegar manntalið er gert,

e) almenna reglan, um hvar mestum af daglegum hvíldartíma er varið, gildir um einstaklinga sem gegna lögboðinni herskyldu og einstaklinga í herafla sem búa í herbúðum,

f) talningarstaðurinn skal talinn vanalegur búsetustaður hvað varðar heimilislausa eða fólk sem ekki hefur þak yfir höfuðið, hirðingja, flakkara og einstaklinga sem falla utan hugtaksins um vanalega búsetu,

g) þegar barn býr á tveimur stöðum til skiptis (t.d. ef foreldrar þess hafa slitið samvistir) skal telja þann stað, þar sem það ver meiri tíma, vera vanalegan búsetustað þess. Sé jöfnum tíma varið hjá báðum foreldrum skal vanalegur búsetustaður vera þar sem barnið gistir daginn þegar manntal er tekið.

Á grunni skilgreiningar um vanalegan búsetustað skulu einstaklingar, sem vanalega eru búsettir á talningarstað en eru fjarverandi, eða búist er við að séu fjarverandi, í styttri tíma en hálft ár þegar manntalið er gert, taldir vera fjarverandi til skamms tíma og eru því taldir með í heildarmannfjölda. Á móti kemur að ekki skal litið á að einstaklingar, sem búa, eða reiknað er með að búi, utan talningarstaðar í ár eða lengri tíma, séu fjarverandi til skamms tíma og því skal ekki telja þá með heildarmannfjöldanum. Þetta gildir án tillits til lengdar fjölskylduheimsókna sem þeir kunna að fara í stöku sinnum.

Einstaklingar sem taldir eru upp en uppfylla ekki viðmið vanalegrar búsetu á talningarstað, þ.e. búa ekki eða reikna ekki með að búa á talningarstað í a.m.k. 12 mánuði samfleytt, eru álitnir vera viðstaddir til skamms tíma og því ekki taldir með í venjulegum heildarmannfjölda vanalegrar búsetu.

Aðildarríki skulu nota hugtakið „heimilishald“ til að skilgreina einkaheimili eða, ef það er ekki mögulegt, hugtakið „heimilisstaður“.

1. Heimilishald

Samkvæmt hugtakinu heimilishald er einkaheimili annaðhvort:

a) heimili eins einstaklings, þ.e. einstaklingur sem býr einn í sérhúsnæði eða leigir sérherbergi (eða herbergi) í íbúð en tekur ekki þátt í að halda sameiginlegt heimili, eins og það er skilgreint hér á eftir, með öðrum einstaklingum sem búa í íbúðinni eða

b) sameiginlegt heimili, þ.e. hópur tveggja eða fleiri einstaklinga sem búa saman í íbúð eða hluta íbúðar og sem sjá sjálfum sér fyrir mat og mögulega öðrum lífsnauðsynjum. Einstaklingar innan hópsins kunna að deila tekjum sínum í meira eða minna mæli.

2. Heimilisstaður

Í hugtakinu „heimilisstaður“ liggur sá skilningur að allir einstaklingar sem búa í íbúð séu heimilisfólk á sama heimili, þannig að það er eitt heimili á hverja íbúð sem búið er í. Með hugtakinu heimilisstaður er því fjöldi íbúða sem búið er í og fjöldi heimila jafn, og staðsetning íbúðar og heimilis því einn og sami staðurinn.

Flokkurinn „Einstaklingar sem búa á einkaheimili“ nær yfir „Einstaklingar í kjarnafjölskyldu“ (flokkur 1.1.) og „Einstaklingar utan kjarnafjölskyldu“ (flokkur 1.2.). Flokkurinn „Einstaklingar í kjarnafjölskyldu“ nær yfir alla einstaklinga sem búa á einkaheimili er hýsir kjarnafjölskyldu sem þeir tilheyra. „Einstaklingar utan kjarnafjölskyldu“ nær yfir alla einstaklinga sem annaðhvort tilheyra heimili þar sem ekki er fjölskylda eða fjölskylduheimili, án þess að tilheyra kjarnafjölskyldunni á því heimili.

Staða á heimili					HST.L.	HST.M.	HST.H.
0.	Alls				0.	0.	0.
1.	Einstaklingar á einkaheimili				1.	1.	1.
	1.1.	Einstaklingar í kjarnafjölskyldu				1.1.	1.1.
		1.1.1.	Einstaklingar í hjónabandi				1.1.1.
			1.1.1.1.	Einstaklingar í hjónabandi karls og konu (valfrjálst)			1.1.1.1.
			1.1.1.2.	Einstaklingar í hjónabandi fólks af sama kyni (valfrjálst)			1.1.1.2.
		1.1.2.	Makar í skráðri samvist				1.1.2.
			1.1.2.1.	Makar í skráðri samvist karls og konu (valfrjálst)			1.1.2.1.
			1.1.2.2.	Makar í skráðri samvist fólks af sama kyni (valfrjálst)			1.1.2.2.
		1.1.3.	Makar í óvígðri sambúð				1.1.3.
			1.1.3.1.	Makar í óvígðri sambúð karls og konu (valfrjálst)			1.1.3.1.
			1.1.3.2.	Makar í óvígðri sambúð fólks af sama kyni (valfrjálst)			1.1.3.2.
		1.1.4.	Einstæðir foreldrar				1.1.4.
		1.1.5.	Synir/dætur				1.1.5.
			1.1.5.1.	Ekki einstæðs foreldris (valfrjálst)			1.1.5.1.
			1.1.5.2.	Einstæðs foreldris (valfrjálst)			1.1.5.2.
	1.2.	Einstaklingar ekki í kjarnafjölskyldu				1.2.	1.2.
	.	1.2.1	Búa einir/einar				1.2.1.
		1.2.2.	Búa ekki einir/einar				1.2.2.
			1.2.2.1.	Einstaklingar á heimili með skyldfólki (valfrjálst)			1.2.2.1.

Staða á heimili					HST.L.	HST.M.	HST.H.
			1.2.2.2.	Einstaklingar á heimili eingöngu með óskyldum (valfrjálst)			1.2.2.2.
	1.3.	Einstaklingar á einkaheimili, en staða ótilgreind				1.3.	1.3.
2.	Einstaklingar ekki á einkaheimili				2.	2.	2.
	2.1.	Einstaklingar á stofnanaheimili				2.1.	2.1.
		2.1.1.	Einstaklingar ekki í kjarnafjölskyldu (valfrjálst)				2.1.1.
		2.1.2.	Einstaklingar í kjarnafjölskyldu (valfrjálst)				2.1.2.
			2.1.2.1.	Makar (valfrjálst)			2.1.2.1.
			2.1.2.2.	Einstæðir foreldrar (valfrjálst)			2.1.2.2.
			2.1.2.3.	Synir/dætur (valfrjálst)			2.1.2.3.
	2.2.	Útigangsfólk				2.2.	2.2.
	2.3.	Einstaklingar ekki á einkaheimili, en staða ótilgreind				2.3.	2.3.

Sundurliðun á „Staða á heimili“ er ætlað að greina sundur allar samtölur eða millisamtölur sem vísa til einstaklinga.

Heimili án fjölskyldu getur verið heimili eins einstaklings (einstaklingar í flokknum „búa einir“ (HST.H.1.2.1.)) eða sameiginlegt heimili án kjarnafjölskyldu. Flokkurinn „Búa ekki einir“ (HST.H.1.2.2.) nær yfir einstaklinga sem búa annaðhvort á sameiginlegu heimili án kjarnafjölskyldu eða á fjölskylduheimili án þess að tilheyra kjarnafjölskyldunni á því heimili. Einstaklingar sem búa á heimili þar sem kynslóð foreldra er ekki til staðar og sem tilheyra ekki kjarnafjölskyldu á því heimili skulu flokkaðir í valkvæða flokkinn „Einstaklingar sem búa hjá skyldmennum“ (HST.H.1.2.2.1.).

Hugtakið „sonur/dóttir“ er skilgreint sem hugtakið „barn“ í tækniforskriftum að efnisþættinum „Staða í fjölskyldu“.

„Pör – eiginmaður/eiginkona“: hjón af gagnstæðu kyni.

„Skráð samvist“ er skilgreind í tækniforskriftum að efnisþættinum „Hjúskaparstaða að lögum“. „Óvígð sambúð“ er skilgreind í tækniforskriftum að efnisþættinum „Staða í fjölskyldu“.

Flokkurinn „Sambýlisfólk“ (HST.H.2.1.2.1.) nær yfir „Gift pör“, „Sambýlisfólk í skráðri samvist“ og „Sambýlisfólk í óvígðri sambúð“.

„Útigangsfólk“ (HST.H.2.2.) eru einstaklingar sem eru á götunni án skýlis sem myndi flokkast sem híbýli eins og þær eru skilgreindar í tækniforskriftum að efnisþættinum „Gerð híbýla“.

Efnisþáttur: Staða í fjölskyldu

Hugtakið kjarnafjölskylda er skilgreint þröngt, þ.e. tveir eða fleiri einstaklingar sem tilheyra sama heimili og eru tengdir sem eiginmaður og eiginkona, sem sambýlisfólk í skráðri samvist, sem sambýlisfólk í óvígðri sambúð eða sem foreldri og barn. Því getur fjölskylda verið barnlaust par eða par með eitt eða fleiri börn eða einstætt foreldri með eitt eða fleiri börn. Þetta fjölskylduhugtak takmarkar tengsl milli barna og fullorðinna við bein tengsl (í fyrsta lið), þ.e. milli foreldris og barns.

Barn (sonur/dóttir) vísar til líffræðilegs sonar/líffræðilegrar dóttur, stjúpsonar/-dóttur eða ættleidds sonar/ættleiddrar dóttur (án tillits til aldurs eða hjúskaparstöðu) sem hefur vanalega búsetu á heimili a.m.k. annars foreldris og á hvorki sambýlismann/-konu né eigin börn á sama heimili. Fósturbörn eru ekki meðtalin. Sonur eða dóttir, sem býr með maka, maka í skráðri sambúð, sambýlismanni/-konu í óvígðri sambúð eða einu eða fleiri af sínum eigin börnum, telst ekki vera barn. Barn, sem býr til skiptis á tveimur heimilum (t.d. ef foreldrar þess eru skilin), skal telja heimili sitt vera á þeim stað þar sem það ver meiri tíma. Sé jöfnum tíma varið hjá báðum foreldrum skal heimilið vera sá staður þar sem barnið dvelur þegar manntalið er gert.

Hugtakið par skal ná yfir pör sem eru gift, í skráðri samvist og í óvígðri sambúð. „Skráð samvist“ er skilgreind í tækniforskriftum að efnisþættinum „Hjúskaparstaða að lögum“.

Tveir einstaklingar eru taldir vera par í „óvígðri sambúð“ þegar þeir:

— búa á sama heimili og

— eiga í hjónasambandi og

— eru hvorki giftir hvorir öðrum né í skráðri samvist.

„Heimili þar sem kynslóð foreldra er ekki til staðar“ (heimili með afa og/eða ömmu og einu eða fleiri barnabörnum en engu foreldri þessara barna) falla ekki undir skilgreininguna á fjölskyldu.

Valkvætt er hvort gerður er greinarmunur á pörum af gagnstæðu kyni og pörum af sama kyni. „Pör – eiginmaður/eiginkona“: hjón af gagnstæðu kyni.

Staða í fjölskyldu				FST.L.	FST.H.
0.	Alls			0.	0.
1.	Makar			1.	1.
	1.1.	Einstaklingar í hjónabandi			1.1.
		1.1.1.	Einstaklingar í hjónabandi karls og konu (valfrjálst)		1.1.1.
		1.1.2.	Einstaklingar í hjónabandi fólks af sama kyni (valfrjálst)		1.1.2.
	1.2.	Makar í skráðri samvist			1.2.
		1.2.1.	Makar í skráðri samvist karls og konu (valfrjálst)		1.2.1.
		1.2.2.	Makar í skráðri samvist fólks af sama kyni (valfrjálst)		1.2.2.
	1.3.		Makar í óvígðri sambúð		1.3.
		1.3.1.	Makar í óvígðri sambúð karls og konu (valfrjálst)		1.3.1.
		1.3.2.	Makar í óvígðri sambúð fólks af sama kyni (valfrjálst)		1.3.2.
	2.		Einstæðir foreldrar	2.	2.
	3.		Synir/dætur	3.	3.
	3.1.		Ekki einstæðs foreldris (valfrjálst)		3.1.
	3.2.		Einstæðs foreldris (valfrjálst)		3.2.
4.	Ótilgreint			4.	4.
5.	Á ekki við			5.	5.

Sundurliðun á „Staða í fjölskyldu“ er ætlað að greina sundur allar samtölur eða millisamtölur sem vísa til einstaklinga.

Flokkurinn „Sambýlisfólk“ (FST.L.1.) nær yfir „Gift pör“, „Sambýlisfólk í skráðri samvist“ og „Sambýlisfólk í óvígðri sambúð“.

Flokka skal einstaklinga, sem tilheyra ekki kjarnafjölskyldu, undir „Á ekki við“ (FST.L.5., FST.H.5.).

Efnisþáttur: Gerð kjarnafjölskyldu

Skilgreiningarnar á fjölskylduhugtakinu og merking hugtakanna „kjarnafjölskylda“, „barn“, „par“ og „óvígð sambúð“, sem kveðið er á um í efnisþættinum „Staða í fjölskyldu“, gilda einnig um efnisþáttinn „Gerð kjarnafjölskyldu“.

Gerð kjarnafjölskyldu				TFN.L.	TFN.H.
0.	Alls			0.	0.
1.	Fjölskyldur hjóna			1.	1.
	1.1.	Fjölskyldur hjóna án barna á heimili		1.1.	
		1.1.1.	Fjölskyldur hjóna, eiginmaður/eiginkona (valfrjálst)		1.1.1.
		1.1.2.	Fjölskyldur hjóna, makar af sama kyni (valfrjálst)		1.1.2.
	1.2.	Fjölskyldur hjóna með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili			1.2.
		1.2.1.	Fjölskyldur hjóna, eiginmaður/eiginkona (valfrjálst)		1.2.1.
		1.2.2.	Fjölskyldur hjóna, makar af sama kyni (valfrjálst)		1.2.2.
	1.3.	Fjölskyldur hjóna, yngsti sonur/yngsta dóttir 25 ára eða eldri á heimili			1.3.
		1.3.1.	Fjölskyldur hjóna, eiginmaður/eiginkona (valfrjálst)		1.3.1.
		1.3.2.	Fjölskyldur hjóna, makar af sama kyni (valfrjálst)		1.3.2.
2.	Fjölskyldur para í skráðri samvist			2.	2.
	2.1.	Par í skráðri samvist án barna á heimili			2.1.
		2.1.1.	Fjölskyldur para, karls og konu (valfrjálst)		2.1.1.
		2.1.2.	Fjölskyldur para, fólk af sama kyni (valfrjálst)		2.1.2.
	2.2.	Par í skráðri samvist með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili			2.2.
		2.2.1.	Fjölskyldur para, karls og konu (valfrjálst)		2.2.1.
		2.2.2.	Fjölskyldur para, fólk af sama kyni (valfrjálst)		2.2.2.
	2.3.	Par í skráðri samvist, yngsti sonur/yngsta dóttir 25 ára eða eldri á heimili			2.3.
		2.3.1.	Fjölskyldur para, karls og konu (valfrjálst)		2.3.1.
			Fjölskyldur para, fólk af sama kyni (valfrjálst)	2.3.2.	2.3.2.
3.			Fjölskyldur para í óvígðri sambúð	3.	3.
	3.1.	Fjölskyldur para í óvígðri sambúð án barna á heimili		3.1.	
		3.1.1.	Fjölskyldur para, karls og konu (valfrjálst)		3.1.1.
		3.1.2.	Fjölskyldur para, fólk af sama kyni (valfrjálst)		3.1.2.
	3.2.	Pör í óvígðri sambúð með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili			3.2.
		3.2.1.	Fjölskyldur para, karls og konu (valfrjálst)		3.2.1.
		3.2.2.	Fjölskyldur para, fólk af sama kyni (valfrjálst)		3.2.2.
	3.3.	Pör í óvígðri sambúð, yngsta barn sonur/dóttir 25 ára eða eldri á heimili			3.3.
		3.3.1.	Fjölskyldur para, karls og konu (valfrjálst)		3.3.1.
		3.3.2.	Fjölskyldur para, fólk af sama kyni (valfrjálst)		3.3.2.
4.	Fjölskyldur feðra með börn			4.	4.
	4.1.	Fjölskyldur feðra með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili		4.1.	

Gerð kjarnafjölskyldu			TFN.L.	TFN.H.
	4.2.	Fjölskyldur feðra, yngsti sonur/yngsta dóttir 25 ára eða eldri á heimili	4.2.	
5.	Fjölskyldur mæðra með börn		5.	5.
	5.1.	Fjölskyldur mæðra með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili		5.1.
	5.2.	Fjölskyldur mæðra, yngsti sonur/yngsta dóttir 25 ára eða eldri á heimili		5.2.

Sundurliðun á „Gerð kjarnafjölskyldu“ er ætlað að greina sundur samtölur í „kjarnafjölskyldu“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Stærð kjarnafjölskyldu

Skilgreiningin á hugtakinu „Kjarnafjölskylda“, sem kveðið er á um í efnisþættinum „Staða í fjölskyldu“, gildir einnig fyrir efnisþáttinn „Stærð kjarnafjölskyldu“.

Stærð kjarnafjölskyldu				SFN.L.	SFN.M.	SFN.H.
0.	Alls			0.	0.	0.
1.	2 einstaklingar			1.	1.	1.
2.	3 til 5 einstaklingar			2.	2.	2.
	2.1.	3 einstaklingar			2.1.	2.1.
	2.2.	4 einstaklingar			2.2.	2.2.
	2.3.	5 einstaklingar			2.3.	2.3.
3.	6 og fleiri einstaklingar			3.	3.	3.
	3.1.	6 til 10 einstaklingar			3.1.	3.1.
		3.1.1.	6 einstaklingar			3.1.1.
		3.1.2.	7 einstaklingar			3.1.2.
		3.1.3.	8 einstaklingar			3.1.3.
		3.1.4.	9 einstaklingar			3.1.4.
		3.1.5.	10 einstaklingar			3.1.5.
	3.2.	11 og fleiri einstaklingar			3.2.	3.2.

Sundurliðun á „Stærð kjarnafjölskyldu“ er ætlað að greina sundur samtölur „kjarnafjölskyldna“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Gerð einkaheimilis

Skilgreiningarnar, sem kveðið er á um í efnisþættinum „Staða á heimili“, gilda einnig um efnisþáttinn „Gerð einkaheimilis“.

Gerð einkaheimilis				TPH.L.	TPH.H.
0.	Alls			0.	0.
1.	Fjölskyldulaus heimili			1.	1.
	1.1.	Einstaklingsheimili		1.1.	1.1.
	1.2.	Heimili með tveimur eða fleiri einstaklingum		1.2.	1.2.
2.	Einnar fjölskyldu heimili			2.	2.
	2.1.	Heimili hjóna		2.1.	
		2.1.1.	Hjón án barna á heimili		2.1.1.

Gerð einkaheimilis				TPH.L.	TPH.H.
		2.1.1.1.	Heimili pars, karls og konu (valfrjálst)		2.1.1.1.
		2.1.1.2.	Heimili pars, fólk af sama kyni (valfrjálst)		2.1.1.2.
		2.1.2.	Hjón með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili		2.1.2.
		2.1.2.1.	Heimili pars, karls og konu (valfrjálst)		2.1.2.1.
		2.1.2.2.	Heimili pars, fólk af sama kyni (valfrjálst)		2.1.2.2.
		2.1.3.	Hjón, yngsti sonur/yngsta dóttir 25 ára eða eldri á heimili		2.1.3.
		2.1.3.1	Heimili pars, karls og konu (valfrjálst)		2.1.3.1.
		2.1.3.2	Heimili pars, fólk af sama kyni (valfrjálst)		2.1.3.2.
	2.2.	Heimili skráðrar samvistar			2.2.
		2.2.1.	Skráð samvist án barna á heimili		2.2.1.
		2.2.1.1.	Heimili pars, karls og konu (valfrjálst)		2.2.1.1.
		2.2.1.2.	Heimili pars, af sama kyni (valfrjálst)		2.2.1.2.
		2.2.2.	Skráð samvist með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili		2.2.2.
		2.2.2.1.	Heimili pars, karls og konu (valfrjálst)		2.2.2.1.
		2.2.2.2.	Heimili pars, af sama kyni (valfrjálst)		2.2.2.2.
		2.2.3.	Skráð samvist, yngsti sonur/yngsta dóttir 25 ára eða eldri á heimili		2.2.3.
		2.2.3.1.	Heimili pars, karls og konu (valfrjálst)		2.2.3.1.
		2.2.3.2.	Heimili pars, af sama kyni (valfrjálst)		2.2.3.2.
	2.3.	Heimili pars í óvígðri sambúð			2.3.
		2.3.1.	Pör í óvígðri sambúð án barna á heimili		2.3.1.
		2.3.1.1.	Heimili pars, karls og konu (valfrjálst)		2.3.1.1.
		2.3.1.2.	Heimili pars af sama kyni (valfrjálst)		2.3.1.2.
		2.3.2.	Pör í óvígðri sambúð með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili		2.3.2.
		2.3.2.1.	Heimili pars, karls og konu (valfrjálst)		2.3.2.1.
		2.3.2.2.	Heimili pars af sama kyni (valfrjálst)		2.3.2.2.
		2.3.3.	Pör í óvígðri sambúð, yngsti sonur/yngsta dóttir 25 ára eða eldri á heimili		2.3.3.
		2.3.3.1.	Heimili pars, karls og konu (valfrjálst)		2.3.3.1.
		2.3.3.2.	Heimili pars af sama kyni (valfrjálst)		2.3.3.2.

Gerð einkaheimilis				TPH.L.	TPH.H.
	2.4.	Heimili einstæðs föður			2.4.
		2.4.1.	Heimili einstæðs föður með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili		2.4.1.
		2.4.2.	Heimili einstæðs föður, yngsti sonur/yngsta dóttir 25 ára eða eldri á heimili		2.4.2.
	2.5.	Heimili einstæðrar móður			2.5.
		2.5.1.	Heimili einstæðrar móður með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili		2.5.1.
		2.5.2.	Heimili einstæðrar móður, yngsti sonur/yngsta dóttir 25 ára eða eldri á heimili		2.5.2.
3.	Heimili með tveimur eða fleiri fjölskyldum			3.	3.

Sundurliðun á „Gerð einkaheimilis“ er ætlað að greina sundur samtölur „einkaheimila“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Stærð einkaheimilis

Skilgreiningarnar fyrir þau hugtök um heimilishald sem kveðið er á um í efnisþættinum „Staða á heimili“, gilda einnig um efnisþáttinn: „Stærð einkaheimilis“.

Stærð einkaheimilis				SPH.L.	SPH.M.	SPH.H.
0.	Alls			0.	0.	0.
1.	1 einstaklingur			1.	1.	1.
2.	2 einstaklingar			2.	2.	2.
3.	3 til 5 einstaklingar			3.	3.	3.
	3.1.	3 einstaklingar			3.1.	3.1.
	3.2.	4 einstaklingar			3.2.	3.2.
	3.3.	5 einstaklingar			3.3.	3.3.
4.	6 og fleiri einstaklingar			4.	4.	4.
	4.1.	6 til 10 einstaklingar			4.1.	4.1.
		4.1.1.	6 einstaklingar			4.1.1.
		4.1.2.	7 einstaklingar			4.1.2.
		4.1.3.	8 einstaklingar			4.1.3.
		4.1.4.	9 einstaklingar			4.1.4.
		4.1.5.	10 einstaklingar			4.1.5.
	4.2.	11 eða fleiri einstaklingar			4.2.	4.2.

Sundurliðun á „Stærð einkaheimilis“ er ætlað að greina sundur samtölur í „einkaheimili“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Umráðaréttur heimila

Efnisþátturinn „Umráðaréttur heimila“ vísar til þess með hvaða hætti einkaheimili nær yfir heila íbúð eða hluta hennar

Umráðaréttur heimila		TSH.
0.	Alls	0.
1.	Heimili þar sem a.m.k. einn heimilismanna á húsnæðið	1.
2.	Heimili þar sem a.m.k. einn heimilismanna leigir allt eða hluta húsnæðisins	2.
3.	Heimili með annars konar umráðarétti yfir húsnæðinu	3.
4.	Ótilgreint	4.

Sundurliðun á „Umráðaréttur heimila“ er ætlað að greina sundur samtölur í „einkaheimili“ og allar millisamtölur.

Heimili, þar sem borgað er veðlán af íbúðinni þar sem heimilisfólk býr eða kaup á íbúðinni fara fram með annars konar fjárhagsráðstöfunum, skulu flokkuð í flokkinn „Heimili þar sem a.m.k. einn heimilismaður er eigandi íbúðarinnar“ (TSH.1.).

Heimili, þar sem a.m.k. einn heimilismaður er eigandi íbúðarinnar og a.m.k. einn leigjandi í allri íbúðinni eða hluta hennar, skulu flokkuð í flokkinn „Heimili þar sem a.m.k. einn heimilismaður er eigandi íbúðarinnar“ (TSH.1.).

Efnisþáttur: Húsnæðisfyrirkomulag

Efnisþátturinn „Húsnæðisfyrirkomulag“ nær yfir heildarmannfjölda og vísar til gerðar hússins, þar sem einstaklingur hefur venjulega fasta búsetu, á þeim tíma þegar manntalið er gert. Hann nær yfir alla einstaklinga sem hafa vanalega búsetu í ólíkum gerðum híbýla, þá sem eru ekki með vanalega búsetu og dvelja tímabundið í einhvers konar aðsetri og þá sem eru án þaks yfir höfuðið og sofa á götunni eða í neyðarskýlum á þeim tíma þegar manntalið er gert.

Íbúar eru einstaklingar með vanalega búsetu á þeim stöðum sem skráðir eru í flokka eftir því sem við á.

„Íbúðarhúsnæði“ er afmarkað og sjálfstætt húsnæði á föstum stað sem er hannað fyrir varanlega búsetu manna og er, á viðmiðunardeginum,

a) notað til búsetu,

b) stendur autt eða

c) er ætlað til árstíðabundinnar notkunar eða aukanota.

„Afmarkað“: umlukið veggjum og með þaki eða lofti, þannig að einn eða fleiri einstaklingar geti búið út af fyrir sig. „Sjálfstætt“: með beinum aðgangi frá götu eða stiga, gangi, súlnagöngum eða lóð.

„Aðrar íbúðir“ eru skúrar, kofar, hreysi, hjallar, hjólhýsi, húsbátar, hlöður, myllur, hellar eða hvert annað skýli sem notað er til mannabústaðar þegar manntalið er gert, án tillits til hvort það var hannað í því skyni.

„Sameiginlegar vistarverur“ er húsnæði sem hannað er til búsetu stórra hópa einstaklinga eða fyrir nokkur heimili og a.m.k. einn einstaklingur notar til vanalegrar búsetu þegar manntalið er gert.

„Nýtt íbúðarhúsnæði“: aðrar íbúðir og sameiginlegar vistarverur sem mynda saman „vistarverur“. Allar „vistarverur“ verða að vera vanalegur bústaður a.m.k. eins einstaklings.

Samtala nýtts íbúðarhúsnæðis og annarra íbúða er „íbúðir“.

Heimilislausir (einstaklingar sem eru ekki með vanalega búsetu í neinum flokki vistarvera) geta verið einstaklingar sem eru á götunni án skýlis er gæti flokkast sem vistarvera (útiganga) eða einstaklingar sem flytja oft úr einu skammtímahúsnæðinu í annað (fólk í húsnæðishraki).

Húsnæðisfyrirkomulag			HAR.L.	HAR.H.
0.	Alls		0.	0.
1.	Íbúar í hefðbundnu íbúðarhúsnæði eða sambýlishúsnæði		1.	1.
	1.1.	Íbúar í hefðbundnu íbúðarhúsnæði	1.1.	1.1.
	1.2.	Íbúar í sambýlishúsnæði	1.2.	1.2.
2.	Íbúar í annars konar húsnæði og heimilislausir		2.	2.
	2.1.	Íbúar í annars konar húsnæði		2.1.
	2.2.	Heimilislausir		2.2.
3.	Ótilgreint		3.	3.

Sundurliðun á „Húsnæðisfyrirkomulag“ er ætlað að greina sundur allar samtölur eða millisamtölur sem vísa til einstaklinga.

Í sundurliðuninni HAR.L., eru flokkarnir „Samtals“ (HAR.L.0.) og „Íbúar sem búa í öðrum íbúðum og heimilislausir“ (HAR.L.2.) valkvæðir.

Efnisþáttur: Gerð híbýla

Vistarvera er húsnæði sem er vanalegur búsetustaður eins einstaklings eða fleiri. Hugtökin „Íbúðarhúsnæði“, „Aðrar íbúðir“ og „Sameiginlegar vistarverur“ eru skilgreind undir efnisþættinum „Húsnæðisfyrirkomulag“.

Gerð híbýlis		TLQ.
0.	Alls	0.
1.	Hefðbundið íbúðarhúsnæði í notkun	1.
2.	Annað húsnæði	2.
3.	Sambýlishúsnæði	3.
4.	Ótilgreint	4.

Sundurliðun á „Gerð híbýlis“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „híbýli“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Nýting íbúðarhúsnæðis

„Nýtt íbúðarhúsnæði“ er íbúðarhúsnæði þar sem einn eða fleiri einstaklingar hafa vanalega búsetu þegar manntalið er gert. „Ónýtt íbúðarhúsnæði“ er íbúðarhúsnæði þar sem enginn hefur vanalega búsetu þegar manntalið er gert.

Nýting íbúðarhúsnæðis			OCS.
0.	Alls		0.
1.	Hefðbundið íbúðarhúsnæði í notkun		1.
2.	Hefðbundið íbúðarhúsnæði ekki í notkun		2.
	2.1.	Íbúðarhúsnæði til árstíðabundinnar notkunar eða sem annað heimili (valfrjálst)	2.1.
	2.2.	Auðar íbúðir (valfrjálst)	2.2.
3.	Ótilgreint		3.

Sundurliðun á „Nýting íbúðarhúsnæðis“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „íbúðarhúsnæði“ eða millisamtölur.

Íbúðarhúsnæði, þar sem fólk er statt en er ekki meðtalið í manntalinu, skal flokkað í flokkinn „Húsnæði ætlað til árstíðabundinnar notkunar eða aukanota“ (OCS.2.1.).

Efnisþáttur: Eignarhaldsform

Efnisþátturinn „Eignarhaldsform“ vísar til eignarhalds á húsnæðinu en ekki landinu þar sem húsnæðið er.

„Húsnæði sem eigandi nýtir“ er húsnæði þar sem a.m.k. einn íbúi á hluta húsnæðisins eða það allt.

„Samvinnueignarhald“ vísar til eignarhalds innan ramma samvinnufélags um húsnæði.

„Leiguhúsnæði“ er húsnæði þar sem a.m.k. einn íbúi greiðir leigu fyrir að búa í húsnæðinu og þar sem enginn íbúi á hluta af húsnæðinu eða það allt.

Eignarhaldsform		OWS.
0.	Alls	0.
1.	Eignaríbúðir	1.
2.	Búsetuíbúðir	2.
3.	Leiguíbúðir	3.
4.	Íbúðir með annars konar eignarhaldi	4.
5.	Ótilgreint	5.
6.	Á ekki við	6.

Sundurliðun á „Eignarhaldsform“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „íbúðarhúsnæði“ og allar millisamtölur.

Ónýtt íbúðarhúsnæði skal flokkað í „Á ekki við“ (OWS.6.).

Efnisþáttur: Tala íbúa

Tala íbúa í íbúð er sá fjöldi fólks sem hefur þar vanalega búsetu.

Tala íbúa	NOC.L.	NOC.M.	NOC.H.			
0.	Alls			0.	0.	0.
1.	1 einstaklingur			1.	1.	1.
2.	2 einstaklingar			2.	2.	2.
3.	3 til 5 einstaklingar			3.	3.	3.
	3.1.	3 einstaklingar			3.1.	3.1.
	3.2.	4 einstaklingar			3.2.	3.2.
	3.3	5 einstaklingar			3.3.	3.3.
4.	6 og fleiri einstaklingar			4.	4.	4.
	4.1.	6 til 10 einstaklingar			4.1.	4.1.
		4.1.1.	6 einstaklingar			4.1.1.
		4.1.2.	7 einstaklingar			4.1.2.
		4.1.3.	8 einstaklingar			4.1.3.
		4.1.4.	9 einstaklingar			4.1.4.
		4.1.5.	10 einstaklingar			4.1.5.
	4.2.	11 eða fleiri einstaklingar			4.2.	4.2.

Sundurliðun á „Tala íbúa“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „Íbúðir“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Nýtanlegt gólfpláss og/eða fjöldi herbergja í íbúðum

Nýtanlegt gólfpláss er skilgreint sem:

— sá gólffletur sem mælist innan útveggja að undanskildum óíbúðarhæfum kjöllurum og háaloftum og öllum almenningsrýmum í fjölbýlishúsum eða

— heildargólffletur herbergja sem falla undir hugtakið „herbergi“.

„Herbergi“ er skilgreint sem rými í íbúð, umlukið veggjum sem ná frá gólfi upp að lofti eða þaki, nógu stórt undir rúm fyrir fullorðinn (a.m.k. fjórir fermetrar) og með a.m.k. tveggja metra lofthæð að stærstum hluta.

Aðildarríkin skulu tilgreina „nýtanlegt gólfpláss“ eða, ef það er ekki mögulegt, „fjöldi herbergja“.

	Nýtanlegt gólfpláss	UFS.
0.	Alls	0.
1.	Minna en 30 fermetrar	1.
2.	30 að 40 fermetrum	2.
3.	40 að 50 fermetrum	3.
4.	50 að 60 fermetrum	4.
5.	60 að 80 fermetrum	5.
6.	80 að 100 fermetrum	6.
7.	100 að 120 fermetrum	7.
8.	120 að 150 fermetrum	8.
9.	150 fermetrar og stærri	9.
10.	Ótilgreint	10.

Sundurliðun á „Nýtanlegt gólfpláss“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „Íbúðir“ og allar millisamtölur. Einnig er hægt að nota hana til að sundurliða samtölur fyrir „íbúðarhúsnæði“ og allar millisamtölur.

	Fjöldi herbergja	NOR.
0.	Alls	0.
1.	1 herbergi	1.
2.	2 herbergi	2.
3.	3 herbergi	3.
4.	4 herbergi	4.
5.	5 herbergi	5.
6.	6 herbergi	6.
7.	7 herbergi	7.
8.	8 herbergi	8.
9.	9 herbergi og fleiri	9.
10.	Ótilgreint	10.

Sundurliðun á „Fjöldi herbergja“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „Íbúðir“ og allar millisamtölur. Einnig er hægt að nota hana til að sundurliða samtölur fyrir „íbúðarhúsnæði“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Þéttseta

Efnisþátturinn „Þéttseta“ setur nýtanlegt gólfpláss í fermetrum eða fjölda herbergja í samhengi við fjölda íbúa eins og hann er tilgreindur í efnisþættinum „Tala íbúa“.

Aðildarríkin skulu tilgreina þéttsetu sem mæld er með „nýtanlegt gólfpláss“ eða, ef það er ekki mögulegt, með „fjöldi herbergja“.

	Þéttseta (gólfflötur)	DFS.
0.	Alls	0.
1.	Minna en 10 fermetrar á íbúa	1.
2.	10 að 15 fermetrum á íbúa	2.
3.	15 að 20 fermetrum á íbúa	3.
4.	20 að 30 fermetrum á íbúa	4.
5.	30 að 40 fermetrum á íbúa	5.
6.	40 að 60 fermetrum á íbúa	6.
7.	60 að 80 fermetrum á íbúa	7.
8.	80 fermetrar og meira á íbúa	8.
9.	Ótilgreint	9.

Sundurliðun á „Þéttseta (gólfflötur)“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „Íbúðir“ og allar millisamtölur.

	Þéttseta (fjöldi herbergja)	DRM.
0.	Alls	0.
1.	Minna en 0,5 herbergi á íbúa	1.
2.	0,5 að 1,0 herbergi á íbúa	2.
3.	1,0 að 1,25 herbergi á íbúa	3.
4.	1,25 að 1,5 herbergi á íbúa	4.
5.	1,5 að 2,0 herbergjum á íbúa	5.
6.	2,0 að 2,5 herbergjum á íbúa	6.
7.	2,5 að 3,0 herbergjum á íbúa	7.
8.	3,0 og fleiri herbergi á íbúa	8.
9.	Ótilgreint	9.

Sundurliðun á „Þéttseta (fjöldi herbergja)“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „Íbúðir“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Vatnsveita

	Vatnsveita	WSS.
0.	Alls	0.
1.	Vatnslögn í íbúð	1.
2.	Engin vatnslögn í íbúð	2.
3.	Ótilgreint	3.

Sundurliðun á „Vatnsveita“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „Íbúðir“ og allar millisamtölur. Einnig er hægt að nota hana til að sundurliða samtölur fyrir „íbúðarhúsnæði“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Salernisaðstaða

	Salernisaðstaða	TOI.
0.	Alls	0.
1.	Vatnssalerni í íbúð	1.
2.	Ekkert vatnssalerni í íbúð	2.
3.	Ótilgreint	3.

Sundurliðun á „Salernisaðstöðu“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „Íbúðir“ og allar millisamtölur. Einnig er hægt að nota hana til að sundurliða samtölur fyrir „íbúðarhúsnæði“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Baðaðstaða

Baðaðstaða er öll aðstaða sem er hönnuð til þess að þar megi þvo allan líkamann og nær einnig til sturtuaðstöðu.

	Baðaðstaða	BAT.
0.	Alls	0.
1.	Baðkar eða sturta í íbúð	1.
2.	Hvorki baðkar né sturta í íbúð	2.
3.	Ótilgreint	3.

Sundurliðun á „Baðaðstaða“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „Íbúðir“ og allar millisamtölur. Einnig er hægt að nota hana til að sundurliða samtölur fyrir „íbúðarhúsnæði“ og allar millisamtölur.

Upphitun

Íbúð er talin vera með miðstöðvarhitun ef hiti kemur annaðhvort frá sameiginlegri kyndistöð, innbyggðum hitunarbúnaði í byggingunni eða íbúðinni, án tillits til orkuuppsprettu.

Upphitun.		TOH
0.	Alls	0.
1.	Miðstöðvarhitun	1.
2.	Engin miðstöðvarhitun	2.
3.	Ótilgreint	3.

Sundurliðun á „Upphitun“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „íbúðir“ og allar millisamtölur. Einnig er hægt að nota hana til að sundurliða samtölur fyrir „íbúðarhúsnæði“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Íbúðir eftir byggingargerð

Efnisþátturinn „Íbúðir eftir byggingargerð“ vísar til fjölda íbúða í byggingunni sem íbúðin er í.

Íbúðir eftir byggingargerð			TOB.
0.	Alls		0.
1.	Hefðbundnar íbúðir í íbúðarbyggingum		1.
	1.1.	Hefðbundnar íbúðir í einbýlishúsum	1.1.
	1.2.	Hefðbundnar íbúðir í tvíbýlishúsum	1.2.
	1.3.	Hefðbundnar íbúðir í byggingum með þrjár eða fleiri íbúðir	1.3.
2.	Hefðbundnar íbúðir í byggingum sem ekki eru ætlaðar til íbúðar		2.
3.	Ótilgreint		3.

Sundurliðun á „Íbúðir eftir byggingargerð“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „íbúðarhúsnæði“ og allar millisamtölur.

Efnisþáttur: Íbúðir eftir byggingartíma

Efnisþátturinn „Íbúðir eftir byggingartíma“ vísar til ársins þegar byggingin þar sem íbúðin er var fullgerð.

Íbúðir eftir byggingartíma		POC.
0.	Alls	0.
1.	Fyrir 1919	1.
2.	1919–1945	2.
3.	1946–1960	3.
4.	1961–1970	4.
5.	1971–1980	5.
6.	1981–1990	6.
7.	1991–2000	7.
8.	2001–2005	8.
9.	2006 og síðar	9.
10.	Ótilgreint	10.

Sundurliðun á „Íbúðir eftir byggingartíma“ er ætlað að greina sundur samtölur fyrir „íbúðarhúsnæði“ og allar millisamtölur.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 328/2011 2014/EES/54/114

frá 5. apríl 2011

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar tölfræðigögn um dánarorsakir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað ([1]), einkum 1. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1338/2008 er settur sameiginlegur rammi fyrir kerfisbundna hagskýrslugerð í Evrópu um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað.

2) Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1338/2008 eru framkvæmdarráðstafanir nauðsynlegar til að tilgreina þau gögn og lýsigögn sem veita á um dánarorsakir, sem falla undir III. viðauka við þá reglugerð og til að ákveða viðmiðunartímabilin og tíðni afhendinga á þessum gögnum.

3) Meðhöndla ætti trúnaðargögn, sem aðildarríki senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins), í samræmi við meginreglu um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur ([2]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([3]).

4) Kostnaðar- og ábatagreining hefur farið fram og verið metin í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1338/2008.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Evrópskar hagskýrslur á sviði „dánarorsaka“ skulu ná yfir öll skráð dauðsföll og andvanafæðingar í hverju aðildarríki og greina á milli heimilisfastra einstaklinga og annarra íbúa.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

a) „dauði“: varanlegt hvarf allra vísbendinga um líf á einhverjum tíma eftir að lifandi fæðing hefur átt sér stað (stöðvun á lífsnauðsynlegri starfsemi eftir fæðingu án möguleika á endurlífgun). Skilgreining þessi undanskilur andvanafæðingar,

b) „andvanafæðing“: fósturdauði, nánar tiltekið dauði fósturs fyrir fullkominn aðskilnað frá móður, án tillits til tímalengdar meðgöngu. Til marks um dauða er sú staðreynd að eftir slíkan aðskilnað frá móður andar fóstrið hvorki né sýnir neitt lífsmark, s.s. hjartslátt, æðaslátt í naflastreng eða afdráttarlausar hreyfingar viljastýrðra vöðva,

c) „meðgöngulengd“: lengd meðgöngu, mæld frá fyrsta degi síðustu eðlilegu blæðinga. Meðgöngulengd er skráð í heilum dögum eða heilum vikum,

d) „nýburadauði“: dauði lifandi fæddra barna fyrstu 28 heilu dagana (dagar 0–27),

e) „samsvörun“: fjöldi fyrri fæðinga lifandi fæddra barna eða andvana fæddra barna (0, 1, 2, 3 eða fleiri fyrri fæðingar lifandi eða andvana fæddra barna),

f) „önnur dauðsföll“: dauði eftir tímabil nýburadauða, frá og með 28. heila degi frá fæðingu,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 64.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70.

([2]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

([3]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

g) „undirliggjandi dánarorsök“: sjúkdómurinn eða áverkinn sem urðu kveikjan að framvindu veikinda sem leiddu beinlínis til dauða, eða kringumstæður slyssins eða ofbeldisins sem orsakaði banameinið,

h) „heimilisfastur einstaklingur“: „föst búseta“ á þeim stað þar sem einstaklingur ver að jafnaði daglegum hvíldartíma sínum, án tillits til tímabundinna fjarvista vegna tómstunda, leyfa, heimsókna til vina og ættingja, viðskipta, læknismeðferðar eða trúarlegra pílagrímsferða.

Einungis eftirfarandi aðilar skulu teljast hafa fasta búsetu á viðkomandi landsvæði:

i. þeir sem hafa haft fasta búsetu á sama stað samfellt í að minnsta kosti 12 mánuði fyrir viðmiðunardagsetningu eða

ii. þeir sem hafa flutt á fastan búsetustað sinn á undangengnum 12 mánuðum fyrir viðmiðunardagsetningu með þá fyrirætlan að búa þar í eitt ár hið minnsta.

Ef ekki er unnt að staðfesta þær aðstæður sem lýst er í i- eða ii-lið skal „föst búseta“ merkja þann stað þar sem aðili hefur lögheimili eða skráða búsetu.

3. gr.

Nauðsynleg gögn

Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skrána yfir breyturnar sem settar eru fram í viðaukanum. Hagskýrslur um dauða heimilisfastra einstaklinga sem deyja í útlöndum skulu taldar með eftir því sem kostur er.

Fyrir andvanafæðingar skal nota a.m.k. eina af þremur skýrslugjafarviðmiðunum í eftirfarandi röð: 1) fæðingarþyngd, 2) meðgöngulengd og 3) lengd frá hvirfli til ilja. Gagnaöflun skal takmörkuð við eftirtalda hópa:

a) fæðingarþyngd frá 500 g til 999 g eða, þegar fæðingarþyngd á ekki við, meðgöngulengd frá 22 heilum vikum til 27 heilla vikna, eða þegar hvorugt á við, lengd frá hvirfli til ilja frá 25 til 34 sentimetrar (9. breyta) og

b) fæðingarþyngd 1000 g eða meira eða, þegar fæðingarþyngd á ekki við, meðgöngulengd eftir 27 heilar vikur, eða þegar hvorugt á við, lengd frá hvirfli til ilja frá 35 sentimetrum eða lengri (10. breyta).

4. gr.

Viðmiðunartímabil

Viðmiðunartímabilið skal vera almanaksárið.

Aðildarríki skulu senda gögnin, sem tilgreind eru í þessari reglugerð, til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) innan 24 mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

Fyrsta viðmiðunarárið skal vera 2011.

5. gr.

Lýsigögn

Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um landsbundinn mismun að því er varðar skilgreiningar, umfang gagna, hvaða endurskoðuð útgáfa og uppfærslur á alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeinaskránni (ICD) er notuð og sjálfvirk kóðunarkerfi, og einnig upplýsingar um hvernig undirliggjandi dánarorsakir eru ákveðnar og þeim breytt ef svo ber undir.

6. gr.

Útvegun gagna og lýsigagna fyrir framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins)

Aðildarríki skulu útvega samantekin eða einstaklingsbundin gögn (fullgerð, fullgilt og samþykkt) og lýsigögn sem krafist er í þessari reglugerð í samræmi við skiptistaðal sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir. Gögn og lýsigögn skulu send Hagstofu Evrópusambandsins í gegnum einn komustað.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Skrá yfir breytur sem senda á framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins)

Breytur	Heimilisfastir einstaklingar			Einstaklingar sem dóu í skýrslugjafarlandinu en voru ekki heimilisfastir þar		
	Andvanafæðingar	Nýburadauði	Önnur dauðsföll	Andvanafæðingar	Nýburadauði	Önnur dauðsföll
1) Dánarár (dánardægur)	C	C	C	C	C	C
2) Kyn	V	C	C	V	C	C
3) Undirliggjandi dánarorsök samkvæmt alþjóðlegri sjúkdóma- og dánarmeinaskrá (ICD) (fjórir tölustafir)	V	C	C	V	C	C
4) Aldur (0 dagar, 1, 2, 3, 4, 5, 6 dagar, 7–27 dagar, 28–365 dagar, 1 ár, 2, 3, 4, 5–9, … 85–89, … 105+)	X	C	C	X	C	C
5) Land þar sem dauðsfallið átti sér stað	V	C	C	V	C	C
6) Landsvæði þar sem dauðsfallið átti sér stað (samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 2)	V	C (*)	C (*)	V	C	C
7) Búsetusvæði (samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 2)/búsetusvæði móður (samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 2)	V	C	C	V	V	V
8) Aðsetursland/aðsetursland móður	X	X	X	V	C	C
9) Fyrsti hópur andvanafæðinga – fæðingarþyngd frá 500 g til 999 g eða, þegar fæðingarþyngd á ekki við, – meðgöngulengd frá 22 heilum vikum til 27 heilla vikna eða, þegar hvorugt á við, – lengd frá hvirfli til ilja frá 25 til 34 sentimetrar	V	X	X	V	X	X
10) Seinni hópur andvanafæðinga – fæðingarþyngd 1000 g eða meira eða, þegar fæðingarþyngd á ekki við, – meðgöngulengd eftir 27 heilar vikur eða, þegar hvorugt á við, – lengd frá hvirfli til ilja 35 sentimetrar eða lengri	V	X	X	V	X	X
11) Aldur móður eftir aldursflokki (yngri en 15 ára, þar á eftir í aldursflokkum með fimm ára millibili allt að 49 ára og síðan 50 ára eða eldri)	V	V	X	V	V	X
12) Samsvörun	V	V	X	V	V	X

Ath.: C – skyldubundið, V – valkvætt, X – á ekki við.

(*) Valkvætt fyrir heimilisfasta einstaklinga sem deyja í útlöndum.

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/54/115**

frá 2. mars 2010

um að fyrirbyggja og minnka etýlkarbamatmengun í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum og um vöktun á etýlkarbamatinnihaldi þessara drykkja

(2010/133/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) um aðskotaefni í matvælaferlinu samþykkti vísindalegt álit 20. september 2007 um etýlkarbamat og blásýru í matvælum og drykkjum ([1]). Í þessu áliti setti nefndin fram váhrifamörk (MOE) fyrir etýlkarbamat fyrir mismunandi sviðsmyndir af neyslu matvæla og drykkja. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, út frá þessum váhrifamörkum, að etýlkarbamat í áfengum drykkjum benti til þess að heilbrigði væri hætta búin, einkum að því er varðar brennda drykki úr steinaldinum, og mælti með því að gripið yrði til ráðstafana til að draga úr etýlkarbamatinnihaldi þessara drykkja. Þar eð blásýra er mikilvægt forefni fyrir myndun etýlkarbamats í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að slíkar ráðstafanir ættu að fela í sér áherslu á blásýru og önnur forefni etýlkarbamats til að koma í veg fyrir myndun etýlkarbamats á geymsluþolstíma þessara vara.

2) Mælt er fyrir um hámarksinnihald blásýru í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ([2]). Í þessari reglugerð er mælt fyrir um að hámarksinnihald blásýru í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum eigi að vera 7 g á hektólítra af 100% vínanda miðað við rúmmál (70 mg/l).

3) Reglur um starfsvenjur til að fyrirbyggja og minnka etýlkarbamatinnihald í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum eru taldar viðeigandi tæki til að fjalla um tilmæli Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Í þessum reglum er mælt með góðum framleiðsluháttum þar sem gögn sýna að hægt sé að ná fram lægra gildi etýlkarbamats þegar þeim er beitt. Viðmiðunargildið 1 mg/l fyrir etýlkarbamat í áfengi sem tilbúið er til neyslu er raunhæft og unnt er að ná því með því að beita góðum starfsvenjum.

4) Vakta ætti etýlkarbamatinnihaldið í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum á þriggja ára tímabili og nota niðurstöðurnar til að meta áhrifin af þessum reglum um starfsvenjur eftir þriggja ára framkvæmd. Auk þess ætti meta möguleikann á því að setja hámarksgildi.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Mælt er með því að aðildarríkin:

1. geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir stjórnendur, sem taka þátt í framleiðslu, pökkun, flutningi og geymslu steinaldinbrennivíns og ávaxtahratsbrennivíns úr steinaldinum, framfylgi reglunum um starfsvenjur til að fyrirbyggja og minnka etýlkarbamatmengun í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum, eins og lýst er í viðaukanum við þessi tilmæli,

2. tryggi að allar viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að ná fram eins lágu gildi etýlkarbamats í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum og unnt er með það að markmiði að ná viðmiðunarmarkinu 1 mg/l,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 32.

([1]) Álit sérfræðinganefndarinnar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um etýlkarbamat og blásýru í matvælum og drykkjum, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2007) nr. 551, bls. 1. http://www.efsa.europa.eu/en/scdocs/doc/Contam_ej551_ethyl_carbamate_en_rev.1,3.pdf

([2]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

3. vakti innihald etýlkarbamats í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum á árunum 2010, 2011 og 2012 til að meta áhrif reglnanna um starfsvenjur sem settar eru fram í viðaukanum við þessi tilmæli,

4. greini Matvælaöryggisstofnun Evrópu frá vöktunargögnunum frá undangengnu ári, eigi síðar en 1. júní ár hvert, með þeim upplýsingum og á því sniði sem Matvælaöryggisstofnunin setur fram,

5. fylgi þeim sýnatökuaðferðum fyrir vöktunaráætlunina eins og mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi blýs, kadmíums, kvikasilfurs, ólífræns tins, 3-MCPD og bensó(a)pýrens í matvælum ([1]),

6. annist greiningu á etýlkarbamati í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([2]).

Gjört í Brussel 2. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 165, 3.4.2004, bls. 1.

VIÐAUKI

Reglur um starfsvenjur til að fyrirbyggja og minnka etýlkarbamatmengun í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum

INNGANGUR

1. Etýlkarbamat er efnasamband sem kemur fyrir á náttúrulegan hátt í gerjuðum matvælum og áfengum drykkjum, s.s. brauði, jógúrt, sojasósu, víni, bjór og einkum í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum, aðallega þeim sem gerð eru úr kirsuberjum, plómum, kirsuberjaplómum og apríkósum.

2. Etýlkarbamat getur orðið til úr ýmsum efnum í matvælum og drykkjarvörum, þ.m.t. blásýra, þvagefni, sítrúllín og önnur efnasambönd N-karbamýls. Sýanat er sennilega grundvallarforefnið í flestum tilvikum sem hvarfast við etanól og myndar etýlkarbamat.

3. Í eimi af steinaldinum (steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum) getur etýlkarbamat myndast úr sýaníðmyndandi glýkósíðum sem eru náttúruleg innihaldsefni steinanna. Þegar aldinið er maukað geta steinarnir brotnað og sýaníðmyndandi glýkósíð úr steinunum komist í snertingu við ensím í aldinmeskinu. Sýaníðmyndandi glýkósíð brotna þá niður í blásýru/sýaníð. Blásýra getur einnig losnað úr heilum steinum við lengri geymslu á gerjaða meskinu. Á meðan á eimingu stendur getur blásýra auðgast í öllum hlutum. Við áhrif frá ljósi oxast sýaníð í sýanat sem hvarfast við etanól og myndar etýlkarbamat. Þegar hvörfun hefur farið í gang er ekki hægt að stöðva hana.

4. Hægt er að ná fram mikilli minnkun á styrk etýlkarbamats með því að nota tvær mismunandi aðferðir: í fyrsta lagi með því að draga úr styrknum í meginforefnunum; í öðru lagi með því að draga úr tilhneigingu þessara efna til að hvarfast og mynda sýanat. Þeir þættir sem hafa mest áhrif eru styrkur forefnanna (t.d. blásýru og sýaníða) og geymsluskilyrði, s.s. ljósváhrif og hitastig.

5. Þó að hingað til hafi ekki enn verið sýnt fram á mikla samsvörun milli magns blásýru og etýlkarbamats er ljóst að við tiltekin skilyrði leiðir hár styrkur blásýru til meira innihalds etýlkarbamats. Hugsanleg aukning á myndun etýlkarbamats hefur verið tengd við magn sem er við eða yfir 1 mg/l blásýru í endanlegu eimi. ([1]) ([2]).

6. Í I. hluta eru settar fram upplýsingar um framleiðsluferlið. Í II. hluta eru sérstök tilmæli sem byggjast á góðum framleiðsluháttum.

I. LÝSING Á FRAMLEIÐSLUFERLINU

7. Framleiðsluferlið fyrir ávaxtabrennivín og ávaxtahratsbrennivín felur í sér maukun og gerjun á öllu aldininu og því er fylgt eftir með eimingu. Ferlið fylgir yfirleitt eftirfarandi skrefum:

— heilt, þroskað aldin er pressað,

— meskið er gerjað í tönkum úr ryðfríu stáli eða öðrum viðeigandi gerjunartönkum,

— gerjaða meskið er flutt yfir í eimingartækið, oft koparpott,

— gerjaða meskið er hitað með viðeigandi hitunaraðferð til að hæg uppgufun alkóhóls eigi sér stað,

([1]) Christoph, N., Bauer-Christoph C., Maßnahmen zur Reduzierung des Ethylcarbamatgehaltes bei der Herstellung von Steinobstbränden (I), Kleinbrennerei 1998; 11: 9-13.

([2]) Christoph, N., Bauer-Christoph C., Maßnahmen zur Reduzierung des Ethylcarbamatgehaltes bei der Herstellung von Steinobstbränden (II), Kleinbrennerei 1999; 1: 5-13.

— alkóhólgufan er kæld í viðeigandi súlu (þ.e. úr ryðfríu stáli) þar sem hún þéttist og er safnað saman,

— þrír mismunandi skammtar alkóhóls skiljast að: „haus“ (e. *heads*), „hjarta“ (e. *hearts*) og „hali“ (e. *tails*).

8. Hausinn er fyrsti hlutinn þar sem uppgufun á sér stað við eimingu. Yfirleitt er hægt að þekkja hann af leysis- eða lakklykt. Þessi hluti er yfirleitt óhæfur til neyslu og ætti að henda honum.

9. Í miðjuhluta eimingarinnar („hjarta“) er etanólið, mikilvægasta alkóhólið í öllum brenndum drykkjum, eimað. Þessi hluti eimingarinnar, þar sem innihald rokgjarnra efna, annarra en etanóls, er minnst og þar sem hreinasti ilmurinn af aldininu finnst, er alltaf geymdur.

10. Síðasti hluti eimingarinnar er „hali“ sem inniheldur ediksýru og fýsil sem þekkist oft af ógeðfelldri lykt af ediki og grænmeti. Þessum þætti er einnig hent en það má endureima hann því eitthvað af etanóli er óhjákvæmilega í halanum.

II. RÁÐLAGÐAR STARFSVENJUR SEM BYGGJAST Á GÓÐUM FRAMLEIÐSLUHÁTTUM

Hráefni og undirbúningur aldinmeskis

11. Hráefnin og undirbúningur aldinmeskisins ættu að vera þess eðlis að komið sé í veg fyrir losun blásýru.

12. Steinaldinin ættu að vera af góðum gæðum, ekki hafa orðið fyrir aflrænum skaða og ekki vera örverufræðilega spillt.

13. Æskilegt er að búið sé að fjarlægja steina úr aldininu.

14. Ef ekki er búið að fjarlægja steina úr aldinunum ætti að mauka þau varlega til að forðast að mylja steinana.

Gerjun

15. Bæta ætti völdum gerstofnum fyrir framleiðslu alkóhóls við maukuðu aldinin samkvæmt leiðbeiningunum fyrir notendur.

16. Meðhöndla ætti maukuð, gerjuð aldin samkvæmt ströngum hreinlætiskröfum og draga ætti úr váhrifum af völdum ljóss. Geyma ætti gerjaða aldinmeskið í eins stuttan tíma og hægt er fyrir eimingu þar eð blásýra getur einnig losnað úr heilum steinum við lengri geymslu á meskinu.

Eimingarbúnaður

17. Eimingarbúnaður og eimingarferlið ættu að vera þess eðlis að tryggt sé að blásýra flytjist ekki yfir í eimið.

18. Eimingarbúnaðurinn ætti að innihalda sjálfvirkan hreinsunarbúnað og hvarfakúta úr kopar. Sjálfvirki hreinsunarbúnaðurinn heldur eimingartækinu hreinu en koparhvarfakútarnir binda blásýruna áður en hún flyst yfir í eimið.

19. Sjálfvirkur hreinsunarbúnaður er ekki nauðsynlegur ef um er að ræða ósamfellda eimingu. Eimingarbúnaðinn ætti að hreinsa samkvæmt kerfisbundnum og vandlegum aðferðum við hreinsun.

20. Í tilteknum tilvikum þegar koparhvarfakútar eða annar sérstakur búnaður til að fjarlægja blásýru er ekki notaður skal bæta koparefnum saman við gerjaða aldinmeskið fyrir eimingu. Tilgangur koparefnanna er að binda blásýru. Koparefni er selt í sérhæfðum verslunum og ætti að notast með mikilli varúð samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans.

Eimingarferli

21. Ekki ætti að dæla steinum, sem sest hafa á botninn í gerjaða meskinu, inn í eimingartækið.

22. Framkvæma ætti eiminguna á þann hátt að hæg uppgufun alkóhóls eigi sér stað (t.d. með því að nota gufu í staðinn fyrir beinan loga sem hitagjafa).

23. Aðskilja ætti fyrsta skammt eimingarinnar, sem kallast „haus“, varlega frá.

24. Síðan ætti að safna miðjuskammtinum, sem kallast „hjarta“, saman og geyma á dimmum stað. Þegar alkóhólinnihaldið nær 50% miðað við rúmmál ætti að hefja söfnun í „hala“ svo að allt etýlkarbamat sem kann að hafa myndast verði aðskilið í halahlutann.

25. Safna skal úr aðskilda halanum, sem inniheldur hugsanlega etýlkarbamat, og ef hann er endureimaður ætti að endureima hann sérstaklega.

Eftirlit með eimingu, endureimingu og geymslu

Blásýra

26. Hafa ætti reglulegt eftirlit með blásýruinnihaldi í eiminu. Mælinguna ætti að gera með viðeigandi prófunum, annað hvort með settum til flýtiprófunar á innihaldi blásýru eða að öðrum kosti á sérhæfðri rannsóknarstofu.

27. Ef styrkur blásýrunnar í eiminu fer yfir 1mg/l er mælt með endureimingu með hvarfakútum eða koparefnum (sbr. lið 18 og 20), eftir því sem við á.

28. Ef innihald blásýru í eimi er nálægt 1mg/l væri einnig ákjósanlegt að endureima hann eða, ef slíkt er ekki hægt, geyma hann í ljósheldum flöskum eða kössum í eins stuttan tíma og unnt er til að forðast myndun etýlkarbamats meðan á geymslu stendur.

Etýlkarbamat

29. Mælt er með prófun á eimi m.t.t. etýlkarbamats þar sem efnasambandiðið kann þegar að hafa myndast (t.d. eimi þar sem framleiðslusagan er óþekkt, með hærra gildi blásýru, sem geymdur er við ljós). Gildi etýlkarbamats er einungis hægt að prófa á sérhæfðri rannsóknarstofu.

30. Ef styrkur etýlkarbamats í eimi fer yfir viðmiðunarmarkið 1mg/l ætti að endureima eimið, eftir því sem við á.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1269/2013 **2014/EES/54/116**

frá 5. desember 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 802/2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) ([1]), einkum 1. mgr. 23. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 ([2]) er gerð krafa um notkun staðlaðra eyðublaða til þess að tilkynna samfylkingar, skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 139/2004, og rökstuddar greinargerðir þegar samfylkingum er vísað til framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis skv. 4. eða 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Þessi eyðublöð eru sett fram í viðaukum við reglugerð (EB) nr. 802/2004.

2) Til þess að einfalda og hraða athugun tilkynninga og rökstuddra greinargerða með tilliti til reynslunnar, sem fengist hefur af stöðluðum eyðublöðum til þess að tilkynna samfylkingar og leggja fram rökstuddar greinargerðir, ætti að uppfæra, einfalda og draga úr upplýsingakröfum sem mælt er fyrir um á þessum eyðublöðum. Jafnframt ættu eyðublöðin að tryggja að fullnægjandi upplýsingar séu veittar um tilhögun samfylkingarinnar og að mikilvægustu innanhússskjölin, sem samin eru af hlutaðeigandi fyrirtækjum sem ráðgast um samfylkinguna, séu lögð fram.

3) Til þess að einfalda og hraða athugun á samfylkingum sem ólíklegt er talið að hafi skaðleg áhrif á samkeppni er enn fremur æskilegt að kveða á um að hægt sé að tilkynna fleiri samfylkingar með því að nota einfaldaða eyðublaðið sem er að finna í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 802/2004.

4) Framkvæmdastjórnin ætti öðru hverju að geta tiltekið sérstaklega form og fjölda afrita, sem tilkynningaraðilar, aðrir hlutaðeigandi aðilar og þriðju aðilar fara fram á að lögð verði fram, að teknu tilliti til þróunar á upplýsinga- og samskiptatækni og þess að nauðsynlegt er að láta aðildarríkjunum í té afrit af tilteknum skjölum. Þetta gildir einkum um tilkynningar, rökstuddar greinargerðir, athugasemdir sem svar við andmælum sem framkvæmdastjórnin beinir til tilkynningaraðila og um skuldbindingar sem hlutaðeigandi fyrirtæki leggja til skv. 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Nákvæmar upplýsingar um fjölda afrita og form upplýsinga og skjala sem láta ber í té ætti að birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5) Til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að skiptast á skoðunum við samkeppnisyfirvöld í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins um athugun á tilkynntum samfylkingum á óþvingaðan hátt og í trúnaði ætti réttur til aðgangs að málsskjölum framkvæmdastjórnarinnar ekki að ná til bréfaskipta á milli framkvæmdastjórnarinnar og þessara samkeppnisyfirvalda.

6) Gera ætti skýra grein fyrir því að þegar utanaðkomandi fulltrúar með umboð einstaklinga eða fyrirtækja undirrita tilkynningar verði þessir fulltrúar að geta lagt fram skriflega staðfestingu um að þeir hafi heimild til þess. Einnig ætti að gera skýra grein fyrir því að í tilkynningunum

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 14.12.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á bókun 21 um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1).

verði upplýsingarnar, sem farið er fram á, að koma fram á viðeigandi eyðublöðum sem sett eru fram í I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 802/2004. Breyta ætti 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 802/2004 með þeim hætti að gert sé ráð fyrir afturköllun á bráðabirgðaákvörðun en ekki ógildingu á henni. Einnig ætti að gera skýra grein fyrir því að framlenging á frestinum til þess að samþykkja ákvörðun skv. 1., 2. og 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, sem kveðið er á um í öðrum málslið 3. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, á einnig við þegar hlutaðeigandi fyrirtæki leggja til skuldbindingar skv. annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar innan 55 virkra daga frá því að málsmeðferð er hafin en leggja fram breytta útgáfu skuldbindinganna 55 eða fleiri virkum dögum eftir að málsmeðferð er hafin.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 802/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 802/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. Þegar utanaðkomandi fulltrúar með umboð einstaklinga eða fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.“

2) Í stað 2. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„2. Senda skal CO-eyðublað og fylgiskjöl til framkvæmdastjórnarinnar á því formi og í þeim fjölda eintaka sem framkvæmdastjórnin tilgreinir hverju sinni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Tilkynninguna skal senda á póstfangið sem um getur í 1. mgr. 23. gr.“,

3) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Í tilkynningum skulu vera upplýsingar, þ.m.t. skjöl, sem beðið er um á viðeigandi eyðublöðum sem sett eru fram í I. og II. viðauka. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.“

4) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 2. gr., 3. gr. (1. mgr. þriðja málslið), 3. gr. (2.–5. mgr.), 4. gr., 5. gr. (1.–4. mgr.) 21. og 23. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda að breyttu breytanda um rökstuddar greinargerðir í skilningi 4. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004.“

5) Í stað fyrsta málsliðar annarrar undirgreinar 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„Þegar tilkynningaraðilar og aðrir hlutaðeigandi aðilar hafa skýrt frá sjónarmiðum sínum skal framkvæmdastjórnin taka lokaákvörðun um að fella niður, breyta eða staðfesta bráðabirgðaákvörðun.“

6) Í stað 3. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðilar, sem framkvæmdastjórnin hefur beint andmælum sínum til eða sem hefur verið tilkynnt um slík andmæli, geta lagt fram athugasemdir sínar um andmælin. Allar athugasemdir skulu lagðar fram skriflega innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að setja fram alla málavexti og öll atriði, sem þeim er kunnugt um og skipta máli fyrir vörn þeirra, í skriflegum athugasemdum sínum og skulu láta fylgja með öll þau skjöl sem máli skipta til að færa sönnur á þær upplýsingar sem lagðar eru fram. Þeim er einnig heimilt að leggja til að framkvæmdastjórnin taki skýrslur af einstaklingum sem geta staðfest fyrrnefndar upplýsingar. Þeir skulu senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sínar á heimilisfangið sem um getur í 1. mgr. 23. gr. Framkvæmdastjórnin skal tilgreina formið sem athugasemdirnar skulu lagðar fram á og fjölda tilskilinna afrita hverju sinni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórnin framsendir án tafar afrit slíkra skriflegra athugasemda til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum.“

7) Í stað 3. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„3. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til trúnaðarupplýsinga eða innanhússskjala framkvæmdastjórnarinnar eða lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær heldur ekki til bréfaskipta á milli framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum, milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna innbyrðis eða á milli framkvæmdastjórnarinnar og annarra lögbærra yfirvalda.“

8) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„2. Skuldbindingar, sem hlutaðeigandi fyrirtæki leggja til skv. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en innan 65 virkra daga frá þeim degi þegar málsmeðferð var hafin.

Þegar hlutaðeigandi fyrirtæki leggja til fyrstu skuldbindingarnar innan 55 virkra daga frá því að málsmeðferð var hafin en leggja fram breytta útgáfu á skuldbindingunum 55 virkum dögum eða fleiri frá þeim degi skulu breyttu skuldbindingarnar teljast vera nýjar skuldbindingar með tilliti til beitingar annars málsliðar 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004.“

9) Í stað 1. mgr. og 1. mgr. a 20. gr. komi eftirfarandi:

„1. Skuldbindingarnar, sem hlutaðeigandi fyrirtæki leggja til skv. 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, skulu sendar framkvæmdastjórninni á póstfangið, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., á því formi og í þeim fjölda afrita sem framkvæmdastjórnin tilgreinir hverju sinni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórnin framsendir án tafar afrit slíkra skuldbindinga til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum.

1a. Til viðbótar kröfunum sem settar eru fram í 1. mgr. skulu hlutaðeigandi fyrirtæki, jafnframt því að leggja til skuldbindingar skv. 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, leggja fram eitt frumrit af upplýsingum og skjölum, eins og tiltekið er með RM-eyðublaði, sem varðar úrræði (RM-eyðublað), sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð og jafnframt þann fjölda afrita sem framkvæmdastjórnin tilgreinir hverju sinni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Upplýsingarnar, sem lagðar eru fram, skulu vera réttar og fullnægjandi.“

10) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin getur sent skjöl og kvaðningar til viðtakenda á einhvern eftirfarandi hátt:

a) með boðsendingu gegn kvittun,

b) með ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku,

c) með símbréfi ásamt beiðni um kvittun fyrir móttöku,

d) með tölvupósti ásamt beiðni um kvittun fyrir móttöku.

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ef skjal er sent með símbréfi eða tölvupósti skal gera ráð fyrir að viðtakanda hafi borist það í hendur sama dag og það var sent.“

11) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 23. gr.:

„4. Þegar framkvæmdastjórnin tiltekur sérstaklega að skjöl sem eru send henni eða önnur viðbótareintök af þeim eigi að senda með rafrænum hætti skal hún tilgreina formið hverju sinni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Ef skjal er lagt fram með tölvupósti skal það sent á tölvupóstfangið sem framkvæmdastjórnin birtir hverju sinni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.“

12) Í stað I., II. og III. viðauka komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ CO FYRIR TILKYNNINGU UM SAMFYLKINGU SAMKVÆMT REGLUGERÐ (EB) nr. 139/2004

INNGANGUR

1.1. **Tilgangurinn með CO-eyðublaðinu**

Á þessu CO-eyðublaði kemur fram hvaða upplýsingar tilkynningaraðilar þurfa að veita þegar þeir leggja fram tilkynningu til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fyrirhugaða samfylkingu, kaup eða annan samruna. Mælt er fyrir um samrunaeftirlitskerfi Evrópusambandsins í reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ([3]) (hér á eftir nefnd „samrunareglugerðin“) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 ([4]) (hér á eftir nefnd „framkvæmdarreglugerðin“), sem þetta CO-eyðublað fylgir með í viðauka. Texta reglugerðanna og önnur tengd skjöl er að finna á samkeppnissíðu Europa-vefseturs framkvæmdastjórnarinnar. Athygli er vakin á samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ([5]) (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“).

Til að takmarka tíma og kostnað sem varið er þegar ólíkum málsmeðferðarreglum við samrunaeftirlit er fylgt í mörgum löndum hefur Evrópusambandið sett á stofn samrunaeftirlitskerfi þar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins metur samfylkingar á vettvangi Sambandsins ([6]) (alla jafnan þegar aðilar að samfylkingu uppfylla tiltekin viðmiðunarmörk um veltu) ([7]) með einni málsmeðferð (samkvæmt meginreglunni um afgreiðslu á einum stað). „Samfylkingar, sem uppfylla ekki sett veltumörk, kunna að falla undir valdsvið þeirra yfirvalda í aðildarríkjum EB og/eða EFTA-ríkjunum sem annast samrunaeftirlit.

Samkvæmt ákvæðum samrunareglugerðarinnar ber framkvæmdastjórninni að taka ákvörðun innan tilskilins frests samkvæmt lögum. Í upphafsáfanga hefur framkvæmdastjórnin alla jafnan 25 virka daga til þess að ákvarða hvort heimila skuli samfylkinguna eða „hefja málsmeðferð“, þ.e. að ráðast í ítarlega rannsókn ([8]). Ákveði framkvæmdastjórnin að hefja málsmeðferð þarf hún að öllu jöfnu að taka lokaákvörðun um aðgerðina eigi síðar en innan 90 virkra daga frá þeim degi þegar málsmeðferðin hefst ([9]).

Með tilliti til þessara tímamarka, og til þess að meginreglan um afgreiðslu á einum stað gangi eftir, skiptir sköpum að framkvæmdastjórninni berist tímanlega þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að framkvæma rannsókn og meta áhrif samfylkingarinnar á hlutaðeigandi markaði. Þetta útheimtir tiltekið magn upplýsinga sem þurfa að berast þegar tilkynningin er lögð fram.

1.2. **Samskipti áður en tilkynning er lögð fram**

Viðurkennt er að þær upplýsingar sem farið er fram á með þessu CO-eyðublaði eru mikilvægar. Þó hefur reynslan sýnt að ekki eru allar upplýsingar endilega nauðsynlegar til þess að unnt sé að rannsaka fyrirhugaða samfylkingu með viðunandi hætti, og veltur það á málavöxtum í hverju tilviki. Í samræmi við það eruð þér hvattir til þess að fara fram á við framkvæmdastjórnina að hún leysi yður undan þeirri skyldu að láta í té tilteknar upplýsingar ef þér teljið að tilteknar upplýsingar, sem óskað er eftir á þessu CO-eyðublaði, kunni að vera óþarfar fyrir athugun framkvæmdastjórnarinnar á málinu (sjá nánar í g-lið í lið 1.4 í þessum inngangshluta).

Möguleikinn á að hafa samskipti áður en tilkynning er lögð fram er þjónusta sem framkvæmdastjórnin býður tilkynningaraðilum, kjósi þeir það, til að undirbúa formlega endurskoðun á samruna. Þótt það sé ekki skyldubundið getur verið mjög gagnlegt, bæði fyrir tilkynningaraðila og framkvæmdastjórnina, að hafa samskipti sín á milli áður en tilkynning er lögð fram, til að ákvarða nákvæmlega m.a. hvaða upplýsingar verða að koma fram í tilkynningunni, enda leiðir það í flestum tilvikum til þess að verulega er dregið úr kröfum um upplýsingar.

Jafnvel þótt það sé alfarið á ábyrgð þeirra aðila sem standa að tilkynningunni að ákveða hvort þeir eiga í samskiptum áður en tilkynning er lögð fram og hvenær þeir eiga að tilkynna eru þeir þannig hvattir til þess að ráðfæra sig við framkvæmdastjórnina, kjósi þeir svo, um það að hve miklu leyti upplýsingarnar sem þeir ætla að byggja tilkynningu sína á eru fullnægjandi og um gerð þeirra.

([3]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1.
([5]) Sjá einkum 57. gr. EES-samningsins, 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn, bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn ásamt bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“). Þegar EFTA-ríkjanna er getið er átt við þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum. Hinn 1. maí 2004 eru þessi ríki Ísland, Liechtenstein og Noregur.
([6]) Frá og með 1. desember 2009 hafa tilteknar breytingar á hugtakanotkun, sem innleiddar voru með sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, öðlast gildi, s.s. notkun á „Evrópusambandið“ í stað „Evrópubandalagið“ og „innri markaður“ í stað „sameiginlegur markaður“. Hugtökin í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins eru alls staðar notuð í þessu CO-eyðublaði.
([7]) Hugtakið „samfylking“ er skilgreint í 3. gr. samrunareglugerðarinnar og hugtakið „hagsmunir Sambandsins“ í 1. gr. hennar. Auk þess er kveðið á um það í 5. mgr. 4. gr. að við tilteknar aðstæður, þegar viðmiðunarmörk Sambandsins um veltu eru ekki virt, geti tilkynningaraðilar farið fram á að framkvæmdastjórnin fari með fyrirhugaða samfylkingu sem mál sem varði hagsmuni Sambandsins.
([8]) Sjá 1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar.
([9]) Sjá 3. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar.

Auk þess er vakin athygli á því að tilkynna má um tilteknar samfylkingar, sem ekki er sennilegt að skaði samkeppni, með því að nota stutt CO-eyðublað sem fylgir í II. viðauki við framkvæmdarreglugerðina.

Tilkynningaraðilar geta stuðst við leiðbeiningar stjórnarsviðs samkeppnismála hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („stjórnarsvið samkeppnismála)“ um bestu starfsvenjur við framkvæmd samrunaeftirlits EB (e. „Best Practices on the conduct of EC merger control proceedings“), eins og þær eru birtar á vefsíðu stjórnarsviðs samkeppnismála og uppfærðar hverju sinni þar sem ráðlagt er um samskipti áður en tilkynning er lögð fram og um undirbúning tilkynninga.

1.3. **Hver á að leggja fram tilkynningu?**

Sé um samruna að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar eða öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar skulu samrunaaðilar eða þeir sem ná sameiginlegum yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningunni ([10]).

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningunni.

Sé um opinbert yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningunni.

Allir sem leggja fram tilkynningu bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

1.4. **Krafan um að tilkynning sé rétt og fullnægjandi**

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu CO-eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Upplýsingarnar ber að láta í té í réttum hluta þessa CO-eyðublaðs.

Einkum er athygli vakin á eftirfarandi:

a) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar og 2. og 4. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar hefjast frestir samkvæmt samrunareglugerðinni, sem tengjast tilkynningunni, ekki fyrr en framkvæmdastjórninni hafa borist allar upplýsingar sem skulu fylgja henni. Tilgangurinn með þessari kröfu er að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið tilkynnta samfylkingu fyrirtækja innan þeirra ströngu tímamarka sem kveðið er á um í samrunareglugerðinni.

b) Þegar tilkynningaraðili eða tilkynningaraðilar undirbúa tilkynningu sína verða þeir að ganga úr skugga um að nöfn og númer tengiliða, einkum bréfasímanúmer og tölvupóstföng, sem send eru framkvæmdastjórninni, séu nákvæm, viðeigandi og uppfærð ([11]).

c) Farið verður með rangar eða misvísandi upplýsingar í tilkynningu sem ófullnægjandi upplýsingar (5. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

d) Ef tilkynning er ófullnægjandi lætur framkvæmdastjórnin tilkynningaraðila eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast ekki gildi fyrr en daginn sem framkvæmdastjórnin hefur veitt fullnægjandi og nákvæmum upplýsingunum viðtöku (1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar og 2. og 4. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

e) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðarinnar geta tilkynningaraðilar sem, hvort heldur af ásetningi eða í gáleysi, veita rangar eða misvísandi upplýsingar sætt sektum sem nema allt að 1% af samanlagðri veltu viðkomandi fyrirtækis. Auk þess er framkvæmdastjórninni heimilt, skv. a-lið 3. mgr. 6. gr. og a-lið 6. mgr. 8. gr. samrunareglugerðarinnar, að afturkalla ákvörðun sína um að tilkynnt samfylking samrýmist kröfum hins sameiginlega markaðar ef ákvörðunin byggist á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á.

f) Heimilt er að fara skriflega fram á það við framkvæmdastjórnina að hún fallist á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á CO-eyðublaðinu, vanti ef þessar upplýsingar eru ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (t.d. vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir um fyrirtæki sem fjandsamlegt yfirtökutilboð beinist að).

([10]) Sjá 2. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar.

([11]) Allar persónuupplýsingar sem lagðar eru fram á þessu CO-eyðublaði skal vinna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2001 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að greint sé frá ástæðum þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og reynt sé eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og tilgreint sé á hverju þetta mat byggist. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar framkvæmdastjórnin getur aflað þeirra umbeðnu upplýsinga sem ekki voru tiltækar.

g) Í samræmi við 2. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar getur framkvæmdastjórnin veitt undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram tilteknar upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningunni, þ.m.t. skjöl, eða frá öðrum kröfum sem tilgreindar eru á þessu CO-eyðublaði, telji hún að ekki sé nauðsynlegt fyrir athugun á málinu að þær skyldur eða kröfur séu uppfylltar. Til samræmis við það er hægt að senda framkvæmdastjórninni skriflega beiðni áður en tilkynning er lögð fram þar sem farið er á leit við hana að hún veiti undanþágu frá þeirri skyldu að láta í té slíkar upplýsingar ef talið er að ekki sé þörf á þeim fyrir athugun hennar á málinu.

Reynsla framkvæmdastjórnarinnar sýnir að tilteknir flokkar upplýsinga, sem krafist er á þessu CO-eyðublaði, kunni, þrátt fyrir að þær séu nauðsynlegar fyrir athugun framkvæmdastjórnarinnar á tilteknum málum, ekki að vera nauðsynlegir fyrir athugun framkvæmdastjórnarinnar á fjölda annarra mála. Þessir flokkar upplýsinga eru sérstaklega tilgreindir á þessu CO-eyðublaði (sjá 15., 16., 18., 20., 23., 27., 28., 30. og 31. nmgr.). Hvatt er sérstaklega til þess að tekið sé til skoðunar hvort fara eigi fram á undanþágu fyrir einhverja þessara flokka af undanþágum.

Beiðnir um undanþágu skulu lagðar fram ásamt drögum að CO-eyðublaði til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að ákvarða hvort upplýsingarnar í tengslum við undanþáguna sem farið er fram á séu nauðsynlegar fyrir athugun á málinu eða ekki. Beiðnir um undanþágu skulu lagðar fram annaðhvort í drögunum að sjálfu CO-eyðublaðinu eða tölvupósti eða bréfi sem beint er til þess aðila sem ber ábyrgð á meðferð málsins og/eða deildarstjóra.

Framkvæmdastjórnin mun skoða beiðnir um undanþágu að því gefnu að fullnægjandi ástæður séu veittar um hvers vegna viðkomandi upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun á málinu. Farið verður með beiðnir um undanþágu í tengslum við skoðun á drögum að CO-eyðublaði. Í samræmi við bestu starfsvenjur stjórnarsviðs samkeppnismála við framkvæmd samrunaeftirlits EB þyrfti stjórnarsvið samkeppnismála því alla jafnan fimm virka dag til að svara beiðnum um undanþágu.

Til að taka af allan vafa skal taka fram að þrátt fyrir að framkvæmdastjórnin hafi talið að einhverjar tilteknar upplýsingar, sem óskað er eftir á þessu CO-eyðublaði, hafi ekki verið nauðsynlegar fyrir fullfrágengna tilkynningu um samfylkingu (með því að nota CO-eyðiblað) kemur það á engan hátt í veg fyrir að framkvæmdastjórnin fari fram á þessar upplýsingar hvenær sem er, einkum með því að biðja um upplýsingar í samræmi við 11. gr. samrunareglugerðarinnar.

1.5. **Hvernig ber að standa að tilkynningu?**

Tilkynningu ber að leggja fram á opinberu tungumáli Evrópusambandsins. Þetta tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir alla tilkynningaraðila. Ef tilkynning er samin í samræmi við 12. gr. bókunar 24 við EES-samninginn á opinberu tungumáli EFTA-ríkis, sem er ekki opinbert tungumál Sambandsins, skal tilkynningunni og öllum fylgiskjölum samtímis fylgja þýðing á opinberu tungumáli Sambandsins.

Þegar veittar eru upplýsingar, sem óskað er eftir á þessu CO-eyðublaði, skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á CO-eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing, eins og kveðið er á um í 11. þætti, og fylgiskjöl. Frumrit CO-eyðublaðsins skal undirritað af einstaklingum sem lögum samkvæmt hafa heimild til að koma fram fyrir hönd einstakra tilkynningaraðila eða af einum eða fleiri viðurkenndum utanaðkomandi fulltrúum tilkynningaraðilans eða -aðilanna. Við frágang 7.–9. þáttar þessa CO-eyðublaðs eru tilkynningaraðilar hvattir til þess að skoða hvort best sé, fyrir skýrleika sakir, að setja þessa þætti fram í númeraröð eða hvort hægt sé að flokka þá saman fyrir hvern hlutaðeigandi markað þar sem áhrifa gætir (eða flokk markaða þar sem áhrifa gætir).

Sumar upplýsingar má setja í viðauka fyrir skýrleika sakir. Þó er brýnt að allar helstu upplýsingar, einkum þær sem varða markaðshlutdeild aðilanna og stærstu samkeppnisaðila þeirra, komi fram í meginmáli CO-eyðublaðsins. Viðauka við þetta CO-eyðublað skal aðeins nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á CO-eyðublaðinu sjálfu.

Leggja skal fram samskiptaupplýsingar á því formi sem stjórnarsvið samkeppnismála hjá framkvæmdastjórninni leggur til á vefsetri sínu. Brýnt er að allar samskiptaupplýsingar séu réttar svo að rannsóknarferlið fari rétt fram. Ítrekuð tilvik um rangar samskiptaupplýsingar geta verið tilefni til að úrskurða að tilkynning sé ófullnægjandi.

Fylgiskjöl skulu lögð fram á frummálinu; sé það ekki opinbert tungumál Sambandsins ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins (sbr. 4. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber tilkynningaraðilanum að staðfesta að þau séu rétt og óstytt.

Senda skal eitt frumrit og tilskilinn fjölda afrita af CO-eyðublaði og fylgiskjölum til stjórnarsviðs samkeppnismála hjá framkvæmdastjórninni. Tilskilinn fjöldi og form (pappírsform og/eða rafrænt form) afrita verða birt hverju sinni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og jafnframt á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála.

Tilkynningin skal send á póstfangið sem um getur í 1. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar. Framkvæmdastjórnin skal birta þetta póstfang í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gera það aðgengilegt á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála. Tilkynningin skal berast framkvæmdastjórninni á virkum degi sbr. 24. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar á opnunartímum sem tilgreindir eru á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála. Fara ber að þeim öryggisfyrirmælum sem birt eru á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála.

Öll rafræn eintök af CO-eyðublaðinu og fylgiskjölum skulu lögð fram á nothæfu og leitarhæfu formi eins og tilgreint er á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála

1.6. **Trúnaðarkvaðir**

Í 2. mgr. 17. gr. samrunareglugerðarinnar, einnig í samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ([12]), er framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum óheimilt að láta öðrum í té vitneskju, sem þeir hafa öðlast við beitingu reglugerðarinnar, sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli tilkynningaraðila.

Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál“. Einnig ber yður að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða eða gangi fleiri en einn málsaðili frá tilkynningunni er heimilt að leggja viðskiptaleyndarmál fram í sérstökum viðaukum og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Tilkynningin telst ekki fullnægjandi fyrr en allir slíkir viðaukar hafa borist.

1.7. ***Skilgreiningar og leiðbeiningar við frágang þessa CO-eyðublaðs***

Tilkynningaraðili eða -aðilar: ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram tilkynningu er hugtakið tilkynningaraðilar einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur tilkynninguna fram.

Samfylkingaraðili eða -aðilar: Hér er bæði átt við aðila sem yfirtaka fyrirtæki og aðila sem eru yfirteknir eða þá aðila sem eiga hlut að samruna fyrirtækja, þ.m.t. öll fyrirtæki sem sóst er eftir ráðandi eignarhlut í eða yfirtökuboð berast í.

Hugtökin tilkynningaraðili eða -aðilar og samfylkingaraðili eða -aðilar taka til allra fyrirtækja sem tilheyra sömu fyrirtækjahópum og þessir aðilar nema annað sé tekið fram.

Markaðir þar sem áhrifa gætir: Í 6. þætti CO-eyðublaðsins er óskað eftir að tilkynningaraðilar skilgreini viðkomandi vörumarkaði og tilgreini enn fremur hverjir þessara viðkomandi markaða eru líklegir til að verða fyrir áhrifum af tilkynntum aðgerðum. Þessi skilgreining á mörkuðum þar sem áhrifa gætir er grundvöllur margra spurninga á CO-eyðublaðinu sem þarf að svara. Þetta hugtak getur átt við viðkomandi markaði fyrir vörur eða þjónustu.

Ár: allar tilvísanir til orðsins „ár“ á CO-eyðublaðinu merkja almanaksár nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem óskað er eftir á CO-eyðublaðinu, skulu eiga við árið á undan tilkynningarárinu nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðirnar, sem óskað er upplýsinga um í 4. þætti skulu gefnar upp í evrum, umreiknuðum á meðalgengi viðkomandi ára eða tímabila.

Allar tilvísanir í lagaákvæði á þessu CO-eyðublaði eru tilvísanir í viðeigandi greinar og málsgreinar samrunareglugerðarinnar nema annað sé tekið fram.

1.8. **Lýsing á megindlegum efnahagslegum gögnum sem hlutaðeigandi fyrirtæki safnar saman**

Í tilvikum þar sem megindleg efnahagsleg greining á mörkuðum þar sem áhrifa gætir kann að vera gagnleg skal lýsa í stuttu máli gögnunum sem hvert hlutaðeigandi fyrirtæki safnar saman og geymir í venjulegum viðskiptum og sem gætu verið gagnleg fyrir slíka greiningu.

Hér á eftir eru þrjú dæmi um tilvik þar sem gögn kunna að vera gagnleg fyrir megindlega efnahagslega greiningu: samfylking milli tveggja veitenda þjónustu, sem viðskiptavinir kaupa á grundvelli skipulegs innkaupaferlis, þar sem mögulegir birgjar bjóða hvor á móti öðrum og þar sem birgjar eða viðskiptavinir safna saman upplýsingum um tilboðsgögn, þ.e. gögnum um þátttakendur, tilboð og niðurstöður fyrri innkaupaferla; samfylking milli framleiðenda smásöluvara sem eru seldar til lokaneytenda og þar sem skönnunargögnum (e. scanning data) um kaup neytanda í verslunum er safnað saman á tiltölulega löngum tíma; samfylking milli þeirra sem veita farsímaþjónustu til endanlegra viðskiptavina og þar sem eftirlitsyfirvöld á fjarskiptasviði safna saman göngum um viðskiptavini sem færa sig á milli þeirra sem veita farsímaþjónustu.

([12]) Sjá einkum 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 24 við EES-samninginn og 2. mgr. 17. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Lýsing á gögnum skal einkum taka til upplýsinga um tegund slíkra gagna (upplýsingar um sölu eða tilboð, hagnaðarhlutfall, nákvæmar upplýsingar um innkaupaferlið, o.s.frv.), aðgreiningarstig (á hvert land, vöru, viðskiptavin, samning, o.s.frv.), tímabilið meðan gögn eru tiltæk og form þeirra.

Upplýsingarnar, sem farið er fram á í lið 1.8 í þessum inngangshluta, eru ekki nauðsynlegar til þess að CO-eyðublaðið teljist vera fullfrágengið. Vegna tilskilins tímafrests fyrir samrunaeftirlit Sambandsins eru tilkynningaraðilar þó hvattir til þess að láta í té slíkar lýsingar eins fljótt og auðið er í málum og vegna markaða þar sem líklegt er að megindleg greining kunni að vera gagnleg.

Hlutaðeigandi fyrirtæki geta nálgast frekari leiðbeiningar í „*bestu starfsvenjum stjórnarsviðs samkeppnismála við framlagningu efnahagslegra gagna og gagnasöfnun í málum sem tengjast beitingu 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samrunamálum" (e. Best Practices for the submission of economic evidence and data collection in cases concerning the application of articles 101 and 102 TFEU and in merger cases),* eins og þær eru birtar á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála og uppfærðar hverju sinni.

1.9. **Alþjóðleg samvinna milli framkvæmdastjórnarinnar og annarra samkeppnisyfirvalda**

Framkvæmdastjórnin hvetur hlutaðeigandi fyrirtæki til að stuðla að alþjóðlegri samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og annarra samkeppnisyfirvalda sem rannsaka sömu samfylkingu. Reynsla framkvæmdastjórnarinnar sýnir að góð samvinna milli framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisyfirvalda í lögsagnarumdæmum utan EES er hlutaðeigandi fyrirtækjum til verulegra hagsbóta. Í þessu skyni hvetur framkvæmdastjórnin tilkynningaraðila til þess að leggja fram ásamt þessu CO-eyðublaði skrá yfir öll lögsagnarumdæmi utan EES sem veita leyfi fyrir samfylkingu samkvæmt reglum um samrunaeftirlit áður eða eftir að hún verður að veruleika.

Enn fremur hvetur framkvæmdastjórnin hlutaðeigandi fyrirtæki til að falla frá trúnaðarkvöð sem gerði henni kleift að deila upplýsingum með öðrum samkeppnisyfirvöldum utan EES sem rannsaka sömu samfylkingu. Sérhver yfirlýsing þar sem fallið er frá trúnaðarkvöð auðveldar samráð og greiningu á samfylkingu þar sem hún gerir framkvæmdastjórninni kleift að deila mikilvægum upplýsingum með öðru samkeppnisyfirvaldi sem rannsakar sömu samfylkingu, þ.m.t. viðskiptaupplýsingum sem trúnaður ríkir um sem hlutaðeigandi fyrirtæki hefur látið í té. Í þessu skyni hvetur framkvæmdastjórnin hlutaðeigandi fyrirtæki til þess að nota staðlaða fyrirmynd að yfirlýsingu, þar sem fallið er frá trúnaðarkvöð, sem birt er á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála og er uppfærð reglulega.

1.10. **Miðlun upplýsinga til starfsmanna og fulltrúa þeirra**

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á hugsanlegum skuldbindingum aðila að samfylkingu samkvæmt löggjöf Sambandsins og/eða landslögum um upplýsingar og samráð vegna viðskipta sem tengjast samfylkingu, gagnvart starfsmönnum og/eða fulltrúum þeirra.

1. ÞÁTTUR

Lýsing á samfylkingu

1.1. Leggja skal fram samantekt um starfsemi samfylkingar, þar sem tilgreindir eru aðilar að samfylkingu, eðli hennar (t.d. hvort um er að ræða samruna, yfirtöku eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni), starfssvið aðila að samfylkingunni, markaði þar sem áhrifa samfylkingarinnar gætir (þ.m.t. helstu markaðir þar sem áhrifa gætir ([13])) og skipulagslegar og efnahagslegar grunnforsendur samfylkingarinnar.

1.2. Leggja skal fram samantekt (allt að 500 orð) um þær upplýsingar sem kveðið er á um í þætti 1.1. Fyrirhugað er að birta samantektina á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála þegar tilkynnt er um samfylkinguna. Samantektina skal semja þannig að hún innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar eða viðskiptaleyndarmál.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingar um aðila

2.1. **Upplýsingar um tilkynningaraðila (einn eða fleiri) og aðra aðila að samfylkingunni** ([14])

Fyrir hvern tilkynningaraðila og jafnframt fyrir sérhvern annan aðila að samfylkingu skal tilgreina:

2.1.1. heiti fyrirtækis,

2.1.2. nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang viðkomandi tengiliðar ásamt stöðu; tilgreint heimilisfang verður að vera heimilisfang vegna þjónustu sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnar og önnur málsskjöl, og skal tilgreindur tengiliður teljast hafa heimild til þess að taka við tilkynningum,

([13]) Sjá þátt 6.3 um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

([14]) Þetta tekur einnig til fyrirtækis sem fjandsamleg yfirtaka beinist að en í því tilviki skal tilgreina einstök atriði eins nákvæmlega og unnt er.

2.1.3. ef einn eða fleiri viðurkenndir utanaðkomandi fulltrúar fyrirtækisins eru tilnefndir, fulltrúann eða fulltrúana sem hægt er að senda til skjölin, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar og önnur málsskjöl:

2.1.3.1. nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang sérhvers fulltrúa ásamt stöðu og

2.1.3.2. upprunalega skriflega staðfestingu á því að sérhver fulltrúi hafi umboð til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins (á grundvelli fyrirmyndar að umboði sem hægt er að nálgast á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála).

2.2. **Hvers eðlis starfsemi aðilanna er**

Fyrir hvern tilkynningaraðila og aðra aðila að samfylkingunni lýsið því hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er.

3. ÞÁTTUR

Upplýsingar um samfylkinguna, eignarhald og yfirráð *([15])*

Hægt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirráðum er háttað í fyrirtækjunum áður en og eftir að gengið hefur verið frá samfylkingunni.

3.1. Lýsið í stuttu máli eðli samfylkingarinnar sem tilkynnt er um. Með tilvísun í viðeigandi viðmiðanir samrunareglugerðarinnar og samsteyptrar tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum ([16]):

3.1.1. Tilgreinið fyrirtækin eða einstaklingana sem einir eða sameiginlega fara með bein eða óbein yfirráð í viðkomandi fyrirtækjum og lýsið fyrirkomulaginu á eignarhaldi og yfirráðum sérhvers hlutaðeigandi fyrirtækis áður en gengið hefur verið frá samfylkingunni.

3.1.2. Tilgreinið hvort fyrirhuguð samfylking er:

i. alger samruni,

ii. yfirtaka eða sameiginleg yfirtaka fyrirtækis eða

iii. samningur eða annað fyrirkomulag sem veitir bein eða óbein yfirráð í skilningi 3. mgr. 2. gr. samruna-reglugerðarinnar,

iv. öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í fullum rekstri í skilningi 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og ef svo er ástæður þess að sameiginlega verkefnið telst í fullum rekstri ([17]).

3.1.3. Útskýrið hvernig samfylkingin verður framkvæmd (t.d. með gerð samnings, yfirtökuboði, o.s.frv.).

3.1.4. Útskýrið, með tilvísun í 1. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar, hvað af eftirfarandi hefur verið gert fyrir tilkynningu:

i. samningur hefur verið gerður,

ii. ráðandi hlutur hefur verið yfirtekinn,

iii. tilkynnt hefur verið um (fyrirætlun um að gera) yfirtökuboð eða

iv. hlutaðeigandi fyrirtæki hafa sýnt fram á einlægan vilja til að gera samning.

3.1.5. Tilgreinið fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegrar samfylkingar.

3.1.6. Útskýrið eignarhaldsform og yfirráð hjá sérhverju hlutaðeigandi fyrirtæki eftir að gengið hefur verið frá samfylkingunni.

3.2. Gerið grein fyrir efnahagslegum rökstuðningi fyrir samfylkingunni.

3.3. Tilgreinið virði viðskiptanna (kaupverð (eða virði allra viðkomandi eigna, eftir því sem við á), tilgreinið hvort það er í formi eigin fjár, reiðufjár eða annarra eigna).

([15]) Sjá 3. gr. (3., 4. og 5. mgr.) og 5. gr. (4. mgr.) samrunareglugerðarinnar.

([16]) Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 95, 16.4.2008, bls. 1).

([17]) Sjá IV. kafla í B-þætti í samsteyptri tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum.

3.4. Tilgreinið hvort einhver aðilanna hefur þegið einhverja fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð frá opinberum yfirvöldum og eðli og fjárhæð aðstoðarinnar.

3.5. Gera skal skrá fyrir aðila að samfylkingu (aðra en seljanda) yfir öll önnur fyrirtæki, sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, þar sem fyrirtækin eða aðilarnir í samstæðunni ráða einir eða í sameiningu yfir a.m.k. 10% eða meira af atkvæðisrétti, útgefnu hlutafé eða öðrum verðbréfum, tilgreinið eiganda og hundraðshlutann sem hann ræður yfir ([18]) og

3.6. Veitið nákvæmar upplýsingar um yfirtöku fyrirtækjasamstæðna, sem tilgreindar eru í þætti 2.1, á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir ([19]).

4. ÞÁTTUR

Velta

Fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki um sig ber að veita eftirfarandi upplýsingar fyrir síðasta reikningsár ([20]):

4.1. Veltu á heimsvísu.

4.2. Veltu innan ESB.

4.3. Veltu innan EES (ESB og EFTA).

4.4. Veltu í hverju aðildarríki (tilgreinið aðildarríki, sé um það að ræða, þar sem veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan ESB).

4.5. Veltu innan EFTA.

4.6. Veltu í hverju EFTA-ríki (tilgreinið EFTA-ríki, sé um það að ræða, þar sem veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan EFTA). Tilgreinið einnig hvort samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkja er 25% eða meira af heildarveltu þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Upplýsingar um veltu skulu veittar á þar til gerðu töflueyðublaði sem er að finna á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála.

5. ÞÁTTUR

Fylgiskjöl

Tilkynningaraðili eða -aðilar skulu láta eftirfarandi fylgja:

5.1. Afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvíkjandi samfylkingunni, hvort sem samfylkingin hefur orðið til með samningi milli hlutaðeigandi aðila, öflun ráðandi hlutar eða yfirtökuboði.

5.2. Afrit skriflegs tilboðs ef um yfirtökuboð er að ræða. Liggi það ekki fyrir við tilkynningu ber að leggja fram afrit af síðasta skjali þar sem sýnt er fram á fyrirætlun um að gera yfirtökuboð og skal senda afrit af skriflega tilboðinu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við póstlagningu þess til hluthafa.

5.3. Upplýsingar um veffang ef það er fyrir hendi þar sem hægt er að nálgast síðustu ársskýrslur og reikninga aðila að samfylkingunni eða ef ekkert slíkt veffang er fyrir hendi, afrit af síðustu ársskýrslum og reikningum aðilanna að samfylkingunni.

([18]) Eins og tilgreint er í lið 1.2 og g-lið í lið 1.4 í inngangshlutanum kann tilkynningaraðili eða -aðilar að vilja ráðgast við framkvæmdarstjórnina, áður en tilkynning er lögð fram, um að hve miklu leyti það eigi við að falla frá því (veita undanþágur) að veita einhverjar umbeðinna upplýsinga (í þessu samhengi gögn um hlutdeild í öðrum fyrirtækjum). Hins vegar getur framkvæmdastjórnin gert kröfu um eftirfarandi vegna sérstakra samfylkinga til að tilkynning sem grundvallast á þessu CO-eyðublaði teljist fullfrágengin: að því er varðar aðila að samfylkingu og hvert fyrirtæki eða aðila, sem tilgreind eru í svarinu við þætti 3.1.1 eða 3.1.6, gerið skrá fyrir hvert fyrirtæki yfir stjórnarmenn, sem einnig eiga sæti í stjórn eða yfirstjórn einhvers annars fyrirtækis sem stundar viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir; og, fyrir hvert fyrirtæki, eftir atvikum, skrá yfir stjórnarmenn í yfirstjórn sem einnig eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis sem stundar viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Í hverju tilviki skal tilgreina heiti hins fyrirtækisins og stöðu viðkomandi stjórnarmanns í stjórn eða yfirstjórn.

([19]) Eins og tilgreint er í lið 1.2 og g-lið 1.4 í inngangshlutanum kann tilkynningaraðili eða -aðilar að vilja ráðgast við framkvæmdarstjórnina, áður en tilkynning er lögð fram, um að hve miklu leyti það eigi við að falla frá því (veita undanþágur) að veita einhverjar umbeðinna upplýsinga (í þessu samhengi fyrri yfirtökur á fyrirtækjum).

([20]) Að því er varðar hugtökin „hlutaðeigandi fyrirtæki“og „útreikningur á veltu“ sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 95, 16.4.2008, bls. 1).

5.4. Afrit af eftirfarandi skjölum sem aðilar sem eiga sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða yfirstjórn, eins og við á samkvæmt stjórnarháttum fyrirtækisins eða aðrir aðilar, einn eða fleiri, sem gegna áþekku hlutverki (eða sem hefur verið fengið slíkt hlutverk eða verið falið það) sem eiga sæti á hluthafafundum, hafa unnið eða móttekið eða sem hafa verið unnin fyrir þá:

i. fundargerðum stjórnar, framkvæmdastjórnar eða yfirstjórnar og af hluthafafundum, þar sem fjallað var um viðskiptin, eða útdráttur úr þessum fundargerðum sem varða umfjöllun um viðskiptin,

ii. greiningum, skýrslum, rannsóknum, könnunum, greinargerðum og hvers konar sambærilegum gögnum í þeim tilgangi að meta eða greina samfylkinguna að því er varðar rökstuðning fyrir henni (þ.m.t. skjöl þar sem fjallað er um viðskiptin í tengslum við aðra hugsanlega yfirtöku), markaðshlutdeild, samkeppnisstöðu, samkeppnisaðila (raunverulega eða hugsanlega) möguleika á söluaukningu eða útvíkkun til annarra vörumarkaða eða landfræðilegra markaða og/eða almennar markaðsaðstæður ([21]),

iii. greiningum, skýrslum, rannsóknum, könnunum og hvers kona sambærilegum gögnum frá síðustu tveimur árum í því skyni að meta markaði þar sem áhrifa gætir ([22]) með hliðsjón af markaðshlutdeild, samkeppnisstöðu, samkeppnisaðilum (raunverulegum eða hugsanlegum), möguleikum á söluaukningu eða útvíkkun til annarra vörumarkaða eða landfræðilegra markaða ([23]).

Látið í té skrá yfir skjöl sem um getur í þessum þætti 5.4 og tilgreinið fyrir hvert skjal hvenær það var unnið ásamt nafni og stöðu viðtakanda/viðtakenda.

6. ÞÁTTUR

Skilgreiningar á mörkuðum

Viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samrunann ([24]). Þegar gerð er grein fyrir viðkomandi vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum ber tilkynningaraðila eða -aðilum að leggja fram, til viðbótar við hvers konar skilgreiningar á vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum sem þeir telja að skipti máli, allar aðrar sennilegar skilgreiningar á vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum. Aðrar sennilegar skýringar á vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum er hægt að sanngreina á grundvelli fyrri ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar og dóma dómstóla Evrópusambandsins og (einkum þegar engin fordæmi finnast hjá framkvæmdastjórninni eða dómstólnum) með tilvísun í atvinnugreinaskýrslur markaðsrannsóknir og innanhússskjöl tilkynningaraðila.

Tilkynningaraðila eða -aðilum ber að veita umbeðnar upplýsingar á þessu CO-eyðublaði með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

6.1. **Viðkomandi vörumarkaðir:**

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða skiptanlega þjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og ætlaðrar notkunar. Viðkomandi vörumarkaður getur í sumum tilvikum verið samsettur úr margs konar þjónustu eða vörum sem hafa í meginatriðum sömu eðlis- eða tæknieiginleika og geta komið hver í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi vörumarkaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, m.a., hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta (t.d. framboðsstaðgöngu þegar við á).

6.2. **Viðkomandi landfræðilegir markaðir:**

Til landfræðilegs markaðar telst svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í framboði og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

([21]) Eins og tilgreint er í lið 1.2 og g-lið í lið 1.4 í inngangshlutanum kann tilkynningaraðili eða -aðilar að vilja ráðgast við framkvæmdarstjórnina, áður en tilkynning er lögð fram, um að hve miklu leyti það eigi við að falla frá því (veita undanþágur) að veita einhverjar umbeðinna upplýsinga (í þessu samhengi skjöl).

([22]) Sjá þátt 6.3. um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

([23]) Eins og tilgreint er í lið 1.2 og g-lið í lið 1.4 í inngangshlutanum kann tilkynningaraðili eða -aðilar að vilja ráðgast við framkvæmdarstjórnina, áður en tilkynning er lögð fram, um að hve miklu leyti það eigi við að falla frá því (veita undanþágur) að veita einhverjar umbeðinna upplýsinga (í þessu samhengi skjöl).

([24]) Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðkomandi markaði, að því er samkeppnislög Bandalagsins varðar (Stjtíð. EB C 372, 9.12.1997, bls. 5).

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru m.a. eðli og eiginleikar viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu landsvæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

6.3. **Markaðir þar sem áhrifa gætir***:*

Að því er varðar upplýsingar sem beðið er um á þessu CO-eyðublaði teljast markaðir þar sem áhrifa gætir vera allir viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir og einnig sennilegir aðrir viðeigandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir innan EES sem markaðir þar sem áhrifa gætir, ef:

a) tveir eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á sama viðkomandi markaði og samfylking þeirra mundi leiða til 20% samanlagðrar markaðshlutdeildar eða meira (látrétt tengsl),

b) einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á viðkomandi vörumarkaði, á fyrra eða seinna sölustigi miðað við viðkomandi vörumarkað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti, og markaðshlutdeild hvers þeirra á hvoru stigi eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra nemur 30% eða meira án tillits til þess hvort tengsl birgis og viðskiptavinar eru milli samfylkingaraðila eða ekki ([25]) (lóðrétt tengsl).

Tilgreinið hvern markað þar sem áhrifa gætir á grundvelli skilgreininga og viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild sem sett eru fram í 6. þætti ([26]).

6.4. **Aðrir markaðir þar sem aðgerðin, sem tilkynnt er um, getur haft veruleg áhrif**

Á grundvelli skilgreininga í 6. þætti, lýsið umfangi vörumarkaða og landfræðilegra markaða í samræmi við allar aðrar sennilegar skýringar á mörkuðum (þar sem slíkir markaðir taka til alls EES-svæðisins eða hluta þess) öðrum en mörkuðum þar sem áhrifa gætir sem greint er frá í þætti 6.1. þar sem tilkynnt starfsemi kann að hafa veruleg áhrif, t.d.:

a) ef einhver aðila að samfylkingunni er með markaðshlutdeild umfram 30% og annar aðili að samfylkingunni er mögulegur samkeppnisaðili á þeim markaði. Aðili getur einkum talist hugsanlegur samkeppnisaðili ef hann fyrirhugar inngöngu á tiltekinn markað eða hefur þróað eða framfylgt áætlunum um slíkt á undangengnum þremur árum,

b) ef einhver aðila að samfylkingunni er með markaðshlutdeild umfram 30 % og annar aðili að samfylkingunni nýtur verulegra hugverkaréttinda á þeim markaði,

c) ef einhver aðili að samfylkingu er fyrir á vörumarkaði, sem er nærliggjandi markaður í nánum tengslum við vörumarkað þar sem einhver annar aðili að samfylkingunni starfar, og markaðshlutdeild einstaklings eða samanlögð markaðshlutdeild aðilanna á einhverjum þessara markaða nemur 30% eða meira. Vörumarkaðir eru náskyldir nærliggjandi markaðir þegar vörurnar eru hver annarri til fyllingar ([27]) eða þegar þær tilheyra vöruflokki sem sami hópur viðskiptavina kaupir til sömu endanlegra nota ([28]).

Í því skyni að gera framkvæmdastjórninni kleift að taka til athugunar frá upphafi samkeppnisáhrif fyrirhugaðrar samfylkingar á markaðina, sem tilgreindir eru í þætti 6.4, eru tilkynningaraðilar hvattir til að leggja fram þær upplýsingar sem um getur í 7. og 8. þætti þessa CO-eyðublaðs að því er varðar þessa markaði.

7. ÞÁTTUR

Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir

Fyrir hvern markað þar sem láréttra áhrifa gætir og fyrir hvern markað þar sem lóðrétta áhrifa gætir og fyrir sérhvern annan markað þar sem tilkynnt aðgerð hefur hugsanlega haft umtalsverð áhrif og fyrir hvert þriggja síðustu ára ([29]) leggið fram eftirfarandi:

7.1. Fyrir hvern aðila að samfylkingunni, eðli viðskipta fyrirtækisins, helstu starfandi dótturfyrirtæki og/eða vöruheiti, heiti vöru og/eða vörumerki sem eru notuð á hverjum þessara markaða.

([25]) Ef aðili að samfylkingu er t.d. með markaðshlutdeild umfram 30% á markaði sem er á fyrra sölustiga miðað við markað þar sem annar aðili stundar viðskipti gætir áhrifa bæði á mörkuðum á fyrra og seinna sölustigi. Renni samþætt lóðrétt fyrirtæki saman við annað fyrirtæki sem er virkt á seinna sölustigi og leiði samruninn til samanlagðrar markaðshlutdeildar á seinna sölustigi, sem nemur 30% eða meira, eru á sama hátt markaðir bæði á fyrra og seinna sölustigi markaðir þar sem áhrifa gætir.

([26]) Eins og greint er frá í bestu starfsvenjum stjórnarsviðs samkeppnismála við framkvæmd samrunaeftirlits EB er tilkynningaraðilum ráðlagt, áður er tilkynning er lögð fram, að veita upplýsingar sem varða alla mögulega markaði þar sem áhrifa gætir jafnvel þótt þeir síðar telji að þar gæti ekki áhrifa og þrátt fyrir að þeir gætu tekið sérstaka afstöðu til mála sem varða skilgreiningu á markaði. Í þessu tilliti kann tilkynningaraðili eða -aðilar, eins og tilgreint er í lið 1.2 og g-lið í lið 1.4 í inngangshlutanum, að vilja ráðgast við framkvæmdarstjórnina, áður en tilkynning er lögð fram, um að hve miklu leyti það eigi við að falla frá því (veita undanþágur) að veita einhverjar umbeðinna upplýsinga (í þessu samhengi um tiltekna markaði þar sem áhrifa gætir, eða fyrir aðra ákveðna markaði eins og lýst er í þætti 6.4).

([27]) Vörur (eða þjónusta) teljast t.d. til fyllingar þegar notkun (eða neysla) einnar vöru felur í raun í sér notkun (eða neyslu) hinnar vörunnar, til dæmis má nefna heftara og hefti eða prentara og prenthylki.

([28]) Dæmi um vörur sem tilheyra slíkum sviðum væri viskí og gin, sem selt er börum og veitingastöðum, og ýmsar vörur til þess að pakka tilteknum vöruflokkum sem seldar eru framleiðendum slíkra vara.

([29]) Með fyrirvara um 2. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

7.2. Áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í evrum) og umfang (í einingafjölda) ([30]). Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tök eru á.

7.3. Söluverðmæti og umfang sölu hjá hverjum samfylkingaraðila og áætlaða markaðshlutdeild hans.

7.4. Áætlað verðmæti (og umfang þar sem við á) markaðshlutdeildar allra samkeppnisaðila (að meðtöldum innflytjendum) sem ráða yfir að minnsta kosti 5% af viðkomandi markaði sem er til athugunar. Getið þeirra heimilda sem notaðar eru við útreikning á viðkomandi markaðshlutdeild og leggið fram skjöl eftir því sem unnt er til að staðfesta útreikninginn.

7.5. Mat á heildarafkastagetu í Sambandinu og innan EES-ríkjanna. Hve stóran hlut þessarar afkastagetu hefur hver samfylkingaraðili um sig talið sig hafa á þessum síðustu þremur árum og hvernig hver um sig hefur nýtt þá afkastagetu? Tilgreinið, ef við á, staðsetningu og afkastagetu framleiðsluaðstöðu hvers aðila að samfylkingunni á mörkuðum þar sem áhrifa gætir ([31]).

8. ÞÁTTUR

Hvernig framboði er háttað á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

8.1. Útskýrið í stuttu máli hvernig framboði er háttað á sérhverjum markaði. Tilgreinið einkum:

a) hvernig samfylkingaraðilar framleiða, verðleggja og selja vörur og/eða þjónustu; t.d. hvort þeir framleiða, verðleggja og selja vörur og/eða þjónustu staðbundið,

b) eðli og umfang lóðréttrar sameiningar fyrir hvern samfylkingaraðila um sig miðað við helstu samkeppnisaðila,

c) algengustu dreifikerfi á markaðinum og vægi þeirra og að hvaða marki þriðju aðilar annast dreifinguna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur, auk þess mikilvægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga, og

d) algengustu þjónustukerfi (t.d. viðhald og viðgerðir) og vægi þeirra á þessum mörkuðum. Að hvaða marki annast þriðju aðilar þjónustuna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir?

Teljist aðrir þættir framboðs skipta máli í þessu sambandi ber að tilgreina þá.

Hvernig eftirspurn er háttað á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

8.2. Útskýrið í stuttu máli hvernig eftirspurn er háttað á sérhverjum markaði þar sem áhrifa gætir og tilgreinið einkum:

a) þróun markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útþenslu, mettaður eða í hnignun, og spáið fyrir um hve ört eftirspurn muni vaxa,

b) vægi viðskiptavinavildar, t.d. að því er varðar vörumerkjatryggð, veitingu þjónustu fyrir og eftir sölu, heildarvöruúrval eða netáhrif,

c) hlut aðlögunarkostnaðar (að því er varðar tíma og útgjöld) viðskiptavina þegar þeir færa sig frá einum birgi til annars,

i. fyrir núverandi vörur og

ii. nýjar vörur sem leysa af hólmi núverandi vörur (þ.m.t. eðlilegur tímarammi samninga við viðskiptavini),

d) samþjöppun eða dreifingu viðskiptavina,

e) á hvaða hátt viðskiptavinir kaupa vörur og þjónustu sem um ræðir, einkum hvort þeir nota innkaupatækni á borð við beiðnir um tillögur og útboðsferli.

([30]) Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að draga útflutning frá framleiðslunni á landsvæðunum sem um ræðir og bæta innflutningi við. Eins og tilgreint er í lið 1.2 og g-lið í lið 1.4 í inngangshlutanum kann tilkynningaraðili eða -aðilar að vilja ráðgast við framkvæmdarstjórnina, áður en tilkynning er lögð fram, um að hve miklu leyti það eigi við að falla frá því (veita undanþágur) að veita einhverjar umbeðinna upplýsinga (í þessu samhengi gögn sem byggð eru á virði eða magni um markaðsstærð og -hlutdeild).

([31]) Eins og tilgreint er í lið 1.2 og g-lið í lið 1.4 í inngangshlutanum kann tilkynningaraðili eða -aðilar að vilja ráðgast við framkvæmdarstjórnina, áður en tilkynning er lögð fram, um að hve miklu leyti það eigi við að falla frá því (veita undanþágur) að veita einhverjar umbeðinna upplýsinga (í þessu samhengi gögn um afkastagetu). Ástæða undanþágu gæti verið að afkastageta virðist ekki skipta máli fyrir samkeppni á þeim mörkuðum sem um ræðir.

Vöruaðgreining og hve mikil samkeppni ríkir (e. closeness of competition)

8.3. Útskýrið í stuttu máli hversu mikil vöruaðgreining er á sérhverjum markaði þar sem áhrifa gætir og tilgreinið einkum:

a) hlutverk og mikilvægi vöruaðgreiningar að því er varðar gæði („lóðrétt aðgreining“) og aðra eiginleika („lárétt“ og „landfræðileg aðgreining“),

b) hvers konar skiptingu viðskiptavina í ólíka flokka með lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki og

c) samkeppni milla samfylkingaraðila almennt og að hve miklu leyti vörur aðila að samfylkingunni eru áþekkar staðgönguvörur, þ.m.t. fyrir hvern hóp viðskiptavina og „dæmigerða viðskiptavini“ sem tilgreindur er í svarinu við spurningunni í b-lið.

Markaðsaðgangur og brotthvarf af markaði

8.4. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum?

Ef svo er skal gefa upp heiti hvers fyrirtækis og áætla núverandi markaðshlutdeild hvers þeirra.

8.5. Telja tilkynningaraðilar að til séu fyrirtæki (þ.m.t. þau sem nú starfa aðeins á mörkuðum utan Sambandsins eða utan Evrópska efnahagssvæðisins) sem eru líkleg til að koma inn á einhvern markað þar sem áhrifa gætir?

Ef svo er skýrið frá því hvers vegna slík koma fyrirtækis inn á markað sé líkleg og leggið fram áætlun um það hvenær líklegt sé að þetta gerist.

8.6. Lýsið í stuttu máli þáttum sem hafa áhrif á komu inn á sérhvern markað þar sem áhrifa gætir, þannig að bæði sé tekið mið af landsvæði og vöru. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á:

a) heildarkostnaði sem því fylgir að hasla sér völl á viðkomandi markaði (rannsóknir og þróun, stofnun dreifikerfa, söluherferðir, auglýsingar, þjónusta o.s.frv.) og ná sambærilegri sölu og hugsanlegur öflugur samkeppnisaðili og gefið til kynna markaðshlutdeild slíks samkeppnisaðila,

b) aðgangshindrunum í lögum og reglugerðum, s.s. leyfisveitingu stjórnvalda eða hvers konar opinberum stöðlum,

c) hvers konar hindrunum á aðgangi viðskiptavina, s.s. hindrunum sem stafa af vöruvottunarreglum eða nauðsyn þess að hafa náð markaðsfestu og vera með staðfesta ferilskrá,

d) hvers konar þörf og möguleika á að fá aðgang að einkaleyfum, verkkunnáttu og öðrum hugverkarétti á þessum mörkuðum,

e) að hve miklu leyti hver og einn samfylkingaraðili er með, hefur fengið eða lætur í té einkaleyfi, verkkunnáttu eða önnur réttindi á viðkomandi mörkuðum,

f) mikilvægi og umfang stærðarhagkvæmni og netáhrifa í framleiðslu eða dreifingu vöru og/eða þjónustu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og

g) aðgangi að birgðum, t.d. framboði á hráefnum og aðgangi að nauðsynlegum grunnvirkjum.

8.7. Tilgreinið hvort einhver aðila samfylkingarinnar, eða einhver samkeppnisaðila þeirra, sé með vörur sem verða líklega markaðssettar innan skamms eða í náinni framtíð („vörur í þróun“), eða áform um að auka framleiðslu- eða sölugetu á einhverjum markaði þar sem áhrifa gætir. Ef svo er, leggið þá fram áætlun um fyrirhugaða sölu og markaðshlutdeild aðilanna að samfylkingunni á næstu þremur til fimm árum.

8.8. Hafa einhver fyrirtæki horfið af markaði þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum?

Ef svo er tilgreinið fyrirtækið sem hefur horfið af markaðinum og leggið fram mat á markaðshlutdeild þess árið áður en það fór af markaði.

Rannsóknir og þróun

8.9. Gerið grein fyrir mikilvægi rannsókna og þróunar að því er varðar samkeppnishæfni fyrirtækis á mörkuðum þar sem áhrifa gætir til lengri tíma litið. Lýsið eðli rannsókna og þróunar á vegum samfylkingaraðila á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

a) stefnu og umfangi rannsókna og þróunar ([32]) á umræddum mörkuðum og hjá aðilum samfylkingarinnar,

b) tækniþróun sem orðið hefur á umræddum mörkuðum á hæfilegu tímabili (þ.m.t. hve oft er komið fram með nýjar vörur og/eða þjónustu, þróun vöru og/eða þjónustu, þróun framleiðsluaðferða, dreifikerfa o.s.frv.) og

c) rannsóknaráformum aðilanna sjálfra og forgangsverkefnum á næstu þremur árum.

Samstarfssamningar

8.10. Í hve ríkum mæli er um samstarfssamninga (lárétta, lóðrétta eða aðra) að ræða á mörkuðum þar sem áhrifa gætir?

8.11. Ef við á lýsið mikilvægustu samstarfssamningum sem samfylkingaraðilar hafa gert á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, t.d. samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu, sérhæfingu, dreifingu, birgðahald til langs tíma og upplýsingaskipti, og leggið fram afrit af slíkum samningum eftir því sem þurfa þykir ([33]).

Viðskipti milli aðildarríkja og innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins

8.12. Útskýrið að hve miklu leyti viðskipti á yfirráðasvæði EES með viðkomandi vörur verða fyrir áhrifum af flutningi og öðrum kostnaði.

8.13. Að því er varðar markaði þar sem áhrifa gætir leggið fram mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og tilgreinið:

a) hlutdeild þeirra fyrirtækjahópa, sem samfylkingaraðilar tilheyra, í slíkum innflutningi,

b) mat á því í hve miklum mæli kvótar, tollar eða aðrar viðskiptahindranir en tollar hafa áhrif á þennan innflutning, og

c) mat á því í hve miklum mæli flutningskostnaður og annar kostnaður hefur áhrif á þennan innflutning.

Atvinnugreinasamtök

8.14. Að því er varðar atvinnugreinasamtök á mörkuðum þar sem áhrifa gætir:

a) tilgreinið samtök sem samfylkingaraðilar tilheyra,

b) tilgreinið helstu atvinnugreinasamtök, sem viðskiptavinir sem viðskiptavinir samfylkingaraðila tilheyra, og

c) gefið upp heiti, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang viðeigandi tengiliðar allra atvinnugreinasamtaka sem greint er frá í þessum þætti ([34]).

Samskiptaupplýsingar

8.15. Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu en, sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) fyrir ([35]):

a) samkeppnisaðila sem tilgreindir eru í þætti 7.4,

b) sérhvern af fimm helstu viðskiptavinum samfylkingaraðilanna á hverjum markaði þar sem áhrifa gætir,

([32]) Umfang rannsókna og þróunar er t.d. hægt að skilgreina sem kostnað við rannsóknir og þróun sem hlutfall af veltu.

([33]) Eins og tilgreint er í lið 1.2 og g-lið í lið 1.4 í inngangshlutanum kann tilkynningaraðili eða -aðilar að vilja ráðgast við framkvæmdarstjórnina, áður en tilkynning er lögð fram, um að hve miklu leyti það eigi við að falla frá því (veita undanþágur) að veita einhverjar umbeðinna upplýsinga.

([34]) Eins og tilgreint er í lið 1.2 og g-lið í lið 1.4 í inngangshlutanum kann tilkynningaraðili eða -aðilar að vilja ráðgast við framkvæmdarstjórnina, áður en tilkynning er lögð fram, um að hve miklu leyti það eigi við að falla frá því (veita undanþágur) að veita einhverjar umbeðinna upplýsinga.

([35]) Framkvæmdastjórninni er hvenær sem er heimilt, einnig að því er varðar fullfrágengnar tilkynningar um samfylkingu sem grundvallast á þessu CO-eyðublaði, að fara fram á ítarlegri samskiptaupplýsingar fyrir hvern flokk markaðsaðila sem tilgreindur er á þessu CO-eyðublaði og fara fram á samskiptaupplýsingar fyrir aðra flokka markaðsaðila, t.d. birgja.

c) ný fyrirtæki á markaðinum, sem tilgreind eru í þætti 8.4, og

d) möguleg ný fyrirtæki á markaðinum, sem tilgreind eru í þætti 8.5.

Samskiptaupplýsingar skulu veittar samkvæmt fyrirmynd sem er að finna á vefsetri stjórnarsviðs Samkeppnismála.

9. ÞÁTTUR

Hagkvæmni

Sé þess óskað að framkvæmdastjórnin taki gagngert til athugunar frá upphafi ([36]) hvort aukin hagkvæmni sem leiðir af samfylkingunni sé líkleg til að auka getu og hvata nýju fyrirtækjaheildarinnar til samkeppnishvetjandi aðgerða, til hagsbóta fyrir neytendur, skal leggja fram lýsingu á hvers konar hagkvæmni (einnig kostnaðarlækkanir, nýjar vörukynningar og aukin vöru- og þjónustugæði), studda skjölum, sem aðilar sjá fram á að leiði af fyrirhugaðri samfylkingu í tengslum við allar viðkomandi vörur ([37]).

Í hverju tilviki, þegar staðhæft er að um hagkvæmni sé að ræða, skal leggja fram:

i. sundurliðaða skýringu á því hvernig fyrirhuguð samfylking gerir nýju einingunni kleift að ná fram hagkvæmni. Tilgreinið fyrirhugaðar aðgerðir aðilanna til þess að ná fram þessari hagkvæmni, áhættuna sem tengist henni og nauðsynlegan tíma og fjármuni þessu samfara.

ii. þegar slíkt er unnt með góðu móti, mælingu á hagkvæmninni og ítarlega skýringu á því hvernig hún var reiknuð út. Leggið einnig fram, þar sem við á, mat á vægi hagkvæmni í tengslum við innleiðingu á nýjum vörum eða auknum vörugæðum. Þegar hagkvæmni hefur kostnaðarlækkun í för með sér skal tilgreina sérstaklega staka, fasta kostnaðarlækkun, reglubundna fasta kostnaðarlækkun og breytilega kostnaðarlækkun (í evrum á einingu og evrum á ári).

iii. áætlun á því að hve miklu leyti hagkvæmnin kemur viðskiptavinum til góða og ítarlega skýringu á því hvernig sú niðurstaða er fengin og

iv. ástæðu þess að aðilinn eða aðilarnir gátu ekki náð fram sams konar hagkvæmni með öðrum ráðum en fyrirhugaðri samfylkingu, og á þann hátt að ekki væri ástæða til að huga að samkeppnisstöðu.

10. ÞÁTTUR

Samstarfsáhrif fyrirtækis um sameiginlegt verkefni

10. Ef um er að ræða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni skal að því er varðar 4. mgr. 2. gr. samrunareglugerðarinnar svara eftirfarandi spurningum:

a) Halda tvö eða fleiri móðurfyrirtæki áfram starfsemi að verulegu leyti á sama markaði og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við markað fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið eða á náskyldum tengdum markaði ([38])?

Ef svarið er já tilgreinið fyrir hvern markað sem um getur hér:

– veltu hvers móðurfyrirtækis á síðasta reikningsári,

– efnahagslegt vægi starfsemi fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni miðað við þessa veltu,

– markaðshlut hvers móðurfyrirtækis.

b) Ef svarið við a-lið er já og talið er að stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni leiði ekki til samræmingar milli óháðra fyrirtækja, sem hindrar samkeppni í skilningi 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og, þar sem við á, samsvarandi ákvæða EES-samningsins ([39]), ber að rökstyðja svarið.

([36]) Rétt er að vekja athygli á því að ekki er gerð krafa um framlagningu upplýsinga sem svar við 9. þætti og er því valfrjáls. Ekki er ætlast til þess að tilkynningaraðili eða -aðilar færi rök fyrir því að sá þáttur sé ekki uppfylltur. Þrátt fyrir að upplýsingar um hagkvæmni séu ekki lagðar fram verður það ekki túlkað sem svo að fyrirhuguð samfylking skapi ekki hagkvæmni eða að grunnforsendan fyrir samfylkingunni sé sú að hún auki markaðsstyrk. Þótt umbeðnar upplýsingar um hagkvæmni séu ekki lagðar fram með tilkynningunni útilokar það ekki framlagningu þeirra á síðari stigum. Þó er rétt að benda á að því fyrr sem upplýsingar eru lagðar fram, því betur getur framkvæmdastjórnin gengið úr skugga um að hagkvæmnin sé fyrir hendi.

([37]) Frekari leiðbeiningar um hagkvæmnismat er að finna í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um mat á láréttum samruna samkvæmt reglugerð ráðsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 31, 5.2.2004, bls. 5).

([38]) Sjá skilgreiningu á markaði í 6. þætti.

([39]) Sjá 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

c) Með fyrirvara um svörin við a- og b-lið, og til að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið málið á fullnægjandi hátt, skal útskýra hvers vegna talið er að viðmiðanirnar í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eigi við í viðkomandi tilviki, og, þar sem við á, samsvarandi ákvæði EES-samningsins ([40]). Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er heimilt að lýsa yfir því að ákvæði 1. mgr. 101. gr. sáttmálans eigi ekki við ef aðgerðin:

i. stuðlar að bættri framleiðslu eða vörudreifingu, eða eflir tæknilegar efnahagslegar framfarir,

ii. veitir neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af hlýst,

iii. leggur ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki ef ekki er brýn þörf á því til að ná þessum markmiðum og

iv. veitir þessum fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

11. ÞÁTTUR

Yfirlýsing

Ljúka ber tilkynningunni með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af öllum sem að henni standa eða fyrir hönd þeirra:

Tilkynningaraðili eða -aðilar lýsa yfir því að upplýsingarnar, sem eru veittar í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund þeirra, að rétt og óstytt afrit af skjölum, sem krafist er samkvæmt CO-eyðublaði, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós er það gert í góðri trú.

Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði a-liðar 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðar EB.

———

([40]) Sjá 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

II. VIÐAUKI

EINFALDAÐ CO-EYÐUBLAÐ FYRIR TILKYNNINGU UM SAMFYLKINGU SAMKVÆMT REGLUGERÐ (EB) NR. 139/2004

INNGANGUR

1.1. **Tilgangurinn með einfaldaða CO-eyðublaðinu**

Á einfaldaða CO-eyðublaðinu eru tilgreindar þær upplýsingar sem tilkynningaraðilum ber að veita þegar þeir leggja fram tilkynningu til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fyrirhugaðan samruna, yfirtöku eða aðra samfylkingu sem ólíklegt er talið að hafi skaðleg áhrif á samkeppni.

„Þegar þetta einfaldaða CO-eyðublað er útfyllt er vakin athygli á reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ([41]) (hér á eftir nefnd „samrunareglugerðin“) og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 ([42]) (hér á eftir nefnd „framkvæmdarreglugerðin“), sem þetta einfaldaða CO-eyðublað fylgir með í viðauka. Texta reglugerðanna og önnur tengd skjöl er að finna á samkeppnissíðu Europa-vefseturs framkvæmdastjórnarinnar. Athygli er einnig vakin á samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ([43]) (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“). Þegar þetta einfaldaða CO-eyðublað er útfyllt er vakin athygli á tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga ([44]).

Að jafnaði má nota einfaldaða CO-eyðublaðið til þess að tilkynna um samfylkingu að uppfylltu einu eftirtalinna skilyrða:

1. Sé um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni að ræða sem hefur enga eða hverfandi litla starfsemi á yfirráðasvæði Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Slík tilvik koma upp þegar:

   a) velta fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið og/eða velta yfirfærðrar starfsemi er undir 100 milljónum evra á Evrópska efnahagssvæðinu þegar tilkynning er lögð fram og

   b) heildarvirði eigna, sem eru færðar yfir til fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið, er undir 100 milljónum evra innan Evrópska efnahagssvæðisins þegar tilkynning er lögð fram.

2. Tvö eða fleiri fyrirtæki sameinast, eða eitt eða fleiri fyrirtæki ná algjörum eða sameiginlegum yfirráðum yfir öðru fyrirtæki, að því tilskildu að enginn aðila samfylkingarinnar stundi viðskipti á sama vörumarkaði og landfræðilega markaði ([45]), eða á vörumarkaði sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við vörumarkað þar sem einhver annar aðili að samfylkingunni stundar viðskipti ([46])([47]).

3. Tvö eða fleiri fyrirtæki sameinast, eða eitt eða fleiri fyrirtæki ná algjörum eða sameiginlegum yfirráðum yfir öðru fyrirtæki og:

   a) samanlögð markaðshlutdeild allra samfylkingaraðilanna sem stunda viðskipti á sama viðkomandi vörumarkaði og landfræðilegum markaði (lárétt tengsl) er minni en 20% ([48]) og

   b) engin markaðshlutdeild, einstök eða samanlögð, allra samfylkingaraðilanna sem stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við vörumarkað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti (lóðrétt tengsl), nemi á hvoru stigi sem er 30% eða meira ([49]).

([41]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([42]) Stjtíð. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1.
([43]) Sjá einkum 57. gr. EES-samningsins, 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn, bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn, ásamt bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“). Þegar EFTA-ríkjanna er getið er átt við þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum. Hinn 1. maí 2004 eru þessi ríki Ísland, Liechtenstein og Noregur.
([44]) Tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 (Stjtíð. EB C 366, 14.12.2013, bls. 1).
([45]) Þegar fyrirtækja sem starfa á mörkuðum er getið á þessa einfaldaða CO-eyðublaði er átt við starfsemi á mörkuðum innan Evrópska efnahagssvæðisins eða mörkuðum sem fela í sér Evrópska efnahagssvæðið en geta náð út fyrir það.
([46]) Alla jafna gera lóðrétt tengsl ráð fyrir að vara eða þjónusta fyrirtækis sem starfar á viðkomandi markaði á fyrra sölustigi sé mikilvægt ílag í vöru eða þjónustu fyrirtækis með starfsemi á markaði á síðara stigi: sjá nánar í 34. lið leiðbeininga framkvæmdastjórnarinnar um mat á öðrum samruna en láréttum samkvæmt reglugerð ráðsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 265, 18.10.2008, bls. 6).
([47]) Í því tilviki að fyrirtæki öðlast sameiginleg yfirráð teljast tengsl, sem eingöngu verða milli fyrirtækjanna sem fá sameiginleg yfirráð, ekki vera lárétt eða lóðrétt tengsl að því er varðar þetta einfaldaða CO-eyðublað en hægt er að fara með þau eins og samfylkingar ef upp kemur vandi varðandi samræmingu.
([48]) Mörk fyrir lárétt og lóðrétt tengsl gilda um sennilega skilgreiningu á öðrum vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum sem gæti þurft að taka til athugunar í tilteknum málum. Mikilvægt er að markaðsskilgreiningar, sem liggja til grundvallar og settar eru fram í tilkynningunni, séu nógu nákvæmar til að réttlæta matið um að þessum viðmiðunarmörkum sé ekki náð og að allar aðrar sennilegar markaðsskilgreiningar sem íhuga mætti séu nefndar (þ.m.t. landfræðilegir markaðir takmarkaðri en landsbundnir).
([49]) Sjá 5. og 7. nmgr.

Að því er varðar skilyrðin í a- og b-lið 3. gr., þegar um sameiginlega yfirtöku er að ræða, teljast tengsl, sem eingöngu verða milli fyrirtækja sem öðlast sameiginleg yfirráð, ekki vera lárétt eða lóðrétt að því er varðar þetta einfaldaða CO-eyðublað en hægt er að fara með þau eins og samfylkingar ef upp kemur vandi varðandi samræmingu.

4. Aðili öðlast einn yfirráð yfir fyrirtæki sem hann hefur þegar sameiginleg yfirráð yfir.

Framkvæmdastjórnin getur einnig samþykkt einfaldað CO-eyðublað þegar lárétt tengsl eru á milli tveggja eða fleiri aðila ([50]), að því tilskildu að hækkunin („deltastuðull“) á Herfindahl-Hirschman-vísitölunni („HHI-stuðullinn„“) sem leiðir af samfylkingunni sé undir 150 ([51]) og samanlögð markaðshlutdeild aðilanna sé undir 50% ([52]). Framkvæmdastjórnin mun taka ákvörðun, í hverju tilviki fyrir sig, með hliðsjón af sérstökum aðstæðum í málinu sem um ræðir, um það hvort aukin samþjöppun á markaði, sem HHI-stuðullinn sýnir sé með þeim hætti að hægt sé að fallast á einfaldað CO-eyðublað. Ósennilegra er að framkvæmdastjórnin samþykki einfaldað CO-eyðublað ef einhverjar sérstakar aðstæður, sem um getur í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um mat á láréttum samruna eru fyrir hendi ([53]), t.d., en ekki eingöngu, þar sem markaðir eru þegar samþjappaðir, þegar um er að ræða samþjöppun sem ryður úr vegi mikilvægu samkeppnisafli þegar um er að ræða samþjöppun tveggja mikilvægra frumkvöðla eða þegar um er að ræða samþjöppun sem varðar fyrirtæki þar sem vara, sem lofar góðu, er í þróun.

Framkvæmdastjórnin getur alltaf farið fram á CO-eyðublað ef í ljós kemur að skilyrðin fyrir notkun einfaldaða CO-eyðublaðsins hafa ekki verið uppfyllt eða, í sérstökum undantekningartilvikum, þar sem þau hafa verið uppfyllt en framkvæmdastjórnin eigi að síður ákveðið að tilkynning á CO-eyðublaði sé nauðsynleg til þess að unnt sé að rannsaka hvort samfylkingin geti hugsanlega haft áhrif á samkeppni.

Dæmi um tilvik þar sem tilkynning á CO-eyðublaði getur reynst nauðsynleg eru samfylkingar þar sem erfitt er að skilgreina markaðina sem skipta máli (t.d. þegar um er að ræða nýja markaði eða þar sem ekki ríkja viðteknar venjur). Þegar aðili er nýr eða hugsanlegur aðili á markaði, eða veigamikill einkaleyfishafi, og ekki er með góðu móti unnt að skilgreina markaðshlutdeild aðilanna, á mörkuðum þar sem aðgangshindranir eru miklar, þar sem samþjöppun er mikil eða önnur viðurkennd vandamál sem varða samkeppni. Þegar a.m.k. tveir aðilar samfylkingarinnar starfa á náskyldum tengdum mörkuðum ([54]) og í samfylkingum þar sem upp kemur vandi varðandi samræmingu, eins og um getur í 4. mgr. 2. gr. samrunareglugerðarinnar. Á sama hátt getur verið nauðsynlegt að tilkynning sé á CO-eyðublaði, þegar einn aðili öðlast öll yfirráð yfir fyrirtæki um sameiginlegt verkefni þar sem hann tekur þegar þátt í sameiginlegri stjórnun eða, þegar yfirtökuaðilinn og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið hafa saman sterka markaðsstöðu, eða þar sem fyrirtækið um sameiginlega verkefni og yfirtökuaðilinn hafa sterka stöðu á lóðrétt tengdum mörkuðum ([55]).

1.2. **Afturhvarf til viðtekinnar málsmeðferðar og tilkynning á CO-eyðublaði**

Við mat á því hvort unnt sé að tilkynna um samfylkingu á einfölduðu CO-eyðublaði skal framkvæmdastjórnin tryggja að allir málavextir þar að lútandi séu settir fram með nægilega skýrum hætti. Hvað það varðar bera tilkynningaraðilar ábyrgð á því að réttar og fullnægjandi upplýsingar séu lagðar fram.

Ef framkvæmdastjórnin telur, eftir að tilkynning hefur borist um samfylkingu, að einfölduð tilkynning á CO-eyðublaði nægi ekki í viðkomandi tilviki, getur hún krafist þess að tilkynningin sé á CO-eyðublaði að fullu útfylltu, eða að hluta eftir því sem við á. Þetta getur t.d. átt við þegar:

a) svo virðist sem skilyrðin fyrir notkun einfaldaða CO-eyðublaðsins séu ekki uppfyllt,

([50]) Ef um sameiginlega yfirtöku er að ræða teljast tengsl, sem eingöngu verða milli fyrirtækjanna sem öðlast sameiginleg yfirráð utan starfssviða sameiginlega verkefnisins, ekki vera lárétt eða lóðrétt tengsl með tilliti til þessa einfaldaða CO-eyðublaðs en hægt er að fara með þau eins og samfylkingar ef upp kemur vandi varðandi samræmingu.

([51]) HHI-stuðullinn er fundinn með því að leggja saman kvaðröt einstakrar markaðshlutdeildar allra fyrirtækja á markaði. Breyting á HHI-stuðlinum sem leiðir af samfylkingunni má reikna óháð heildarsamþjöppun á markaði eingöngu á grundvelli markaðshlutdeildar aðila að samfylkingunni. Sjá 16. lið í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um mat á láréttum samruna samkvæmt reglugerð ráðsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 31, 5.2.2004, bls. 5) og 19. nmgr. Til þess að reikna HHI-stuðulinn sem leiðir af samfylkingunni nægir að draga frá kvaðrati samtölu markaðshlutdeildar aðilanna að samfylkingunni (með öðrum orðum kvaðrat markaðshlutdeildar stofnunarinnar eftir samruna) samtölu kvaðrata markaðshlutdeildar einstakra aðila (þar sem markaðshlutdeild allra annarra samkeppnisaðila á markaði er óbreytt og hefur því ekki áhrif á útkomu jöfnunnar). Með öðrum orðum er hægt að reikna HHI-stuðulinn eingöngu á grundvelli markaðshlutdeildar aðilanna að samfylkingunni án þess að þörf sé á að þekkja markaðshlutdeild einhverra annarra samkeppnisaðila á markaðinum.

([52]) Sjá 7. nmgr.

([53]) Sjá leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar um mat á láréttum samruna samkvæmt reglugerð ráðsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, einkum 20. lið.

([54]) Vörumarkaðir eru náskyldir tengdir markaðir þegar vörurnar eru hver annarri til fyllingar eða þegar þær tilheyra vöruflokki sem sami hópur viðskiptavina kaupir alla jafna til sömu endanlegra nota. Sjá nánar í 91. lið leiðbeininga framkvæmdastjórnarinnar um mat á öðrum samruna en láréttum samkvæmt reglugerð ráðsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 265, 18.10.2008, bls. 6).

([55]) Sjá 8.–19. lið í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004.

b) þörf virðist vera á því að nota einfaldaða CO-eyðublaðið, að öllu leyti eða að hluta, þótt skilyrðin fyrir notkun einfaldaða CO-eyðublaðsins séu uppfyllt, svo unnt sé að rannsaka á fullnægjandi hátt hvort um hugsanlegar samkeppnishindranir er að ræða, eða til að sýna fram á að aðgerðin feli í sér samfylkingu í skilningi 3. gr. samrunareglugerðarinnar,

c) einfaldaða CO-eyðublaðið hefur að geyma rangar eða misvísandi upplýsingar,

d) aðildarríki eða EFTA-ríki lætur í ljós rökstuddar efasemdir um áhrif tilkynntrar samfylkingar á samkeppni, innan 15 virkra daga frá móttöku afrits af tilkynningunni, eða

e) þriðji aðili lætur í ljós rökstuddar áhyggjur um áhrif á samkeppni, innan þeirra tímamarka sem framkvæmdastjórnin setur fyrir slíkum athugasemdum.

Þegar svo háttar til má líta svo á að tilkynningin sé efnislega ófullnægjandi, skv. 2. mgr. 5. gr. framkvæmdar-reglugerðarinnar. Framkvæmdastjórnin lætur tilkynningaaðila eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast fyrst gildi daginn sem allar umbeðnar upplýsingar hafa borist framkvæmdastjórninni.

1.3. **Samskipti áður en tilkynning er lögð fram**

Viðurkennt er að þær upplýsingar sem beðið er um á þessu einfaldaða CO-eyðublaði geti verið mikilvægar. Þó hefur reynslan sýnt að ekki eru allar upplýsingar endilega nauðsynlegar til þess að unnt sé að athuga fyrirhugaða samfylkingu með viðunandi hætti, og veltur það á málavöxtum í hverju tilviki. Í samræmi við það eruð þér hvattir til þess að fara fram á við framkvæmdastjórnina að hún leysi yður undan þeirri skyldu að láta í té tilteknar upplýsingar („undanþága“), ef þér teljið að tilteknar upplýsingar sem óskað er eftir á þessu einfaldaða CO-eyðublaði, kunni að vera ónauðsynlegar að því er varðar athugun framkvæmdastjórnarinnar á málinu (sjá nánar í g-lið í lið 1.6 í þessum inngangshluta).

Samkvæmt samrunareglugerðinni eiga samningsaðilar rétt á að tilkynna samfylkingu hvenær sem er að því tilskildu að tilkynningin sé fullnægjandi. Möguleikinn á að hafa samskipti áður en tilkynning er lögð fram er þjónusta sem framkvæmdastjórnin býður tilkynningaraðilum, kjósi þeir það, til að undirbúa formlega endurskoðun á samruna. Þótt það sé ekki skyldubundið getur verið mjög gagnlegt, bæði fyrir tilkynningaraðila og framkvæmdastjórnina, að hafa samskipti sín á milli áður en tilkynning er lögð fram, til að ákvarða nákvæmlega hvaða upplýsingar verða að koma fram í tilkynningunni, enda leiðir það í flestum tilvikum til þess að verulega er dregið úr kröfum um upplýsingar.

Jafnvel þótt það sé alfarið á ábyrgð þeirra aðila sem standa að tilkynningunni að ákveða hvort þeir eiga í samskiptum áður en tilkynning er lögð fram og hvenær þeir eiga að tilkynna eru þeir þannig hvattir til þess að ráðfæra sig við framkvæmdastjórnina, kjósi þeir svo, hvort umfang og gerð upplýsinganna, sem þeir ætla að byggja tilkynningu sína á, sé fullnægjandi. Aðilar, sem vilja leggja fram tilkynningu á einfölduðu CO-eyðublaði, eru einnig hvattir til að hafa samband við framkvæmdastjórnina áður en tilkynning er lögð fram til þess að ræða hvort rétt sé að nota einfaldað CO-eyðublað í því tilviki.

Tilkynningaraðilar eru enn fremur hvattir til þess að hafa samskipti áður en tilkynning er lögð fram ef þeir óska eftir að leggja fram einfaldað CO-eyðublað í aðstæðum þar sem tveir eða fleiri aðilanna að samfylkingunni eru í láréttum tengslum með HHI-stuðul í kjölfar samrunans sem er undir 150.

Þó getur verið að samskipti áður en tilkynning er lögð fram, einkum framlagning á drögum að tilkynningu, séu ekki jafn gagnleg í málum sem falla undir b-lið 5. liðar í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga. Þetta á við um mál þar sem aðilarnir stunda ekki viðskipti á sama vörumarkaði og landfræðilegum markaði, eða vörumarkaði á fyrra eða seinna sölustigi miðað við vörumarkað þar sem annar aðili að samfylkingunni er með starfsemi. Í slíkum tilvikum getur verið að tilkynningaraðilar kjósi fremur að leggja fram tilkynningu án tafar í stað þess að leggja fram drög að tilkynningu áður ([56]).

Tilkynningaraðilar geta stuðst við leiðbeiningar stjórnarsviðs samkeppnismála hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („stjórnarsvið samkeppnismála“) um bestu starfsvenjur við framkvæmd samrunaeftirlits EB, eins og þær eru birtar á vefsíðu stjórnarsviðs samkeppnismála og uppfærðar hverju sinni. Þessar bestu starfsvenjur veita leiðbeiningar um samskipti áður en tilkynning er lögð fram og um undirbúning tilkynninga.

1.4. **Hver á að leggja fram tilkynningu?**

Sé um samruna að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar eða sameiginlega yfirtöku fyrirtækis í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar skulu samrunaaðilar eða þeir sem ná sameiginlegum yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningunni ([57]).

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningunni.

([56]) Í ljósi leiðbeininga stjórnarsviðs samkeppnismála um bestu starfsvenjur við framkvæmd samrunaeftirlits EB mundi framkvæmdastjórnin þó hvetja aðila til þess að leggja áður fram beiðni um að þeim sé úthlutað teymi frá stjórnarsviði samkeppnismála til að fara með málið.

([57]) Sjá 2. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar.

Sé um opinbert yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningunni.

Allir sem leggja fram tilkynningu bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

1.5. **Upplýsingarnar sem skulu koma fram**

Fylla skal út mismunandi þætti á þessu einfaldaða CO-eyðublaði allt eftir ástæðum þess ([58]) hvers vegna samfylkingin uppfyllir skilyrði fyrir einfaldaðri meðferð og tilkynningu á einfölduðu CO-eyðublaði:

a) Í öllum tilvikum verður að fylla út 1., 2., 3., 4., 5. og 10. þátt. Fylla verður út 9. þátt ef um er að ræða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

b) Ef samfylkingin hefur í för með sér að einn eða fleiri tilkynningarskyldir markaðir myndast ([59]) skal fylla út 6. og 7. þátt.

c) Ef samfylkingin hefur ekki í för með sér að einn eða fleiri tilkynningarskyldir markaðir myndast ([60]) þarf ekki að fylla út 6. og 7. þátt.

1.6. **Krafan um að tilkynning sé rétt og fullnægjandi**

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu einfaldaða CO-eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Upplýsingarnar ber að láta í té í réttum hluta þessa einfaldaða CO-eyðublaðs.

Einkum er vakin athygli á eftirfarandi:

a) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar og 2. og 4. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar hefjast frestir samkvæmt samrunareglugerðinni, sem tengjast tilkynningunni, ekki fyrr en framkvæmdastjórninni hafa borist allar upplýsingar sem eiga að fylgja henni. Tilgangurinn með þessari kröfu er að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið tilkynnta samfylkingu fyrirtækja innan þeirra ströngu tímamarka sem kveðið er á um í samrunareglugerðinni.

b) Þegar tilkynningaraðili eða -aðilar undirbúa tilkynningu sína verða þeir að ganga úr skugga um að nöfn og númer tengiliða, einkum bréfasímanúmer og tölvupóstföng, sem send eru framkvæmdastjórninni, séu nákvæm, viðeigandi og uppfærð ([61]).

c) Farið verður með rangar eða misvísandi upplýsingar í tilkynningu sem ófullnægjandi upplýsingar (4. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

d) Ef tilkynning er ófullnægjandi lætur framkvæmdastjórnin tilkynningaraðila eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast ekki gildi fyrr en daginn sem framkvæmdastjórnin hefur veitt fullnægjandi og nákvæmum upplýsingunum viðtöku (1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar og 2. og 4. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

e) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðarinnar geta tilkynningaraðilar sem, hvort heldur af ásetningi eða í gáleysi, veita rangar eða misvísandi upplýsingar sætt sektum sem nema allt að 1% af samanlagðri veltu viðkomandi fyrirtækis. Auk þess er framkvæmdastjórninni heimilt, skv. a-lið 3. mgr. 6. gr. og a-lið 6. mgr. 8. gr. samrunareglugerðarinnar, að afturkalla ákvörðun sína um að tilkynnt samfylking samrýmist kröfum hins sameiginlega markaðar ef ákvörðunin byggist á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á.

f) Yður er heimilt að fara skriflega fram á það við framkvæmdastjórnina að hún fallist á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á einfaldaða CO-eyðublaðinu, vanti ef þessar upplýsingar eru ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (t.d. vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir um fyrirtæki sem fjandsamlegt yfirtökutilboð beinist að).

Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að greint sé frá ástæðum þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og reynt sé eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og tilgreint sé á hverju þetta mat byggist. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar framkvæmdastjórnin gæti aflað þeirra umbeðnu upplýsinga sem ekki voru tiltækar.

([58]) Sjá 5. og 6. mgr. tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 (Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 1).
([59]) Tilkynningarskyldir markaðir í skilningi 6. þáttar.
([60]) Tilkynningarskyldir markaðir í skilningi 6. þáttar.
([61]) Allar persónuupplýsingar sem lagðar eru fram á þessu einfaldaða CO-eyðublaði verða unnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2001 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

g) Í samræmi við 2. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar getur framkvæmdastjórnin veitt undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram tilteknar upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningunni, þ.m.t. skjöl, eða frá öðrum kröfum sem tilgreindar eru á þessu einfaldaða CO-eyðublaði, telji hún að ekki sé nauðsynlegt fyrir athugun á málinu að þær skyldur eða kröfur séu uppfylltar. Til samræmis við það er hægt að senda framkvæmdastjórninni skriflega beiðni áður en tilkynning er lögð fram þar sem farið er á leit við hana að hún veiti undanþágu frá þeirri skyldu að láta í té slíkar upplýsingar ef talið er að ekki sé þörf á þeim fyrir athugun hennar á málinu.

Beiðnir um undanþágu skulu lagðar fram á sama tíma og drögin að einfölduðu CO-eyðublaði til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að ákvarða hvort upplýsingarnar í tengslum við undanþáguna sem farið er fram á séu nauðsynlegar fyrir athugun á málinu eða ekki. Beiðnir um undanþágu skulu lagðar fram annaðhvort í drögunum að einfaldaða CO-eyðublaðinu eða tölvupósti eða bréfi sem beint er til þess aðila sem ber ábyrgð á meðferð málsins og/eða deildarstjóra.

Framkvæmdastjórnin mun skoða beiðnir um undanþágu að því gefnu að fullnægjandi ástæður séu veittar um hvers vegna viðkomandi upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun á málinu. Farið verður með beiðnir um undanþágu í tengslum við skoðun á drögum að einfölduðu CO-eyðublaði. Í samræmi við bestu starfsvenjur stjórnarsviðs samkeppnismála við framkvæmd samrunaeftirlits EB þyrfti stjórnarsvið samkeppnismála því alla jafnan fimm virka dag til að svara beiðnum um undanþágu.

Til að taka af allan vafa skal taka fram að þrátt fyrir að þáttar sé ekki getið í lið 1.5 í þessum inngangshluta eða að framkvæmdastjórnin hafi talið, skv. lið 1.6 að einhverjar tilteknar upplýsingar, sem óskað er eftir á þessu einfaldaða CO-eyðublaði, hafi ekki verið nauðsynlegar fyrir fullfrágengna tilkynningu um samfylkingu (með því að nota einfaldað CO-eyðiblað) kemur sú staðreynd á engan hátt í veg fyrir að framkvæmdastjórnin fari fram á þessar upplýsingar hvenær sem er, einkum með því að biðja um upplýsingar í samræmi við 11. gr. samrunareglugerðarinnar.

1.7. **Hvernig ber að standa að tilkynningu?**

Tilkynningu ber að leggja fram á opinberu tungumáli Evrópusambandsins. Þetta tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir alla tilkynningaraðila. Ef tilkynning er samin í samræmi við 12. gr. bókunar 24 við EES-samninginn á opinberu tungumáli EFTA-ríkis, sem er ekki opinbert tungumál Sambandsins, verður að fylgja tilkynningunni og öllum fylgiskjölum samtímis þýðing á opinberu tungumáli Sambandsins.

Þegar veittar eru upplýsingar, sem beðið er um á þessu einfaldaða eyðublaði, skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á einfaldaða CO-eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing, eins og kveðið er á um í 10. þætti, og fylgiskjöl. Frumritið af einfölduðu CO-eyðublaði skal undirritað af einstaklingum sem lögum samkvæmt hafa heimild til að koma fram fyrir hönd hvers tilkynningaraðila eða af einum eða fleiri viðurkenndum utanaðkomandi fulltrúum tilkynningaraðilans eða -aðilanna. Við frágang 7. þáttar þessa einfaldaða CO-eyðublaðs eru tilkynningaraðilar hvattir til þess að skoða hvort best er, fyrir skýrleika sakir, að setja fram þennan þátt í númeraröð eða hvort hægt er að flokka upplýsingar saman fyrir hvern tilkynningarskyldan markað (eða flokk tilkynningarskyldra markaða).

Sumar upplýsingar má setja í viðauka fyrir skýrleika sakir. Þó er brýnt að allar helstu upplýsingar, einkum þær sem varða markaðshlutdeild aðilanna og helstu samkeppnisaðila þeirra, komi fram í meginmáli þessa einfaldaða CO-eyðublaðs. Viðauka við þetta einfaldaða CO-eyðublað ber aðeins að nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á einfaldaða CO-eyðublaðinu sjálfu.

Leggja skal fram samskiptaupplýsingar á því formi sem stjórnarsvið samkeppnismála leggur til á vefsetri sínu. Brýnt er að allar samskiptaupplýsingar séu réttar svo að rannsóknarferlið fari rétt fram. Ítrekuð tilvik um rangar samskiptaupplýsingar geta verið tilefni til að úrskurða að tilkynning sé ófullnægjandi.

Fylgiskjöl skulu lögð fram á frummálinu; sé það ekki opinbert tungumál Sambandsins ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins (sbr. 4. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber tilkynningaraðilanum að staðfesta að þau séu rétt og óstytt.

Senda skal eitt frumrit og tilskilinn fjölda afrita af einfaldaða CO-eyðublaðinu og fylgiskjölum til stjórnarsviðs samkeppnismála hjá framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin hefur birt tilskilin fjölda og form (pappírsform og/eða rafrænt form) afrita í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og jafnframt á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála.

Tilkynningin skal send á póstfangið sem um getur í 1. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar. Framkvæmdastjórnin skal birta þetta póstfang í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gera það aðgengilegt á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála. Tilkynningin skal berast framkvæmdastjórninni á virkum degi sbr. 24. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar á opnunartímum sem tilgreindir eru á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála. Fara ber að þeim öryggisfyrirmælum sem birt eru á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála.

Öll rafræn eintök af einfaldaða CO-eyðublaðinu og fylgiskjölum skulu lögð fram á nothæfu og leitarhæfu formi eins og tilgreint er nánar á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála

1.8. **Trúnaðarkvaðir**

Í 339. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 2. mgr. 17. gr. samrunareglugerðarinnar, einnig í samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ([62]), er framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum óheimilt að láta öðrum í té vitneskju, sem þeir hafa öðlast við beitingu reglugerðarinnar eða ákvæða hennar, sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli tilkynningaraðila.

Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál“. Einnig ber yður að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða eða gangi fleiri en einn málsaðili frá tilkynningunni er heimilt að leggja viðskiptaleyndarmál fram í sérstökum viðaukum og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Tilkynningin telst ekki fullnægjandi fyrr en allir slíkir viðaukar hafa borist.

1.9. **Skilgreiningar og leiðbeiningar við frágang þessa einfaldaða CO-eyðublaðs**

Tilkynningaraðili eða -aðilar: ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram tilkynningu er hugtakið tilkynningaraðilar einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur tilkynninguna fram.

Samfylkingaraðili eða -aðilar: Hér er bæði átt við aðila sem yfirtaka fyrirtæki og aðila sem eru yfirteknir eða þá aðila sem eiga hlut að samruna fyrirtækja, þ.m.t. öll fyrirtæki sem sóst er eftir ráðandi eignarhlut í eða yfirtökuboð berast í.

Hugtökin tilkynningaraðili eða -aðilar og samfylkingaraðili eða -aðilar taka til allra fyrirtækja sem tilheyra sömu fyrirtækjahópum og þessir aðilar, nema annað sé tekið fram.

Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár“ á þessu einfaldaða CO-eyðublaði merkja almanaksár nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem óskað er eftir á þessu einfaldaða CO-eyðublaði, eiga við árið á undan tilkynningarárinu, nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðirnar, sem óskað er upplýsinga um í 4. þætti skulu gefnar upp í evrum, umreiknuðum á meðalgengi viðkomandi ára eða tímabila.

Allar tilvísanir á þessu CO-eyðublaði eru í viðeigandi greinar og málsgreinar samrunareglugerðarinnar nema annað sé tekið fram.

1.10. **Alþjóðleg samvinna milli framkvæmdastjórnarinnar og annarra samkeppnisyfirvalda**

Framkvæmdastjórnin hvetur hlutaðeigandi fyrirtæki til að stuðla að alþjóðlegri samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og annarra samkeppnisyfirvalda sem rannsaka sömu samfylkingu. Reynsla framkvæmdastjórnarinnar sýnir að góð samvinna milli framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisyfirvalda í lögsagnarumdæmum utan EES er hlutaðeigandi fyrirtækjum til verulegra hagsbóta. Í þessu skyni hvetur framkvæmdastjórnin tilkynningaraðila til þess að leggja fram ásamt þessu einfaldaða CO-eyðublaði skrá yfir öll lögsagnarumdæmi utan EES sem veita leyfi fyrir samfylkingu samkvæmt reglum um samrunaeftirlit áður eða eftir að hún verður að veruleika.

1.11. **Miðlun upplýsinga til starfsmanna og fulltrúa þeirra**

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á hugsanlegum skuldbindingum aðila að samfylkingu samkvæmt löggjöf Sambandsins og/eða landslögum um upplýsingar og samráð vegna viðskipta sem tengjast samfylkingu, gagnvart starfsmönnum og/eða fulltrúum þeirra.

1. ÞÁTTUR

Lýsing á samfylkingu

1.1. Leggja skal fram samantekt um starfsemi samfylkingar, þar sem tilgreindir eru aðilar að samfylkingunni, eðli hennar (t.d. hvort um er að ræða samruna, yfirtöku eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni), starfssvið aðila að samfylkingunni, markaði þar sem áhrifa samfylkingarinnar gætir (þ.m.t. helstu tilkynningarskylda markaði ([63])) og skipulagslegar og efnahagslegar grunnforsendur samfylkingarinnar.

1.2. Leggja skal fram samantekt sem er ekki trúnaðarmál (allt að 500 orð) um þær upplýsingar sem kveðið er á um í þætti 1.1. Fyrirhugað er að birta samantektina á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála daginn sem tilkynnt er um samfylkinguna. Samantektina skal semja þannig að hún innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar eða viðskiptaleyndarmál.

([62]) Sjá einkum 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 24 við EES-samninginn og 2. mgr. 17. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól).

([63]) Tilkynningarskyldir markaðir í skilningi 6. þáttar.

1.3. Útskýrið hvers vegna samfylkingin uppfyllir skilyrði fyrir einfaldaðri meðferð með vísan í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingar um aðila

Fyrir hvern tilkynningaraðila og jafnframt fyrir sérhvern annan aðila að samfylkingunni ([64]) skal tilgreina:

2.1.1. heiti fyrirtækis,

2.1.2. nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang viðkomandi tengiliðar ásamt stöðu. Tilgreint heimilisfang verður að vera heimilisfang vegna þjónustu sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnar og önnur málsskjöl, og skal tilgreindur tengiliður teljast hafa heimild til þess að taka við tilkynningum,

2.1.3. ef einn eða fleiri viðurkenndir utanaðkomandi fulltrúar fyrirtækisins eru tilnefndir, má tilgreina fulltrúann, eða fulltrúana, sem hægt er að senda til skjölin, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar og önnur málsskjöl:

2.1.3.1. nafn, heimilisfang, sem hægt er að senda skjöl til, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar ásamt stöðu og

2.1.3.2. upprunalega skriflega staðfestingu á því að sérhver viðurkenndur utanaðkomandi fulltrúi hafi umboð til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins (á grundvelli fyrirmyndar að umboði sem hægt er að nálgast á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála).

3. ÞÁTTUR

Upplýsingar um samfylkinguna, eignarhald og yfirráð ([65])

Hægt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirráðum er háttað í fyrirtækjunum áður og eftir að gengið hefur verið frá samfylkingunni.

3.1. Lýsið í stuttu máli eðli samfylkingarinnar sem tilkynnt er um. Með tilvísun í viðeigandi viðmiðanir samrunareglugerðarinnar og samsteyptrar tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum ([66]):

3.1.1. Tilgreinið fyrirtækin eða einstaklingana sem einir eða sameiginlega fara með bein eða óbein yfirráð í hlutaðeigandi fyrirtækjum og lýsið fyrirkomulaginu á eignarhaldi og yfirráðum sérhvers hlutaðeigandi fyrirtækis áður en gengið hefur verið frá samfylkingunni.

3.1.2. Tilgreinið hvort fyrirhuguð samfylking er:

i. alger samruni,

ii. yfirtaka eða sameiginleg yfirtaka fyrirtækis eða

iii. samningur eða annað fyrirkomulag sem veitir bein eða óbein yfirráð í skilningi 2. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, eða

iv. öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í fullum rekstri í skilningi 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og ef svo er ástæður þess að sameiginlega verkefnið telst í fullum rekstri ([67]).

3.1.3. Útskýrið hvernig samfylkingin verður framkvæmd (t.d. með gerð samnings, yfirtökutilboðs, o.s.frv.).

3.1.4. Útskýrið, með tilvísun í 1. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar, hver af eftirfarandi atburðum hefur átt sér stað fyrir tilkynningu:

i. samningur hefur verið gerður,

ii. ráðandi hlutur hefur verið yfirtekinn,

([64]) Þetta tekur einnig til fyrirtækis sem fjandsamleg yfirtaka beinist að en í því tilviki skal tilgreina einstök atriði eins nákvæmlega og unnt er.

([65]) Sjá 3. gr. (3., 4. og 5. mgr.) og 5. gr. (4. mgr.) samrunareglugerðarinnar.

([66]) Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 95, 16.4.2008, bls. 1).

([67]) Sjá IV. kafla í B-þætti í samsteyptri tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum.

iii. tilkynnt hefur verið um (fyrirætlun um að gera) yfirtökuboð eða

iv. hlutaðeigandi fyrirtæki hafa sýnt fram á einlægan vilja til að gera samning.

3.1.5. Tilgreinið fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegrar samfylkingar.

3.1.6. Útskýrið eignarhaldsform og yfirráð hjá sérhverju hlutaðeigandi fyrirtæki eftir að gengið hefur verið frá samfylkingunni.

3.2. Gerið grein fyrir efnahagslegum rökstuðningi fyrir samfylkingunni.

3.3. Tilgreinið virði viðskiptanna (kaupverð (eða virði allra viðkomandi eigna, eftir því sem við á); tilgreinið hvort það er í formi eigin fjár, reiðufjár eða annarra eigna).

3.4. Tilgreinið hvort einhver aðilanna hefur þegið einhverja fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð frá opinberum yfirvöldum og eðli og fjárhæð aðstoðarinnar.

4. ÞÁTTUR

Velta

Fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki um sig ber að veita eftirfarandi upplýsingar fyrir síðasta reikningsár ([68]):

4.1. Veltu á heimsvísu.

4.2. Veltu innan ESB.

4.3. Veltu innan EES (ESB og EFTA).

4.4. Veltu í hverju aðildarríki (tilgreinið aðildarríki, sé um það að ræða, þar sem veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan ESB).

4.5. Veltu innan EFTA.

4.6. Veltu í hverju EFTA-ríki (tilgreinið EFTA-ríki, sé um það að ræða, þar sem veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan EFTA). Tilgreinið einnig hvort samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkja er 25% eða meira af heildarveltu þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins).

Upplýsingar um veltu skulu veittar á þar til gerðu töflueyðublaði sem er að finna á vefsetri stjórnarsviðs Samkeppnismála.

5. ÞÁTTUR

Fylgiskjöl

Tilkynningaraðilar skulu láta eftirfarandi fylgja:

5.1. Afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvíkjandi samfylkingunni, hvort sem samfylkingin hefur orðið til með samkomulagi milli hlutaðeigandi aðila, öflun ráðandi hlutar eða yfirtökuboði, og

5.2. upplýsingar um veffang ef það er fyrir hendi þar sem hægt er að nálgast síðustu ársskýrslur og reikninga aðila að samfylkingunni eða ef ekkert slíkt veffang er fyrir hendi, afrit af síðustu ársskýrslum og reikningum aðilanna að samfylkingunni.

5.3. Ekki þarf að veita eftirfarandi upplýsingar nema í málum þar sem samfylking hefur í för með sér að einn eða fleiri tilkynningarskyldir markaðir myndast innan EES: afrit af öllum greinargerðum sem aðilar sem eiga sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða yfirstjórn, eins og við á samkvæmt stjórnarháttum fyrirtækisins eða aðrir aðilar, einn eða fleiri, sem gegna áþekku hlutverki (eða sem slíkt hlutverk hefur verið falið eða þeir hafa fengið) sem eiga sæti á hluthafafundum, hafa unnið eða móttekið eða sem hafa verið unnin fyrir þá, eða hluthafafundum þar sem tilkynnt samfylking er greind.

Látið í té skrá yfir skjöl sem um getur í þessum þætti 5.3 og tilgreinið fyrir hvert skjal hvenær það var unnið ásamt nafni og stöðu viðtakanda.

([68]) Að því er varðar hugtökin „hlutaðeigandi fyrirtæki“og „útreikningur á veltu“ sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 95, 16.4.2008, bls. 1).

6. ÞÁTTUR

Skilgreiningar á mörkuðum

Þennan þátt þarf að fylla út ef samfylkingin hefur í för með sér að einn eða fleiri tilkynningarskyldir markaðir myndast ([69]).

6.1. **Skilgreiningar á mörkuðum**

Viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samrunann ([70]).

Tilkynningaraðila eða -aðilum ber að veita umbeðnar upplýsingar á þessu einfaldaða CO-eyðublaði með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

6.1.1. Viðkomandi vörumarkaðir

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða skiptanlega þjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og ætlaðrar notkunar. Viðkomandi vörumarkaður getur í sumum tilvikum verið samsettur úr margs konar vörum og/eða þjónustu sem hafa í meginatriðum sömu eðlis- eða tæknieiginleika og geta komið hver í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi vörumarkaði, eru greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt skilgreiningu og með hliðsjón af því, m.a., hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta (t.d. framboðsstaðgöngu þegar við á).

6.1.2. Viðkomandi landfræðilegir markaðir

Til landfræðilegs markaðar telst svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í framboði á og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og eiginleikar viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu landsvæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

6.2. **Tilkynningarskyldir markaðir**

Að því er varðar upplýsingar sem beðið er um á þessu einfaldaða CO-eyðublaði teljast tilkynningarskyldir markaðir vera allir viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir og einnig aðrir líklegir viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir ([71]) innan EES þegar:

a) tveir eða fleiri aðilar að samfylkingunni (þegar um er að ræða öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, fyrirtækið um sameiginlegt verkefni og a.m.k. einn yfirtökuaðilanna) eru með viðskipti á sama viðkomandi markaði (lárétt tengsl),

b) einn eða fleiri samfylkingaraðilar (þegar um er að ræða öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, fyrirtækið um sameiginlega verkefnið og a.m.k. einn yfirtökuaðilanna) stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við markað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti, án tillits til þess hvort tengsl birgis og viðskiptavinar eru milli samfylkingaraðila eða ekki (lóðrétt tengsl).

Tilgreinið alla markaði þar sem áhrifa gætir á grundvelli skilgreininga sem settar eru fram í 6. þætti.

Ef samfylkingin fellur undir gildissvið c-liðar 5. liðar í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 skal staðfesta að ekki sé fyrir hendi neinn markaður þar sem áhrifa gætir eins og skilgreint er í þætti 6.3 á CO-eyðublaðinu samkvæmt einhverri sennilegri skilgreiningu á vörumarkaði og landfræðilegum markaði.

([69]) Tilkynningarskyldir markaðir í skilningi 6. þáttar.

([70]) Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðkomandi markaði, að því er samkeppnislög Sambandsins varðar (Stjtíð. EB C 372, 9.12.1997, bls. 5).

([71]) Aðrar sennilegar skýringar á vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum er hægt að sanngreina á grundvelli fyrri ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar og dóma dómstóla Evrópusambandsins og (einkum þegar engin fordæmi finnast hjá framkvæmdastjórninni eða dómstólnum) með tilvísun í atvinnugreinaskýrslur markaðsrannsóknir og innanhússskjöl tilkynningaraðila.

7. ÞÁTTUR

Upplýsingar um markaði

Þennan þátt þarf að fylla út ef samfylkingin hefur í för með sér að einn eða fleiri tilkynningarskyldir markaðir myndast.

7.1. Fyrir hvern tilkynningarskyldan markað sem lýst er í 6. þætti skal leggja fram eftirfarandi gögn næstliðins árs fyrir aðgerð:

7.1.1. fyrir hvern aðila að samfylkingunni, eðli viðskipta fyrirtækisins, helstu starfandi dótturfyrirtæki og/eða vöruheiti, heiti vöru og/eða vörumerki sem eru notuð á hverjum þessara markaða,

7.1.2. áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í evrum) og umfang (í einingafjölda) ([72]). Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tök eru á,

7.1.3. söluverðmæti og umfang sölu hjá hverjum samfylkingaraðila og áætluð markaðshlutdeild hans. Tilgreinið hvort verulegar breytingar hafi orðið á sölu- og markaðshlutdeild á næstliðnum þremur fjárhagsárum,

7.1.4. að því er varðar lárétt tengsl og lóðrétt tengsl, mat á virði markaðshlutdeildar (og magni þar sem við á) þriggja helstu samkeppnisaðila (tilgreina skal á hvaða grunni matið er gert). Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu en, sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) þessara samkeppnisaðila.

7.2. Ef samfylkingin fellur undir gildissvið 6. liðar í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 skal greina frá eftirfarandi fyrir hvern tilkynningarskyldan markað þar sem aðilar hafa sameinaða lárétta markaðshlutdeild sem nemur meira en 20%:

7.2.1. Greinið frá því hvort einhverjar af þeim sérstöku aðstæðum sem um getur í 20. lið leiðbeininga framkvæmdastjórnarinnar um mat á láréttum samruna ([73]) eru fyrir hendi, einkum því hve mikil markaðssamþjöppunin er, hvort áformuð samfylking leiðir saman mikilvæga frumkvöðla, hvort fyrirhuguð samfylking mundi ryðja úr vegi mikilvægu samkeppnisafli og hvort hún varðar fyrirtæki þar sem vara, sem lofar góðu, er í þróun.

7.2.2. Gefið upp söluverðmæti og umfang sölu, og jafnframt áætlaða markaðshlutdeild hjá hverjum samfylkingaraðila fyrir hvert þriggja síðustu ára.

7.2.3. Að því er varðar sérhvern aðila að samfylkingunni lýsið í stuttu máli:

7.2.3.1. umfangi rannsókna og þróunar ([74]),

7.2.3.2. helstu nýjungum í vöru og/eða þjónustu sem komið hefur á markað á síðustu þremur árum, vörum sem eru í þróun og eiga að koma á markað innan þriggja ára einnig mikilvægum hugverkarrétti sem er í eigu samfylkingarinnar og undir yfirráðum hennar.

8. ÞÁTTUR

Viðskiptastarfsemi, sem miðað er að, ef engir tilkynningarskyldir markaðir eru fyrir hendi

Þennan þátt þarf að fylla út ef samfylkingin hefur ekki í för með sér að neinir tilkynningarskyldir markaðir myndast.

8.1. **Viðskiptastarfsemi yfirtökuaðila, eins eða fleiri**

Fyrir hvern yfirtökuaðila eða aðila, einn eða fleiri, lýsið því hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er.

8.2. **Viðskiptastarfsemi sem miðað er að**

8.2.1. Útskýrið núverandi og framtíðar viðskiptastarfsemi fyrirtækisins eða fyrirtækjanna sem eru yfirtekin.

([72]) Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að draga útflutning frá framleiðslunni á landsvæðunum sem um ræðir og bæta innflutningi við.

([73]) Sjá leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar um mat á láréttum samruna samkvæmt reglugerð ráðsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 31, 5.2.2004, bls. 5).

([74]) Umfang rannsókna og þróunar er t.d. hægt að skilgreina sem kostnað við rannsóknir og þróun sem hlutfall af veltu.

8.2.2. Ef um er að ræða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem ekki er með neina yfirstandandi eða fyrirsjáanlega starfsemi innan EES í skilningi a-liðar 5. gr. tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004, nægir að skýra frá:

8.2.2.1. vöru eða þjónustu sem fyrirtækið um sameiginlegt verkefni veitir um þessar mundir og í framtíðinni, og

8.2.2.2. því hvers vegna fyrirtækið um sameiginlega verkefnið hefði ekki nein bein eða óbein áhrif á markaði innan EES.

8.3. **Engir tilkynningarskyldir markaðir eru fyrir hendi**

Útskýrið hvers vegna talið er að fyrirhuguð samfylking hafi ekki í för með sér neina tilkynningarskylda markaði innan EES.

9. ÞÁTTUR

Samstarfsáhrif fyrirtækis um sameiginlegt verkefni

Ef um er að ræða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni skal að því er varðar 4. mgr. 2. gr. samrunareglugerðarinnar svara eftirfarandi spurningum:

a) Halda tvö eða fleiri móðurfyrirtæki áfram starfsemi að verulegu leyti á sama markaði og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við markað fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið eða á nærliggjandi markaði sem er náskyldur honum? ([75])

   Ef svarið er já tilgreinið fyrir hvern markað sem um getur hér:

   i. veltu hvers móðurfyrirtækis á síðasta fjárhagsári,

   ii. efnahagslegt vægi starfsemi fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni miðað við þessa veltu,

   iii. markaðshlut hvers móðurfyrirtækis.

b) Ef svarið við a-lið er já og ef þér teljið að viðmiðunum í 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og eftir atvikum samsvarandi ákvæðum EES-samningsins ([76]) sé ekki fullnægt greinið frá ástæðum þess.

c) Með fyrirvara um svörin við a- og b-lið og til að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið málið á fullnægjandi hátt skal útskýra hvers vegna talið er að viðmiðanirnar í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eigi við í viðkomandi tilviki, og, þar sem við á, samsvarandi ákvæði EES-samningsins ([77]). Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er heimilt að lýsa yfir því að ákvæði 1. mgr. 101. gr. eigi ekki við ef aðgerðin:

   i. stuðlar að bættri framleiðslu eða vörudreifingu, eða eflir tæknilegar efnahagslegar framfarir,

   ii. veitir neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af hlýst,

   iii. leggur ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki ef ekki er brýn þörf á því til að ná þessum markmiðum og

   iv. veitir þessum fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

10. ÞÁTTUR

Yfirlýsing

Ljúka ber tilkynningunni með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af eða fyrir hönd allra sem að henni standa:

Tilkynningaraðili eða -aðilar lýsa yfir því að upplýsingarnar, sem eru veittar í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund þeirra, að rétt og óstytt afrit af skjölum, sem krafist er samkvæmt einfölduðu CO-eyðublaði, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós er það gert í góðri trú.

Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði a-liðar 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðarinnar.“

———

([75]) Sjá skilgreiningu á markaði í 6. þætti.
([76]) Sjá 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.
([77]) Sjá 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

III. VIÐAUKI

RS-EYÐUBLAÐ

(RS = rökstudd greinargerð skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004

RS-EYÐUBLAÐ SEM VARÐAR RÖKSTUDDAR GREINARGERÐIR

SAMKVÆMT 4. OG 5. MGR. 4. GR. REGLUGERÐAR RÁÐSINS (EB) nr. 139/2004

INNGANGUR

1.1. **Tilgangurinn með RS-eyðublaðinu**

Á þessu RS-eyðublaði eru tilgreindar þær upplýsingar sem þeir sem leggja fram rökstudda greinargerð þurfa að láta í té þegar þeir skila henni vegna vísunar máls áður en tilkynning er lögð fram, skv. 4. eða 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ([78]) (hér á eftir nefnd „samrunareglugerðin“).

Athygli er vakin á samrunareglugerðinni og reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 802/2004 ([79]) (hér á eftir nefnd „framkvæmdarreglugerðin“) sem þetta RS-eyðublað fylgir með í viðauka. Texta reglugerðanna og önnur tengd skjöl er að finna á samkeppnissíðu Europa-vefseturs framkvæmdastjórnarinnar. Athygli er einnig vakin á samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ([80]) (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“).

Viðurkennt er að þær upplýsingar sem beðið er um á þessu RS-eyðublaði eru mikilvægar. Þó hefur reynslan sýnt að ekki eru allar upplýsingar endilega nauðsynlegar svo hægt sé að leggja fram rökstudda greinargerð og veltur það á málavöxtum í hverju tilviki. Í samræmi við það eruð þér hvattir til að fara fram á við framkvæmdastjórnina að hún leysi yður undan þeirri skyldu að láta í té tilteknar upplýsingar, ef þér teljið að tilteknar upplýsingar, sem beðið er um á þessu RS-eyðublaði, kunni að vera ónauðsynlegar að því er varðar rökstudda greinargerð. Sjá nánari upplýsingar í e-lið í þætti 1.3 í inngangshlutanum.

Möguleikinn á að hafa samskipti áður er þjónusta sem framkvæmdastjórnin býður aðilum sem leggja fram greinargerð, kjósi þeir það, til að undirbúa formlega framlagningu á þessu RS-eyðublaði. Það er afar nytsamlegt, bæði fyrir þá sem leggja fram rökstudda greinargerð og framkvæmdastjórnina, að hafa samskipti áður til að ákvarða nákvæmlega hvaða upplýsingar verða að koma fram í henni, enda er árangurinn í flestum tilvikum sá að verulega er dregið úr kröfum um upplýsingar. Aðilar eru því hvattir til að hafa samráð við framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki eða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, kjósi þau það, varðandi hæfilegt umfang og gerð upplýsinga sem þeir hyggjast byggja rökstudda greinargerð sína á.

Aðilar geta stuðst við leiðbeiningar stjórnarsviðs samkeppnismála hjá framkvæmdastjórninni um bestu starfsvenjur við framkvæmd samrunaeftirlits EB („stjórnarsvið samkeppnismála“), eins og þær eru birtar á vefsíðu stjórnarsviðs samkeppnismála og uppfærðar hverju sinni þar sem ráðlagt er um samskipti áður og undirbúning tilkynninga og rökstuddra greinargerða.

1.2. **Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram rökstudda greinargerð**

Sé um samruna að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar eða öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar skulu samfylkingaraðilar eða þeir sem ná sameiginlegum yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá rökstuddu greinargerðinni.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá rökstuddu greinargerðinni.

Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá rökstuddu greinargerðinni.

Allir sem leggja fram rökstudda greinargerð bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

1.3. **Kröfurnar sem gerðar eru svo rökstudd greinargerð teljist rétt og fullnægjandi.**

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu RS-eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Upplýsingarnar ber að láta í té í réttum þætti þessa RS-eyðublaðs.

([78]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([79]) Stjtíð. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1.
([80]) Sjá einkum 57. gr. EES-samningsins, 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn, bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn, ásamt bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“). Þegar EFTA-ríkjanna er getið er átt við þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum. Hinn 1. maí 2004 eru þessi ríki Ísland, Liechtenstein og Noregur.

Farið verður með rangar eða misvísandi upplýsingar í rökstuddri greinargerð sem ófullnægjandi upplýsingar (4. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

Einkum er vakin athygli á eftirfarandi:

a) „Í samræmi við 4. og 5. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar er framkvæmdastjórninni skylt að framsenda rökstuddar greinargerðir til aðildarríkja og EFTA-ríkja án tafar. Frestur til þess að fara yfir rökstudda greinargerð hefst þegar hlutaðeigandi aðildarríki eða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, hafa veitt henni móttöku. Ákvörðun um að fallast á rökstudda greinargerð eða hafna henni verður að öllu jöfnu tekin að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem hún hefur að geyma, án þess að viðkomandi yfirvöld leggi út í frekari rannsóknarvinnu.

b) Við undirbúning rökstuddrar greinargerðar skulu aðilar því ganga úr skugga um að allar upplýsingar og röksemdir sem byggt er á séu nægilega studdar óháðum heimildum.

c) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðarinnar geta aðilar sem leggja fram rökstudda greinargerð sem hvort heldur af ásetningi eða í gáleysi veita rangar eða misvísandi upplýsingar sætt sektum sem nema allt að 1% af samanlagðri veltu viðkomandi fyrirtækis.

d) Í samræmi við framkvæmdarreglugerðina getur framkvæmdastjórnin veitt undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram ákveðnar upplýsingar í rökstuddu greinargerðinni eða hvers konar öðrum kröfum sem tilgreindar eru á þessu RS-eyðublaði. Til samræmis við það er hægt að senda framkvæmdastjórninni skriflega beiðni þar sem þess er farið á leit við hana að hún veiti undanþágu frá því að veita slíkar upplýsingar ef þær eru ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (t.d. vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir um fyrirtæki sem fjandsamlegt yfirtökutilboð beinist að).

   Beiðnir um undanþágu skal leggja fram á sama tíma og drög að RS-eyðublaðinu. Beiðnir um undanþágu skulu lagðar fram annaðhvort í drögunum að sjálfu RS-eyðublaðinu eða tölvupósti eða bréfi sem beint er til þess aðila sem ber ábyrgð á meðferð málsins og/eða deildarstjóra.

   Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka undanþágubeiðnir, að því tilskildu að greint sé frá ástæðum þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og reynt sé eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og tilgreint sé á hverju þetta mat byggist. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar framkvæmdastjórnin eða viðkomandi aðildarríki og EFTA-ríki, eitt eða fleiri, geta aflað þeirra umbeðnu upplýsinga sem ekki voru tiltækar.

   Fjallað verður um undanþágubeiðnir í samræmi við bestu starfsvenjur stjórnarsviðs samkeppnismála við framkvæmd samrunaeftirlits EB og þyrfti stjórnarsvið samkeppnismála alla jafnan fimm virka dag til að svara þeim.

e) Í samræmi við framkvæmdarreglugerðina getur framkvæmdastjórnin veitt undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram tilteknar upplýsingar sem eiga að koma fram í rökstuddu greinargerðinni eða frá öðrum kröfum sem tilgreindar eru á þessu RS-eyðublaði, telji hún að ekki sé nauðsynlegt fyrir athugun á beiðni um vísun máls áður en tilkynning er lögð fram að þær skyldur eða kröfur séu uppfylltar. Til samræmis við það er heimilt að fara skriflega fram á við framkvæmdastjórnina að hún veiti undanþágu frá því að veita þessar upplýsingar ef talið er að tilteknar upplýsingar á þessu RS-eyðublaði séu ekki endilega nauðsynlegar til þess að framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi aðildarríki eða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, geti skoðað beiðni um vísun máls áður en tilkynning er lögð fram.

   Beiðnir um undanþágu skulu lagðar fram á sama tíma og drögin að RS-eyðublaðinu til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að ákvarða hvort upplýsingarnar í tengslum við undanþáguna sem farið er fram á séu nauðsynlegar eða ekki fyrir athugun á beiðni um vísun máls áður en tilkynning er lögð fram. Beiðnir um undanþágu skulu lagðar fram annaðhvort í drögunum að sjálfu RS-eyðublaðinu eða tölvupósti eða bréfi sem beint er til þess aðila sem ber ábyrgð á meðferð málsins og/eða deildarstjóra.

   Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka undanþágubeiðni, að því tilskildu að fullnægjandi rök séu færð fyrir því að viðkomandi upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir meðferð á beiðni um vísun máls áður en tilkynning er lögð fram. Framkvæmdastjórnin getur haft samráð við yfirvald eða yfirvöld viðkomandi aðildarríkis eða EFTA-ríkis áður en hún tekur ákvörðun um að verða við slíkri beiðni.

   Farið verður með beiðnir um undanþágur í samræmi við bestu starfsvenjur stjórnarsviðs samkeppnismála við framkvæmd samrunaeftirlits EB og þyrfti stjórnarsvið samkeppnismála alla jafnan fimm virka dag til að svara þeim.

   Til að taka af allan vafa skal taka fram að þrátt fyrir að framkvæmdastjórnin hafi talið að einhverjar tilteknar upplýsingar, sem óskað er eftir á þessu RS-eyðublaði, hafi ekki verið nauðsynlegar fyrir fullfrágengna rökstudda greinargerð um samfylkingu kemur sú staðreynd á engan hátt í veg fyrir að framkvæmdastjórnin fari fram á þessar tilteknu upplýsingar hvenær sem er, einkum með því að biðja um upplýsingar í samræmi við 11. gr. samrunareglugerðarinnar.

1.4. **Frágangur rökstuddrar greinargerðar**

Rökstudda greinargerð ber að leggja fram á opinberu tungumáli Evrópusambandsins. Þetta tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir alla aðila sem leggja greinargerð fram.

„Í því augnamiði að greiða fyrir meðferð yfirvalda aðildarríkis og EFTA-ríkis á RS-eyðublaði eru aðilar eindregið hvattir til þess að útvega framkvæmdastjórninni þýðingu á rökstuddri greinargerð sinni á tungumáli eða tungumálum sem allir viðtakendur upplýsinganna skilja. Að því er varðar beiðnir um að vísa máli áfram til aðildarríkis eða EFTA-ríkis, eins eða fleiri, eru aðilar eindregið hvattir til að leggja einnig fram afrit af beiðninni á tungumáli/tungumálum aðildarríkis og EFTA-ríkis, eins eða fleiri, sem beðið er um að máli sé vísað til.

Þegar veittar eru upplýsingar, sem krafist er á þessu RS-eyðublaði, skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu og enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing og fylgiskjöl. Frumritið af RS-eyðublaðinu skal undirritað af einstaklingum sem lögum samkvæmt hafa heimild til að koma fram fyrir hönd einstakra aðila sem leggja það fram eða af einum eða fleiri viðurkenndum utanaðkomandi fulltrúum aðilans eða -aðilanna sem leggja það fram.

Sumar upplýsingar má setja í viðauka fyrir skýrleika sakir. Þó er brýnt að öll efnisleg grundvallargögn séu kynnt í meginmáli RS-eyðublaðs. Viðauka við þetta RS-eyðublað skal aðeins nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á RS-eyðublaðinu sjálfu.

Fylgiskjöl skulu lögð fram á frummálinu; sé það ekki eitt af opinberum tungumálum Evrópusambandsins ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins.

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber aðila að staðfesta að þau séu rétt og óstytt.

Senda skal eitt frumrit og tilskilinn fjölda afrita af RS-eyðublaði og fylgiskjölum til framkvæmdastjórnarinnar. Tilskilinn fjöldi og form (pappírsform eða rafrænt form) afrita verða birt hverju sinni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og jafnframt á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála.

Greinargerðin skal send á póstfangið sem um getur í 1. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar. Framkvæmdastjórnin skal birta þetta póstfang í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gera það aðgengilegt á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála. Greinargerðin skal berast framkvæmdastjórninni á virkum degi sbr. 24. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar á opnunartímum sem tilgreindir eru á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála. Fara ber að þeim öryggisfyrirmælum sem birt eru á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála.

Öll rafræn eintök af RS-eyðublaðinu og fylgiskjölum skulu lögð fram á nothæfu og leitarhæfu formi eins og tilgreint er á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála

1.5. **Trúnaðarkvaðir**

Í 287. gr. sáttmálans og 2. mgr. 17. gr. samrunareglugerðarinnar, einnig í samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ([81]), er framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum óheimilt að láta öðrum í té vitneskju, sem þeir hafa öðlast við beitingu reglugerðarinnar eða ákvæða hennar, sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli aðila að greinargerðinni.

Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál“. Einnig ber yður að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða eða gangi fleiri en einn málsaðili frá greinargerðinni er heimilt að senda viðskiptaleyndarmál sérstaklega í viðaukum og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Rökstuddri greinargerð skulu fylgja allir slíkir viðaukar.

1.6. **Skilgreiningar og leiðbeiningar við frágang þessa RS-eyðublaðs**

Aðili eða aðilar að rökstuddri greinargerð: ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram rökstudda greinargerð er hugtakið aðilar einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur greinargerðina fram.

Samfylkingaraðili (eða -aðilar): Hér er bæði átt við aðila sem yfirtaka fyrirtæki og aðila sem eru yfirteknir eða þá aðila sem eiga hlut að samruna fyrirtækja, þ.m.t. öll fyrirtæki sem sóst er eftir ráðandi eignarhlut í eða yfirtökuboð berast í.

([81]) Sjá einkum 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 24 við EES-samninginn og 2. mgr. 17. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Hugtökin aðili eða aðilar og samfylkingaraðili eða -aðilar sem leggja fram greinargerð taka til allra fyrirtækja, sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðum og þessir aðilar, nema annað sé tekið fram.

Markaðir þar sem áhrifa gætir: Í 4. þætti RS-eyðublaðsins er óskað eftir því að aðilar sem leggja fram greinargerð skilgreini viðkomandi vörumarkaði og tilgreini enn fremur hverjir þessara viðkomandi markaða eru líklegir til að verða fyrir áhrifum af aðgerðinni. Þessi skilgreining á markaði þar sem áhrifa gætir er grundvöllur margra spurninga á RS-eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar talað er um markað eða markaði þar sem áhrifa gætir á RS-eyðublaðinu er átt við þá skilgreiningu á markaði sem aðilar að greinargerð leggja fram. Þetta hugtak getur átt við viðkomandi markaði fyrir vörur eða þjónustu.

Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár“ á RS-eyðublaðinu merkja almanaksár nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem krafist er á RS-eyðublaðinu, skulu eiga við árið á undan árinu þegar rökstudd greinargerð var lögð fram nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðirnar, sem óskað er upplýsinga um á þessu RS-eyðublaði skulu gefnar upp í evrum, umreiknuðum á meðalgengi viðkomandi ára eða tímabila.

Allar tilvísanir í lagaákvæði á þessu RS-eyðublaði eru í viðeigandi greinar og málsgreinar samrunareglugerðarinnar nema annað sé tekið fram.

1.7. **Alþjóðleg samvinna milli framkvæmdastjórnarinnar og annarra samkeppnisyfirvalda**

Framkvæmdastjórnin hvetur hlutaðeigandi fyrirtæki til að stuðla að alþjóðlegri samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og annarra samkeppnisyfirvalda sem rannsaka sömu samfylkingu. Reynsla framkvæmdastjórnarinnar sýnir að góð samvinna milli framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisyfirvalda í lögsagnarumdæmum utan EES er hlutaðeigandi fyrirtækjum til verulegra hagsbóta. Í þessu skyni hvetur framkvæmdastjórnin aðila að greinargerðinni til þess að leggja fram ásamt þessu RS-eyðublaði skrá yfir öll lögsagnarumdæmi utan EES sem veita leyfi fyrir samfylkingu samkvæmt reglum um samrunaeftirlit áður en eða eftir að gengið hefur verið frá henni.

1. ÞÁTTUR

1.1. **Grunnupplýsingar**

1.1.1. Leggja skal fram samantekt um starfsemi samfylkingar, þar sem tilgreindir eru aðilar að samfylkingu, eðli hennar (t.d. hvort um er að ræða samruna, yfirtöku eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni), starfssvið aðila að samfylkingunni, markaði þar sem áhrifa samfylkingarinnar gætir (þ.m.t. helstu markaða þar sem áhrifa gætir) og skipulagslegar og efnahagslegar grunnforsendur samfylkingarinnar.

1.1.2. Tilgreinið hvort rökstudda greinargerðin sé gerð skv. 4. eða 5. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar og/eða samkvæmt ákvæðum EES-samningsins:

– vísun skv. 4. mgr. 4. gr. til aðildarríkis eða aðildarríkja og/eða vísun til EFTA-ríkis eða -ríkja,

– vísun skv. 5. mgr. 4. gr. til framkvæmdastjórnarinnar.

1.2. **Upplýsingar um aðila að greinargerð (einn eða fleiri) og aðra aðila að samfylkingunni** ([82])

Fyrir hvern aðila sem gerir rökstudda greinargerð og jafnframt fyrir sérhvern annan aðila að samfylkingu skal tilgreina:

1.2.1. heiti fyrirtækis,

1.2.2. nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang viðkomandi tengiliðar ásamt stöðu. Tilgreint heimilisfang verður að vera heimilisfang vegna þjónustu sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnar og önnur málsskjöl, og skal tilgreindur tengiliður teljast hafa heimild til þess að taka við tilkynningum,

1.2.3. ef einn eða fleiri viðurkenndir utanaðkomandi fulltrúar fyrirtækisins eru tilnefndir, sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar og önnur málsskjöl:

1.2.3.1. skal tilgreina nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang sérhvers fulltrúa ásamt stöðu og

1.2.3.2. upprunalega skriflega staðfestingu á því að sérhver fulltrúi hafi umboð til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins (á grundvelli fyrirmyndar að umboði sem hægt er að nálgast á vefsetri stjórnarsviðs samkeppnismála).

([82]) Þetta tekur einnig til fyrirtækis sem fjandsamleg yfirtaka beinist að en í því tilviki ætti að tilgreina einstök atriði eins nákvæmlega og unnt er.

2. ÞÁTTUR

Almennar upplýsingar um samfylkinguna og aðdraganda hennar

Heimilt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirráðum er háttað í fyrirtækjunum.

2.1. Lýsið í stuttu máli eðli samfylkingarinnar sem tilkynnt er um. Með tilvísun í viðeigandi viðmiðanir samrunareglugerðarinnar og samsteyptrar tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum ([83]):

2.1.1. Tilgreinið fyrirtækin eða einstaklingana sem einir eða sameiginlega fara með bein eða óbein yfirráð í hlutaðeigandi fyrirtækjum og lýsið fyrirkomulaginu á eignarhaldi og yfirráðum sérhvers hlutaðeigandi fyrirtækis áður en gengið hefur verið frá samfylkingunni.

2.1.2. Tilgreinið hvort fyrirhuguð samfylking er:

i. alger samruni,

ii. yfirtaka eða sameiginleg yfirtaka fyrirtækis eða

iii. samningur eða annað fyrirkomulag sem veitir bein eða óbein yfirráð í skilningi 2. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar,

iv. öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í fullum rekstri í skilningi 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og ef svo er ástæður þess að sameiginlega verkefnið telst í fullum rekstri ([84]).

2.1.3. Útskýrið hvernig samfylkingin verður framkvæmd (t.d. með gerð samnings, yfirtökuboði, o.s.frv.).

2.1.4. Útskýrið, með tilvísun í 1. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar, hver af eftirfarandi atburðum hefur átt sér stað fyrir tilkynningu:

i. samningur hefur verið gerður,

ii. ráðandi hlutur hefur verið yfirtekinn,

iii. tilkynnt hefur verið um (fyrirætlun um að gera) yfirtökuboð eða

iv. hlutaðeigandi fyrirtæki hafa sýnt fram á einlægan vilja til að gera samning,

2.1.5. tilgreinið fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegrar samfylkingar.

2.1.6. Útskýrið eignarhaldsform og yfirráð hjá sérhverju hlutaðeigandi fyrirtæki eftir að gengið hefur verið frá samfylkingunni.

2.2. Gerið grein fyrir efnahagslegum rökstuðningi fyrir samfylkingunni.

2.3. Tilgreinið virði samfylkingarinnar (kaupverð (eða virði allra viðkomandi eigna, eftir því sem við á), tilgreinið hvort það er í formi eigin fjár, reiðufjár eða annarra eigna).

2.4. Tilgreinið hvort einhver aðilanna hefur þegið einhverja fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð frá opinberum yfirvöldum og eðli og fjárhæð aðstoðarinnar.

2.5. Leggja skal fram fullnægjandi gögn, fjárhagsleg eða önnur, til þess að sýna fram á að samfylkingin standist eða standist ekki viðeigandi lögformlegar viðmiðanir skv. 1. gr. samrunareglugerðarinnar með því að veita upplýsingar fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki sem samfylkingin varðar fyrir síðasta reikningsár ([85]):

2.5.1. veltu á heimsvísu,

2.5.2. veltu innan ESB,

([83]) Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 95, 16.4.2008, bls. 1).

([84]) Sjá IV. kafla í B-þætti í samsteyptri tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum.

([85]) Að því er varðar hugtökin „hlutaðeigandi fyrirtæki“og „útreikning á veltu“ sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. ESB C 95, 16.4.2008, bls. 1).

2.5.3. veltu innan EES (ESB og EFTA),

2.5.4. veltu í hverju aðildarríki (tilgreinið aðildarríki, sé um það að ræða, þar sem veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan ESB),

2.5.5. veltu innan EFTA,

2.5.6. veltu í hverju EFTA-ríki (tilgreinið EFTA-ríki, sé um það að ræða, þar sem veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan EFTA. Tilgreinið einnig hvort samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkja er 25% eða meira af heildarveltu þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins).

Upplýsingar um veltu skulu veittar á þar til gerðu töflueyðublaði sem er að finna á vefsetri stjórnarsviðs Samkeppnismála.

3. ÞÁTTUR

Skilgreiningar á mörkuðum

Viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samrunann ([86]). Þegar gerð er grein fyrir viðkomandi vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum ber aðila eða -aðilum að greinargerðinni að leggja fram, til viðbótar við hvers konar skilgreiningar á vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum sem þeir telja að skipti máli, allar aðrar sennilegar skilgreiningar á öðrum vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum. Aðrar sennilegar skilgreiningar á vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum er hægt að sanngreina á grundvelli fyrri ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar og dóma dómstóla Evrópusambandsins og (einkum þegar engin fordæmi finnast hjá framkvæmdastjórninni eða dómstólnum) með tilvísun í atvinnugreinaskýrslur, markaðsrannsóknir og innanhússskjöl aðila að greinargerð.

Aðila eða aðilum að greinargerð ber að veita umbeðnar upplýsingar á þessu RS-eyðublaði með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

3.1. **Viðkomandi vörumarkaðir:**

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða skiptanlega þjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og ætlaðrar notkunar. Viðkomandi vörumarkaður getur í sumum tilvikum verið samsettur úr margs konar vörum, og/eða þjónustu, sem hafa í meginatriðum sömu eðlis- eða tæknieiginleika og geta komið hver í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi vörumarkaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt skilgreiningunni og með hliðsjón af því, m.a., hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta (t.d. framboðsstaðgöngu þegar við á).

3.2. **Viðkomandi landfræðilegir markaðir:**

Til landfræðilegs markaðar telst svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í framboði á og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru m.a. eðli og eiginleikar viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu landsvæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

3.3. **Markaðir þar sem áhrifa gætir:**

Að því er varðar upplýsingar sem krafist er á þessu RS-eyðublaði teljast markaðir þar sem áhrifa gætir vera allir viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir og einnig aðrir líklegir viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir innan EES þegar:

a) tveir eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á sama viðkomandi markaði og samfylking þeirra myndi leiða til 20% samanlagðrar markaðshlutdeildar eða meira (látrétt tengsl),

([86]) Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðkomandi markaði, að því er samkeppnislög Bandalagsins varðar (Stjtíð. EB C 372, 9.12.1997, bls. 5).

b) einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á viðkomandi vörumarkaði, á fyrra eða seinna sölustigi miðað við viðkomandi vörumarkað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti, og markaðshlutdeild hvers þeirra á hvoru stigi eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra nemur 30% eða meira án tillits til þess hvort tengsl birgis og viðskiptavinar eru milli samfylkingaraðila eða ekki ([87]) (lóðrétt tengsl).

Með hliðsjón af skilgreiningunum sem settar eru fram í 3. þætti (að meðtöldum öllum öðrum líklegum markaðsskilgreiningum) og viðmiðunarmörkum markaðshlutdeildar, skal tilgreina sérhvern markað þar sem áhrifa gætir ([88]).

4. ÞÁTTUR

Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir

Látið í té eftirfarandi upplýsingar fyrir sérhvern markað þar sem áhrifa gætir fyrir síðasta reikningsár:

4.1. Fyrir hvern aðila að samfylkingunni, eðli viðskipta fyrirtækisins, helstu starfandi dótturfyrirtæki og/eða vöruheiti, heiti vöru og/eða vörumerki sem eru notuð á hverjum þessara markaða.

4.2. Áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í evrum) og umfang (í einingafjölda) ([89]). Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tök eru á.

4.3. Söluverðmæti og umfang sölu hjá hverjum samfylkingaraðila og áætluð markaðshlutdeild hans. Ef fram kemur í svari við þessari spurningu að enginn markaðshlutur innan aðildarríkis sé fyrir hendi skal tilgreina landfræðilega staðsetningu fimm helstu viðskiptavina hvers samningsaðila.

4.4. Mat á virði markaðshlutdeildar (og magni þar sem við á) þriggja helstu samkeppnisaðila (tilgreina skal á hvaða grunni matið er gert).

4.5. Ef samfylkingin er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni halda tvö eða fleiri móðurfyrirtæki áfram starfsemi að verulegu leyti á sama markaði og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við markað fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið? ([90])

4.6. Lýsið fyrirsjáanlegum áhrifum fyrirhugaðrar samfylkingar á þeim mörkuðum þar sem áhrifa gætir og því hvernig fyrirhuguð samfylking getur hugsanlega haft áhrif á hagsmuni milliliða og endanlegra neytenda.

5. ÞÁTTUR

Upplýsingar um vísunarbeiðnina og rökin fyrir vísun máls

5.1. Tilgreinið hvort rökstudda greinargerðin er gerð skv. 4. eða 5. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar og/eða samkvæmt ákvæðum EES-samningsins, og fyllið aðeins út viðeigandi undirþátt:

– vísun skv. 4. mgr. 4. gr. til aðildarríkis eða aðildarríkja og/eða vísun til EFTA-ríkis eða -ríkja,

– vísun skv. 5. mgr. 4. gr. til framkvæmdastjórnarinnar.

5.2. (Að því er varða vísanir skv. 4. mgr. 4. gr. og/eða vísanir samkvæmt ákvæðum EES-samningsins)

5.2.1. Tilgreinið aðildarríki og EFTA-ríki, eitt eða fleiri, sem lagt er til skv. 4. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar, að taki samfylkinguna til athugunar, og takið fram hvort þér hafið eða hafið ekki haft óformlegt samband við þetta/þessi aðildarríki og/eða EFTA-ríki.

([87]) Ef aðili að samfylkingu er t.d. með markaðshlutdeild umfram 30% á markaði sem er á fyrra sölustiga miðað við markað þar sem annar aðili stundar viðskipti gætir áhrifa bæði á mörkuðum á fyrra og seinna sölustigi. Renni samþætt lóðrétt fyrirtæki saman við annað fyrirtæki sem er virkt á seinna sölustigi og leiði samruninn til samanlagðrar markaðshlutdeildar á seinna sölustigi sem nemur 30% eða meira, eru á sama hátt markaðir bæði á fyrra og seinna sölustigi, markaðir þar sem áhrifa gætir.

([88]) Eins og greint er frá í bestu starfsvenjum stjórnarsviðs samkeppnismála við framkvæmd samrunaeftirlits EB er aðilum að greinargerð ráðlagt að veita upplýsingar sem varða alla mögulega markaði þar sem áhrifa gætir jafnvel þótt þeir síðar telji að þar gæti ekki áhrifa og þrátt fyrir að þeir gætu tekið sérstaka afstöðu til mála sem varða skilgreiningu á markaði.

([89]) Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að draga útflutning frá framleiðslunni á landsvæðunum sem um ræðir og bæta innflutningi við. Eins og tilgreint er í lið 1.1 og e-lið liðar 1.3 í inngangshlutanum kann aðili eða -aðilar að greinargerð að vilja ráðgast við framkvæmdarstjórnina um að hve miklu leyti það eigi við að falla frá því (veita undanþágur) að veita einhverjar af þeim umbeðnu upplýsingum (í þessu samhengi gögn um hlutdeild í öðrum fyrirtækjum).

([90]) Sjá skilgreiningu á markaði í 3. þætti.

5.2.2. Tilgreinið hvort beiðni um vísun varði málið í heild eða að hluta.

Ef beiðni um vísun varðar hluta málsins skal tilgreina með skýrum hætti hvaða hlut eða hluta málsins vísunarbeiðnin varðar.

Ef beiðnin um að máli sé vísað áfram í heild verður að staðfesta að ekki séu neinir markaðir þar sem áhrifa gætir utan yfirráðasvæðis aðildarríkis og EFTA-ríkja, eins eða fleiri, sem málinu er vísað til samkvæmt beiðni.

5.2.3. Útskýrið með hvaða hætti hver markaður þar sem áhrifa gætir í aðildarríki og EFTA-ríkjum, einu eða fleiri, sem beðið er um að málinu sé vísað til hefur öll einkenni aðgreinds markaðar í skilningi 4. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar.

5.2.4. Útskýrið með hvaða hætti samkeppni getur orðið fyrir verulegum áhrifum á hverjum hinna aðgreindu markaða sem áður er getið, í skilningi 4. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar ([91]).

5.2.5. Fari svo að aðildarríki, og/eða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, verði þar til bært að skoða mál í heild eða að hluta eftir að máli hefur verið vísað til þess skv. 4. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar, er þá hægt að fallast á að viðkomandi aðildarríki og/eða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, nýti upplýsingarnar sem þetta eyðublað hefur að geyma við málsmeðferð innanlands í tengslum við málið eða hluta þess? JÁ eða NEI

5.3. (Að því er varðar vísanir skv. 5. mgr. 4. gr. og/eða vísanir samkvæmt ákvæðum EES-samningsins)

5.3.1. Tilgreinið fyrir hvert aðildarríki og/eða EFTA-ríki hvort hægt er að endurskoða samfylkinguna eða ekki samkvæmt innlendum samkeppnislögum. Þessar upplýsingar skulu veittar á þar til gerðu töflueyðublaði sem er að finna á vefsetri stjórnarsviðs Samkeppnismála. Haka verður við reit fyrir sérhvert aðildarríki og/eða EFTA-ríki ([92]).

5.3.2. Að því er varðar hvert aðildarríki og/eða EFTA-ríki skal leggja fram fullnægjandi gögn, fjárhagsleg eða önnur, til þess að sýna fram á að samfylkingin standist eða standist ekki viðeigandi lögformlegar viðmiðanir samkvæmt gildandi landslögum.

5.3.3. Útskýrið hvers vegna rétt er að framkvæmdastjórnin athugi málið. Tilgreinið einkum hvort samfylkingin kann að hafa áhrif á samkeppni utan yfirráðasvæðis eins aðildarríkis og/eða EFTA-ríkis ([93]).

6. ÞÁTTUR

Yfirlýsing

Ljúka ber rökstuddu greinargerðinni með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af öllum aðilum hennar eða fyrir þeirra hönd:

Aðili eða aðilar að greinargerð lýsa því yfir að eftir ítarlega sannprófun séu upplýsingarnar, sem eru veittar í þessari rökstuddu greinargerð samkvæmt bestu vitund þeirra, sannar, réttar og fullnægjandi, að rétt og óstytt fullfrágengin afrit af skjölum, sem krafist er samkvæmt RS-eyðublaði, fylgi, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós sé það gert í góðri trú.

Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði a-liðar 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðarinnar“.

([91]) Að því er varðar leiðbeinandi reglur um vísun máls sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um vísun máls að því er varðar samfylkingar („tilkynning um vísun máls“) (Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 2). Í reynd teldist tilvist „markaða þar sem áhrifa gætir“, í þeim skilningi sem um ræðir á RS-eyðublaðinu, alla jafna nægja til þess að uppfylla kröfurnar í 4. mgr. 4. gr. hvað þetta varðar. Hins vegar er tilvist „markaða þar sem áhrifa gætir“, í þeim skilningi sem um ræðir á RS-eyðublaðinu, ekki nauðsynlegt skilyrði til þess að uppfylla þessar kröfur. Sjá 17. forsendu og 21. nmgr. í tilkynningunni um vísun máls.

([92]) Ef ekki er tilgreint JÁ eða NEI fyrir eitthvert aðildarríki og/eða EFTA-ríki skal litið svo á að svarið sé JÁ að því er það aðildarríki og/eða EFTA-ríki varðar.

([93]) Að því er varðar leiðbeinandi reglur um vísun máls sjá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um vísun máls að því er varðar samfylkingar („tilkynning um vísun máls“) (Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 2). Æskilegast er að vísa máli áfram til framkvæmdastjórnarinnar ef markaður eða markaðir, þar sem aðgerðin kann að hafa áhrif á samkeppni, eru stærri en landsbundið yfirráðasvæði eða ef einhverjir markaðir þar sem áhrifa kann að gæta eru stærri en landsbundnir markaðir og helstu efnahagsleg áhrif samfylkingarinnar tengjast slíkum mörkuðum. Sjá 28. forsendu tilkynningarinnar um vísun máls.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1296/2013 **2014/EES/54/117**

frá 11. desember 2013

um áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun (EaSI) og um breytingu á ákvörðun nr. 283/2010/ESB um að koma á fót evrópskri örfjármögnunarleið innan Progress-áætlunarinnar í þágu atvinnu og félagslegrar aðildar (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 46. gr. (d-lið), 149. gr., 153. gr. (a-lið 2. mgr.) og 175. gr. (þriðju málsgrein),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 29. júní 2011 undir yfirskriftinni „Fjárhagsáætlun fyrir áætlunina Evrópa 2020“, þar sem mælt er með hagræðingu og einföldun fjármögnunarleiða Sambandsins og því að skerpa áherslur þeirra hvort tveggja á Sambandsvirðisauka og á áhrif og niðurstöður, er með þessari reglugerð komið á fót áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun („áætluninni“) þar sem gert er ráð fyrir framhaldi og þróun þeirrar starfsemi sem þegar er í framkvæmd á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1672/2006/EB ([4]), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 ([5]), framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2012/733/ESB ([6]) og ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 283/2010/ESB um að koma á fót evrópskri örfjármögnunarleið innan Progress-áætlunarinnar í þágu atvinnu og félagslegrar aðildar ([7]) („örfjármögnunarleiðinni“).

2) Hinn 17. júní 2010 studdi leiðtogaráðið tillögu framkvæmdastjórnarinnar um áætlunina Evrópa 2020 um störf og snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla („áætlunin Evrópa 2020“), þar sem kveðið er á um fimm höfuðmarkmið (þ.m.t. þau sem fjalla um atvinnumál, baráttuna gegn fátækt og félagslegri útilokun og um menntun) og sjö forystuverkefni og sem myndar samfelldan stefnuramma fyrir komandi áratug. Leiðtogaráðið mæltist til þess að viðeigandi fjármögnunarleiðir og stefnur Sambandsins yrðu virkjaðar að fullu til að styðja það að sameiginlegum markmiðum yrði náð og hvatti aðildarríkin til að efla samræmdar aðgerðir.

3) Í samræmi við 4. mgr. 148. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins samþykkti ráðið 21. október 2010 viðmiðunarreglur varðandi atvinnustefnur sem mynda, ásamt almennu viðmiðunarreglunum varðandi atvinnustefnur aðildarríkjanna og Sambandsins sem samþykktar voru í samræmi við 121. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, samþættar viðmiðunarreglur áætlunarinnar Evrópa 2020. Áætlunin ætti að stuðla að því að markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 verði náð, einkum markmiðum um að draga úr fátækt og varðandi atvinnu, eins og skilgreint er í viðmiðunarreglunum um atvinnumál. Í því skyni ætti áætlunin að styðja framkvæmd forystuverkefnanna, einkum Evrópskan vettvang til að reisa skorður við fátækt og félagslegri útilokun, áætlunina um nýja færni og störf og Ungt fólk á ferðinni, ásamt Atvinnumálapakka unga fólksins.

4) Í forystuverkefnum áætlunarinnar Evrópa 2020, „Evrópskur vettvangur til að reisa skorður við fátækt og félagslegri útilokun“ og „Nýsköpun í Sambandinu“, er félagsleg nýsköpun talin öflugt verkfæri til að takast á við félagslegar áskoranir sem stafa af hækkandi aldri þjóða, fátækt, atvinnuleysi, nýjum vinnumynstrum og lífsstíl og væntingum borgaranna um félagslegt réttlæti, menntun og heilbrigðisþjónustu. Áætlunin ætti að styðja aðgerðir til að auka félagslega nýsköpun til að mæta félagslegum þörfum, sem illa eða ekki er komið til móts við, að því er varðar að berjast gegn fátækt og félagslegri útilokun, stuðla að háu stigi góðrar og varanlegrar atvinnu, tryggja viðeigandi félagslega vernd sem fyrirbyggir fátækt, bæta

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 238. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á bókun 31 um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 143, 22.5.2012, bls. 88.

([2]) Stjtíð. ESB C 225, 27.7.2012, bls. 167.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 21. nóvember 2013. (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([4]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1672/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á áætlun Bandalagsins fyrir atvinnumál og félagslega samstöðu — Framvinda (Stjtíð. ESB L 315, 15.11.2006, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frjálsa för launafólks innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 1).

([6]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2012/733 frá 26. nóvember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 að því er varðar afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna og endurreisn EURES-netsins (Stjtíð ESB L 328, 28.11.2012, bls. 21).

([7]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 283/2010/ESB frá 25. mars 2010 um að koma á fót evrópskri örfjármögnunarleið innan Progress-áætlunarinnar í þágu atvinnu og félagslegrar aðildar (Stjtíð. ESB L 87, 7.4.2010, bls. 1).

vinnuskilyrði og bæta aðgengi berskjaldaðs fólks að þjálfun, að teknu viðeigandi tilliti til hlutverks svæðis- og staðaryfirvalda. Áætlunin ætti einnig að virka sem hvati til fjölþjóðlegs samstarfs og tengslamyndunar milli opinberra aðila, einkaaðila og aðila í þriðja geiranum, auk þess að styðja þátttöku þessara aðila í mótun og framkvæmd nýrra aðferða til að bregðast við brýnum félagslegum þörfum og áskorunum.

5) Einkum ætti áætlunin að stuðla að því að finna og greina nýsköpunarlausnir og koma þeim í auknum mæli í framkvæmd með tilraunum á sviði félagsmálastefnu, og aðstoða þannig aðildarríkin, þar sem þörf er á, við að auka skilvirkni vinnumarkaða sinna og bæta enn frekar stefnur sínar á sviði félagslegrar verndar og félagslegrar aðildar. Tilraunir á sviði félagsmálastefnu eru verkefnamiðaðar vettvangsprófanir á félagslegum nýjungum. Með þeim má safna vísbendingum um hve hagkvæmar tilteknar félagslegar nýjungar eru. Farsælum hugmyndum ætti að vera hægt að fylgja eftir á stærri mælikvarða með fjárstuðningi frá Félagsmálasjóði Evrópu og eftir öðrum leiðum.

6) Opna samráðsferlið, sem sannað hefur sveigjanleika sinn og skilvirkni í framkvæmd á sviði atvinnu- og félagsmálastefnu, ætti að nota víða og það ætti að hafa hag af þeim aðgerðum sem studdar eru innan áætlunarinnar.

7) Til að stíga megi skref í átt að sjálfbærri þróun á sviði félags- og umhverfismála í Evrópu þarf að sjá fyrir og þróa nýja færni og hæfni til að bæta megi skilyrði til atvinnusköpunar, gæði atvinnu og vinnuskilyrði með hliðarráðstöfunum á sviði menntamála, vinnumarkaðsmála og félagsmála sem tengjast umbreytingu á atvinnugreinum og þjónustu. Áætlunin ætti því að stuðla að því að ýta undir sköpun góðra og sjálfbærra „grænna“ og „hvítra“ starfa og starfa í upplýsinga- og fjarskiptatækni, og að sjá fyrir og þróa nýja færni og hæfni fyrir ný góð og varanleg störf með því að tengja atvinnu- og félagsmálastefnur stefnum í iðnaðarmálum og uppbyggingarstefnum og með því að styðja umbreytingu í auðlindanýtið hagkerfi sem einkennist af lítilli koltvísýringslosun. Einkum ætti áætlunin að vera hvati til að kanna þá atvinnusköpunarmöguleika sem felast í grænum og félagslegum fjárfestingum sem leiddar eru af opinbera geiranum og í staðar- og svæðisbundnum framtaksverkefnum í atvinnumálum.

8) Í áætluninni ætti, þar sem við á, að taka til greina hinn svæðisbundna þátt atvinnuleysis, fátæktar og félagslegrar útilokunar, einkum hinn vaxandi ójöfnuð sem ríkir innan og á milli svæða, milli dreifbýlis og borga og í borgum.

9) Nauðsynlegt er að styrkja félagsmálaþætti innri markaðarins. Með hliðsjón af því að efla þarf traust á innri markaðnum, þ.m.t. frjálsri þjónustustarfsemi, með því að tryggja að réttindi launafólks séu virt, er nauðsynlegt að tryggja að réttindi launafólks annars vegar og atvinnurekenda hins vegar til frjálsrar farar verði jöfn alls staðar í Sambandinu.

10) Í samræmi við áætlunina Evrópa 2020 ætti í áætluninni að fylgja samræmdri aðferð við að efla góða og varanlega atvinnu og við að berjast gegn félagslegri útilokun og fátækt en jafnframt taka tillit til þess að virða þarf jafnan rétt kvenna og karla. Einfalda ætti og hagræða framkvæmd áætlunarinnar, einkum með því að koma á sameiginlegum ákvæðum, m.a. almennum markmiðum og fyrirkomulagi við eftirlit og mat. Í áætluninni ætti að leggja áherslu á verkefni, óháð stærð þeirra, sem fela í sér skýran virðisauka fyrir Sambandið. Til að draga úr stjórnsýsluálagi ætti áætlunin að styðja stofnun netkerfa og samstarfsverkefna og þróun þeirra. Auk þess ætti að nota í meira mæli einfaldaða valkosti varðandi kostnað (eingreiðslur og fasta fjármögnun), einkum við framkvæmd hreyfanleikaáætlana, jafnframt því að tryggja gagnsæi ferla. Áætlunin ætti að fela í sér afgreiðslu á einum stað fyrir þá sem láta í té örfjármögnun á vettvangi Sambandsins og veita fjármagn í smálán og til félagslegrar frumkvöðlastarfsemi, og auðvelda með þeim hætti aðgang að lánsfé, og veita tækniaðstoð.

11) Með tilliti til þess hve áætlunin hefur yfir takmörkuðu fé að ráða og að þessu fjármagni er úthlutað fyrir fram til hinna ýmsu aðgerðasviða hennar ætti fjármögnun til þróunar á kerfum með skýr margföldunaráhrif, sem munu koma annarri starfsemi og framtaksverkefnum til góða, að hafa forgang. Einnig ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til að forðast mögulega skörun við aðra sjóði eða áætlanir eða tvífjármögnun þeirra, einkum Félagsmálasjóð Evrópu.

12) Sambandið ætti að verða sér úti um sönnunargögn á grundvelli traustrar greiningar til að styðja stefnumótun á sviði atvinnu- og félagsmála, með sérstakri áherslu á áhrifin af fjárhags- og efnahagskreppunni. Slíkar sannanir auka virði landsbundinna aðgerða þar sem þær gefa gagnasöfnun í Sambandinu mikið vægi og samanburðargrundvöll og með því að þróa tölfræðileg tæki og aðferðir og sameiginlega vísa til að draga upp skýra mynd af stöðunni á sviði atvinnumála, félagsmálastefnu og vinnuskilyrða víðs vegar í Sambandinu og tryggja hágæðamat á árangri og skilvirkni áætlana og stefna, m.a. til að ná megi stefnumörkum áætlunarinnar Evrópa 2020.

13) Sambandið er í einstakri stöðu til að skapa vettvang fyrir lönd til að skiptast á skoðunum um stefnumál og læra hvert af öðru á sviði atvinnumála, félagslegrar verndar og félagslegrar aðildar, og einnig félagslegrar frumkvöðlastarfsemi. Þekking á stefnum sem framfylgt er í öðrum löndum og niðurstöðum þeirra, þ.m.t. þeim sem fengist hafa með tilraunum á sviði félagsmálastefnu á stað-, svæðis- og landsbundnum vettvangi, eykur möguleika þeirra sem annast stefnumótun og verður þar með kveikjan að nýrri þróun í stefnumótun.

14) Mikilvægur þáttur í félagsmálastefnu Sambandsins er að tryggja að lágmarksstaðlar séu fyrir hendi og að vinnuskilyrði batni stöðugt í Sambandinu. Sambandið gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja að lagaramminn sé aðlagaður síbreytilegu vinnumynstri og nýrri heilbrigðis- og öryggisáhættu með hliðsjón af meginreglunum um „mannsæmandi starf“ og „snjalla reglusetningu“ (e. Smart Regulation). Sambandið gegnir einnig mikilvægu hlutverki við fjármögnun ráðstafana til að bæta reglufylgni við vinnumarkaðsstaðla samkvæmt fullgiltum samningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og reglum Sambandsins um vernd réttinda launafólks. Hér er einkum átt við ráðstafanir til að auka vitund fólks (t.d. með félagslegu merki (e. social label)), miðla upplýsingum og stuðla að umræðum um mikilvæg viðfangsefni og stefnumál í tengslum við vinnuskilyrði, þ.m.t. meðal aðila vinnumarkaðarins og annarra hagsmunaaðila, einnig ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs, hrinda í framkvæmd forvarnaraðgerðum og hlú að forvarnarmenningu á sviði heilbrigðis- og öryggismála á vinnustöðum.

15) Aðilar vinnumarkaðarins og borgaraleg samtök gegna lykilhlutverki í að stuðla að góðri atvinnu og berjast gegn félagslegri útilokun og fátækt, og einnig gegn atvinnuleysi. Því ættu aðilar vinnumarkaðarins og borgaraleg samtök, eftir því sem við á, að taka þátt í gagnkvæmri þekkingaröflun og þróun, framkvæmd og miðlun nýrra stefna. Framkvæmdastjórnin ætti að upplýsa aðila vinnumarkaðarins í Sambandinu og borgaraleg samtök um niðurstöður varðandi framkvæmd áætlunarinnar og efna til skoðanaskipta við þau um þær.

16) Sambandið er staðráðið í að styrkja félagslegan þátt hnattvæðingar og berjast gegn félagslegum undirboðum (e. social dumping) með því að leggja áherslu á mannsæmandi atvinnu og sanngjarna vinnumarkaðsstaðla, ekki aðeins í löndunum sem taka þátt í áætluninni heldur einnig á alþjóðavísu, annaðhvort gagnvart þriðju löndum eða óbeint með samstarfi við alþjóðastofnanir. Á sama hátt þarf að þróa viðeigandi tengsl við þriðju lönd, sem ekki taka þátt í áætluninni, til að aðstoða þau við að ná markmiðum hennar, með hliðsjón af hvers konar samningum sem skipta máli á milli slíkra landa og Sambandsins. Þetta gæti falið í sér að fulltrúar þessara þriðju landa sæktu viðburði sem varða gagnkvæm hagsmunamál (s.s. ráðstefnur, vinnufundi og málstofur) í löndum sem taka þátt í áætluninni. Auk þess ætti að þróa samstarf við viðkomandi alþjóðastofnanir, einkum Alþjóðavinnumálastofnunina og aðrar viðeigandi stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðið og Efnahags- og framfarastofnunina, með það í huga að tekið verði tillit til hlutverks slíkra stofnana við framkvæmd áætlunarinnar.

17) Í samræmi við 45. og 46. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eru sett ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 492/2011 sem ætlað er að ná fram frjálsri för launafólks án mismununar með því að tryggja nána samvinnu helstu vinnumiðlana aðildarríkjanna sín á milli og við framkvæmdastjórnina. EURES-netið, sem er samevrópskt vinnumiðlunarnet, ætti að stuðla að betri starfhæfni vinnumarkaða með því að greiða fyrir valfrjálsum hreyfanleika launafólks á milli landa og yfir landamæri, skapa meira gagnsæi á vinnumörkuðum, tryggja afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna og styðja starfsemi á sviði atvinnumiðlunar, ráðninga, ráðgjafar og leiðsagnar á innlendum vettvangi og yfir landamæri og stuðla þar með að markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020. Hvetja ætti aðildarríkin til að bjóða þjónustu EURES-netsins með afgreiðslu á einum stað, eftir því sem við á.

18) Víkka ætti út gildissvið EURES-netsins þannig að það taki til þróunar og stuðnings við markvissar hreyfanleikaáætlanir á vettvangi Sambandsins, í kjölfar auglýsinga eftir tillögum, með það að markmiði að ráða í laus störf þar sem gloppur hafa komið í ljós á vinnumarkaðnum. Í samræmi við 47. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ættu þessar áætlanir að stuðla að því að greiða fyrir valfrjálsum hreyfanleika ungs launafólks í Sambandinu. Markvissar hreyfanleikaáætlanir, eins og þær sem byggjast á undirbúningsaðgerðinni „Fyrsta EURES-starfið þitt“ ættu að auðvelda ungu fólki aðgang að atvinnutækifærum og hefja störf í öðru aðildarríki og einnig hvetja vinnuveitendur til að skapa laus störf fyrir unga farstarfsmenn. Þó ættu hreyfanleikaáætlanir ekki að letja Sambandið og aðildarríkin til þess að hjálpa ungu fólki að finna starf í heimalandi sínu.

19) Á mörgum landamærasvæðum gegna EURES-samstarfsverkefni yfir landamæri mikilvægu hlutverki í þróun raunverulegs evrópsks vinnumarkaðar. Í EURES-samstarfsverkefnum yfir landamæri taka þátt a.m.k. tvö aðildarríki eða aðildarríki og annað þátttökuland. Þar af leiðandi eru þau greinilega lárétt í eðli sínu og eru uppspretta virðisauka fyrir Sambandið. Því ættu EURES-samstarfsverkefni yfir landamæri áfram að njóta stuðnings láréttrar starfsemi Sambandsins, með möguleika á landsbundnu viðbótarfjármagni eða fjármagni frá Félagsmálasjóði Evrópu.

20) Mat á EURES-starfsemi ætti að taka mið af eigindlegum og megindlegum viðmiðunum. Þar eð ráðningar fólks, sem fer til starfa frá einu aðildarríki, leiða til ráðninga fólks í öðru aðildarríki og velta á síbreytilegum vinnumarkaðsaðstæðum og tengdum hreyfanleikamynstrum, ætti matið ekki aðeins að beinast að ráðningum til eða frá einstökum aðildarríkjum heldur einnig að samanlögðum tölum á Sambandsvísu. Enn fremur ætti að hafa það í huga að ráðgjöf leiðir ekki endilega til mælanlegs hreyfanleika eða ráðninga í störf.

21) Í áætluninni Evrópa 2020, einkum í 7. viðmiðunarreglu sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2010/707 (ESB) ([8]), eru sjálfstæður rekstur og frumkvöðlastarfsemi talin skipta sköpum fyrir snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla.

22) Eitt af því sem helst stendur í vegi fyrir stofnun fyrirtækja, einkum meðal fólks sem fjærst stendur vinnumarkaðinum, er skortur á aðgengi að lánum, eigin fé eða ígildi eigin fjár. Efla þarf viðleitni Sambandsins og ríkjanna á þessu sviði til að auka framboð á og aðgang að örfjármögnun til að mæta eftirspurn þeirra sem mest þurfa á henni að halda, einkum atvinnulausra, kvenna og berskjaldaðs fólks sem vill stofna eða þróa örfyrirtæki, m.a. sem sjálfstætt starfandi einstaklingar, en sem hafa ekki aðgang að lánum. Auk þess er meirihluti nýstofnaðra fyrirtækja í Sambandinu örfyrirtæki. Smálán ættu því að geta verið leið til að ná fram virðisauka og gagngerum niðurstöðum sem fyrst. Evrópuþingið og ráðið stigu fyrsta skrefið í þessa átt árið 2010 þegar þau komu örfjármögnunarleiðinni á fót. Bæta ætti miðlun upplýsinga um örfjármögnunartækifæri á vettvangi Sambandsins og á landsvísu til að betur megi ná til þeirra sem þarfnast örfjármögnunar.

23) Örfjármögnun og stuðningur við félagslega frumkvöðlastarfsemi þarf að ná til hugsanlegra aðstoðarþega og hafa langvarandi áhrif. Slík fjármögnun og stuðningur ætti að stuðla að háu stigi góðrar og varanlegrar atvinnu og virka eins og hvati á efnahagsstefnur og staðbundnar þróunarstefnur. Til að hámarka líkurnar á því að skapa lífvænleg fyrirtæki ættu aðgerðum, sem fela í sér örfjármögnun og félagslega frumkvöðlastarfsemi, að fylgja leiðbeinenda- og þjálfunaráætlanir og allar viðeigandi upplýsingar, sem sá sem lætur í té fjármögnunina skal uppfæra reglulega, og gera aðgengilegar almenningi. Í þessu skyni er nauðsynlegt að fá fullnægjandi fjármagn, helst úr Félagsmálasjóði Evrópu.

([8]) Ákvörðun ráðsins 2010/707/ESB frá 21. október 2010 um viðmiðunarreglur varðandi atvinnustefnur aðildarríkjanna (Stjtíð. ESB L 308, 24.11.2010, bls. 46).

24) Því aðgengilegri sem örfjármögnun er á hinum nýja örfjármögnunarmarkaði Sambandsins þeim mun nauðsynlegra er að efla stofnanir þeirra sem láta í té örfjármögnun, einkum örfjármögnunarstofnanir sem ekki eru bankar, í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 13. nóvember 2007 með fyrirsögninni „Evrópskt framtaksverkefni um þróun smálána til að efla hagvöxt og atvinnumál“ og skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí með fyrirsögninni „Efling kvenna í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi“.

25) Félagslega hagkerfið og félagsleg frumkvöðlastarfsemi er órjúfanlegur þáttur í hinu félagslega markaðshagkerfi Evrópu sem einkennist af fjölhyggju og gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja aukna félagslega samleitni í Evrópu. Þau byggja á grunni meginreglnanna um samheldni og ábyrgð, að einstaklingurinn og félagsleg markmið vegi þyngra en fjármunir, og að stuðla beri að félagslegri ábyrgð, félagslegri samheldni og félagslegri aðild. Félagsleg fyrirtæki geta verið drifkraftur félagslegra breytinga með því að leggja til nýsköpunarlausnir sem stuðla að vinnumörkuðum fyrir alla og félagsþjónustu sem er öllum aðgengileg. Þau leggja því mikilvægan skerf til þess að markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 verði náð. Áætlunin ætti að bæta aðgengi félagslegra fyrirtækja að mismunandi fjármögnun með því að láta í té viðeigandi fjármögnunarleiðir til að mæta tilteknum fjárhagsþörfum þeirra allan lífsferil þeirra.

26) Til að nýta reynslu aðila eins og Evrópsku fjárfestingarbankasamstæðunnar ætti framkvæmd aðgerðar í tengslum við örfjármögnun og félagslega frumkvöðlastarfsemi að vera óbeint í höndum framkvæmdastjórnarinnar með því að fela slíkum aðilum verkefni er varða framkvæmd fjárhagsáætlunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 ([9]) („fjárhagsreglugerðina“). Með fjármunum Sambandsins má styrkja vogunaráhrif frá alþjóðlegum fjármálastofnunum og öðrum fjárfestum, skapa samlegðaráhrif milli aðgerða aðildarríkja og Sambandsins og samræma aðferðir. Hún bætir þannig aðgang tiltekinna áhættuhópa og ungs fólks að fjármagni og einnig möguleikana á að örfjármögnun nái til þeirra. Einnig bætir hún aðgengi örfyrirtækja að fjármagni, þ.m.t. sjálfstætt starfandi einstaklinga og félagslegra fyrirtækja. Framlag Sambandsins stuðlar þannig að þróun hins nýja félagslega fyrirtækjageira og örfjármögnunarmarkaðarins í Sambandinu og hvetur til starfsemi sem nær yfir landamæri. Aðgerðir Sambandsins ættu að koma til viðbótar fjármögnunarleiðum aðildarríkjanna fyrir örfjármögnun og félagslega frumkvöðlastarfsemi. Aðilar, sem falin er framkvæmd aðgerðanna, ættu að tryggja að þær feli í sér virðisauka fyrir Sambandið og að þær séu ekki tvítekning á annarri fjármögnun af hálfu Sambandsins.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

27) Í samræmi við áætlunina Evrópa 2020 ætti áætlunin að stuðla að því að tekið sé á því brýna vandamáli sem atvinnuleysi ungs fólks er. Því er mikilvægt að tryggja ungu fólki framtíð og möguleika á að leika lykilhlutverk í þróun samfélagsins og hagkerfis Evrópu sem er sérstaklega þýðingarmikið á krepputímum.

28) Áætlunin ætti einnig að beina athyglinni að sérstöku hlutverki og mikilvægi lítilla fyrirtækja að því er varðar þjálfun, sérfræðiþekkingu og hefðbundna verkkunnáttu, auk þess að tryggja að ungt fólk hafi aðgang að örfjármögnun. Áætlunin ætti að greiða fyrir því að aðildarríkin og önnur lönd sem taka þátt í henni skiptist á bestu starfsvenjum á öllum þessum sviðum.

29) Aðgerðir innan ramma áætlunarinnar ættu að styðja framkvæmd aðildarríkjanna og aðila vinnumarkaðarins á tilmælum ráðsins frá 22. apríl 2013 ([10]) um að koma á atvinnutryggingu fyrir unga fólkið (Youth Guarantee). Í tilmælunum kemur fram að öll ungmenni undir 25 ára aldri ættu að fá gott tilboð um atvinnu, áframhaldandi nám, nám á námssamningi eða starfsþjálfun innan fjögurra mánaða frá því að þau verða atvinnulaus eða ljúka formlegu námi. Áætlunin ætti að greiða fyrir skiptum á bestu starfsvenjum á þessu sviði milli aðildarríkjanna og annarra landa sem taka þátt í henni.

30) Í samræmi við 3. mgr. 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 8. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er nauðsynlegt að tryggja að áætlunin stuðli að jafnrétti kvenna og karla á öllum aðgerðasviðum og í allri starfsemi áætlunarinnar, þ.m.t. með samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og, þar sem við á, með sértækum aðgerðum til að efla atvinnu kvenna og félagslega aðild. Í samræmi við 10. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ætti að tryggja að við framkvæmd forgangsverkefna áætlunarinnar sé stuðlað að því að vinna gegn mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar. Hafa ætti eftirlit með því hvernig tekið er á málefnum sem varða mismunun innan áætlunarinnar og mat lagt á það.

31) Í Progress-áætluninni fyrir tímabilið 2007–2013 eru liðir með fyrirsögninni „Fjölbreytni og bann við mismunun“ og „Jafnrétti kynjanna“, sem á að halda áfram með og þróa frekar innan ramma áætlunarinnar um réttindi, jafnrétti og borgararétt fyrir tímabilið 2014–2020. Hins vegar er afar mikilvægt að áfram sé lögð mikil áhersla á jafnrétti kvenna og karla og á málefni sem varða baráttu gegn mismunun í öllum viðeigandi framtaksverkefnum og aðgerðum sem heyra undir þessa áætlun, einkum á sviði bættrar atvinnuþátttöku kvenna, vinnuskilyrða og betra jafnvægis milli vinnu og einkalífs.

([10]) Tilmæli ráðsins frá 22. apríl 2013 um að koma á atvinnutryggingu fyrir unga fólkið (Stjtíð. ESB C 120, 26.4.2013, bls. 1).

32) Í samræmi við 9. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og markmið áætlunarinnar Evrópa 2020 ætti áætlunin að stuðla að því að tryggja hátt stig góðrar og varanlegrar atvinnu, tryggja fullnægjandi félagslega vernd og að unnið sé gegn fátækt og félagslegri útilokun og taka tillit til krafna um hátt heilsuverndarstig.

33) Áætlunin ætti að koma til fyllingar öðrum áætlunum Sambandsins en jafnframt taka mið af því að hver fjármögnunarleið skal fylgja sínum eigin tilteknu starfsreglum. Sami aðstoðarhæfi kostnaðurinn ætti þá ekki að vera tvífjármagnaður. Með það að markmiði að ná fram virðisauka og verulegum áhrifum með fjármögnun Sambandsins, ætti að þróa nátengd samlegðaráhrif milli áætlunarinnar, annarra áætlana Sambandsins og uppbyggingasjóðanna, einkum Félagsmálasjóðs Evrópu og framtaksverkefnisins um atvinnumál unga fólksins. Áætlunin ætti að koma til fyllingar öðrum áætlunum og framtaksverkefnum Sambandsins þar sem áhersla er lögð á að berjast gegn atvinnuleysi ungs fólks.

34) Framkvæmd áætlunarinnar ætti að vera með þeim hætti að lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum hvers aðildarríkis sé auðveldað að uppfylla markmið hennar.

35) Til að tryggja meiri skilvirkni í samskiptum við allan almenning og meiri samlegðaráhrif samskiptaaðgerða, sem fara fram að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, ætti fjármagn, sem veitt er til upplýsingamiðlunar og samskipta innan ramma þessarar áætlunar, einnig að taka til upplýsingamiðlunar stofnana (e. corporate communication) og miðlun upplýsinga um pólitísk forgangsatriði Sambandsins sem tengjast almennum markmiðum þessarar áætlunar.

36) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðunarfjárhæðin fyrir Evrópuþingið og ráðið við árlega fjárlagagerð, í skilningi 17. liðar samstarfssamnings frá 2. desember 2013 milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórnun ([11]).

37) Vernda ber fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með ráðstöfunum, sem eru í réttu hlutfalli við brot, meðan á öllu útgjaldatímabilinu stendur, þ.m.t. með því að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, þar sem við á, með viðurlögum í samræmi við fjárhagsreglugerðina.

([11]) Stjtíð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

38) Í því skyni að tryggja nægilegan sveigjanleika áætlunarinnar til að bregðast við breyttum þörfum og samsvarandi forgangsstefnumálum á gildistíma hennar ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar endurúthlutun fjármuna milli aðgerðasviða hennar og til einstakra þemaþátta innan aðgerðarsviða hennar. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

39) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([12]).

40) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðanna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er í þessari reglugerð ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Með reglugerð þessari er komið á fót áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun („áætluninni“) sem miðar að því að stuðla að framkvæmd áætlunarinnar Evrópa 2020, þ.m.t. höfuðstefnumarka hennar, samþættra viðmiðunarreglna og forystuverkefna, með því að veita fjárstuðning til þeirra markmiða Sambandsins að stuðla að háu stigi góðrar og varanlegrar atvinnu, tryggja fullnægjandi og mannsæmandi félagslega vernd, berjast gegn félagslegri útilokun og fátækt og bæta vinnuskilyrði.

2. Áætlunin stendur frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „félagslegt fyrirtæki“: fyrirtæki, óháð lagalegu formi þess, sem:

   a) hefur að meginmarkmiði, í samræmi við samþykktir þess, stofnsamþykkt eða annan lagagerning sem kemur því á fót, að hafa mælanleg, jákvæð samfélagsleg áhrif frekar en að skila eigendum sínum, aðilum og hluthöfum hagnaði og sem:

      i. lætur í té þjónustu eða vörur sem skapa samfélagslegan ávinning og/eða

      ii. beitir aðferðum við framleiðslu á vörum eða þjónustu sem eru lýsandi fyrir félagslegt markmið þess,

   b) notar hagnað sinn fyrst og fremst til að ná meginmarkmiði sínu og hefur fyrirframskilgreint verklag og reglur um dreifingu hagnaðar til hluthafa og eiganda til að tryggja að slík úthlutun hagnaðar grafi ekki undan meginmarkmiði þess og

   c) er stjórnað af framtakssemi og á ábyrgan og gagnsæjan hátt, einkum með því að gera starfsfólk, viðskiptavini og hagsmunaaðila, sem verða fyrir áhrifum af viðskiptastarfsemi þess, að þátttakendum,

2) „smálán“: lán að fjárhæð allt að 25 000 evrum,

3) „örfyrirtæki“: fyrirtæki, þ.m.t. sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem hefur færri en tíu starfsmenn og ársvelta þess eða árleg niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 2 milljónir evra, í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([13]),

4) „örfjármögnun“: tryggingar, smálán, eigið fé og ígildi eigin fjár sem veitt er aðilum og örfyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum með að fá aðgang að lánsfé,

5) „félagslegar nýjungar“: nýjungar sem eru félagslegs eðlis, bæði að því er varðar markmið og aðferðir við að ná þeim, einkum þær sem tengjast þróun og framkvæmd nýrra hugmynda (um vörur, þjónusta og líkön) sem jafnframt koma til móts við félagslegar þarfir og stofna til nýrra félagslegra tengsla eða samstarfs og gagnast þannig samfélaginu og efla getu þess til athafna,

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([13]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

6) „tilraunir á sviði félagsmálastefnu“: íhlutanir varðandi stefnu sem koma til móts við félagslegar þarfir með nýstárlegum hætti og eru framkvæmdar í smáum stíl og við aðstæður sem gera kleift að mæla áhrif þeirra áður en þær eru endurteknar í stærri stíl ef niðurstöður lofa góðu.

3. gr.

Uppbygging áætlunarinnar

1. Áætlunin skal samanstanda af eftirfarandi þremur aðgerðasviðum sem koma hvert öðru til fyllingar:

a) Progress-aðgerðasviðið á að styðja þróun, framkvæmd, eftirlit með og mat á fjármögnunarleiðum og stefnum Sambandsins, sem um getur í 1. gr. og í viðeigandi lögum Sambandsins, og ýta undir gagnreynda stefnumótun, félagslega nýsköpun og félagslegar framfarir í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, borgaraleg samtök og opinbera aðila og einkaaðila,

b) EURES-aðgerðasviðið á að styðja starfsemi EURES-netsins, þ.e. sérstakra þjónustuskrifstofa sem eru tilnefndar af EES-ríkjunum og Sviss ásamt aðilum vinnumarkaðarins, öðrum þjónustuveitendum á sviði vinnumiðlunar og öðrum hagsmunaaðilum, í því skyni að þróa upplýsingaskipti og -miðlun og önnur samstarfsform, s.s. samstarf yfir landamæri til að efla valfrjálsan hreyfanleika launafólks á milli staða á sanngjörnum grundvelli og stuðla að háu stigi góðrar og varanlegrar atvinnu,

c) aðgerðasvið örfjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi á að auka aðgang að og framboð á fjármögnun fyrir lögaðila og einstaklinga, skv. 26. gr.

2. Sameiginlegu ákvæðin í þessum bálki skulu eiga við um öll aðgerðasviðin þrjú í a-, b- og c-lið 1. mgr., en að auki koma sértæku ákvæðin í II. bálki.

4. gr.

Almenn markmið áætlunarinnar

1. Með áætluninni skal leitast við að ná eftirfarandi almennum markmiðum:

a) að efla ábyrgð stefnumótenda á eignarhaldi á öllum stigum og ala af sér gagngerar og samræmdar nýsköpunaraðgerðir, bæði á vettvangi Sambandsins og aðildarríkja, að því er varðar markmið Sambandsins á þeim sviðum sem um getur í 1. gr., í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og einnig borgaraleg samtök, opinbera aðila og einkaaðila,

b) að styðja þróun fullnægjandi, aðgengilegra og skilvirkra félagsverndarkerfa og vinnumarkaða og greiða fyrir bættri stefnumótun á þeim sviðum, sem um getur í 1. gr., einkum með því að efla mannsæmandi störf og vinnuskilyrði, forvarnarmenningu á sviði heilbrigðis- og öryggismála á vinnustöðum, heilbrigðara jafnvægi á milli vinnu og einkalífs og góða stjórnun félagslegra markmiða, þ.m.t. samleitni, og einnig gagnkvæman lærdóm og félagslega nýsköpun,

c) að tryggja að löggjöf Sambandsins um málefni í tengslum við sviðin sem um getur í 1. gr. sé beitt með skilvirkum hætti og, ef nauðsyn krefur, stuðla að því að löggjöf Sambandsins sé færð til nútímahorfs í samræmi við meginreglurnar um mannsæmandi starf og með hliðsjón af meginreglunum um snjalla reglusetningu,

d) að efla valfrjálsan hreyfanleika launafólks á milli staða á sanngjörnum grundvelli og auka atvinnutækifæri með því að þróa hágæða Sambandsvinnumarkaði sem eru öllum opnir og aðgengilegir og tryggja um leið réttindi launafólks alls staðar í Sambandinu, þ.m.t. rétt þess til frjálsrar farar,

e) að efla atvinnu og félagslega aðild með því að auka framboð á og aðgengi að örfjármögnun fyrir berskjaldað fólk, sem vill stofna örfyrirtæki, og einnig fyrir örfyrirtæki sem fyrir eru, og með því að bæta aðgang félagslegra fyrirtækja að fjármagni.

2. Þegar stefnt er að þessum markmiðum skal með áætluninni, á öllum aðgerðasviðum og í allri starfsemi hennar, leitast við:

a) að veita berskjölduðum hópum eins og ungu fólki sérstaka athygli,

b) að stuðla að jafnrétti kvenna og karla, þ.m.t. með samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og, eftir því sem við á, með kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð,

c) að berjast gegn mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða –skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar,

d) við mótun og framkvæmd á stefnum og starfsemi Sambandsins að stuðla að háu stigi góðrar og varanlegrar atvinnu, tryggja viðeigandi og mannsæmandi félagslega vernd, berjast gegn langtímaatvinnuleysi og gegn fátækt og félagslegri útilokun.

5. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni í framkvæmd, á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2020, skal vera 919 469 000 evrur á gangverði.

2. Eftirfarandi leiðbeinandi hlutfalli skal úthlutað til aðgerðasviðanna sem um getur í 1. mgr. 3. gr.:

a) 61% til Progress-aðgerðasviðsins,

b) 18% til EURES-aðgerðasviðsins,

c) 21% til aðgerðasviðs örfjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að nota allt að 2% fjárhagsrammans, sem um getur í 1. mgr., til að fjármagna rekstrarútgjöld til að styrkja framkvæmd áætlunarinnar.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að nýta fjárhagsramm-ann, sem um getur í 1. mgr., til að fjármagna tækni- og/eða stjórnsýsluaðstoð, einkum í tengslum við endurskoðun, útvistun þýðinga, fundi sérfræðinga og upplýsingamiðlun og samskipti, sem bæði koma framkvæmdastjórninni og aðstoðar-þegum til góða.

5. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki Evrópu-þingsins og ráðsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlun-arinnar til margra ára.

6. gr.

Sameiginleg aðgerð

Aðgerðir, sem eru aðstoðarhæfar innan ramma áætlunarinnar, má framkvæma sameiginlega með öðrum fjármögnunarleiðum Sambandsins að því tilskildu að slíkar aðgerðir samræmist bæði markmiðum áætlunarinnar og hinna fjármögnunarleiðanna sem um er að ræða.

7. gr.

Samræmi og fylling

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja, í samvinnu við aðildarríkin, að starfsemi innan ramma áætlunarinnar sé í samræmi við aðrar ráðstafanir Sambandsins og komi þeim til fyllingar, s.s. uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu, eins og tilgreint er í sameiginlega stefnumótandi rammanum sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 ([14]), einkum sú sem er innan ramma Félagsmálasjóðs Evrópu.

2. Áætlunin skal koma til fyllingar öðrum áætlunum Sambandsins, sbr. þó sérstakar starfsreglur þeirra áætlana. Sami aðstoðarhæfi kostnaðurinn skal ekki tvífjármagnaður og þróa skal nátengd samlegðaráhrif milli áætlunarinnar, annarra áætlana Sambandsins og uppbygginga- og fjárfestingasjóða Evrópu, einkum Félagsmálasjóðs Evrópu.

3. Starfsemi, sem nýtur stuðnings í áætluninni, skal vera í samræmi við lög Sambandsins og landslög, þ.m.t. reglur um ríkisaðstoð og grunnsamninga Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar.

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginleg ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar og Sjávarútvegssjóð Evrópu sem heyra undir sameiginlega stefnumótandi rammann og um almenn ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn(Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 320).

4. Einnig skal tryggja samræmi og fyllingu með náinni aðkomu staðar- og svæðisyfirvalda.

8. gr.

Samstarf við viðeigandi aðila

Framkvæmdastjórnin skal koma á nauðsynlegum tengslum við atvinnumálanefndina, nefndina um félagslega vernd, ráðgjafarnefndina um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum, hóp æðstu yfirmanna málefna er varða samskipti aðila vinnumarkaðarins og ráðgjafarnefndina um frjálsa för launafólks til þess að tryggja að þær fái reglulega viðeigandi upplýsingar um hvernig framkvæmd áætlunarinnar miðar. Framkvæmdastjórnin skal einnig upplýsa aðrar nefndir sem fjalla um stefnur, fjármögnunarleiðir og aðgerðir sem varða áætlunina.

9. gr.

Miðlun niðurstaðna og upplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa hagsmunaaðila í Sambandinu, þ.m.t. aðila vinnumarkaðarins og borgaraleg samtök, um niðurstöður framkvæmdar áætlunarinnar og efna til skoðanaskipta í því tilliti.

2. Reglulega skal tilkynna um og miðla niðurstöðum aðgerða, sem framkvæmdar eru innan ramma áætlunarinnar, með viðeigandi hætti til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, og einnig aðila vinnumarkaðarins og almennings, í því skyni að hámarka áhrif þeirra, sjálfbærni og Sambandsvirðisauka.

3. Slík samskipti skulu einnig taka til upplýsingamiðlunar stofnana um pólitísk forgangsmál Sambandsins að því marki sem þau tengjast almennum markmiðum þessarar reglugerðar og miðlunar upplýsinga til almennings um þessi forgangsmál.

10. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Framkvæmdastjórnin skal stjórna áætluninni í samræmi við fjárhagsreglugerðina.

2. Í styrksamningi skal koma fram hvaða hluti fjárframlags Sambandsins muni byggjast á endurgreiðslu aðstoðarhæfs raunkostnaðar og hvaða hluti á föstum fjárhæðum, einingaverði eða eingreiðslum.

11. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar fyrirbyggj-andi ráðstafanir til að tryggja, við framkvæmd aðgerða sem fjármagnaðar eru innan ramma þessarar áætlunar, vernd fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins gegn svikum, spillingu og hvers konar öðru ólöglegu athæfi, með því að beita skilvirku eftirliti og, ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir, fyrst og fremst með jöfnun fjárhæða sem voru ranglega greiddar en einnig, eftir því sem við á, með viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við

brot og letjandi í samræmi við 325. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 ([15]) og fjárhagsreglugerðina.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa heimild til að láta fara fram endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangseftirlits, að því er varðar alla styrkþega, verktaka og undirverktaka sem hafa fengið fjárstyrk frá Sambandinu innan ramma áætlunarinnar.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur hafið athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013([16]) og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96([17]), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkákvörðun eða samning sem er fjármagnaður innan ramma þessarar áætlunar.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir, sem leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar, innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að láta fara fram endurskoðanir þær og rannsóknir, sem um getur í þessum málsgreinum, í samræmi við valdheimildir hvers aðila um sig.

12. gr.

Eftirlit

Í því skyni að hafa reglulegt eftirlit með áætluninni og gera nauðsynlegar breytingar á forgangsröðun varðandi stefnumál og fjármögnun skal framkvæmdastjórnin taka saman eigindlega og megindlega upphafsskýrslu um eftirlit fyrir fyrsta árið og síðan þrjár skýrslur sem taka til samfelldra tveggja ára tímabila og senda þær Evrópuþinginu og ráðinu. Einnig ber að senda skýrslurnar til efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, þeim til upplýsingar. Í skýrslunum skal fjallað um árangur áætlunarinnar og í hvaða mæli meginreglunum um jafnrétti kvenna og karla og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða hefur verið beitt, og einnig hvernig tekið hefur verið á málefnum sem varða baráttu gegn mismunun, þ.m.t. málefnum er varða aðgengi, í aðgerðum hennar. Skýrslurnar skulu gerðar aðgengilegar almenningi til að auka gagnsæi áætlunarinnar.

13. gr.

Mat

1. Fyrir 1. júlí 2017 skal fara fram áfangamat til að mæla, á grundvelli eigindlegra og megindlegra þátta, hvernig miðar að ná markmiðum áætlunarinnar, fjalla um félagslegt umhverfi í Sambandinu og allar stórar breytingar sem innleiddar hafa verið með Sambandslöggjöf, ákvarða hvort fjármagn áætlunarinnar hafi verið notað á skilvirkan hátt og meta Sambandsvirðisauka hennar. Senda skal Evrópuþinginu og ráðinu niðurstöðurnar úr þessu áfangamati.

2. Ef matið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða mat sem framkvæmt er skv. 19. gr. ákvörðunar nr. 1672/2006/EB eða 9. gr. ákvörðunar nr. 283/2010/ESB, leiðir í ljós stóra ágalla á áætluninni skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt viðeigandi breytingum á áætluninni þar sem tekið er tillit til niðurstaðna matsins.

3. Áður en lögð er fram tillaga um að framlengja áætlunina fram yfir árið 2020 skal framkvæmdastjórnin leggja mat á styrkleika og veikleika áætlunarinnar á tímabilinu 2014–2020 fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

4. Framkvæmdastjórnin láta fara fram eftirámat á áhrifum og Sambandsvirðisauka áætlunarinnar fyrir 31. desember 2022 og senda skýrslu með því mati til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar. Sú skýrsla skal gerð aðgengileg almenningi.

II. BÁLKUR

SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM AÐGERÐASVIÐ ÁÆTLUNARINNAR

I. KAFLI

Progress-aðgerðasviðið

14. gr.

Þemaþættir og fjármögnun

1. Progress-aðgerðasviðið skal styðja aðgerðir innan eins eða fleiri af þemaþáttunum sem taldir eru upp í a-, b- og c-lið. Á öllum gildistíma áætlunarinnar skulu eftirfarandi lágmarkshlutföll virt við leiðbeinandi sundurliðun úthlutunarinnar, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 5. gr., milli hinna ýmsu þátta:

a) til atvinnumála, einkum baráttu gegn atvinnuleysi ungs fólks: 20%,

b) til félagslegrar verndar, félagslegrar aðildar og til að draga úr og koma í veg fyrir fátækt: 50%,

c) til bættra vinnuskilyrða: 10%.

([15]) Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 frá 18. desember 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB L 312, 23.12.1995, bls. 1).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([17]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

Því, sem eftir kann að standa, skal úthlutað til eins eða fleiri þemaþátta sem um getur í a-, b eða c-lið eða samsetningar af þeim.

2. Af heildarfjárhæðinni sem úthlutað er til Progress-aðgerðasviðsins og innan mismunandi þemaþátta þess, skulu 15–20% fara til þess að efla félagslegar tilraunir sem aðferð til prófunar og mats á nýsköpunarlausnum í því skyni að framkvæma þær í auknum mæli.

15. gr.

Sértæk markmið

Til viðbótar almennu markmiðunum, sem fram koma í 4. gr., eru sett eftirfarandi sértæk markmið fyrir Progress-aðgerðasviðið:

a) að byggja upp vandaða þekkingu og miðla henni á grundvelli samanburðargreiningar til að tryggja að stefnur Sambandsins á þeim sviðum, sem um getur í 1. gr., séu byggðar á traustum vísbendingum og taki mið af þörfum, áskorunum og aðstæðum í einstökum aðildarríkjum og öðrum löndum sem taka þátt í áætluninni,

b) að greiða fyrir skilvirkri miðlun upplýsinga til allra, gagnkvæmum lærdómi og skoðanaskiptum um stefnur Sambandsins á þeim sviðum sem um getur í 1. gr., á Sambands-, lands- og alþjóðavísu, til að aðstoða aðildarríkin og önnur lönd sem taka þátt í áætluninni við stefnumótun sína og aðildarríkin við framkvæmd á löggjöf Sambandsins,

c) að veita fjárstuðning til prófunar á nýjungum á sviði félagsmála- og vinnumarkaðsstefna og, ef nauðsyn krefur, til að byggja upp getu helstu aðila til að þróa og framkvæma tilraunir á sviði félagsmálastefnu og til að gera viðkomandi þekkingu og sérþekkingu aðgengilega,

d) að veita stofnunum Sambandsins og landsbundnum stofnunum fjárstuðning til að auka getu þeirra til að þróa, efla og styðja framkvæmd á fjármögnunarleiðum og stefnum Sambandsins eins og um getur í 1. gr. og viðeigandi löggjöf Sambandsins.

16. gr.

Tegundir aðgerða

Eftirfarandi tegundir aðgerða má fjármagna innan ramma Progress-aðgerðasviðsins:

1. Greiningaraðgerðir:

   a) söfnun gagna og tölfræðilegra upplýsinga, með tilliti til bæði eiginlegra og megindlegra viðmiðana, og þróun sameiginlegra aðferða, flokkana, nákvæmrar hermitækni, vísa og viðmiðana, sundurliðaðra eftir kyni og aldurshóp eftir því sem við á,

   b) kannanir, rannsóknir, greiningar og skýrslur, þ.m.t. með fjármögnun sérfræðinganeta og þróun sérfræði-þekkingar innan þemaþátta,

   c) eigindlegt og megindlegt mat og mat á áhrifum, bæði af hálfu opinberra aðila og einkaaðila,

   d) eftirlit með og mat á lögleiðingu og beitingu á lögum Sambandsins,

   e) undirbúningur og framkvæmd tilrauna á sviði félagsmálastefnu, sem aðferð til prófunar og mats á nýsköpunarlausnum í því skyni að framkvæma þær í auknum mæli,

   f) miðlun niðurstaðna þessara greiningaraðgerða.

2. Starfsemi sem miðar að gagnkvæmum lærdómi, þekkingu og miðlun:

   a) skipti og miðlun góðra starfsvenja, nýstárlegra aðferða og reynslu, jafningjaryni, setningu viðmiðana og gagnkvæms lærdóms á evrópskum vettvangi,

   b) viðburðir, ráðstefnur og málstofur á vegum formennskuríkis ráðsins,

   c) þjálfun sérfræðinga innan réttarkerfisins og þátttakenda á vettvangi stjórnmála (e. legal and policy practitioners),

   d) samning og útgáfa leiðbeininga, skýrslna og fræðsluefnis og ráðstafanir í tengslum við upplýsingamiðlun, samskipti og umfjöllun fjölmiðla um framtaksverkefni sem njóta stuðnings í áætluninni,

   e) upplýsingamiðlun og samskipti,

   f) þróun og viðhald upplýsingakerfa til að skiptast á og miðla upplýsingum um stefnur og löggjöf Sambandsins og um vinnumarkaðinn.

3. Stuðningur að því er varðar:

   a) rekstrarkostnað mikilvægra netkerfa á vettvangi Sambandsins ef starfsemi þeirra varðar og stuðlar að markmiðum Progress-aðgerðasviðsins,

   b) uppbyggingu getu landsbundinna stjórnvalda, sérstakra þjónustuskrifstofa sem tilnefndar eru af aðildarríkjunum og bera ábyrgð á að stuðla að hreyfanleika fólks á milli staða, og þeirra sem láta í té örfjármögnun,

   c) skipulagningu á vinnuhópum innlendra embættismanna til að fylgjast með framkvæmd á lögum Sambandsins,

d) tengslamyndun og samstarf milli sérfræðistofnana og annarra viðkomandi hagsmunaaðila, lands-, svæðis- og staðaryfirvalda og vinnumiðlana á evrópskum vettvangi,

e) fjármögnun á athugunarstöðvum á evrópskum vettvangi, þ.m.t. á lykilþemaþáttum.

f) starfsmannaskipti innlendra stjórnvalda.

17. gr.

Samfjármögnun Sambandsins

Þegar starfsemi innan ramma Progress-aðgerðasviðsins er fjármögnuð í kjölfar auglýsingar eftir tillögum, getur hún hlotið samfjármögnun frá Sambandinu sem skal að jafnaði ekki vera hærri en 80% af aðstoðarhæfum heildarkostnaði. Einungis skal veita hærri fjárstuðning, en sem nemur þessu þaki, í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum.

18. gr.

Þátttaka

1. Eftirtöldum aðilum er frjálst að taka þátt í Progress-aðgerðasviðinu:

a) aðildarríkjum ESB,

b) EES-löndunum, í samræmi við EES-samninginn, og aðildarríkjum EFTA,

c) umsóknarlöndum og mögulegum umsóknarlöndum, í samræmi við meginreglur og almenna skilmála og skilyrði, sem mælt er fyrir um í rammasamningum sem gerðir voru við þessi lönd um þátttöku þeirra í áætlunum Sambandsins,

2. Öllum opinberum aðilum og/eða einkaaðilum og stofnunum er frjálst að taka þátt í Progress-aðgerðasviðinu, einkum:

a) lands-, svæðis- og staðaryfirvöldum

b) vinnumiðlunum,

c) sérfræðistofnunum sem kveðið er á um í lögum Sambandsins,

d) aðilum vinnumarkaðarins,

e) frjálsum félagasamtökum,

f) æðri menntastofnunum og rannsóknarstofnunum,

g) sérfræðingum í mati og áhrifamati,

h) hagstofum einstakra aðildarríkja,

i) fjölmiðlum.

3. Framkvæmdastjórnin getur einnig átt samstarf við alþjóðastofnanir, einkum við Evrópuráðið, Efnahags- og framfarastofnunina, Alþjóðavinnumálastofnunina og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og við Alþjóðabankann.

4. Framkvæmdastjórnin getur átt samstarf við þriðju lönd sem taka ekki þátt í áætluninni. Fulltrúar slíkra þriðju landa geta sótt viðburði sem varða gagnkvæm hagsmunamál (s.s. ráðstefnur, vinnufundi og málstofur) sem haldnir eru í löndum sem taka þátt í áætluninni og heimilt er að áætlunin beri kostnað af því.

II. KAFLI

EURES-aðgerðasviðið

19. gr.

Þemaþættir og fjármögnun

EURES-aðgerðasviðið skal styðja aðgerðir innan eins eða fleiri af þemaþáttunum sem taldir eru upp í a-, b- og c-lið. Á öllum gildistíma áætlunarinnar skulu eftirfarandi lágmarkshlutföll virt við leiðbeinandi sundurliðun úthlutunarinnar, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 5. gr., milli hinna ýmsu þátta:

a) gagnsæi í tengslum við laus störf, umsóknir og tengdar upplýsingar fyrir umsækjendur og vinnuveitendur: 32%,

b) þróun ráðningar- og atvinnumiðlunarþjónustu með afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna á vettvangi Sambandsins, einkum með markvissum hreyfanleika-áætlunum: 30%,

c) samstarfsverkefni yfir landamæri: 18%.

Því, sem eftir kann að standa, skal úthlutað til eins eða fleiri þemaþátta sem um getur í a-, b eða c-lið eða samsetningar af þeim.

20. gr.

Sértæk markmið

Til viðbótar við almennu markmiðin, sem fram koma í 4. gr., eru sett eftirfarandi sértæk markmið fyrir EURES-aðgerðasviðið:

a) að tryggja að atvinnutilboð og atvinnuumsóknir og tilheyrandi upplýsingar og ráðgjöf, og hvers konar tengdar upplýsingar, s.s. varðandi lífskjör og vinnuskilyrði, séu gerð gagnsæ fyrir umsækjendur annars vegar og vinnuveitendur hins vegar. Stefnt skal að þessu með skiptum og miðlun milli landa, svæða og yfir landamæri, með notkun staðlaðra samhæfðra eyðublaða fyrir atvinnutilboð og atvinnuumsóknir og eftir öðrum viðeigandi leiðum, s.s. með einkaráðgjöf og handleiðslu leiðbeinenda, einkum fyrir þá sem búa yfir lítilli færni,

b) að styðja þjónustu EURES-netsins við ráðningar og atvinnumiðlun launafólks í góð og varanleg störf með afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna; stuðningur við þjónustu EURES-netsins skal ná til ýmissa stiga atvinnumiðlunar, allt frá undirbúningi fyrir ráðningu til aðstoðar eftir ráðningu, til þess að umsækjandi nái að aðlagast vinnumarkaðnum með fullnægjandi hætti; slík stuðningsþjónusta getur falið í sér markvissar hreyfanleikaáætlanir til þess að ráða í laus störf innan tiltekins geira, starfsgreinar, lands eða hóps landa eða hjá tilteknum hópi launafólks, s.s. ungs fólks, sem hefur tilhneigingu til að vera hreyfanlegur, þar sem skýr efnahagsleg þörf hefur verið greind.

21. gr.

Tegundir aðgerða

EURES-aðgerðasviðið má nota til að fjármagna aðgerðir, sem ýta undir valfrjálsan hreyfanleika einstaklinga innan Sambandsins á sanngjörnum grundvelli og fjarlægja hindranir á vegi hans, einkum:

a) þróun og starfsemi EURES-samstarfsverkefna yfir landamæri, fari þjónustuskrifstofur sem ná til svæða sem liggja að landamærum fram á það,

b) upplýsingamiðlun, ráðgjöf, atvinnumiðlunar- og ráðningarþjónustu fyrir launafólk sem sækir atvinnu yfir landamæri,

c) þróun fjölmála stafræns vettvangs fyrir afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna,

d) þróun markvissra hreyfanleikaáætlana, í kjölfar auglýsinga eftir tillögum, til að ráða í laus störf þar sem gloppur hafa komið í ljós á vinnumarkaðnum og/eða til að aðstoða launafólk sem hefur tilhneigingu til að vera hreyfanlegt, þar sem skýr efnahagsleg þörf hefur verið greind,

e) gagnkvæman lærdóm EURES-aðila og þjálfun ráðgjafa EURES-netsins, þ.m.t. EURES-ráðgjafa um samstarfsverkefni yfir landamæri,

f) upplýsingamiðlun og samskipti til að auka vitund fólks um kosti hreyfanleika á milli staða og starfa almennt og um starfsemi og þjónustu EURES-netsins.

22. gr.

Samfjármögnun Sambandsins

Þegar starfsemi innan ramma EURES-aðgerðasviðsins er fjármögnuð í kjölfar auglýsingar eftir tillögum, getur hún hlotið samfjármögnun frá Sambandinu sem skal að jafnaði ekki vera hærri en 95% af aðstoðarhæfum heildarkostnaði. Einungis skal veita hærri fjárstuðning en sem nemur þessu þaki í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum.

23. gr.

Vöktun hreyfanleikamynstra

Í því skyni að greina og koma í veg fyrir neikvæð áhrif sem skapast af hreyfanleika fólks á milli staða innan Sambandsins skal framkvæmdastjórnin ásamt aðildarríkjunum, í samræmi við 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, reglulega vakta strauma og mynstur með tilliti til hreyfanleika.

24. gr.

Þátttaka

1. Eftirtöldum aðilum er frjálst að taka þátt í EURES-aðgerðasviðinu:

a) aðildarríkjum ESB,

b) EES-löndunum, í samræmi við EES-samninginn, og Sviss, í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og Ríkjasambandsins Sviss hins vegar um frjálsa för fólks ([18]).

2. Öllum aðilum og stofnunum, sem tilnefnd eru af aðildarríki eða framkvæmdastjórninni og uppfylla skilyrði til þátttöku í EURES-netinu, eins og mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/733/ESB, er frjálst að taka þátt í EURES-aðgerðasviðinu. Á meðal slíkra aðila og stofnana skulu einkum vera:

a) lands-, svæðis- og staðaryfirvöld,

b) vinnumiðlanir,

c) samtök aðila vinnumarkaðarins og aðrir hagsmunaaðilar.

III. KAFLI

Aðgerðasvið örfjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi

25. gr.

Þemaþættir og fjármögnun

Aðgerðasvið örfjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi skal styðja aðgerðir innan eins eða fleiri af þemaþáttunum sem taldir eru upp í a- og b-lið. Á öllum gildistíma áætlunarinnar skulu eftirfarandi lágmarkshlutföll virt við leiðbeinandi sundurliðun úthlutunarinnar, sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr. 5. gr., milli hinna ýmsu þátta:

a) örfjármögnun fyrir berskjaldaða hópa og örfyrirtæki: 45%,

b) félagsleg frumkvöðlastarfsemi: 45%.

([18]) Stjtíð. EB L 114, 30.4.2002, bls. 6.

Því, sem eftir kann að standa, skal úthlutað til þemaþáttanna sem um getur í a- eða b-lið eða samsetningar af þeim.

26. gr.

Sértæk markmið

Til viðbótar við almennu markmiðin, sem fram koma í 4. gr., eru sett eftirfarandi sértæk markmið fyrir aðgerðasvið örfjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi:

a) að auka aðgang að og framboð á örfjármögnun fyrir:

   i. berskjaldaða einstaklinga, sem hafa misst eða eiga á hættu að missa vinnuna, eiga í erfiðleikum með að komast inn á eða komast aftur inn á vinnumarkaðinn eða eiga á hættu félagslega útilokun eða eru félagslega útilokaðir og standa höllum fæti að því er varðar aðgang að hefðbundnum lánamarkaði og vilja stofna örfyrirtæki eða þróa áfram örfyrirtæki sín,

   ii. örfyrirtæki, bæði á stofnunar- og þróunarstigi, einkum örfyrirtæki sem hafa í vinnu einstaklinga eins og þá sem um getur í i. lið,

b) að efla stofnanir þeirra sem láta í té örfjármögnun,

c) að styðja þróun félagslega fjárfestingamarkaðarins og greiða fyrir aðgangi félagslegra fyrirtækja að fjármögnun með því að veita félagslegum fyrirtækjum með ársveltu, sem fer ekki yfir 30 milljónir evra, eða árlega niðurstöðutölu ársreiknings, sem fer ekki yfir 30 milljónir evra, og sem eru ekki sjálf sjóður um sameiginlega fjárfestingu, aðgang að eigin fé, ígildi eigin fjár, lánsfjármögnunarleiðum og styrkjum allt að 500 000 evrum.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu, innan síns valdsviðs, samræma þessar aðgerðir vandlega þeim sem framkvæmdar eru innan ramma samheldnistefnu og landsbundinna stefna til að tryggja að þær komi hver annarri til fyllingar.

27. gr.

Tegundir aðgerða

Veita má stuðning og styrki innan ramma aðgerðasviðs örfjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi til örfjármögnunar og félagslegra fyrirtækja, þ.m.t. til að efla stofnanir þeirra (e. institutional capacity building), einkum með þeim fjármögnunarleiðum sem kveðið er á um í VIII. bálki fyrsta hluta fjárhagsreglugerðarinnar.

28. gr.

Þátttaka

1. Þátttaka innan ramma aðgerðasviðs örfjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi skal vera frjáls opinberum aðilum og einkaaðilum á lands-, svæðis- eða staðarvísu í löndunum sem um getur í 1. mgr. 18. gr. og tekur til í þeim löndum:

a) örfjármögnunar fyrir aðila og örfyrirtæki og/eða

b) fjármögnunar fyrir félagsleg fyrirtæki.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að aðgangur að aðgerðasviðinu sé opinn öllum opinberum aðilum og einkaaðilum í aðildarríkjunum án mismununar.

3. Til að ná til endanlegra aðstoðarþega og skapa samkeppnishæf og lífvænleg örfyrirtæki skulu opinberir aðilar og einkaaðilar, sem stunda þá starfsemi sem um getur í a-lið 1. mgr., vera í nánu samstarfi með samtökum, þ.m.t. borgaralegum samtökum, sem standa vörð um hagsmuni endanlegra smálánþega, og stofnunum, einkum þeim sem njóta stuðnings Félagsmálasjóðs Evrópu, og halda uppi áætlunum um handleiðslu leiðbeinenda og þjálfunaráætlunum (e. mentoring and training programmes) fyrir slíka endanlega aðstoðarþega. Í þessu samhengi skal tryggja næga eftirfylgni við aðstoðarþega, bæði fyrir og eftir stofnun örfyrirtækisins.

4. Opinberir aðilar og einkaaðilar, sem stunda þá starfsemi sem um getur í a-lið 1. mgr., skulu fylgja ströngum kröfum um stjórnunarhætti, stjórnun og neytendavernd, í samræmi við meginreglur evrópskra siðareglna fyrir smálánastarfsemi, og leitast við að koma í veg fyrir að aðilar og fyrirtæki verði of skuldsett, t.d. vegna lánveitinga á háum vöxtum eða með skilmálum sem búast má við að gætu leitt til þess að þeir verði gjaldþrota.

29. gr.

Fjárframlag

Fjárveitingar til aðgerðasviðs örfjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi skulu, nema þegar um er að ræða sameiginlegar aðgerðir, taka til heildarkostnaðar við aðgerðir sem framkvæmdar eru með hjálp fjármögnunarleiða, þ.m.t. greiðsluskuldbindinga gagnvart fjármálamilliliðum, t.d. taps vegna ábyrgða, stjórnunarkostnaðar aðila sem hafa umsjón með framlagi Sambandsins, og annars aðstoðarhæfs kostnaðar.

30. gr.

Stjórnun

1. Framkvæmdastjórnin getur gert samninga við aðilana sem taldir eru upp í 4. mgr. 139. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, einkum við Fjárfestingarbanka Evrópu og Fjárfestingarsjóð Evrópu, um framkvæmd fjármögnunarleiðanna og styrkjanna sem um getur í 27. gr. Í slíkum samningum skal ítarlega kveðið á um framkvæmd þeirra verkefna sem þessum aðilum eru falin, m.a. með ákvæðum þar sem er tilgreind þörfin á að tryggja að viðbótargildi (e. additionality) sé fyrir hendi og samræming við fyrirliggjandi fjármögnunarleiðir Sambandsins og landsbundnar fjármögnunarleiðir, og að jafnvægi ríki í skiptingu fjármuna milli aðildarríkjanna og hinna þátttökulandanna. Til framkvæmdar fjármögnunarleiðunum í VIII. bálki fyrsta hluta fjárhagsreglugerðarinnar má nota sérhæfða fjárfestingarleið (e. dedicated investment vehicle), sem heimilt er að fjármagna úr sjóðum áætlunarinnar, af öðrum fjárfestum eða hvoru tveggja.

2. Með sérhæfðu fjárfestingarleiðinni, sem um getur í 1. mgr., má láta milliliðum m.a. í té lán, eigið fé og fjármögnunarleiðir sem fela í sér áhættuhlutdeild (e. risk-sharing instruments) eða beina fjármögnun til félagslegra fyrirtækja eða hvort tveggja. Eigið fé getur m.a. verið veitt í formi opinnar hlutafjárþátttöku (e. open equity participations), óvirkrar eignarhlutdeildar (e. dormant holdings), lána frá hluthöfum og samsetningar af mismunandi tegundum hlutafjárþátttöku sem fjárfestum er gefinn kostur á.

3. Skilmálar smálána sem beint eða óbeint eru studd innan ramma þessa aðgerðasviðs, s.s. vextir, skulu endurspegla ávinninginn af stuðningnum og vera réttlætanlegir með tilliti til undirliggjandi áhættu og raunverulegs kostnaðar við fjármögnun í tengslum við lán.

4. Í samræmi við 6. mgr. 140. gr. fjárhagsreglugerðarinnar skulu árlegar endurgreiðslur í tengslum við tiltekna fjármögnunarleið renna til hennar til 1. janúar 2024, en tekjur skulu færðar í fjárlög Sambandsins eftir að búið er að draga frá stjórnunarkostnað og gjöld. Að því er varðar fjármögnunarleiðir sem þegar hefur verið komið á fót í tengslum við fjárhagsrammann til margra ára fyrir tímabilið 2007–2013 skulu árlegar endurgreiðslur og tekjur vegna starfsemi sem hófst á fyrra tímabili renna til viðkomandi fjármögnunarleiðar á núverandi tímabili.

5. Þegar samningar við aðilana sem um getur í 1. mgr. renna út eða að loknu fjárfestingatímabili sérstöku fjárfestingarleiðarinnar skal sú fjárhæð sem er til greiðslu til Sambandsins greidd til fjárlaga Sambandsins.

6. Aðilarnir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og, þar sem við á, stjórnendur sjóðanna, skulu gera skriflega samninga við opinberu aðilana og einkaaðilana sem um getur í 28. gr. Í slíkum samningum skal mælt fyrir um að opinberu aðilunum og einkaaðilunum sé skylt að nota fjármagn, sem tiltækt er innan ramma aðgerðasviðs örfjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi, í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í 26. gr., og láta í té upplýsingar svo unnt sé að semja árlegu framkvæmdaskýrslurnar sem kveðið er á um í 31. gr.

31. gr.

Framkvæmdaskýrslur

1. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. 30. gr. og, þar sem við á, stjórnendur sjóðanna, skulu senda framkvæmdastjórninni árlegar framkvæmdaskýrslur um þá starfsemi sem hlotið hefur stuðning og gera fjárhagslegri framkvæmd hennar skil, einnig um úthlutun fjármagns og aðgang að því og fjárfestingar eftir geirum, landsvæðum og tegundum aðstoðarþega. Í þessum skýrslum skal einnig gera grein fyrir umsóknum, sem hafa verið samþykktar eða hafnað að því er varðar hvert sértækt markmið, samningum sem hlutaðeigandi opinberir aðilar og einkaaðilar gera, aðgerðum sem eru fjármagnaðar og niðurstöðum, einnig að því er varðar samfélagsleg áhrif þeirra, atvinnusköpun og hve lengi veittur stuðningur varir. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu þessar skýrslur í upplýsingaskyni.

2. Taka skal tillit til upplýsinganna, sem veittar eru í þessum árlegu framkvæmdaskýrslum, í eftirlitsskýrslunum sem gerðar eru annað hvert ár og kveðið er á um í 12. gr. Slíkar eftirlitsskýrslur skulu fela í sér ársskýrslurnar, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. ákvörðunar nr. 283/2010/ESB, ítarlegar upplýsingar um samskiptastarfsemi og upplýsingar um fyllingu við aðrar fjármögnunarleiðir Sambandsins, einkum Félagsmálasjóð Evrópu.

III. BÁLKUR

VINNUÁÆTLANIR OG LOKAÁKVÆÐI

32. gr.

Vinnuáætlanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir um vinnuáætlanir fyrir aðgerðasviðin þrjú. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 36. gr.

Vinnuáætlanirnar skulu, þar sem við á, vera til þriggja ára í senn og innihalda lýsingu á þeim aðgerðum sem á að fjármagna, aðferðum við að velja aðgerðir sem hljóta skulu stuðning frá Sambandinu, landfræðilegu umfangi og að hvaða markhópi þær beinast, auk leiðbeinandi tímaramma fyrir framkvæmdina. Í vinnuáætlunum skulu einnig vera upplýsingar um þá fjárhæð sem er veitt til hvers sértæks markmiðs og þær skulu sýna endurúthlutun fjármagns í samræmi við 33. gr. Vinnuáætlanirnar skulu styrkja samfellu áætlunarinnar með því að gera grein fyrir tengslunum milli aðgerðasviðanna þriggja.

33. gr.

Endurúthlutun fjármagns milli aðgerðasviða og til einstakra þemaþátta innan aðgerðasviðanna

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 34. gr., um endurúthlutun fjármagns milli aðgerðasviða og til einstakra þemaþátta innan hvers aðgerðasviðs, sem mundi hækka hina leiðbeinandi fjárhæð sem ákveðin er í hverju tilviki um meira en 5% og allt að 10%, ef þróun félagslegs og hagræns samhengis eða niðurstöður áfangamatsins á miðju tímabili, sem um getur í 1. mgr. 13. gr., kalla á það. Endurúthlutun fjármagns til þemaþátta innan hvers aðgerðasviðs skal endurspeglast í vinnuáætlununum sem um getur í 32. gr.

34. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 33. gr., á sjö ára tímabili sem hefst 1. janúar 2014.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 33. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 33. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

35. gr.

Viðbótarframkvæmdarráðstafanir

Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma áætlunina, s.s. viðmiðanir fyrir mat á áætluninni, þ.m.t. þær sem tengjast kostnaðarhagkvæmni og fyrirkomulagi á miðlun og yfirfærslu niðurstaðna, í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 36. gr.

36. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

37. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðgerðir, sem um getur í 4., 5. og 6. gr. ákvörðunar nr. 1672/2006/EB, sem hafnar voru fyrir 1. janúar 2014, skulu áfram heyra undir þá ákvörðun. Að því er varðar þessar aðgerðir skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 36. gr. reglugerðar þessarar.

38. gr.

Mat

1. Lokamatið, sem um getur í 4. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar, skal fela í sér lokamatið sem kveðið er á um í 9. gr. ákvörðunar nr. 283/2010/ESB.

2. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram sérstakt lokamat á aðgerðasviði örfjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi eigi síðar en ári eftir að samningar við aðilana renna út.

39. gr.

Breytingar á ákvörðun 283/2010/ESB

Ákvörðun 283/2010/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 4. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„4. Við lok gildistíma örfjármögnunarleiðarinnar skal sú fjárhæð, sem er til greiðslu til Sambandsins, renna til örfjármögnunar og stuðnings við félagsleg fyrirtæki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1296/2013 frá 11. desember 2013 um áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun („EaSI“) (*).

(*) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 238.“

2) Í 8. gr. falli 3. og 4. mgr. brott.

40. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
forseti.
M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.
V. LEŠKEVIČIUS

TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/16/ESB **2014/EES/54/117**

frá 13. maí 2013

um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði opinberra innkaupa vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 50. gr. laga um aðild Króatíu skal ráðið, í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt reynist vegna aðildarinnar að aðlaga gerðir frá stofnununum sem samþykktar voru fyrir aðild og ekki er kveðið á um nauðsynlegar aðlaganir í þeim aðildarlögum eða viðaukum við þau, samþykkja í þessu skyni, með auknum meirihluta, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, nauðsynlegar gerðir ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgerðar og uppfærðar ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Því ætti að breyta tilskipunum 2004/17/EB([1]), 2004/18/EB([2]) og 2009/81/EB([3]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipunum 2004/17/EB, 2004/18/EB og 2009/81/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Sambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Sambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmála Króatíu og frá og með gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,
S. COVENEY
forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 184. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um breytingu á ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála (Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76).

VIÐAUKI

1. Tilskipun 2004/17/EB er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í I. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 6. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11) og stunda, í samræmi við sérstök ákvæði, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (láta í té þjónustu) eða við rekstur fastra netkerfa sem er ætlað að bjóða almenningi þjónustu í tengslum við framleiðslu, flutning og dreifingu gass og varmaorku og afhendingu gass eða varmaorku inn á föst net, s.s. aðilar sem stunda þessa starfsemi á grundvelli leyfis til að stunda starfsemi á sviði orkumála í samræmi við orkulögin (Stjórnartíðindi 120/12).“

b) Eftirfarandi bætist við í II. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 6. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11) og stunda, í samræmi við sérstök ákvæði, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (láta í té þjónustu) eða rekstur fastra netkerfa sem er ætlað að bjóða almenningi þjónustu í tengslum við framleiðslu, flutning og dreifingu rafmagns og afhendingu rafmagns inn á föst net, s.s. aðilar sem stunda þessa starfsemi á grundvelli leyfis til að stunda starfsemi á sviði orkumála í samræmi við orkulögin (Stjórnartíðindi 120/12).“

c) Eftirfarandi bætist við í III. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 6. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11) og stunda, í samræmi við sérstök ákvæði, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (láta í té þjónustu) eða rekstur fastra netkerfa sem er ætlað að bjóða almenningi þjónustu í tengslum við öflun, flutning og dreifingu drykkjarvatns og afhendingu drykkjarvatns inn á föst netkerfi, s.s. aðilar sem staðbundnar einingar sjálfsstjórnarsveitarfélags koma á fót sem opinberri vatnsveituþjónustu eða til að annast fráveituþjónustu í samræmi við vatnslögin (Stjórnartíðindi 153/09 og 130/11).“

d) Eftirfarandi bætist við í IV. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 6. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11) og bjóða eða starfrækja, í samræmi við sérstök ákvæði, netkerfi sem veita almenningi þjónustu á sviði járnbrautaflutninga.“

e) Eftirfarandi bætist við í V. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 6. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11) og bjóða eða starfrækja, í samræmi við sérstök ákvæði, netkerfi sem veita almenningi þjónustu á sviði flutninga með járnbrautum í þéttbýli, sjálfvirkum kerfum, sporvögnum, strætisvögnum, rafknúnum strætisvögnum og togbrautum, s.s. stofnanir sem stunda þessa starfsemi sem opinbera þjónustu í samræmi við lög um veitur (Stjórnartíðindi 36/95, 70/97, 128/99, 57/00, 129/00, 59/01, 26/03, 82/04, 110/04, 178/04, 38/09, 79/09, 153/09, 49/11, 84/11, 90/11).“

f) Eftirfarandi bætist við í VI. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 6. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11) og veita, í samræmi við sérstök ákvæði, póstþjónustu og aðra þjónustu sem felur ekki í sér póstþjónustu skv. 4. mgr. 112. gr. laganna.“

g) Eftirfarandi bætist við í VII. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 6. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11) sem stunda, í samræmi við sértæk ákvæði, starfsemi sem lýtur að nýtingu landsvæða í því skyni að leita að og vinna olíu og gas, s.s. stofnanir sem stunda þessa starfsemi í samræmi við lög um námuvinnslu (Stjórnartíðindi 75/09 og 49/11).“

h) Eftirfarandi bætist við í VIII. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 6. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11) sem stunda, í samræmi við sértæk ákvæði, starfsemi sem lýtur að nýtingu landsvæða í því skyni að leita að og vinna kol og annað fast eldsneyti, s.s. stofnanir sem stunda þessa starfsemi í samræmi við lög um námuvinnslu (Stjórnartíðindi 75/09 og 49/11).“

i) Eftirfarandi bætist við í IX. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 6. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11) sem stunda, í samræmi við sértæk ákvæði, starfsemi sem lýtur að nýtingu landsvæða í því skyni að opna hafnir við sjó og ár og aðrar flutningsmiðstöðvar fyrir þá sem starfrækja flutninga á sjó eða ám, s.s. stofnanir sem stunda þessa starfsemi í samræmi við lög um siglingamál og hafnir við sjó (Stjórnartíðindi 158/03, 100/04, 141/06 og 38/09).“

j) Eftirfarandi bætist við í X. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 6. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11) sem stunda, í samræmi við sértæk ákvæði, starfsemi sem lýtur að nýtingu landsvæða í því skyni að opna flugstöðvar og bjóða fram aðra stöðvaraðstöðu fyrir flugrekendur í flutningaflugi, s.s. stofnanir sem stunda þessa starfsemi í samræmi við lög um flugstöðvar (Stjórnartíðindi 19/98 og 14/11).“

2. Tilskipun 2004/18/EB er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í III. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

Samningsstofnanir sem um getur í 3. lið 1. mgr. 5. gr. Zakon o javnoj nabavi (Narodne novine broj 90/11) (laga um opinber innkaup, Stjórnartíðindi nr. 90/11), þ.e. lögaðilar sem hafa öðlast staðfestu í þeim sérstaka tilgangi að uppfylla þarfir almennings en starfa hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta og fullnægja einu af eftirtöldum skilyrðum:

— þær eru fjármagnaðar meira en 50% af fjárlögum ríkis eða sjálfstjórnareininga á staðar- eða svæðisvísu eða af fjárhagsáætlun annarra slíkra lögaðila,

— þær lúta eftirliti aðila á vegum ríkis, sjálfstjórnareininga á staðar- eða svæðisvísu eða annarra slíkra lögaðila eða

— þær hafa eftirlitsstjórn, yfirstjórn eða rekstrarstjórn og ríkisstofnanir, sjálfstjórnareiningar á staðar- og svæðisvísu eða aðrir slíkir lögaðilar skipa a.m.k. helming stjórnarmanna.

Til dæmis:

— Agency Alan d.o.o.

— APIS IT d.o.o. — stuðningsmiðstöð fyrir upplýsingakerfi og upplýsingatækni

— Þjóðdansahópur Króatíu „Lado“

— Autocesta Rijeka — Zagreb d.d. (Rijeka — Zagreb hraðbrautarkerfið)

— CARnet (háskóla- og rannsóknanet Króatíu)

— Hjálpar- og umönnunarmiðstöðvar

— Miðstöðvar opinberrar félagsþjónustu

— Félagsleg umönnunarheimili

— Heilsugæslustöðvar

— Ríkisskjalasöfn

— Náttúruverndarstofnun ríkisins

— Sjóður til að fjármagna niðurlagningu kjarnorkuversins Krko og farga geislavirkum úrgangi og notuðu kjarnorkueldsneyti þaðan

— Sjóður til að greiða skaðabætur vegna eigna sem búið er að leggja hald á

— Sjóður til að endurbyggja og þróa Vukovar

— Sjóður til að endurhæfa fatlað fólk og koma því út á vinnumarkaðinn

— Sjóður fyrir umhverfisvernd og orkunýtni

— Vísinda- og listaakademía Króatíu

— Endurreisnar- og þróunarbanki Króatíu

— Hrvatska kontrola zračne plovidbe d.o.o. (Croatia Control Ltd.)

— Hrvatska lutrija d.o.o. (happdrætti Króatíu)

— Þjóðmenningarstofnun Króatíu

— Landbúnaðarráð Króatíu

— Ríkisútvarp og sjónvarp Króatíu

— Tæknimenningarsamband Króatíu

— Hrvatske autoceste d.o.o. (hraðbrautafélag Króatíu)

— Hrvatske ceste d.o.o. (vegafélag Króatíu)

— Hrvatske šume d.o.o. (skógar í Króatíu),

— Hrvatske vode (vatnsstjórnunarfélag Króatíu)

— Hljóð- og myndmiðlunarmiðstöð Króatíu

— Hrossaræktarmiðstöð Króatíu — stóðhestabýli ríkisins í akovo og Lipik

— Landbúnaðar-, matvæla og dreifbýlismiðstöð Króatíu

— Jarðsprengjuhreinsunarmiðstöð Króatíu

— Annála- og skjalamiðstöð Króatíu vegna borgarastyrjaldarinnar

— Ólympíunefnd Króatíu

— Orkumarkaðsrekandi Króatíu

— Ólympíunefnd fatlaðra í Króatíu

— Skipaskrá Króatíu

— Varðveislustofnun Króatíu

— Íþróttasamtök heyrnarlausra í Króatíu

— Bráðalækningastofnun Króatíu

— Lýðheilsustofnun Króatíu

— Geðheilbrigðisstofnun Króatíu

— Lífeyristryggingastofnun Króatíu

— Staðlastofnun Króatíu

— Fjarlækningastofnun Króatíu

— Forvarnastofnun Króatíu í eiturefnafræði og gegn misnotkun lyfja í íþróttum

— Blóðinngjafastofnun Króatíu

— Vinnumiðlun Króatíu

— Stofnun heilsuverndar og öryggis á vinnustað í Króatíu

— Sjúkratryggingastofnun Króatíu

— Stofnun sjúkratrygginga fyrir heilbrigði á vinnustað í Króatíu

— Jadrolinija (skipafélag)

— Opinber stofnun króatísku ólympíumiðstöðvarinnar

— Æðri menntastofnanir hins opinbera

— Opinberar stofnanir þjóðgarða

— Opinberar stofnanir náttúruverndarsvæða

— Vísindastofnanir hins opinbera

— Leikhús, safnahús, sýningarsalir, bókasöfn og aðrar stofnanir á menningarsviðinu sem Lýðveldið Króatía eða sjálfstjórnareiningar á staðar- og svæðisvísu hafa komið á fót

— Fangelsi

— Klínísk sjúkrahús

— Klíníska sjúkramiðstöðvar

— Heilsugæslustöðvar

— „Miroslav Krleža“, stofnun orðabókarfræða

— Hafnaryfirvöld

— Hressingarhæli

— Lyfjaverslanir sem sjálfstjórnareiningar á svæðisvísu hafa komið á fót

— Matica hrvatska (Matrix Croatia)

— Alþjóðleg miðstöð fyrir fornleifarannsóknir neðansjávar

— Þjóðar- og háskólabókasafn

— Lána- og framfærslustofnun hins opinbera til stuðnings nemendum

— Landsstofnun sem vinnur að þróun borgaralegs samfélags

— Landsstofnun Króatíu á sviði vísinda, æðri menntunar og tækniþróunar

— Landsmiðstöð ytra mats á menntun

— Landsráð um æðri menntun

— Landsráð á sviði vísinda

— Stjórnartíðindi (Narodne novine d.d.)

— Mennta-/betrunarstofnanir

— Menntastofnanir sem Lýðveldið Króatía eða sjálfstjórnareiningar á staðar- og svæðisvísu hafa komið á fót

— Almenn sjúkrahús

— Plovput d.o.o. (ríkisfyrirtæki sem hefur umsjón með siglingaöryggi)

— Fjölgreinaheilsustofur

— Sérhæfð sjúkrahús

— Miðlæg skrá tryggðra einstaklinga

— Reiknistofnun háskóla

— Íþróttafélög

— Íþróttasamtök

— Bráðalækningastofnanir

— Líknarstofnanir

— Heilbrigðisstofnanir

— Stuðningsstofnun lögreglunnar

— Fangelsi

— Stofnun um endurbyggingu Dubrovnik

— Fræ- og ungplöntustofnunin

— Lýðheilsustofnanir

— Flugtæknimiðstöð (Zrakoplovno — tehnički centar d.d.)

— Stjórnir sveitavega.“

b) Eftirfarandi bætist við í IV. viðauka á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía

1) Stjórnstofnanir Lýðveldisins Króatíu:

— Króatíska þingið

— Forseti Lýðveldisins Króatíu

— Embætti forseta Lýðveldisins Króatíu

— Embætti forseta Lýðveldisins Króatíu eftir að skipunartíma lýkur

— Ríkisstjórn Lýðveldisins Króatíu

— Embætti ríkisstjórnar Lýðveldisins Króatíu

— Ráðuneyti

— Ríkisskrifstofur

— Stjórnsýslustofnanir ríkisins

— Stjórnsýslustofnanir ríkisins í héruðum

— Stjórnarskrárdómstóll Lýðveldisins Króatíu:

— Hæstiréttur Lýðveldisins Króatíu

— Dómstólar

— Dómstólaráð ríkisins

— Skrifstofur ríkislögmanns

— Ráð ríkissaksóknara

— Skrifstofur umboðsmanns

— Ríkisnefnd um eftirlit með opinberum innkaupum

— Ríkisbanki Króatíu

— Ríkisendurskoðun

2) Ríkisstofnanir og -skrifstofur:

— Flugmálastofnun Króatíu

— Stofnun á sviði rafrænna miðla

— Rannsóknastofnun flugslysa og flugatvika

— Stofnun á sviði samstarfsverkefna opinberra aðila og einkaaðila

— Stofnun á sviði gæðamála og faggildingar í heilbrigðisþjónustu

— Stofnun á sviði lyfja og lækningatækja

— Stofnun á sviði hreyfanleika og áætlana ESB

— Stofnun á sviði strandsiglinga og skipaumferðar

— Stofnun á sviði endurbyggingar Tvr a-virkisins í Osijek

— Stofnun á sviði menntunar og kennaramenntunar

— Stofnun á sviði þrýstibúnaðar

— Stofnun á sviði tryggинga til að mæta kröfum launþega við gjaldþrot vinnuveitanda

— Greiðslustofnun á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs og dreifbýlisþróunar

— Stofnun á sviði nýtingar landbúnaðarlands

— Stofnun á sviði viðskipta og miðlunar fastafjármuna

— Stofnun á sviði hættusvæða sprengistaða

— Stofnun á sviði byggðaþróunar í Lýðveldinu Króatíu

— Eftirlitsstofnun á sviði járnbrautamarkaðar

— Stofnun á sviði endurskoðunar á framkvæmd áætlana Evrópusambandsins

— Stofnun á sviði öryggis við flutninga á járnbrautum

— Stofnun á sviði starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu

— Stofnun á sviði umsýslu með ríkiseignum

— Stofnun á sviði skipgengra vatnaleiða

— Umhverfisstofnun Króatíu

— Stofnun á sviði persónuverndar

— Samkeppnisstofnun Króatíu

— Stofnun á sviði vísinda og æðri menntunar

— Ríkisstofnun á sviði innstæðutrygginga og endurreisnar bankakerfisins

— Fjármálastofnun

— Matvælastofnun Króatíu

— Stofnun Króatíu á sviði lítilla fyrirtækja

— Eftirlitsstofnun Króatíu á sviði fjármálaþjónustu

— Stofnun Króatíu á sviði lögboðinna olíubirgða

— Stofnun Króatíu á sviði póstmála og rafrænna fjarskipta

— Faggildingarstofnun Króatíu

— Eftirlitsstofnun Króatíu á sviði orkumála

— Fréttastofnun Króatíu

— Landbúnaðarstofnun Króatíu

— Miðlæg stofnun á sviði fjármála og samningsgerðar.“

c) Eftirfarandi bætist við í IX. viðauka A á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu, „Sudski registar trgovačkih društava u Republici Hrvatskoj“ eða „Obrtni registar Republike Hrvatske“.

d) Eftirfarandi bætist við í IX. viðauka B á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu, „Sudski registar trgovačkih društava u Republici Hrvatskoj“ eða „Obrtni registar Republike Hrvatske“.

e) Eftirfarandi bætist við í IX. viðauka C á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu, „Sudski registar trgovačkih društava u Republici Hrvatskoj“ eða „Obrtni registar Republike Hrvatske“.

3. Ákvæðum VII. viðauka við tilskipun 2009/81/EB er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í A-hluta á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu, „Sudski registar trgovačkih društava u Republici Hrvatskoj“ eða „Obrtni registar Republike Hrvatske“.

b) Eftirfarandi bætist við í B-hluta á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu, „Sudski registar trgovačkih društava u Republici Hrvatskoj“ eða „Obrtni registar Republike Hrvatske“.

c) Eftirfarandi bætist við í C-hluta á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu, „Sudski registar trgovačkih društava u Republici Hrvatskoj“ eða „Obrtni registar Republike Hrvatske“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1106/2012 2014/EES/54/119

frá 27. nóvember 2012

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins, að því er varðar uppfærslu á landa- og svæðaflokkunarkerfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 frá 6. maí 2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1172/95 ([1]), einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1833/2006 frá 13. desember 2006 um landa- og svæðaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun Bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess ([2]) var sett fram útgáfa af því landa- og svæðaflokkunarkerfi sem var í gildi frá 1. janúar 2007.

2) Suður-Súdan er orðið sjálfstætt ríki.

3) Hollensku Antillur eru ekki lengur til.

4) Sankti Bartólómeusareyjar tilheyra ekki lengur tollsvæði Evrópusambandsins.

5) Nauðsynlegt er að taka upp kóða til að ná yfir viðskipti sem tengjast mannvirkjum á úthafinu (olíuborpöllum, vindbúum og köplum sem liggja yfir úthöfin).

6) Stafrófskóðun landa og svæða verður að endurspegla núgildandi útgáfu Alfa 2 kóða Alþjóðlegu staðlasamtakanna, svo fremi að hann samrýmist kröfum í löggjöf Sambandsins og hagskýrsluþörf þess.

7) Því er viðeigandi að gera nýja útgáfu af flokkunarkerfinu sem hefur hliðsjón af þessari þróun og breytingum sem hafa áhrif á tiltekna kóða.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrslunefndar um vöruviðskipti við lönd utan Bandalagsins.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sú útgáfa landa- og svæðaflokkunarkerfisins í hagskýrslum um utanríkisverslun Sambandsins og viðskipti milli aðildarríkja þess, sem gilda skal frá og með 1. janúar 2013, fylgir í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1833/2006 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2013.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 28.11.2012, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 31.10.2013, bls. 72.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 23.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 14.12.2006, bls. 19.

VIÐAUKI

LANDA- OG SVÆÐAFLOKKUN Í HAGSKÝRSLUM UM UTANRÍKISVERSLUN SAMBANDSINS OG VIÐSKIPTI MILLI AÐILDARRÍKJA ÞESS

(Gildir frá og með 1. janúar 2013)

Kóði	Texti	Lýsing
AD	Andorra	
AE	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Abú Dabí, Ajman, Dúbaí, Fujairah, Ras al Khaimah, Sharjah og Umm al Qaiwain
AF	Afganistan	
AG	Antígva og Barbúda	
AI	Angvilla	
AL	Albanía	
AM	Armenía	
AO	Angóla	Þ.m.t. Cabinda
AQ	Suðurskautslandið	Landsvæði sunnan við 60° suðlægrar breiddar; að undanskildum Frönsku suðlægu landsvæðunum (TF), Bouvet-eyju (BV), Suður-Georgíu og Suður-Sandvíkureyjum (GS)
AR	Argentína	
AS	Bandaríska Samóa	
AT	Austurríki	
AU	Ástralía	
AW	Arúba	
AZ	Aserbaídsjan	
BA	Bosnía og Hersegóvína	
BB	Barbados	
BD	Bangladess	
BE	Belgía	
BF	Búrkína Fasó	
BG	Búlgaría	
BH	Barein	
BI	Búrúndí	
BJ	Benín	
BL	Sankti Bartólómeusareyjar	
BM	Bermúdaeyjar	
BN	Brúnei Darrússalam	Oft nefnt Brúnei
BO	Fjölþjóðaríkið Bólivía	Oft nefnt Bólivía
BQ	Bonaire, Sankti Estatíusey og Saba	
BR	Brasilía	
BS	Bahamaeyjar	

Kóði	Texti	Lýsing
BT	Bútan	
BV	Bouvet-eyja	
BW	Botsvana	
BY	Hvíta-Rússland	Oft nefnt Belarús
BZ	Belís	
CA	Kanada	
CC	Kókoseyjar (eða Keeling-eyjar)	
CD	Alþýðulýðveldið Kongó	Áður Saír
CF	Mið-Afríkulýðveldið	
CG	Kongó	
CH	Sviss	Þ.m.t. þýska yfirráðasvæðið Büsingen og ítalska sveitarfélagið Campione d'Italia
CI	Fílabeinsströndin	Oft nefnt Ivory Coast
CK	Cooks-eyjar	
CL	Síle	
CM	Kamerún	
CN	Kína	
CO	Kólumbía	
CR	Kostaríka	
CU	Kúba	
CV	Grænhöfðaeyjar	
CW	Curaçao	
CX	Jólaey	
CY	Kýpur	
CZ	Tékkland	
DE	Þýskaland	Þ.m.t. Heligoland-eyja; að frátöldu yfirráðasvæðinu Büsingen
DJ	Djíbútí	
DK	Danmörk	
DM	Dóminíka	
DO	Dóminíska lýðveldið	
DZ	Alsír	
EC	Ekvador	Þ.m.t. Galapagoseyjar
EE	Eistland	
EG	Egyptaland	
EH	Vestur-Sahara	
ER	Erítrea	

Kóði	Texti	Lýsing
ES	Spánn	Þ.m.t. Baleareyjar og Kanaríeyjar, að frátöldum Ceuta (XC) og Melilla (XL)
ET	Eþíópía	
FI	Finnland	Þ.m.t. Álandseyjar
FJ	Fídjíeyjar	
FK	Falklandseyjar	
FM	Míkrónesía (Sambandsríkið)	Chuuk, Kosrae, Pohnpei og Yap
FO	Færeyjar	
FR	Frakkland	Þ.m.t. Mónakó, frönsku umdæmin handan hafsins (Franska Gvæjana, Gvadelúpeyjar, Martiník og Réunion) og franski norðurhluti Sankti Martin
GA	Gabon	
GB	Bretland	Stóra-Bretland, Norður-Írland, Bresku Ermarsundseyjarnar og Mön
GD	Grenada	Þ.m.t. Suður-Grenadíneyjar
GE	Georgía	
GH	Gana	
GI	Gíbraltar	
GL	Grænland	
GM	Gambía	
GN	Gínea	
GQ	Miðbaugs-Gínea	
GR	Grikkland	
GS	Suður-Georgía og Suður-Sandvíkureyjar	
GT	Gvatemala	
GU	Gvam	
GW	Gínea-Bissá	
GY	Gvæjana	
HK	Hong Kong	Hong Kong, sérstjórnarsvæði Alþýðulýðveldisins Kína
HM	Heard og MacDonaldseyjar	
HN	Hondúras	Þ.m.t. Swan-eyjar
HR	Króatía	
HT	Haítí	
HU	Ungverjaland	
ID	Indónesía	
IE	Írland	
IL	Ísrael	
IN	Indland	

Kóði	Texti	Lýsing
IO	Bresku Indlandshafseyjar	Chagos-eyjaklasinn
IQ	Írak	
IR	Íslamska lýðveldið Íran	
IS	Ísland	
IT	Ítalía	Þ.m.t. Livigno; að frátöldu sveitarfélaginu Campione d'Italia
JM	Jamaíka	
JO	Jórdanía	
JP	Japan	
KE	Kenía	
KG	Kirgiska lýðveldið	
KH	Kambódía	
KI	Kíribatí	
KM	Kómoreyjar	Anjouan, Grande Comore og Mohéli
KN	Sankti Kitts og Nevis	
KP	Alþýðulýðveldið Kórea	Oft nefnt Norður-Kórea
KR	Lýðveldið Suður-Kórea	Oft nefnt Suður-Kórea
KW	Kúveit	
KY	Cayman-eyjar	
KZ	Kasakstan	
LA	Alþýðulýðveldið Laos	Oft nefnt Laos
LB	Líbanon	
LC	Sankti Lúsía	
LI	Liechtenstein	
LK	Srí Lanka	
LR	Líbería	
LS	Lesótó	
LT	Litháen	
LU	Lúxemborg	
LV	Lettland	
LY	Líbía	
MA	Marokkó	
MD	Lýðveldið Moldóva	
ME	Svartfjallaland	
MG	Madagaskar	
MH	Marshall-eyjar	
MK ([1])	Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	

Kóði	Texti	Lýsing
ML	Malí	
MM	Mjanmar	Oft nefnt Búrma
MN	Mongólía	
MO	Makaó	Sérstjórnarsvæði Alþýðulýðveldisins Kína
MP	Norður-Maríanaeyjar	
MR	Máritanía	
MS	Montserrat	
MT	Malta	Þ.m.t. Gozo og Kómínó
MU	Máritíus	Máritíus, Rodrigues-eyja, Agalegaeyjar og Cargados Carajos-rif (Sankti Brandoneyjar)
MV	Maldíveyjar	
MW	Malaví	
MX	Mexíkó	
MY	Malasía	Malasíuskagi og Austur-Malasía (Labúan, Sabah og Sarawak)
MZ	Mósambík	
NA	Namibía	
NC	Nýja-Kaledónía	Þ.m.t. Loyalty-eyjar (Lifou, Maré og Ouvéa)
NE	Níger	
NF	Norfolkeyja	
NG	Nígería	
NI	Níkaragva	Þ.m.t. Korneyjar
NL	Holland	
NO	Noregur	Þ.m.t. Svalbarði og Jan Mayen
NP	Nepal	
NR	Nárú	
NU	Niue	
NZ	Nýja-Sjáland	Að frátalinni Ross-hjálendunni (á Suðurskautslandinu)
OM	Óman	
PA	Panama	Þ.m.t. svæðið sem fyrrum hét Panamaskurður
PE	Perú	
PF	Franska Pólýnesía	Markgreifafrúreyjar, Félagseyjar (þ.m.t. Tahítí), Tuamotu-eyjar, Gambier-eyjar og Austral-eyjar.
PG	Papúa Nýja-Gínea	Austurhluti Nýju-Gíneu; Bismarck-eyjaklasinn (þ.m.t. Nýja-Bretland, Nýja-Írland, Lavongaí (Nýja-Hannóver) og Admiralty-eyjar); Norður-Salómonseyjar (Bougainville og Búka); Tróbríand- og Woodlark-eyjar; d'Entrecasteaux-eyjar og Louisiade-eyjaklasinn.

Kóði	Texti	Lýsing
PH	Filippseyjar	
PK	Pakistan	
PL	Pólland	
PM	Sankti Pierre og Miquelon	
PN	Pitcairn	Þ.m.t. Ducie-, Henderson- og Oeno-eyjar
PS	Hernumdu svæðin í Palestínu	Vesturbakkinn (þ.m.t. Austur-Jerúsalem) og Gasasvæðið
PT	Portúgal	Þ.m.t. Asoreyjar og Madeira
PW	Palá	
PY	Paragvæ	
QA	Katar	
RO	Rúmenía	
RU	Rússneska sambandsríkið	Oft nefnt Rússland
RW	Rúanda	
SA	Sádi-Arabía	
SB	Salómonseyjar	
SC	Seychelles-eyjar	Mahé-eyja, Praslín-eyja, La Digue, Frégate og Silhouette; Amírante-eyjar (þ.m.t. Desroches, Alphonse, Platte og Coëtivy); Farquhar-eyjar (þ.m.t. Providence); Aldabra-eyjar og Cosmoledo-eyjar.
SD	Súdan	
SE	Svíþjóð	
SG	Singapúr	
SH	Sankti Helena og hjálendur	
SI	Slóvenía	
SK	Slóvakía	
SL	Síerra Leóne	
SM	San Marínó	
SN	Senegal	
SO	Sómalía	
SR	Súrínam	
SS	Suður-Súdan	
ST	Saó Tóme og Prinsípe	
SV	El Salvador	
SX	Sankti Martin (hollenski hlutinn)	Eyjan Sankti Martin skiptist í franskan norðurhluta og hollenskan suðurhluta.
SY	Sýrlenska arabalýðveldið	Oft nefnt Sýrland
SZ	Svasíland	

Kóði	Texti	Lýsing
TC	Turks- og Caicos-eyjar	
TD	Tsjad	
TF	Frönsku suðlægu landsvæðin	Þ.m.t. Kerguélen-eyjar, Amsterdam-eyja, Sankti Pálseyja, Crozet-eyjaklasinn og dreifðar franskar eyjar í Indlandshafi en þær eru Bassas da India, Evrópueyja, Glorioso-eyjar, Juan de Nova-eyja and Tromelin-eyja.
TG	Tógó	
TH	Taíland	
TJ	Tadsjikistan	
TK	Tókelá	
TL	Tímor-Leste	
TM	Túrkmenistan	
TN	Túnis	
TO	Tonga	
TR	Tyrkland	
TT	Trínidad og Tóbagó	
TV	Túvalú	
TW	Taívan	Sérstakt tollsvæði Taívan, Penghu, Kinmen og Matsu
TZ	Sambandslýðveldið Tansanía	Pemba, Sansíbar og Tanganjíka
UA	Úkraína	
UG	Úganda	
UM	Smáeyjar Bandaríkjanna	Þ.m.t. Baker-eyja, Howland-eyja, Jarvis-eyja, Johnston-eyja, Kingmanrif, Midway-eyjar, Navassa-eyja, Palmýraeyja og Wake-eyja
US	Bandaríkin	Þ.m.t. Púertó Ríkó
UY	Úrúgvæ	
UZ	Úsbekistan	
VA	Páfastóll (Vatíkanið)	
VC	Sankti Vinsent og Grenadíneyjar	
VE	Bólívarska lýðveldið Venesúela	Oft nefnt Venesúela
VG	Bresku Jómfrúaeyjar	
VI	Bandarísku Jómfrúaeyjar	
VN	Víetnam	
VU	Vanúatú	
WF	Wallis- og Fútúnaeyjar	Þ.m.t. Alofi-eyja
WS	Samóa	Áður Vestur-Samóa
XC	Ceuta	

Kóði	Texti	Lýsing
XK	Kósóvó	Sbr. ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 frá 10. júní 1999
XL	Melilla	Þ.m.t. Peñón de Vélez de la Gomera, Peñón de Alhucemas og Chafarinas-eyjar.
XS	Serbía	
YE	Jemen	Áður Norður- og Suður-Jemen
YT	Mayotte	Grande-Terre og Pamandzi
ZA	Suður-Afríka	
ZM	Sambía	
ZW	Simbabve	
	ÝMISLEGT	
ESB	Evrópusambandið	Kóði sem í viðskiptum við lönd utan Sambandsins er frátekinn til að tilgreina uppruna vara samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi ákvæðum ESB. Ekki skal nota kóðann vegna hagskýrslugerðar.
QP	Úthaf	Hafsvæði utan landhelgi
QQ	Vistir og eldsneyti	Valfrjálst
eða		
QR	Vistir og eldsneyti í tengslum við viðskipti innan ESB	Valfrjálst
QS	Vistir og eldsneyti í tengslum við viðskipti við þriðju lönd	Valfrjálst
QU	Ótilgreind lönd og yfirráðasvæði	Valfrjálst
eða		
QV	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind í tengslum við viðskipti innan ESB	Valfrjálst
QW	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind í tengslum við viðskipti við þriðju lönd	Valfrjálst
QX	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind af viðskipta- eða hernaðarlegum ástæðum	Valfrjálst
eða		
QY	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind af viðskipta- eða hernaðarlegum ástæðum í tengslum við viðskipti innan ESB	Valfrjálst
QZ	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind af viðskipta- eða hernaðarlegum ástæðum í tengslum við viðskipti við þriðju lönd	Valfrjálst

([1]) Bráðabirgðakóði sem hefur ekki áhrif á endanlega tilgreiningu lands þegar niðurstaða fæst úr yfirstandandi samningaviðræðum hjá Sameinuðu þjóðunum.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 224/2007 **2014/EES/54/120**

frá 1. mars 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1216/2003 að því er varðar atvinnustarfsemi sem vísitala launakostnaðar tekur til (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003 frá 27. febrúar 2003 um vísitölu launakostnaðar ([1]), einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hagskýrslur af margvíslegum toga, sem vísitölur launakostnaðar eru mikilvægur hluti af, eru nauðsynlegar til að vakta launaþróun og verðbólguþrýsting sem stafar frá vinnumarkaðinum.

2) Umfang vísitölu launakostnaðar skal aukið svo að hún taki til þeirrar atvinnustarfsemi sem skilgreind er í bálkum L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 1. endursk. Með þessari aukningu er einnig innifalin þjónusta utan markaðar sem tekur til meirihluta þessara bálka en hún kann að stýrast af öðrum öflum en markaðsþjónusta.

3) Hagkvæmniathuganir, sem gerðar hafa verið í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003, sýna að unnt er að auka umfang vísitölu launakostnaðar þannig að hún taki til þeirrar atvinnustarfsemi sem skilgreind er í bálkum L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 1. endursk., og að vinna og kostnaður, sem hlýst af útvíkkun vísitölu launakostnaðar, sé í réttu hlutfalli við mikilvægi niðurstaðna og ávinnings.

4) Hagkvæmniathuganir sýna einnig að sveigjanleg framkvæmdaáætlun dregur úr kostnaði við framkvæmdina hjá þeim aðildarríkjum sem ekki safna, enn sem komið er, grunngögnum eða reikna vísitölur sem falla undir þessa aukningu.

5) Aðferðir við árstíðabundna aðlögun leiða aðeins til áreiðanlegra tölfræðiniðurstaða ef tímaröðin er nægilega löng. Af þeim sökum skal vinna raðir, sem eru aðlagaðar eftir árstíðum, og senda þær í fyrsta sinn þegar gögnum hefur verið safnað í fjögur ár.

6) Viðmiðunarár vísitölunnar er árið sem meðaltal hennar er stillt á 100. Fyrsta viðmiðunarár vísitölunnar er skilgreint í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1216/2003 frá 7. júlí 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003 um vísitölu launakostnaðar ([2]) sem árið 2000. Ef ekki eru fyrir hendi vísitölur fyrir bálka L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 1. endursk., fyrir árið 2000 skal skilgreina aðra viðmiðunarvísitölu.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1216/2003 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1216/2003 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

Umfang bálka L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 1. endursk.

1. Að því er varðar önnur aðildarríki en þau sem um getur í 2. mgr. skal reikna vísitölu launakostnaðar og senda gögn um hana fyrir bálka L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 1. endursk., fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 og síðan eftir það fyrir hvern ársfjórðung.

2. Að því er varðar eftirfarandi aðildarríki skulu gögnin unnin og send fyrir fyrsta ársfjórðung 2009 og síðan eftir það fyrir hvern ársfjórðung: Belgíu, Danmörk, Grikkland, Spán, Frakkland, Írland, Ítalíu, Kýpur, Lúxemborg, Möltu, Austurríki, Pólland og Svíþjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal vinna og senda aðlagaðar raðir, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., þegar raðir með gögnum, sem ná yfir fjögur ár, liggja fyrir“,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2007 frá 6. júlí 2007 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 60, 13.12.2007, bls. 32.

([1]) Stjtíð. ESB L 69, 13.3.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 37.

2. Ákvæði III. viðauka falli brott.

3. Í stað 6. liðar í IV. viðauka komi eftirfarandi:

„6. Fyrsta viðmiðunarárið skal vera árið 2000 þar sem árleg vísitala launakostnaðar jafngildir 100. Ef vísitölur fyrir bálka L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna eru ekki tiltækar fyrir árið 2000 skal setja stig fyrstu tiltæku vísitalnanna nálægt ársmeðaltali bálka C til K í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1381/2013 2014/EES/54/121

frá 17. desember 2013

um að koma á fót áætlun um réttindi, jafnrétti og borgararétt fyrir tímabilið 2014-2020 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RAÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 19. gr. (2. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 114. gr., 168. gr. 169. gr. og 197. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gildin, sem liggja til grundvallar Evrópusambandinu, eru virðing fyrir mannlegri reisn, frelsi, lýðræði, jafnrétti, réttarríkið og virðing fyrir mannréttindum og mannfrelsi. Þessi gildi eru sameiginleg aðildarríkjunum í samfélagi sem einkennist af fjölhyggju, banni við mismunun, umburðarlyndi, réttlæti, samstöðu og jafnrétti karla og kvenna. Einstaklingurinn á heimtingu á njóta þeirra réttinda í Sambandinu sem honum eru veitt með sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og sáttmálanum um Evrópusambandið. Í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi (hér á eftir nefndur „sáttmálinn“), en með gildistöku Lissabonsáttmálans varð hann lagalega bindandi í Sambandinu, endurspeglast auk þess grundvallarréttindin og frelsið sem einstaklingar eiga rétt á að njóta í Sambandinu. Þessum réttindum ber að halda á lofti og sýna virðingu. Tryggja ber að unnt sé að njóta þessara réttinda að fullu, sem og réttinda sem leiða af alþjóðasamningum sem Sambandið hefur gerst aðili að, t.d. samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, og fjarlægja allar hindranir. Auk þess fylgir þessum réttindum ábyrgð og skyldur gagnvart öðrum manneskjum, samfélagi manna og komandi kynslóðum.

2) Í Stokkhólmsáætluninni ([4]) áréttaði leiðtogaráðið að það væri forgangsmál að þróa svæði frelsis, öryggis og réttlætis og tilgreindi sérstaklega að það væri pólitískt forgangsmál að koma á Evrópu sem byggð er á réttindum. Fjármögnun var tilgreind sem eitt mikilvægt verkfæri til að ná tilætluðum árangri við framkvæmd pólitískra forgangsmála Stokkhólmsáætlunarinnar. Þeim metnaðarfullu markmiðum sem sett voru í sáttmálunum og Stokkhólmsáætluninni ætti m.a. ná með því að koma á fót sveigjanlegri og áhrifaríkri áætlun um réttindi, jafnrétti og borgararétt („áætlunin“) fyrir tímabilið 2014-2020, sem ætti að auðvelda áætlanagerð og framkvæmd. Almenn og sértæk markmið áætlunarinnar ætti að túlka í samræmi við viðeigandi stefnumið sem leiðtogaráðið hefur skilgreint.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 2010 um áætlunina Evrópa 2020 er sett fram áætlun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla. Með því að styðja og efla réttindi einstaklinga innan Sambandsins, með því að takast á við mismunun og ójöfnuð og með því að efla ríkisborgararétt í Sambandinu má leggja skerf til þess að ná fram sértækum markmiðum og forystuverkefnum í áætluninni Evrópa 2020.

4) Bann við mismunun er grundvallarregla Sambandsins. Í 19.°gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er kveðið á um aðgerðir til að vinna gegn mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernislegs uppruna, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar. Bann við mismunun er einnig bundið í ákvæðum 21. gr. sáttmálans og ætti að beita innan ramma 51. gr. sáttmálans og í samræmi við þá grein. Rétt er að taka til athugunar hinar ólíku birtingarmyndir mismununar og þróa viðeigandi ráðstafanir samhliða því til að koma í veg fyrir og berjast gegn mismunun af einni eða fleiri ástæðum.

5) Áætluninni ætti að koma þannig í framkvæmd að hún verði til að styrkja á gagnkvæman hátt önnur Sambandsverkefni, sem hafa sömu markmið, einkum þau sem um getur í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 5. apríl 2011 sem ber titilinn „Rammi Evrópusambandsins um landsbundnar aðlögunaráætlanir fyrir Rómafólk fram til 2020“ ([5]) og sem um getur í niðurstöðum ráðsins frá 19. maí 2011 um ramma Evrópusambandsins um landsbundnar aðlögunaráætlanir fyrir Rómafólk fram til 2020, en þar er skorað á aðildarríkin að taka á félagslegri og efnahagslegri útilokun Rómafólks með því að fylgja samþættingarnálgun á fjórum lykilsviðum - menntun, atvinnu, heilbrigði og húsnæði, og jafnframt með því að tryggja að Rómafólki sé ekki mismunað heldur njóti það

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 62. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2014 frá 9. júlí 2014 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 108.

([2]) Stjtíð. ESB C 277, 13.9.2012, bls. 43.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. desember 2013 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2013.

([4]) Stjtíð. ESB C 115, 4.5.2012, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB C 258, 2.9.2011, bls. 6.

jafnrar viðurkenningar á grundvallarréttindum sínum og að ráðstafanir séu gerðar til að eyða kynþáttaaðskilnaði þar sem hann er fyrir hendi, einkanlega á sviði menntunar og húsnæðis.

6) Kynþáttafordómar, útlendingafælni, ótti við samkynhneigð og önnur form umburðarleysis eru beinlínis brot gegn meginreglunum um frelsi, lýðræði, virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og réttarríkinu; meginreglur sem eru grundvallarstoðir Sambandsins og eru sameiginlegar öllum aðildarríkjunum. Markmiðið er ætíð að berjast gegn þessum fyrirbærum og það krefst samræmdra aðgerða, m.a. með úthlutun fjármagns. Þessi fyrirbæri eru m.a. að hvetja almenning til ofbeldis eða haturs sem beinist að hópi einstaklinga eða einum úr slíkum hópi, sem og önnur brot ef þau eru framin af hvötum sem byggjast á kynþáttafordómum, útlendingafælni eða ótta við samkynhneigð. Í þessu samhengi ætti einkum að beina kröftunum að því að koma í veg fyrir og berjast gegn hvers konar ofbeldi, hatri, aðskilnaði og fordæmingu og einnig gegn einelti, áreitni og umburðarlausri meðferð, t.d. í opinberri stjórnsýslu, lögreglunni, dómskerfinu, skólum og á vinnustað.

7) Jafnrétti kvenna og karla er eitt af grundvallargildum Sambandsins. Ójöfn meðferð kvenna og karla brýtur gegn grundvallarréttindum. Þar að auki stuðlar efling á jafnrétti kvenna og karla að því að markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 verði náð. Markmiðinu um að efla jafnrétti kvenna og karla ætti að koma í framkvæmd til gagnkvæmrar eflingar samhliða annarri starfsemi Sambandsins eða aðildarríkjanna með sama markmið, einkum þeirri starfsemi sem um getur í Evrópusáttmálanum um jafnrétti kynjanna fyrir tímabilið 2011–2020.

8) Í samræmi við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins nær mismunun á grundvelli kynferðis yfir mismunun sem kemur til vegna kynleiðréttingar. Við framkvæmd áætlunarinnar ætti einnig að líta til þróunar í löggjöf Sambandsins og í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins í tengslum við fleiri þætti sem varða kyngervi, m.a. kynvitund.

9) Í réttinum að komið sé fram af virðingu við einstaklinginn á vinnustað og í samfélaginu almennt birtast grundvallargildi Sambandsins og nauðsyn er á samræmdu átaki í þágu markvissra aðgerða í tengslum við vinnumarkaðinn. Þess vegna ættu aðgerðir á sviði kynjajafnréttis og banns við mismunun að fela í sér eflingu jafnrétti kvenna og karla og baráttu gegn mismunun á vinnustöðum og á vinnumarkaðnum.

10) Ofbeldi, í hvers konar formi, gegn börnum, ungmennum og konum og öllum öðrum áhættuhópum er brot á grundvallarréttindum og alvarlegt heilbrigðisvandamál. Slíkt ofbeldi er til staðar alls staðar í Sambandinu og hefur alvarlegar afleiðingar fyrir líkamlega og andlega heilsu þess sem fyrir því verður og fyrir samfélagið í heild. Brýnt er að fyrir hendi sé öflugur pólitískur vilji og samræmd aðgerð sem byggist á aðferðum og niðurstöðum Daphne-áætlananna([6]) til þess að taka á því og vernda fórnarlömb. Með því að grípa til aðgerða til að berjast gegn ofbeldi gegn konum er stuðlað að eflingu jafnréttis kvenna og karla. Þar sem fjármögnun gegnum Daphne-áætlunina hefur með sanni verið árangursrík síðan hún fyrst hófst 1997, en hún hefur bæði notið vinsælda meðal hagsmunaaðila (opinberra yfirvalda, háskólastofnana og frjálsra félagasamtaka) og verkefni þau, sem fjármögnuð hafa verið, hafa verið árangursrík, er mikilvægt að heitinu „Daphne“ verið haldið við framkvæmd áætlunarinnar í tengslum við hið sértæka markmið, sem sett er í því augnamiði að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn börnum, ungmennum og konum, þannig að Daphne-áætluninni verði mörkuð sú mikla sérstaða sem í henni felst.

11) Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 3. gr. í sáttmálanum um Evrópusambandið er gerð krafa um að efld verði vernd réttinda barnsins um leið og barist er gegn mismunun. Börn eru viðkvæm, einkum í aðstæðum þar sem fátækt ríkir, félagsleg útilokun eða fötlun eða við aðrar sérstakar aðstæður þar sem þau eru berskjölduð, t.d. vanræksla, brottnám eða hvarf. Grípa ætti til aðgerða til að efla réttindi barnsins og stuðla að því að börn séu vernduð gegn miska og ofbeldi sem stefnir líkamlegu og andlegu heilbrigði þeirra í hættu og felur í sér brot gegn réttindum þeirra til að þroskast, njóta verndar og virðingar.

12) Persónuupplýsingar ætti áfram að vernda af skilvirkni með hliðsjón af stöðugum tækniframförum og hnattvæðingu. Beita ætti lagaramma Sambandsins um gagnavernd með skilvirkum og samræmdum hætti innan Sambandsins. Í þessu skyni ætti Sambandið að geta stutt aðildarríkin í viðleitni þeirra til að koma þessum lagaramma í framkvæmd, og leggja sérstaka áherslu á að tryggja að einstaklingar geti neytt réttinda sinna með virkum hætti.

13) Borgarar ættu að vera betur meðvitaðir um réttindi sín sem leiðir af Sambandsborgararétti, nánar tiltekið rétt sinn til frjálsrar farar og dvalar í Sambandinu, rétt sinn til að greiða atkvæði og bjóða sig fram í kosningum til Evrópuþingsins og í sveitarstjórnarkosningum í aðildarríkinu þar sem þeir hafa fasta búsetu samkvæmt sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, rétt sinn til að leggja beiðni fyrir Evrópuþingið á hvaða máli sáttmálans sem er, rétt sinn til að leggja fram borgaraleg frumkvæði

([6]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 293/2000/EB frá 24. janúar 2000 um samþykkt aðgerðaáætlunar Bandalagsins (Daphne-áætlunarinnar) (2000–2003) um fyrirbyggjandi ráðstafanir til að verjast ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum (Stjtíð. EB L 34, 9.2.2000, bls. 1), Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 803/2004/EB frá 21. apríl 2004 um samþykkt aðgerðaáætlunar Bandalagsins (2004–2008) um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum og að vernda fórnarlömb og áhættuhópa (Daphne II-áætlunin) (Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 1), Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 779/2007/EB frá 20. júní 2007 um sérstaka áætlun fyrir tímabilið 2007-2013 til að fyrirbyggja og berjast gegn ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum og til að vernda fórnarlömb og áhættuhópa (Daphne III-áætlunin) sem hluta af almennu áætluninni um grundvallarréttindi og réttlæti (Stjtíð. ESB L 173, 3.7.2007, bls. 19).

og rétt sinn til að leggja fram kvartanir til umboðsmanns Evrópusambandsins vegna óvandaðra stjórnsýsluhátta hjá stofnunum og þeir ættu að hafa tök á því að neyta þessara réttinda. Með því að hvetja borgara til að taka virkari þátt í lýðræði á vettvangi Sambandsins er stuðlað að öflugra borgaralegu samfélagi í Evrópu og hlúð að eflingu evrópskrar samkenndar. Borgurunum ætti að finnast auðvelt að búa, ferðast, nema, starfa og vinna sjálfboðavinnu í öðru aðildarríki og ætti að finnast hægt að treysta því að þeir hafi jafnan aðgang, að þeir geti framfylgt réttindum sínum og að þau séu vernduð án nokkurrar mismununar, sama hvar í Sambandinu þeir eru staddir.

14) Einstaklingar, sem neytendur eða atvinnurekendur á innri markaðnum ættu að hafa tök á að framfylgja réttindum sínum sem leiðir af löggjöf Sambandsins í málum sem ná yfir landamæri.

15) Samkvæmt 8. og 10. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ætti áætlunin og allar aðgerðir innan hennar að styðja kynjasamþættingu og samþættingu markmiða um bann við mismunun. Rétt er að fram fari reglubundið eftirlit og mat á því hvernig tekið er á málefnum sem varða jafnrétti kynjanna og bann við mismunun í aðgerðum áætlunarinnar.

16) Reynsla af aðgerðum á vettvangi Sambandsins hefur sýnt að til þess að ná í raun markmiðum áætlunarinnar er nauðsynlegt að samtengja stjórntæki, m.a. lagagerðir, stefnumótandi frumkvæði og fjármögnun. Fjármögnun er mikilvægt tæki til fyllingar löggjafarráðstöfunum.

17) Auk þess sem aðgerðir innan ramma áætlunarinnar hafa raunverulegt virði fyrir styrkþega geta þær skilað gögnum sem unnt er nota til grundvallar bættri stefnumótun á innlendum vettvangi og vettvangi Sambandsins. Sem dæmi hafa Daphne-áætlanirnar opnað fyrir möguleikann á raunverulegri miðlun á námi og góðum starfsvenjum milli allra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli, þ.m.t. aðildarríki, í tengslum við að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn börnum, ungmennum og konum.

18) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 29. júní 2011 sem ber titilinn „Fjárhagsáætlun fyrir Evrópu 2020“ er lögð áhersla á þörfina fyrir hagræðingu og einföldun í fjármögnun Sambandsins. Í ljósi efnahagskreppunnar sem nú ríkir er afar mikilvægt að fjármögnun Sambandsins verði skipulögð og stjórnað af ýtrustu kostgæfni. Unnt er að ná verulegri einföldun og skilvirkri stjórnun fjármögnunar með því að draga úr fjölda áætlana og með hagræðingu, einföldun og samræmingu fjármögnunarreglna og -aðferða.

19) Til að bregðast við þörfinni á einföldun, skilvirkri stjórnun og auðveldari aðgangi að fjármögnun ætti að halda áfram og þróa starfsemi á vegum áætlunarinnar, sem áður var framkvæmd á grundvelli 4. hluta („Fjölbreytni og bann við mismunun“) og 5. hluta („Kynjajafnrétti“) Progress-áætlunarinnar (var áður: áætlunin „Framvinda“), sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1672/2006/EB([7]), áætlunar um grundvallarréttindi og réttindi og skyldur borgaranna sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2007/252/EB([8]) og Daphne III- áætlunarinnar. Í áfangaúttekt á þessum áætlunum eru tilmæli sem miða að því að bæta framkvæmd þeirra. Við framkvæmd áætlunarinnar þarf að taka tillit til niðurstaðna þessara áfangaúttekta og einnig niðurstaðna viðkomandi eftirámats.

20) Til þess að ná markmiðum áætlunarinnar ætti að hafa að leiðarljósi sem meginreglur að tryggja sem besta nýtingu fjármagns og auka hagkvæmni í útgjöldum. Tryggja ætti fullnægjandi fjármögnun til að styðja viðleitni til að koma á Evrópu sem byggð er á réttindum. Mikilvægt er að tryggja að áætluninni sé komið í framkvæmd á eins skilvirkan og notendavænan hátt og unnt er, um leið og tryggt er réttaröryggi og aðgengi allra þátttakenda að henni. Til þess að auðvelda aðgengi að fjármögnun fyrir alla hugsanlegra haghafa ætti einnig að einfalda umsóknarferlið og kröfur um fjármálastjórnun og aflétta álagi við stjórnsýslu.

21) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. október 2010 sem ber titilinn „Endurskoðun á fjárlögum ESB“ og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 29. júní 2011 sem ber titilinn „Fjárhagsáætlun fyrir Evrópu 2020“ er undirstrikað mikilvægi þess að leggja áherslu á fjármögnun aðgerða sem fela greinilega í sér evrópskan virðisauka, þ.e. í þeim tilvikum sem íhlutun Evrópusambandsins getur haft í för með sér meiri virðisauka heldur en aðgerðir aðildarríkisins einar og sér. Aðgerðir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, ættu að stuðla að því að gagnkvæmt traust skapist milli aðildarríkja með því að auka samstarf yfir landamæri og tengslamyndun og að ná fram réttri, samræmdri og samfelldri beitingu löggjafar Sambandsins. Fjármögnun á starfsemi ætti einnig að stuðla að því að allir sem hlut eiga að máli öðlist raunverulega og ítarlegri þekkingu á löggjöf Sambandsins og hún ætti að skila traustum greiningargrunni til stuðnings og þróun á löggjöf og stefnumálum Sambandsins, jafnframt því að stuðla að fullnustu þeirra og réttri framkvæmd. Með íhlutun Sambandsins er gefið færi á því að þessum aðgerðum sé fylgt eftir með samræmdum hætti hvarvetna í Sambandinu og hún hefur stærðarhagkvæmni í för með sér. Að auki er Sambandið í mun betri stöðu en aðildarríkin til að höndla aðstæður sem ná yfir landamæri og gefa kost á Evrópuvettvangi fyrir gagnkvæmt nám.

22) Við val á aðgerðum sem fjármagna skal innan ramma áætlunarinnar ætti framkvæmdastjórnin að meta tillögurnar með hliðsjón af fyrirframgefnum viðmiðunum. Í þessum viðmiðunum ætti að vera mat á evrópskum virðisauka sem felst í fyrirhuguðum aðgerðum. Lands-

([7]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1672/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á áætlun Bandalagsins fyrir atvinnumál og félagslega samstöðu – Framvinda (Stjtíð. ESB L 315, 15.11.2006, bls. 1).

([8]) Ákvörðun ráðsins 2007/252/EB frá 19. apríl 2007 um að koma á fót séráætluninni „Grundvallarréttindi og borgaraleg réttindi“ fyrir tímabilið 2007-2013 sem hluta af almennu áætluninni „Grundvallarréttindi og réttvísi“ (Stjtíð. ESB L 110, 27.4.2007, bls. 33).

bundin verkefni og verkefni sem eru smærri í sniðum geta líka falið í sér evrópskan virðisauka.

23) Líta ætti á stofnanir og aðila, sem vinna að markmiði með almenna evrópska hagsmuni í huga á sviðum sem falla undir áætlunina, sem lykilgerendur, að því marki sem þeir hafa sannað eða vænta má að þeir muni sanna, að þeir hafi veruleg áhrif á að koma þessu markmiði í framkvæmd og ættu að fá úthlutað fjármagni í samræmi við verklag og viðmiðanir sem sett eru fram í árlegum starfsáætlunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þessari reglugerð.

24) Túlka skal samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi í skilningi 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 116/2007/EB([9]).

25) Lands-, svæðis- og staðaryfirvöld ættu að vera meðal stofnana og aðila, sem hafa aðgang að áætluninni.

26) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðunarfjárhæð, í skilningi 17. liðar samstarfssamnings milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2013 um aga í stjórn fjármála, um samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn([10]), fyrir Evrópuþingið og ráðið við árlega fjárlagagerð.

27) Til að tryggja að áætlunin sé nægilega sveigjanleg til að bregðast við breyttum þörfum og samsvarandi forgangsröðun við stefnumótun meðan á henni stendur ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi breytingar á prósentunum sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð fyrir hvern flokk sértækra markmiða sem myndu fara meira en fimm prósentustig yfir prósentutölurnar. Til að meta þörfina á slíkri framseldri gerð ætti að reikna þessar prósentur á grundvelli fjárhagsramma áætlunarinnar fyrir allt tímabilið sem hún varir en ekki á grundvelli árlegra fjárveitinga. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

28) Framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að vera í fullu samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 ([11]) („fjárhagsreglugerðin“). Einkum að því er varðar hæfisskilyrði fyrir virðisaukaskatti sem styrkþegar greiða ætti hæfi fyrir virðisaukaskatti ekki að byggjast á réttarstöðu styrkþeganna vegna starfsemi sem einkaaðilar og -fyrirtæki og opinberar stofnanir og aðilar geta sinnt samkvæmt sömu lagaskilyrðum. Með tilliti til þess að markmiðin og starfsemin sem fellur undir þessa reglugerð eru sérstaks eðlis ætti að skýra greinilega frá því í auglýsingum eftir tillögum að vegna starfsemi, sem farið getur fram bæði hjá opinberum stofnunum og einkareknum fyrirtækjum, og ber ófrádráttarbæran virðisaukaskatt sem opinberu stofnanirnar og fyrirtækin greiða, er hann styrkhæfur að því marki sem hann er greiddur í tengslum við framkvæmd starfsemi á borð við þjálfun eða vitundarvakningu, sem ekki er hægt að líta á sem beitingu opinbers valds. Í þessari reglugerð ætti einnig að nýta einföldunartækin sem innleidd voru með fjárhagsreglugerðinni. Að auki ættu viðmiðanir til að greina aðgerðir sem skuli njóta stuðnings miða að því að veita tiltæku fjármagni til aðgerða sem leiða af sér mest áhrif í tengslum við stefnumarkmiðið sem fylgt var eftir.

29) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja árlegar starfsáætlanir. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011([12]).

30) Árlegar starfsáætlanir sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þessari reglugerð ættu að tryggja viðeigandi skiptingu fjármuna milli styrkja og opinberra innkaupasamninga. Innan áætlunarinnar ætti fyrst og fremst að úthluta fjármunum til styrkja og viðhalda nægilegu fjármagni til innkaupa. Ákvarða ætti lágmarkshlutfall árlegra útgjalda sem fyrirhugað er að úthluta til styrkja í árlegum starfsáætlunum og það ætti ekki að vera lægra en 65%. Til þess að auðvelda hagsmunaaðilum skipulag verkefna og sameiginlega fjármögnun ætti framkvæmdastjórnin að ákveða skýra tímaáætlun fyrir auglýsingar eftir tillögum, val á verkefnum og ákvörðunum um hverjir verða fyrir valinu.

31) Til þess að tryggja skilvirka úthlutun fjármagns úr fjárlögum Sambandsins ætti að leita eftir samræmi, fyllingu og samvirkni milli fjármögnunaráætlana sem styðja málaflokka sem eru nátengdir, einkum milli áætlunarinnar og áætlunarinnar um réttvísi, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðins (ESB) nr. 1382/2013([13]), áætlunarinnar „Evrópa fyrir borgarana“, áætlunar Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun sem komið

([9]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 116/2007/EB frá 15. febrúar 2007 um að taka frá númeraraðir fyrir hvert aðildarríki, sem byrja á „116“, í því skyni að hafa samræmd númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi (Stjtíð. ESB L 49, 17.2.2007, p. 30).

([10]) Stjtíð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1382/2013 frá 17. desember 2013 um að koma á fót áætlun um réttvísi fyrir tímabilið 2014–2020 (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 73).

var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1296/2013([14]) og annarra áætlana á sviði atvinnu og félagsmála, innanríkismála, heilsu- og neytendaverndar, menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og íþrótta, upplýsingasamfélagsins, stækkunarmála, einkum fjármögnunarleiðar við foraðildarstuðning (IPA II) og uppbyggingar- og fjárfestingarsjóða Evrópu en mælt er fyrir um sameiginleg ákvæði um þá í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013([15]).

32) Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja almennt samræmi, fyllingu og samvirkni í starfi aðila, skrifstofa og stofnana Sambandsins, t.d. Evrópustofnunar um jafnrétti kynjanna og stofnunar um grundvallarréttindi, og ætti að kanna stöðuna á störfum annarra landsbundinna og alþjóðlegra aðila á sviðum sem áætlunin nær til.

33) Vernda ber fjárhagslega hagsmuni Sambandsins meðan á útgjaldatímabilinu stendur með ráðstöfunum sem eru í réttu hlutfalli við brot, þ.m.t. ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, greina og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, þar sem við á, með því að beita stjórnsýslulegum og efnahagslegum viðurlögum í samræmi við fjárhagsreglugerðina.

34) Til þess að koma í framkvæmd meginreglunni um trausta fjármálastjórnun ætti í þessari reglugerð að kveða á um viðeigandi aðferðir til að meta árangur hennar. Í því skyni ætti að skilgreina almenn og sértæk markmið í henni. Til þess að mæla hvort þessi sértæku markmið hafa náðst ætti að ákveða samstæðu raunhæfra og mælanlegra vísa sem ættu að halda gildi sínu allan tímann sem áætlunin varir. Framkvæmdastjórnin ætti að árlega að senda Evrópuþinginu og ráðinu eftirlitsskýrslu sem ætti m.a. að vera byggð á þeim vísum sem settir eru fram í þessari reglugerð og ættu að veita upplýsingar um notkun tiltækra fjármuna.

35) Við framkvæmd áætlunarinnar ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til þess markmiðs að landfræðileg dreifing fjármagns sé sanngjörn og ætti að veita aðstoð í þeim aðildarríkjum þar sem fjármagnaðar aðgerðir eru hlutfallslega fáar. Þegar áætluninni er komið í framkvæmd ætti framkvæmdastjórnin einnig að taka tillit til þess, samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum vísitölum/eftirlitsaðilum, hvort aðgerða er þörf í sumum aðildarríkjanna til þess að tryggja að markmiðum áætlunarinnar sé náð á skilvirkan hátt og hún ætti að styðja aðgerðir aðildarríkjanna eða borgaralegs samfélags á þessum sviðum.

36) Í samræmi við 1. lið 1. mgr. 180. gr. í framseldri reglugerð (ESB) nr. 1268/2012([16]) („reglur um beitingu“) skal í samningum um styrki mæla fyrir um ákvæði um sýnileika fjárstuðnings frá Sambandinu nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum þar sem opinber kunngerning er ekki möguleg eða viðeigandi.

37) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 35. gr. fjárhagsreglugerðarinnar og 21. gr. í reglum hennar um beitingu ætti framkvæmdastjórnin að gera aðgengilegar, á viðeigandi hátt og tímanlega, upplýsingar um viðtakendur og um eðli og markmið þeirra ráðstafana sem fjármagnaðar eru af fjárlögum Sambandsins. Þessar upplýsingar ætti að gera aðgengilegar með tilhlýðilegu tilliti til krafna um þagnarskyldu og öryggi, einkum vernd persónuupplýsinga.

38) Þar sem markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e.a.s. að stuðla að frekari þróun svæðis þar sem jafnrétti og réttindum einstaklinga, eins og þau eru sett fram í sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og sáttmálanum og í alþjóðlegum sáttmálum um mannréttindi sem Sambandið hefur gerst aðili að, er haldið á lofti, þau vernduð og framkvæmd með skilvirkum hætti, verður ekki náð með fullnægjandi hætti í aðildarríkjunum, en verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, getur Sambandið samþykkt ráðstafanir í samræmi við meginregluna um nálægð, sbr. 5. gr. í sáttmálanum um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

39) Til að tryggja áframhaldandi fjármögnun starfsemi sem áður fór fram á grundvelli 4. og 5. þáttar ákvörðunar nr. 1672/2006/EB, ákvörðunar 2007/252/EB og ákvörðunar nr. 779/2007/EB ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún er birt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Stofnsetning og gildistími áætlunarinnar

1. Með þessari reglugerð er komið á fót áætlun um réttindi, jafnrétti og borgararétt (hér á eftir nefnd „áætlunin)“.

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1296/2013 frá 11. desember 2013 um áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun (EaSI) og um breytingu á ákvörðun nr. 283/2010/ESB um að koma á fót evrópskri ábyrgðarmögnunarleið innan Progress-áætlunarinnar í þágu atvinnu og félagslegrar aðlögunar (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 238).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginleg ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar, Sjávarútvegssjóð Evrópu og um almenn ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn og Sjávarútvegssjóð Evrópu og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1083/2006 (Stjtíð ESB L 347, 20.12.2013, bls. 320).

([16]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012 frá 29. október 2012 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 362, 31.12.2012, bls. 1).

2. Áætlunin skal taka til tímabilsins frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020.

2. gr.

Evrópskur virðisauki

1. Með þessari áætlun skal fjármagna aðgerðir með evrópskan virðisauka. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin tryggja að aðgerðum sem valdar eru til fjármögnunar sé ætlað að skila afurðum með evrópskum virðisauka.

2. Meta skal evrópskan virðisauka aðgerða, m.a. smærri aðgerða og landsbundinna aðgerða, í ljósi forsendna á borð við hvert framlag þeirra er til samræmdrar og samfelldrar framkvæmdar á löggjöf Sambandsins og víðtækrar vitundar meðal almennings um réttindin sem af þeim leiðir, möguleikans sem í þeim felst til að þróa gagnkvæmt traust meðal aðildarríkja og bæta samstarf yfir landamæri, fjölþjóðlegra áhrifa þeirra, framlags þeirra til mótunar og miðlunar bestu starfsvenja eða möguleikans sem í þeim felst að stuðla að því að koma upp lágmarksstöðlum, hagnýtum tækjum og lausnum sem taka á erfiðum verkefnum yfir landamæri eða á vettvangi Sambandsins.

3. gr.

Almennt markmið

Almennt markmið áætlunarinnar skal vera, í samræmi við 4. gr., að stuðla að frekari þróun svæðis þar sem jafnrétti og réttindum einstaklinga, eins og þau eru sett fram í sáttmálanum um Evrópusambandið, í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, í sáttmálanum og í alþjóðlegum sáttmálum um mannréttindi sem Sambandið hefur gerst aðili að, er haldið á lofti, þau vernduð og komið í framkvæmd með skilvirkum hætti.

4. gr.

Sértæk markmið

1. Með það fyrir augum að ná almenna markmiðinu sem sett er fram í 3. gr. skulu eftirfarandi sértæk markmið vera í áætluninni:

a) að stuðla að skilvirkri framkvæmd meginreglunnar um bann við mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernislegs uppruna, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar og að virða meginregluna um bann við mismunun á grundvelli ákvæða í 21. gr. sáttmálans,

b) að koma í veg fyrir og berjast gegn kynþáttafordómum, útlendingafælni, ótta við samkynhneigð og öðrum birtingarformum umburðarleysis,

c) að efla og vernda réttindi fatlaðs fólks,

d) að efla jafnrétti meðal kvenna og karla og vinna að kynjasamþættingu,

e) að koma í veg fyrir og berjast gegn hvers konar ofbeldi gegn börnum, ungmennum og konum sem og ofbeldi gegn öðrum áhættuhópum, einkum hópum sem eru berskjaldaðir gegn ofbeldi í nánum tengslum og vernda fórnarlömb slíks ofbeldis,

f) til að efla og vernda réttindi barna,

g) að stuðla að því að friðhelgi einkalífsins og persónuupplýsingum sé tryggt hæsta verndarstig,

h) að efla og styrkja að réttindum sem leiðir af Sambandsborgararétti sé beitt,

i) að gera einstaklingum kleift, sem neytendum eða atvinnurekendum á innri markaðnum, að framfylgja réttindum sínum sem leiðir af löggjöf Sambandsins með hliðsjón af verkefnum sem fjármögnuð eru innan ramma neytendaáætlunarinnar.

2. Sértækum markmiðum áætlunarinnar skal einkum fylgt eftir á eftirfarandi hátt:

a) efla skal vitund og þekkingu á löggjöf og stefnu Sambandsins, sem og réttindum, gildum og meginreglum sem eru stoðirnar sem Sambandið stendur á,

b) styðja skal skilvirka, alhliða og samræmda framkvæmd og beitingu á lagagerningum og stefnu Sambandsins í aðildarríkjunum og eftirlit og mat þar að lútandi,

c) efla skal samstarf yfir landamæri, bæta gagnkvæma þekkingu og auka gagnkvæmt traust meðal allra hagsmunaaðila,

d) bæta skal þekkingu og skilning á hugsanlegum hindrunum sem standa í vegi fyrir beitingu réttinda og meginreglna sem tryggð eru í sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, sáttmálanum, alþjóðasamningum sem Sambandið hefur gerst aðili að og afleiddri löggjöf Sambandsins.

5. gr.

Tegundir aðgerða

1. Með áætluninni skal m.a. fjármagna eftirfarandi tegundir aðgerða:

a) greiningarstarfsemi, s.s. söfnun gagna og tölfræðilegra upplýsinga, þróun sameiginlegra aðferða og, eftir því sem við á, vísa og viðmiðana, rannsóknir, rannsóknarverkefni, greiningar og kannanir, mat, vinnslu og birtingu leiðbeininga, skýrslna og fræðsluefnis, vinnufundi, málstofur, sérfræðingafundi og ráðstefnur,

b) þjálfunarstarfsemi, s.s. starfsmannaskipti, vinnufundi, málstofur, leiðbeinandaþjálfun og þróun þjálfunarverkfæra á Netinu eða annarra námseininga,

c) gagnkvæma menntun, samvinnu, starfsemi við vitundarvakningu og miðlun, s.s. að finna góðar starfsvenjur og samskipti í tengslum við þær, nýstárlegar aðferðir og reynslu af þeim, skipulagningu á jafningjarýni og gagnkvæmu námi, skipulagningu ráðstefna, málstofa, fjölmiðlakynninga, þ.m.t. netmiðlar, upplýsingaherferðir, einnig samskipti stofnana vegna pólitískra forgangsmála hjá Sambandinu, að svo miklu leyti sem þau tengjast almennum markmiðum þessarar áætlunar, samantekt og birtingu efnis til að miðla upplýsingum um áætlunina og árangur af henni, þróun, rekstur og viðhald kerfa og tækja sem nýta upplýsinga- og fjarskiptatækni,

d) stuðning við helstu gerendur sem stunda starfsemi sem stuðlar að framkvæmd markmiða áætlunarinnar, s.s. stuðningur við frjáls félagasamtök vegna framkvæmdar aðgerða með evrópskan virðisauka, stuðning við lykilgerendur í Evrópu, tengslanet á evrópskum vettvangi og samræmda þjónustu með samfélagsleg gildi, stuðning við aðildarríki við framkvæmd löggjafar og stefnumála Sambandsins og stuðning við starfsemi við tengslamyndun á evrópskum vettvangi meðal fagstofnana og -aðila, auk lands-, svæðis- og staðaryfirvalda og frjálsra félagasamtaka, þ.m.t. stuðning í gegnum aðgerðastyrki eða rekstrarstyrki.

2. Til að tryggja sjónarhorn sem nær til allra skulu styrkþegar hvetja til þátttöku viðkomandi markhópa í aðgerðum sem njóta fjármögnunar áætlunarinnar.

6. gr.

Þátttaka

1. Áætlunin skal vera opin öllum stofnunum og aðilum sem hafa lagalega staðfestu í:

a) aðildarríkjunum,

b) löndum innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), í samræmi við þann samning,

c) umsóknarlöndum og mögulegum umsóknarlöndum og inngöngulöndum í Sambandið, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði sem sett eru um þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem mælt er fyrir um í viðkomandi rammasamningum, ákvörðunum samstarfsráða eða sambærilegum samningum.

2. Stofnanir og aðilar, sem rekin eru í hagnaðarskyni, hafa einungis aðgang að áætluninni í tengslum við stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni eða ríkisstofnanir.

3. Stofnanir og aðilar með lagalega staðfestu í þriðju löndum, aðrar en þær sem taka þátt í áætluninni í samræmi við b- og c-lið 1. mgr., einkum lönd sem falla undir evrópsku nágrannastefnuna, geta tengst aðgerðum á vegum áætlunarinnar á eigin kostnað ef þetta þjónar tilgangi sem aðgerðirnar hafa.

4. Framkvæmdastjórnin getur unnið með alþjóðastofnunum samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðkomandi árlegri starfsáætlun. Alþjóðastofnanir sem eru virkar á sviðum sem falla undir áætlunina skulu hafa aðgang að áætluninni í samræmi við fjárhagsreglugerðina og viðkomandi árlega starfsáætlun.

7. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Fjárhagsramminn til framkvæmdar þessari áætlun á tímabilinu 2014–2020 er 439 473 000 milljónir evra.

2. Fjárúthlutun samkvæmt áætluninni getur einnig náð yfir útgjöld í tengslum við starfsemi er varðar undirbúning, eftirlit, endurskoðun og úttektir, sem er nauðsynleg við stjórnun áætlunarinnar og mat á því hvort markmiðum hennar er náð. Fjárúthlutunin getur náð til útgjalda sem tengjast nauðsynlegum rannsóknum, fundum sérfræðinga, upplýsinga- og samskiptaaðgerðum, þ.m.t. samskipti stofnana vegna pólitískra forgangsmála hjá Sambandinu, að svo miklu leyti sem þau tengjast almennum markmiðum þessarar reglugerðar, sem og til útgjalda sem tengjast upplýsingatækninetum með aðaláherslu á upplýsingavinnslu og -skipti, einnig til annarrar tækni- og stjórnsýsluaðstoðar sem þörf er á í tengslum við stjórnun áætlunarinnar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

3. Evrópuþingið og ráðið skulu veita heimild fyrir árlegum fjárveitingum innan ramma fjárhagsáætlunarinnar til margra ára sem komið var á með reglugerð ráðsins (ESB, KBE) nr. 1311/2013([17]).

4. Innan fjárhagsramma áætlunarinnar skal fjárhæðum úthlutað til sérhvers flokks sértækra markmiða í samræmi við hlutföllin sem sett eru fram í viðaukanum.

5. Framkvæmdastjórnin skal ekki víkja um meira en fimm prósentustig, fyrir hvern flokk sértækra markmiða, frá þeim hlutföllum sem úthlutað hefur verið eftir innan fjárhagsrammans, eins og fram kemur í viðaukanum. Ef nauðsynlegt reynist að fara yfir þau mörk skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 8. gr., til að breyta öllum tölum í viðaukanum um meira en fimm og upp í tíu prósentustig.

8. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 5. mgr. 7. gr., meðan áætlunin varir.

([17]) Reglugerð ráðsins (ESB, KBE) nr. 1311/2013 frá 2. desember 2013 um fjárhagsramma til margra ára fyrir tímabilið 2014–2020 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 884).

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 5. mgr. 7. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 5. mgr. 7. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

9. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin skal hrinda áætluninni í framkvæmd í samræmi við fjárhagsreglugerðina.

2. Til þess að koma áætluninni í framkvæmd skal framkvæmdastjórnin samþykkja árlegar starfsáætlanir í formi framkvæmdargerða. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

3. Í sérhverri starfsáætlun skal unnið að framkvæmd markmiða áætlunarinnar með því ákveða eftirfarandi:

a) aðgerðir sem ráðast skal í, í samræmi við almenn og sértæk markmið sem sett eru fram í 3. gr. og 1. mgr. 4. gr., þ.m.t. leiðbeinandi úthlutun fjármagns,

b) helstu viðmiðanir um hæfi, vali og úthlutun sem nota skal við val á tillögum sem hljóta skulu fjárframlög í samræmi við 84. gr. fjárhagsreglugerðarinnar og 94. gr. í reglum hennar um beitingu,

c) lágmarkshlutfall árlegra útgjalda sem úthluta skal sem styrkjum.

4. Tryggja skal viðeigandi og sanngjarna dreifingu fjárstuðnings til mismunandi sviða sem falla undir sértæku markmiðin sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og um leið skal hafa hliðsjón af því hve miklu fjármagni hefur þegar verið úthlutað innan ramma fyrri áætlana fyrir árin 2007–2013, sem komið var á með ákvörðunum sem um getur í 15. gr. Við ákvörðun um úthlutun fjármagns til þessara sviða í árlegu starfsáætlunum skal framkvæmdastjórnin hafa hliðsjón af þörfinni á að viðhalda nægilegu fjármögnunarstigi og skal tryggja samfellu í aðgerðum og fyrirsjáanleika í fjármögnun á öllum sviðum sem falla undir sértæku markmiðin sem sett eru fram í 1. mgr. 4. gr.

5. Auglýsingar eftir tillögum skulu birtar árlega.

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Nefnd þessi skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

11. gr.

Til fyllingar

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, tryggja heildarsamræmi, fyllingu og samvirkni við aðrar fjármögnunarleiðir Sambandsins, m.a. einnig áætlunina um réttvísi, áætlunina „Evrópa fyrir borgarana“ og áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun sem og aðrar áætlanir á sviði atvinnu og félagsmála, innanríkismála, heilsu- og neytendaverndar, menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og íþrótta, upplýsingasamfélagsins og stækkunarmála, einkum fjármögnunarleið við foraðildarstuðning (IPA II) og uppbyggingar- og fjárfestingarsjóði Evrópu.

2. Framkvæmdastjórnin skal einnig tryggja heildarsamræmi, fyllingu og samvirkni við starf aðila, skrifstofa og stofnana Sambandsins sem starfa á sviðum sem falla undir markmið áætlunarinnar.

3. Heimilt er að samnýta fjármögnun innan áætlunarinnar með öðrum fjármögnunarleiðum Sambandsins, einkum áætluninni um réttvísi, til þess að koma í framkvæmd aðgerðum sem samrýmast markmiðum beggja áætlana. Ástæða getur verið til að aðgerð sem fengið hefur fjárstyrk á vegum áætlunarinnar fái einnig úthlutað fjármagni á vegum áætlunarinnar um réttvísi, að því tilskildu að fjármögnunin nái ekki til sömu kostnaðarliða.

12. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins þegar gripið er til aðgerða, sem fjármagnaðar eru samkvæmt áætluninni, með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með skilvirku eftirliti og, ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa heimild til að annast endurskoðun, bæði á grundvelli skjala og á vettvangi, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem hafa fengið fjárstyrk Sambandsins samkvæmt áætluninni.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur hafið athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013([18]) og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96([19]), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkákvörðun eða samning sem er fjármagnaður samkvæmt þessari reglugerð.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, styrksamningar, styrkákvarðanir og samningar, sem leiðir af framkvæmd þessarar áætlunar, innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum skýlaust umboð til að annast endurskoðanir og rannsóknir, sem um getur í þessum málsgreinum, í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

13. gr.

Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa árlegt eftirlit með áætluninni til þess að fylgjast með framkvæmd aðgerða, sem fram fara á vegum hennar, og hvernig tekst til með að ná sértæku markmiðunum sem sett eru fram í 4. gr. Með eftirlitinu skal einnig gert kleift að meta hvernig tekið hefur verið á málefnum tengdum kynjajafnrétti, banni við mismunun og barnavernd í aðgerðum áætlunarinnar í heild.

2. Framkvæmdastjórnin skal láta Evrópuþinginu og ráðinu eftirfarandi í té:

a) árlega eftirlitsskýrslu sem byggð er á vísunum, sem settir eru fram í 2. mgr. 14. gr., og um notkun tiltæks fjármagns,

b) bráðabirgðamatsskýrslu eigi síðar en 30. júní 2018,

c) eftirámatsskýrslu eigi síðar en 31. desember 2021.

3. Í bráðabirgðamatskýrslunni skal metinn árangurinn sem náðst hefur með tilliti til markmiða áætlunarinnar, skilvirkni í notkun fjármagns og evrópskur virðisauki sem áætlunin hefur í för með sér með það í huga að ákveða hvort skuli endurnýja, aðlaga eða hætta fjármögnun á sviðum sem falla undir áætlunina eftir 2020. Í henni skal einnig lagt mat á hvort svigrúm er til einföldunar á áætluninni, hvernig innra og ytra samhengi hennar er og hvort öll markmið og allar aðgerðir innan hennar hafi áframhaldandi þýðingu. Í henni skal tekið tillit til niðurstaðna úr eftirámatsskýrslum fyrri áætlana fyrir tímabilið 2007–2013, sem komið var á með ákvörðunum, sem um getur í 15. gr.

4. Í eftirámatsskýrslunni skal meta langtímaáhrif áætlunarinnar og hversu varanleg áhrif af áætluninni eru með það í huga að taka ákvörðun um áætlun sem fylgir í kjölfarið.

14. gr.

Vísar

1. Í samræmi við 13. gr. skulu mælikvarðar, sem settir eru fram í 2. mgr. þessarar greinar, vera grunnur að eftirliti og mati á því að hve miklu leyti hvert og eitt sértækt markmið áætlunarinnar, sem sett eru fram í 4. gr., hefur náðst fyrir tilstilli aðgerðanna sem kveðið er á um í 5. gr. Þau skulu mæld miðað við fyrirframskilgreind grunnviðmið sem endurspegla ástandið áður en til framkvæmdar kom. Þar sem við á skal sundurliða mælikvarða m.a. eftir kyni, aldri og fötlun.

2. Mælikvarðarnir, sem um getur í 1. mgr., skulu m.a. vera eftirfarandi:

a) fjöldi og hlutfall einstaklinga í markhópi sem náðst hefur til með vitundarvakningu, sem hlotið hefur fjármögnun á vegum áætlunarinnar,

b) fjöldi hagsmunaaðila sem taka m.a. þátt í starfsemi, sem lýtur að þjálfun, skiptum, námsferðum, vinnufundum og málstofum, sem hlotið hefur fjármögnun á vegum áætlunarinnar,

c) framfarir í þekkingu á löggjöf og stefnumálum Sambandsins og, eftir atvikum, réttindum, gildum og meginreglum sem eru grunnstoðir Sambandsins, meðal hópa sem taka þátt í starfsemi sem fjármögnuð er á vegum áætlunarinnar, samanborið við allan markhópinn í heild,

d) fjöldi tilvika, starfsemi og afurða samstarfs yfir landamæri,

e) mat þátttakenda á starfseminni sem þeir tóku þátt í og hversu varanleg (að vænta má) hún er,

f) landfræðileg útbreiðsla starfsemi sem fjármögnuð er á vegum áætlunarinnar,

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofu um aðgerðir gegn svikum og niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([19]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

g) fjöldi umsókna og styrkja sem tengjast hverju sértæku markmiði,

h) hversu mikilli fjármögnun umsækjendur óskuðu eftir og þeim var úthlutað í tengslum við hvert sértækt markmið.

3. Til viðbótar við mælikvarðana, sem settir eru fram í 2. mgr., skal m.a. meta eftirfarandi í bráðabirgða- og eftirámatsskýrslum innan áætlunarinnar:

a) evrópskan virðisauka sem felst í áætluninni, þ.m.t. mat á starfsemi áætlunarinnar í ljósi svipaðra framtaksverkefna sem hafa verið þróuð á vettvangi einstakra ríkja og á evrópskum vettvangi án fjárstuðnings frá Sambandinu og á (væntum) árangri hennar, einnig kosti og/eða galla fjármögnunar Sambandsins samanborið við landsbundna fjármögnun þeirrar tegundar starfsemi sem um ræðir,

b) umfang fjármögnunarinnar í samanburði við árangur sem náðst hefur (skilvirkni),

c) hugsanlegar stjórnsýslulegar, skipulagslegar og/eða kerfislægar hindranir í að koma áætluninni í framkvæmd með liprari, áhrifaríkari og skilvirkari hætti (svigrúm til einföldunar).

15. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðgerðir sem hafnar eru á grundvelli 4. þáttar („Bann við mismunun og fjölbreytni“) og 5. þáttar („Kynjajafnrétti“) ákvörðunar nr. 1672/2006/EB, ákvörðunar 2007/252/EB eða ákvörðunar nr. 779/2007/EB skulu áfram falla undir ákvæði þessara ákvarðana þar til þeim lýkur. Í tengslum við þessar aðgerðir skal túlka tilvísun til nefndanna sem kveðið er á um í 13. gr. ákvörðunar nr. 1672/2006/EB, 10. gr. ákvörðunar 2007/252/EB og 10. gr. ákvörðunar 779/2007/EB sem tilvísanir til nefndarinnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar.

16. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	L. LINKEVIČIUS

VIÐAUKI

ÚTHLUTUN FJÁRMAGNS

Innan fjárhagsramma fyrir áætlunina skal fjárhæðum úthlutað með eftirfarandi hætti til flokka sértækra markmiða, sem settir eru fram í 1. mgr. 4. gr.:

Flokkur sértækra markmiða	Hluti fjárhagsrammans (í %)
1. flokkur	57%

— að stuðla að skilvirkri framkvæmd meginreglunnar um bann við mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernislegs uppruna, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar og að virða meginregluna um bann við mismunun á grundvelli ákvæða í 21. gr. sáttmálans,

— að koma í veg fyrir og berjast gegn kynþáttafordómum, útlendingafælni, ótta við samkynhneigð og öðrum birtingarformum umburðarleysis,

— að efla og vernda réttindi fatlaðs fólks,

— að efla jafnrétti meðal kvenna og karla og vinna að kynjasamþættingu,

2. flokkur	43%

— að koma í veg fyrir og berjast gegn hvers konar ofbeldi gegn börnum, ungmennum og konum sem og ofbeldi gegn öðrum áhættuhópum, einkum hópum sem eru berskjaldaðir gegn ofbeldi í nánum tengslum og vernda fórnarlömb slíks ofbeldis,

— til að efla og vernda réttindi barna,

— að stuðla að því að friðhelgi einkalífsins og persónuupplýsingum sé tryggt hæsta verndarstig,

— að efla og styrkja að réttindum sem leiðir af Sambandsborgararétti sé beitt,

— að gera einstaklingum kleift, sem neytendum eða atvinnurekendum á innri markaðnum, að framfylgja réttindum sínum sem leiðir af löggjöf Sambandsins með hliðsjón af verkefnum sem fjármögnuð eru innan ramma neytendaáætlunarinnar.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 557/2013 2014/EES/54/122

frá 17. júní 2013

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 að því er varðar aðgang að trúnaðargögnum í vísindaskyni og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur ([1]), einkum 23. gr.,

með hliðsjón af áliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 223/2009 er komið á fót lagaramma fyrir þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna, þ.m.t. almennra ákvæða um verndun trúnaðargagna og aðgang að þeim.

2) Ávinning af gagnasöfnun vegna evrópskra hagskýrslna skal auka eins mikið og hægt er, m.a. með því að bæta aðgang vísindamanna að trúnaðargögnum í vísindaskyni.

3) Aðeins er hægt að svara mörgum spurningum sem vakna á sviðum efnahags-, félags-, umhverfis- og stjórnmálafræða á fullnægjandi hátt á grunni viðeigandi og nákvæmra gagna sem gera ítarlega greiningu mögulega. Gæði og tímanleiki aðgengilegra ítarlegra upplýsinga fyrir rannsóknir hefur, í þessu samhengi, orðið mikilvægur þáttur í skilningi á þjóðfélaginu og stjórnunarháttum þess sem byggjast á vísindum.

4) Rannsóknarsamfélagið ætti því, til greiningar í þágu vísindalegra framfara, að hafa greiðari aðgang að trúnaðargögnum sem notuð eru við þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna, án tilslakana hvað varðar það háa verndarstig sem krafist er um hagskýrslugögn sem háð eru trúnaðarkvöð.

5) Aðilar sem gegna því hlutverki að kynna og veita aðgang að gögnum í þágu vísindarannsókna á viðeigandi félagslegum og pólitískum sviðum gætu átt þátt í því ferli að birta trúnaðargögn í vísindaskyni og þar með bætt aðgengi að trúnaðargögnum.

6) Áhættustjórnunaraðferð ætti að vera skilvirkasta leiðin til að gera fleiri þætti trúnaðargagna aðgengilega í vísindaskyni um leið og trúnaðar gagnvart svarendum og hagskýrslueiningum er gætt.

7) Efnislegt og röklegt vistunaröryggi trúnaðargagna ætti að tryggja með reglum, stjórnsýslu-, tækni- og skipulagsráðstöfunum. Þessar ráðstafanir ættu ekki að vera svo óhóflegar að þær takmarki nytsemi gagnanna að því er varðar vísindarannsóknir.

8) Í þeim tilgangi ættu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 223/2009, að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir og setja viðurlög við öllum brotum á trúnaðarkvöðum í hagskýrslum.

9) Þessi reglugerð tryggir einkum að tekið sé fullt tillit til einka- og fjölskyldulífs og til verndar persónuupplýsinga (7. og 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi).

10) Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([3]).

11) Reglugerð þessi ætti að gilda með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([4]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins ([5]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 164, 18.6.2013, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 27.3.2014, bls. 40.

([1]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

([2]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([3]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

([5]) Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13.

12) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002 frá 17. maí 2002 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins, að því er varðar aðgang að gögnum háðum trúnaðarkvöðum í vísindaskyni ([6]) ætti að fella úr gildi.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð eru sett skilyrði fyrir aðgangi að trúnaðargögnum sem send eru framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) til að hægt sé að gera tölfræðilegar greiningar í vísindaskyni og reglur um samvinnu á milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) og landsbundinna hagskýrsluyfirvalda til að greiða fyrir slíkum aðgangi.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

1) „trúnaðargögn í vísindaskyni“: gögn þar sem einungis óbein sanngreining á hagskýrslueiningunum er möguleg, annaðhvort í formi skráa til notkunar í öruggu umhverfi eða skráa til vísindalegra nota,

2) „skrár til notkunar í öruggu umhverfi (e. *secure-use files*)“: trúnaðargögn í vísindaskyni þar sem engum frekari aðferðum hefur verið beitt til að hindra rekjanleika,

3) „skrár til vísindalegra nota (e. *scientific-use files*)“: trúnaðargögn í vísindaskyni þar sem aðferðum til að hindra rekjanleika hefur verið beitt til að minnka, á viðeigandi stigi og í samræmi við gildandi bestu starfsvenjur, hættuna á auðkenningu hagskýrslueininga,

4) „aðferðir til að hindra rekjanleika“: aðferðir til að minnka hættu á rekjanleika upplýsinga um hagskýrslueiningar sem byggjast yfirleitt á að takmarka magn gagna eða breyta þeim,

5) „aðgangsstöðvar“: efnislegt umhverfi eða sýndarumhverfi og skipulagsrammar þess, þar sem aðgangur að trúnaðargögnum í vísindaskyni er veittur,

6) „landsbundin hagskýrsluyfirvöld“: hagstofur aðildarríkis og önnur landsyfirvöld í hverju aðildarríki sem bera ábyrgð á þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna, eins og tiltekið er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 223/2009.

([6]) Stjtíð. EB L 133, 18.5.2002, bls. 7.

3. gr.

Almennar meginreglur

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) má veita aðgang að trúnaðargögnum í vísindaskyni, sem hún varðveitir til þróunar, gerðar eða miðlunar á evrópskum hagskýrslum eins og um getur í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðurkenndur rannsóknaraðili óskar eftir aðgangi,

b) viðeigandi rannsóknartillaga hefur verið lögð fram,

c) sú tegund af trúnaðargögnum í vísindaskyni sem óskað er eftir hefur verið tilgreind,

d) framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) eða önnur aðgangsstöð sem hefur fengið faggildingu hjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) veitir aðgang,

e) viðeigandi landsbundin hagskýrsluyfirvöld sem afhentu gögnin hafa gefið samþykki sitt.

4. gr.

Rannsóknaraðilar

1. Viðurkenning á rannsóknaraðilum skal byggð á viðmiðunum sem varða:

a) tilgang aðilans; mat á tilgangi aðilans skal gert á grunni stofnsamþykktar hans, hlutverki eða öðrum yfirlýstum tilgangi, tilgangur aðilans skal fela í sér rannsóknartilvísun,

b) traustan feril eða orðstír aðilans sem stofnunar er skilar af sér rannsóknum í háum gæðaflokki og gerir þær aðgengilegar almenningi; reynsla aðilans af því að vinna rannsóknarverkefni skal m.a. metin á grunni fáanlegra skráa yfir útgefið efni og rannsóknarverkefni þar sem aðilinn hefur komið við sögu,

c) innri skipulagsráðstafanir fyrir rannsóknir; rannsóknaraðilinn skal vera aðgreind stofnun með réttarstöðu lögaðila sem einbeitir sér að rannsóknum eða rannsóknardeild innan stofnunar; rannsóknaraðilinn skal vera óháður, sjálfstæður hvað það varðar að setja fram vísindalegar niðurstöður og ótengdur málaflokkum þeirrar stofnunar sem hann tilheyrir,

d) fyrirliggjandi verndarráðstafanir til að tryggja öryggi gagnanna; rannsóknaraðilinn skal uppfylla tæknilegar kröfur og kröfur um innviði sem tryggja öryggi gagnanna.

2. Fulltrúar rannsóknaraðilans, sem tilnefndir hafa verið á viðeigandi hátt, skulu undirrita trúnaðarheit sem nær til allra vísindamanna, sem munu hafa aðgang á vegum aðilans að trúnaðargögnunum í vísindaskyni, en í henni skulu tilgreind skilyrði fyrir aðganginum, kvaðir rannsóknaraðila, þær ráðstafanir sem gerðar eru til að vernda trúnað á hagskýrslugögnum og viðurlög ef um er að ræða brot á þessum kvöðum.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, í samvinnu við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið, koma á viðmiðunarreglum fyrir mat á rannsóknaraðilum, þ.m.t. á trúnaðarheitinu sem um getur í 2. mgr. 4. gr. Í tilhlýðilega rökstuddum tilfellum skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) uppfæra viðmiðunarreglurnar, í samræmi við málsmeðferðarreglur sem nefndin um evrópska hagskýrslukerfið samþykkir.

4. Landsbundnum hagskýrsluyfirvöldum skal veittur aðgangur að skýrslum um mat á rannsóknaraðilum.

5. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal viðhalda og birta á vefsetri sínu uppfærða skrá yfir viðurkennda rannsóknaraðila.

6. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal með reglulegu millibili gera endurmat á þeim rannsóknaraðilum sem eru í skránni.

5. gr.

Rannsóknartillaga

1. Í rannsóknartillögunni skal tilgreina í fullnægjandi smáatriðum:

a) lögmætan tilgang rannsóknarinnar,

b) útskýringu á hvers vegna þessum tilgangi verður ekki náð með gögnum sem ekki eru trúnaðargögn,

c) aðilann sem óskar eftir aðgangi,

d) einstaka vísindamenn sem munu hafa aðgang að gögnunum,

e) aðgangsstöðvarnar sem á að nota,

f) gagnasöfnin sem þarf að vera aðgangur að, aðferðir við að greina þau og

g) fyrirhugaðar rannsóknarniðurstöður sem birta á eða miðla með öðrum hætti.

2. Einstaklingsbundnar trúnaðaryfirlýsingar, sem undirritaðar eru af vísindamönnum sem munu hafa aðgang að gögnunum, skulu fylgja rannsóknartillögunni.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, í samvinnu við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið, koma á viðmiðunarreglum fyrir mat á rannsóknartillögum. Í tilhlýðilega rökstuddum tilfellum skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) uppfæra viðmiðunarreglurnar, í samræmi við málsmeðferðarreglur sem nefndin um evrópska hagskýrslukerfið samþykkir.

4. Landsbundnu hagskýrsluyfirvöldunum, sem sendu viðkomandi trúnaðargögn til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins), skal veittur aðgangur að skýrslunum um mat á rannsóknartillögum.

6. gr.

Afstaða landsbundinna hagskýrsluyfirvalda

1. Leitað skal eftir samþykki fyrir hverja rannsóknartillögu hjá landsbundnu hagskýrsluyfirvöldunum, sem sendu viðkomandi trúnaðargögn, áður en aðgangur er veittur. Landsbundin hagskýrsluyfirvöld skulu gera Hagstofu Evrópusambandsins afstöðu sína kunna innan fjögurra vikna frá þeim degi þegar landsbundnu hagskýrsluyfirvöldin tóku á móti viðkomandi skýrslu um matið á rannsóknartillögunni.

2. Landsbundnu hagskýrsluyfirvöldin sem sendu viðkomandi trúnaðargögn og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skulu, hvenær sem hægt er, samþykkja að einfalda samráðsferlið og stytta tímann sem það tekur.

7. gr.

Trúnaðargögn í vísindaskyni

1. Veita má aðgang að skrám til notkunar í öruggu umhverfi, að því tilskildu að rannsóknarniðurstöður verði ekki birtar án undangengins eftirlits til að tryggja að þær leiði ekki í ljós trúnaðargögn. Aðgang að skrám til notkunar í öruggu umhverfi má aðeins veita innan aðgangsstöðva framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) eða annarra aðgangsstöðva sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) hefur faggilt til að veita aðgang að skrám til notkunar í öruggu umhverfi.

2. Aðgang að skrám til vísindalegra nota má veita að því tilskildu að rannsóknaraðilinn, sem biður um aðgang, hafi gert viðeigandi verndarráðstafanir. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal birta upplýsingar um verndarráðstafanirnar sem krafist er.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, í samvinnu við landsbundin hagskýrsluyfirvöld, útbúa gagnasöfn til rannsóknarnota, sem miðast við mismunandi tegundir trúnaðargagna í vísindaskyni. Þegar útbúin eru gagnasöfn til rannsóknarnota skulu framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) og landsbundin hagskýrsluyfirvöld taka tillit til áhættunnar og áhrifanna sem ólögleg birting trúnaðargagna hefði.

8. gr.

Aðgangsstöðvar

1. Aðgang að trúnaðargögnum í vísindaskyni má veita fyrir milligöngu aðgangsstöðva sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) hefur faggilt.

2. Aðgangsstöðin skal vera hjá landsbundnum hagskýrsluyfirvöldum. Í undantekningartilvikum má aðgangsstöðin vera staðsett annars staðar er hjá landsbundnum hagskýrsluyfirvöldum, með fyrirvara um skýrt fyrirframsamþykki þeirra landsbundnu hagskýrsluyfirvalda sem hafa lagt viðkomandi gögn fram.

3. Faggilding aðgangsstöðva skal byggð á viðmiðunum sem vísa til tilgangs aðgangsstöðvarinnar, stjórnskipulags og staðla fyrir gagnaöryggi og gagnastjórnun.

4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, í samvinnu við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið, koma á viðmiðunarreglum fyrir mat á aðgangsstöðvum. Í tilhlýðilega rökstuddum tilfellum skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) uppfæra viðmiðunarreglurnar,

í samræmi við málsmeðferðarreglur sem nefndin um evrópska hagskýrslukerfið samþykkir.

5. Landsbundnum hagskýrsluyfirvöldum skal veittur aðgangur að skýrslum um mat á aðgangsstöðvum. Skýrslurnar skulu innihalda tilmæli um þá tegund trúnaðargagna sem veita má aðgang að í aðgangsstöðinni. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal hafa samráð við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið áður en faggilding aðgangsstöðvar er ákveðin.

6. Samningur, sem ákvarðar skuldbindingar aðgangsstöðvarinnar að því er varðar vernd trúnaðargagna og skipulagsráðstafanir, skal undirritaður á milli fulltrúa aðgangsstöðvarinnar, sem tilnefndur hefur verið á viðeigandi hátt, eða stofnunarinnar sem hýsir aðgangsstöðina, og framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins). Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal upplýst reglulega um þá starfsemi sem fer fram í aðgangsstöðvunum.

7. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal viðhalda skránni og birta hana á vefsetri sínu yfir faggiltar aðgangsstöðvar.

9. gr.

Skipulagsmál

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal upplýsa nefndina um evrópska hagskýrslukerfið reglulega um þær stjórnsýslu-, tækni- og skipulagsráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja efnislega og röklega verndun trúnaðargagna og til að fylgjast með og koma í veg fyrir hættuna á ólöglegri birtingu eða allri notkun sem er utan þess tilgangs sem leyfi var gefið fyrir.

2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal birta á vefsetri sínu:

a) viðmiðunarreglur fyrir mat á rannsóknaraðilum, rannsóknartillögum og aðgangsstöðvum,

b) skrána yfir viðurkennda rannsóknaraðila,

c) skrána yfir faggiltar aðgangsstöðvar,

d) skrána yfir gagnasöfn til rannsóknarnota með viðeigandi skjalfestingu og aðganginn sem heimilaður er.

10. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 831/2002 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1288/2013 2014/EES/54/123

frá 11. desember 2013

um að koma á fót „Erasmus+“: áætlun Sambandsins um menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir og um niðurfellingu ákvarðana nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RAÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 165. gr. og 4. mgr. 166. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 29. júní 2011 undir yfirskriftinni „Fjárhagsáætlun fyrir Evrópu 2020“ er hvatt til þess að komið verði á sameiginlegri áætlun á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og íþrótta, sem nái m.a. til alþjóðlegra þátta æðri menntunar og þar sem sameinaðar yrðu aðgerðaráætlunin á sviði náms alla ævi („menntaáætlun ESB“) sem komið var á með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/2006/EB ([4]), áætlunin „Evrópa unga fólksins“ („Evrópa unga fólksins“) sem komið var á með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1719/2006/EB ([5]), Erasmus Mundus-aðgerðaáætlunin („Erasmus Mundus“), sem komið var á með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1298/2008/EB ([6]), ALFA III-áætlunin, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1905/2006 ([7]), og áætlanirnar Tempus og Edulink, í því skyni að auka skilvirkni, skerpa sýn á stefnumál og nýta samlegðaráhrif milli ólíkra þátta sameiginlegu áætlunarinnar. Að auki er lagt til að íþróttir verði hluti þessarar sameiginlegu áætlunar („áætlunarinnar“).

2) Bráðabirgðamatsskýrslur um núverandi áætlanir: menntaáætlun ESB, Evrópu unga fólksins og Erasmus Mundus og samráð við almenning um framtíðarstarfsemi Sambandsins á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála, auk æðri menntunar, hafa leitt í ljós sterka og að sumu leyti vaxandi þörf á áframhaldandi samstarfi og hreyfanleika á þessum sviðum á evrópskum vettvangi. Í matsskýrslunum er lögð áhersla á mikilvægi þess að skapa nánari tengsl milli áætlana Sambandsins og stefnumótunar á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála, sú ósk látin í ljós að skipulag aðgerða Sambandsins taki betur mið af viðmiðum um nám alla ævi og þrýst á um einfaldara, notendavænna og sveigjanlegra verklag við að framkvæma slíka aðgerð og að bundinn verði endi á uppskiptingu alþjóðlegra samstarfsáætlana á sviði æðri menntunar.

3) Með áætluninni ætti að leggja megináherslu á aðgang að fjármagni og gagnsæjar aðferðir við meðferð mála á sviði stjórnsýslu og fjármála, þ.m.t. með notkun upplýsingatækni, fjarskiptatækni og stafrænnar tækni. Einnig skiptir sköpum varðandi góðan árangur áætlunarinnar að hagræða og einfalda skipulag og stjórnun og leggja sífellt áherslu á að draga úr stjórnunarkostnaði.

4) Með samráði við almenning um stefnumarkandi ákvarðanir Sambandsins í tengslum við beitingu nýs valdsviðs Sambandsins á sviði íþrótta og matsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um undirbúningsaðgerðir á sviði íþrótta fengust nytsamlegar vísbendingar um þær aðgerðir Sambandsins sem skyldu hafa forgang og sýnt var fram á þann virðisauka sem Sambandið getur skapað með því að styðja starfsemi sem miðar að því að búa til, deila og miðla reynslu og þekkingu á hinum ýmsu málefnum sem hafa áhrif á íþróttir á Evrópuvettvangi, að því tilskildu að þau beinist einkum að grasrótinni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, bíður birtingar.

(1) Stjtíð. ESB C 181, 21.6.2012, bls. 154.

(2) Stjtíð. ESB C 225, 27.7.2012, bls. 200.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 19. nóvember 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 3. desember 2013.

(4) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um að koma á aðgerðaáætlun á sviði símenntunar (Stjtíð. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 45).

(5) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1719/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um að koma á áætluninni „Virk æska“ fyrir tímabilið 2007 til 2013 (Stjtíð. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 30).

(6) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1298/2008/EB frá 16. desember 2008 um að koma á Erasmus Mundus 2009–2013 aðgerðaáætluninni um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd (Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 83).

(7) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1905/2006 frá 18. desember 2006 um að koma á fjármögnunarleið á sviði þróunarsamvinnu (Stjtíð ESB L 378, 27.12.2006, bls. 41).

5) Í áætluninni Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla er vaxtarstefna Sambandsins fyrir komandi áratug til að styðja slíkan hagvöxt skilgreind og sett fimm metnaðarfull markmið sem nást skulu fyrir árið 2020, einkum á sviði menntunar, þar sem stefnt er að því að ná brotthvarfi úr skólum niður fyrir 10% og gera a.m.k. 40% fólks á aldrinum 30–34 ára kleift að hafa lokið háskólanámi eða samsvarandi námi. Þetta tekur einnig til forystuverkefna hennar, þ.m.t. Ungt fólk á ferðinni og áætlunarinnar um nýja færni og störf.

6) Í niðurstöðum fundar síns frá 12. maí 2009 fór ráðið fram á að búinn yrði til skipulagsrammi um Evrópusamstarf á sviði menntunar og þjálfunar (ET 2020) með fjórum stefnumarkmiðum sem miða að því að taka á þeim viðfangsefnum sem eftir standa til að skapa þekkingarmiðaða Evrópu og gera nám alla ævi öllum aðgengilegt.

7) Samkvæmt 8. og 10. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 21. og 23. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi hvetur áætlunin m.a. til jafnréttis karla og kvenna og ráðstafana til að berjast gegn mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernislegs uppruna, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar. Við framkvæmd áætlunarinnar er nauðsynlegt að auka aðgang illa staddra og berskjaldaðra hópa og taka á virkan hátt tillit til sérþarfa fatlaðra varðandi nám.

8) Áætlunin ætti að hafa öfluga alþjóðlega vídd, einkum að því er varðar æðri menntun, ekki aðeins í því skyni að efla gæði æðri menntunar í Evrópu til að ná hinum víðtækari markmiðum ET 2020 og auka aðdráttarafl Sambandsins sem námsstaðar, heldur einnig til þess að auka skilning meðal fólks og stuðla að sjálfbærri þróun æðri menntunar í samstarfslöndum utan þátttökulandanna, og félagslegri og hagrænni þróun þeirra í víðari skilningi, m.a. með því að örva „atgervisflæði“ („brain circulation“) með aðgerðum sem auka hreyfanleika borgara samstarfslanda utan þátttökulandanna. Í því skyni skal vera hægt að sækja fé til áætlunarinnar um þróunarsamvinnu, fjármögnunarleiðar evrópskrar nágrannastefnu, fjármögnunarleiðar við foraðildarstuðning og fjármögnunarleiðar vegna samstarfs við þriðju lönd. Einnig kann að vera hægt að sækja fé til Þróunarsjóðs Evrópu í samræmi við þær málsmeðferðir sem um hann gilda. Ákvæði þessarar reglugerðar ættu að gilda um notkun þessa fjármagns jafnframt því að tryggja að farið sé að viðkomandi reglugerðum um stofnun áðurnefndra fjármögnunarleiða og sjóðs.

9) Í niðurstöðum fundar síns frá 27. nóvember 2009 um endurnýjaðan evrópskan samstarfsramma á sviði æskulýðsmála (2010–2018) lagði ráðið áherslu á að líta þurfi á öll ungmenni sem auðlind samfélagsins og leitaðist við að greiða fyrir þátttöku þeirra í mótun stefna, sem hafa áhrif á þau, með því að koma á stöðugum skipulögðum skoðanaskiptum milli þeirra sem taka ákvarðanirnar og ungmenna og æskulýðssamtaka á öllum stigum.

10) Ef formlegt nám, óformlegt nám og formlaust nám verður sett undir eina áætlun ætti það að skapa samlegðaráhrif og ýta undir samvinnu þvert á hina ýmsu geira menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála. Meðan á framkvæmd áætlunarinnar stendur ætti að taka tilhlýðilegt tillit til sérþarfa hinna ýmsu geira og, þar sem við á, hlutverks staðar- og svæðisyfirvalda.

11) Til að styðja hreyfanleika, réttsýni og framúrskarandi gæði náms ætti Sambandið að koma á fót, sem tilraunaverkefni, Ábyrgðarsjóði námslána til að gera námsmönnum, án tillits til félagslegs bakgrunns, kleift að taka meistaranám sitt í öðru landi sem hefur aðgang að þátttöku í áætluninni („þátttökulandi áætlunarinnar“). Fjármálastofnanir, sem samþykkja að bjóða námsmönnum hagstæð lán til meistaranáms í öðrum þátttökulöndum áætlunarinnar, ættu að hafa aðgang að Ábyrgðarsjóði námslána. Þetta frumlega viðbótartæki, sem aukið getur hreyfanleika í námi, ætti hvorki að koma í stað fyrirliggjandi styrkja- eða lánakerfis, sem styður hreyfanleika námsmanna á staðar-, lands- eða Sambandsvísu, né koma í veg fyrir þróun slíks kerfis í framtíðinni. Ábyrgðarsjóður námslána ætti að sæta nánu eftirliti og mati, einkum að því er varðar markaðsútbreiðslu hans í hinum ýmsu löndum. Í samræmi við 2. og 3. mgr. 21. gr. ætti að leggja áfangamatsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þegar tímabilið er hálfnað, eigi síðar en í lok árs 2017, til að fá pólitíska leiðsögn um áframhald Ábyrgðarsjóðs námslána.

12) Aðildarríkin ættu að leitast við að samþykkja allar viðeigandi ráðstafanir til að fjarlægja lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir á eðlilegri starfsemi áætlunarinnar. Í því felst m.a. að leysa, eftir föngum, ýmis stjórnsýsluleg atriði sem valda erfiðleikum við að fá vegabréfsáritanir og dvalarleyfi. Í samræmi við tilskipun ráðsins 2004/114/EB ([8]) eru aðildarríkin hvött til að koma á flýtimeðferðum fyrir aðgang.

([8]) Tilskipun ráðsins 2004/114/EB frá 13. desember 2004 um skilyrði fyrir aðgangi ríkisborgara þriðju landa vegna náms, nemendaskipta, ólaunaðrar starfsþjálfunar og sjálfboðaliðaþjónustu (Stjtíð. ESB L 375, 23.12.2004, bls. 12.

13) Með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 2011 sem ber yfirskriftina „Stuðningur við hagvöxt og atvinnu – áætlun um nútímavæðingu æðri menntakerfa í Evrópu“ er settur fram rammi fyrir samstarf Sambandsins, aðildarríkjanna og æðri menntastofnana til að auka fjölda þeirra sem brautskrást, bæta gæði menntunar og hámarka framlag æðri menntunar og rannsókna til að aðstoða hagkerfi og samfélög aðildarríkjanna við að rísa upp sterkari en áður eftir alþjóðlegu efnahagskreppuna.

14) Til að taka atvinnuleysi ungs fólks í Sambandinu fastari tökum skal leggja sérstaka áherslu á millilandasamstarf milli stofnana á sviði æðri menntunar og starfsmenntunar annars vegar og fyrirtækja hins vegar, í því skyni að bæta ráðningarhæfi námsmanna og þróa frumkvöðlahæfni.

15) Með Bologna-yfirlýsingunni, sem menntamálaráðherrar 29 Evrópulanda undirrituðu 19. júní 1999, var tekið upp milliríkjaferli sem miðar að því að skapa evrópskt svæði æðri menntunar sem krefst viðvarandi stuðnings á vettvangi Sambandsins.

16) Í endurnýjuðu Kaupmannahafnarferli (2011–2020) er hið þýðingarmikla hlutverk sem starfsmenntun gegnir við að ná ýmsum markmiðum Evrópu 2020-áætlunarinnar almennt viðurkennt og skilgreint, einkum með tilliti til þess að með henni sé unnt að takast á við hið mikla atvinnuleysi í Evrópu, sér í lagi atvinnuleysi ungs fólks og langtímaatvinnuleysi, leggja rækt við nám alla ævi, berjast gegn félagslegri útilokun og stuðla að virkri þátttöku borgaranna í samfélaginu. Þörf er á gæðastarfsþjálfun og -námi á námssamningi, þ.m.t. hjá örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum, til að brúa bilið milli þeirrar þekkingar, sem fæst með menntun og þjálfun, og þeirrar færni og getu, sem krafist er í atvinnulífinu, einnig til að bæta ráðningarhæfi ungmenna.

17) Nauðsynlegt er að efla og auka evrópskt samstarf milli skóla og hreyfanleika starfsfólks skóla og nemenda, til að takast á við þau forgangsatriði sem sett eru fram í áætluninni um Evrópusamstarf um skóla 21. aldarinnar, þ.e. að bæta gæði menntunar í skólum innan Sambandsins með tilliti til þess að byggja upp færni og stuðla að jöfnuði og aðild innan skólakerfa og stofnana, auk þess að styrkja kennarastéttina og skólastjórnendur og veita þeim stuðning. Í þessu samhengi ætti að setja í forgang stefnumið um að draga úr brotthvarfi úr skólum, bæta frammistöðu að því er varðar grunnleikni og bæta þátttöku í og gæði kennslu og umönnunar barna á leikskólastigi, ásamt markmiðum um að efla starfshæfni kennara og skólastjórnenda og bæta menntunarmöguleika barna innflytjenda og þeirra sem minna mega sín sakir félagslegrar og fjárhagslegrar stöðu.

18) Endurnýjuð Evrópuáætlun um nám fullorðinna, sem er að finna í ályktun ráðsins frá 28. nóvember 2011, miðar að því að gera öllu fullorðnu fólki kleift að þróa og bæta færni sína og hæfni alla ævi. Sérstök áhersla skal lögð á að bæta námstækifæri hinna fjölmörgu Evrópubúa sem búa yfir lítilli færni, einkum með því að bæta lestrar-, skriftar- og reikningskunnáttu og með því að stuðla að sveigjanlegum námsleiðum og ráðstöfunum sem miða að því að gefa fólki annað tækifæri.

19) Starf evrópska æskulýðsvettvangsins (European Youth Forum), landsbundinna upplýsingamiðstöðva fyrir viðurkenningu á háskólanámi (NARIC), upplýsinganets um menntun í Evrópu (Eurydice), nets Evrópumiðstöðva náms- og starfsráðgjafar (Euroguidance), Evróvísis-netsins (e. Eurodesk), landsþjónustu fyrir áætlun um rafrænt skólasamstarf í Evrópu (eTwinning), landsmiðstöðva Europass og landsbundinna upplýsingaskrifstofa í nágrannalöndunum skiptir sköpum til að markmiðum áætlunarinnar verði náð, einkum regluleg og uppfærð upplýsingagjöf þeirra til framkvæmdastjórnarinnar um hin ýmsu svið starfsemi sinnar og miðlun niðurstaðna áætlunarinnar innan Sambandsins og samstarfslanda utan þátttökulandanna.

20) Styrkja ætti samstarf samkvæmt áætluninni við alþjóðastofnanir á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og íþrótta, einkum við Evrópuráðið.

21) Í því skyni að stuðla að þróun framúrskarandi gæða í rannsóknum um allan heim er varða samrunann í Evrópu og til að bregðast við aukinni þörf fyrir þekkingu og skoðanaskipti um samrunann í Evrópu og þróun hans er mikilvægt að ýta undir framúrskarandi gæði í kennslu, rannsóknum og greiningum á þessu sviði með því að styðja háskólastofnanir, samtök sem starfa á sviði samrunans í Evrópu og samtök sem vinna að markmiðum í þágu evrópskra hagsmuna, með Jean Monnet-áætluninni.

22) Samstarf samkvæmt áætluninni við borgaraleg samtök á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og íþrótta, á landsvísu og á vettvangi Sambandsins, skiptir meginmáli til að skapa almenna tilfinningu fyrir hlutdeild í áætlunum og stefnum varðandi nám alla ævi og til að unnt sé að taka tillit til hugmynda og sjónarmiða hagsmunaaðila á öllum stigum.

23) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 18. janúar 2011, sem ber yfirskriftina „Þróun Evrópuþáttarins í íþróttastarfi“, eru settar fram hugmyndir framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðir á vettvangi Sambandsins á sviði íþróttamála í kjölfar gildistöku Lissabonsáttmálans og lagður til listi yfir markvissar aðgerðir sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu grípa til í því skyni að efla evrópskra ímynd íþrótta á þremur meginsviðum: að því er varðar samfélagslegt hlutverk íþrótta, efnahagslega þætti íþrótta og skipulagningu íþróttastarfs. Einnig er nauðsynlegt að taka tillit til virðisauka íþrótta, þ.m.t. þjóðlegra íþrótta (e. indigenous sport), og framlags þeirra til menningararfleifðar og sögulegrar arfleifðar Sambandsins.

24) Einkum þarf að beina athyglinni að grasrótaríþróttum (e. grassroots sport) og sjálfboðaliðastarfi í íþróttum vegna þess hve hlutverk þessara þátta er mikilvægt til að stuðla að félagslegri aðild, jöfnum tækifærum og heilsueflandi hreyfingu.

25) Bætt gagnsæi og viðurkenning menntunar og hæfni og aukin viðurkenning á gagnsæis- og viðurkenningaraðferðum Sambandsins ættu að stuðla að auknum gæðum menntunar og þjálfunar og auðvelda hreyfanleika, bæði með tilliti til náms alla ævi og atvinnutengds hreyfanleika um alla Evrópu, jafnt milli landa sem starfsgreina. Að opna aðgang að aðferðum, starfsvenjum og tækniþekkingu, sem notuð er í öðrum löndum, stuðlar að því að bæta ráðningarhæfi.

26) Í þessu skyni er mælt með víðtækari notkun á samræmdum ramma Sambandsins um gagnsæi menntunar og hæfni (Europass), sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2241/2004/EB ([9]), Evrópuskrá um gæðatryggingu æðri menntunar (European Quality Assurance Register for Higher Education (EQAR)) og Evrópusamtökum um gæðatryggingu æðri menntunar (European Association for Quality Assurance in Higher Education (ENQA)) sem komið var á fót samkvæmt tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2006/143/EB ([10]), evrópska viðmiðarammanum um menntun og hæfi (European Qualifications Framework (EQF)) sem komið var á fót samkvæmt tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 ([11]), evrópska einingarkerfinu fyrir starfsmenntun (European Credit System for Vocational Education and Training (ECVET)) sem komið var á fót samkvæmt tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 18. júní 2009 ([12]), evrópska viðmiðunarrammanum fyrir gæðatryggingu starfsmenntunar (European Quality Assurance Reference Framework for Vocational Education and Training (EQAVET)) sem komið var á fót samkvæmt tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 18. júní 2009 ([13]) og evrópska viðurkenningarkerfinu fyrir námseiningar (European Credit Transfer and Accumulation System (ECTS)).

27) Til að tryggja meiri skilvirkni í samskiptum við allan almenning og meiri samlegðaráhrif samskipta, sem fara fram að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, ætti fjármagn, sem veitt er til samskipta samkvæmt þessari reglugerð, einnig að taka til upplýsingamiðlunar stofnana (e. corporate communication) um pólitísk forgangsatriði Sambandsins, að því tilskildu að þau tengist almennu markmiði þessarar reglugerðar.

28) Nauðsynlegt er að tryggja evrópskan virðisauka allra aðgerða sem framkvæmdar eru innan ramma áætlunarinnar og að þær komi til fyllingar aðgerðum aðildarríkjanna sem framkvæmdar eru í samræmi við 4. mgr. 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og öðrum aðgerðum, einkum á sviði menningar og fjölmiðla, atvinnumála, rannsókna og nýsköpunar, iðnaðar og fyrirtækja, samheldni og stefnu í þróunarmálum, ásamt stækkunarstefnu og framtaksverkefnum, sjóðum og áætlunum á sviði svæðastefnu og samskipta við önnur ríki.

29) Áætluninni er ætlað að hafa jákvæð og varanleg áhrif á stefnumörkun og starfsvenjur á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og íþrótta. Slíkum kerfislægum áhrifum ætti að ná fram með ýmiss konar aðgerðum og starfsemi sem fyrirhuguð eru í áætluninni og miða að því að ýta undir breytingar á stofnanastigi sem leiða, eftir því sem við á, til nýjunga innan kerfisins. Þess er ekki krafist að stök verkefni, sem sótt er um fjárstuðning fyrir í tengslum við áætlunina, hafi nein kerfislæg áhrif sem slík. Það eru samanlagðar niðurstöður þessara verkefna sem ættu að stuðla að því að ná fram kerfislægum áhrifum.

30) Forsenda skilvirkrar árangursstjórnunar, þ.m.t. mats og eftirlits, er að þróaðir verði sértækir, mælanlegir og raunhæfir árangursvísar sem unnt er að meta yfir lengra tímabil og sem endurspegla rökin fyrir íhlutuninni.

31) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu að hámarka notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni og nýrrar tækni til að auðvelda aðgang að aðgerðum í tengslum við menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir. Það gæti tekið til sýndarhreyfanleika (e. virtual mobility) sem ætti að vera viðbót við hreyfanleika í námi en ekki leysa hann af hólmi.

([9]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2241/2004/EB frá 15. desember 2004 um samræmdan lagaramma Bandalagsins um gagnsæi menntunar og hæfni (evrópskt starfsmenntavegabréf) (Stjtíð. EB L 390, 31.12.2004, bls. 6).

([10]) Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/143/EB frá 15. febrúar 2006 að því er varðar frekari samvinnu í Evrópu um að tryggja gæði æðri menntunar (Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 60).

([11]) Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun (Stjtíð. ESB C 111, 6.5.2008, bls. 1).

([12]) Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 18. júní 2009 um að koma á fót evrópska einingarkerfinu fyrir starfsmenntun (ECVET) (Stjtíð. ESB C 155, 8.7.2009, bls. 11).

([13]) Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 18. júní 2009 um að koma á fót evrópskum viðmiðunarramma til að tryggja gæði starfsmenntunar (Stjtíð. ESB C 155, 8,7,2009, bls. 1.)

32) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðunarfjárhæð Evrópuþingsins og ráðsins við árlega fjárlagagerð, í skilningi 17. liðar samstarfssamnings milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórnun ([14]).

33) Til að tryggja samfellu í fjárstuðningi áætlunarinnar við starfsemi stofnana, ætti framkvæmdastjórnin að geta, í upphafsáfanga áætlunarinnar, litið svo á að kostnaður, sem tengist beint framkvæmd starfsemi sem nýtur stuðnings, teljist uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun jafnvel þótt styrkþegi hafi stofnað til hans áður en styrkumsóknin var lögð fram.

34) Þörf er á að setja árangursviðmið sem skipting fjármagns á milli aðildarríkjanna, vegna aðgerða sem landsskrifstofur stýra, ætti að byggjast á.

35) Umsóknarlöndum um aðild að Evrópusambandinu og þeim aðildarlöndum að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu er heimilt að taka þátt í áætlunum Sambandsins í samræmi við rammasamninga, ákvarðanir samstarfsráða eða svipaða samninga.

36) Ríkjasambandinu Sviss er heimilt að taka þátt í áætlunum Sambandsins í samræmi við samning sem undirritaður verður milli Sambandsins og þess lands.

37) Einstaklingum frá löndum eða yfirráðasvæðum handan hafsins og lögbærum, opinberum aðilum og/eða einkaaðilum og stofnunum frá löndum eða yfirráðasvæðum handan hafsins er heimil þátttaka í áætlununum í samræmi við ákvörðun ráðsins 2001/822/EB ([15]). Við framkvæmd áætlunarinnar ætti að taka tillit til þeirra erfiðleika sem skapast vegna fjarlægðar ystu svæða Sambandsins og landanna handan hafsins.

38) Í sameiginlegri orðsendingu sinni frá 25. maí 2011, sem ber yfirskriftina „Nýtt svar við breyttu nágrenni“, gerðu framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum m.a. grein fyrir því markmiði sínu að auðvelda nágrannalöndum þátttöku í aðgerðum Sambandsins að því er varðar hreyfanleika og uppbyggingu færni á sviði æðri menntunar og því að veita nágrannalöndunum aðgang að menntaáætlununum í framtíðinni.

39) Vernda ber fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með ráðstöfunum, sem eru í réttu hlutfalli við brot, meðan á öllu útgjaldatímabilinu (e. expenditure cycle) stendur, þ.m.t. með því að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, þar sem við á, með viðurlögum. Á sama tíma og þörfin eykst fyrir fjármögnun á aðstoð Sambandsins út á við, takmarkast fjármagn til hennar af efnahags- og fjárhagsstöðu Sambandsins. Því ber framkvæmdastjórninni að leita skilvirkustu og traustustu leiða til að nýta það fjármagn sem fyrir hendi er, einkum með fjármögnunarleiðum sem hafa vogunaráhrif.

40) Til að bæta aðgengi að áætluninni ættu styrkir til að styðja við hreyfanleika einstaklinga að miðast við dvalar- og framfærslukostnað í gistilandinu. Einnig ætti að hvetja aðildarríkin, í samræmi við landslög, til að undanskilja slíka styrki hvers konar sköttum og félagslegum gjöldum. Sama undanþága ætti að gilda um þá opinberu aðila eða einkaaðila sem veita hlutaðeigandi einstaklingum slíkan fjárstuðning.

41) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 ([16]), er heimilt að viðurkenna sjálfboðaliðastarf sem sameiginlega fjármögnun í formi framlaga í fríðu.

42) Í orðsendingu sinni frá 29. júní 2011 sem ber yfirskriftina „Fjárhagsáætlun fyrir Evrópu 2020“ undirstrikaði framkvæmdastjórnin vilyrði sitt fyrir því að einfalda fjármögnun Sambandsins. Stofnun sameiginlegrar áætlunar um menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir ætti að leiða til verulegrar einföldunar, hagræðis og samlegðaráhrifa í stjórnun áætlunarinnar. Notkun eingreiðslna, einingarverðs eða fastrar fjármögnunar ætti enn frekar að einfalda framkvæmd áætlunarinnar, auk þess sem draga ætti úr formlegum kröfum og skrifræðislegum kröfum til styrkþega og aðildarríkjanna.

43) Hafa ber bætta framkvæmd og gæði fjárnotkunar að leiðarljósi þegar unnið er að markmiðum áætlunarinnar, jafnframt því að tryggja að fjármagn verði nýtt sem best.

44) Mikilvægt er að tryggja trausta fjármálastjórnun áætlunarinnar og framkvæmd hennar á eins skilvirkan og notendavænan hátt og unnt er, en um leið tryggja öllum þátttakendum réttaröryggi og aðgang að áætluninni.

45) Til að geta brugðist skjótt við breyttum þörfum meðan á áætluninni stendur, skal valdið til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, framselt framkvæmdastjórninni að því er varðar ákvæði sem tengjast viðbótaraðgerðum sem landsskrifstofur stjórna. Einkum er mikilvægt að

([14]) Stjtíð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

([15]) Ákvörðun ráðsins 2001/822/EB frá 27. nóvember 2001 um tengsl landa og yfirráðasvæða handan hafsins við Evrópubandalagið (Stjtíð. EB L 314, 30.11.2001, bls. 1).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

46) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([17]).

47) Áætlunin ætti að taka til þriggja mismunandi sviða og nefndin, sem stofnuð er samkvæmt þessari reglugerð, ætti að annast bæði þverlæg málefni og málefni sem varða einstaka geira. Það er aðildarríkjanna að sjá til þess að senda viðeigandi fulltrúa á fundi nefndarinnar í samræmi við dagskrárefni hennar og það er formanns nefndarinnar að tryggja að í dagskrá funda komi skýrt fram um hvaða geira, einn eða fleiri, verði fjallað og hvaða málefni hvers geira verða rædd á hverjum fundi. Í samræmi við starfsreglur nefndarinnar skal, eftir því sem við á í hverju tilviki fyrir sig, vera mögulegt að bjóða utanaðkomandi sérfræðingum, þ.m.t. fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, að sækja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

48) Rétt er að tryggja að áætluninni verði lokið með réttum hætti, einkum að því er varðar framhald á rekstrarfyrirkomulagi hennar til margra ára, t.d. fjármögnun tækni- og stjórnsýsluaðstoðar. Frá og með 1. janúar 2014 ætti tækni- og stjórnsýsluaðstoð að tryggja, ef þörf er á, framkvæmd aðgerða sem ekki er lokið samkvæmt undangengnum áætlunum í lok árs 2013.

49) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á fót áætluninni, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

50) Því ber að fella úr gildi ákvarðanir nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB.

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

51) Í því skyni að tryggja áframhaldandi fjárhagsstuðning sem er veittur samkvæmt áætluninni skal þessi reglugerð gilda frá og með 1. janúar 2014. Af brýnum ástæðum skal reglugerð þessi öðlast gildi eins fljótt og auðið er eftir að hún hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Gildissvið áætlunarinnar

1. Með þessari reglugerð er komið á fót áætlun Sambandsins á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og íþrótta sem nefnist „Erasmus+“ („áætlunin“).

2. Áætlunin skal framkvæmd á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020.

3. Áætlunin skal taka til eftirfarandi sviða, jafnframt því að virða skipulag og sérþarfir hinna ýmsu geira í aðildarríkjunum:

a) menntunar og þjálfunar á öllum stigum, með tilliti til náms alla ævi, þ.m.t. skólamenntunar (Comenius-áætlunin), æðri menntunar (Erasmus-áætlunin), alþjóðlegrar æðri menntunar (Erasmus Mundus-áætlunin), starfsmenntunar (Leonardo da Vinci-áætlunin) og fullorðinsnáms (Grundtvig-áætlunin),

b) æskulýðsmála (Evrópa unga fólksins), einkum að því er varðar óformlegt og formlaust nám,

c) íþrótta, einkum grasrótaríþrótta.

4. Áætlunin skal hafa alþjóðlega vídd sem miðar að því að styðja við ytri aðgerðir Sambandsins, þ.m.t. þróunarmarkmið þess, með samstarfi milli Sambandsins og samstarfslanda utan þátttökulandanna.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „nám alla ævi“: allt almennt nám, starfsnám, óformlegt nám og formlaust nám sem fer fram alla ævi og leiðir til aukinnar þekkingar, færni og hæfni eða þátttöku í samfélaginu út frá persónulegum, samfélagslegum, menningarlegum, félagslegum og/eða atvinnutengdum forsendum, þ.m.t. ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónusta,

2) „óformlegt nám“ (e. non-formal learning): nám sem fer fram í skipulögðu starfi (hvað viðvíkur námsmarkmiðum og námstíma) þar sem einhver námsstuðningur er fyrir hendi (t.d. samband kennara og nemanda) en sem er ekki hluti af formlegu mennta- og þjálfunarkerfi.

3) „formlaust nám“ (e. informal learning): nám, sem leiðir af daglegum athöfnum, tengdum starfi, fjölskyldu eða tómstundum, sem er ekki skipulagt að því er varðar markmið, tíma eða námsstuðning; fyrir nemandann getur námið verið án ásetnings,

4) „skipuleg skoðanaskipti“: skoðanaskipti við ungmenni og æskulýðssamtök sem eru vettvangur fyrir stöðugar, sameiginlegar viðræður um forgangsatriði, framkvæmd og eftirfylgni við Evrópusamstarf á sviði æskulýðsmála,

5) „millilanda-“: vísar, nema annað sé tekið fram, til hvers kyns aðgerðar sem a.m.k. tvö þátttökulönd áætlunarinnar koma að, eins og um getur í 1. mgr. 24. gr.,

6) „alþjóðlegur“: vísar til hvers kyns aðgerðar sem a.m.k. eitt þátttökuland áætlunarinnar og a.m.k. eitt þriðja land („samstarfsland utan þátttökulandanna“) koma að,

7) „hreyfanleiki í námi“: að fara til annars lands en búsetulands síns til að stunda nám, þjálfun, óformlegt nám eða formlaust nám; þetta getur verið í formi starfsþjálfunar, náms á námssamningi, ungmennaskipta, sjálfboðaliðastarfs, kennslu eða þátttöku í fagþróunarstarfi, og getur tekið til undirbúningsstarfs, s.s. þjálfunar í tungumáli gistilandsins og einnig starfsemi í tengslum við að senda og taka á móti fólki og við eftirfylgni.

8) „samstarf um nýsköpun og miðlun góðra starfsvenja“: samstarfsverkefni milli landa og alþjóðleg sem stofnanir á sviði menntunar, þjálfunar og/eða æskulýðsmála og hugsanlega aðrar stofnanir koma að,

9) „stuðningur við bætta stefnumótun“: hvers konar starf sem miðast við að styðja og greiða fyrir nútímavæðingu mennta- og þjálfunarkerfa og stuðningur við þróun evrópskrar æskulýðsstefnu, með samstarfi um stefnumótun milli aðildarríkjanna, einkum með opnu samráðsferli og skipulegum skoðanaskiptum við ungmenni,

10) „sýndarhreyfanleiki“: röð aðgerða, studdar upplýsinga- og fjarskiptatækni, þ.m.t. rafrænt nám sem skipulagt er á stofnanastigi, til að koma í framkvæmd og greiða fyrir kennslu og/eða námi á samstarfsgrundvelli milli landa og/eða alþjóðlega,

11) „starfsfólk“: einstaklingar sem, annaðhvort sem fagfólk eða sjálfboðaliðar, koma að menntun, þjálfun eða óformlegu námi ungmenna, þ.m.t. prófessorar, kennarar, leiðbeinendur, skólastjórnendur, fólk sem starfar að æskulýðsmálum og starfsfólk sem ekki starfar við kennslu,

12) „fólk sem starfar að æskulýðsmálum“: fagmaður eða sjálfboðaliði, sem kemur að óformlegu námi og styður eflingu persónulegs félagsleikniþroska og faglegs þroska ungmenna.

13) „ungmenni“: einstaklingar á aldrinum 13–30 ára.

14) „æðri menntastofnun“:

a) hvers konar æðri menntastofnun sem, í samræmi við landslög eða venjur, veitir viðurkenndar háskólagráður eða önnur viðurkennd próf á háskólastigi án tillits til þess hvað slíkar stofnanir kunna að vera kallaðar,

b) hver sú stofnun, í samræmi við landslög eða venjur, sem býður starfsnám á háskólastigi,

15) „sameiginlegar háskólagráður“: samþætt námsleið a.m.k. tveggja æðri menntastofnana sem lýkur með einu prófskírteini, sem er gefið út og undirritað af öllum þátttökustofnununum sameiginlega og opinberlega viðurkennt í þeim löndum sem þátttökustofnanirnar eru staðsettar,

16) „tvíþætt háskólagráða/margþætt háskólagráða“: námsleið a.m.k. tveggja (tvíþætt) eða fleiri (margþætt) æðri menntastofnana þar sem neminn fær sérstakt prófskírteini frá hverri þátttökustofnun þegar hann lýkur námi,

17) „æskulýðsstarfsemi“: starf utan skóla (e. out-of-school activity) (s.s. ungmennaskipti, sjálfboðastarf eða ungmennaþjálfun), sem ungmenni leggur stund á, eitt eða í hóp, einkum fyrir milligöngu æskulýðssamtaka, og einkennist af óformlegum námsaðferðum,

18) „samstarf“: samkomulag milli hóps stofnana og/eða samtaka í mismunandi þátttökulöndum áætlunarinnar um að annast sameiginlega starfsemi í Evrópu á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og íþrótta eða koma á fót formlegu eða óformlegu neti á viðkomandi sviði, s.s. sameiginlegum námsverkefnum fyrir nemendur og kennara þeirra í formi bekkjarskipta og langtímadvalar einstaklinga við nám eða þjálfun erlendis, hraðnámskeiða á sviði æðri menntunar og samstarfs milli svæðis- og staðaryfirvalda til að hvetja til samstarfs milli svæða, þ.m.t. yfir landamæri; þetta má víkka út til stofnana og/eða samtaka frá samstarfslöndum utan þátttökulandanna í því skyni að auka gæði samstarfsins,

19) „grundvallarfærni“: sú samanlagða grunnþekking, -færni og -viðhorf sem eru öllum nauðsynleg fyrir persónulegan þroska, virka þátttöku sem borgari í samfélaginu, félagslega aðild og atvinnu, eins og lýst er í tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2006/962/EB ([18]),

20) „opið samráðsferli (e. Open Method of Coordination (OMC)): aðferð milli ríkja sem markar ramma um samstarf aðildarríkjanna svo að hægt sé að beina innlendum stefnum ríkjanna að tilteknum sameiginlegum markmiðum; innan ramma áætlunarinnar á opið samráðsferli við um menntun, þjálfun og æskulýðsmál,

21) „gagnsæis- og viðurkenningaraðferðir Sambandsins“: tæki til að hjálpa hagsmunaaðilum að skilja, meta og, eins og við á, viðurkenna námsárangur, menntun og hæfi í gjörvöllu Sambandinu,

22) „nágrannalönd“: lönd og yfirráðasvæði sem heyra undir evrópsku nágrannastefnuna,

23) „tvíþættur ferill“: að sameina iðkun afreksíþrótta almennu námi eða vinnu,

24) „grasrótaríþróttir“: skipulagðar íþróttir, sem stundaðar eru á staðarvísu af áhugaíþróttamönnum, og íþróttir fyrir alla.

3. gr.

Evrópskur virðisauki

1. Áætlunin skal einungis styðja starfsemi og aðgerðir sem geta skapað evrópskan virðisauka og sem stuðla að því að ná hinu almenna markmiði sem um getur í 4. gr.

2. Evrópskur virðisauki aðgerða og starfsemi áætlunarinnar skal einkum tryggður með því:

a) hve fjölþjóðleg hún er, einkum að því er varðar hreyfanleika og samstarf sem miðar að því að ná varanlegum kerfislægum áhrifum,

b) að hún komi til fyllingar og sé samvirk öðrum áætlunum og stefnum á vettvangi Sambandsins og á innlendum og alþjóðlegum vettvangi,

c) að þau stuðli að skilvirkri notkun á gagnsæis- og viðurkenningaraðferðum Sambandsins.

([18]) Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/962/EB frá 18. desember 2006 um grundvallarfærni sem tengist símenntun (Stjtíð. ESB L 394, 30.12.2006, bls. 10).

4. gr.

Almennt markmið áætlunarinnar

Áætlunin skal stuðla að því að eftirfarandi markmiðum verði náð:

a) markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020, þ.m.t. höfuðmarkmiðinu á sviði menntunar,

b) markmiðum skipulagsramma um Evrópusamstarf á sviði menntunar og þjálfunar („ET 2020“), þ.m.t. samsvarandi viðmiðunum,

c) sjálfbærri þróun samstarfslanda utan þátttökulandanna á sviði æðri menntunar,

d) heildarmarkmiðum endurnýjaðs evrópsks samstarfsramma á sviði æskulýðsmála (2010–2018),

e) markmiðinu um að þróa evrópska þáttinn í íþróttum, einkum grasrótaríþróttum, í samræmi við vinnuáætlun Sambandsins í íþróttamálum, og

f) að efla evrópsk gildi, í samræmi við 2. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

II. KAFLI

Menntun og þjálfun

5. gr.

Sértæk markmið

1. Í samræmi við hið almenna markmið áætlunarinnar, sem tilgreint er í 4. gr., einkum markmið ET 2020, og til stuðnings sjálfbærri þróun samstarfslanda utan þátttökulandanna á sviði æðri menntunar, skal með áætluninni unnið að eftirfarandi sértækum markmiðum:

a) að bæta stig grundvallarfærni og -hæfni, með sérstöku tilliti til mikilvægis þeirra fyrir atvinnulífið og framlags til heildstæðs samfélags, einkum með fleiri tækifærum til hreyfanleika í námi og með auknu samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar og atvinnulífs,

b) að stuðla að meiri gæðum, framúrskarandi nýsköpun og alþjóðavæðingu á stigi mennta- og þjálfunarstofnana, einkum með auknu millilandasamstarfi þeirra sem veita menntun og þjálfun og annarra hagsmunaaðila,

c) að stuðla að tilurð og vekja athygli á evrópsku svæði náms alla ævi, sem ætlað er að koma til fyllingar bættri stefnumótun á innlendum vettvangi og styðja nútímavæðingu mennta- og þjálfunarkerfa, einkum með auknu samstarfi um stefnumótun, betri notkun á gagnsæis- og viðurkenningaraðferðum Sambandsins og miðlun góðra starfsvenja,

d) að efla alþjóðlega vídd menntunar og þjálfunar, einkum með samvinnu milli Sambandsins og stofnana á sviði starfsmenntunar og æðri menntunar í samstarfslöndum utan þátttökulandanna, með því að auka aðdráttarafl æðri menntastofnana í Evrópu og styðja aðgerðir Sambandsins út á við, þ.m.t. þróunarmarkmið þess, með því að stuðla að hreyfanleika og samstarfi milli Sambandsins og æðri menntastofnana í samstarfslöndum utan þátttökulandanna og byggja upp færni í þeim samstarfslöndum með markvissum hætti,

e) að bæta tungumálakennslu og -nám og efla margbreytileika tungumála og gagnkvæma vitund menningarhópa innan Sambandsins,

f) að hvetja til framúrskarandi gæða í kennslu og rannsóknarstarfsemi í tengslum við samruna í Evrópu með Jean Monnet-starfsemi um allan heim, eins og um getur í 10. gr.

2. Í I. viðauka eru settir fram mælanlegir og viðeigandi vísar, í tengslum við sértæku markmiðin sem um getur í 1. mgr., til nota við mat á áætluninni.

6. gr.

Aðgerðir áætlunarinnar

1. Á sviði menntunar og þjálfunar skal unnið að markmiðum áætlunarinnar með eftirfarandi aðgerðum:

a) hreyfanleika einstaklinga í námi,

b) samstarfi um nýsköpun og miðlun góðra starfsvenja og

c) stuðningi við bætta stefnumótun

2. Hinni sértæku Jean Monnet-starfsemi er lýst í 10. gr.

7. gr.

Hreyfanleiki einstaklinga í námi

1. Hreyfanleiki einstaklinga í námi á að styðja eftirfarandi starfsemi innan þátttökulanda áætlunarinnar sbr. 1. mgr. 24. gr.:

a) hreyfanleika nemenda á öllum stigum æðri menntunar og starfsmenntanema, einnig á námssamningi. Þessi hreyfanleiki getur falist í námi við samstarfsstofnun, starfsþjálfun eða því að afla sér reynslu sem lærlingur, aðstoðarmaður eða starfsnemi erlendis. Styðja má hreyfanleika meistaranema með Ábyrgðarsjóði námslána sem um getur í 20. gr.,

b) hreyfanleika starfsfólks innan þátttökulanda áætlunarinnar sbr. 1. mgr. 24. gr. Þessi hreyfanleiki getur falist í kennslu eða aðstoðarkennslu eða þátttöku í fagþróunarstarfi erlendis.

2. Þessi aðgerð skal einnig styðja alþjóðlegan hreyfanleika námsmanna og starfsfólks til og frá samstarfslöndum utan þátttökulandanna að því er varðar æðri menntun, þ.m.t. hreyfanleika sem skipulagður er á grundvelli sameiginlegrar, tvíþættrar eða margþættrar háskólagráðu af háum gæðum eða auglýsingar um sameiginlegan umsóknarfrest (e. joint calls).

8. gr.

Samstarf um nýsköpun og miðlun góðra starfsvenja

1. Samstarf um nýsköpun og miðlun góðra starfsvenja skal styðja:

a) stefnumiðuð samstarfsverkefni (e. strategic partnerships) milli samtaka og/eða stofnana sem koma að menntun og þjálfun eða annarra viðeigandi geira sem miða að því að þróa og hrinda í framkvæmd sameiginlegum framtaksverkefnum, efla jafningjafræðslu og skiptast á reynslu,

b) samstarf milli atvinnulífsins og mennta- og þjálfunarstofnana í formi:

— þekkingarbandalaga (e. knowledge alliances), einkum á milli æðri menntastofnana og atvinnulífsins, sem miða að því að efla sköpunarkraft, nýsköpun, nám á vinnustað (e. work-based learning) og frumkvöðlastarfsemi með því að veita viðeigandi námstækifæri, þ.m.t. með þróun nýrra námsskráa og kennsluaðferða,

— atvinnugreinabandalaga (e. sector skills alliances) milli þeirra sem veita menntun og þjálfun og atvinnulífsins, sem miða að því að auka ráðningarhæfi, búa til nýjar námsskrár fyrir tilteknar atvinnugreinar eða þvert á atvinnugreinar, þróa nýjungar í kennsluaðferðum starfsmenntunar og að taka gagnsæis- og viðurkenningaraðferðir Sambandsins í notkun,

c) upplýsingatæknivettvang, sem nær til allra geira menntunar og þjálfunar, þ.m.t. einkum rafræns skólasamstarfs, sem gerir ráð fyrir jafningjafræðslu, sýndarhreyfanleika og miðlun góðra starfsvenja og opnar þátttakendum í nágrannalöndunum aðgang.

2. Þessi aðgerð skal einnig styðja þróun, uppbyggingu færni, svæðisbundna samvinnu, miðlun þekkingar og nútímavæðingu með alþjóðlegri samvinnu milli æðri menntastofnana í Sambandinu og í samstarfslöndunum utan þátttökulandanna, einkum í tengslum við jafningjafræðslu og sameiginleg menntaverkefni en einnig með eflingu svæðasamstarfs og landsbundinna upplýsingaskrifstofa, einkum við nágrannalöndin.

9. gr.

Stuðningur við bætta stefnumótun

1. Stuðningur við bætta stefnumótun skal taka til starfsemi sem hrint er í framkvæmd á vettvangi Sambandsins í tengslum við:

a) framkvæmd stefnumótunaráætlunar Sambandsins um menntun og þjálfun innan ramma opins samráðsferlis, einnig Bologna-ferlisins og Kaupmannahafnarferlisins,

b) innleiðing gagnsæis- og viðurkenningaraðferða Sambandsins í þátttökulöndum áætlunarinnar, einkum á samræmdum ramma Sambandsins um gagnsæi menntunar og hæfni (Europass), evrópska viðmiðarammanum um menntun og hæfi (EQF), evrópska viðurkenningarkerfinu fyrir námseiningar (ECTS), evrópska einingakerfinu fyrir starfsmenntun (ECVET), evrópska viðmiðunarrammanum fyrir gæðatryggingu starfsmenntunar (EQAVET), Evrópuskrá um gæðatryggingu æðri menntunar (EQAR) og Evrópusamtökum um gæðatryggingu á háskólastigi (ENQA) og að veita samstarfsnetum í öllu Sambandinu stuðning og einnig frjálsum félagasamtökum í Evrópu sem starfa á sviði menntunar og þjálfunar,

c) skoðanaskipti um stefnumótun við viðeigandi evrópska hagsmunaaðila á sviði menntunar og þjálfunar,

d) landsbundnar upplýsingamiðstöðvar fyrir viðurkenningu á háskólanámi (NARIC), upplýsinganet um menntun í Evrópu (Eurydice) og net Evrópumiðstöðva náms- og starfsráðgjafar (Euroguidance) og landsmiðstöðvar fyrir Europass.

2. Með þessari aðgerð skal einnig styðja skoðanaskipti um stefnumótun við samstarfslönd utan þátttökulandanna og alþjóðastofnanir.

10. gr.

Jean Monnet-starfsemi

Með Jean Monnet-starfsemi skal miða að því:

a) að hvetja til kennslu og rannsókna er varða samruna í Evrópu um allan heim meðal sérhæfðra fræðimanna, nemenda og almennra borgara, einkum með því að koma á fót Jean Monnet-prófessorsstöðum (e. Jean Monnet Chairs) og með annarri fræðastarfsemi, einnig með því að veita aðstoð til annarrar starfsemi sem beinist að því að byggja upp þekkingu við æðri menntastofnanir,

b) að styðja starfsemi háskólastofnana eða samtaka sem starfa á sviði rannsókna er varða samrunann í Evrópu og við Jean Monnet-öndvegismerkið (e. Jean Monnet label for excellence),

c) að styðja eftirfarandi stofnanir sem vinna að evrópskum hagsmunamálum:

   i. Evrópuháskólann í Flórens,

   ii. Evrópuháskólann (í Brugge og Natolin),

   iii. Evrópustofnunina í opinberri stjórnsýslu í Maastricht,

   iv. Trier-stofnunina í Evrópurétti,

   v. Evrópumiðstöðina fyrir þróun í sérkennslu í Óðinsvéum,

   vi. Alþjóðamiðstöð Evrópufræða (CIFE) í Nice,

d) að ýta undir umræður um stefnumótun og skoðanaskipti milli fræðasviðsins og þeirra sem annast stefnumótun um forgangsmál Sambandsins.

III. KAFLI

Æskulýðsmál

11. gr.

Sértæk markmið

1. Í samræmi við hið almenna markmið áætlunarinnar, sem tilgreint er í 4. gr., einkum markmið endurnýjaða evrópska samstarfsrammans á sviði æskulýðsmála (2010–2018), skal með áætluninni unnið að eftirfarandi sértækum markmiðum:

a) að bæta grundvallarfærni og -hæfni ungmenna, þ.m.t. þeirra sem njóta færri tækifæra, auk þess að stuðla að þátttöku í lýðræðislegu starfi í Evrópu og á vinnumarkaðinum, stuðla að virkri þátttöku borgaranna í samfélaginu, hvetja til þvermenningarlegra skoðanaskipta, félagslegrar aðildar og samstöðu, einkum með auknum tækifærum til hreyfanleika í námi fyrir ungmenni, þá sem starfa að æskulýðsmálum eða í æskulýðssamtökum og æskulýðsleiðtoga, og með því að efla tengslin milli æskulýðsmálasviðsins og vinnumarkaðarins,

b) að stuðla að meiri gæðum í æskulýðsstarfi, einkum með auknu samstarfi milli samtaka á sviði æskulýðsmála og/eða annarra hagsmunaaðila,

c) að vera viðbót við stefnumótun á lands-, svæðis- og staðarvísu og styðja mótun þekkingarmiðaðrar og sannreyndrar æskulýðsmálastefnu, einnig að viðurkenningu óformlegs og formlauss náms, einkum með auknu samstarfi um stefnumótun, betri notkun á gagnsæis- og viðurkenningaraðferðum Sambandsins og miðlun góðra starfsvenja,

d) að efla alþjóðlega vídd æskulýðsstarfs og styrkja hlutverk þeirra sem starfa að æskulýðsmálum og æskulýðssamtaka sem stuðningsskipulag fyrir ungmenni til fyllingar ytri aðgerðum Sambandsins, einkum með því að stuðla að hreyfanleika og samstarfi milli Sambandsins og hagsmunaaðila í samstarfslöndum utan þátttökulandanna og alþjóðastofnana og með markvissri uppbyggingu færni í samstarfslöndunum utan þátttökulandanna.

2. Í I. viðauka eru settir fram mælanlegir og viðeigandi vísar, í tengslum við sértæku markmiðin sem um getur í 1. mgr., til nota við mat á áætluninni.

12. gr.

Aðgerðir áætlunarinnar

Unnið skal að markmiðum áætlunarinnar með eftirfarandi aðgerðum:

a) hreyfanleika einstaklinga í námi,

b) samstarfi um nýsköpun og miðlun góðra starfsvenja,

c) stuðningi við bætta stefnumótun.

13. gr.

Hreyfanleiki einstaklinga í námi

1. Hreyfanleiki einstaklinga í námi skal styðja:

a) hreyfanleika ungs fólks milli þátttökulanda áætlunarinnar, innan ramma óformlegs og formlauss náms; slíkur hreyfanleiki getur verið í formi ungmennaskipta og sjálfboðaliðastarfs fyrir milligöngu evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunnar, einnig nýsköpunarstarfsemi sem byggist á ákvæðum um hreyfanleika sem fyrir eru,

b) hreyfanleika þeirra sem starfa að æskulýðsmálum eða í æskulýðssamtökum og æskulýðsleiðtoga; slíkur stuðningur getur verið í formi þjálfunar og netsamstarfs.

2. Þessi aðgerð skal einnig styðja hreyfanleika ungmenna, þeirra sem starfa að æskulýðsmálum eða í æskulýðssamtökum og æskulýðsleiðtoga, til eða frá samstarfslöndum utan þátttökulandanna, einkum nágrannalöndum.

14. gr.

Samstarf um nýsköpun og miðlun góðra starfsvenja

1. Samstarf um nýsköpun og miðlun góðra starfsvenja skal styðja:

a) stefnumiðuð samstarfsverkefni sem miða að því að þróa og hrinda í framkvæmd sameiginlegum framtaksverkefnum, þ.m.t. framtaksverkefnum ungmenna og verkefnum sem stuðla að virkri þátttöku borgaranna í samfélaginu, félagslegri nýsköpun (e. social innovation), þátttöku í lýðræðislegu starfi og frumkvöðlastarfsemi, með jafningjafræðslu og með því að skiptast á reynslu,

b) upplýsingatæknivettvang þar sem gert er ráð fyrir jafningjafræðslu, þekkingarmiðuðu æskulýðsstarf, sýndarhreyfanleika og miðlun góðra starfsvenja.

2. Þessi aðgerð skal einnig styðja þróun, uppbyggingu færni og miðlun þekkingar í gegnum samstarf milli samtaka í þátttökulöndum áætlunarinnar og öðrum samstarfslöndum hennar, einkum með jafningjafræðslu.

15. gr.

Stuðningur við bætta stefnumótun

1. Stuðningur við bætta stefnumótun skal taka til starfsemi í tengslum við:

a) framkvæmd stefnumótunaráætlunar Sambandsins um æskulýðsmál með opnu samráðsferli,

b) framkvæmd gagnsæis- og viðurkenningaraðferða Sambandsins í þátttökulöndum áætlunarinnar, einkum á ungmennavegabréfinu (Youthpass) og stuðning við samstarfsnet í öllu Sambandinu og við frjáls félagasamtök í Evrópu sem starfa á sviði æskulýðsmála,

c) skoðanaskipti um stefnumótun við viðeigandi evrópska hagsmunaaðila og skipuleg skoðanaskipti við ungmenni,

d) evrópska æskulýðsvettvanginn, upplýsingamiðstöðvar fyrir þróun æskulýðsstarfs og Evróvísis-netið.

2. Þessi aðgerð skal einnig styðja skoðanaskipti um stefnumótun við samstarfslönd utan þátttökulandanna og alþjóðastofnanir.

IV. KAFLI

Íþróttir

16. gr.

Sértæk markmið

1. Í samræmi við hið almenna markmið áætlunarinnar, sem tilgreint er í 4. gr., og vinnuáætlun Sambandsins í íþróttamálum, skulu áherslur áætlunarinnar einkum beinast að grasrótaríþróttum og að unnið sé að eftirfarandi sértækum markmiðum:

a) að takast á við ógnir sem steðja að íþróttum yfir landamæri, s.s. lyfjamisnotkun, leikjasvindl og ofbeldi auk hvers konar umburðarleysis og mismununar,

b) að stuðla að og styðja góða stjórnunarhætti í íþróttum og tvíþættan feril íþróttamanna,

c) að stuðla að sjálfboðaliðastarfi í íþróttum ásamt félagslegri aðild, jöfnum tækifærum og vitund um mikilvægi heilsueflandi hreyfingar með aukinni þátttöku í og jöfnu aðgengi að íþróttum fyrir alla.

2. Í I. viðauka eru settir fram mælanlegir og viðeigandi vísar, í tengslum við sértæku markmiðin, sem um getur í 1. mgr., til að nota við mat á áætluninni.

17. gr.

Starfsemi

1. Unnið skal að samstarfsmarkmiðunum með eftirfarandi starfsemi milli landa, sem einkum skal beinast að grasrótaríþróttum:

a) stuðningur við samstarfsverkefni,

b) stuðningur við evrópska íþróttaviðburði sem eru ekki haldnir í hagnaðarskyni og fleiri en eitt þátttökuland áætlunarinnar tekur þátt í og sem stuðla að markmiðunum sem sett eru fram í c-lið 1. mgr. 16. gr.,

c) stuðningur við að efla heimildagrunn stefnumótunar,

d) skoðanaskipti við hlutaðeigandi evrópska hagsmunaaðila.

2. Starfsemin, sem um getur í 1. mgr., getur sótt viðbótarfjármagn til þriðju aðila, s.s. einkafyrirtækja.

V. KAFLI

Fjárhagsákvæði

18. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni í framkvæmd frá og með 1. janúar 2014 er 14 774 524 000 evrur á núvirði.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar til margra ára.

2. Fjárhæðinni, sem um getur í 1. mgr., skal veitt til aðgerða áætlunarinnar sem hér segir, og skal sveigjanleiki í úthlutun hverrar fjárhæðar ekki fara yfir 5%:

a) 77,5% til menntunar og þjálfunar, af því skulu að lágmarki fara:

   i. 43% til æðri menntunar, sem nemur 33,3% af heildarfjárhagsáætlun,

   ii. 22% til starfsmenntunar, sem nemur 17% af heildarfjárhagsáætlun,

   iii. 15% til skólamenntunar, sem nemur 11,6% af heildarfjárhagsáætlun,

   iv. 5% til fullorðinsnáms, sem nemur 3,9% af heildarfjárhagsáætlun,

b) 10% til æskulýðsstarfs,

c) 3,5% til Ábyrgðarsjóðs námslána,

d) 1,9% til Jean Monnet-áætlunarinnar,

e) 1,8% til íþróttamála, þar af ekki meira en 10% til starfseminnar sem getið er í b-lið 1. mgr. 17. gr.,

f) 3,4% sem rekstrarstyrkir til landsskrifstofa og

g) 1,9% fyrir stjórnunarkostnaði.

3. Af fjárveitingunum sem getið er í a- og b-lið 2. mgr. skal a.m.k. 63% renna til hreyfanleika einstaklinga í námi, a.m.k. 28% til samstarfs um nýsköpun og miðlunar góðra starfsvenja og 4,2% til stuðnings við bætta stefnumótun.

4. Til viðbótar fjárhagsrammanum, sem tilgreindur er í 1. mgr., og í því skyni að stuðla að alþjóðlegri vídd æðri menntunar, skal veita viðbótarfjármagn, eins og kveðið er á um í hinum ýmsu fjármögnunarleiðum vegna ytri aðgerða (áætluninni um þróunarsamvinnu (DCI), fjármögnunarleið evrópskrar nágrannastefnu (ENI), fjármögnunarleið við samvinnu við þriðju lönd (PI) og fjármögnunarleið við foraðildarstuðning (IPA)), til aðgerða í tengslum við hreyfanleika í námi til eða frá samstarfslöndum utan þátttökulandanna og til samstarfs og skoðanaskipta um stefnumótun við yfirvöld, stofnanir og samtök í þessum löndum. Reglugerð þessi gildir um notkun þessa fjár jafnframt því að tryggja að farið sé að ákvæðum þeirra reglugerða sem gilda um hverja þessara fjármögnunarleiða vegna ytri aðgerða, og í tilviki áætlunarinnar um þróunarsamvinnu, einnig að uppfylltar séu viðmiðanirnar um opinbera þróunaraðstoð, sem settar voru af þróunaraðstoðarnefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Fjármögnunin skal vera til reiðu í tveimur úthlutunum, sem ná til fyrstu fjögurra áranna annars vegar og hins vegar til áranna þriggja sem eftir standa. Úthlutun fjárins skal ákvörðuð í leiðbeinandi áætlun til margra ára fyrir fjármögnunarleiðirnar vegna ytri aðgerða, sem vísað er til í fyrstu undirgrein, í samræmi við þarfir og forgangsmál sem tilgreind hafa verið fyrir viðkomandi lönd. Þar sem við á skal samstarfið við samstarfslönd utan þátttökulandanna byggjast á aukafjárveitingum frá þessum löndum sem unnt verður að nálgast í samræmi við málsmeðferð sem samið skal um við þau.

Hreyfanleikaaðgerðir fyrir námsmenn og starfsfólk milli þátttökulanda áætlunarinnar og annarra samstarfslanda hennar, sem fjármagnaðar eru með fjárveitingu frá áætluninni um þróunarsamvinnu, skulu einkum beinast að sviðum sem varða sjálfbæra þróun fyrir alla í þróunarlöndunum.

5. Fjárúthlutun fyrir áætlunina getur einnig náð yfir útgjöld í tengslum við aðgerðir er varða undirbúning, eftirlit, endurskoðun og mat, sem er nauðsynlegt við stjórnun áætlunarinnar og til að ná markmiðum hennar, einkum aðgerðir er varða rannsóknir, sérfræðingafundi og upplýsingar og samskipti, þ.m.t. upplýsingamiðlun stofnana um pólitísk forgangsmál Sambandsins að því marki sem þau tengjast almennu markmiði þessarar reglugerðar, útgjöld sem tengjast upplýsingatækni vegna vinnslu og miðlunar upplýsinga og útgjöld vegna alls annars stuðnings er varðar stjórnsýslu og tæknimál sem framkvæmdastjórnin stofnar til í sambandi við stjórnun áætlunarinnar.

6. Fjárúthlutunin getur einnig náð til útgjalda vegna tækni- og stjórnsýsluaðstoðar sem eru nauðsynleg til að tryggja umskiptin milli áætlunarinnar og ráðstafana sem hafa verið gerðar samkvæmt ákvörðunum nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB. Ef þörf krefur er hægt að færa fjárveitingar inn í fjárhagsáætlunina eftir 2020 til að standa straum af svipuðum kostnaði svo að unnt sé að greiða fyrir framkvæmd aðgerða og starfsemi sem ekki er lokið fyrir 31. desember 2020.

7. Fjármunum til hreyfanleika einstaklinga í námi, sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr. og a-lið 12. gr., sem landsskrifstofa eða -skrifstofur („landsskrifstofan“) eiga að hafa umsjón með, skal úthlutað á grundvelli fólksfjölda og framfærslukostnaðar í aðildarríkinu, fjarlægðar á milli höfuðborga aðildarríkjanna og árangurs. Árangursbreytan skal svara til 25% af heildarfjármunum í samræmi við viðmiðanirnar í 8. og 9. mgr. Að því er varðar stefnumiðuð samstarfsverkefni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 8. gr. og a-lið 1. mgr. 14. gr., sem landsskrifstofa skal velja og hafa umsjón með, skal fjármunum úthlutað á grundvelli viðmiðana sem framkvæmdastjórnin skilgreinir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 36. gr. Þessar reiknireglur skulu, eftir því sem kostur er, vera hlutlausar með tilliti til ólíkra mennta- og þjálfunarkerfa aðildarríkjanna, með þeim skal forðast verulegar skerðingar milli ára á árlegum fjárúthlutunum til aðildarríkjanna og takmarka, eins og hægt er, miklar sveiflur í styrkveitingum.

8. Úthlutun fjár á grundvelli árangurs skal beitt til að ýta undir skilvirka og hagkvæma nýtingu fjármagns. Viðmiðanirnar, sem notaðar eru til að mæla árangur, skulu byggjast á nýjustu, fáanlegu gögnum og einkum beina sjónum að:

a) árlegum árangri sem náðst hefur og

b) árlegum greiðslum sem inntar hafa verið af hendi.

9. Fjárúthlutanir fyrir árið 2014 skulu byggjast á nýjustu, fáanlegu gögnum um aðgerðir, sem farið hafa fram, og notkun fjármuna samkvæmt menntaáætlun ESB, Evrópu unga fólksins og Erasmus Mundus-áætluninni til og með 31. desember 2013.

10. Hægt er að veita stuðning samkvæmt áætluninni með sérstöku, nýstárlegu fjármögnunarfyrirkomulagi, einkum því sem um getur í 20. gr.

19. gr.

Sérstakt fjármögnunarfyrirkomulag

1. Framkvæmdastjórnin skal afhenda fjárstuðning Sambandsins í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

2. Framkvæmdastjórnin getur, ásamt samstarfslöndum utan þátttökulandanna eða stofnunum og skrifstofum þeirra, auglýst sameiginlega eftir tillögum í því skyni að fjármagna verkefni með mótframlagi. Verkefni má meta og velja með sameiginlegu mati og valaðferðum sem hlutaðeigandi fjármögnunaraðilar koma sér saman um, í samræmi við meginreglur reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012.

3. Opinberir aðilar, einnig skólar, æðri menntastofnanir og stofnanir á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og íþrótta, sem fengið hafa yfir 50% af árlegum tekjum sínum úr opinberum sjóðum á síðustu tveimur árum skulu teljast hafa nauðsynlega fjárhagslega, faglega og stjórnsýslulega getu til að inna af hendi starfsemi samkvæmt áætluninni. Þess skal ekki krafist að þau leggi fram frekari gögn til að sýna fram á þá getu.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. 130. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 og í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum getur framkvæmdastjórnin litið svo á að kostnaður, sem tengist beint framkvæmd starfsemi, sem nýtur stuðnings og sem stofnað er til á fyrstu sex mánuðum ársins 2014, teljist uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun frá og með 1. janúar 2014, jafnvel þótt styrkþegi hafi stofnað til hans áður en hann lagði fram styrkumsóknina.

5. Fjárhæðin, sem um getur í c-lið 1. mgr. 137. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 á ekki við um fjárstuðning til einstaklinga vegna hreyfanleika í námi.

20. gr.

Ábyrgðarsjóður námslána

1. Ábyrgðarsjóður námslána skal gangast í hlutaábyrgð gagnvart fjármálamilliliðum vegna lána sem þeir veita, með bestu mögulegu kjörum, til námsmanna sem stunda framhaldsnám í háskóla, s.s. meistaranám, við viðurkennda æðri menntastofnun í þátttökulandi áætlunarinnar sbr. 1. mgr. 24. gr., sem hvorki er búsetuland þeirra né landið þar sem viðkomandi öðlaðist þá prófgráðu sem veitti honum aðgang að meistaranáminu.

2. Ábyrgðir, sem Ábyrgðarsjóður námslána gefur út, skulu taka til nýrra námslána fyrir lánshæfu námi, sem nema að hámarki 12 000 evrum fyrir árslangt nám og 18 000 evrum fyrir nám sem tekur allt að tveimur árum, eða ígildi þess í gjaldeyri hlutaðeigandi lands.

3. Fjárfestingarsjóði Evrópu skal falin stjórnun Ábyrgðarsjóðs námslána á vettvangi Sambandsins í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012, á grundvelli framsalssamnings við framkvæmdastjórnina þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur og kröfur varðandi framkvæmd í tengslum við Ábyrgðarsjóð námslána og skyldur hvors aðila um sig. Á grundvelli þessa skal Fjárfestingarsjóður Evrópu gera samninga við fjármálamilliliði, s.s. banka, landsbundnar og/eða svæðisbundnar námslánastofnanir eða aðrar viðurkenndar fjármálastofnanir og skal leitast við að velja fjármálamillilið frá hverju þátttökulandi áætlunarinnar til að tryggja að námsmenn frá öllum löndum, sem taka þátt í henni, hafi aðgang að Ábyrgðarsjóði námslána með samræmdum hætti og án mismununar.

4. Kveðið er á um tæknilegar upplýsingar um starfsemi Ábyrgðarsjóðs námslána í II. viðauka.

VI. KAFLI

Árangur, niðurstöður og miðlun niðurstaðna

21. gr.

Eftirlit og mat á árangri og niðurstöðum

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, hafa reglulega eftirlit með og gefa skýrslu um árangur og niðurstöður áætlunarinnar, sem hún metur með hliðsjón af markmiðum hennar, einkum að því er varðar:

a) evrópska virðisaukann sem um getur í 3. gr.,

b) dreifingu fjármuna til mennta-, þjálfunar- og æskulýðsgeirans með það í huga að öruggt sé að við lok áætlunarinnar tryggi fjárúthlutun varanleg kerfislæg áhrif,

c) notkun fjármuna frá fjármögnunarleiðunum vegna ytri aðgerða, sem um getur í 4. mgr. 18. gr., og framlags þeirra til markmiða og meginreglna þeirra fjármögnunarleiða.

2. Til viðbótar við eftirlitsstörf sín skal framkvæmdastjórnin leggja fram áfangamatsskýrslu fyrir 31. desember 2017 til að meta árangur þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið með tilliti til markmiða áætlunarinnar og meta skilvirkni hennar og evrópskan virðisauka, og skal henni fylgja, ef við á, tillaga að nýrri löggjöf til breytingar á þessari reglugerð. Í áfangamatsskýrslunni skal fjallað um svigrúm til einföldunar á áætluninni, innra og ytra samhengi hennar, hvort öll markmið hennar eigi áfram við, og hvernig þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, hafa lagt sitt af mörkum til áætlunarinnar Evrópa 2020. Einnig skal í henni tekið tillit til niðurstaðna mats á langtímaáhrifum áætlananna sem voru undanfarar þessarar (menntaáætlunar ESB, Evrópu unga fólksins, Erasmus Mundus-áætlunarinnar og annarra alþjóðlegra áætlana er varða æðri menntun).

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja áfangamatsskýrsluna, sem um getur í 2. mgr., fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

4. Með fyrirvara um kröfurnar, sem settar eru fram í VIII. kafla og skyldur landsskrifstofanna, sem um getur í 28. gr., skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 30. júní 2017, skýrslu um framkvæmd og áhrif áætlunarinnar á yfirráðasvæðum þeirra.

5. Framkvæmdastjórnin skal leggja lokamat á áætluninni fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndina fyrir 30. júní 2022.

22. gr.

Samskipti og miðlun upplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, tryggja miðlun upplýsinga um allar aðgerðir og starfsemi, sem studdar eru af áætluninni, birtingu þeirra og eftirfylgni, og einnig að miðlað sé niðurstöðum fyrri menntaáætlunar ESB, Evrópu unga fólksins og Erasmus Mundus.

2. Styrkþegar í verkefnum, sem studd eru með aðgerðum og starfsemi, sem um getur í 6., 10., 12., 17. og 20. gr., skulu sjá til þess að niðurstöður og áhrif þeirra séu tilkynnt og þeim sé miðlað á viðeigandi hátt. Í þessu getur falist miðlun upplýsinga til jafningja um tækifæri til hreyfanleika.

3. Landsskrifstofurnar, sem um getur í 28. gr., skulu móta samræmda stefnu um skilvirka miðlun og nýtingu á niðurstöðum starfsemi, sem nýtur stuðnings þeirra aðgerða sem þær stýra innan áætlunarinnar, aðstoða framkvæmdastjórnina við það almenna verkefni að miðla upplýsingum um áætlunina, þ.m.t. upplýsingum um aðgerðir og starfsemi sem stýrt er á landsvísu og á vettvangi Sambandsins og niðurstöður þeirra og upplýsa hlutaðeigandi markhópa um aðgerðir framkvæmdar í hlutaðeigandi landi.

4. Opinberir aðilar og einkaaðilar innan þeirra geira sem falla undir áætlunina, skulu nota heitið „Erasmus+“ við miðlun og dreifingu upplýsinga í tengslum við áætlunina. Eftirfarandi heiti skulu notuð fyrir mismunandi geira áætlunarinnar:

— „Comenius“ í tengslum við skólamenntun,

— „Erasmus“ í tengslum við hvers konar æðri menntun innan þátttökulanda áætlunarinnar,

— „Erasmus Mundus“ í tengslum við hvers konar æðri menntun milli þátttökulanda áætlunarinnar og annarra samstarfslanda hennar,

— „Leonardo da Vinci“ í tengslum við starfsmenntun,

— „Grundtvig“ í tengslum við fullorðinsnám,

— „Evrópa unga fólksins“ í tengslum við óformlegt og formlaust nám á sviði æskulýðsmála,

— „Íþróttir“ í tengslum við starfsemi á sviði íþrótta.

5. Samskipti skulu einnig taka til upplýsingamiðlunar stofnana um pólitísk forgangsatriði Sambandsins, að því tilskildu að þau tengist almennu markmiði þessarar reglugerðar.

VII. KAFLI

Aðgangur að áætluninni

23. gr.

Aðgangur

1. Sérhver opinber aðili eða einkaaðili á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og grasrótaríþrótta getur sótt um fjármögnun sem fellur undir þessa áætlun. Í tilviki starfseminnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 13. gr. og a-lið 1. mgr. 14. gr. skal áætlunin styðja þátttöku hópa ungs fólks sem er virkt í æskulýðsstarfi en ekki endilega innan ramma æskulýðssamtaka.

2. Við framkvæmd áætlunarinnar, m.a. við val á þátttakendum og veitingu námsstyrkja, skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin sjá til þess að sérstök áhersla sé lögð á að stuðla að félagslegri aðild og þátttöku fólks með sérþarfir eða fólks sem nýtur færri tækifæra.

24. gr.

Þátttaka landa

1. Eftirtöldum löndum („þátttökulöndum áætlunarinnar“) er frjálst að taka þátt í áætluninni:

a) aðildarríkjum ESB,

b) inngöngulöndum, umsóknarlöndum og mögulegum umsóknarlöndum, sem njóta ávinnings af foraðildaráætlun, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem mælt er fyrir um í viðkomandi rammasamningum, ákvörðunum samstarfsráða eða svipuðum samningum,

c) þeim EFTA-ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum, í samræmi við ákvæði í þeim samningi,

d) Ríkjasambandinu Sviss, á grundvelli tvíhliða samnings sem til stendur að gera við landið.

e) þeim löndum sem falla undir evrópska nágrannastefnu og gert hafa samninga við Sambandið um möguleika á að taka þátt í áætlunum Sambandsins, þó með fyrirvara um að gerður verði tvíhliða samningur við Sambandið um skilyrði fyrir þátttöku þeirra í áætluninni.

2. Þátttökulönd áætlunarinnar skulu taka á sig þær skuldbindingar og sinna þeim verkefnum sem sett eru fram í þessari reglugerð í tengslum við aðildarríkin.

3. Áætlunin skal styðja samstarf við samstarfslönd utan þátttökulandanna, einkum nágrannalönd, í þeim aðgerðum og þeirri starfsemi sem um getur í 6., 10. og 12. gr.

VIII. KAFLI

Stjórnunar- og endurskoðunarkerfi

25. gr.

Til fyllingar

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, tryggja að áætlunin sé í almennu samræmi við eftirfarandi og komi til fyllingar:

a) viðkomandi stefnum og áætlunum, einkum þeim sem tengjast menningu og fjölmiðlum, atvinnumálum, rannsóknum og nýsköpun, iðnaði og fyrirtækjum, samheldni og stefnu í þróunarmálum, einnig stækkunarstefnu og framtaksverkefnum, fjármögnunarleiðum og áætlunum á sviði svæðastefnu og samskipta við önnur ríki,

b) öðrum viðeigandi fjármögnunaraðilum Sambandsins vegna menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og íþrótta, einkum Félagsmálasjóði Evrópu og öðrum fjármögnunarleiðum í tengslum við atvinnumál og félagslega aðild, Byggðaþróunarsjóði Evrópu og „Horizon 2020“ – rammaáætluninni fyrir rannsóknir og nýsköpun, og fjármögnunarleiðum í tengslum við dómsmál og borgararétt, heilbrigðismál, ytri samstarfsáætlanir og foraðildarstuðning.

26. gr.

Framkvæmdaraðilar

Eftirtaldir aðilar skulu annast framkvæmd áætlunarinnar með samræmdum hætti:

a) framkvæmdastjórnin á vettvangi Sambandsins,

b) landsskrifstofurnar á landsvísu í þátttökulöndum áætlunarinnar.

27. gr.

Landsyfirvald

1. Hugtakið „landsyfirvald“ vísar til eins innlends yfirvalds eða fleiri í samræmi við landslög og venju.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 22. janúar 2014, með formlegri tilkynningu sem fastafulltrúar þeirra senda, um þann eða þá aðila sem er heimilt, lögum samkvæmt, að koma fram fyrir þeirra hönd sem landsyfirvald að því er varðar þessa reglugerð. Ef skipt er um landsyfirvald meðan áætlunin er í gildi skal viðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað, í samræmi við sömu málsmeðferð.

3. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að fjarlægja lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir á eðlilegri starfsemi áætlunarinnar, þ.m.t. ef hægt er, ráðstafanir sem miða að því að leysa úr málum sem valda erfiðleikum við að fá vegabréfsáritanir.

4. Landsyfirvaldið skal tilnefna landsskrifstofu eða -stofur eigi síðar en 22. mars 2014. Í tilvikum þar sem um fleiri en eina landsskrifstofu er að ræða, skulu aðildarríkin koma á viðeigandi fyrirkomulagi fyrir samræmda stjórnun á framkvæmd áætlunarinnar á landsvísu, einkum til að tryggja samfellda og kostnaðarhagkvæma framkvæmd áætlunarinnar og skilvirk tengsl við framkvæmdastjórnina að þessu leyti og til að greiða fyrir hugsanlegum millifærslum fjármuna milli skrifstofa og gera þannig sveigjanleika og betri nýtingu fjármuna, sem aðildarríkjunum er úthlutað, möguleg. Með fyrirvara um 3. mgr. 29. gr. skal sérhvert aðildarríki ákveða hvernig það hagar tengslum milli landsyfirvalds síns og landsskrifstofunnar, þ.m.t. verkefnum eins og gerð árlegrar vinnuáætlunar landsskrifstofunnar.

Landsyfirvaldið skal láta framkvæmdastjórninni í té viðeigandi fyrirframmat á reglufylgni sem sýnir að landsskrifstofan uppfylli ákvæði v. og vi. liðar c-liðar 1. mgr. 58. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 og 38. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012 ([19]), og kröfur Sambandsins um innri eftirlitsstaðla fyrir landsskrifstofur og reglur um umsjón með fjármunum áætlunarinnar til styrkveitinga.

5. Landsyfirvaldið skal tilnefna óháðan endurskoðanda eins og um getur í 30. gr.

6. Landsyfirvaldið skal byggja fyrirframmat sitt á reglufylgni á eigin eftirliti og endurskoðun og/eða á eftirliti og endurskoðun óháða endurskoðandans sem um getur í 30. gr.

7. Ef landsskrifstofan, sem tilnefnd er fyrir áætlunina, er sú sama og landsskrifstofan, sem tilnefnd var fyrir fyrri áætlunina, menntaáætlun ESB eða Evrópu unga fólksins, getur umfang eftirlits og endurskoðunar vegna fyrirframmats á reglufylgni takmarkast við nýjar kröfur og kröfur sem eru nýjar og sérstakar fyrir þessa áætlun.

8. Landsyfirvaldið skal hafa eftirlit og umsjón með stjórn áætlunarinnar á landsvísu. Áður en það tekur ákvörðun sem gæti haft veruleg áhrif á stjórn áætlunarinnar, einkum varðandi landsskrifstofu sína, skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það tímanlega og hafa samráð við hana.

([19]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012 frá 29. október 2012 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 362, 31.12.2012, bls. 1).

9. Landsyfirvaldið skal láta í té nægilegt sameiginlegt fjármagn til starfsemi landsskrifstofu sinnar til að tryggja að áætluninni sé stjórnað í samræmi við gildandi reglur Sambandsins.

10. Hafni framkvæmdastjórnin tilnefningu á landsskrifstofu á grundvelli mats síns á fyrirframmatinu á því hvort kröfurnar séu uppfylltar, skal landsyfirvaldið tryggja að gripið sé til nauðsynlegra úrbóta til að gera landsskrifstofunni kleift að uppfylla lágmarkskröfur framkvæmdastjórnarinnar eða tilnefna annan aðila sem landsskrifstofu.

11. Á grundvelli árlegrar skýrslu um rekstur landsskrifstofunnar, álits óháðs endurskoðanda á henni og greiningar framkvæmdastjórnarinnar á því hvort landsskrifstofan uppfylli kröfurnar og um frammistöðu landsskrifstofunnar, skal landsyfirvaldið láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um eftirlit sitt og umsjón með áætluninni, eigi síðar en 31. október ár hvert,

12. Landsyfirvaldið skal bera ábyrgð á eðlilegri stjórnun fjármuna Sambandsins sem framkvæmdastjórnin millifærir til landsskrifstofunnar í formi styrks sem veittur er samkvæmt áætluninni.

13. Verði landsskrifstofan uppvís að hvers konar misfellu, gáleysi eða svikum eða sé um alvarlega ágalla að ræða af hennar hálfu eða ófullnægjandi frammistöðu, sem gefa tilefni til kröfu framkvæmdastjórnarinnar á hendur henni, skal landsyfirvaldið bera ábyrgð á að endurgreiða framkvæmdastjórninni það fé sem ekki er hægt að endurheimta.

14. Við þær aðstæður, sem lýst er í 13. gr., getur landsyfirvaldið, að eigin frumkvæði eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, afturkallað umboð landsskrifstofunnar. Kjósi landsyfirvaldið að afturkalla umboðið af einhverri annarri rökstuddri ástæðu, skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um afturköllunina a.m.k. sex mánuðum fyrir þann dag sem fyrirhugað er að umboð landsskrifstofunnar falli úr gildi. Í slíkum tilvikum skulu landsyfirvaldið og framkvæmdastjórnin komast að formlegu samkomulagi um tilteknar, tímasettar umbreytingarráðstafanir.

15. Komi til afturköllunar skal landsyfirvaldið hafa nauðsynlegt eftirlit með fjármunum Sambandsins sem landsskrifstofunni, sem hafði með höndum umboðið sem var afturkallað, var falin umsjá með og tryggja óhefta yfirfærslu þessara fjármuna til nýju landsskrifstofunnar ásamt öllum nauðsynlegum skjölum og tækjum til að stjórna áætluninni. Landsyfirvaldið skal veita landsskrifstofunni, sem hafði með höndum umboðið sem var afturkallað, nauðsynlegan fjárstuðning til að geta staðið áfram við samningsskuldbindingar sínar gagnvart styrkþegum áætlunarinnar og framkvæmdastjórninni þangað til þessar skyldur flytjast til nýrrar landsskrifstofu.

16. Fari framkvæmdastjórnin fram á það skal landsyfirvaldið tilnefna þær stofnanir eða samtök, eða þær tegundir slíkra stofnana og samtaka, sem teljast hæf til að taka þátt í sérstökum aðgerðum áætlunarinnar á yfirráðasvæði þess.

28. gr.

Landsskrifstofa

1. Hugtakið „landsskrifstofa“ vísar til einnar eða fleiri landsskrifstofa í samræmi við landslög og venju.

2. Landsskrifstofan skal:

a) hafa réttarstöðu lögaðila eða vera hluti aðila sem hefur réttarstöðu lögaðila og lúta lögum viðkomandi aðildarríkis; ekki er heimilt að tilnefna ráðuneyti sem landsskrifstofu,

b) hafa fullnægjandi stjórnunargetu, nógu marga starfsmenn og innviði til að leysa verkefni sín af hendi á fullnægjandi hátt, og tryggja skilvirka og árangursríka stjórnun áætlunarinnar og trausta fjármálastjórnun fjármuna Sambandsins,

c) hafa rekstrarlega getu og lagaleg úrræði til að beita stjórnsýslureglum, samningsreglum og reglum um fjármálastjórnun sem settar eru á vettvangi Sambandsins,

d) bjóða fullnægjandi fjárhagslegar tryggingar, helst gefnar út af opinberu yfirvaldi, sem samsvara því fjármagni Sambandsins sem henni verður fengið til umsjónar,

e) vera tilnefnd fyrir þann tíma sem áætlunin varir.

3. Landsskrifstofan skal bera ábyrgð á stjórnun verkefna á öllum stigum eftirtalinna aðgerða áætlunarinnar, í samræmi við v. og vi. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 og 44. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1268/2012:

a) hreyfanleika einstaklinga í námi, að undanskildum hreyfanleika sem skipulagður er á grundvelli sameiginlegra háskólagráða eða tvíþættra/margþættra háskólagráða, viðamiklum sjálfboðaliðaverkefnum og Ábyrgðarsjóði námslána,

b) stefnumiðaðra samstarfsverkefna innan aðgerðarinnar „samstarf um nýsköpun og miðlun góðra starfsvenja“,

c) stjórnun minniháttar starfsemi sem styður skipuleg skoðanaskipti á sviði æskulýðsmála innan aðgerðarinnar „stuðningur við bætta stefnumótun“.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. má stjórna ákvörðunum um val og úthlutun vegna stefnumiðaðra samstarfsverkefna, sem um getur í b-lið 3. mgr., á vettvangi Sambandsins, ef ákvörðun þess efnis er tekin í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 36. gr. og aðeins í tilteknum tilvikum þar sem skýrar ástæður eru til slíkrar miðstýringar.

5. Landsskrifstofan skal veita styrkþegum styrki annaðhvort með styrksamningi eða styrkákvörðun eins og framkvæmdastjórnin tilgreinir fyrir viðkomandi aðgerð áætlunarinnar.

6. Landsskrifstofan skal árlega gefa framkvæmdastjórninni og landsyfirvaldi sínu skýrslu í samræmi við 5. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012. Landsskrifstofan skal taka tillit til þeirra athugasemda sem framkvæmdastjórnin gerir í kjölfar greiningar sinnar á árlegri skýrslu um rekstur og á áliti óháðs endurskoðanda á henni.

7. Landsskrifstofunni er óheimilt að fela þriðja aðila nokkurt verkefni við framkvæmd áætlunarinnar eða fjárhagsáætlunar, sem henni er falin, án skriflegs fyrirframsamþykkis frá landsyfirvaldinu og framkvæmdastjórninni. Landsskrifstofan skal ein bera ábyrgð á sérhverju verkefni sem þriðja aðila er falið.

8. Ef umboð landsskrifstofu er afturkallað, skal sú skrifstofa áfram bera lagalega ábyrgð á að standa við samningsskuldbindingar sínar gagnvart styrkþegum áætlunarinnar og framkvæmdastjórninni þangað til þessar skyldur flytjast til nýrrar landsskrifstofu.

9. Landsskrifstofan skal hafa umsjón með og slíta fjármögnunarsamningum í tengslum við fyrri menntaáætlun ESB og Evrópu unga fólksins, sem enn eru í gildi við upphaf áætlunarinnar.

29. gr.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

1. Innan tveggja mánaða frá því að fyrirframmat á reglufylgni, sem um getur í 4. mgr. 27. gr., berst frá landsyfirvaldi skal framkvæmdastjórnin samþykkja, samþykkja með fyrirvara eða hafna tilnefningu landsskrifstofu. Framkvæmdastjórnin skal ekki stofna til samningsbundinna tengsla við landsskrifstofu fyrr en hún hefur samþykkt fyrirframmatið um reglufylgni. Sé samþykkið háð fyrirvara getur framkvæmdastjórnin beitt hlutfallslegum varúðarráðstöfunum í samningsbundnum tengslum sínum við landsskrifstofuna.

2. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir fyrirframmat á reglufylgni landsskrifstofunnar, sem tilnefnd er fyrir áætlunina, skal framkvæmdastjórnin ákveða með tilhlýðilegum hætti lagalega ábyrgð vegna fjármögnunarsamninganna í tengslum við fyrri menntaáætlun ESB og Evrópu unga fólksins, sem enn eru í gildi við upphaf áætlunarinnar.

3. Í samræmi við 4. mgr. 27. gr. skal, í skjalinu sem gildir um samningsbundin tengsl milli framkvæmdastjórnarinnar og landsskrifstofunnar:

a) kveða á um innri eftirlitsstaðla fyrir landsskrifstofur og reglur um stjórnun fjármuna Sambandsins til styrkveitinga af hálfu landsskrifstofa,

b) vera að finna vinnuáætlun landsskrifstofunnar þar sem fram koma stjórnunarverkefni landsskrifstofunnar sem Sambandið veitir stuðning til,

c) tilgreina kröfur um skýrslugjöf sem gerðar eru til landsskrifstofunnar.

4. Framkvæmdastjórnin skal árlega láta landsskrifstofunni í té eftirtalda fjármuni áætlunarinnar:

a) fjármuni til styrkveitinga í hlutaðeigandi aðildarríki fyrir aðgerðir áætlunarinnar sem landsskrifstofunni er falið að stjórna,

b) fjárframlag til landsskrifstofunnar fyrir stjórnunarverkefni áætlunarinnar. Það skal greitt sem föst fjárhæð til rekstrarkostnaðar landsskrifstofunnar og ákveðið á grundvelli þeirrar fjárhæðar sem landsskrifstofan fær af fjármunum Sambandsins til styrkveitinga.

5. Framkvæmdastjórnin skal ákveða kröfurnar fyrir vinnuáætlun landsskrifstofa. Framkvæmdastjórnin skal ekki láta landsskrifstofuna fá fjármuni vegna áætlunarinnar fyrr en hún hefur formlega samþykkt vinnuáætlun landsskrifstofunnar.

6. Á grundvelli krafna um reglufylgni landsskrifstofa, sem um getur í 4. mgr. 27. gr., skal framkvæmdastjórnin endurskoða landsbundin stjórnunar- og eftirlitskerfi, einkum á grundvelli fyrirframmatsins á reglufylgni sem landsyfirvaldið lætur henni í té, árlegrar skýrslu um rekstur landsskrifstofunnar og álits óháðs endurskoðanda á henni, með tilhlýðilegu tilliti til árlegra upplýsinga frá landsyfirvaldinu um eftirlit þess og umsjón með áætluninni.

7. Eftir að hafa metið árlegu skýrsluna um rekstur og álit óháðs endurskoðanda á henni skal framkvæmdastjórnin beina áliti sínu og athugasemdum þar að lútandi til landsskrifstofunnar og landsyfirvaldsins.

8. Ef framkvæmdastjórnin getur ekki samþykkt árlegu skýrsluna um rekstur eða álit óháða endurskoðandans á henni, eða hafi landsskrifstofan ekki tekið fullnægjandi tillit til athugasemda framkvæmdastjórnarinnar er framkvæmdastjórninni heimilt að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir og ráðstafanir til úrbóta til að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í samræmi við 4. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012.

9. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja reglulega fundi með neti landsskrifstofa til að tryggja samræmda framkvæmd áætlunarinnar í öllum þátttökulöndum hennar.

30. gr.

Óháður endurskoðandi

1. Óháði endurskoðandinn skal gefa álit á árlegu skýrslunni um rekstur sem um getur í 5. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012.

2. Óháði endurskoðandinn skal:

a) búa yfir nauðsynlegri faglegri hæfni til að annast endurskoðun hjá hinu opinbera,

b) tryggja að við endurskoðun hans sé höfð hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum endurskoðunarstöðlum,

c) ekki eiga hagsmuna að gæta gagnvart lögaðilanum sem landsskrifstofan er hluti af. Einkum skal hann vera óháður lögaðilanum, sem landsskrifstofan er hluti af, við störf sín.

3. Óháði endurskoðandinn skal veita framkvæmdastjórninni og fulltrúum hennar, og einnig Endurskoðunarréttinum, fullan aðgang að öllum skjölum og skýrslum til stuðnings áliti sínu á árlegri skýrslu landsskrifstofunnar um rekstur.

IX. KAFLI

Eftirlitskerfi

31. gr.

Meginreglur eftirlitskerfisins

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hagsmuna Sambandsins sé gætt við framkvæmd aðgerða, sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari reglugerð, með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með skilvirku eftirliti og, ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

2. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á eftirliti með þeim aðgerðum og þeirri starfsemi áætlunarinnar sem landsskrifstofur stjórna. Hún skal setja lágmarkskröfur um eftirlit landsskrifstofunnar og óháða endurskoðandans.

3. Landsskrifstofan skal bera ábyrgð á grunneftirliti með styrkþegum með tilliti til aðgerða og starfsemi áætlunarinnar sem um getur í 3. mgr. 28. gr. Slíkt eftirlit skal veita nægilega vissu fyrir því að styrkir sem veittir eru, séu notaðir eins og ætlast er til og í samræmi við gildandi reglur Sambandsins.

4. Að því er varðar fjármuni áætlunarinnar sem millifærðir eru til landsskrifstofanna skal framkvæmdastjórnin sjá um að samræma á viðeigandi hátt eftirlit sitt við landsyfirvöld

og landsskrifstofurnar, á grundvelli meginreglna um eina endurskoðun og í kjölfar áhættugreiningar. Þetta ákvæði skal ekki gilda um rannsóknir á vegum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF).

32. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa umboð til endurskoðunar, á grundvelli gagna og á vettvangi, í tengslum við alla styrkþega, verktaka, undirverktaka og aðra þriðju aðila sem þegið hafa fjármuni frá Sambandinu. Þessir aðilar mega einnig láta fara fram endurskoðun og eftirlit í tengslum við landsskrifstofurnar.

2. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur látið fara fram vettvangseftirlit og athuganir hjá rekstraraðilum sem slík fjármögnun snertir beint eða óbeint í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 ([20]), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu eða annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða er hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkákvörðun eða samning sem varðar fjármögnun Sambandsins.

3. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir og styrksamningar, styrkákvarðanir og samningar sem leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar, gefa framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum skýlaust umboð til að láta fara fram slíka endurskoðun og annast vettvangseftirlit og athuganir.

X. KAFLI

Framsal valds og framkvæmdarákvæði

33. gr.

Framsal valds til framkvæmdastjórnarinnar

Til að stjórnun verkefna fari fram á því stigi sem best á við skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 34. gr., varðandi breytingu á 3. mgr. 28. gr., en einungis til að kveða á um að viðbótarverkefni verði undir stjórn landsskrifstofanna.

34. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 33. gr., meðan áætlunin varir.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 33. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 33. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

35. gr.

Framkvæmd áætlunarinnar

Til framkvæmdar áætluninni skal framkvæmdastjórnin samþykkja, með framkvæmdargerðum, árlegar vinnuáætlanir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 36. gr. Í sérhverri árlegri vinnuáætlun skal tryggja að árlega sé unnið með samræmdum hætti að framkvæmd almennu og sértæku markmiðanna í 4., 5., 11. og 16. gr. og gerð grein fyrir þeim niðurstöðum sem vænst er í grófum dráttum, aðferðinni við framkvæmdina og heildarfjárhæð. Í árlegu vinnuáætlununum skal einnig vera að finna lýsingu á aðgerðum sem á að fjármagna, upplýsingar um hvaða fjárhæð er veitt til hverrar aðgerðar og dreifingu fjármuna milli aðildarríkjanna til aðgerða sem landsskrifstofurnar stjórna, auk leiðbeinandi tímaáætlunar fyrir framkvæmdina. Þegar um er að ræða styrki skulu þær einnig innihalda upplýsingar um hámarkshlutfall sameiginlegrar fjármögnunar, þar sem tekið skal mið af sérstökum eiginleikum markhópanna, einkum getu þeirra til sameiginlegrar fjármögnunar og möguleikanna á að afla fjár frá þriðju aðilum. Einkum skal sameiginlegt fjármögnunarhlutfall aðgerða, sem beinast að stofnunum með takmarkaða fjárhagslega getu, vera ákveðið að lágmarki 50%.

36. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Nefndinni er heimilt að koma saman í tilteknum samsetningum til að fjalla um atvinnugreinatengd málefni. Eftir því sem við á, í samræmi við starfsreglur hennar og í sérstökum tilvikum, er heimilt að bjóða utanaðkomandi sérfræðingum, þ.m.t. fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, að taka þátt í fundum hennar sem áheyrnarfulltrúar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

([20]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

XI. KAFLI

Lokaákvæði

37. gr.

Niðurfelling og bráðabirgðaákvæði

1. Ákvarðanir nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB eru hér með felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2014.

2. Aðgerðum sem hófust 31. desember 2013 eða fyrr, á grundvelli ákvarðana nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB, skal stýrt, þar sem við á, í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríkin skulu tryggja á landsvísu óhindruð umskipti milli aðgerða, sem framkvæmdar eru innan ramma fyrri áætlana á sviði náms alla ævi, æskulýðsmála og samstarfs á sviði æðri menntunar, og aðgerða sem á að framkvæma samkvæmt áætluninni.

38. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	V. LEŠKEVIČIUS

I. VIÐAUKI

VÍSAR FYRIR MAT Á ÁÆTLUNINNI

Haft verður náið eftirlit með áætluninni á grundvelli vísasafns, sem ætlað að er að mæla að hve miklu leyti almenn og sértæk markmið áætlunarinnar hafa náðst, og með það í huga lágmarka stjórnsýslubyrðar og kostnað. Í því skyni verður gögnum safnað að því er varðar eftirfarandi safn lykilvísa:

Höfuðmarkmið Evrópu 2020 í menntamálum	Hlutfall fólks á aldrinum 18–24 ára sem aðeins hefur lokið grunnskólamenntun og er ekki skráð í nám eða þjálfun
	Hlutfall fólks á aldrinum 30–34 ára sem lokið hefur háskólanámi eða samsvarandi menntun.
Hreyfanleikaviðmiðun, í samræmi við niðurstöður ráðsins um viðmiðun fyrir hreyfanleika í námi	Hlutfall fólks, sem brautskráist frá æðri menntastofnun og sem hefur dvalið erlendis við nám eða þjálfun í tengslum við æðri menntun (þ.m.t. nám á vinnustað)
	Hlutfall fólks á aldrinum 18–34 ára sem lokið hefur grunnstarfsnámi og sem hefur dvalið erlendis við nám eða þjálfun í tengslum við grunnstarfsnám (þ.m.t. nám á vinnustað)
Tölulegar upplýsingar (almennar)	Fjöldi starfsfólks sem áætlunin styrkir, eftir löndum og eftir geirum
	Fjöldi þátttakenda með sérþarfir eða sem njóta færri tækifæra
	Fjöldi og tegund stofnana og verkefna, eftir löndum og eftir geirum
Menntun og þjálfun	Fjöldi nemenda, háskólanema og nema sem taka þátt í áætluninni, eftir löndum, geirum, aðgerðum og kyni
	Fjöldi námsmanna við æðri menntastofnanir, sem fá styrk til að læra í samstarfslandi utan þátttökulandanna, og fjöldi námsmanna frá slíku samstarfslandi sem koma til náms í þátttökulandi áætlunarinnar.
	Fjöldi æðri menntastofnana í samstarfslöndum utan þátttökulandanna sem taka þátt í hreyfanleika- og samstarfsaðgerðum
	Fjöldi notenda að neti Evrópumiðstöðva náms- og starfsráðgjafar
	Hlutfall þeirra þátttakenda sem hafa fengið vottorð, prófskírteini eða annars konar formlega viðurkenningu á þátttöku sinni í áætluninni
	Hlutfall þeirra þátttakenda sem lýsa því yfir að þeir hafi aukið við grundvallarfærni sína
	Hlutfall þeirra þátttakenda sem hafa farið til langtímadvalar við nám eða þjálfun erlendis og lýsa því yfir að þeir hafi aukið við tungumálakunnáttu sína
Jean Monnet	Fjöldi námsmanna sem hlotið hefur þjálfun gegnum Jean Monnet-starfsemi
Æskulýðsmál	Fjöldi ungmenna, sem taka þátt í hreyfanleikaaðgerðum sem styrktar eru af áætluninni, eftir löndum, aðgerðum og kyni
	Fjöldi æskulýðssamtaka sem taka þátt í alþjóðlegum hreyfanleika- og samstarfsaðgerðum, bæði frá þátttökulöndum áætlunarinnar og samstarfslöndum utan þátttökulanda
	Fjöldi notenda að Evróvísis-netinu
	Hlutfall þeirra þátttakenda sem hafa fengið vottorð – t.d. ungmennavegabréf (Youthpass) – eða annars konar formlega viðurkenningu á þátttöku sinni í áætluninni

	Hlutfall þeirra þátttakenda sem lýsa því yfir að þeir hafi aukið við grundvallarfærni sína
	Hlutfall þeirra þátttakenda í sjálfboðaliðastarfi sem lýsa því yfir að þeir hafi aukið við tungumálakunnáttu sína
Íþróttir	Fjöldi félaga í íþróttasamtökum sem sækja um og taka þátt í áætluninni, eftir löndum
	Hlutfall þeirra þátttakenda sem hafa notað niðurstöður verkefna sem ná yfir landamæri til að: a) berjast gegn ógnum sem steðja að íþróttum, b) bæta góða stjórnunarhætti og tvíþættan feril, c) efla félagslega aðild, jöfn tækifæri og þátttökuhlutfall

II. VIÐAUKI

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI ÁBYRGÐARSJÓÐ NÁMSLÁNA

1. Val á fjármálamilliliðum

Í kjölfar auglýsingar eftir yfirlýsingum um áhuga á þátttöku skulu fjármálamilliliðir valdir í samræmi við bestu markaðsvenjur, m.a. með tilliti til eftirfarandi:

a) umfangs fjármögnunar sem mun standa námsmönnum til boða,

b) bestu mögulegu kjara sem námsmönnum standa til boða, með fyrirvara um að þeir uppfylli lágmarksláns-skilyrði eins og um getur í 2. mgr.,

c) aðgengis allra íbúa þátttökulanda áætlunarinnar að fjármagni eins og um getur í 1. mgr. 24. gr.,

d) ráðstafana til að koma í veg fyrir svik og

e) að farið sé að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB ([21]).

2. Vernd fyrir lántaka

Eftirtaldar verndarráðstafanir eru lágmarksskilmálar sem fjármálamilliliðir, sem óska þess að veita námslán sem Ábyrgðarsjóður námslána ábyrgist, verða að leggja til:

a) ekki skal krafist veðs eða að foreldri leggi fram tryggingu,

b) lán skulu veitt án mismununar,

c) það skal vera hluti af matsferlinu að fjármálamilliliðurinn kanni hvort hætta sé á of mikilli skuldsetningu námsmannsins, með hliðsjón af skuldastöðu hans og hvers konar ákvörðun dómstóls í tengslum við ógreidda skuld, og

d) endurgreiðsla skal byggjast á samsettu kerfi sem sameinar staðlaðar greiðslur á grundvelli veðláns og félagslegar verndarráðstafanir, einkum:

i. vexti sem eru töluvert lægri en markaðsvextir,

ii. upphafsgjaldfrest áður en endurgreiðsla hefst, í a.m.k. 12 mánuði eftir að námi lýkur, eða, ef ekki er kveðið á um slíka fresti í landslögum, einungis lágmarksendurgreiðslur á þessu 12 mánaða tímabili,

iii. ákvæði um a.m.k. 12 mánaða „endurgreiðsluhlé“ meðan á lánstíma stendur, sem nýta má að beiðni hins brautskráða námsmanns, eða, ef ekki er kveðið á um slíka fresti í landslögum, einungis lágmarksendurgreiðslur á þessu tólf mánaða tímabili,

iv. möguleika á að fresta greiðslu vaxta á námstímanum,

v. tryggingu vegna andláts eða örorku og

vi. að engin uppgreiðslugjöld verði vegna endurgreiðslu fyrir gjalddaga að hluta eða að fullu.

Fjármálamilliliðum er heimilt að bjóða tekjutengdar endurgreiðslur og hagstæðari skilmála, s.s. lengri gjaldfresti, lengri „greiðsluhlé“ eða framlengingu gjalddaga, til að taka tillit til sérstakra þarfa brautskráðra námsmanna, s.s. þeirra sem í framhaldi leggja stund á doktorsnám, eða til að gefa útskrifuðum námsmönnum lengri tíma til að finna atvinnu. Taka skal tillit til slíkra hagstæðari skilmála í ferlinu við val á fjármálamilliliðum.

3. Eftirlit og mat

Ábyrgðarsjóður námslána skal sæta eftirliti og mati, eins og um getur í 21. gr. þessarar reglugerðar, á grundvelli 8. mgr. 140. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012.

([21]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 87/102/EBE (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66).

Hluti af því ferli er að framkvæmdastjórnin skal gefa skýrslu um áhrif Ábyrgðarsjóðs námslána á styrkþega og á æðri menntakerfi. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skulu m.a. vera gögn um eftirfarandi, auk fyrirhugaðra ráðstafana um að taka á hvers konar óvissuþáttum með tilliti til:

a) fjölda námsmanna sem fá lán sem Ábyrgðarsjóður námslána ábyrgist, þ.m.t. gögn um hlutfall þeirra sem ljúka námi,

b) umfangs lána sem samið er um fyrir milligöngu fjármálamilliliða,

c) vaxtastigs,

d) stöðu útistandandi skulda og vanskila, þ.m.t. hvers konar ráðstafana sem fjármálamilliliðir grípa til gagnvart þeim sem ekki standa í skilum með lán sín,

e) ráðstafana fjármálamilliliða gegn svikum,

f) lýsingar á námsmönnum sem njóta stuðnings, þ.m.t. bakgrunns þeirra með tilliti til félagslegrar og fjárhagslegrar stöðu, námsgreinar, upprunalands og viðtökulands, í samræmi við landslög um gagnavernd,

g) landfræðilegrar dreifingar styrkþega og

h) landfræðilegrar útbreiðslu fjármálamilliliða.

Þrátt fyrir það vald sem Evrópuþinginu og ráðinu er falið með 9. mgr. 140. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 skal framkvæmdastjórnin huga að því að leggja til viðeigandi breytingar á reglum, þ.m.t. lagabreytingar, ef fyrirséð markaðsútbreiðsla eða þátttaka fjármálamilliliða er ekki viðunandi.

4. Fjárhagsáætlun

Fjárlagaheimild skal taka til heildarkostnaðar við Ábyrgðarsjóð námslána, þ.m.t. greiðsluskuldbindingar gagnvart fjármálamilliliðum, sem taka þátt og krefjast hlutaábyrgða og stjórnunarkostnaður fyrir Fjárfestingarsjóð Evrópu.

Fjárveitingar til Ábyrgðarsjóðs námslána, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 18. gr., skulu ekki vera umfram 3,5% af heildarfjárhagsáætlun áætlunarinnar.

5. Sýnileiki og vitundarvakning

Sérhver fjármálamilliliður, sem tekur þátt, skal leggja sitt af mörkum til að kynna Ábyrgðarsjóð námslána með því að veita væntanlegum námsmönnum upplýsingar. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin m.a. láta landsskrifstofunum í þátttökulöndum áætlunarinnar í té nauðsynlegar upplýsingar til að gera þeim kleift að miðla áfram upplýsingum um Ábyrgðarsjóð námslána.

LEIÐRÉTTINGAR **2014/EES/54/124**

Leiðrétting á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (*)

(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 396 frá 30. desember 2006)

Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 verði svohljóðandi:

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1907/2006

frá 18. desember 2006

um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja trausta heilsu- og umhverfisvernd svo og frjálsa dreifingu efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndu eða í hlut, og stuðla jafnframt að samkeppni og nýsköpun. Þessari reglugerð er enn fremur ætlað að stuðla að þróun staðgönguaðferða (alternative methods) við mat á hættu af völdum efna.

2) Starfsemi innri markaðarins fyrir efni verður því aðeins skilvirk að kröfur, sem gilda um efni, séu ekki verulega ólíkar hjá hinum ýmsu aðildarríkjum.

3) Tryggja ber trausta heilsu- og umhverfisvernd með því að samræma löggjöf um efni þar sem markmiðið er að ná sjálfbærni. Í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Bandalagsins ber að beita þeirri löggjöf án mismununar, hvort sem viðskipti með efnin fara fram á innri markaðinum eða alþjóðamarkaði.

4) Samkvæmt framkvæmdaráætluninni, sem samþykkt var á leiðtogafundi um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 4. september 2002, stefnir Evrópusambandið að því að ná því markmiði, eigi síðar en 2020, að íðefni (chemicals) séu framleidd og notuð á þann hátt að umtalsverð, skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfi verði í lágmarki.

5) Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um vinnustaði og umhverfi.

6) Þessi reglugerð ætti að stuðla að því að þau markmið náist sem sett eru í alþjóðaáætlun um meðferð íðefna (Strategic Approach to International Chemical Management (SAICM)) sem samþykkt var í Dubai 6. febrúar 2006.

7) Til að varðveita heilleika innri markaðarins og til að tryggja trausta heilsuvernd, einkum heilsuvernd starfsmanna, og umhverfisvernd er nauðsynlegt að sjá til þess að framleiðsla efna í Bandalaginu sé í samræmi við lög Bandalagsins, einnig þegar um er að ræða efni til útflutnings.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 29.5.2007, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 10.7.2008, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB C 112, 30.4.2004, bls. 92 og Stjtíð. ESB C 294, 25.11.2005, bls. 38.

([2]) Stjtíð. ESB C 164, 5.7.2005, bls. 78.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 17. nóvember 2005 (Stjtíð. ESB C 280 E, 18.11.2006, bls. 303), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. júní 2006 (Stjtíð. ESB C 276 E, 14.11.2006, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 13. desember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum). Ákvörðun ráðsins frá 18. desember 2006.

8) Sérstakt tillit skal tekið til hugsanlegra áhrifa þessarar reglugerðar á lítil og meðalstór fyrirtæki og nauðsynjar þess að þeim sé ekki mismunað.

9) Við mat á beitingu fjögurra helstu lagagerninga um íðefni í Bandalaginu, þ.e. tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([1]), tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ([2]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ([3]) og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ([4]), komu í ljós fjölmörg vandamál við beitingu löggjafar Bandalagsins um efni, sem hafa leitt til misræmis í laga- og stjórnsýsluákvæðum í aðildarríkjunum en það hefur haft bein áhrif á starfsemi innri markaðarins á þessu sviði, og einnig kom í ljós að þörf er á frekari aðgerðum til að vernda lýðheilsu og umhverfið í samræmi við varúðarregluna.

10) Efni undir tolleftirliti, sem eru í tímabundinni geymslu, á frísvæðum eða í tollfrjálsum vörugeymslum og sem ætlunin er að flytja út aftur eða eru í umflutningi, eru ekki notuð í skilningi þessarar reglugerðar og skulu því undanþegin gildissviði hennar. Flutningur hættulegra efna og efnablandna með járnbrautum, á vegum, eftir skipgengum vatnaleiðum, á sjó eða í lofti skal einnig undanþeginn gildissviði hennar enda gildir sérstök löggjöf nú þegar um slíkan flutning.

11) Til að tryggja að endurvinnsla og endurnýting sé raunhæf og til að viðhalda hvötum til þeirrar starfsemi skal úrgangur ekki teljast efni, efnablanda eða hlutur í skilningi þessarar reglugerðar.

12) Mikilvægt markmið með nýja kerfinu, sem komið skal á með þessari reglugerð, er að hvetja til þess, og í sumum tilvikum sjá til þess, að varasöm efni víki smám saman fyrir hættuminni efnum eða tækni ef aðrir fjárhagslega og tæknilega raunhæfir kostir standa til boða. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu tilskipana um vernd starfsmanna og umhverfið, einkum ekki að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB frá 29. apríl 2004 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ([5]) og tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (fjórtánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ([6]) en samkvæmt þeim er vinnuveitendum skylt að losa sig við hættuleg efni, ef það er tæknilega kleift, eða skipta út hættulegum efnum fyrir hættuminni efni.

13) Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um bann og takmarkanir sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([7]) að því er varðar efni sem eru notuð og sett á markað sem efnisþættir í snyrtivörum og falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Að því er varðar notkun þessara efna í snyrtivörur skulu prófanir á hryggdýrum í því skyni að vernda heilbrigði manna, eins og tilgreint er í tilskipun 76/768/EBE, lagðar af í áföngum.

14) Í þessari reglugerð verða teknar saman upplýsingar um efni og notkun þeirra. Viðkomandi hagsmunaaðilar skulu styðjast við fyrirliggjandi upplýsingar, þ.m.t. þær sem teknar eru saman í þessari reglugerð, við beitingu og framkvæmd viðeigandi löggjafar Bandalagsins, t.d. þeirrar er nær yfir framleiðsluvörur, og valfrjálsa gerninga Bandalagsins, s.s. um umhverfismerkingarkerfið. Framkvæmdastjórnin skal við endurskoðun og þróun viðkomandi löggjafar Bandalagsins og valfrjálsra gerninga íhuga hvernig nota skuli upplýsingarnar, sem eru teknar saman í þessari reglugerð, og kanna þann kost að taka upp evrópskt gæðamerki.

15) Nauðsynlegt er að tryggja skilvirka stjórn á tæknilegum, vísindalegum og stjórnsýslulegum þáttum þessarar reglugerðar á vettvangi Bandalagsins. Því skal koma á fót miðlægri stofnun til að gegna þessu hlutverki. Hagkvæmniathugun á þeim tilföngum, sem þessi miðlæga stofnun þarf, leiddi í ljós að óháð, miðlæg stofnun hafði til langs tíma litið fjölmarga kosti umfram aðra kosti. Því skal koma á fót Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Efnastofnunin“).

([1]) (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/73/EB (Stjtíð. ESB L 152, 30.4.2004, bls. 1). Leiðrétt í Stjtíð. ESB L 216, 16.6.2004, bls. 3.

([2]) Stjtíð EB L 262, 27.9.1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/139/EB (Stjtíð. ESB L 384, 29.12.2006, bls. 94).

([3]) Stjtíð EB L 200, 30.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/8/EB (Stjtíð. ESB L 19, 24.1.2006, bls. 12)

([4]) Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([5]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 50. Leiðrétt í Stjtíð. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 23.

([6]) Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

([7]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/1/EB (Stjtíð. ESB L 25, 1.2.2007, bls. 9).

16) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sérstakar skyldur og kvaðir sem eru lagðar á herðar framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum (downstream users) efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða hlutum. Þessi reglugerð byggist á þeirri meginreglu að allir, sem koma að iðnaðinum og framleiða, flytja inn eða nota efni eða setja þau á markað, skuli gera það af þeirri ábyrgð og gát sem er nauðsynleg til þess að tryggja, við fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, að heilbrigði manna og umhverfið verði ekki fyrir skaða.

17) Allar fyrirliggjandi upplýsingar, sem skipta máli, um efni, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða hlutum, skulu teknar saman, í því skyni að auðvelda greiningu hættulegra eiginleika, og ráðleggingar um ráðstafanir við áhættustjórnun skulu berast á kerfisbundinn hátt eftir aðfangakeðjum, eftir því sem telja má nauðsynlegt, svo að koma megi í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið. Enn fremur skal hvetja til þess að tæknilegri ráðgjöf sé miðlað í aðfangakeðjunni, eftir því sem við á, til að stuðla að áhættustjórnun.

18) Ábyrgðin á að stjórna áhættu vegna efna ætti að hvíla á þeim einstaklingum eða lögaðilum sem framleiða, flytja inn, setja á markað eða nota þessi efni. Auðvelt aðgengi skal vera að upplýsingum um framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

19) Ákvæði um skráningu skulu því skylda framleiðendur og innflytjendur til að taka saman gögn um efnin, sem þeir framleiða eða flytja inn, að nota þessi gögn til að meta áhættuna sem tengist þessum efnum og að móta og mæla með viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun. Til að tryggja að þeir ræki þessar skyldur í reynd og einnig í þágu gagnsæis skulu ákvæði um skráningu skylda þá til að leggja málsskjöl með öllum þessum upplýsingum fyrir Efnastofnunina. Leyfa skal dreifingu skráðra efna á innri markaðnum.

20) Ákvæði um mat skulu kveða á um eftirfylgni eftir skráningu með því að heimila eftirlit með því hvort skráning er í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar og, ef nauðsyn krefur, að farið verði fram á frekari upplýsingar um eiginleika efnanna. Telji Efnastofnunin, í samvinnu við aðildarríkin, að ástæða sé til að ætla að efni skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið skal Efnastofnunin, þegar hún hefur tekið efnið inn í samfellda aðgerðaáætlun Bandalagsins um mat á efnum, sjá til þess, með tilstilli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, að þetta efni verði metið.

21) Þótt upplýsingar, sem fást um efni þegar þau eru metin, skuli fyrst og fremst ætlaðar til notkunar fyrir framleiðendur og innflytjendur til að hafa stjórn á áhættunni sem tengist efnum þeirra má einnig nota þær til að hefja málsmeðferð sem tengist leyfisveitingu eða takmörkunum samkvæmt þessari reglugerð eða málsmeðferð í tengslum við áhættustjórnun samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins. Sakir þessa skal séð til þess að þessar upplýsingar séu aðgengilegar lögbærum yfirvöldum og að þau geti notað þær við málsmeðferð af þessu tagi.

22) Ákvæði um leyfisveitingu skulu tryggja hnökralausa starfsemi innri markaðarins og jafnframt að áhættu af völdum sérlega varasamra efna sé haldið örugglega í skefjum. Framkvæmdastjórnin skal einungis veita leyfi til að setja efni á markað og nota þau ef áhættunni, sem fylgir notkun þeirra, er haldið nægilega í skefjum, eftir því sem kostur er, eða ef réttlæta má notkunina með félagslegum og hagrænum rökum og ekki standa til boða neinir aðrir heppilegir kostir sem eru fjárhagslega og tæknilega raunhæfir.

23) Ákvæði um takmarkanir skulu gera kleift að setja bann, algert eða að hluta, á framleiðslu, setningu á markað og notkun efna, sem búa yfir áhættu sem kallar á aðgerðir, eða setja aðrar takmarkanir sem grundvallast á mati á þessari áhættu.

24) Við undirbúning þessarar reglugerðar beitti framkvæmdastjórnin sér fyrir verkefnum til framkvæmdar efnareglunum (Reach Implementation Projects (RIP)) og að þeim koma m.a. viðkomandi sérfræðingar hagsmunahópa. Sum þessara verkefna hafa það að markmiði að útbúa drög að leiðbeiningum og hjálpartæki sem eiga að auðvelda framkvæmdastjórninni, Efnastofnuninni, aðildarríkjunum, framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum efna að rækja skyldur sínar á raunhæfan hátt samkvæmt þessari reglugerð. Þetta starf ætti að gera framkvæmdastjórninni og Efnastofnuninni kleift að semja viðeigandi, tæknilegar leiðbeiningar sem liggja þá fyrir áður en lokafrestir, sem settir eru með þessari reglugerð, renna út.

25) Ábyrgðin á að meta áhættu og hættu af völdum efna skal fyrst og fremst lögð á herðar einstaklingum eða lögaðilum sem framleiða eða flytja inn efni en eingöngu þegar um er að ræða magn sem er yfir tilteknu magni þannig að þeir fái staðið undir tilheyrandi umstangi. Einstaklingar eða lögaðilar, sem meðhöndla íðefni, skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana við áhættustjórnun í samræmi við mat á áhættu vegna efna og láta viðeigandi ráðleggingar berast eftir aðfangakeðjunni. Þetta skal fela í sér lýsingu á áhættunni, sem stafar af framleiðslu, notkun og förgun hvers efnis, og tilheyrandi skjalfestingu og tilkynningu á viðeigandi og gagnsæjan hátt.

26) Svo að vinna megi efnaöryggismat á árangursríkan hátt skulu framleiðendur og innflytjendur efna afla sér upplýsinga, ef nauðsyn krefur með því að gera nýjar tilraunir, um þessi efni, .

27) Til að greiða fyrir framfylgd og mati og tryggja gagnsæi skulu upplýsingar um þessi efni svo og tengdar upplýsingar, þ.m.t. um ráðstafanir við áhættustjórnun, að öllu jöfnu lagðar fyrir yfirvöld.

28) Vísindalegar rannsóknir og þróunarstarf krefjast venjulega magns sem er minna en eitt tonn á ári. Ekki er nauðsynlegt að veita undanþágu vegna starfsemi af þessu tagi enda hvort sem er ekki nauðsynlegt að skrá efni í þessu magni. Til að stuðla að nýsköpun skulu þó vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun undanþegnar skráningarskyldu í tiltekinn tíma ef ekki er ætlunin að setja efnið strax á markað fyrir ótakmarkaðan fjölda notenda vegna þess að notkun þess í efnablöndur eða hluti útheimtir enn frekari rannsóknir og þróun sem hugsanlegur skráningaraðili framkvæmir sjálfur eða í samstarfi við takmarkaðan fjölda þekktra viðskiptavina. Auk þess þykir rétt að kveða á um svipaða undanþágu fyrir eftirnotendur sem nota efnið í tengslum við vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun, svo fremi áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið sé haldið nægilega í skefjum í samræmi við kröfur í löggjöf um vernd starfsmanna og umhverfis.

29) Þar eð framleiðendur og innflytjendur hluta skulu vera ábyrgir fyrir hlutum sínum er rétt að setja fram kröfu um skráningu efna sem ætlunin er að losni úr hlutum og hafa ekki verið skráð til þeirrar notkunar. Efnastofnuninni skal tilkynnt um sérlega varasöm efni sem eru í hlutum í magni sem er yfir leyfilegum mörkum í tonnatölu og styrk og þar sem ekki er unnt að komast hjá váhrifum af völdum efnanna og enginn aðili hefur skráð efnið til þessarar notkunar. Efnastofnunin skal einnig hafa umboð til að krefjast skráningarskjala hafi hún ástæðu til að ætla að losun efnis úr hlutnum geti skapað áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og efnið er í þessum hlutum í magni sem er samtals yfir einu tonni á ári á framleiðanda eða innflytjanda. Efnastofnunin skal vega og meta nauðsyn þess að leggja fram tillögu um takmörkun ef hún telur að slík efni í hlutum skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægjanlega í skefjum.

30) Kröfurnar, sem gerðar eru til framleiðenda og innflytjenda um að vinna efnaöryggismat, skulu skilgreindar nákvæmlega í tæknilegum viðauka svo að þeim sé gert kleift að rækja skyldur sínar. Til að deila umstanginu á sanngjarnan hátt með viðskiptavinum sínum skulu framleiðendur og innflytjendur í efnaöryggismati sínu ekki aðeins fjalla um eigin notkun og þá notkun sem tilgreind er við setningu efna þeirra á markað heldur einnig um alla notkun sem viðskiptavinir þeirra fara fram á að þeir fjalli um.

31) Framkvæmdastjórnin skal, í nánu samstarfi við iðnaðinn, aðildarríkin og aðra viðkomandi hagsmunaaðila, semja leiðbeiningar um hvernig uppfylla skuli kröfurnar samkvæmt þessari reglugerð sem tengjast efnablöndum (einkum að því er varðar öryggisblöð þar sem settar eru fram sviðsmyndir af váhrifum), þ.m.t. mat á efnum sem eru hluti sérstakra efnablandna, s.s. málmar í málmblöndum. Við þetta skal framkvæmdastjórnin taka fullt tillit til þess starfs, sem hefur farið fram innan ramma verkefna til framkvæmdar efnareglunum, og setja nauðsynlegar leiðbeiningar um þetta mál inn í heildarleiðbeiningarnar um REACH. Þessar leiðbeiningar skulu liggja fyrir áður en þessari reglugerð verður hrint í framkvæmd.

32) Efnaöryggismat þarf ekki að fara fram þegar um er að ræða efni í efnablöndum sem eru í tilteknum, mjög litlum styrk sem ekki er talinn varasamur. Efni í efnablöndum í svo litlum styrk skulu einnig undanþegin leyfisskyldu. Þessi ákvæði gilda á sama hátt um efnablöndur, sem eru blöndur fastefna, þar til þeim er gefið tiltekið form svo að þær breytast í hlut.

33) Kveðið skal á um samnýtingu upplýsinga um efni og að þær megi leggja sameiginlega fram svo að unnt sé að auka skilvirkni skráningarkerfisins og draga úr kostnaði og prófunum á hryggdýrum. Einn úr hópi margra skráningaraðila skal leggja fram upplýsingar fyrir hönd hinna í samræmi við reglur sem tryggja að allar tilskildar upplýsingar verði lagðar fram þannig að deila megi kostnaðinum. Skráningaraðili skal geta lagt upplýsingar beint fyrir Efnastofnunina í tilteknum sértilvikum.

34) Kröfur um að taka saman upplýsingar um efni skulu stigherðast í samræmi við magn framleiðslu eða innflutnings tiltekins efnis, þar eð magnið gefur vísbendingu um hugsanleg váhrif fyrir menn og umhverfið af völdum efnisins, og því skal kröfunum lýst í smáatriðum. Svo að draga megi úr umstangi kringum efni í litlu magni skal aðeins krefjast nýrra, eiturefnafræðilegra og visteiturefnafræðilegra upplýsinga um forgangsefni í magni á bilinu 1 til 10 tonn. Nota skal hvata til að stuðla að því að framleiðendur og innflytjendur veiti þessar upplýsingar að því er varðar önnur efni í magni á þessu bili.

35) Aðildarríkin, Efnastofnunin og allir hagsmunaaðilar skulu taka fullt tillit til niðurstaðna úr verkefnum til framkvæmdar efnareglunum, einkum að því er varðar skráningu efna sem finnast í náttúrunni.

36) Nauðsynlegt er að vega og meta beitingu ákvæða a- og b-liðar 7. mgr. 2. gr. og XI. viðauka, að því er varðar efni sem fengin eru við jarðefnavinnslu, og taka skal fullt tillit til þessa við endurskoðun IV. og V. viðauka.

37) Ef prófanir eru gerðar skulu þær vera í samræmi við viðeigandi kröfur um vernd tilraunadýra, sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 86/609/EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni ([1]), og, ef um er að ræða visteiturefnafræðilegar og eiturefnafræðilegar prófanir, í samræmi við góðar starfsvenjur við rannsóknir sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB frá 11. febrúar 2004 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á íðefnum ([2]).

38) Þá skal einnig leyft að upplýsinga sé aflað með öðrum aðferðum sem jafnast á við upplýsingar sem fást með tilskildum prófunum og prófunaraðferðum, t.d. ef þessar upplýsingar eru fengnar með fullgildum líkönum af eigindlegum eða megindlegum tengslum byggingar og virkni eða leiddar af efnum með skylda byggingu. Efnastofnunin skal því í samstarfi við aðildarríkin og hagsmunaaðila semja viðeigandi leiðbeiningar að þessu lútandi. Þá skal einnig gefinn kostur á að sleppa því að leggja fram tilteknar upplýsingar ef unnt er að færa fyrir því viðeigandi rök. Út frá þeirri reynslu, sem fæst í verkefnum til framkvæmdar efnareglunum, skulu viðmiðanir fastsettar til að skilgreina hvað slík rök þurfi að fela í sér.

39) Til að auðvelda fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum, að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð skulu aðildarríkin setja á laggirnar sérstök þjónustuborð sem komi til viðbótar tæknilegum leiðbeiningarskjölum frá Efnastofnuninni.

40) Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin, iðnaðurinn og aðrir hagsmunaaðilar skulu áfram stuðla að aukinni notkun staðgönguaðferða við prófanir á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, þ.m.t. tölvustuddar aðferðir, aðferðir sem byggjast á tilraunum í glasi, eftir því sem við á, aðferðir sem byggjast á eiturhrifaerfðafræði (toxicogenomics) og aðrar viðeigandi aðferðir. Áætlun Bandalagsins, sem stuðla skal að því að fram komi staðgönguaðferðir við prófanir, er forgangsverkefni og framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að þetta verði áfram í forgangi í framtíðarrammaáætlunum hennar á sviði rannsókna og í framtaksverkefnum á borð við aðgerðaáætlun Bandalagsins um vernd og velferð dýra 2006 til 2010. Leita skal eftir þátttöku og frumkvæði allra hagsmunaaðila.

41) Af ástæðum, er varða nýtanleika og sérstakt eðli milliefna, skal mæla fyrir um sértækar kröfur varðandi skráningu þeirra efna. Fjölliður skulu undanþegnar skráningu og mati þar til unnt er á skynsamlegan og hagkvæman hátt að velja þær fjölliður úr, sem nauðsynlegt er að skrá vegna áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, út frá traustum, tæknilegum og fullgildum, vísindalegum viðmiðunum.

42) Þessi skráning skal dreifast á tilhlýðilega langan tíma, án þess að um óþarfa töf verði að ræða, svo að yfirvöld og einstaklingar eða lögaðilar verði ekki fyrir óhóflegu vinnuálagi vegna skráningar efna sem eru í skráningarbið (phase-in substances) og eru þegar á innri markaðinum. Því skal tiltaka frest til að skrá þessi efni.

43) Gögn, er varða efni sem hafa þegar verið tilkynnt í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, skulu færð inn í kerfið og uppfærð þegar næsta magnþröskuldi er náð.

44) Öll skráningarskjöl skulu lögð fyrir Efnastofnunina í því skyni að koma á samræmdu og einföldu kerfi. Til að tryggja samræmda framkvæmd og skilvirka nýtingu tilfanga skal stofnunin athuga við hverja skráningu hvort skráningarskjölin séu fullnægjandi og taka ábyrgð á öllum tilvikum þar sem skráningu er endanlega hafnað.

45) Í Evrópuskránni fyrir íðefni á markaði (EINECS) eru tiltekin flókin efni skráð undir einni færslu. Skrá má óvissuefni (UVCB-efni) (efni, sem eru með óþekktri eða breytilegri samsetningu, flókin myndefni efnahvarfa eða líffræðileg efni) sem eitt efni samkvæmt þessari reglugerð þrátt fyrir breytilega samsetningu þeirra, að því tilskildu að ekki sé mikill munur á hættulegum eiginleikum þeirra og tryggt sé að flokkun þeirra allra sé hin sama.

46) Skráningaraðilum skal gert skylt að upplýsa Efnastofnunina um tilteknar breytingar á upplýsingunum til að tryggja að þær upplýsingar, sem aflað er í tengslum við skráninguna, séu jafnan uppfærðar.

47) Í samræmi við tilskipun 86/609/EBE er nauðsynlegt að finna aðferðir sem komið geta í stað prófana á hryggdýrum, dregið úr þeim eða bætt þær. Framkvæmd þessarar reglugerðar skal grundvallast á notkun staðgönguaðferða við prófanir sem henta til þess að meta hættu af völdum íðefna fyrir heilbrigði og umhverfið eftir því sem kostur er. Forðast skal að nota tilraunadýr með því að nota í staðinn staðgönguaðferðir sem framkvæmdastjórnin eða alþjóðlegar stofnanir hafa fullgilt eða sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnunin, eftir því sem við á, hafa viðurkennt að uppfylli upplýsingakröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við viðkomandi hagsmunaaðila, setja fram tillögu um breytingu á væntanlegri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eða þessari reglugerð, eftir því sem við á, til þess að finna aðferðir sem komið geta í stað dýratilrauna, dregið úr þeim eða bætt þær. Framkvæmdastjórnin og Efnastofnunin skulu sjá til þess að fækkun dýratilrauna verði lykilatriði við samningu og viðhald leiðbeininga til hagsmunaaðila og í starfsreglum Efnastofnunarinnar.

([1]) Stjtíð. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/65/EB (Stjtíð. EB L 230, 16.9.2003, bls. 32.).

([2]) Stjtíð. EB L 50, 20.2.2004, bls. 44.

48) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á fullnaðarbeitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.

49) Svo að komast megi hjá tvíverknaði, og þó einkum til að draga úr prófunum á hryggdýrum, skulu ákvæði, sem varða undirbúning og framlagningu skráningarskjala og uppfærslur þeirra, kveða á um samnýtingu upplýsinga fari einhver skráningaraðila fram á það. Lúti upplýsingarnar að hryggdýrum skal skráningaraðilanum skylt að fara fram á að fá þær.

50) Það er í þágu almennings að sjá til þess að niðurstöður prófana, varðandi hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið af völdum tiltekinna efna, berist sem allra fyrst til þeirra einstaklinga eða lögaðila sem þurfa á þeim að halda þannig að halda megi hvers kyns áhættu, sem tengist notkun efnanna, í lágmarki. Samnýta skal upplýsingar fari einhver skráningaraðila fram á það, einkum þegar um er að ræða upplýsingar um prófanir á hryggdýrum, að uppfylltum skilyrðum sem tryggja fyrirtækinu, sem gerði prófanirnar, sanngjarna þóknun.

51) Rétt þykir að gera ráðstafanir til þess að skráningaraðilar samnýti upplýsingar, enda komi sanngjörn þóknun fyrir, til þess að styrkja samkeppnishæfni iðnaðarins í Bandalaginu og til þess að þessari reglugerð verði beitt á eins skilvirkan hátt og unnt er.

52) Til að virða lögmætan hugverkarétt þeirra sem afla gagna með prófunum skal eigandi slíkra gagna geta, um tólf ára skeið, krafið þá skráningaraðila um þóknun sem nýta sér þessi gögn.

53) Svo að hugsanlegur skráningaraðili efnis í skráningarbið eigi þess kost að halda áfram með skráningarferlið, jafnvel þótt hann nái ekki samkomulagi við fyrri skráningaraðila, skal Efnastofnunin leyfa, ef eftir því er leitað, notkun hvers kyns stuttra samantekta eða ítarlegra rannsóknarsamantekta (robust study summary) á prófunum sem hafa þegar verið lagðar fram. Skráningaraðilanum, sem tekur við þessum gögnum, er skylt að greiða eiganda gagnanna hluta af kostnaði hans. Ef um er að ræða efni sem eru ekki í skráningarbið getur Efnastofnunin beðið um staðfestingu á því að hugsanlegur skráningaraðili hafi gengið frá greiðslu til þess aðila, er stóð fyrir viðkomandi rannsókn, áður en Efnastofnunin veitir þessum hugsanlega skráningaraðila leyfi til þess að nota upplýsingarnar við skráningarferli sitt.

54) Skráningaraðilar efna í skráningarbið skulu forskrá þau, svo fljótt sem við verður komið, í gagnagrunn, sem Efnastofnunin stýrir, til þess að forðast tvíverknað og þó einkum til þess að komast hjá endurtekningu prófana. Koma skal á fót kerfi sem verði gagnaskiptatorg fyrir efni (Substance Information Exchange Forums, SIEF) til þess að auðvelda skipti á upplýsingum um efni sem hafa verið skráð. Þátttakendur á þessum vettvangi fyrir skipti á gögnum um efni skulu vera allir aðilar sem senda Efnastofnuninni upplýsingar um sama efnið sem er í skráningarbið. Í þessum hópi skulu vera hugsanlegir skráningaraðilar, sem verða að leggja fram upplýsingar og fá upplýsingar sem skipta máli við skráningu efna þeirra, og einnig aðrir þátttakendur sem kunna að fá þóknun fyrir rannsóknir sínar en eiga ekki rétt á að fara fram á upplýsingar. Þeir skulu rækja tilteknar skyldur í því skyni að tryggja snurðulausa starfsemi þessa kerfis. Ef aðili að gagnaskiptatorgi fyrir efni rækir ekki skyldur sínar skal hann beittur viðurlögum í samræmi við brotið en öðrum aðilum skal gert kleift að halda áfram undirbúningi sínum við eigið skráningarferli. Í tilvikum, þar sem efni hafa ekki verið forskráð, skal gera ráðstafanir til þess að auðvelda eftirnotendum að verða sér úti um aðrar birgðalindir.

55) Framleiðendur og innflytjendur efnis, sem er notað eitt sér eða í efnablöndu, skulu hvattir til þess að láta eftirnotendur efnisins vita hvort þeir hyggist skrá efnið. Ef framleiðandinn eða innflytjandinn hyggst ekki skrá efnið skulu eftirnotendur fá upplýsingar um það í tæka tíð fyrir eindaga skráningar svo að þeir fái ráðrúm til að svipast um eftir öðrum birgðalindum.

56) Hluti af ábyrgð framleiðenda og innflytjenda í tengslum við áhættustjórnun vegna efna er fólginn í að miðla upplýsingum um þessi efni til annars fagfólks, s.s. eftirnotenda og dreifenda. Auk þess skulu framleiðendur og innflytjendur hluta veita eftirnotendum og öðrum notendum upplýsingar um örugga notkun hlutanna. Þessi mikilvæga ábyrgð skal einnig gilda um alla aðfangakeðjuna þannig að allir, er koma að málum, geti risið undir ábyrgð sinni að því er varðar stjórnun á þeirri áhættu sem stafar af notkun efnanna.

57) Þar eð gildandi öryggisblað er nú þegar notað sem samskiptatæki í aðfangakeðju efna og efnablandna er rétt að þróa það frekar og gera það að óaðskiljanlegum hluta þess kerfis sem til verður með þessari reglugerð.

58) Til að um ábyrgðarkeðju verði að ræða skulu eftirnotendur bera ábyrgð á því að meta áhættuna sem hlýst af efnunum sem þeir nota ef notkunin er ekki samkvæmt öryggisblaði, sem þeir hafa fengið frá birgjum sínum, nema viðkomandi eftirnotandi geri frekari verndarráðstafanir en þær sem birgir hans leggur til eða þess sé ekki krafist að birgir hans meti slíka áhættu eða leggi honum til upplýsingar um þessa áhættu. Af sömu ástæðu skulu eftirnotendur bregðast við áhættunni sem stafar af efnunum sem þeir nota. Að auki þykir rétt að allir framleiðendur og innflytjendur hluta, sem innihalda sérlega varasöm efni, leggi fram upplýsingar sem nægja til þess að nota megi hlutinn á öruggan hátt.

59) Kröfurnar, sem gerðar eru til eftirnotenda um að vinna efnaöryggismat, skulu einnig skilgreindar nákvæmlega svo að þeim sé gert kleift að rækja skyldur sínar. Þessar kröfur gilda eingöngu ef heildarmagn efnis eða efnablöndu er meira en eitt tonn. Hvað sem öðru líður skulu eftirnotendur vega og meta notkunina og ákveða til hvaða ráðstafana skuli gripið í tengslum við áhættustjórnun og hrinda þeim í framkvæmd. Eftirnotendur skulu gera Efnastofnuninni grein fyrir tilteknum grundvallarupplýsingum um notkunina.

60) Til að greiða fyrir framfylgd og mati skal eftirnotendum skylt að veita Efnastofnuninni tilteknar grundvallarupplýsingar, ef notkun þeirra á tilteknu efni fellur ekki undir skilyrðin í þeirri váhrifasviðsmynd sem lýst er á öryggisblaðinu sem upprunalegi framleiðandinn eða innflytjandinn lét í té, og þeim er einnig skylt að uppfæra slíkar upplýsingar stöðugt.

61) Af ástæðum, er varða framkvæmanleika og meðalhóf, er rétt að undanþiggja eftirnotendur, sem nota lítið magn efnis, slíkri skýrslugjöf.

62) Auðvelda skal miðlun upplýsinga upp og niður eftir aðfangakeðjunni. Framkvæmdastjórnin skal setja upp kerfi til að flokka stuttar, almennar lýsingar á hvers kyns notkun og taka þar tillit til niðurstaðna úr verkefnum til framkvæmdar efnareglunum.

63) Þá er einnig nauðsynlegt að sjá til þess að öflun upplýsinga sé löguð að raunverulegri þörf fyrir upplýsingar. Efnastofnunin skal því við matið taka ákvörðun um þær prófunaráætlanir sem framleiðendur og innflytjendur leggja til. Efnastofnunin skal, í samstarfi við aðildarríkin, setja tiltekin efni í forgang, t.d. þau sem talið er að geti verið sérlega varasöm.

64) Hagsmunaaðilar skulu, í því skyni að koma í veg fyrir óþarfar tilraunir á dýrum, fá 45 daga frest sem þeir skulu nýta til þess að leggja fram vísindalega fullgildar upplýsingar og niðurstöður rannsókna á viðkomandi efni og hættulegum eiginleikum þeirra (hazard endpoint), sem fjallað er um í viðkomandi prófunartillögu. Taka skal tillit til þessara vísindalega fullgildu upplýsinga og rannsóknaniðurstaðna, sem Efnastofnuninni berast, þegar ákvarðanir eru teknar um tillögur um prófanir.

65) Auk þess er nauðsynlegt að skapa traust á almennum gæðum skráningarferlisins og sjá til þess að þorri almennings, svo og hagsmunaaðilar í efnaiðnaði, treysti því að einstaklingar og lögaðilar ræki þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar. Þessu til samræmis þykir rétt að kveða á um að skrá skuli hvaða upplýsingar hafi verið yfirfarnar af matsmanni, sem býr yfir viðeigandi reynslu, og að Efnastofnunin skuli sannreyna tiltekinn hundraðshluta skráningarskjalanna til að kanna hvort þau uppfylli tilskildar kröfur.

66) Efnastofnunin skal einnig hafa umboð til þess að krefjast frekari upplýsinga frá framleiðendum, innflytjendum eða eftirnotendum um efni sem talið er, á grundvelli mats sem unnið hefur verið, að geti valdið áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, m.a. af þeirri ástæðu að efnin eru á innri markaðnum í miklu magni. Á grundvelli viðmiðana við forgangsröðun efna, sem Efnastofnunin mótar í samstarfi við aðildarríkin, skal semja samfellda aðgerðaáætlun Bandalagsins um mat á efnum þar sem lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna er falið að meta þau efni sem falla undir hana. Ef rök eru færð fyrir því skal lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna einnig heimilt að krefjast frekari upplýsinga ef notkun einangraðra milliefna á framleiðslustað veldur áhættu sem jafnast á við þann vanda sem fylgir notkun efna sem eru háð leyfi.

67) Almennt samkomulag innan aðildarríkjanefndar Efnastofnunarinnar um drög að ákvörðunum hennar ætti að verða grundvöllur að skilvirku kerfi þar sem dreifræðisreglan er virt jafnframt því sem innri markaðnum er viðhaldið. Setji eitt eða fleiri aðildarríki eða Efnastofnunin sig á móti tilteknum drögum að ákvörðun skulu þau samþykkt með miðlægri málsmeðferð. Nái nefnd aðildarríkjanna ekki samhljóða samkomulagi skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun í samræmi við nefndarmeðferð.

68) Mat getur leitt til þeirrar niðurstöðu að grípa þurfi til aðgerða samkvæmt málsmeðferð um takmarkanir eða leyfisveitingu eða að ráðstafanir við áhættustjórnun skuli íhugaðar á grundvelli annarrar viðeigandi löggjafar. Upplýsingar um framvindu matsins skulu því birtar.

69) Til þess að tryggja trausta heilsuvernd, þ.m.t. með tilliti til viðkomandi þjóðfélagshópa og hugsanlega til tiltekinna, viðkvæmra undirhópa, skal, í samræmi við varúðarregluna, fylgjast grannt með sérlega varasömum efnum. Veita skal leyfi ef einstaklingur eða lögaðili, sem sækir um leyfi, sýnir yfirvaldinu, sem veitir leyfi, fram á að áhættunni, sem heilbrigði manna og umhverfi stafar af notkun efnisins, er haldið nægilega í skefjum. Leyfa má þó notkun efnis ef unnt er að sýna fram á að félagslegur og hagrænn ávinningur af notkun þess vegi þyngra en áhættan, sem tengist notkun þess, og að ekki standi til boða nein önnur heppileg efni eða önnur tækni sem er fjárhagslega og tæknilega raunhæf. Með hnökralausa starfsemi innri markaðarins að leiðarljósi þykir rétt að framkvæmdastjórnin sé það yfirvald sem veitir leyfið.

70) Koma skal í veg fyrir að sérlega varasöm efni hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið með því að beita viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun til þess að tryggja að hvers kyns áhættu, sem stafar af notkun efnis, sé haldið nægilega í skefjum og að það sé haft í huga að þessi efni víki smám saman fyrir öruggari efnum. Beita skal ráðstöfunum við áhættustjórnun til að tryggja, þegar efni eru framleidd, sett á markað og notuð, að váhrif af völdum þessara efna, þ.m.t. við sleppingu, losun og tap, sé allan vistferil þeirra undir þeim viðmiðunarmörkum sem skaðleg áhrif geta komið fram við. Ávallt skal gera ráðstafanir, að því er varðar öll efni sem leyfi hefur verið veitt fyrir og að því er varðar öll önnur efni sem ókleift hefur reynst að ákvarða örugg váhrifamörk fyrir, til þess að halda, eins og framast er tæknilega kleift og við verður komið, váhrifum og losun í lágmarki með það í huga að skaðleg áhrif verði svo lítil sem framast er kostur. Í öllum efnaöryggisskýrslum skal benda á ráðstafanir til þess að tryggja viðeigandi stjórn á málum. Þessum ráðstöfunum skal beitt og öðrum aðilum í aðfangakeðjunni skal, eftir því sem við á, ráðlagt að nota þær.

71) Þróa má aðferðir við að ákvarða viðmiðunarmörk fyrir krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi efni út frá niðurstöðum úr verkefnum til framkvæmdar efnareglunum. Breyta má viðkomandi viðauka á grundvelli þessara aðferða svo að styðjast megi við viðmiðunarmörk þar sem við á en tryggja jafnframt trausta heilsu- og umhverfisvernd.

72) Til þess að styðja það markmið að skipta sérlega varasömum efnum smám saman út fyrir önnur heppilegri efni eða aðra tækni skulu allir umsækjendur um leyfi leggja fram greiningu á öðrum kostum og vega og meta áhættuna við þá og hvort útskiptingin er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanleg, þ.m.t. upplýsingar um allar rannsóknir og þróun sem umsækjandinn vinnur að eða hyggst vinna að. Leyfi skulu enn fremur endurmetin innan tiltekins tíma, sem ákveðinn skal í hverju tilviki um sig, og þau skulu að jafnaði bundin skilyrðum, þ.m.t. um vöktun.

73) Ef framleiðsla, notkun eða setning efnis á markað, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, hefur í för með sér óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið skal þess krafist að því efni verði skipt út, með hliðsjón af því hvort völ er á heppilegri og öruggari efnum eða tækni í staðinn og með hliðsjón af félagslegum og hagrænum ávinningi af notkun efnisins sem hefur í för með sér óviðunandi áhættu.

74) Allir sem sækja um leyfi til að nota sérlega varasöm efni, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, skulu vega og meta hvort unnt sé að skipta þeim út fyrir önnur heppilegri og öruggari efni eða tækni með því að framkvæma greiningu á öðrum kostum, á áhættunni sem fylgir notkun annarra kosta og á því hvort útskiptingin er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanleg.

75) Sá kostur að setja takmarkanir á framleiðslu, setningu á markað eða notkun hættulegra efna, efnablandna og hluta gildir um öll efni sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, með fáeinum undantekningum. Haldið skal áfram að setja takmarkanir á setningu á markað og notkun efna sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða skaðleg fyrir æxlun og í 1. eða 2. flokki enda varði takmarkanirnar notkun neytenda á þessum efnum, annaðhvort einum sér eða í efnablöndum.

76) Alþjóðleg reynsla leiðir í ljós að efni, sem búa yfir eiginleikum sem valda því að þau verða þrávirk, líkleg til þess að safnast upp í lífverum og eitruð eða mjög þrávirk og mjög líkleg til þess að safnast upp í lífverum, eru sérlega varasöm og hafa viðmiðanir verið settar sem gera kleift að greina slík efni. Tiltekin önnur efni þykja nægilega varasöm til þess að fjallað verði um þau á sama hátt í hverju tilviki fyrir sig. Viðmiðanirnar í XIII. viðauka skulu endurskoðaðar með hliðsjón af fyrirliggjandi og hvers kyns nýrri kunnáttu við greiningu á þessum efnum og, ef við á, þeim breytt með það í huga að tryggja trausta heilsu- og umhverfisvernd.

77) Af ástæðum er varða framkvæmanleika og hagkvæmni og snúa bæði að einstaklingum og lögaðilum, sem þurfa að útbúa umsóknarskjöl og grípa til viðeigandi ráðstafana við áhættustjórnun, og að yfirvöldum, sem verða að fjalla um leyfisumsóknir, skal aðeins takmarkaður fjöldi efna vera samtímis í leyfisveitingarferli og raunhæfur frestur skal veittur fyrir umsóknir og jafnframt má undanþiggja tiltekna notkun. Efni, sem teljast uppfylla viðmiðanirnar vegna leyfisveitingar, skulu sett á skrá yfir umsóknarefni með það í huga að þau fari síðar inn í leyfisveitingarferlið. Í þessari skrá skulu efni, sem eru til umfjöllunar í vinnuáætlun Efnastofnunarinnar, skýrt auðkennd.

78) Efnastofnunin skal gefa ráð um forgangsröðun efna, sem taka á til umfjöllunar í leyfisveitingarferlinu, þannig að ákvarðanir endurspegli þarfir þjóðfélagsins sem og þekkingu og framfarir á sviði vísinda.

79) Ef efni er algerlega bannað merkir það að ekki má leyfa það til neinnar notkunar. Það væri því tilgangslaust að heimila að umsókn um leyfi verði lögð fram fyrir slíkt efni. Í slíkum tilvikum skulu efni tekin af skrá um efni, sem sækja má um leyfi fyrir, og þau sett á skrá yfir efni sem eru háð takmörkunum.

80) Tryggja skal rétta samverkan milli ákvæðanna um leyfisveitingu og takmarkanir í því skyni að varðveita skilvirka starfsemi innri markaðarins og tryggja öryggi og vernda heilbrigði manna og umhverfið. Takmarkanir, sem eru í gildi þegar tilteknu efni er bætt í skrána yfir efni sem sótt er um leyfi fyrir, skulu gilda áfram fyrir viðkomandi efni. Efnastofnunin skal vega og meta hvort áhættunni, sem stafar af efnum í hlutum, er haldið nægilega vel í skefjum og, ef svo er ekki, undirbúa málsskjöl í tengslum við innleiðingu frekari takmarkana varðandi efni sem ekki má nota án leyfis.

81) Til að koma á samræmdri aðferð við veitingu leyfa fyrir notkun tiltekinna efna skal Efnastofnunin gefa út álit um áhættuna, sem þessi notkun hefur í för með sér, þ.m.t. hvort eftirlit með viðkomandi efnum sé nægilegt, og um allar félagshagfræðilega greiningar sem þriðju aðilar kunna að leggja fyrir stofnunina. Framkvæmdastjórnin skal hafa þessi álit til hliðsjónar þegar hún vegur og metur hvort leyfi skuli veitt eða ekki.

82) Svo að koma megi við skilvirkri vöktun og framfylgja leyfisskyldunni skulu eftirnotendur, sem njóta góðs af leyfi sem birgi þeirra hefur verið veitt, upplýsa Efnastofnunina um notkun sína á efninu.

83) Við þessar kringumstæður þykir rétt að framkvæmdastjórnin taki lokaákvarðanir um veitingu leyfis eða synjun samkvæmt reglufestri málsmeðferð þannig að koma megi við könnun á víðtækum áhrifum þeirra innan aðildarríkjanna og gera aðildarríkin virkari í tengslum við ákvarðanirnar.

84) Til að núverandi kerfi verði hraðvirkara skal endurskipuleggja málsmeðferðina við takmarkanir og ný tilskipun skal koma í stað tilskipunar 76/769/EBE sem hefur verið breytt nokkrum sinnum í veigamiklum atriðum. Til glöggvunar og sem fyrsta skref í þessu nýja, hraðvirka takmörkunarferli skulu allar takmarkanir, sem hafa verið settar samkvæmt þeirri tilskipun, felldar inn í þessa reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal auðvelda beitingu XVII. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem við á, með því að taka saman leiðbeiningar þar að lútandi.

85) Í tengslum við XVII. viðauka skal aðildarríkjunum heimilað að viðhalda strangari takmörkunum til bráðabirgða, að því tilskildu að þær takmarkanir hafi verið tilkynntar í samræmi við ákvæði sáttmálans. Þetta varðar efni ein sér, efni í efnablöndum og efni í hlutum sem lúta takmörkunum að því er varðar framleiðslu þeirra, setningu á markað og notkun. Framkvæmdastjórnin skal taka saman og birta skrá yfir þessar takmarkanir. Með þessu gefst framkvæmdastjórninni tækifæri til þess að endurmeta viðkomandi ráðstafanir með hugsanlega samræmingu í huga.

86) Það skal vera á ábyrgð framleiðanda, innflytjanda eða eftirnotanda að benda á viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun sem nauðsynlegar eru til að tryggja trausta heilsu- og umhverfisvernd við framleiðslu, setningu á markað og notkun efnis, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut. Ef þetta er ekki talið fullnægjandi og ef stoð finnst í löggjöf Bandalagsins fyrir því skal mæla fyrir um viðeigandi takmarkanir.

87) Takmarkanir, sem settar eru á framleiðslu, setningu á markað eða notkun efnis, sem er annaðhvort eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, í því skyni að vernda heilbrigði manna og umhverfi, geta falist í skilyrðum, sem sett eru fyrir framleiðslu, setningu á markað eða notkun, eða banni við þessu. Því er nauðsynlegt að skrá slíkar takmarkanir og breytingar þar að lútandi.

88) Við undirbúning tillögu um takmarkanir skal vera gott samstarf og góð samræming og miðlun upplýsinga milli aðildarríkjanna, Efnastofnunarinnar, annarra stofnana Bandalagsins, framkvæmdastjórnarinnar og hagsmunaaðila þannig að löggjöfin verði skilvirk.

89) Til þess að aðildarríkin hafi tækifæri til að leggja fram tillögur varðandi sérstaka áhættu sem steðjar að heilbrigði manna og umhverfinu skulu þau taka saman málsskjöl í samræmi við ítarlega útfærðar kröfur. Í þessum málsskjölum skal vera rökstuðningur fyrir aðgerðum á vettvangi Bandalagsins.

90) Til að koma á samræmdri aðferð við að setja takmarkanir skal Efnastofnunin taka að sér að samræma þessa málsmeðferð, t.d. með því að tilnefna viðeigandi skýrslugjafa og ganga úr skugga um að kröfur í viðkomandi viðaukum séu uppfylltar. Efni skulu vera á sérstakri skrá hjá Efnastofnuninni þegar unnið er að málsskjölum varðandi takmarkanir tengdar þeim.

91) Framkvæmdastjórnin skal geta falið Efnastofnuninni að taka saman málsskjöl varðandi takmarkanir svo að framkvæmdastjórnin fái ráðrúm til þess að bregðast við sérstakri áhættu sem steðjar að heilbrigði manna og umhverfinu og bregðast þarf við á vettvangi Bandalagsins.

92) Með skírskotun til gagnsæis skal Efnastofnunin birta viðkomandi málsskjöl, þ.m.t. tillögur um takmarkanir, og óska jafnframt eftir athugasemdum.

93) Efnastofnunin skal leggja fram álit, á grundvelli álitsdraga, sem skýrslugjafi hefur sett saman, um þær aðgerðir, sem tillögur hafa verið settar fram um, og um áhrif þeirra svo að ljúka megi málsmeðferðinni í tæka tíð.

94) Svo að hraða megi málsmeðferðinni í tengslum við takmarkanir skal framkvæmdastjórnin útbúa drög sín að breytingum innan tiltekins frest frá því að hún fær álit Efnastofnunarinnar í hendur.

95) Efnastofnunin skal gegna lykilhlutverki við að tryggja að hagsmunaaðilar og almenningur beri traust til löggjafarinnar um íðefni og ferla við ákvarðanatöku, svo og vísindalegs grunns þeirra. Efnastofnunin skal einnig gegna afgerandi hlutverki við samræmingu upplýsinga sem er miðlað í tengslum við þessa reglugerð og framkvæmd hennar. Það er því mikilvægt að stofnanir Bandalagsins, aðildarríkin, almenningur og hagsmunaaðilar beri traust til Efnastofnunarinnar. Af þeirri ástæðu er bráðnauðsynlegt að tryggja sjálfstæði hennar og að staða hennar sé sterk á vísinda- og tæknisviði og á sviði reglusetningar, svo og að gagnsæi og skilvirkni séu tryggð.

96) Skipulag Efnastofnunarinnar skal vera sniðið að þeim verkefnum sem henni er ætlað að sinna. Reynsla áþekkra stofnana Bandalagsins veitir nokkra leiðsögn í þessu tilliti en skipulagið skal sniðið að þeim sérstöku þörfum sem tengjast þessari reglugerð.

97) Skilvirk miðlun upplýsinga um áhættu af völdum efna og um leiðir til að halda henni í skefjum er nauðsynlegur hluti þess kerfis sem komið er á laggirnar með þessari reglugerð. Við samantekt leiðbeininga Efnastofnunarinnar fyrir alla hagsmunaaðila skal hafa hliðsjón af bestu starfsvenjum í efnageiranum og í öðrum geirum.

98) Í þágu skilvirkni skal starfsfólk á skrifstofu Efnastofnunarinnar leysa af hendi verkefni sem eru aðallega tækni- og stjórnsýslulegs eðlis og vísindalegs eðlis án þess að leita eftir vísinda- eða tæknilegum úrræðum hjá aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórinn skal sjá til þess að verkefni Efnastofnunarinnar verði leyst af hendi á skilvirkan og óháðan hátt. Til þess að tryggja að Efnastofnunin gegni hlutverki sínu skal stjórn hennar þannig samsett að þar sitji fulltrúar hvers aðildarríkis, framkvæmdastjórnarinnar, annarra hagsmunaaðila, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir í því skyni að tryggja aðkomu hagsmunaaðila, og Evrópuþingsins, og jafnframt þannig að tryggð sé hámarkshæfni og víðtæk sérfræðiþekking á viðeigandi sviðum er varða öryggi íðefna og reglusetningu um íðefni og enn fremur skal séð til þess að fyrir hendi sé viðeigandi sérfræðiþekking á almennu fjármála- og lagasviði.

99) Til að Efnastofnunin geti gegnt hlutverki sínu skal hún hafa yfir að ráða nauðsynlegum úrræðum til að sinna öllum þeim verkefnum sem henni eru falin.

100) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skal tilgreina samsetningu og fjárhæð gjalda, þ.m.t. skal tilgreina þær aðstæður þar sem færa skal hluta gjaldanna til lögbærs yfirvalds viðkomandi aðildarríkis.

101) Stjórn Efnastofnunarinnar skal hafa nauðsynlegar heimildir til að gera fjárhagsáætlun, fylgjast með framkvæmd hennar, setja innri reglur, samþykkja fjárhagsreglugerðir og skipa framkvæmdastjóra.

102) Áhættumatsnefnd og nefnd um félagshagfræðilega greiningu skal fyrir hönd Efnastofnunarinnar taka við því hlutverki vísindanefnda framkvæmdastjórnarinnar að gefa út vísindalegar álitsgerðir á verksviði Efnastofnunarinnar.

103) Efnastofnunin skal setja á laggirnar nefnd, sem er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna, í því skyni að ná samkomulagi yfirvalda aðildarríkjanna um sérstök málefni sem krefjast þess að þau séu tekin samræmdum tökum.

104) Nauðsynlegt er að tryggja náið samstarf milli Efnastofnunarinnar og lögbærra yfirvalda sem starfa innan aðildarríkjanna þannig að vísindalegar álitsgerðir áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu séu grundvallaðar á víðtækustu vísinda- og sérfræðiþekkingu sem völ er á í Bandalaginu. Nefndirnar skulu geta orðið sér úti um frekari vitneskju frá sérfræðingum á tilteknum sviðum.

105) Sakir aukinnar ábyrgðar einstaklinga og lögaðila við að tryggja örugga notkun íðefna er þörf á því að efla framfylgd efnalöggjafarinnar. Efnastofnunin skal því koma á laggirnar vettvangi fyrir aðildarríkin þar sem þau geta skipst á gögnum um framfylgd efnalöggjafarinnar og samræmt aðgerðir sínar þar að lútandi. Það óformlega samstarf, sem nú er milli aðildarríkjanna á þessu sviði, yrði betra ef um það yrði settur formlegri rammi.

106) Setja skal á laggirnar kærunefnd innan Efnastofnunarinnar til að tryggja að kærur frá einstaklingum eða lögaðilum, sem ákvarðanir Efnastofnunarinnar hafa áhrif á, verði afgreiddar.

107) Efnastofnunin skal fjármögnuð að hluta með gjöldum, sem einstaklingar og lögaðilar greiða, og að hluta með framlagi á fjárlögum Evrópubandalaganna. Fjárlagagerð Bandalagsins gildir áfram fyrir hugsanleg fjárframlög af almennum fjárlögum Evrópubandalaganna. Enn fremur skal endurskoðunarrétturinn endurskoða reikninga í samræmi við 91. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 23. desember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([1]).

108) Telji framkvæmdastjórnin og Efnastofnunin það réttmætt skulu fulltrúar þriðju landa eiga þess kost að taka þátt í starfi stofnunarinnar.

109) Efnastofnunin skal með samstarfi við stofnanir, sem hafa hag af samræmingu alþjóðlegra reglna, leggja sitt af mörkum í aðgerðum Bandalagsins og aðildarríkjanna sem beinast að slíkri samræmingu. Efnastofnunin skal, í því skyni að stuðla að víðtækri, alþjóðlegri samstöðu, taka tillit til alþjóðlegra staðla, bæði þeirra sem eru í gildi og þeirra sem eru í þróun, s.s. hnattsamræmda kerfisins (GHS) til flokkunar og merkingar íðefna.

110) Efnastofnunin skal leggja til það grunnvirki sem einstaklingar eða lögaðilar þurfa til þess að þeir geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt ákvæðum um samnýtingu gagna.

111) Brýnt er að forðast að rugla saman verkefnum Efnastofnunarinnar og verkefnum Lyfjastofnunar Evrópu (EMEA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu ([2]), Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([3]), og ráðgjafanefndarinnar um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd í starfi sem sett var á fót með ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 2003 ([4]). Efnastofnunin skal því setja reglur um málsmeðferð í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er að eiga samstarf við Matvælaöryggisstofnun Evrópu og ráðgjafanefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum. Þessi reglugerð skal að öðru leyti ekki hafa áhrif á þær heimildir sem Lyfjastofnun Evrópu, Matvælaöryggistofnun Evrópu og ráðgjafanefndinni um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum er falið með löggjöf Bandalagsins.

112) Svo að starfsemi innri markaðarins fyrir efni, hvort sem þau eru ein sér eða í efnablöndum, gangi snurðulaust og að jafnframt sé tryggð traust heilsu- og umhverfisvernd skal setja reglur um skrá yfir flokkun og merkingu.

113) Flokkun og merking allra efna, sem skylt er að skrá eða falla undir ákvæði 1. gr. tilskipunar 67/548/EBE og eru sett á markað, skal því tilkynnt til Efnastofnunarinnar þannig að færa megi þær upplýsingar inn í skrána.

114) Til að tryggja samræmda vernd almennings, og þó einkum einstaklinga sem komast í snertingu við tiltekin efni, og til að tryggja eðlilega virkni annarrar löggjafar Bandalagsins, sem styðst við þessa flokkun og merkingu, skal halda utan um þá flokkun, sem mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE og tilskipun 1999/45/EB, helst í samkomulagi við framleiðendur og innflytjendur sama efnis, í sérstakri skrá ásamt ákvörðunum sem teknar eru á vettvangi Bandalagsins í því skyni að samræma flokkun og merkingu tiltekinna efna. Við þetta skal taka fullt tillit til fenginnar reynslu og þess starfs sem unnið hefur verið í tengslum við starfsemi sem rekin hefur verið samkvæmt tilskipun 67/548/EBE, þ.m.t. flokkun og merking tiltekinna efna eða flokka efna sem eru tilgreind í I. viðauka við þá tilskipun.

115) Kröftunum skal fyrst og fremst beint að varasömustu efnunum. Því skal bæta efni við í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE ef það uppfyllir viðmiðanir um flokkun sem krabbameinsvaldur, stökkbreytivaldur eða æxlunarskaðvaldur í 1., 2. eða 3. flokki, sem ofnæmisvaldur fyrir öndunarveg eða ef það veldur einhverjum öðrum áhrifum sem meta skal í hverju tilviki um sig. Lögbærum yfirvöldum skal gert kleift að leggja tillögur fyrir Efnastofnunina. Efnastofnunin skal gefa álit sitt á tillögunum og hagsmunaaðilar skulu jafnframt fá tækifæri til þess að setja fram athugasemdir. Framkvæmdastjórnin skal að svo búnu taka ákvörðun.

116) Reglulegar skýrslur aðildarríkjanna og Efnastofnunarinnar um beitingu þessarar reglugerðar verða ómetanlegt hjálpartæki við vöktun á framkvæmd reglugerðarinnar og til að greina leitni á þessu sviði. Ályktanir, sem dregnar verða af niðurstöðum skýrslnanna, verða gagnleg og hagnýt verkfæri við endurskoðun þessarar reglugerðar og, ef nauðsyn krefur, við samningu breytingartillagna.

([1]) Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72.
([2]) Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr 1901/2006 (Stjtíð. ESB L 378, 27.12.2006, bls. 1).
([3]) Stjtíð.EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 (Stjtíð. ESB L 100, 8.4. 2006, bls. 3).
([4]) Stjtíð. EB C 218, 13.9.2003, bls. 1.

117) Borgarar Evrópusambandsins skulu hafa aðgang að upplýsingum um íðefni, sem þeir geta komist í snertingu við, svo að þeir geti tekið vel ígrundaða ákvörðun um notkun sína á íðefnum. Gagnsæ aðferð til þess að svo megi verða er að veita þeim frjálsan og greiðan aðgang að grunnupplýsingum í gagnagrunni Efnastofnunarinnar, m.a. stuttar samantektir um hættulega eiginleika, kröfur um merkingar og viðkomandi löggjöf Bandalagsins, þ.m.t. um leyfða notkun og ráðstafanir við áhættustjórnun. Efnastofnunin og aðildarríkin skulu veita aðgang að upplýsingum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál ([1]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ([2]) og í samræmi við alþjóðasamning efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, en Evrópubandalagið er aðili að þeim samningi.

118) Birting upplýsinga samkvæmt þessari reglugerð lýtur sérstökum kröfum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1049/2001. Í þeirri reglugerð er kveðið á um bindandi eindaga fyrir birtingu upplýsinga, svo og um málsmeðferðarrétt, þ.m.t. réttur til áfrýjunar. Stjórnin skal samþykkja fyrirkomulagið við beitingu þessara krafna að því er Efnastofnunina varðar.

119) Vegna þess hve nálægt lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eru hagsmunaaðilum í aðildarríkjunum skulu þau, auk þess að taka þátt í framkvæmd löggjafar Bandalagsins, gegna hlutverki í upplýsingaskiptum um áhættu vegna efna og um skyldur einstaklinga og lögaðila samkvæmt löggjöf um íðefni. Jafnframt er náið samstarf milli Efnastofnunarinnar, framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna nauðsynlegt til að tryggja samfellu og skilvirkni í öllu samskiptaferlinu.

120) Svo að kerfið, sem komið er á fót með þessari reglugerð, starfi á skilvirkan hátt skal vera gott samstarf, samræming og skipti á upplýsingum milli aðildarríkjanna, Efnastofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar framfylgd.

121) Til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin beita sér fyrir ráðstöfunum um skilvirka vöktun og eftirlit. Gera skal áætlun um nauðsynlegar skoðanir, hrinda þeim í framkvæmd og gefa skýrslu um niðurstöður úr þeim.

122) Til að tryggja gagnsæi, hlutleysi og samkvæmni að því er varðar aðgerðir um framfylgd af hálfu aðildarríkjanna er nauðsynlegt að þau setji viðeigandi ramma um viðurlög við brotum svo að viðurlögin verði skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi þar eð brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar geta haft skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið.

123) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð og tilteknar breytingar á henni skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([3]).

124) Einkum skal framkvæmdastjórninni falið vald til þess að breyta viðaukunum í tilteknum tilvikum, setja reglur um prófunaraðferðir, breyta hundraðshluta málsskjala, sem velja skal til að kanna hvort ákvæði séu virt, og breyta viðmiðunum, sem settar eru um val skjalanna, og til að setja viðmiðanir til að skilgreina það sem telst nægilegur rökstuðningur fyrir því að prófunum verði ekki við komið af tæknilegum ástæðum. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er aðeins ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar eða auka við hana veigalitlum þáttum henni til fyllingar skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

125) Mikilvægt er að reglur séu settar um íðefni á skilvirkan hátt og tímanlega á aðlögunartímanum, sem gefinn er til að beita ákvæðum þessarar reglugerðar til fulls, og þó einkum á upphafsskeiði Efnastofnunarinnar. Ráðstafanir skulu því gerðar til þess að framkvæmdastjórnin kveði á um þann stuðning sem er nauðsynlegur til að koma Efnastofnuninni á fót, þ.m.t. gerð samninga og skipun framkvæmdastjóra til bráðabirgða þar til stjórn Efnastofnunarinnar getur sjálf skipað framkvæmdastjóra.

126) Svo að nýta megi til fulls það starf, sem unnið var samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 793/93 og tilskipun 76/769/EBE, og til að komast hjá því að slíkt starf sé unnið fyrir gýg skal framkvæmdastjórninni falið umboð til þess að setja á upphafsskeiðinu takmarkanir sem byggjast á þessu starfi án þess að fylgt sé til fulls þeirri málsmeðferð um takmarkanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Um leið og þessi reglugerð öðlast gildi skulu allir þessir þættir nýttir til að styðja ráðstafanir til að draga úr áhættu.

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.
([2]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.
([3]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun ráðsins 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.6, bls. 11.)

127) Rétt þykir að ákvæði þessarar reglugerðar öðlist gildi í áföngum svo að umskiptin yfir í nýja kerfið gangi vel fyrir sig. Ef ákvæðin öðlast smám saman gildi gerir það auk þess öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, yfirvöldum, einstaklingum og lögaðilum, svo og hagsmunaaðilum, kleift að beina kröftunum að því að búa sig undir að uppfylla nýjar skyldur þegar þar að kemur.

128) Þessi reglugerð kemur í stað tilskipunar 76/769/EBE, tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE ([1]), tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 93/67/EEC ([2]), tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 93/105/EB ([3]), tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/21/EB ([4]), reglugerðar (EBE) nr. 793/93 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 ([5]). Því ber að fella þessar tilskipanir og reglugerðir úr gildi.

129) Í þágu samkvæmni skal breyta tilskipun 1999/45/EB en þar hefur þegar verið fjallað um málefni sem falla undir þessa reglugerð.

130) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðunum, sem sett eru með þessari reglugerð, þ.e. að mæla fyrir um reglur fyrir efni og koma á fót Efnastofnun Evrópu, og þau nást þar af leiðandi frekar á vettvangi Bandalagsins getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

131) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi og meginreglur virt, einkum þau sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ([6]). Einkum er leitast við að tryggja að fylgt sé til fulls meginreglum um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun sem fjallað er um í 37. gr. þess sáttmála.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

([1]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE frá 5. mars 1991 þar sem mælt er fyrir um sérstök upplýsingakerfi er varða hættulegar efnablöndur við framkvæmd 10. gr. tilskipunar 88/379/EBE (Stjtíð. EB L 76, 22.3.1991, bls. 35). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/58/EB (Stjtíð. EB L 212, 7.8.2001, bls. 24).

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/67/EBE frá 20. júlí 1993 um meginreglur við mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af efnum sem tilkynnt eru í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE (Stjtíð. EB L 227, 8.9.1993, bls. 9).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/105/EB frá 25. nóvember 1993 um ákvörðun tækniupplýsinga í VII. viðauka D sem um getur í 12. gr. í sjöundu breytingu á tilskipun ráðsins 67/548/EBE (Stjtíð. EB L 294, 30.11.1993, bls. 21).

([4]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/21/EB frá 25. apríl 2000 um skrá yfir löggjöf Bandalagsins sem um getur í fimmta undirlið 1. mgr. 13. gr. í tilskipun ráðsins 67/548/EBE (Stjtíð. EB L 103, 28.4.2000, bls. 70).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 frá 28. júní 1994 um meginreglur um mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af skráðum efnum í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 (Stjtíð. EB L 161, 29.6.1994, bls. 3).

([6]) Stjtíð. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

EFNISYFIRLIT

		Bls.
I. BÁLKUR	ALMENN ATRIÐI	18
1. kafli	Markmið, gildissvið og beiting	18
2. kafli	Skilgreiningar og almenn ákvæði	19
II. BÁLKUR	SKRÁNING EFNA	22
1. kafli	Almenn skráningarskylda og upplýsingakröfur	22
2. kafli	Efni sem teljast vera skráð	27
3. kafli	Skráningarskylda og upplýsingakröfur varðandi tilteknar tegundir einangraðra milliefna	28
4. kafli	Almenn ákvæði sem gilda ávallt við skráningu	29
5. kafli	Bráðabirgðaákvæði sem gilda um efni í skráningarbið og tilkynnt efni	31
III. BÁLKUR	SAMNÝTING GAGNA OG MIKILVÆGI ÞESS AÐ KOMAST HJÁ ÓNAUÐSYNLEGUM TILRAUNUM	32
1. kafli	Markmið og almennar reglur	32
2. kafli	Reglur um efni, sem eru ekki í skráningarbið, og fyrir skráningaraðila efna í skráningarbið sem hafa ekki verið forskráð	32
3. kafli	Reglur um efni í skráningarbið	33
IV. BÁLKUR	UPPLÝSINGAR Í AÐFANGAKEÐJUNNI	35
V. BÁLKUR	EFTIRNOTENDUR	37
VI. BÁLKUR	MAT	39
1. kafli	Mat á málsskjölum	39
2. kafli	Mat á efnum	40
3. kafli	Mat á milliefnum	42
4. kafli	Sameiginleg ákvæði	42
VII. BÁLKUR	LEYFI	44
1. kafli	Leyfisskylda	44
2. kafli	Veiting leyfa	46
3. kafli	Leyfi í aðfangakeðjunni	50
VIII. BÁLKUR	TAKMARKANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMLEIÐSLU, SETNINGU Á MARKAÐ OG NOTKUN TILTEKINNA HÆTTULEGRA EFNA, EFNABLANDNA OG HLUTA	50
1. kafli	Almenn atriði	50
2. kafli	Málsmeðferð varðandi takmarkanir	50
IX. BÁLKUR	ÞÓKNANIR OG GJÖLD	52
X. BÁLKUR	EFNASTOFNUNIN	53
XI. BÁLKUR	FLOKKUNAR- OG MERKINGARSKRÁIN	63
XII. BÁLKUR	UPPLÝSINGAR	64
XIII. BÁLKUR	LÖGBÆR YFIRVÖLD	66
XIV. BÁLKUR	FRAMFYLGD	66
XV. BÁLKUR	BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI	66
I. VIÐAUKI	**ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT Á EFNUM OG GERÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLNA**	72
II. VIÐAUKI	**LEIÐBEININGAR UM SAMANTEKT ÖRYGGISBLAÐA**	84
III. VIÐAUKI	**VIÐMIÐANIR FYRIR EFNI SEM ERU SKRÁÐ Í MAGNI SEM ER Á BILINU 1 TIL 10 TONN**	93
IV. VIÐAUKI	**UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ A-LIÐ 7. MGR. 2. GR.**	94
V. VIÐAUKI	**UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ B-LIÐ 7. MGR. 2. GR.**	98

		Bls.
VI. VIÐAUKI	**UPPLÝSINGAKRÖFUR SEM UM GETUR Í 10. GR.**	99
VII. VIÐAUKI	**STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR EINU TONNI EÐA MEIRA**	103
VIII. VIÐAUKI	**STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 10 TONNUM EÐA MEIRA**	107
IX. VIÐAUKI	**STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 100 TONNUM EÐA MEIRA**	111
X. VIÐAUKI	**STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 1000 TONNUM EÐA MEIRA**	116
XI. VIÐAUKI	**ALMENNAR REGLUR UM AÐLÖGUN STÖÐLUÐU PRÓFUNARÁÆTLUNARINNAR SEM SETT ER FRAM Í VII. til X. VIÐAUKA**	119
XII. VIÐAUKI	**ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT EFTIRNOTENDA Á EFNUM OG GERÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLNA**	122
XIII. VIÐAUKI	**VIÐMIÐANIR FYRIR TILGREININGU EFNA, SEM ERU ÞRÁVIRK, SAFNAST UPP Í LÍFVERUM OG ERU EITRUÐ, OG TILGREININGU EFNA SEM ERU MJÖG ÞRÁVIRK OG SAFNAST UPP Í LÍFVERUM Í MIKLUM MÆLI**	124
XIV. VIÐAUKI	**SKRÁ YFIR EFNI SEM ERU LEYFISSKYLD**	125
XV. VIÐAUKI	**MÁLSSKJÖL**	126
XVI. VIÐAUKI	**FÉLAGSHAGFRÆÐILEG GREINING**	128
XVII. VIÐAUKI	**TAKMARKANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMLEIÐSLU, SETNINGU Á MARKAÐ OG NOTKUN TILTEKINNA HÆTTULEGRA EFNA, EFNABLANDNA OG HLUTA**	129

I. BÁLKUR

ALMENN ATRIÐI

1. kafli

Markmið, gildissvið og beiting

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja trausta heilsu- og umhverfisvernd, m.a. að stuðla að því að fram komi staðgönguaðferðir (alternative methods) til þess að meta hættu af völdum efna, svo og að tryggja frjálsa dreifingu efna á innri markaðinum og stuðla jafnframt að samkeppnishæfni og nýsköpun.

2. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði um efni og efnablöndur samkvæmt skilgreiningunni í 3. gr. Þessi ákvæði gilda um framleiðslu, setningu á markað og notkun slíkra efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, og um setningu efnablandna á markað.

3. Þessi reglugerð byggist á þeirri meginreglu að það sé á ábyrgð framleiðenda, innflytjenda og eftirnotenda að sjá til þess að efni, sem þeir framleiða, setja á markað eða nota, hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið. Ákvæði þessarar reglugerðar byggjast á varúðarreglunni.

2. gr.

Beiting

1. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) geislavirk efni sem falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar ([1]),

b) efni, sem eru ein sér, í efnablöndu eða í hlut og eru undir tolleftirliti, svo fremi þau sæti hvorki meðhöndlun né vinnslu, og sem eru í tímabundinni geymslu, á frísvæði eða í tollfrjálsum vörugeymslum og sem ætlunin er að flytja út aftur eða eru í umflutningi,

c) milliefni, sem eru ekki einangruð,

d) flutninga á hættulegum efnum eða hættulegum efnum í hættulegum efnablöndum á járnbrautum, á vegum, skipgengum vatnaleiðum eða sjó eða í lofti.

2. Úrgangur, eins og hann er skilgreindur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB ([2]), telst ekki efni, efnablanda eða hlutur í skilningi 3. gr. þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríkin geta veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar í tilteknum tilvikum og fyrir tiltekin efni, sem eru ein sér, í efnablöndu eða í hlut, ef það er nauðsynlegt vegna hagsmuna í varnarmálum.

4. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um:

a) löggjöf Bandalagsins um vinnustaði og umhverfi, þ.m.t. tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ([3]), tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([4]), tilskipun 98/24/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([5]) og tilskipun 2004/37/EB,

b) ákvæði tilskipunar 76/768/EBE að því er varðar prófanir á hryggdýrum sem falla undir gildissvið þeirrar tilskipunar.

5. Ákvæði II., V., VI. og VII. bálks gilda ekki svo fremi efni sé notað á eftirfarandi hátt:

a) í manna- eða dýralyf sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 726/2004, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf ([6]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([7]),

b) í matvæli eða fóður í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002, þ.m.t. notkun:

   i) sem aukefni í matvælum samkvæmt tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum ([8]),

([1]) Stjtíð. EB 159, 29.6.1996, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.
([3]) Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([4]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).
([5]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2455/2001/EB (Stjtíð. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1).
([6]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/28/EB (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 58).
([7]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1901/2006.
([8]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

ii) sem bragðefni í matvælum samkvæmt tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ([1]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB frá 23. febrúar 1999 um samþykkt skráar yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum, sem tekin var saman vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 ([2]),

iii) sem aukefni í fóðri samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([3]),

iv) í fóðri sem fellur undir gildissvið tilskipunar ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu ([4]).

6. Ákvæði IV. bálks gilda ekki um eftirfarandi efnablöndur í endanlegri mynd, ætlaðar notanda:

a) manna- og dýralyf sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 726/2004 og tilskipunar 2001/82/EB og eru samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2001/83/EB,

b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 76/768/EBE,

c) lækningatæki sem eru inngripstæki eða notuð í beinni snertingu við mannslíkamann, svo fremi sett hafi verið ákvæði í löggjöf Bandalagsins um flokkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna sem tryggja sama umfang upplýsinga og verndar og kveðið er á um í tilskipun 1999/45/EB,

d) matvæli eða fóður í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002, þ.m.t. notkun:

i) sem aukefni í fóðri samkvæmt tilskipun 89/107/EBE,

ii) sem bragðefni í matvælum samkvæmt tilskipun 88/388/EBE og ákvörðun 1999/217/EB,

iii) sem aukefni í fóðri sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 1831/2003,

iv) í fóðri sem fellur undir gildissvið tilskipunar 82/471/EBE.

7. Eftirfarandi er undanþegið ákvæðum II., V. og VI. bálks:

a) efni, sem eru tilgreind í IV. viðauka, þar eð þær upplýsingar sem liggja fyrir um þessi efni eru þess eðlis að áhætta af völdum eiginleika efnanna telst minni háttar,

b) efni, sem falla undir V. viðauka, þar eð litið er svo á að skráning þessara efna sé ekki við hæfi eða ónauðsynleg og að undanþága þeirra frá ákvæðum þessara bálka hafi ekki áhrif á markmið þessarar reglugerðar,

c) efni sem eru ein sér eða í efnablöndum og skráð í samræmi við ákvæði II. bálks, flutt út frá Bandalaginu á vegum aðila í aðfangakeðjunni og flutt aftur inn í Bandalagið á vegum sama eða annars aðila í sömu aðfangakeðjunni sem sýnir fram á:

i) að efnið, sem er flutt inn aftur, sé sama efnið og flutt var út,

ii) að hann hafi fengið upplýsingar um útflutta efnið í samræmi við 31. eða 32. gr.,

d) efni, ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, sem hafa verið skráð í samræmi við ákvæði II. bálks og sem eru endurunnin í Bandalaginu, ef:

i) efnið, sem fæst við endurvinnsluna, er sama efnið og hefur verið skráð í samræmi við ákvæði II. bálks og

ii) upplýsingarnar, sem krafist er skv. 31. eða 32. gr., um efnið, sem hefur verið skráð í samræmi við ákvæði II. bálks, liggja fyrir hjá starfsstöðinni sem annast endurvinnsluna.

8. Einangruð milliefni, sem eru notuð á staðnum, og einangruð milliefni, sem eru flutt, skulu undanþegin:

a) ákvæðum 1. kafla í II. bálki, að undanskildum ákvæðum 8. og 9. gr., og

b) ákvæðum VII. bálks.

9. Ákvæði II. og VI. bálks gilda ekki um fjölliður.

2. kafli

Skilgreiningar og almenn ákvæði

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) efni: frumefni og efnasambönd þeirra, náttúruleg eða unnin með framleiðsluferlum, þ.m.t. öll aukefni sem eru nauðsynleg til að viðhalda stöðugleika þess og öll óhreinindi sem verða til í vinnslunni, en þó ekki leysiefni sem skilja má frá án þess að það hafi áhrif á stöðuleika efnisins eða breyti samsetningu þess,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([2]) Stjtíð. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2006/253/EB (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2006, bls. 48).
([3]) Stjtíð. EB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).
([4]) Stjtíð. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/116/EB (Stjtíð. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 81).

2) efnablanda: blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna,

3) hlutur: gripur sem fær í framleiðsluferlinu sérstaka lögun, áferð eða útlit sem ræður meiru um hlutverk hans en efnafræðileg samsetning hans,

4) framleiðandi hlutar: einstaklingur eða lögaðili sem býr til eða setur saman hlut innan Bandalagsins,

5) fjölliða: efni, gert úr sameindum sem einkennast af endurteknum einingum einnar eða fleiri tegunda einliða. Mólmassi slíkra sameinda dreifist á tiltekið bil vegna þess að fjöldi einliðueininga í sameindunum er mismunandi. Fjölliða samanstendur af eftirfarandi:

   a) að meirihluta, miðað við þyngd, af sameindum sem eru gerðar úr a.m.k. þremur einliðueiningum sem eru tengdar með samgildum tengjum við a.m.k. eina aðra einliðueiningu eða annað hvarfefni,

   b) að minnihluta, miðað við þyngd, af sameindum sem hafa sama mólmassa.

   Í þessari skilgreiningu merkir „einliðueining“ hvarfað form einliðu eins og það er í fjölliðu.

6) einliða: efni sem getur bundist samgildum tengjum við röð annarra líkra eða ólíkra sameinda við þau skilyrði sem ríkja í viðkomandi, fjölliðumyndandi efnahvörfum sem notuð eru í tiltekna ferlinu,

7) skráningaraðili: framleiðandi eða innflytjandi efnis eða framleiðandi eða innflytjandi hlutar sem leggur fram skráningarskjöl fyrir efni,

8) framleiðsla: það að framleiða eða draga út efni í náttúrulegu ástandi sínu,

9) framleiðandi: einstaklingur eða lögaðili sem er með staðfestu í Bandalaginu og framleiðir efni þar,

10) innflutningur: það að færa eitthvað efnislegt inn á tollsvæði Bandalagins,

11) innflytjandi: einstaklingur eða lögaðili sem er með staðfestu í Bandalaginu og ber ábyrgð á innflutningi,

12) setning á markað: það að sjá þriðja aðila fyrir vöru eða bjóða hana fram, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur telst vera setning á markað.

13) eftirnotandi: einstaklingur eða lögaðili sem hefur staðfestu í Bandalaginu, annar en framleiðandinn eða innflytjandinn, og notar efni, annaðhvort eitt sér eða í efnablöndu, við iðnaðarstarfsemi sína eða faglega starfsemi; dreifandi eða neytandi er ekki eftirnotandi; sá sem flytur inn aftur og nýtur undanþágu samkvæmt c-lið 7. mgr. 2. gr. telst vera eftirnotandi,

14) dreifandi: einstaklingur eða lögaðili, sem hefur staðfestu í Bandalaginu, þ.m.t. smásali, sem einungis geymir og setur efni á markað, eitt sér eða í efnablöndu, á vegum þriðja aðila,

15) milliefni: efni sem er framleitt til efnafræðilegrar vinnslu og notað eða nýtt í tengslum við hana í því skyni að því verði breytt í annað efni (hér á eftir nefnt „efnasmíði“):

   a) óeinangrað milliefni: milliefni sem við efnasmíði er ekki tekið (nema til töku sýnis) af ásetningi úr búnaðinum þar sem efnasmíðin fer fram; til slíks búnaðar telst hvarfaílátið, fylgibúnaður þess og hvers kyns búnaður sem efnið eða efnin flæða gegnum í stöðugu flæði eða lotubundnu ferli, svo og allar lagnir til flutnings úr einu íláti í annað vegna næsta skrefs í efnahvörfunum en ekki tankar eða önnur ílát þar sem efnið eða efnin eru geymd að framleiðslu lokinni,

   b) einangrað milliefni sem er notað á staðnum: milliefni sem uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir óeinangrað milliefni, enda fari framleiðsla milliefnisins og efnasmíði annars eða annarra efna úr því milliefni fram á sama stað, sem er rekinn af einum eða fleiri lögaðilum,

   c) einangrað milliefni sem er flutt: milliefni sem uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir óeinangrað milliefni og er flutt til annarra staða eða látið af hendi til þeirra,

16) staður: tiltekið svæði þar sem, ef um er að ræða tvo eða fleiri framleiðendur efnis eða efna, tiltekið grunnvirki og aðstaða eru samnýtt,

17) aðilar í aðfangakeðjunni: allir framleiðendur og/eða innflytjendur efna og/eða eftirnotendur í aðfangakeðju,

18) Efnastofnunin: Efnastofnun Evrópu sem komið er á fót með þessari reglugerð,

19) lögbært yfirvald: yfirvald eða yfirvöld eða stofnanir sem aðildarríkin hafa sett á laggirnar í því skyni að gegna þeim skyldum sem skapast með þessari reglugerð,

20) efni í skráningarbið: efni sem uppfyllir a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum:

   a) efnið er á Evrópuskrá yfir íðefni á markaði (EINECS),

   b) efnið var framleitt a.m.k. einu sinni á síðustu 15 árum fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, annaðhvort í Bandalaginu eða í löndum sem urðu aðilar að Evrópusambandinu 1. janúar 1995 eða 1. maí 2004, en framleiðandi eða innflytjandi setti það ekki á markað, enda geti framleiðandinn eða innflytjandinn lagt fram skjöl þessu til sönnunar,

c) framleiðandi eða innflytjandi setti efnið á markað fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, annaðhvort í Bandalaginu eða í löndum sem urðu aðilar að Evrópusambandinu 1. janúar 1995 eða 1. maí 2004, og það taldist hafa verið tilkynnt í samræmi við fyrsta lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 67/548/EBE en svarar ekki til skilgreiningarinnar á fjölliðu eins og hún er sett fram í þessari reglugerð, enda geti framleiðandinn eða innflytjandinn lagt fram skjöl þessu til sönnunar,

21) tilkynnt efni: efni sem tilkynning hefur verið lögð fram fyrir og sem setja mætti á markað í samræmi við tilskipun 67/548/EBE,

22) vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun: vísindalegt þróunarstarf í tengslum við vöruþróun eða frekari þróun efnis, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndum eða hlutum, þar sem notast er við tilraunaverksmiðju eða framleiðslutilraunir til þess að þróa framleiðsluferlið og/eða prófa notkunarsvið efnisins,

23) vísindalegar rannsóknir og þróun: hvers kyns vísindalegar tilraunir, efnagreiningar eða efnarannsóknir sem eru gerðar við stýrð skilyrði þar sem magn efnisins, sem notað er til rannsóknanna, er undir einu tonni á ári,

24) notkun: hvers kyns vinnsla, samsetning, nýting, geymsla, birgðahald, meðhöndlun, setning í ílát, flutningur úr einu íláti í annað, blöndun, framleiðsla hlutar eða hvers konar önnur nýting,

25) eigin notkun skráningaraðila: notkun skráningaraðila við iðnaðarstarfsemi eða faglega starfsemi,

26) tilgreind notkun: notkun efnis, sem er eitt sér eða í efnablöndu, eða notkun efnablöndu sem er fyrirhuguð af hálfu aðila í aðfangakeðjunni, þ.m.t. eigin notkun hans, eða sem honum er gert kunnugt um skriflega af hálfu næsta eftirnotanda,

27) fullnaðarrannsóknarskýrsla: fullnaðar- og heildarlýsing á þeirri starfsemi sem fer fram til þess að afla upplýsinga; þetta tekur til fullfrágenginnar vísindagreinar, sem er birt og er lýsing á þeirri rannsókn sem gerð var, eða fullnaðarskýrslunnar sem rannsóknarstofan, sem gerði rannsóknina, tók saman,

28) ítarleg rannsóknarsamantekt (robust study summary): ítarleg samantekt um markmið, aðferðir, niðurstöður og ályktanir úr fullnaðarrannsóknarskýrslu sem veitir nægilegar upplýsingar til að unnt sé að vinna óháð mat á rannsókninni og dregur úr þörfinni á að lesa fullnaðarrannsóknarskýrsluna,

29) rannsóknarsamantekt: samantekt um markmið, aðferðir, niðurstöður og ályktanir úr fullnaðarrannsóknarskýrslu sem veitir nægilegar upplýsingar til að unnt sé að meta mikilvægi rannsóknarinnar,

30) á ári: á almanaksári, nema annað sé tekið fram. Fyrir efni í skráningarbið, sem hafa verið flutt inn eða framleidd í a.m.k. þrjú ár í röð, skal reikna magn á ári út frá meðalmagni framleiðslu eða innflutnings næstliðin þrjú almanaksár,

31) takmörkun: hvers kyns skilyrði, sem eru sett fyrir framleiðslu, notkun eða setningu á markað, eða bann við framleiðslu, notkun eða setningu á markað,

32) birgir efnis eða efnablöndu: framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi sem setur á markað efni, eitt sér eða í efnablöndu, eða setur efnablöndu á markað,

33) birgir hlutar: framleiðandi eða innflytjandi hlutar, dreifandi eða annar aðili í aðfangakeðjunni sem setur hlut á markað,

34) viðtakandi efnis eða efnablöndu: eftirnotandi eða dreifandi sem tekur við efni eða efnablöndu,

35) viðtakandi hlutar: notandi eða dreifandi í iðnaðarstarfsemi eða faglegri starfsemi sem tekur við hlut; skilgreiningin tekur ekki til neytenda,

36) lítil og meðalstór fyrirtæki: lítil og meðalstór fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([1]),

37) váhrifasviðsmynd: safn aðstæðna, þ.m.t. rekstrarskilyrði og ráðstafanir við áhættustjórnun, sem gefur mynd af því hvernig efnið er framleitt eða notað á vistferlinum og hvernig framleiðandinn eða innflytjandinn hefur stjórn á, eða ráðleggur eftirnotendum að hafa stjórn á, váhrifum á menn og umhverfi; þessar váhrifasviðsmyndir geta tekið til eins sértæks ferlis eða sértækrar notkunar eða margs konar ferla eða notkunar, allt eftir því sem við á,

38) notkunar- og váhrifaflokkur: váhrifasviðsmynd sem tekur til margvíslegra ferla eða margs konar notkunar og þar sem upplýsingar um ferlin eða notkunina eru að lágmarki gefnar sem stutt, almenn lýsing á notkuninni,

39) efni sem finnast í náttúrunni: efni eins og það kemur fyrir í náttúrunni, óunnið eða eingöngu unnið með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa það upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er,

40) efni sem hefur ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum: efni sem er óbreytt að efnafræðilegri byggingu þótt það hafi verið meðhöndlað í efnafræðilegu ferli eða efnafræðilegri meðferð eða verið ummyndað með eðlisrænni og steindafræðilegri aðferð, t.d. í því skyni að fjarlægja óhreinindi,

41) málmblanda: efni úr málmi, einsleitt að sjá, gert úr tveimur eða fleiri frumefnum sem eru þannig sett saman að þau verða ekki auðveldlega skilin að með vélrænum aðferðum.

([1]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

4. gr.

Almenn ákvæði

Framleiðendur, innflytjendur eða, ef við á, eftirnotendur geta, án þess að það firri þá fullri ábyrgð á því að rækja skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð, tilnefnt þriðja aðila sem fulltrúa sinn að því er varðar alla málsmeðferð í tengslum við ákvæði 11. og 19. gr. og ákvæði III. bálks og 53. gr. sem fela í sér viðræður við aðra framleiðendur, innflytjendur eða, ef við á, eftirnotendur. Í þessum tilvikum skal Efnastofnunin að jafnaði ekki láta uppi gagnvart öðrum framleiðendum, innflytjendum eða, ef við á, eftirnotendum hver framleiðandinn eða innflytjandinn eða eftirnotandinn er sem hefur tilnefnt fulltrúa sinn.

II. BÁLKUR

SKRÁNING EFNA

1. KAFLI

Almenn skráningarskylda og upplýsingakröfur

5. gr.

Engin gögn, enginn markaður

Með fyrirvara um 6., 7., 21. og 23. gr. skulu efni, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, ekki framleidd í Bandalaginu eða sett á markað nema þau hafi áður verið skráð í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa bálks, sé þess krafist.

6. gr.

Almenn skráningarskylda fyrir efni sem eru ein sér eða í efnablöndum

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð skulu framleiðendur eða innflytjendur efnis, sem er annaðhvort eitt sér eða í einni eða fleiri efnablöndum, senda skráningarskjöl til Efnastofnunarinnar ef magnið er eitt tonn á ári eða meira.

2. Ákvæði 17. og 18. gr. gilda ekki um einliður sem eru notaðar sem einangruð milliefni, sem eru notuð á staðnum, eða einangruð milliefni sem eru flutt.

3. Framleiðendur eða innflytjendur fjölliðu skulu senda skráningarskjöl til Efnastofnunarinnar fyrir einliðuefnið eða -efnin eða annars konar efni, sem hafa ekki þegar verið skráð af hálfu aðila ofar í aðfangakeðjunni, hafi báðum eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:

a) fjölliðan er 2% eða meira miðað við massahlutfall úr slíku einliðuefni eða -efnum eða öðrum efnum í formi einliðueininga og efna sem eru bundin þeim með efnatengjum,

b) heildarmagn slíks einliðuefnis eða -efna eða annars efnis eða efna er eitt tonn á ári eða meira.

4. Þegar skráningarskjöl eru lögð fram skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

7. gr.

Skráning og tilkynning efna í hlutum

1. Hver framleiðandi eða innflytjandi hluta skal senda Efnastofnuninni skráningarskjöl fyrir sérhvert efni sem er í þessum hlutum, að uppfylltum báðum eftirfarandi skilyrðum:

a) magn efnisins í þessum hlutum er samtals yfir einu tonni á framleiðanda eða innflytjanda á ári,

b) gert er ráð fyrir því að efnið losni úr hlutunum við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.

Þegar skráningarskjöl eru lögð fram skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

2. Hver framleiðandi eða innflytjandi hluta skal í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar senda Efnastofnuninni tilkynningu ef efni uppfyllir viðmiðanir í 57. gr. og hefur verið tilgreint í samræmi við 1. mgr. 59. gr., að uppfylltum báðum eftirfarandi skilyrðum:

a) magn efnisins í þessum hlutum er samtals yfir einu tonni á framleiðanda eða innflytjanda á ári,

b) styrkur efnisins í þessum hlutum miðað við massahlutfall er meiri en 0,1%.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki ef framleiðandinn eða innflytjandinn getur komið í veg fyrir að menn eða umhverfi verði fyrir váhrifum við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. við förgun. Í slíkum tilvikum skal framleiðandinn eða innflytjandinn veita viðtakanda hlutarins viðeigandi leiðbeiningar.

4. Þær upplýsingarnar, sem senda skal tilkynningu um, skulu fela í sér eftirfarandi:

a) upplýsingar um framleiðanda eða innflytjanda og tengiliði þeirra, eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka, en þó ekki um staði þar sem eigin notkun þeirra á sér stað,

b) skráningarnúmer, sem um getur í 1. mgr. 20. gr., liggi það eða þau fyrir,

c) auðkenni efnisins eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka,

d) flokkun efnisins eða efnanna eins og tilgreint er í liðum 4.1 og 4.2 í VI. viðauka,

e) stutta lýsingu á notkun efnisins eða efnanna í viðkomandi hlut, eins og tilgreint er í lið 3.5 í VI. viðauka, og á notkun hlutarins eða hlutanna,

f) magn efnisins eða efnanna í tonnum, t.d. 1 til 10 tonn, 10 til 100 tonn o.s.frv.

5. Efnastofnunin getur tekið ákvarðanir um að framleiðendur eða innflytjendur hluta skuli leggja fram skráningarskjöl í samræmi við ákvæði þessa bálks fyrir sérhvert efni í þessum hlutum, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) magn efnisins í þessum hlutum er samtals yfir einu tonni á framleiðanda eða innflytjanda á ári,

b) Efnastofnunin hefur rökstuddan grun um:

i) að efnið losni úr hlutunum og

ii) að efnið, sem losnar úr hlutunum, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið,

c) að efnið falli ekki undir ákvæði 1. mgr.

Þegar skráningarskjöl eru lögð fram skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

6. Ákvæði 1. til 5. mgr. gilda ekki um efni sem hafa þegar verið skráð til viðkomandi notkunar.

7. Frá og með 1. júní 2011 gilda ákvæði 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar sex mánuðum eftir að efni hefur verið tilgreint í samræmi við 1. mgr. 59. gr.

8. Allar ráðstafanir, sem varða framkvæmd 1. til 7. mgr., skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

8. gr.

Eini fulltrúi fyrir framleiðanda sem er utan Bandalagsins

1. Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur staðfestu utan Bandalagsins og framleiðir efni, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndum eða hlutum, setur saman efnablöndu eða framleiðir hlut, sem er fluttur inn í Bandalagið, getur með gagnkvæmu samkomulagi tilnefnt einstakling eða lögaðila, sem hefur staðfestu í Bandalaginu, til þess að rækja, sem eini fulltrúi hans, þær skyldur sem eru lagðar á herðar innflytjendum samkvæmt þessum bálki.

2. Fulltrúinn skal enn fremur rækja allar aðrar skyldur innflytjenda samkvæmt þessari reglugerð. Fulltrúinn skal því hafa nægilega reynslu af meðhöndlun efna og þeirra upplýsinga, sem tengjast þeim, og skal, með fyrirvara um ákvæði 36. gr., hafa fyrirliggjandi, uppfærðar upplýsingar um magn innflutnings og þá viðskiptavini, sem selt er til, svo og upplýsingar um afhendingu síðustu uppfærslu öryggisblaðsins sem um getur í 31. gr.

3. Framleiðandi, sem er utan Bandalagsins og tilnefnir fulltrúa sinn í samræmi við 1. og 2. mgr., skal láta innflytjandann eða innflytjendurna í sömu aðfangakeðju vita af tilnefningunni. Þessir innflytjendur teljast eftirnotendur í skilningi þessarar reglugerðar.

9. gr.

Undanþága frá almennri skráningarskyldu að því er varðar vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun

1. Ákvæði 5., 6., 7., 17., 18. og 21. gr. gilda ekki um fimm ára skeið fyrir efni sem er framleitt í Bandalaginu eða sem framleiðandi efna eða innflytjandi eða framleiðandi hluta flytur inn vegna vöru- og ferlamiðaðra rannsókna og þróunar, á eigin vegum eða í samstarfi við viðskiptavini, sem eru tilgreindir í skrá, og í magni sem er takmarkað við tilganginn með vöru- og ferlamiðuðu rannsóknunum og þróuninni.

2. Framleiðandi efna eða innflytjandi eða framleiðandi hluta skal, að því er varðar 1. mgr., senda Efnastofnuninni tilkynningu með eftirfarandi upplýsingum:

a) upplýsingar um framleiðanda efnis eða innflytjanda eða framleiðanda hluta eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka,

b) auðkenni efnisins eins og tilgreint er í 2. lið VI. viðauka,

c) flokkun efnisins, eins og tilgreint er í 4. lið VI. viðauka, ef um hana er að ræða,

d) áætlað magn eins og tilgreint er í lið 3.1 í VI. viðauka,

e) skrá yfir viðskiptavini, sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. heiti þeirra og heimilisföng.

Tilkynningunni skal fylgja sú þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

Tímabilið, sem tilgreint er í 1. mgr., skal hefjast þegar tekið er við tilkynningu Efnastofnunarinnar.

3. Efnastofnunin skal ganga úr skugga um að upplýsingarnar, sem tilkynnandi leggur fram, séu fullnægjandi og að 2. mgr. 20. gr. gildi að breyttu breytanda. Efnastofnunin skal gefa tilkynningunni númer og tilkynningardagsetningu, sem sýnir daginn þegar Efnastofnunin tók á móti tilkynningunni, og skal þegar tilkynna viðkomandi framleiðanda efna eða innflytjanda eða framleiðanda hluta um númerið og daginn. Efnastofnunin skal enn fremur senda þessar upplýsingar til lögbærs yfirvalds viðkomandi aðildarríkis eða -ríkja.

4. Efnastofnunin getur sett skilyrði í því skyni að tryggja að efnið eða efnablöndurnar eða hlutirnir, sem innihalda efnið, verði eingöngu meðhöndlaðir af starfsfólki skráðra viðskiptavina, sem um getur í e-lið 2. mgr., við nægilega stýrð skilyrði, í samræmi við kröfurnar í löggjöf um vernd starfsmanna og umhverfis, og að efnið standi almenningi aldrei nokkru sinni til boða, hvorki eitt sér, í efnablöndu eða hlut, og að því magni, sem af gengur, verði safnað aftur saman til förgunar að loknu undanþágutímabilinu.

Í slíkum tilvikum getur Efnastofnunin beðið tilkynnandann um að leggja fram frekari upplýsingar sem nauðsynlegar þykja.

5. Ef annað er ekki tekið fram getur framleiðandi eða innflytjandi efnis eða hlutar ekki framleitt eða flutt inn efnið eða hlutinn fyrr en að liðnum tveimur vikum frá tilkynningunni.

6. Framleiðandi efna eða innflytjandi eða framleiðandi hluta skal fullnægja öllum skilyrðum sem Efnastofnunin setur í samræmi við 4. mgr.

7. Efnastofnunin getur framlengt fimm ára undanþágutímabilið að hámarki um fimm ár eða, ef um er að ræða efni, sem eru eingöngu notuð við þróun manna- eða dýralyfja, eða efni, sem eru ekki sett á markað, að hámarki um tíu ár að fram kominni beiðni þar um og ef framleiðandi efna eða innflytjandi eða framleiðandi hluta getur sýnt fram á að slík framlenging sé réttlætanleg vegna rannsóknar- og þróunaráætlunarinnar.

8. Efnastofnunin skal senda drög að öllum ákvörðunum strax til lögbærra yfirvalda hvers aðildarríkis þar sem framleiðsla, innflutningur eða framleiðsla eða vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir fara fram.

Við töku ákvarðana, eins og kveðið er á um í 4. og 7. mgr., skal Efnastofnunin taka tillit til allra athugasemda frá lögbæru yfirvöldunum.

9. Efnastofnunin og lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkja skulu ávallt gæta trúnaðar við meðferð upplýsinganna sem lagðar eru fram í samræmi við ákvæði 1. til 8. mgr.

10. Kæra má, í samræmi við 91., 92. og 93. gr., þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 4. og 7. mgr. þessarar greinar.

10. gr.

Upplýsingar sem leggja skal fram við almenna skráningu

Við skráningu, sem krafist er skv. 6. gr. eða 1. eða 5. mgr. 7. gr., skulu öll eftirfarandi gögn lögð fram:

a) tæknileg málsskjöl, þ.m.t.:

i) upplýsingar um framleiðanda/framleiðendur eða innflytjanda/innflytjendur eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka,

ii) auðkenni efnisins eins og tilgreint er í 2. lið VI. viðauka,

iii) upplýsingar um framleiðslu og notkun efnisins eins og tilgreint er í 3. lið VI. viðauka; þessar upplýsingar skulu taka til allrar tilgreindrar notkunar skráningaraðilans. Þessar upplýsingar geta tekið til, ef skráningaraðilinn telur það eiga við, viðeigandi notkunar- og váhrifaflokka,

iv) flokkun og merking efnisins eins og tilgreint er í 4. lið VI. viðauka,

v) leiðbeiningar um örugga notkun efnisins eins og tilgreint er í 5. lið VI. viðauka,

vi) rannsóknarsamantektir sem tengjast upplýsingum sem fengist hafa við beitingu VII. til XI. viðauka,

vii) ítarlegar rannsóknarsamantektir sem tengjast upplýsingum sem fengist hafa við beitingu VII. til XI. viðauka, ef þess er krafist skv. I. viðauka,

viii) upplýsingar um það hverjar af þeim upplýsingum, sem lagðar eru fram skv. iii., iv., vi. eða vii. lið eða b-lið, hafi verið endurmetnar af hálfu matsmanns með nægilega reynslu sem valinn var til þess af hálfu framleiðanda eða innflytjanda,

ix) tillögur að prófunum ef þær eru tíundaðar í IX. og X. viðauka,

x) upplýsingar um váhrif efna, sem eru að magni 1 til 10 tonn, eins og tilgreint er í 6. lið VI. viðauka,

xi) beiðni þar sem fram kemur hverjar af upplýsingunum í 2. mgr. 119. gr. framleiðandinn eða innflytjandinn telur að skuli ekki gerðar aðgengilegar á Netinu, í samræmi við e-lið 2. mgr. 77. gr., þ.m.t. rökstuðningur fyrir því að birting gæti skaðað viðskiptahagsmuni hans eða annarra aðila sem hlut eiga að máli.

Skráningaraðilinn skal, nema í tilvikum sem falla undir 3. mgr. 25. gr., 6. mgr. 27. gr. eða 3. mgr. 30. gr., vera lögmætur handhafi fullnaðarrannsóknarskýrslunnar, sem liggur til grundvallar samantektunum skv. vi. og vii. lið, eða hafa leyfi til þess að vísa til hennar vegna skráningar,

b) efnaöryggisskýrsla, ef hennar er krafist skv. 14. gr., á því sniði sem er tilgreint í I. viðauka. Viðeigandi hlutar þessarar skýrslu geta tekið til, ef skráningaraðilinn telur það eiga við, viðeigandi notkunar- og váhrifaflokka.

11. gr.

Sameiginleg framlagning gagna margra skráningaraðila

1. Ef einn eða fleiri framleiðendur hyggjast framleiða efni í Bandalaginu eða einn eða fleiri innflytjendur hyggjast flytja efni inn í Bandalagið og/eða efnið fellur undir skráningarskyldu skv. 7. gr. gildir eftirfarandi:

Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. skal fyrst einn skráningaraðili (hér á eftir nefndur „leiðandi skráningaraðili“), sem kemur fram með samþykki hins eða hinna skráningaraðilanna, leggja fram upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í iv., vi., vii. og ix. lið a-liðar 10. gr., og viðeigandi upplýsingar skv. viii. lið a-liðar 10. gr.

Hver skráningaraðili skal síðan leggja sérstaklega fram þær upplýsingar, sem eru tilgreindar í i., ii., iii. og x. lið a-liðar 10. gr., og viðeigandi upplýsingar skv. viii. lið a-liðar 10. gr.

Skráningaraðilarnir ráða því sjálfir hvort þeir leggja upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í v. lið a-liðar og í b-lið 10. gr. og viðeigandi upplýsingar skv. viii. lið a-liðar 10. gr., fram hver og einn eða hvort einn skráningaraðili leggi þessar upplýsingar fram fyrir hönd hinna.

2. Hver skráningaraðili þarf einungis að fullnægja ákvæði 1. mgr. að því er varðar atriði, sem eru tilgreind í iv., vi., vii. og ix. lið a-liðar 10. gr. og krafist er vegna skráningar innan þeirra marka fyrir tonnafjölda sem er í samræmi við ákvæði 12. gr.

3. Skráningaraðili getur lagt upplýsingarnar, sem um getur í iv., vi., vii. eða ix. lið a-liðar 10. gr., sérstaklega fram ef:

a) það yrði honum óhóflega kostnaðarsamt að leggja þessar upplýsingar fram með öðrum eða

b) framlagning upplýsinganna með öðrum yrði til þess að upplýsingar birtust, sem hann telur að séu viðkvæmar vegna viðskiptaforsendna, og að birting þeirra muni að líkindum valda honum viðskiptalegum skaða eða

c) hann og leiðandi skráningaraðilann greinir á um val á þessum upplýsingum.

Gildi ákvæði a-, b- eða c-liðar skal skráningaraðilinn leggja fram, ásamt málsskjölunum, útskýringu á því hvers vegna kostnaðurinn yrði óhóflegur, hvers vegna líklegt sé að birting upplýsinganna valdi honum umtalsverðum, viðskiptalegum skaða og skýringu á eðli ágreiningsins, allt eftir því sem við á.

4. Þegar skráningarskjöl eru lögð fram skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

12. gr.

Upplýsingar sem leggja skal fram um magn

1. Tæknilegu málsskjölin, sem um getur í a-lið 10. gr., skulu, að því er varðar vi. og vii. lið, innihalda allar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem skipta máli og skráningaraðilinn hefur aðgang að og að lágmarki eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í VII. viðauka, fyrir efni, sem eru ekki í skráningarbið og eru framleidd eða flutt inn í magni sem er eitt tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda, og fyrir efni í skráningarbið sem uppfylla aðra eða báðar viðmiðanirnar, sem eru tilgreindar í III. viðauka, og eru framleidd eða flutt inn í magni sem er eitt tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,

b) upplýsingar um eðlisefnafræðilega eiginleika, sem eru tilgreindir í 7. lið VII. viðauka, fyrir efni í skráningarbið sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er eitt tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda og sem uppfyllir hvoruga viðmiðunina sem er tilgreind í III. viðauka,

c) upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í VII. og VIII. viðauka, fyrir efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er 10 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,

d) upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í VII. og VIII. viðauka, og tillögur að prófunum til þess að afla þeirra upplýsinga, sem eru tilgreindar í IX. viðauka, fyrir efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er 100 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,

e) upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í VII. og VIII. viðauka, og tillögur að prófunum til þess að afla þeirra upplýsinga, sem eru tilgreindar í IX. og X. viðauka, fyrir efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er 1000 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,

2. Þegar magn á framleiðanda eða innflytjanda af efni, sem hefur þegar verið skráð, nær næstu mörkum fyrir magn skal framleiðandinn eða innflytjandinn þegar í stað greina Efnastofnuninni frá þeim viðbótarupplýsingum sem hann þarf nauðsynlega á að halda skv. 1. mgr. Ákvæði 3. og 4. mgr. 26. gr. gilda að breyttu breytanda.

3. Þessi grein gildir, að breyttu breytanda, um framleiðendur hluta.

13. gr.

Almennar kröfur um öflun upplýsinga um eðliseiginleika efna

1. Upplýsingar um eðliseiginleika efna má fá fram á annan hátt en með prófunum, að því tilskildu að skilyrðunum, sem sett eru fram í XI. viðauka, sé fullnægt. Ef því verður við komið skal fá fram upplýsingar, einkum að því er varðar eiturhrif á menn, með öðrum aðferðum en prófunum á hryggdýrum með því að nota staðgönguaðferðir, t.d. aðferðir sem byggjast á prófunum í glasi, eða líkön fyrir eigindleg eða megindleg vensl efnabyggingar og virkni eða með upplýsingum um efni svipaðrar byggingar (þar sem ályktað er út frá efnaflokkum eða byggingarlega hliðstæðum efnum). Heimilt er að sleppa prófunum í samræmi við lið 8.6 og 8.7 í VIII. viðauka og IX. og X. viðauka ef upplýsingar um váhrif og ráðstafanir, sem gripið hefur verið til við áhættustjórnun og tilgreindar eru í 3. lið XI. viðauka, réttlæta slíkt.

2. Þessar aðferðir skulu endurmetnar reglulega og bættar í því skyni að draga úr prófunum á hryggdýrum og fækka þeim dýrum sem nota þarf til þeirra. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við viðeigandi hagsmunaaðila og svo fljótt sem unnt er, leggja fram tillögu, ef við á, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir sem hafa verið samþykktar í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 4. mgr. 133. gr., og viðaukunum við þessa reglugerð, ef við á, í því skyni að taka upp aðrar aðferðir en prófanir á dýrum eða draga úr prófunum á dýrum eða bæta þær. Breytingar á þeirri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem er tilgreind í 3. mgr. og breytingar við viðauka þessarar reglugerðar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 131. gr.

3. Ef prófanir á efnum eru nauðsynlegar til þess að afla upplýsinga um eðliseiginleika efnanna skulu þær gerðar í samræmi við þær aðferðir sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar eða í samræmi við aðrar alþjóðlegar prófunaraðferðir sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnunin hefur viðurkennt að séu heppilegar. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja þessa reglugerð, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

Upplýsingar um eðliseiginleika efna má fá fram í samræmi við aðrar prófunaraðferðir, að því tilskildu að skilyrðunum, sem sett eru fram í XI. viðauka, sé fullnægt.

4. Visteiturefnafræðilegar og eiturefnafræðilegar prófanir skulu gerðar í samræmi við meginreglurnar um góðar starfsvenjur við rannsóknir, sem kveðið er á um í tilskipun 2004/10/EB, eða alþjóðlega staðla sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnunin hefur viðurkennt að séu jafngildir, eða í samræmi við ákvæði tilskipunar 86/609/EBE, ef við á.

5. Hafi efni þegar verið skráð er nýjum skráningaraðila heimilt að vísa til rannsóknarsamantekta eða ítarlegra rannsóknarsamantekta, sem hafa áður verið lagðar fram fyrir sama efni, að því tilskildu að hann geti sýnt fram á að efnið, sem hann hyggist skrá nú, sé það sama og fyrr var skráð, þ.m.t. hreinleiki og eðli óhreininda, og að fyrri skráningaraðili eða -aðilar hafi veitt leyfi sitt til þess að vísa til fullnaðarrannsóknarskýrslunnar vegna skráningarinnar.

Nýr skráningaraðili skal ekki vísa til slíkra rannsókna vegna þeirra upplýsingar sem krafist er skv. 2. lið VI. viðauka.

14. gr.

Efnaöryggisskýrsla og skylda til að beita ráðstöfunum til að draga úr áhættu og setja fram tilmæli um slíkar ráðstafanir

1. Með fyrirvara um 4. gr. tilskipunar 98/24/EB skal vinna efnaöryggismat og ljúka við efnaöryggisskýrslu fyrir öll efni sem eru skráningarskyld í samræmi við ákvæði þessa kafla og eru að magni 10 tonn eða meira á ári á skráningaraðila.

Í efnaöryggisskýrslunni skal vera efnaöryggismatið sem unnið skal í samræmi við 2. til 7. mgr. og I. viðauka, annaðhvort fyrir hvert efni eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, eða fyrir flokk efna.

2. Ekki þarf að vinna efnaöryggismat skv. 1. mgr. fyrir efni sem er í efnablöndu ef styrkur efnisins í efnablöndunni er minni en minnst er tilgreint í eftirfarandi:

a) styrkleikar sem eru tilgreindir í töflunni í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/45/EB,

b) styrkleikamörk sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE,

c) styrkleikamörk sem eru tilgreind í B-hluta II. viðauka við tilskipun 1999/45/EB,

d) styrkleikamörk sem eru tilgreind í B-hluta III. viðauka við tilskipun 1999/45/EB,

e) styrkleikamörk sem eru tilgreind í samþykktri færslu í flokkunar- og merkingarskránni sem sett er fram í XI. bálki í þessari reglugerð,

f) 0,1% miðað við massahlutfall, fullnægi efnið viðmiðununum í XIII. viðauka við þessa reglugerð.

3. Efnaöryggismat fyrir efni skal fela í sér eftirfarandi þrep:

a) mat á hættu fyrir heilbrigði manna,

b) eðlisefnafræðilegt hættumat,

c) mat á hættu fyrir umhverfið,

d) mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrifum (PBT) efna og mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) í lífverum.

4. Ef skráningaraðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir þrep a til d í 3. mgr., að efnið uppfylli viðmiðanirnar þannig að það flokkist sem hættulegt í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, eða það er metið sem PBT-efni eða vPvB-efni, skal efnaöryggismat fela í sér eftirfarandi viðbótarþrep:

a) mat á váhrifum, þ.m.t. gerð váhrifasviðsmyndar eða -mynda (eða tilgreining viðeigandi flokka fyrir notkun og váhrif, ef við á), og reiknuð váhrif,

b) áhættulýsing.

Váhrifasviðsmyndirnar (notkunar- og váhrifaflokkar, eftir því sem við á), mat á váhrifum og áhættulýsing skulu taka til allrar tilgreindrar notkunar skráningaraðilans.

5. Í efnaöryggisskýrslunni þarf ekki að vega og meta áhættu fyrir heilbrigði manna vegna eftirfarandi notkunar:

a) í efnum sem komast í snertingu við matvæli og falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ([1]),

b) í snyrtivörum sem falla undir gildissvið tilskipunar 76/768/EBE.

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

6. Allir skráningaraðilar skulu ákveða og gera viðeigandi ráðstafanir til að halda nægilega vel í skefjum áhættu sem tilgreind er í efnaöryggismatinu, og ef við á, mæla með þeim í öryggisblöðunum sem þeir leggja fram í samræmi við 31. gr.

7. Sérhver skráningaraðili, sem skylt er að vinna efnaöryggismat, skal halda efnaöryggisskýrslu sinni aðgengilegri og uppfærðri.

2. KAFLI

Efni sem teljast vera skráð

15. gr.

Efni í plöntuvarnarefnum og sæfiefnum

1. Líta skal svo á að virk efni og hjálparefni, sem eru framleidd eða flutt inn til notkunar í plöntuvarnarefni eingöngu og eru tilgreind annaðhvort í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EEC ([2]) eða í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 ([3]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 703/2001 ([4]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2002 ([5]) eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/565/EB ([6]), svo og öll efni, þar sem framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um að málsskjölin séu fullnægjandi skv. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, séu skráð og líta skal svo á að skráningunni sé lokið að því er varðar framleiðslu eða innflutning til notkunar sem plöntuvarnarefni og að kröfunum í 1. og 5. kafla þessa bálks hafi verið fullnægt.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/136/EB (Stjtíð. ESB L 349, 12.12.2006, bls. 42).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2266/2000 (Stjtíð. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 703/2001 frá 6. apríl 2001 um virk efni í plöntuvarnarefnum, sem meta skal í öðrum áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE, og um endurskoðun skrárinnar yfir tilnefnd skýrslugjafaraðildarríki fyrir þessi efni (Stjtíð. EB L 98, 7.4.2004, 2001, bls. 6).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2002 frá 14. ágúst 2002 um nánari reglur varðandi framkvæmd þriðja áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. EB L 224, 21.8.2002, bls. 23). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1744/2004 (Stjtíð. ESB L 311, 08.10.2004, bls. 23).

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/565/EB frá 25. júlí 2003 um framlengingu tímabilsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 40).

2. Líta skal svo á að virk efni, sem eru framleidd eða innflutt fram að degi ákvörðunarinnar, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB, til notkunar í sæfiefnum eingöngu og eru tilgreind annaðhvort í I. viðauka, viðauka I A eða I B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([1]) eða í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003 frá 4. nóvember 2003 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB ([2]), séu skráð og líta skal svo á að skráningunni sé lokið að því er varðar framleiðslu eða innflutning til notkunar sem sæfiefni og að kröfunum í 1. og 5. kafla þessa bálks hafi verið fullnægt.

16. gr.

Skyldur framkvæmdastjórnarinnar, Efnastofnunarinnar og skráningaraðila efna sem teljast vera skráð

1. Framkvæmdastjórnin eða viðeigandi stofnun Bandalagsins skal leggja fyrir Efnastofnunina upplýsingar, sem eru jafngildar þeim sem krafist er skv. 10. gr., fyrir efni sem teljast vera skráð skv. 15. gr. Efnastofnunin skal setja þessar upplýsingar, eða tilvísun til þeirra, í gagnagrunna sína og tilkynna lögbærum yfirvöldum um þetta eigi síðar en 1. desember 2008.

2. Ákvæði 21., 22. og 25. til 28. gr. gilda ekki um notkun efna sem teljast vera skráð skv. 15. gr.

3. KAFLI

Skráningarskylda og upplýsingakröfur varðandi tilteknar tegundir einangraðra milliefna

17. gr.

Skráning einangraðra milliefna sem eru notuð á staðnum

1. Allir sem framleiða einangrað milliefni, sem er notað á staðnum, í magninu eitt tonn eða meira á ári skulu senda Efnastofnuninni skráningarskjöl fyrir einangraða milliefnið.

2. Við skráningu einangraðs milliefnis, sem er notað á staðnum, skulu allar eftirfarandi upplýsingar koma fram, svo fremi framleiðandinn geti lagt þær fram án nokkurra frekari prófana:

a) upplýsingar um framleiðanda eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka,

b) auðkenni milliefnisins eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka,

c) flokkun milliefnisins eins og tilgreint er í 4. lið VI. viðauka,

d) allar fyrirliggjandi upplýsingar um eðlisefnafræðilega eiginleika milliefnisins og þá eiginleika þess sem geta haft áhrif á heilbrigði manna og umhverfið; liggi fullnaðarrannsóknarskýrsla fyrir skal leggja fram rannsóknarsamantekt,

e) stutt, almenn lýsing á notkuninni, eins og tilgreint er í lið 3.5 í VI. viðauka,

f) upplýsingar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til við áhættustjórnun.

Skráningaraðilinn skal, nema í tilvikum sem falla undir 3. mgr. 25. gr., 6. mgr. 27. gr. eða 3. mgr. 30. gr., vera lögmætur handhafi fullnaðarrannsóknarskýrslunnar, sem liggur til grundvallar samantektunum samkvæmt d-lið, eða hafa leyfi til þess að vísa til hennar vegna skráningar.

Við skráninguna skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda eingöngu um einangruð milliefni, sem eru notuð á staðnum, ef framleiðandinn staðfestir að efnið sé eingöngu framleitt og notað við nákvæmlega stýrð skilyrði þannig að því sé með tæknilegum aðferðum haldið í fullkomlega lokuðu kerfi allan vistferil þess. Grípa skal til varnarráðstafana og nota þannig verklag að losun og tilheyrandi váhrifum sé haldið í lágmarki.

Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt skulu þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í 10. gr., koma fram í skráningarskjölunum.

18. gr.

Skráning einangraðra milliefna sem eru flutt

1. Allir sem framleiða eða flytja inn einangrað milliefni, sem er flutt, í magninu eitt tonn eða meira á ári skulu leggja skráningarskjöl um þetta einangraða milliefni fyrir Efnastofnunina.

2. Í skráningarskjölum fyrir einangruð milliefni, sem eru flutt, skulu koma fram allar eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um framleiðanda eða innflytjanda eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka,

b) auðkenni milliefnisins eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka,

c) flokkun milliefnisins eins og tilgreint er í 4. lið VI. viðauka,

c) allar fyrirliggjandi upplýsingar um eðlisefnafræðilega eiginleika milliefnisins og eiginleika þess sem geta haft áhrif á heilbrigði manna og umhverfið. Liggi fullnaðarrannsóknarskýrsla fyrir skal leggja fram rannsóknarsamantekt,

e) stutt, almenn lýsing á notkuninni, eins og tilgreint er í lið 3.5 í VI. viðauka,

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/140/EB (Stjtíð. ESB L 414, 30.12.2006, bls. 78).

([2]) Stjtíð. EB L 307, 24.11.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1849/2006 (Stjtíð. ESB L 355, 15.12.2006, bls. 63).

f) upplýsingar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til við áhættustjórnun og mælt er með við notandann í samræmi við 4. mgr.

Skráningaraðilinn skal, nema í tilvikum sem falla undir 3. mgr. 25. gr., 6. mgr. 27. gr. eða 3. mgr. 30. gr., vera lögmætur handhafi fullnaðarrannsóknarskýrslunnar, sem liggur til grundvallar samantektunum samkvæmt d-lið, eða hafa leyfi til þess að vísa til hennar vegna skráningar.

Við skráninguna skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

3. Í skráningarskjölum fyrir einangrað milliefni, sem er flutt og er að magni yfir 1000 tonnum á ári á framleiðanda eða innflytjanda, skulu koma fram þær upplýsingar sem eru tilgreindar í VII. viðauka, auk þeirra upplýsinga sem krafist er skv. 2. mgr.

Ákvæði 13. gr. gilda um öflun þessara upplýsinga.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda eingöngu um einangruð milliefni sem eru flutt ef framleiðandinn eða innflytjandinn staðfestir sjálfur eða lýsir því yfir að hann hafi fengið staðfestingu notandans fyrir því að efnasmíði annars efnis eða annarra efna úr þessu milliefni fari fram á öðrum stöðum og við eftirfarandi skilyrði sem er stýrt nákvæmlega:

a) efninu er með tæknilegum aðferðum haldið í fullkomlega lokuðu kerfi allan vistferil þess, þ.m.t. framleiðsla, hreinsun, þrif og viðhald búnaðar, taka sýna, greining, fylling eða tæming búnaðar eða íláta, förgun eða hreinsun úrgangs og geymsla hans,

b) grípa skal til varnarráðstafana og nota þannig verklag að losun og tilheyrandi váhrifum sé haldið í lágmarki,

c) þeir starfsmenn einir, sem hafa hlotið nægilega þjálfun og leyfi, skulu meðhöndla efnið,

d) þegar um er að ræða hreingerningar- og viðhaldsvinnu skal nota sérstakt verklag, s.s. að spúla og þvo, áður en kerfið er opnað og farið er inn í það,

e) ef óhapp verður og úrgangur myndast skal grípa til varnarráðstafana og/eða sérstaks verklags til þess að losun verði í lágmarki, sem og tilheyrandi váhrif, meðan hreingerning eða þrif og viðhald fara fram,

f) verklagsreglur við meðhöndlun efna skulu vera skýrar og skriflegar og vera undir ströngu eftirliti stjórnandans á staðnum.

Ef þessum skilyrðum, sem fram koma í fyrstu undirgrein, er ekki fullnægt skulu þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í 10. gr., koma fram í skráningarskjölunum.

19. gr.

Sameiginleg framlagning gagna margra skráningaraðila sem varða einangruð milliefni

1. Hyggist einn eða fleiri framleiðendur framleiða í Bandalaginu einangrað milliefni, sem er notað á staðnum, eða einangrað milliefni, sem er flutt, og/eða hyggist einn eða fleiri innflytjendur flytja inn fyrrgreind efni gildir eftirfarandi:

Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skal einn framleiðandi eða innflytjandi (hér á eftir nefndur „leiðandi skráningaraðili“), sem kemur fram með samþykki hins eða hinna framleiðendanna eða innflytjendanna, fyrst leggja fram upplýsingarnar sem eru tilgreindar í c- og d-lið 2. mgr. 17. gr. og c- og d-lið 2. mgr. 18. gr.

Hver skráningaraðili skal síðan leggja sérstaklega fram þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 2. mgr. 17. gr. (a-, b-, e- og f-lið) og 2. mgr. 18. gr. (a-, b-, e- og f-lið).

2. Framleiðandi eða innflytjandi getur lagt upplýsingarnar, sem um getur í c- eða d-lið 2. mgr. 17. gr. og c- eða d-lið 2. mgr. 18. gr., fram sérstaklega ef:

a) það yrði honum óhóflega kostnaðarsamt að leggja þær fram með öðrum eða

b) framlagning upplýsinganna með öðrum yrði til þess að upplýsingar birtust, sem hann telur að séu viðkvæmar vegna viðskiptaforsendna, og að birting þeirra muni að líkindum valda honum viðskiptalegum skaða eða

c) hann og leiðandi skráningaraðila greinir á um val á þessum upplýsingum.

Gildi ákvæði a-, b- eða c-liðar skal framleiðandinn eða innflytjandinn leggja fram, ásamt málsskjölunum, útskýringu á því hvers vegna kostnaðurinn yrði óhóflegur, hvers vegna líklegt sé að birting upplýsinganna valdi honum umtalsverðum, viðskiptalegum skaða og skýringu á eðli ágreiningsins, allt eftir því sem við á.

3. Þegar skráningarskjöl eru lögð fram skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

4. kafli

Almenn ákvæði sem gilda ávallt við skráningu

20. gr.

Skyldur Efnastofnunarinnar

1. Við hverja skráningu skal Efnastofnunin úthluta framlagningarnúmeri, sem nota skal við öll bréfaskipti varðandi skráninguna þar til hún telst vera fullafgreidd, og einnig framlagningardagsetningu sem sýnir daginn þegar Efnastofnunin tekur við skráningarskjölunum.

2. Við hverja skráningu skal Efnastofnunin athuga hvort skráningarskjölin séu fullnægjandi og að allar upplýsingar, sem krafist er skv. 10. og 12. gr. eða skv. 17. eða 18. gr., hafi verið lagðar fram, svo og að skráningarþóknunin, sem um getur í 4. mgr. 6. gr., 1. og 5. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 17. gr. eða 2. mgr. 18. gr., hafi verið reidd af hendi. Við þessa athugun á því hvort skráningarskjöl séu fullnægjandi skal ekki lagt mat á gæði framlagðra upplýsinga, eða hvort þær eru fullnægjandi, eða rökstuðninginn með þeim.

Efnastofnunin skal ganga úr skugga um að skráningarskjöl séu fullnægjandi innan þriggja vikna frá framlagningardegi þeirra eða innan þriggja mánaða frá viðkomandi eindaga, sem er tilgreindur í 23. gr., þegar um er að ræða skráningarskjöl fyrir efni í skráningarbið sem eru lögð fram næstu tvo mánuðina á undan þeim eindaga.

Teljist skráningarskjöl ófullnægjandi skal Efnastofnunin gera skráningaraðilanum grein fyrir því áður en þriggja vikna eða þriggja mánaða tímabilið, sem um getur í annarri undirgrein, er liðið svo og hvaða upplýsinga er krafist til viðbótar svo að skráningarskjölin verði fullnægjandi og veita jafnframt hæfilegan frest til þess. Skráningaraðilinn skal bæta úr ágöllum skráningarskjalanna þannig að þau teljist fullnægjandi og leggja þau fyrir Efnastofnunina fyrir settan eindaga. Efnastofnunin skal staðfesta framlagningardag þessara viðbótarupplýsinga við skráningaraðilann. Efnastofnunin skal aftur ganga úr skugga um að skráningarskjöl séu fullnægjandi og vega þá og meta þær viðbótarupplýsingar sem voru lagðar fram.

Efnastofnunin skal hafna skráningu ef skráningaraðilanum tekst ekki að bæta úr ágöllum skráningarskjalanna fyrir settan eindaga. Skráningarþóknunin skal ekki endurgreidd í þessum tilvikum.

3. Að lokinni skráningu skal Efnastofnunin úthluta viðkomandi efni skráningarnúmeri og skráningardagsetningu sem skal vera sú sama og framlagningardagsetningin. Efnastofnunin skal án tafar tilkynna viðkomandi skráningaraðila um skráningarnúmerið og skráningardaginn. Skráningarnúmerið skal notað við öll frekari bréfaskipti varðandi skráninguna.

4. Efnastofnunin skal innan 30 daga frá framlagningardegi tilkynna lögbæru yfirvaldi viðkomandi aðildarríkis að eftirfarandi upplýsingar séu aðgengilegar í gagnagrunni stofnunarinnar:

a) skráningarskjölin ásamt framlagningar- eða skráningarnúmeri,

b) framlagningar- eða skráningardagur,

c) niðurstöður úr athugun á því hvort skráningarskjölin séu fullnægjandi og

d) allar beiðnir, ef um þær er að ræða, um frekari upplýsingar og tilheyrandi eindaga í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr.

Viðkomandi aðildarríki er aðildarríkið þar sem framleiðslan fer fram eða þar sem innflytjandinn hefur staðfestu.

Ef framleiðslustaðir framleiðandans eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum er viðkomandi aðildarríki ríkið þar sem aðalskrifstofa framleiðandans er. Aðildarríkin, þar sem hinir framleiðslustaðirnir eru, skulu einnig fá tilkynninguna.

Efnastofnunin skal þegar í stað tilkynna lögbæru yfirvaldi viðkomandi aðildarríkis eða aðildarríkja ef frekari upplýsingar, sem skráningaraðilinn hefur lagt fram, verða aðgengilegar í gagnagrunni stofnunarinnar.

5. Kæra má, í samræmi við ákvæði 91., 92. og 93. gr., þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 2. mgr. þessarar greinar.

6. Ef nýr skráningaraðili leggur frekari upplýsingar um tiltekið efni fyrir Efnastofnunina skal stofnunin tilkynna þeim skráningaraðilum, sem fyrir eru, að þessar upplýsingar séu aðgengilegar í gagnagrunninum, sbr. 22. gr.

21. gr.

Framleiðsla og innflutningur efna

1. Skráningaraðila er heimilt að hefja eða halda áfram framleiðslu eða innflutningi efnis eða framleiðslu eða innflutningi hlutar hafi Efnastofnunin ekki lýst sig andvíga því í samræmi við 2. mgr. 20. gr. innan þriggja vikna frá framlagningardegi, sbr. þó 8. mgr. 27. gr.

Þegar um er að ræða skráningu efna í skráningarbið er slíkum skráningaraðila heimilt að halda áfram framleiðslu eða innflutningi efnisins eða framleiðslu eða innflutningi hlutar hafi Efnastofnunin ekki lýst sig andvíga því í samræmi við 2. mgr. 20. gr. innan þriggja vikna frá framlagningardegi eða, ef framlagning á sér stað innan tveggja mánaða tímabilsins á undan viðkomandi eindaga sem fram kemur í 23. gr., og hafi Efnastofnunin ekki lýst sig andvíga því í samræmi við 2. mgr. 20. gr., innan þriggja mánaða frá þeim eindaga, sbr. þó 8. mgr. 27. gr.

Ef um er að ræða uppfærslu á skráningarskjölum skv. 22. gr. er skráningaraðila heimilt að halda áfram framleiðslu eða innflutningi efnis eða framleiðslu eða innflutningi hlutar hafi Efnastofnunin ekki lýst sig andvíga því í samræmi við 2. mgr. 20. gr. innan þriggja vikna frá uppfærsludeginum, sbr. þó 8. mgr. 27. gr.

2. Hafi Efnastofnunin greint skráningaraðilanum frá því að hann verði að leggja fram frekari upplýsingar í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 20. gr. er skráningaraðilanum heimilt að hefja framleiðslu eða innflutning efnis eða framleiðslu eða innflutning hlutar hafi Efnastofnunin ekki lýst sig andvíga því innan þriggja vikna frá því að stofnunin tók við þeim viðbótarupplýsingum sem voru nauðsynlegar til þess að skráningarskjöl hans teldust fullnægjandi, sbr. þó 8. mgr. 27. gr.

3. Leggi leiðandi skráningaraðili fram hluta af skráningarskjölunum fyrir hönd eins eða fleiri annarra skráningaraðila, eins og kveðið er á um í 11. eða 19. gr., er hverjum og einum hinna skráningaraðilanna því aðeins heimilt að framleiða eða flytja inn efnið eða framleiða eða flytja inn hlutina að fresturinn, sem mælt er fyrir um í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, sé útrunninn og að því tilskildu að Efnastofnunin hafi hvorki lýst sig andvíga skráningu leiðandi skráningaraðilans fyrir hönd hinna né hans eigin skráningu.

22. gr.

Aðrar skyldur skráningaraðila

1. Að lokinni skráningu skal skráningaraðili sjálfur hafa frumkvæði að því að uppfæra skráningarskjöl sín án óþarfrar tafar með því að leggja nýjar upplýsingar, sem máli skipta, fyrir Efnastofnunina í eftirfarandi tilvikum:

a) við breytingu á stöðu hans, t.d. sem framleiðanda eða innflytjanda efnis eða framleiðanda hluta, eða varðandi auðkenni hans, s.s. heiti hans eða heimilisfang,

b) við breytingu á samsetningu efnisins í samræmi við 2. lið VI. viðauka,

c) við breytingar á árlegu magni eða heildarmagni efna, sem hann framleiðir eða flytur inn, eða á magni efna, sem eru fyrir hendi í hlutum sem hann framleiðir eða flytur inn, ef breytingarnar leiða til breytingar á mörkum fyrir tonnafjölda, þ.m.t. ef framleiðslu eða innflutningi er hætt,

d) við nýja, tilgreinda notkun og nýja notkun, sem ráðið er frá í lið 3.7 í VI. viðauka, sem efnið er framleitt eða innflutt fyrir,

e) við nýja vitneskja um áhættu af völdum efnisins fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið sem af sanngirni má ætla að hann hafi orðið áskynja um og leiðir til breytinga á öryggisblaðinu eða efnaöryggisskýrslunni,

f) við breytingar á flokkun og merkingu efnisins,

g) við hvers kyns uppfærslur eða breytingar á efnaöryggisskýrslunni eða 5. lið VI. viðauka,

h) ef skráningaraðilinn kemst að þeirri niðurstöðu að þörf sé á prófun sem er tilgreind í IX. eða X. viðauka, og skal þá í þeim tilvikum setja fram tillögu að prófun,

i) við hvers kyns breytingu á aðgangi sem veittur er að upplýsingum í skráningarskjölunum.

Efnastofnunin skal senda þessar upplýsingar til lögbærs yfirvalds viðkomandi aðildarríkis.

2. Skráningaraðili skal leggja fyrir Efnastofnunina uppfærð skráningarskjöl þar sem fram koma þær upplýsingar sem krafist er með ákvörðuninni, sem var tekin í samræmi við 40., 41. eða 46. gr., eða taka tillit til ákvörðunar, sem var tekin í samræmi við 60. og 73. gr., fyrir þann eindaga sem er tilgreindur í þeirri ákvörðun. Efnastofnunin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi viðkomandi aðildarríkis að upplýsingarnar séu aðgengilegar í gagnagrunni hennar.

3. Efnastofnunin skal athuga hvort uppfærsla skráningarskjala sé fullnægjandi í samræmi við fyrstu og aðra undirgrein 2. mgr. 20. gr. Ef uppfærslan er í samræmi við 2. mgr. 12. gr. og við c-lið 1. mgr. þessarar greinar skal Efnastofnunin athuga hvort upplýsingarnar, sem skráningaraðilinn leggur fram, séu fullnægjandi og gildir 2. mgr. 20. gr. að breyttu breytanda.

4. Í tilvikum, sem falla undir 11. eða 19. gr, skal hver skráningaraðili um sig leggja fram þær upplýsingar sem eru tilgreindar í c-lið 1. mgr. þessarar greinar.

5. Uppfærðum skjölum skal fylgja greiðsla sem er viðeigandi hluti þeirrar þóknunar sem krafist er í samræmi við IX. bálk.

5. kafli

Bráðabirgðaákvæði sem gilda um efni í skráningarbið og tilkynnt efni

23. gr.

Sérákvæði um efni í skráningarbið

1. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 17. gr., 18. gr. og 21. gr. gilda ekki fyrr en 1. desember 2010 að því er varðar eftirfarandi efni:

a) efni í skráningarbið sem eru flokkuð sem krabbameins-, stökkbreyti- eða æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og framleidd í Bandalaginu eða flutt þangað inn a.m.k. einu sinni eftir 1. júní 2007 í magni sem er eitt tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,

b) efni í skráningarbið sem eru flokkuð sem mjög eitruð vatnalífverum og sem geta haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni (H50/53), í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, og framleidd í Bandalaginu eða flutt þangað inn a.m.k. einu sinni eftir 1. júní 2007 í magni sem er 100 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,

c) efni í skráningarbið sem eru framleidd í Bandalaginu eða flutt þangað inn a.m.k. einu sinni eftir 1. júní 2007 í magni sem er 1000 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda.

2. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 17. gr., 18. gr. og 21. gr. gilda ekki fyrr en 1. júní 2013 að því er varðar efni í skráningarbið sem eru framleidd í Bandalaginu eða flutt þangað inn a.m.k. einu sinni eftir 1. júní 2007 í magni sem er 100 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda.

3. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 17. gr., 18. gr. og 21. gr. gilda ekki fyrr en 1. júní 2018 að því er varðar efni í skráningarbið sem eru framleidd í Bandalaginu eða flutt þangað inn a.m.k. einu sinni eftir 1. júní 2007 í magni sem er eitt tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda.

4. Með fyrirvara um 1.–3. mgr. má leggja fram skráningarskjöl hvenær sem er fyrir viðkomandi eindaga.

5. Þessi grein gildir einnig, að breyttu breytanda, um efni sem eru skráð skv. 7. gr.

24. gr.

Tilkynnt efni

1. Tilkynning í samræmi við tilskipun 67/548/EBE telst vera tilkynning um skráningu í skilningi þessa bálks og Efnastofnunin skal úthluta tilkynningunni skráningarnúmeri eigi síðar en 1. desember 2008.

2. Ef magn tilkynnts efnis, sem er framleitt eða flutt inn, nær næstu mörkum fyrir magn á framleiðanda eða innflytjanda skv. 12. gr. skal leggja fram þær viðbótarupplýsingar sem krafist er og svara til þessara magnmarka og allra magnmarka þar fyrir neðan, í samræmi við 10. og 12. gr., nema þær hafi þegar verið lagðar fram í samræmi við ákvæði þessara greina.

III. BÁLKUR

SAMNÝTING GAGNA OG MIKILVÆGI ÞESS AÐ KOMAST HJÁ ÓNAUÐSYNLEGUM TILRAUNUM

1. kafli

Markmið og almennar reglur

25. gr.

Markmið og almennar reglur

1. Forðast skal tilraunir á hryggdýrum í þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessari reglugerð og þær skulu því aðeins gerðar að aðrir kostir standi ekki til boða. Einnig er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að halda endurtekningu annarra tilrauna í lágmarki.

2. Samnýting og sameiginleg framlagning upplýsinga í samræmi við þessa reglugerð skal varða tæknileg gögn og einkum upplýsingar sem tengjast eðliseiginleikum efna. Skráningaraðilar skulu láta vera að skiptast á upplýsingum er varða markaðshegðun þeirra, einkum að því er varðar framleiðslugetu þeirra og magntölur yfir framleiðslu, sölu eða innflutning eða markaðshlutdeild.

3. Heimilt er að nota allar rannsóknarsamantektir og ítarlegar rannsóknarsamantektir, sem hafa verið lagðar fram við skráningu samkvæmt þessari reglugerð a.m.k. næstu 12 árin á undan, í þágu skráningar af hálfu annars framleiðanda eða innflytjanda.

2. kafli

Reglur um efni, sem eru ekki í skráningarbið, og fyrir skráningaraðila efna í skráningarbið sem hafa ekki verið forskráð

26. gr.

Fyrirspurnarskylda áður en kemur til skráningar

1. Allir hugsanlegir skráningaraðilar fyrir efni, sem er ekki í skráningarbið, og hugsanlegir skráningaraðilar fyrir efni í skráningarbið, sem hefur ekki verið forskráð í samræmi við 28. gr., skulu spyrjast fyrir um það hjá Efnastofnuninni hvort skráningarskjöl fyrir viðkomandi efni hafi þegar verið lögð fram. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja fyrirspurninni til Efnastofnunarinnar:

a) upplýsingar um hugsanlega skráningaraðilann í samræmi við 1. lið VI. viðauka, að undanskildum upplýsingum um notkunarstaðina,

b) auðkenni efnisins eins og tilgreint er í 2. lið VI. viðauka,

c) tilgreining á upplýsingakröfum sem útheimtu að hann gerði nýjar rannsóknir á hryggdýrum,

d) tilgreining á upplýsingakröfum sem útheimtu að hann gerði aðrar, nýjar rannsóknir.

2. Hafi tiltekið efni ekki verið skráð áður skal Efnastofnunin gera hugsanlegum skráningaraðila grein fyrir því.

3. Hafi tiltekið efni verið skráð áður, en innan við 12 ár eru liðin frá fyrri skráningu, skal Efnastofnunin greina hugsanlegum skráningaraðila án tafar frá heiti og heimilisfangi fyrri skráningaraðila og frá viðeigandi samantektum eða ítarlegum rannsóknarsamantektum, eftir því sem við á, sem þeir hafa þegar lagt fram. Ekki skal endurtaka rannsóknir sem hafa verið gerðar á hryggdýrum. Efnastofnunin skal jafnframt greina fyrri skráningaraðilum frá heiti og heimilisfangi hugsanlegs skráningaraðila. Hugsanlegi skráningaraðilinn skal fá afnot af niðurstöðum fyrirliggjandi rannsókna í samræmi við 27. gr.

4. Hafi nokkrir hugsanlegir skráningaraðilar spurst fyrir um sama efnið skal Efnastofnunin upplýsa hvern og einn þeirra um heiti og heimilisfang allra hinna hugsanlegu skráningaraðilanna.

27. gr.

Samnýting fyrirliggjandi gagna ef um er að ræða skráð efni

1. Hafi tiltekið efni verið skráð áður, en innan við 12 ár eru liðin frá fyrri skráningu eins og um getur í 3. mgr. 26. gr.:

a) skal hugsanlegur skráningaraðili, ef um er að ræða upplýsingar sem varða prófanir á hryggdýrum og

b) má sá hinn sami, ef um er að ræða upplýsingar sem varða ekki prófanir á hryggdýrum,

óska eftir þeim upplýsingum, sem hann þarf nauðsynlega á að halda með tilliti til vi. og vii. liðar a-liðar 10. gr. við skráningu, frá fyrri skráningaraðila eða -aðilum.

2. Þegar óskað hefur verið eftir upplýsingum skv. 1. mgr. skulu hugsanlegur og fyrri skráningaraðili eða -aðilar, sem um getur í 1. mgr., leita allra ráða til að ná samkomulagi um samnýtingu þeirra upplýsinga sem hugsanlegur skráningaraðili eða -aðilar hafa óskað eftir með tilliti til vi. og vii. liðar a-liðar 10. gr. Í stað slíks samkomulags geta aðilar lagt málið í gerð og skulu þeir þá hlíta úrskurði gerðarmanna.

3. Fyrri skráningaraðili og hugsanlegur skráningaraðili eða -aðilar skulu kappkosta að tryggja að kostnaður við samnýtingu upplýsinganna verði ákveðinn á sanngjarnan og gagnsæjan hátt og án mismununar. Greiða má fyrir þessu með því að fara eftir leiðbeiningum um kostnaðarskiptingu sem grundvallast á framangreindum meginreglum og sem Efnastofnunin hefur samþykkt í samræmi við g-lið 2. mgr. 77. gr. Skráningaraðilar þurfa aðeins að taka þátt í kostnaði sem fellur til vegna upplýsinga sem krafist er að þeir leggi fram til að uppfylla kröfur vegna skráningar.

4. Þegar samkomulag er gert um samnýtingu upplýsinga skal fyrri skráningaraðili veita nýja skráningaraðilanum aðgang að umsömdum upplýsingum og veita hinum síðarnefnda leyfi til þess að vísa í fullnaðarrannsóknarskýrslu þess fyrrnefnda.

5. Ef ekki tekst að ná slíku samkomulagi skal hugsanlegur skráningaraðili eða -aðilar greina Efnastofnuninni og fyrri skráningaraðila eða -aðilum frá því en þó eigi fyrr en mánuður er liðinn frá því að Efnastofnunin tekur við heiti og heimilisfangi fyrri skráningaraðila.

6. Innan mánaðar frá viðtöku upplýsinganna, sem um getur í 5. mgr., skal Efnastofnunin veita hugsanlegum skráningaraðila leyfi til þess að vísa í skráningarskjölum sínum til þeirra upplýsinga sem hann hefur óskað eftir, að því tilskildu að hugsanlegi skráningaraðilinn leggi, að beiðni Efnastofnunarinnar, fram gögn um að hann hafi greitt fyrri skráningaraðila eða -aðilum hluta þess kostnaðar sem stofnað hefur verið til vegna þeirra upplýsinga. Fyrri skráningaraðili eða -aðilar skulu geta farið fram á að hugsanlegur skráningaraðili greiði eðlilegan hluta þess kostnaðar sem til hefur verið stofnað vegna hans. Auðvelda má útreikninga á eðlilegum hluta kostnaðar með því að styðjast við leiðbeiningarnar sem Efnastofnunin samþykkti í samræmi við g-lið 2. mgr. 77. gr. Veiti fyrri skráningaraðili eða -aðilar hugsanlegum skráningaraðila aðgang að fullnaðarrannsóknarskýrslunni skal sá eða þeir fyrrnefndu eiga kröfu á hendur þeim síðarnefnda um að hann taki jafnan þátt í þeim kostnaði, sem til hefur verið stofnað vegna hans, og skal sú krafa vera aðfararhæf fyrir dómstólum viðkomandi ríkis.

7. Kæra má, í samræmi við 91., 92. og 93. gr., þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 6. mgr. þessarar greinar.

8. Skráningarbiðtími í samræmi við 1. mgr. 21. gr. fyrir nýja skráningaraðilann skal lengdur um fjóra mánuði fari fyrri skráningaraðilinn fram á það.

3. KAFLI

Reglur um efni í skráningarbið

28. gr.

Skylda að forskrá efni í skráningarbið

1. Svo að hugsanlegir skráningaraðilar efnis í skráningarbið í magninu eitt tonn á ári eða meira, þ.m.t. milliefni án takmörkunar, njóti góðs af bráðabirgðafyrirkomulaginu sem kveðið er á um í 23. gr. skal hver og einn þeirra leggja allar eftirfarandi upplýsingar fyrir Efnastofnunina:

a) heiti efnisins, eins og það er tilgreint í 2. lið VI. viðauka, þ.m.t. EINECS- og CAS-númer þess eða aðrir auðkenniskóðar, liggi númerin ekki fyrir,

b) eigið heiti og heimilisfang og nafn tengiliðar og, ef við á, heiti og heimilisfang þess sem kemur fram sem fulltrúi hans í samræmi við 4. gr., eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka,

c) fyrirhugaðan eindaga skráningarinnar og mörk fyrir tonnafjölda,

d) heiti efnis eða efna, eins og þau eru tilgreind í 2. lið VI. viðauka, þ.m.t. EINECS- og CAS-númer eða aðrir auðkenniskóðar þeirra liggi númerin ekki fyrir, ef fyrirliggjandi upplýsingar um efnið eða efnin skipta máli fyrir beitingu liða 1.3 og 1.5 í XI. viðauka.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu lagðar fram á tímabili sem hefst 1. júní 2008 og lýkur 1. desember 2008.

3. Skráningaraðilar, sem leggja ekki fram upplýsingarnar, sem krafist er skv. 1. mgr., geta ekki borið fyrir sig ákvæði 23. gr.

4. Efnastofnunin skal, eigi síðar en 1. janúar 2009, birta á vefsetri sínu skrá yfir efni sem um getur í a- og d-lið 1. mgr. Skráin skal eingöngu ná yfir heiti efnanna, þ.m.t. EINECS- og CAS-númer, liggi þau fyrir, og aðrir auðkenniskóðar, og fyrsta fyrirhugaða eindaga fyrir skráningu.

5. Þegar skráin hefur verið birt getur eftirnotandi efnis, sem er ekki í skránni, tilkynnt Efnastofnuninni um áhuga sinn á efninu og um tengiliði sína og núverandi birgi. Efnastofnunin skal birta á vefsetri sínu heiti efnisins og veita hugsanlegum skráningaraðila upplýsingar, ef þeirra er óskað, um tengiliði eftirnotandans.

6. Hugsanlegir skráningaraðilar, sem eftir 1. desember 2008 framleiða eða flytja í fyrsta sinn inn efni í skráningarbið í magni sem er eitt tonn á ári eða meira eða nota í fyrsta sinn efni í skráningarbið í tengslum við framleiðslu hluta eða flytja í fyrsta sinn inn hlut sem inniheldur efni í skráningarbið sem krafist er skráningar fyrir, eiga rétt á að bera fyrir sig ákvæði 23. gr., svo fremi þeir leggi upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir Efnastofnunina innan sex mánaða frá framleiðslu, innflutningi eða notkun efnisins í fyrsta sinn í magni, sem er eitt tonn eða meira á ári, og eigi síðar en 12 mánuðum fyrir viðkomandi eindaga skv. 23. gr.

7. Framleiðendur eða innflytjendur efna í skráningarbið í magni, sem er undir einu tonni á ári, sem eru tilgreind í skránni sem Efnastofnunin birtir í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, svo og eftirnotendur þessara efna og þriðju aðilar, sem búa yfir upplýsingum um þessi efni, geta afhent Efnastofnuninni upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða aðrar upplýsingar, sem máli skipta og varða þessi efni, með það í huga að verða þátttakendur á gagnaskiptatorgi fyrir efni eins og um getur í 29. gr.

29. gr.

Gagnaskiptatorg fyrir efni

1. Allir hugsanlegir skráningaraðilar, eftirnotendur og þriðju aðilar, sem hafa afhent Efnastofnuninni upplýsingar í samræmi við 15. gr. eða sem Efnastofnunin geymir upplýsingar fyrir í samræmi við 15. gr. og upplýsingarnar varða sama efni í skráningarbið, eða skráningaraðilar sem hafa lagt fram skráningarskjöl fyrir viðkomandi efni í skráningarbið fyrir eindagann, sem settur er fram í 3. mgr. 23. gr., skulu taka þátt á gagnaskiptatorgi fyrir efni (SIEF).

2. Markmiðið með hverju gagnaskiptatorgi fyrir efni er:

a) að greiða, í þágu skráningar, fyrir skiptum milli skráningaraðila á þeim upplýsingum, sem eru tilgreindar í vi. og vii. lið a-liðar 10. gr., og komast þannig hjá því að rannsóknir verði endurteknar og

b) að ná samkomulagi um flokkun og merkingu efnisins ef munur er á þessu tvennu hjá hugsanlegum skráningaraðilum.

3. Þátttakendur á gagnaskiptatorgi fyrir efni skulu veita öðrum þátttakendum upplýsingar um fyrirliggjandi rannsóknir, svara beiðnum annarra þátttakenda um upplýsingar og í sameiningu skulu þeir benda á þörf á frekari rannsóknum að því er varðar a-lið 2. mgr. og sjá til þess að þær rannsóknir verði gerðar. Hvert gagnaskiptatorg fyrir efni skal starfa til 1. júní 2018.

30. gr.

Samnýting gagna sem varða tilraunir

1. Áður en þátttakandi á gagnaskiptatorgi fyrir efni gerir tilraunir í því skyni að uppfylla upplýsingakröfur í þágu skráningar skal hann spyrjast fyrir um það á gagnaskiptatorgi sínu hvort upplýsingar liggi fyrir þar um viðkomandi rannsókn. Ef upplýsingar um viðeigandi rannsókn, sem felur í sér tilraunir á hryggdýrum, liggja fyrir á gagnaskiptatorginu skal þátttakandi á torginu óska eftir upplýsingum um þá rannsókn. Ef upplýsingar um viðeigandi rannsókn, sem felur ekki í sér tilraunir á hryggdýrum, liggja fyrir á gagnaskiptatorginu getur þátttakandi á torginu óskað eftir þeim upplýsingum.

Innan mánaðar frá því að beiðnin var lögð fram skal eigandi rannsóknarinnar leggja gögn um kostnað sinn vegna rannsóknarinnar fyrir þátttakandann eða þátttakendurna sem óskuðu eftir upplýsingunum. Þátttakandinn eða þátttakendurnir og eigandinn skulu kappkosta að tryggja að kostnaður við samnýtingu upplýsinganna verði ákveðinn á sanngjarnan og gagnsæjan hátt og án mismununar. Greiða má fyrir þessu með því að fara eftir leiðbeiningum um kostnaðarskiptingu sem grundvallast á þeim meginreglum sem Efnastofnunin hefur samþykkt í samræmi við g-lið 2. mgr. 77. gr. Náist samkomulag ekki skal kostnaðinum skipt jafnt. Eigandinn skal heimila að vísað sé til fullnaðarrannsóknarskýrslunnar í þágu skráningar innan tveggja vikna frá viðtöku greiðslu. Skráningaraðilar þurfa aðeins að taka þátt í kostnaði sem fellur til vegna upplýsinga sem krafist er að þeir leggi fram til að uppfylla kröfur vegna skráningar.

2. Liggi upplýsingar um tiltekna rannsókn, sem felur í sér tilraunir, ekki fyrir á gagnaskiptatorginu skal aðeins gera eina rannsókn fyrir hverja upplýsingakröfu innan hvers torgs og skal aðeins einn þátttakandi á torginu annast hana fyrir hönd hinna. Þeir skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir til þess að ná samkomulagi, fyrir eindagann sem Efnastofnunin setur, um það hver skuli gera rannsóknina fyrir hönd hinna þátttakendanna og leggja samantekt eða ítarlega rannsóknarsamantekt fyrir Efnastofnunina. Náist ekki samkomulag skal Efnastofnunin tilnefna þann skráningaraðila eða eftirnotanda sem skal annast rannsóknina. Allir þátttakendur þess gagnaskiptatorgs, sem þurfa á rannsókn að halda, skulu taka þátt í kostnaði við framkvæmd rannsóknarinnar og greiða í hlutfalli við fjölda hugsanlegra skráningaraðila sem eru þátttakendur. Þeir þátttakendur, sem koma ekki sjálfir að gerð rannsóknarinnar, eiga rétt á að fá í hendur fullnaðarrannsóknarskýrsluna innan tveggja vikna frá því að þátttakandinn, sem gerði rannsóknina, tekur við greiðslu.

3. Ef eigandi rannsóknar, sem um getur í 1. mgr., þar sem rannsóknin felur í sér tilraunir á hryggdýrum, neitar að leggja annaðhvort gögn um kostnað vegna þeirrar rannsóknar eða upplýsingar um rannsóknina sjálfa fyrir annan þátttakanda eða þátttakendur er honum ekki heimilt að halda áfram með skráninguna fyrr en hann afhendir hinum þátttakandanum eða þátttakendunum upplýsingarnar. Hinn eða hinir þátttakendurnir skulu halda áfram með skráninguna án þess að uppfylla viðkomandi upplýsingakröfu og greina frá ástæðu þessa í skráningarskjölunum. Rannsóknin skal ekki endurtekin nema því aðeins að eigandi þessara upplýsinga hafi ekki afhent þær hinum þátttakendunum innan 12 mánaða frá skráningardegi þessara þátttakenda og Efnastofnunin ákveði að þeir skuli endurtaka rannsóknina. Hafi annar skráningaraðili á hinn bóginn þegar lagt fram skráningarskjöl sem innihalda þessar upplýsingar skal Efnastofnunin veita hinum þátttakandanum eða þátttakendunum leyfi til þess að vísa til upplýsinganna í skráningarskjölum sínum. Hinn skráningaraðilinn skal eiga kröfu á hendur hinum þátttakandanum eða þátttakendunum um að hann eða þeir taki jafnan þátt í kostnaðinum, svo fremi hann veiti hinum þátttakandanum eða þátttakendunum aðgang að fullnaðarrannsóknarskýrslunni, og skal sú krafa vera aðfararhæf fyrir dómstólum viðkomandi ríkis eða ríkja.

4. Ef eigandi rannsóknar, sem um getur í 1. mgr., þar sem rannsóknin felur ekki í sér tilraunir á hryggdýrum, neitar að leggja annaðhvort gögn um kostnað vegna þeirrar rannsóknar eða upplýsingar um rannsóknina sjálfa fyrir annan þátttakanda eða þátttakendur skulu hinir þátttakendurnir á gagnaskiptatorginu halda áfram með skráninguna eins og engar upplýsingar um viðeigandi rannsókn liggi fyrir á gagnaskiptatorginu.

5. Kæra má, í samræmi við 91., 92. og 93. gr., þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

6. Eigandi rannsóknar, sem hefur neitað að leggja fram annaðhvort gögn um kostnað eða upplýsingar um sjálfa rannsóknina sem um getur í 3. eða 4. mgr. þessarar greinar, skal beittur viðurlögum í samræmi við 126. gr.

IV. BÁLKUR

UPPLÝSINGAR Í AÐFANGAKEÐJUNNI

31. gr.

Kröfur er varða öryggisblöð

1. Birgir efnis eða efnablöndu skal sjá viðtakanda efnisins eða efnablöndunnar fyrir öryggisblaði sem tekið hefur verið saman í samræmi við II. viðauka:

a) ef efni eða efnablanda uppfyllir viðmiðanir þannig að það flokkist sem hættulegt í samræmi við tilskipanir 67/548/EBE eða 1999/45/EB eða

b) ef efni er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrað eða er mjög þrávirkt og safnast í miklum mæli upp í lífverum í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka eða

c) ef efni er tilgreint í skránni, sem tekin er saman í samræmi við 1. mgr. 59. gr., af öðrum ástæðum en þeim sem um getur í a- og b-lið.

2. Allir aðilar í aðfangakeðjunni, sem skylt er skv. 14. eða 37. gr. að vinna efnaöryggismat fyrir efni, skulu sjá til þess að upplýsingarnar á öryggisblaðinu séu í samræmi við upplýsingarnar í þessu öryggismati. Ef öryggisblaðið er tekið saman fyrir efnablöndu og aðilinn í aðfangakeðjunni hefur unnið efnaöryggismat fyrir þá efnablöndu er ekki nauðsynlegt að upplýsingarnar á öryggisblaðinu séu í samræmi við efnaöryggisskýrsluna fyrir hvert efni, sem efnablandan inniheldur, heldur nægir að upplýsingarnar séu í samræmi við efnaöryggisskýrsluna fyrir efnablönduna.

3. Birgirinn skal að beiðni viðtakandans sjá honum fyrir öryggisblaði, sem er tekið saman í samræmi við ákvæði II. viðauka, ef efnablanda uppfyllir ekki viðmiðanir til að flokkast sem hættuleg í samræmi við 5., 6. og 7. gr. tilskipunar 1999/45/EB en inniheldur:

a) a.m.k. eitt efni sem skapar hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og er eitt sér í styrk sem nemur ≥ 1% miðað við þyngd fyrir efnablöndu, sem er ekki loftkennd, og ≥ 0,2% miðað við rúmmál fyrir loftkennda efnablöndu eða

b) a.m.k. eitt efni sem er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrað eða er mjög þrávirkt og safnast í miklum mæli upp í lífverum í samræmi við viðmiðanirnar, sem eru settar fram í XIII. viðauka, og er eitt sér í styrk sem nemur ≥ 0,1% miðað við þyngd í efnablöndu, sem er ekki loftkennd, eða hefur af öðrum ástæðum en þeim sem um getur í a-lið verið fært í skrána sem tekin var saman í samræmi við 1. mgr. 59. gr. eða

c) efni sem fellur undir viðmiðunarmörk Bandalagins fyrir váhrif á vinnustöðum.

4. Ef eftirnotandi eða dreifandi fer ekki fram á það er ekki nauðsynlegt að láta öryggisblað fylgja hættulegum efnum eða efnablöndum, sem eru boðnar eða seldar almenningi, ef þeim fylgja nægilegar upplýsingar til að notendur geti gert nauðsynlegar ráðstafanir að því er varðar heilsuvernd, öryggi og umhverfisvernd.

5. Öryggisblaðið skal lagt fyrir á opinberu tungumáli þess aðildarríkis eða þeirra aðildarríkja þar sem efnið eða efnablandan er sett á markað nema viðkomandi aðildarríki kveði á um annað.

6. Öryggisblaðið skal vera dagsett og þar skulu vera eftirfarandi fyrirsagnir:

1. auðkenning efnisins eða efnablöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins,

2. hættugreining,

3. samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni,

4. ráðstafanir í skyndihjálp,

5. ráðstafanir vegna slökkviaðgerða,

6. ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni,

7. meðhöndlun og geymsla,

8. takmörkun váhrifa/persónuhlífar,

9. eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar,

10. stöðugleiki og hvarfgirni,

11. eiturefnafræðilegar upplýsingar,

12. vistfræðilegar upplýsingar,

13. atriði varðandi förgun,

14. upplýsingar varðandi flutning,

15. upplýsingar varðandi regluverk,

16. aðrar upplýsingar.

7. Allir aðilar í aðfangakeðjunni, sem er skylt að taka saman efnaöryggisskýrslu skv. 14. eða 37. gr, skulu láta viðeigandi váhrifasviðsmyndir (þ.m.t. notkunar- og váhrifaflokkar, eftir því sem við á) fylgja í viðauka við öryggisblaðið, sem tekur til tilgreindrar notkunar, og enn fremur sérstök skilyrði sem stafa af beitingu 3. liðar í XI. viðauka.

Allir eftirnotendur skulu láta fylgja viðeigandi váhrifasviðsmyndir og nota aðrar viðeigandi upplýsingar af öryggisblaðinu, sem þeir hafa fengið í hendur, þegar þeir taka saman sitt eigið öryggisblað yfir tilgreinda notkun.

Allir dreifendur skulu láta viðeigandi váhrifasviðsmyndir berast áfram og nota aðrar viðeigandi upplýsingar af öryggisblaðinu, sem þeir hafa fengið í hendur, þegar þeir taka saman eigið öryggisblað að því er varðar notkun sem þeir hafa framsent upplýsingar um í samræmi við 2. mgr. 37. gr.

8. Öryggisblað skal afhent án þess að gjald komi fyrir, á pappír eða rafrænt.

9. Birgjar skulu uppfæra öryggisblaðið tafarlaust í eftirfarandi tilvikum:

a) um leið og fyrir liggja nýjar upplýsingar, sem geta haft áhrif á ráðstafanir við áhættustjórnun, eða nýjar upplýsingar um hættu,

b) þegar leyfi hefur verið veitt eða synjað hefur verið um leyfi,

c) þegar takmarkanir hafa verið settar.

Þessi nýja, dagsetta útgáfa upplýsinganna, tilgreind sem „Endurskoðun: (dags.)“, skal afhent án þess að gjald komi fyrir, á pappír eða rafrænt, öllum fyrri viðtakendum sem þeir hafa afhent efnið eða efnablönduna næstu 12 mánuði á undan. Skráningarnúmerið skal vera á öllum uppfærslum eftir skráningu.

32. gr.

Skylda til að miðla upplýsingum eftir aðfangakeðjunni um efni sem eru ein sér eða í efnablöndum og sem öryggisblaðs er ekki krafist fyrir

1. Allir birgjar efnis, sem er eitt sér eða í efnablöndu, sem þurfa ekki að afhenda öryggisblað í samræmi við 31. gr. skulu veita viðtakandanum upplýsingar um eftirfarandi:

a) skráningarnúmer sem um getur í 3. mgr. 20. gr., liggi það eða þau fyrir, fyrir öll efni sem veittar eru upplýsingar um samkvæmt b-, c- eða d-lið þessarar málsgreinar,

b) hvort efnið sé leyfisskylt og upplýsingar um þau leyfi, sem hafa verið veitt eða sem synjað hefur verið um skv. VII. bálki í þessari aðfangakeðju,

c) upplýsingar um hvers kyns takmarkanir sem eru settar skv. VIII. bálki,

d) allar aðrar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli um efnið og eru nauðsynlegar til þess að ákveða megi og hrinda í framkvæmd viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun, þ.m.t. um sérstök skilyrði sem stafa af beitingu 3. liðar XI. viðauka.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu afhentar án þess að gjald komi fyrir, á pappír eða rafrænt, eigi síðar en þegar efni, annaðhvort eitt sér eða í efnablöndu, er afhent í fyrsta sinn eftir 1. júní 2007.

3. Birgjar skulu uppfæra þessar upplýsingar tafarlaust í eftirfarandi tilvikum:

a) um leið og fyrir liggja nýjar upplýsingar, sem geta haft áhrif á ráðstafanir við áhættustjórnun, eða nýjar upplýsingar um hættu,

b) þegar leyfi hefur verið veitt eða synjað hefur verið um leyfi,

c) þegar takmarkanir hafa verið settar.

Auk þess skulu uppfærðu upplýsingarnar afhentar án þess að gjald komi fyrir, á pappír eða rafrænt, öllum fyrri viðtakendum sem þeir hafa afhent efnið eða efnablönduna næstu 12 mánuði á undan. Skráningarnúmerið skal vera á öllum uppfærslum eftir skráningu.

33. gr.

Skylda til að miðla upplýsingum um efni í hlutum

1. Hver birgir hlutar, sem inniheldur efni sem uppfyllir viðmiðanirnar í 57. gr. og er tilgreint í samræmi við 1. mgr. 59. gr. í styrk yfir 0,1%, reiknað sem þyngdarhlutfall, skal veita viðtakanda hlutarins upplýsingar sem birgirinn hefur yfir að ráða og eru að lágmarki heiti efnisins og nægja til að nota megi hlutinn á öruggan hátt.

2. Fari neytandi fram á það skal hver birgir hlutar, sem inniheldur efni sem uppfyllir viðmiðanirnar í 57. gr. og er tilgreint í samræmi við 1. mgr. 59. gr. í styrk yfir 0,1%, reiknað sem þyngdarhlutfall, veita neytandanum upplýsingar sem birgirinn hefur yfir að ráða og eru að lágmarki heiti efnisins og nægja til að nota megi hlutinn á öruggan hátt. Viðkomandi upplýsingar skulu afhentar án þess að gjald komi fyrir innan 45 daga frá því að tekið var við beiðninni um upplýsingar.

34. gr.

Skylda til að miðla upplýsingum um efni og efnablöndur upp eftir aðfangakeðjunni

Hver aðili í aðfangakeðju efnis eða efnablöndu skal miðla eftirfarandi upplýsingum til næsta aðila eða dreifanda sem er ofar í aðfangakeðjunni:

a) nýjum upplýsingum um hættulega eiginleika, án tillits til þess um hvers konar notkun er að ræða,

b) öllum öðrum upplýsingum, sem gætu vakið efasemdir um réttmæti ráðstafana við áhættustjórnun sem tilgreindar eru á öryggisblaðinu sem hann fær afhent, en þessum upplýsingum skal eingöngu miðlað að því er varðar tilgreinda notkun.

Dreifendur skulu láta þessar upplýsingar berast til næsta aðila eða dreifanda sem er fyrir ofan þá í aðfangakeðjunni.

35. gr.

Aðgangur starfsmanna að upplýsingum

Vinnuveitandi skal veita starfsmönnum og fulltrúum þeirra aðgang að upplýsingunum, sem eru veittar í samræmi við 31. og 32. gr., í tengslum við efni eða efnablöndur sem þeir nota eða geta orðið fyrir váhrifum frá í starfi sínu.

36. gr.

Skylda til að varðveita upplýsingar

1. Allir framleiðendur, innflytjendur, eftirnotendur og dreifendur skulu taka saman allar upplýsingar, sem þeir þurfa á að halda til þess að rækja skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð, og geyma þær í a.m.k. 10 ár eftir að þeir framleiddu, fluttu inn, afhentu eða notuðu síðast efnið eða efnablönduna. Þessir framleiðendur, innflytjendur, eftirnotendur eða dreifendur skulu að fenginni beiðni tafarlaust afhenda þessar upplýsingar, eða gera þær aðgengilegar, lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis, þar sem þeir hafa staðfestu, eða Efnastofnuninni, sbr. þó ákvæði II. og VI. bálks.

2. Ef um er að ræða skráningaraðila, eftirnotanda eða dreifanda, sem hættir starfsemi eða framselur hluta rekstrarins eða hann allan til þriðja aðila, skal sá aðili, sem er ábyrgur fyrir félagsslitum fyrirtækis skráningaraðilans, eftirnotandans eða dreifandans eða sem tekur á sig ábyrgð á setningu viðkomandi efnis eða efnablöndu á markað, vera bundinn af skyldunni í 1. mgr. í stað skráningaraðilans, eftirnotandans eða dreifandans.

V. BÁLKUR

EFTIRNOTENDUR

37. gr.

Efnaöryggismat eftirnotenda og skylda þeirra til að ákveða, hrinda í framkvæmd og mæla með ráðstöfunum til að draga úr áhættu

1. Eftirnotandi eða dreifandi getur veitt upplýsingar til að auðvelda samantekt skráningarskjala.

2. Allir eftirnotendur skulu eiga rétt á að upplýsa framleiðanda, innflytjanda, eftirnotanda eða dreifanda, sem afhendir þeim efni, sem er annaðhvort eitt sér eða í efnablöndu, skriflega (á pappír eða rafrænt) um notkun, með því að gefa að lágmarki stutta og almenna lýsingu á notkuninni með það í huga að gera þessa notkun að tilgreindri notkun. Þegar eftirnotandinn upplýsir um notkunina skal hann veita upplýsingar sem nægja til að framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn, sem afhenti efnið, geti sett fram váhrifasviðsmynd, eða notkunar- og váhrifaflokk ef við á, fyrir notkunina í efnaöryggismati sínu.

Dreifendur skulu láta þessar upplýsingar berast til næsta aðila eða dreifanda sem er fyrir ofan þá í aðfangakeðjunni. Eftirnotendur, sem taka við slíkum upplýsingum, geta sett fram váhrifasviðsmynd fyrir tilgreindu notkunina eða látið upplýsingarnar berast áfram til næsta aðila fyrir ofan í aðfangakeðjunni.

3. Ef um skráð efni er að ræða skal framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn uppfylla skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 14. gr, annaðhvort áður en hann afhendir efnið næst, eitt sér eða í efnablöndu, þeim eftirnotanda, sem sett hefur fram beiðnina sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, svo fremi beiðnin hafi komið fram a.m.k. einum mánuði fyrir afhendinguna, eða innan mánaðar eftir að beiðnin kom fram, eftir því hvort gerðist síðar.

Ef um efni í skráningarbið er að ræða skal framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn verða við beiðninni og rækja skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 14. gr., fyrir viðkomandi eindaga í 23. gr., svo fremi eftirnotandinn setji fram beiðni sína a.m.k. 12 mánuðum fyrir viðkomandi eindaga.

Geti framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn ekki, eftir að hafa metið notkunina í samræmi við 14. gr., talið hana með sem tilgreinda notkun, af ástæðum sem varða heilsu- eða umhverfisvernd, skal hann tafarlaust gera Efnastofnuninni og eftirnotandanum skriflega grein fyrir ástæðunni eða ástæðunum fyrir þeirri ákvörðun og hann má ekki afhenda eftirnotanda eða eftirnotendum efnið án þess að láta þessa ástæðu eða ástæður koma fram í upplýsingunum sem um getur í 31. eða 32. gr. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal bæta þessari notkun við í lið 3.7 í VI. viðauka í uppfærslu skráningarskjalanna í samræmi við d-lið 1. mgr. 22. gr.

4. Eftirnotandi efnis, hvort sem það er eitt sér eða í efnablöndu, skal taka saman efnaöryggisskýrslu í samræmi við XII. viðauka fyrir hvers kyns notkun, sem uppfyllir ekki þau skilyrði sem lýst er í váhrifasviðsmynd, eða, ef við á, fyrir notkunar- og váhrifaflokk, sem hann hefur fengið upplýsingar um á öryggisblaði, eða fyrir hvers kyns notkun sem birgir hans ræður frá.

Eftirnotandi þarf ekki að taka saman slíka efnaöryggisskýrslu í neinum af eftirfarandi tilvikum:

a) ef ekki er gerð krafa um að öryggisblað sé afhent með efninu eða efnablöndunni í samræmi við 31. gr.,

b) ef ekki er gerð krafa um að birgir hans taki saman efnaöryggisskýrslu í samræmi við 14. gr.,

c) ef eftirnotandinn notar efnið eða efnablönduna í heildarmagni sem er undir einu tonni á ári,

d) ef eftirnotandinn setur upp eða mælir með váhrifasviðsmynd sem tekur að lágmarki til skilyrðanna sem er lýst í váhrifasviðsmyndinni á öryggisblaðinu sem hann fékk,

e) ef efnið er í efnablöndu í styrk sem er lægri en nokkur styrkleiki sem er settur fram í 2. mgr. 14. gr.,

f) ef eftirnotandi notar efnið í tengslum við vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun, svo fremi áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið sé haldið nægilega í skefjum í samræmi við kröfurnar í löggjöf um vernd starfsmanna og umhverfis.

5. Hver eftirnotandi skal ákveða, beita og, eftir því sem við á, mæla með viðeigandi ráðstöfunum til þess að halda nægilega vel í skefjum áhættu sem er tilgreind í einhverju eftirfarandi skjala:

a) á öryggisblaðinu sem hann fær afhent,

b) í hans eigin efnaöryggismati,

c) í hvers kyns upplýsingum um ráðstafanir við áhættustjórnun sem hann fær afhentar í samræmi við 32. gr.

6. Ef eftirnotandi tekur ekki saman efnaöryggisskýrslu, í samræmi við c-lið 4. mgr., skal hann vega og meta notkun efnisins og ákveða og grípa til allra viðeigandi ráðstafana við áhættustjórnun sem eru nauðsynlegar til að tryggja að áhættu, sem steðjar að heilbrigði manna og umhverfinu, sé haldið nægilega í skefjum. Ef nauðsyn krefur skulu þessar upplýsingar koma fram í öllum öryggisblöðum sem hann tekur saman.

7. Efnaöryggisskýrsla eftirnotenda skal ávallt vera uppfærð og aðgengileg.

8. Í efnaöryggisskýrslu, sem tekin er saman í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, þarf ekki að taka tillit til áhættu sem steðjar að heilbrigði manna vegna þeirrar notkunar sem sett er fram í 5. mgr. 14. gr.

38. gr.

Skylda eftirnotenda til að veita upplýsingar

1. Áður en tiltekin notkun efnis, sem hefur verið skráð af hálfu aðila sem er ofar í aðfangakeðjunni í samræmi við 6. eða 18. gr., hefst eða áður en henni er haldið áfram skal eftirnotandinn veita Efnastofnuninni upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í 2. mgr. þessarar greinar, í eftirfarandi tilvikum:

a) eftirnotandinn skal taka saman efnaöryggisskýrslu í samræmi við 4. mgr. 37. gr. eða

b) eftirnotandinn ber fyrir sig undanþágurnar í c- eða f-lið 4. mgr. 37. gr.

2. Í upplýsingunum, sem eftirnotandinn veitir, skal eftirfarandi koma fram:

a) heiti hans og upplýsingar um tengiliði eins og tilgreint er í lið 1.1 í VI. viðauka,

b) skráningarnúmer, sem um getur í 3. mgr. 20. gr., liggi það eða þau fyrir,

c) auðkenni efnisins eða efnanna eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka,

d) upplýsingar um framleiðanda/framleiðendur eða innflytjanda/innflytjendur eða annan birgi eins og tilgreint er í lið 1.1 í VI. viðauka,

e) stutt og almenn lýsing á notkuninni, eins og tilgreint er í lið 3.5 í VI. viðauka, og á notkunarskilyrðunum,

f) tillaga að viðbótartilraunum á hryggdýrum, nema eftirnotandinn beri fyrir sig undanþáguna í c-lið 4. mgr. 37. gr., ef eftirnotandinn telur þær nauðsynlegar til þess að hann geti lokið efnaöryggismati sínu.

3. Eftirnotandinn skal uppfæra þessar upplýsingar án tafar ef þær breytast eftir að þær hafa verið veittar í samræmi við 1. mgr.

4. Eftirnotandi skal skýra Efnastofnuninni frá því ef hann flokkar efni öðruvísi en birgir hans.

5. Ef eftirnotandi ber ekki fyrir sig undanþáguna í c-lið 4. mgr. 37. gr. er skýrslugjafar, í samræmi við 1.–4. mgr. þessarar greinar, ekki krafist að því er varðar efni, hvort sem það er eitt sér eða í efnablöndu, sem eftirnotandi notar í tilteknum tilgangi í magni sem er minna en eitt tonn á ári.

39. gr.

Beiting ákvæða um skyldur eftirnotenda

1. Eftirnotendum er skylt að uppfylla kröfurnar í 37. gr. eigi síðar en 12 mánuðum eftir að þeir fá skráningarnúmer á öryggisblaði frá birgjum sínum.

2. Eftirnotendum er skylt að uppfylla kröfurnar í 38. gr. eigi síðar en 12 mánuðum eftir að þeir fá skráningarnúmer á öryggisblaði frá birgjum sínum.

VI. BÁLKUR

MAT

1. KAFLI

Mat á málsskjölum

40. gr.

Athugun á tillögum um framkvæmd tilrauna

1. Efnastofnunin skal athuga allar tillögur að tilraunum sem settar eru fram í skráningarskjölum eða í skýrslu eftirnotanda og hafa að markmiði að afla upplýsinganna sem eru tilgreindar í IX. og X. viðauka og varða tiltekið efni. Setja skal í forgang skráningu efna sem geta haft eiginleika PBT-efna eða vPvB-efna, næmandi eiginleika og/eða krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða æxlunarskaðandi eiginleika („*CMR*"-eiginleika) eða efni sem eru flokkuð sem hættuleg í samræmi við tilskipun 67/548/EBE í magni sem er yfir 100 tonn á ári og eru notuð þannig að þau dreifast mjög víða og váhrifasvæðið er ekki skýrt afmarkað.

2. Upplýsingar, sem tengjast tillögum að tilraunum á hryggdýrum, skulu birtar á vefsetri Efnastofnunarinnar. Efnastofnunin skal birta á vefsetri sínu heiti efnisins, tilgreina hættulega eiginleikann (hættuendapunktinn) sem tillögð tilraun á hryggdýrum snýst um, og frestinn til að senda inn upplýsingar frá þriðja aðila. Hún skal hvetja þriðju aðila til þess að leggja fram, innan 45 daga frá birtingardegi og á því sniði sem Efnastofnunin leggur til, vísindalega traustar upplýsingar og rannsóknargögn sem fjalla um viðkomandi efni og hættulega eiginleikann (hættuendapunktinn) sem fjallað er um í tilraunartillögunni. Efnastofnunin skal taka tillit til allra slíkra upplýsinga og rannsóknargagna, sem hún tekur við og eru vísindalega traust, þegar hún tekur ákvörðun sína í samræmi við 3. mgr.

3. Á grundvelli athugunarinnar skv. 1. mgr. skal Efnastofnunin semja drög að einni af eftirfarandi ákvörðunum og sú ákvörðun skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 50. og 51. gr.:

a) ákvörðun þar sem þess er krafist, að skráningaraðili eða -aðilar eða eftirnotandi eða -notendur, sem hlut eiga að máli, framkvæmi tillagða tilraun, og þar sem settur er frestur til að leggja fram rannsóknarsamantektina eða ítarlegu rannsóknarsamantektina ef þess er krafist skv. I. viðauka,

b) ákvörðun í samræmi við a-lið en með breytingum á skilyrðunum sem gera á tilraunina við,

c) ákvörðun í samræmi við a-, b- eða d-lið en þar sem þess er krafist að skráningaraðilinn eða -aðilarnir eða eftirnotandinn eða -notendurnir framkvæmi eina eða fleiri tilraunir til viðbótar ef viðkomandi tilraunatillaga samræmist ekki IX., X. og XI. viðauka,

d) ákvörðun þar sem tillögu að tilraun er hafnað,

e) ákvörðun í samræmi við a-, b- eða c-lið, ef nokkrir skráningaraðilar eða eftirnotendur sama efnisins hafa lagt fram tillögur að sömu tilraun, þannig að þeim gefist kostur á því að ná samkomulagi um hver skuli framkvæma tilraunina fyrir hönd þeirra allra og greina Efnastofnuninni frá því innan 90 daga. Fái Efnastofnunin ekki upplýsingar um slíkt samkomulag innan þessara 90 daga skal hún tilnefna einn skráningaraðilanna eða eftirnotendanna, eftir því sem við á, til þess að annast tilraunina fyrir hönd þeirra allra.

4. Skráningaraðilinn eða eftirnotandinn skal leggja þær upplýsingar, sem krafist er, fyrir Efnastofnunina fyrir settan eindaga.

41. gr.

Athugun á því hvort skráningarskjöl uppfylli kröfur

1. Efnastofnunin getur kannað hvaða skráningarumsókn sem er í því skyni að ganga úr skugga um eftirfarandi:

a) að upplýsingarnar í tæknilegu málsskjölunum, sem eru lögð fram skv. 10. gr., uppfylli kröfurnar í 10., 12. og 13. gr. og í III. viðauka og VI. til X. viðauka,

b) að þær breytingar á stöðluðu upplýsingakröfunum og ástæðurnar fyrir breytingunum, sem eru tilgreindar í tæknilegu málsskjölunum, samræmist þeim reglum sem gilda um slíkar breytingar, sem eru settar fram í VII. til X. viðauka, og þeim almennu reglum sem eru settar fram í XI. viðauka,

c) að efnaöryggismat og efnaöryggisskýrslur, sem krafist er, uppfylli ávallt kröfur í I. viðauka og að þær ráðstafanir, sem lagt er til að gerðar verði við áhættustjórnun, séu fullnægjandi,

d) að allar útskýringar, sem lagðar eru fram í samræmi við 3. mgr. 11. gr. eða 2. mgr. 19. gr., hvíli á hlutlægum grunni.

2. Skrá yfir málsskjöl, sem Efnastofnunin er að kanna hvort séu í samræmi við tilskildar kröfur, skal gerð aðgengileg lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna.

3. Á grundvelli þeirrar könnunar, sem gerð er skv. 1. mgr., getur Efnastofnunin, innan 12 mánaða frá því að könnun á samræmi við tilskildar kröfur hefst, samið drög að ákvörðun þar sem þess er krafist að skráningaraðili eða -aðilar leggi fram allar upplýsingar, sem þörf er á til þess að skráningarskjöl uppfylli viðkomandi upplýsingakröfur, og settur er hæfilegur frestur til að leggja fram frekari upplýsingar. Taka skal slíka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 50. og 51. gr.

4. Skráningaraðilinn skal leggja þær upplýsingar, sem krafist er, fyrir Efnastofnunina fyrir settan eindaga.

5. Svo að tryggt sé að skráningarskjölin séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar skal Efnastofnunin velja tiltekinn hundraðshluta þessara málsskjala, ekki minni en 5% heildarskjalanna sem stofnunin tekur við fyrir hvert tonnafjöldabil, til þess að ganga úr skugga um hvort tilskildar kröfur séu uppfylltar. Efnastofnunin skal veita forgang, þó ekki fortakslausan, þeim málsskjölum sem uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum:

a) málsskjölin innihalda upplýsingar skv. iv., vi. og/eða vii. lið a-liðar 10. gr. sem eru lagðar sérstaklega fram í samræmi við 3. mgr. 11. gr. eða

b) málsskjölin varða efni sem er framleitt eða flutt inn í magni sem er eitt tonn eða meira á ári og uppfyllir ekki þær kröfur í VII. viðauka sem gilda, eftir því sem við á, samkvæmt annaðhvort a- eða b-lið 1. mgr. 12. gr. eða

c) málsskjölin varða efni sem er tilgreint í samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

6. Þriðju aðilar geta sent rafrænar upplýsingar til Efnastofnunarinnar er varða efni sem eru tilgreind í skránni sem um getur í 4. mgr. 28. gr. Efnastofnunin skal vega og meta þessar upplýsingar, ásamt þeim upplýsingum sem eru lagðar fram skv. 124. gr., þegar hún fer yfir málsskjölin og velur úr þeim.

7. Framkvæmdastjórnin getur, að höfðu samráði við Efnastofnunina, tekið ákvörðun þess efnis að breyta þeim hundraðshluta málsskjala, sem er valinn, og breyta viðmiðunum í 5. mgr. eða bæta við þær í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

42. gr.

Könnun á framlögðum upplýsingum og eftirfylgni við mat á málsskjölum

1. Efnastofnunin skal kanna allar upplýsingar, sem eru lagðar fram vegna ákvörðunar sem er tekin skv. 40. eða 41. gr., og semja drög að viðeigandi ákvörðunum í samræmi við þessar greinar ef nauðsyn krefur.

2. Að loknu mati á málsskjölunum skal Efnastofnunin greina framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna frá þeim upplýsingum, sem aflað hefur verið, og öllum ályktunum sem af þeim eru dregnar. Lögbær yfirvöld skulu nota upplýsingarnar, sem fást með þessu mati, í þeim tilgangi sem er tilgreindur í 5. mgr. 45. gr., 3. mgr. 59. gr. og 4. mgr. 69. gr. Efnastofnunin skal nota upplýsingarnar, sem fást með þessu mati, í þeim tilgangi sem er tilgreindur í 44. gr.

43. gr.

Verklag við yfirferð á tillögum að tilraunum og tímamörk þar að lútandi

1. Ef um er að ræða efni sem eru ekki í skráningarbið skal Efnastofnunin semja drög að ákvörðun, í samræmi við 3. mgr. 40. gr., innan 180 daga frá því að hún tekur við skráningarskjölum eða við skýrslu frá eftirnotanda þar sem í er tillaga að tilraun.

2. Ef um er að ræða efni í skráningarbið skal Efnastofnunin semja drög að ákvörðunum í samræmi við 3. mgr. 40. gr.:

a) eigi síðar en 1. desember 2012, að því er varðar öll skráningarskjöl sem tekið er við eigi síðar en 1. desember 2010 og innihalda tillögur að tilraunum með það að markmiði að uppfylla upplýsingakröfurnar í IX. og X. viðauka,

b) eigi síðar en 1. júní 2016, að því er varðar öll skráningarskjöl sem tekið er við eigi síðar en 1. júní 2013 og innihalda tillögur að tilraunum í því skyni að uppfylla upplýsingakröfurnar í IX. viðauka eingöngu,

c) eigi síðar en 1. júní 2022, að því er varðar öll skráningarskjöl sem innihalda tillögur að tilraunum og tekið er við eigi síðar en 1. júní 2018.

3. Skráin yfir skráningarskjölin, sem eru metin skv. 40. gr., skal gerð aðgengileg aðildarríkjunum.

2. kafli

Mat á efnum

44. gr.

Viðmiðanir fyrir mat á efnum

1. Í því skyni að tryggja samræmda aðferð skal Efnastofnunin ákveða í samráði við aðildarríkin viðmiðanir fyrir forgangsröðun efna með tilliti til frekara mats. Við forgangsröðun skal áhætta lögð til grundvallar. Í viðmiðununum skal eftirfarandi haft í huga:

a) upplýsingar um hættu, t.d. að byggingu efnisins svipar til byggingu þekktra efna, sem vitað er að eru varasöm, eða efna, sem eru þrávirk og geta safnast upp í lífverum, sem bendir til þess að efnið eða eitt eða fleiri ummyndunarefni þess búi yfir varasömum eiginleikum eða sé þrávirkt og líklegt til þess að safnast upp í lífverum,

b) upplýsingar um váhrif,

c) magn, þ.m.t. heildarmagnið í skráningarskjölum sem nokkrir skráningaraðilar leggja fram.

2. Efnastofnunin skal styðjast við viðmiðanirnar í 1. mgr. við samantekt á drögum að samfelldri aðgerðaáætlun Bandalagsins sem á að taka til þriggja ára og þar skal tilgreina þau efni sem meta skal hvert ár um sig. Efni skulu tekin með ef ástæða er til þess að ætla (annaðhvort á grundvelli mats Efnastofnunarinnar á málsskjölum eða á grundvelli einhverra annarra viðeigandi heimilda, þ.m.t. upplýsingar í skráningarskjölunum) að tiltekið efni skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið.

Efnastofnunin skal, eigi síðar en 1. desember 2011, leggja fyrstu drög að samfelldu aðgerðaáætluninni fyrir aðildarríkin. Efnastofnunin skal árlega og eigi síðar en 28. febrúar ár hvert leggja drög að árlegri uppfærslu á samfelldu aðgerðaáætluninni fyrir aðildarríkin. Efnastofnunin skal samþykkja endanlega útgáfu samfelldu aðgerðaáætlunar Bandalagsins á grundvelli álits nefndar aðildarríkjanna, sem sett er á fót samkvæmt e-lið 1. mgr. 76. gr. (hér á eftir nefnd „aðildarríkjanefndin“), og skal birta áætlunina á vefsetri sínu og tilgreina þar þau aðildarríki sem munu annast mat á efnunum sem eru á skrá þar eins og ákveðið er skv. 45. gr.

45. gr.

Lögbært yfirvald

1. Efnastofnunin skal bera ábyrgð á samræmingu matsferlisins fyrir efni og sjá til þess að efni, sem koma fyrir í samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins, séu metin. Efnastofnunin skal þá snúa sér til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Við mat á efni geta lögbær yfirvöld tilnefnt annan aðila sem koma skal fram í þeirra stað.

2. Aðildarríki getur valið eitt eða fleiri efni úr drögunum að samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins með það að markmiði að koma fram sem lögbært yfirvald í þeim tilgangi sem tilgreindur er í 46., 47. og 48. gr. Ef svo vill til að ekkert aðildarríki velur tiltekið efni sem kemur fyrir í drögunum að samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins skal Efnastofnunin sjá til þess að efnið verði metið.

3. Ef tvö eða fleiri aðildarríki hafa lýst áhuga á að meta sama efnið og þau geta ekki komið sér saman um hvert þeirra skuli koma fram sem lögbært yfirvald skal lögbæra yfirvaldið, sem kemur fram í skilningi 46., 47. og 48. gr., tilnefnt í samræmi við eftirfarandi málsmeðferð:

Efnastofnunin skal vísa erindinu til aðildarríkjanefndarinnar, sem ákveður hvaða yfirvald skuli vera lögbært yfirvald, og taka þar tillit til þess í hvaða aðildarríki framleiðandi eða framleiðendur eða innflytjandi eða innflytjendur hafa aðsetur, til hlutdeildar aðildarríkjanna í vergri heildarframleiðslu innan Bandalagsins, fjölda efna sem aðildarríki hefur þegar metið og þeirrar sérfræðiþekkingar sem fyrir er.

Nái aðildarríkjanefndin samhljóða samkomulagi innan 60 daga frá málsskotinu skulu viðkomandi aðildarríki velja efni til mats í samræmi við það.

Takist aðildarríkjanefndinni ekki að ná samhljóða samkomulagi skal Efnastofnunin leggja ósamhljóða álitin fyrir framkvæmdastjórnina, sem skal skera úr um það hvaða yfirvald skuli koma fram sem lögbært yfirvald, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr., og viðkomandi aðildarríki skulu velja efni til mats í samræmi við það.

4. Lögbæra yfirvaldið, sem er útnefnt í samræmi við 2. og 3. mgr., skal meta efnin, sem úthlutað er, í samræmi við þennan kafla.

5. Aðildarríki getur hvenær sem er tilkynnt Efnastofnuninni um efni, sem finnst ekki í samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins, búi ríkið yfir upplýsingum sem benda til þess að matið á efninu skuli sett í forgang. Efnastofnunin skal ákveða hvort bæta skuli þessu efni við í samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins á grundvelli álits aðildarríkjanefndarinnar. Ef efni er bætt við í samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins skal aðildarríkið, sem lagði það til, meta efnið eða annað aðildarríki sem lýsir sig fúst til að meta það.

46. gr.

Beiðni um frekari upplýsingar og könnun á framlögðum upplýsingum

1. Telji lögbært yfirvald að þörf sé á frekari upplýsingum, þ.m.t., ef við á, upplýsingar sem ekki er krafist skv. VII. til X. viðauka, skal það semja drög að ákvörðun þar sem ástæður eru tilgreindar og krafa gerð um að skráningaraðili eða -aðilar leggi fram frekari upplýsingar og setja eindaga fyrir framlagningu þeirra. Drög að ákvörðun skulu samin innan 12 mánaða frá því að samfellda aðgerðaáætlun Bandalagsins er birt á vefsetri Efnastofnunarinnar fyrir efni sem meta skal á því ári. Ákvörðunin skal tekin í samræmi við málsmeðferðina í 50. og 52. gr.

2. Skráningaraðilinn skal leggja þær upplýsingar, sem krafist er, fyrir Efnastofnunina fyrir settan eindaga.

3. Lögbært yfirvald skal fara yfir framlagðar upplýsingar og, ef nauðsyn krefur, semja drög að viðeigandi ákvörðunum í samræmi við þessa grein innan 12 mánaða frá framlagningu upplýsinganna.

4. Lögbært yfirvald skal ljúka matsstörfum sínum innan 12 mánaða frá því að mat á efninu hófst eða innan 12 mánaða frá framlagningu upplýsinga skv. 2. mgr. og tilkynna Efnastofnuninni um það. Ef farið er fram yfir þennan eindaga skal líta svo á að matinu hafi verið lokið.

47. gr.

Samræmi við aðra starfsemi

1. Mat á efni skal grundvallast á öllum framlögðum upplýsingum, sem skipta máli fyrir viðkomandi efni, og á öllu mati sem hefur þegar farið fram samkvæmt þessum bálki. Hafi upplýsinga um eðliseiginleika efnis verið aflað með tilvísun til efnis eða efna, sem eru skyld að byggingu, getur matið einnig tekið til þessara skyldu efna. Í tilvikum, þar sem ákvörðun um mat hefur verið tekin áður í samræmi við 51. eða 52. gr., er því aðeins unnt að réttlæta drög að ákvörðun, þar sem krafist er frekari upplýsinga skv. 46. gr., að breytingar hafi orðið á kringumstæðum eða ný þekking hafi komið til.

2. Svo að tryggt sé að samræmd aðferð sé viðhöfð þegar farið er fram á frekari upplýsingar skal Efnastofnunin fara gegnum drög að ákvörðunum skv. 46. gr. og ákveða viðmiðanir og forgangsröðun. Ef við á skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

48. gr.

Eftirfylgni við mat á efnum

Þegar mati á efni er lokið skal lögbært yfirvald vega og meta hvernig nota skuli þær upplýsingar sem fengust við matið, í þeim tilgangi sem tilgreindur er í 3. mgr. 59. gr., 4. mgr. 69. gr. og 1. mgr. 115. gr. Lögbært yfirvald skal greina Efnastofnuninni frá niðurstöðu sinni um það hvort og þá hvernig nota skuli þessar nýfengnu upplýsingar. Efnastofnunin skal síðan upplýsa framkvæmdastjórnina, skráningaraðilann og lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna um það.

3. kafli

Mat á milliefnum

49. gr.

Frekari upplýsingar um einangruð milliefni sem eru notuð á staðnum

Ákvæði um mat á málsskjölum eða mat á efnum gilda ekki um einangruð milliefni sem eru notuð á staðnum við nákvæmlega stýrð skilyrði. Telji lögbært yfirvald þess aðildarríkis, þar sem staðurinn er, hins vegar að notkun einangraðs milliefnis, sem er notað á staðnum, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, sem jafngildir þeirri áhættu sem stafar af notkun efna sem uppfylla viðmiðanirnar í 57. gr., og að þeirri áhættu sé ekki haldið í skefjum á fullnægjandi hátt getur það:

a) krafist þess að skráningaraðilinn leggi fram frekari upplýsingar sem tengjast beint þeirri áhættu sem greindist. Skriflegur rökstuðningur skal fylgja þeirri kröfu,

b) farið yfir allar framlagðar upplýsingar og, ef nauðsyn krefur, mælt með viðeigandi áhættuminnkandi ráðstöfunum til að bregðast við þeirri áhættu sem greind er í tengslum við viðkomandi stað.

Þeim lögbæru yfirvöldum einum, sem um getur í fyrstu málsgreininni, er heimilt að nota þá málsmeðferð sem kveðið er á um í þeirri málsgrein. Lögbært yfirvald skal greina Efnastofnuninni frá niðurstöðunum úr slíku mati og stofnunin skal síðan greina lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum frá niðurstöðunum og gera þær þeim aðgengilegar.

4. kafli

Sameiginleg ákvæði

50. gr.

Réttindi skráningaraðila og eftirnotenda

1. Efnastofnunin skal tilkynna viðkomandi skráningaraðila eða -aðilum eða eftirnotanda eða -notendum um öll drög að ákvörðunum skv. 40., 41. eða 46. gr. og upplýsa þá um rétt þeirra til þess að setja fram athugasemdir innan 30 daga frá viðtöku tilkynningarinnar. Vilji viðkomandi skráningaraðili eða -aðilar eða eftirnotandi eða -notendur gera athugasemdir skulu þeir leggja þær fyrir Efnastofnunina. Efnastofnunin skal síðan án tafar greina lögbæru yfirvaldi frá því að athugasemdir hafi verði gerðar. Lögbæra yfirvaldið (að því er varðar ákvarðanir sem eru teknar skv. 46. gr.) og Efnastofnunin (að því er varðar ákvarðanir sem eru teknar skv. 40. og 41. gr.) skulu taka tillit til allra athugasemda sem þeim berast og geta breytt drögunum að ákvörðun því til samræmis.

2. Ef skráningaraðili er hættur að framleiða eða flytja inn efni eða framleiða eða flytja inn hlut eða eftirnotandinn hefur látið af notkuninni skal hann greina Efnastofnuninni frá þeirri staðreynd en við þetta skal, ef við á, skráð magn, samkvæmt skráningu hans, fært niður í núll og ekki má krefjast frekari upplýsinga, að því er varðar þetta efni, nema skráningaraðilinn tilkynni að hann hafi hafið á ný framleiðslu eða innflutning efnisins eða framleiðslu eða innflutning hlutarins eða þá að eftirnotandinn tilkynni að hann hafi tekið upp notkunina á ný. Efnastofnunin skal greina lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem skráningaraðilinn eða eftirnotandinn hefur aðsetur, frá þessu.

3. Skráningaraðilinn getur hætt framleiðslu eða innflutningi efnisins eða framleiðslu eða innflutningi hlutarins eða eftirnotandinn látið af notkun sinni þegar hann tekur við drögunum að ákvörðun. Í slíkum tilvikum skal skráningaraðilinn eða eftirnotandinn greina Efnastofnuninni frá þessari staðreynd en við þetta skal skráning hans eða skýrsla ekki hafa gildi lengur og ekki má krefjast frekari upplýsinga, að því er varðar efnið, nema hann leggi fram ný skráningarskjöl eða skýrslu. Efnastofnunin skal greina lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem skráningaraðilinn eða eftirnotandinn hefur aðsetur, frá þessu.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má krefjast frekari upplýsinga í samræmi við 46. gr. í öðru eða báðum eftirfarandi tilvika:

a) ef lögbært yfirvald tekur saman málsskjöl í samræmi við XV. viðauka og dregur af þeim þá ályktun að hugsanlega sé um að ræða langtímaáhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem styður það rökum að þörf sé á frekari upplýsingum,

b) ef váhrif af völdum efnisins, sem skráningaraðilinn eða -aðilarnir framleiða eða flytja inn, eða af völdum efnisins í hlutnum, sem skráningaraðilinn eða -aðilarnir framleiða eða flytja inn, eða af völdum efnisins, sem eftirnotandinn eða -notendurnir nota, eiga stóran þátt í þeirri áhættu.

Málsmeðferðin í 69. til 73. gr. gildir að breyttu breytanda.

51. gr.

Samþykkt ákvarðana í tengslum við mat á málsskjölum

1. Efnastofnunin skal senda lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna drög sín að ákvörðun í samræmi við 40. eða 41. gr. ásamt athugasemdum skráningaraðilanna.

2. Aðildarríkin geta, innan 30 daga frá því að drögin voru send, lagt fyrir Efnastofnunina tillögur að breytingum á drögunum að ákvörðun.

3. Berist Efnastofnuninni ekki neinar tillögur skal hún taka ákvörðunina í þeirri útgáfu sem send var skv. 1. mgr.

4. Berist Efnastofnuninni tillaga að breytingu getur hún breytt drögunum að ákvörðun. Efnastofnunin skal vísa drögum að ákvörðun, ásamt öllum tillögum að breytingum, til aðildarríkjanefndarinnar innan 15 daga frá lokum 30 daga frestsins sem um getur í 2. mgr.

5. Efnastofnunin skal þegar í stað senda allar breytingatillögur til allra viðkomandi skráningaraðila og eftirnotenda og gefa þeim færi á að koma með athugasemdir innan 30 daga. Aðildarríkjanefndin skal taka tillit til allra athugasemda sem berast.

6. Komist aðildarríkjanefndin að samhljóða samkomulagi innan 60 daga frá málsskotinu um drögin að ákvörðun skal Efnastofnunin taka ákvörðunina í samræmi við það.

7. Takist aðildarríkjanefndinni ekki að ná samhljóða samkomulagi skal framkvæmdastjórnin semja drög að ákvörðun sem skal taka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

8. Kæra má, í samræmi við 91., 92. og 93. gr., þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 3. og 6. mgr. þessarar greinar.

52. gr.

Samþykkt ákvarðana í tengslum við mat á efnum

1. Lögbært yfirvald skal senda Efnastofnuninni og lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna drögin að ákvörðun sinni í samræmi við 46. gr. ásamt athugasemdum skráningaraðilans eða eftirnotandans.

2. Ákvæði 2. til 8. mgr. 51. gr. gilda að breyttu breytanda.

53. gr.

Kostnaðarskipting vegna tilrauna þar sem ekki næst samkomulag milli skráningaraðila og/eða eftirnotenda

1. Ef skráningaraðilum eða eftirnotendum er skylt að gera tilraun vegna ákvörðunar sem er tekin samkvæmt þessum bálki skulu þeir kappkosta að ná samkomulagi um það hver skuli gera þá tilraun fyrir hönd hinna skráningaraðilanna eða eftirnotendanna og greina Efnastofnuninni frá því innan 90 daga. Fái Efnastofnunin ekki upplýsingar um slíkt samkomulag innan þessara 90 daga skal hún tilnefna einn skráningaraðilanna eða eftirnotendanna til þess að annast tilraunina fyrir hönd þeirra allra.

2. Ef skráningaraðili eða eftirnotandi gerir tilraun fyrir hönd hinna skulu allir bera jafnan kostnað af tilrauninni.

3. Í tilvikinu, sem um getur í 1. mgr., skal skráningaraðilinn eða eftirnotandinn, sem gerir tilraunina, afhenda öllum hinum aðilunum, sem málið varðar, eintak af fullnaðarrannsóknar-skýrslunni.

4. Sá sem gerir tilraunina og afhendir skýrsluna á, í samræmi við það, kröfu á hendur hinum. Ef einhver greiðir ekki sinn hluta kostnaðarins, setur ekki fram tryggingu fyrir fjárhæðinni eða afhendir ekki eintak af fullnaðarrannsóknarskýrslunni um rannsóknina sem gerð var getur hver og einn viðkomandi krafist þess að þeim hinum sama sé bannað að framleiða efnið, flytja það inn eða setja það á markað. Allar kröfur eru aðfararhæfar fyrir dómstólum viðkomandi ríkis. Hver og einn getur valið þá leið að leggja kröfu sína um bætur í gerð og hlíta úrskurði gerðardómsins.

54. gr.

Birting upplýsinga um mat

Efnastofnunin skal árlega og eigi síðar en 28. febrúar birta á vefsetri sínu skýrslu um hversu vel henni hefur tekist á næstliðnu almanaksári að rækja þær skyldur sem á henni hvíla að því er varðar mat. Í skýrslunni skulu einkum koma fram tilmæli til hugsanlegra skráningaraðila í því skyni að bæta gæði skráningarskjala í framtíðinni.

VII. BÁLKUR

LEYFI

1. KAFLI

Leyfisskylda

55. gr.

Markmiðið með leyfisveitingum og kostir varðandi staðgönguefni

Markmiðið með þessum bálki er að tryggja góða starfsemi innri markaðarins en sjá jafnframt til þess að áhættu af völdum sérlega varasamra efna sé haldið nægilega vel í skefjum og að þessum efnum sé smám saman skipt út fyrir önnur heppileg efni eða tækni ef það er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegt. Í þessu skyni skulu allir framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur, sem sækja um leyfi, kanna aðra kosti sem eru í boði og vega og meta áhættu vegna þeirra og hvort það er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegt að nota staðgöngukosti.

56. gr.

Almenn ákvæði

1. Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi má ekki setja efni á markað til notkunar eða nota það sjálfur ef viðkomandi efni er tilgreint í XIV. viðauka nema:

a) notkun efnisins, hvort sem það er eitt sér eða í efnablöndu eða efninu er bætt í hlut, enda sé efnið sett á markað til þeirrar notkunar eða hann sjálfur noti efnið þannig, hafi verið leyfð í samræmi við 60. til 64. gr. eða

b) notkun efnisins, hvort sem það er eitt sér eða í efnablöndu eða efninu er bætt í hlut, enda sé efnið sett á markað til þeirrar notkunar eða hann sjálfur notar efnið þannig, hafi verið undanþegin leyfisskyldunni í XIV. viðauka í samræmi við 2. mgr. 58. gr. eða

c) dagurinn, sem um getur í i. lið c-liðar í 1. mgr. 58. gr., er ekki runninn upp eða

d) dagurinn, sem um getur í i. lið c-liðar í 1. mgr. 58. gr., er runninn upp og hann lagði fram umsókn 18 mánuðum fyrir þann dag en ákvörðun varðandi leyfisumsóknina hefur ekki enn verið tekin eða

e) leyfi fyrir þeirri notkun hefur verið veitt næsta eftirnotanda hans og um er að ræða tilvik þegar efnið hefur verið sett á markað.

2. Eftirnotandi má nota efni, sem uppfyllir viðmiðanirnar sem eru settar fram í 1. mgr. svo fremi notkunin sé í samræmi við þau skilyrði sem sett eru fyrir leyfi til þeirrar notkunar sem veitt hefur verið aðila fyrir ofan hann í aðfangakeðjunni.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um notkun efna í tengslum við rannsóknir og þróun. Í XIV. viðauka skal tilgreina hvort ákvæði 1. og 2. mgr. gildi um vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun og hversu mikið magn er undanþegið hið mesta.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar um er að ræða eftirfarandi notkun efna:

a) notkun í plöntuvarnarefnum sem falla undir gildissvið tilskipunar 91/414/EBE,

b) notkun í sæfiefnum sem falla undir gildissvið tilskipunar 98/8/EB,

c) notkun sem eldsneyti á vélar sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis (1),

d) notkun afurða úr jarðolíu sem eldsneyti fyrir færanleg eða föst brennsluver og notkun sem eldsneyti í lokuðum kerfum.

5. Ef um er að ræða efni, sem eru leyfisskyld eingöngu vegna þess að þau uppfylla viðmiðanirnar í a-, b- eða c-lið 57. gr. eða vegna þess að þau hafa verið tilgreind í samræmi við f-lið 57. gr. eingöngu vegna hættu fyrir heilbrigði manna, gilda ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar ekki þegar um er að ræða eftirfarandi notkun:

a) notkun í snyrtivörum sem falla undir gildissvið tilskipunar 76/768/EBE,

b) notkun í efnum sem komast í snertingu við matvæli og falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.

6. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um notkun efna sem eru í efnablöndum:

a) að því er varðar efni sem um getur í d-, e- og f-lið 57. gr. og eru undir styrkleikamörkunum 0,1% miðað við þyngd,

b) að því er varðar öll önnur efni sem eru undir lægstu styrkleikamörkunum sem eru tilgreind í tilskipun 1999/45/EB eða í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE sem leiðir til þess að efnablöndurnar eru flokkaðar sem hættulegar.

(1) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

57. gr.

Efni sem skulu skráð í XIV. viðauka

Eftirfarandi efni má skrá í XIV. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 58. gr.

a) efni sem uppfylla viðmiðanirnar um flokkun sem krabbameinsvaldar í 1. eða 2. flokki í samræmi við tilskipun 67/548/EBE,

b) efni sem uppfylla viðmiðanirnar um flokkun sem stökkbreytivaldar í 1. eða 2. flokki í samræmi við tilskipun 67/548/EBE,

c) efni sem uppfylla viðmiðanirnar um flokkun sem æxlunarskaðvaldar í 1. eða 2. flokki í samræmi við tilskipun 67/548/EBE,

d) efni sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka við þessa reglugerð,

e) efni sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka við þessa reglugerð,

f) efni á borð við þau sem hafa truflandi áhrif á innkirtlastarfsemi eða þau sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð eða mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli og uppfylla ekki viðmiðanirnar í d- eða e-lið, enda liggi fyrir niðurstöður rannsókna um þessi efni sem benda til alvarlegra áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem gefur tilefni til sömu áhyggna og hljótast af öðrum efnum sem eru tilgreind í a- til e-lið og sem eru tilgreind í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í 59. gr.

58. gr.

Skráning efna í XIV. viðauka

1. Þegar ákvörðun er tekin þess efnis að skrá skuli í XIV. viðauka efni, sem um getur í 57. gr., skal taka slíka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr. Fyrir hvert efni skal koma fram:

a) auðkenni efnisins eins og tilgreint er í 2. lið VI. viðauka,

b) eðliseiginleikar efnisins sem um getur í 57. gr.,

c) bráðabirgðaákvæði:

   i) gildistökudagur eða gildistökudagar banns við setningu efnis á markað og notkun þess, nema leyfi sé veitt (hér á eftir nefnd „lokadagur“), og, ef við á, skal taka tillit til þess framleiðsluferlis sem er tilgreint fyrir þá notkun,

   ii) einn eða fleiri dagar, sem eru a.m.k. 18 mánuðum fyrir lokadaginn, en fyrir þann eða þá daga verða umsóknir að hafa borist, óski umsækjandinn þess að halda áfram að nota efnið eða setja það á markað til tiltekinnar notkunar eftir lokadaginn eða lokadagana; þessi áframhaldandi notkun skal leyfð eftir lokadaginn þar til ákvörðun hefur verið tekin um leyfisumsóknina,

d) frestir til að endurskoða notkun í tilteknum tilvikum, ef við á,

e) notkun eða notkunarflokkar sem eru undanþegin leyfisskyldu, ef um hana er að ræða, og skilyrði fyrir slíkum undanþágum, ef um þau er að ræða.

2. Undanþiggja má tiltekna notkun eða notkunarflokka leyfisskyldu svo fremi áhættu sé haldið nægilega í skefjum á grundvelli gildandi og sértækrar löggjafar sem kveður á um lágmarkskröfur varðandi heilsu- eða umhverfisvernd í tengslum við notkun efnisins. Við veitingu slíkra undanþágna skal einkum taka tillit til þess að hve miklu leyti má rekja áhættuna, sem steðjar að heilbrigði manna og umhverfinu, til eðlis efnisins, s.s. hvort áhættan breytist með eðlisástandinu.

3. Áður en ákvörðun er tekin um skráningu efna í XIV. viðauka skal Efnastofnunin, að teknu tilliti til álits aðildarríkjanefndarinnar, mæla með skráningu tiltekinna forgangsefna og tilgreina fyrir hvert efni þau atriði sem sett eru fram í 1. mgr. Í forgang skulu að jafnaði sett efni:

a) sem búa yfir PBT- eða vPvB-eiginleikum eða

b) sem eru í víðtækri notkun eða

c) sem eru notuð í miklu magni.

Fjöldi efna, sem eru skráð í XIV. viðauka, og dagsetningarnar, sem eru tilgreindar skv. 1. mgr., skulu einnig ráðast af getu Efnastofnunarinnar til að afgreiða umsóknirnar á þeim tíma sem er veittur til þess. Efnastofnunin skal setja fram fyrstu tilmæli sín um forgangsefni, sem skulu skráð í XIV. viðauka, eigi síðar en 1. júní 2009. Efnastofnunin skal setja fram ný tilmæli, a.m.k. annað hvert ár, með það að markmiði að fleiri efni verði skráð í XIV. viðauka.

4. Áður en Efnastofnunin sendir tilmæli sín til framkvæmdastjórnarinnar skal stofnunin, með hliðsjón af 118. og 119. gr. um aðgang að upplýsingum, birta þau á vefsetri sínu og þar skal birtingardagsetning koma skýrt fram. Efnastofnunin skal hvetja alla hagsmunaaðila til að setja fram athugasemdir innan þriggja mánaða frá birtingardegi, einkum varðandi notkun sem ætti að vera undanþegin leyfisskyldu.

Efnastofnunin skal uppfæra tilmæli sín með hliðsjón af þeim athugasemdum sem hafa borist.

5. Með fyrirvara um 6. mgr. skal efni, sem hefur verið skráð í XIV. viðauka, ekki sæta nýjum takmörkunum samkvæmt þeirri málsmeðferð sem er lýst í VIII. bálki þar sem fjallað er um áhættu sem steðjar að heilbrigði manna eða umhverfi og stafar af notkun efnisins, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, og rekja má til eðliseiginleikanna sem eru tilgreindir í XIV. viðauka.

6. Efni, sem er skráð í XIV. viðauka, getur sætt nýjum takmörkunum samkvæmt málsmeðferðinni sem er lýst í VIII. bálki þar sem fjallað er um áhættu sem steðjar að heilbrigði manna eða umhverfi og stafar af tilvist efnis í hlut eða hlutum.

7. Hafi öll notkun efna verið bönnuð skv. VIII. bálki eða samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins skal ekki skrá þau efni í XIV. viðauka og hafi þau verið skráð skulu þau fjarlægð þaðan.

8. Komi til nýjar upplýsingar þannig að efni uppfylli ekki lengur viðmiðanirnar í 57. gr. skulu þau fjarlægð úr XIV. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

59. gr.

Tilgreining á efnum sem um getur í 57. gr.

1. Málsmeðferðin, sem sett er fram í 2. til 10. mgr. þessarar greinar, gildir fyrir tilgreiningu á efnum, sem uppfylla viðmiðanirnar sem um getur í 57. gr., og við samantekt á skrá yfir efni sem til greina kemur að skrá síðar í XIV. viðauka. Efnastofnunin skal í þessari skrá tilgreina þau efni sem er að finna í vinnuáætlun hennar samkvæmt e-lið 3. mgr. 83. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur farið fram á það við Efnastofnunina að hún taki saman málsskjöl í samræmi við viðeigandi liði XV. viðauka að því er varðar efni sem uppfylla, að mati hennar, þær viðmiðanir sem eru settar fram í 57. gr. Málsskjölin geta, ef við á, takmarkast við tilvísun til færslu í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Efnastofnunin skal veita aðildarríkjunum aðgang að þessum málsskjölum.

3. Hvert aðildarríki getur tekið saman málsskjöl í samræmi við XV. viðauka, að því er varðar efni sem að áliti þess uppfyllir viðmiðanirnar sem eru settar fram í 57. gr., og senda þau Efnastofnuninni. Málsskjölin geta, ef við á, takmarkast við tilvísun til færslu í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Efnastofnunin skal veita hinum aðildarríkjunum aðgang að þessum málsskjölum innan 30 daga frá viðtöku þeirra.

4. Efnastofnunin skal birta tilkynningu á vefsetri sínu þess efnis að málsskjöl skv. XV. viðauka hafi verið tekin saman fyrir tiltekið efni. Efnastofnunin skal hvetja alla hagsmunaaðila til þess að senda stofnuninni athugasemdir fyrir settan eindaga.

5. Innan 60 daga frá dreifingu málsskjalanna geta hin aðildarríkin eða Efnastofnunin gert athugasemd, með hliðsjón af viðmiðunum í 57. gr., við tilgreiningu efnisins sem málsskjölin, sem send voru Efnastofnuninni, eiga við um.

6. Berist Efnastofnuninni ekki neinar athugasemdir eða geri hún sjálf engar slíkar skal hún bæta þessu efni við í skrána sem um getur í 1. mgr. Efnastofnunin getur bætt þessu efni við í tilmælum sínum skv. 3. mgr. 58. gr.

7. Þegar Efnastofnunin tekur við athugasemdum eða gerir þær sjálf skal hún vísa málsskjölunum til aðildarríkjanefndarinnar innan 15 daga frá lokum 60 daga tímabilsins sem um getur í 5. mgr.

8. Komist aðildarríkjanefndin að samhljóða samkomulagi um tilgreininguna innan 30 daga frá málsskotinu skal Efnastofnunin bæta efninu við í skrána sem um getur í 1. mgr. Efnastofnunin getur bætt þessu efni við í tilmælum sínum skv. 3. mgr. 58. gr.

9. Takist aðildarríkjanefndinni ekki að ná samhljóða samkomulagi skal framkvæmdastjórnin semja drög að tillögu um tilgreiningu efnisins innan þriggja mánaða frá því að hún tók við áliti aðildarríkjanefndarinnar. Taka skal lokaákvörðun um tilgreiningu efnisins í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

10. Efnastofnunin skal birta skrána, sem um getur í 1. mgr., uppfærða á vefsetri sínu um leið og ákvörðun hefur verið tekin um skráningu efnis.

2. kafli

Veiting leyfa

60. gr.

Veiting leyfa

1. Framkvæmdastjórninni er falin sú ábyrgð að taka ákvarðanir um leyfisumsóknir í samræmi við þennan bálk.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. skal leyfi veitt ef áhættunni, sem steðjar að heilbrigði manna eða umhverfi vegna notkunar tiltekins efnis og rekja má til eðliseiginleikanna sem eru tilgreindir í XIV. viðauka, er haldið nægilega í skefjum í samræmi við lið 6.4 í I. viðauka og í samræmi við efnaöryggisskýrslu umsækjandans en jafnframt skal taka tillit til álits áhættumatsnefndarinnar sem um getur í a-lið 4. mgr. 64. gr. Þegar leyfi er veitt og við ákvörðun allra skilyrða, sem kunna að verða sett í leyfinu, skal framkvæmdastjórnin hafa til hliðsjónar hvers kyns losun, sleppingu og tilvik þar sem efni fer til spillis, þ.m.t. áhætta sem stafar af dreifðri eða víðtækri notkun, sem vitað er um á þeim tíma sem ákvörðunin er tekin.

Framkvæmdastjórnin skal ekki taka tillit til áhættu sem steðjar að heilbrigði manna og stafar af notkun efnis í lækningatæki sem fellur undir tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ([1]), tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([2]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ([3]).

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um:

a) efni sem uppfylla viðmiðanirnar í a-, b-, c- eða f-lið 57. gr. ef ekki er unnt að ákvarða fyrir þau viðmiðunarmörk í samræmi við lið 6.4 í I. viðauka,

b) efni sem uppfylla viðmiðanirnar í d- eða e-lið 57. gr.,

c) efni sem eru tilgreind samkvæmt f-lið 57. gr. vegna þess að þau eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð eða eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli.

4. Ef ekki er unnt að veita leyfi skv. 2. mgr. eða fyrir efnum sem eru tilgreind í 3. mgr. er því aðeins unnt að veita leyfi að sýnt sé fram á að félagslegur og hagrænn ávinningur vegi þyngra en áhættan, sem stafar af notkun viðkomandi efnis fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, og að ekki standi til boða nein önnur efni eða tækni sem geti komið í staðinn. Ákvörðunin skal tekin eftir að allir eftirfarandi þættir hafa verið vegnir og metnir og tekið hefur verið tillit til álits áhættumatsnefndarinnar og álits nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu sem um getur í a- og b-lið 4. mgr. 64. gr.:

a) hættan sem stafar af notkun efnisins, þ.m.t. hversu heppilegar og árangursríkar þær ráðstafanir eru sem lagt er til að gerðar verði við áhættustjórnun,

b) félagslegur og hagrænn ávinningur sem hlýst af notkun þess og félagslegar og hagrænar afleiðingar þess að leyfi er ekki veitt, sem umsækjandi eða aðrir hagsmunaaðilar sýna fram á,

c) greining á staðgöngukostunum, sem umsækjandinn leggur fram samkvæmt e-lið 4. mgr. 62. gr., eða hvers kyns staðgönguáætlunum, sem umsækjandi leggur fram samkvæmt f-lið 4. mgr. 62. gr., svo og það sem þriðju aðilar kunna að hafa fram að færa skv. 2. mgr. 64. gr.,

d) fyrirliggjandi upplýsingar um áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfi vegna staðgönguefna eða staðgöngutækni.

5. Við mat á því hvort fyrir liggi heppileg staðgönguefni eða -tækni skal framkvæmdastjórnin hafa hliðsjón af öllum þáttum sem máli skipta, þ.m.t.:

a) hvort notkun staðgöngukosta muni leiða til minni heildarhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið þegar tillit hefur verið tekið til þess hversu heppilegar og árangursríkar ráðstafanir við áhættustjórnun eru,

b) hvort staðgöngukostir séu tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegir fyrir umsækjandann.

6. Notkun skal ekki leyfð leiði það til tilslökunar á takmörkunum sem settar eru fram í XVII. viðauka.

7. Leyfi skal því aðeins veitt að umsóknin uppfylli kröfur í 62. gr.

8. Leyfi skulu tekin til endurskoðunar innan tiltekins frests, með fyrirvara um hvers kyns ákvarðanir um síðari endurskoðunarfresti, og skulu að jafnaði háð skilyrðum, þ.m.t. um vöktun. Lengd frestsins, sem gefinn er til að endurskoða leyfi, skal ákveðin í hverju tilviki um sig með hliðsjón af öllum upplýsingum sem skipta máli, þ.m.t. þættirnir sem tilgreindir eru í a- til d-lið 4. mgr., eftir því sem við á.

9. Í leyfinu skal tilgreina:

a) þann eða þá einstaklinga sem leyfið er veitt,

b) auðkenni efnisins eða efnanna,

c) þá notkun sem leyfið er veitt fyrir,

d) öll skilyrði sem leyfisveitingin er bundin,

e) frestur til endurskoðunar,

f) fyrirkomulag á hugsanlegri vöktun.

10. Þrátt fyrir hvers kyns skilyrði, sem leyfið er bundið, skal handhafinn sjá til þess að váhrif verði svo lítil sem framast er raunhæft og tæknilega gerlegt.

61. gr.

Endurskoðun leyfa

1. Leyfi, sem veitt er í samræmi við 60. gr., telst gilt þar til framkvæmdastjórnin ákveður að breyta leyfinu eða afturkalla það í tengslum við endurskoðun, að því tilskildu að handhafi leyfisins leggi fram endurskoðunarskýrslu a.m.k. 18 mánuðum áður en frestinum til endurskoðunar lýkur. Í stað þess að leggja fram að nýju allar upplýsingarnar sem komu fram í upphaflegu umsókninni getur handhafi leyfis látið nægja að leggja fram númer núgildandi leyfis, með fyrirvara um ákvæði annarrar, þriðju og fjórðu undirgreinar.

([1]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

([2]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

([3]) Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

Handhafi leyfis, sem veitt er í samræmi við 60. gr., skal leggja fram uppfærða greiningu á þeim staðgöngukostum sem um getur í e-lið 4. mgr. 62. gr., þ.m.t. upplýsingar, ef við á, um allar rannsóknir og þróunarstarf umsækjanda, sem skipta máli, og allar staðgönguáætlanir samkvæmt f-lið 4. mgr. 62. gr. Ef ný greining á staðgöngukostum leiðir í ljós að fyrir hendi sé heppilegur kostur, að teknu tilliti til þáttanna í 5. mgr. 60. gr., skal hann leggja fram staðgönguáætlun, þ.m.t. tímaáætlun fyrir tillagðar aðgerðir umsækjandans. Geti handhafinn ekki sýnt fram á að áhættunni sé haldið nægilega vel í skefjum skal hann enn fremur leggja fram uppfærslu á félagshagfræðilegu greiningunni í upphaflegu umsókninni.

Geti hann á hinn bóginn sýnt fram á að áhættunni sé haldið nægilega vel í skefjum skal hann leggja fram uppfærða efnaöryggisskýrslu.

Hafi aðrir þættir upphaflegu umsóknarinnar breyst skal hann einnig leggja fram uppfærslu fyrir þá.

Þegar nýjar upplýsingar eru lagðar fram í samræmi við þessa málsgrein skulu allar ákvarðanir um að breyta leyfinu eða afturkalla það í tengslum við endurskoðunina teknar í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 64. gr., sem gildir að breyttu breytanda.

2. Leyfi má taka til endurskoðunar hvenær sem er ef:

a) málavextir hafa breyst frá því sem þeir voru þegar upphaflega leyfið var veitt þannig að það hafi áhrif á áhættuna fyrir heilbrigði manna eða umhverfi eða félagslegar og hagrænar afleiðingar eða

b) nýjar upplýsingar um hugsanlega staðgöngukosti koma fram.

Framkvæmdastjórnin skal veita handhafa eða handhöfum leyfis hæfilegan frest til þess að leggja fram frekari upplýsingar, sem nauðsynlegar eru við endurskoðunina, og tilgreina hvenær hún muni taka ákvörðun í samræmi við 64. gr.

3. Í ákvörðun sinni um endurskoðun getur framkvæmdastjórnin, hafi aðstæður breyst og að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar, breytt leyfinu eða afturkallað það, hefði leyfið ekki verið veitt við breyttu aðstæðurnar eða ef fram hafa komið heppilegir staðgöngukostir í samræmi við 5. mgr. 60. gr. Í síðara tilvikinu skal framkvæmdastjórnin krefjast þess af handhafa leyfisins að hann leggi fram staðgönguáætlun hafi hann ekki þegar gert það í umsókn sinni eða uppfærslu.

Ef um er að ræða alvarlega og bráða áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfi getur framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af meðalhófsreglunni, ógilt leyfið þar til endurskoðun hefur farið fram.

4. Ef gæðastaðlinum fyrir umhverfið, sem um getur í tilskipun 96/61/EB, er ekki fullnægt má taka leyfi, sem veitt eru fyrir notkun viðkomandi efnis, til endurskoðunar.

5. Ef umhverfismarkmiðin, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, nást ekki má taka leyfi, sem veitt hafa verið fyrir notkun efnisins á viðkomandi vatnasviði, til endurskoðunar.

6. Ef notkun efnis er bönnuð síðar eða takmörkuð á annan hátt í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni ([1]) skal framkvæmdastjórnin afturkalla leyfið að því er varðar þá notkun.

62. gr.

Umsóknir um leyfi

1. Umsókn um leyfi skal send Efnastofnuninni.

2. Framleiðendur, innflytjendur og/eða eftirnotendur efnis geta sent inn umsóknir um leyfi. Einn eða fleiri einstaklingar geta sent inn umsóknir um leyfi.

3. Senda má inn umsóknir fyrir eitt eða fleiri efni, sem samrýmast skilgreiningunni á hópi efna í lið 1.5 í XI. viðauka, og fyrir eina tegund notkunar eða fleiri. Senda má inn umsóknir vegna eigin notkunar umsækjandans og/eða vegna þeirrar notkunar sem hann hyggst setja efnið á markað fyrir.

4. Í umsókn um leyfi skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) auðkenni efnisins eða efnanna sem um getur í 2. lið VI. viðauka,

b) heiti þess eða þeirra einstaklinga, sem senda inn umsóknina, og upplýsingar um tengiliði þeirra,

c) ósk um leyfi þar sem tilgreint er til hvers kyns notkunar sótt er um leyfi fyrir og, ef við á, sem tekur til notkunar efnisins í efnablöndum og/eða notkun þess í hlutum,

d) efnaöryggisskýrsla í samræmi við I. viðauka, nema hún hafi þegar verið lögð fram sem hluti af skráningarskjölunum, þar sem fjallað er um áhættu fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið sem stafar af notkun efnisins eða efnanna og rekja má til eðliseiginleikanna sem tilgreindir eru í XIV. viðauka,

e) greining á öðrum kostum þar sem áhætta vegna þeirra er vegin og metin og hvort staðgöngukostir eru tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegir og, ef við á, upplýsingar um allar viðeigandi rannsóknir og þróunarstarf á vegum umsækjanda sem skipta máli,

([1]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7. Leiðrétt í Stjtíð. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 5. Reglugerðinni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1195/2006 (Stjtíð. ESB L 217, 8.8.2006, bls. 1).

f) staðgönguáætlun, þ.m.t. tímaáætlun fyrir tillagðar aðgerðir umsækjandans, ef greiningin, sem um getur í e-lið, leiðir í ljós að heppilegir staðgöngukostir séu fyrir hendi, að teknu tilliti til þáttanna í 5. mgr. 60. gr.

5. Í umsókninni geta komið fram eftirfarandi þættir:

a) félagshagfræðileg greining sem gerð er í samræmi við XIV. viðauka,

b) rökstuðningur fyrir því að vega ekki og meta þá áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi sem stafar annaðhvort af:

i) losun efnis frá stöð, sem leyfi var veitt fyrir í samræmi við tilskipun 96/61/EB, eða

ii) sleppingu efnisins frá punktupptökum sem fellur undir kröfuna um fyrirfram reglusetningu, sem um getur í g-lið 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB, og löggjöf sem samþykkt var skv. 16. gr. þeirrar tilskipunar.

6. Umsóknin skal ekki taka til áhættu fyrir heilbrigði manna sem stafar af notkun efnis í lækningatæki sem fellur undir tilskipanir 90/385/EBE, 93/42/EBE eða 98/79/EB.

7. Umsókn um leyfi skal fylgja sú þóknun sem krafist er í samræmi við IX. bálk.

63. gr.

Síðari umsóknir um leyfi

1. Hafi umsókn verið send inn fyrir notkun efnis getur síðari umsækjandi vísað til viðeigandi hluta fyrri umsóknarinnar í samræmi við d-, e- og f-lið 4. mgr. og a-lið 5. mgr. 62. gr., svo fremi síðari umsækjandinn hafi heimild fyrri umsækjandans til þess að vísa til þessara hluta umsóknarinnar.

2. Hafi leyfi verið veitt fyrir notkun efnis getur síðari umsækjandi vísað til viðeigandi hluta fyrri umsóknarinnar í samræmi við d-, e- og f-lið 4. mgr. og a-lið 5. mgr. 62. gr., svo fremi síðari umsækjandinn hafi heimild leyfishafa til þess að vísa til þessa hluta umsóknarinnar.

3. Áður en nokkrar vísanir eru gerðar til fyrri umsókna í samræmi við 1. og 2. mgr. skal síðari umsækjandi uppfæra upplýsingarnar í upphaflegu umsókninni eftir því sem nauðsyn krefur.

64. gr.

Málsmeðferð við töku ákvarðana um leyfi

1. Efnastofnunin skal staðfesta viðtökudag umsóknarinnar. Áhættumatsnefnd og nefnd um félagshagfræðilega greiningu á vegum Efnastofnunarinnar skulu skila drögum að áliti innan tíu mánaða frá viðtökudegi umsóknarinnar.

2. Efnastofnunin skal, með hliðsjón af 118. og 119. gr. um aðgengi að upplýsingum, birta á vefsetri sínu almennar upplýsingar um notkun, sem sótt hefur verið um leyfi fyrir, og um endurskoðun leyfa og tilgreina tilheyrandi frest fyrir þriðju aðila, sem eiga hagsmuna að gæta, til að leggja fram upplýsingar um staðgönguefni eða staðgöngutækni.

3. Við samantekt á áliti sínu skal hvor nefndanna, sem um getur í 1. mgr., byrja á því að ganga úr skugga um að umsóknin innihaldi allar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 62. gr. og eru nauðsynlegar til þess að nefndirnar geti leyst verkefni sín. Beri nauðsyn til skulu nefndirnar, að höfðu samráði hvor við aðra, senda umsækjanda sameiginlega beiðni um frekari upplýsingar þannig að umsóknin verði í samræmi við kröfurnar í 62. gr. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu getur, ef hún telur nauðsynlegt, krafist þess að umsækjandinn leggi, innan tilgreinds frests, fram frekari upplýsingar um hugsanleg staðgönguefni eða -tækni, eða beðið þriðja aðila um að gera það. Hvor nefndanna skal einnig hafa hliðsjón af öllum upplýsingum sem þriðju aðilar kunna að hafa lagt fram.

4. Í álitsdrögunum skulu koma fram eftirfarandi þættir:

a) áhættumatsnefnd: mat á áhættu fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfi sem stafar af notkun efnisins, þ.m.t. hversu heppilegar og árangursríkar ráðstafanir við áhættustjórnun, sem lýst er í umsókninni, eru og, ef við á, mat á áhættu sem hlytist af hugsanlegum staðgöngukostum,

b) nefnd um félagshagfræðilega greiningu: mat á félagslegum og hagrænum þáttum og tiltækileika, heppileika og tæknilegum gerleika þeirra staðgöngukosta, sem tengjast notkun efnisins eins og lýst er í umsókninni, ef umsókn er send inn í samræmi við 62. gr., og á upplýsingum frá þriðju aðilum sem lagðar eru fram skv. 2. mgr. þessarar greinar.

5. Efnastofnunin skal senda umsækjandanum þessi álitsdrög fyrir eindagann sem settur er fram í 1. mgr. Innan eins mánaðar frá viðtöku álitsdraganna getur umsækjandinn sent skriflega tilkynningu þess efnis að hann hafi fram að færa athugasemdir við þau. Telja ber að tekið hafi verið við álitsdrögunum sjö dögum eftir að Efnastofnunin sendi þau frá sér.

Óski umsækjandi þess ekki að gera athugasemdir skal Efnastofnunin senda þessi álit til framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og umsækjandans innan 15 daga frá lokum þess frests, sem umsækjandinn hefur til þess að gera athugasemdir, eða innan 15 daga frá viðtöku tilkynningar frá umsækjandanum þess efnis að hann hyggist ekki gera athugasemdir.

Óski umsækjandi þess að gera athugasemdir skal hann senda Efnastofnuninni skriflegar röksemdir sínar innan tveggja mánaða frá því að hann tók við álitsdrögunum. Nefndirnar skulu vega og meta athugasemdirnar og samþykkja lokaálit sín innan tveggja mánaða frá því að þær tóku við skriflegu röksemdunum og hafa hliðsjón af þessum röksemdum, eftir því sem við á. Innan 15 daga til viðbótar skal Efnastofnunin senda álitin, með skriflegu röksemdunum hjálögðum, til framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og umsækjandans.

6. Efnastofnunin skal í samræmi við 118. og 119. gr. ákveða hvaða hlutar álita hennar og hvaða hlutar fylgiskjala með þeim skuli birtir á vefsetri hennar.

7. Í tilvikum, sem falla undir 1. mgr. 63. gr., skal Efnastofnunin fara yfir umsóknirnar samhliða, svo fremi að unnt sé að virða frestinn fyrir fyrri umsóknina.

8. Framkvæmdastjórnin skal semja drög að ákvörðun um leyfi innan þriggja mánaða frá viðtöku álitanna frá Efnastofnuninni. Taka skal lokaákvörðun um veitingu leyfis eða synjun um leyfi í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

9. Samantektir yfir ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t. leyfisnúmer og ástæðurnar fyrir ákvörðuninni, einkum um það hvort heppilegir staðgöngukostir séu í boði, skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gerðar aðgengilegar almenningi í gagnagrunni sem Efnastofnunin kemur á fót og heldur uppfærðum.

10. Í tilvikum, sem falla undir 2. mgr. 63. gr., skal fresturinn, sem settur er fram í 1. mgr. þessarar greinar, styttur niður í fimm mánuði.

3. kafli

Leyfi í aðfangakeðjunni

65. gr.

Skyldur leyfishafa

Leyfishafar, svo og eftirnotendur, sem um getur í 2. mgr. 56. gr., sem setja efnin í efnablöndu, skulu tilgreina leyfisnúmerið á merkimiðanum áður en þeir setja efnið eða efnablönduna, sem inniheldur efnið, á markað til leyfðrar notkunar, sbr. þó ákvæði tilskipunar 67/548/EBE og tilskipunar 1999/45/EB. Þetta skal gert án tafar um leið og leyfisnúmerið hefur verið birt í samræmi við 9. mgr. 64. gr.

66. gr.

Eftirnotendur

1. Eftirnotendur, sem nota efni í samræmi við 2. mgr. 56. gr., skulu innan þriggja mánaða frá fyrstu afhendingu efnisins tilkynna Efnastofnuninni um það.

2. Efnastofnunin skal taka saman og uppfæra skrá yfir eftirnotendur sem hafa sent inn tilkynningu í samræmi við 1. mgr. Efnastofnunin skal veita lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna aðgang að þessari skrá.

VIII. BÁLKUR

TAKMARKANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMLEIÐSLU, SETNINGU Á MARKAÐ OG NOTKUN TILTEKINNA HÆTTULEGRA EFNA, EFNABLANDNA OG HLUTA

1. KAFLI

Almenn atriði

67. gr.

Almenn ákvæði

1. Ef kveðið er á um takmörkun í XVII. viðauka að því er varðar efni, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, skal það efni ekki framleitt, sett á markað né notað nema það uppfylli skilyrðin sem sett eru í tengslum við þá takmörkun. Þetta gildir ekki um framleiðslu, setningu á markað eða notkun efnis til rannsókna og þróunar. Í XVII. viðauka skal það tilgreint ef takmörkunin á ekki að gilda um vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun og hversu mikið magn er undanþegið hið mesta.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um notkun efna í snyrtivörum samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 76/768/EBE að því er varðar takmarkanir vegna áhættu fyrir heilbrigði manna sem sú tilskipun tekur til.

3. Aðildarríki getur, fram til 1. júní 2013, viðhaldið öllum gildandi og strangari takmörkunum í tengslum við XVII. viðauka um framleiðslu, setningu á markað eða notkun efnis, að því tilskildu að tilkynnt hafi verið um þessar takmarkanir í samræmi við sáttmálann. Framkvæmdastjórnin skal taka saman og birta skrá yfir þessar takmarkanir eigi síðar en 1. júní 2009.

2. KAFLI

Málsmeðferð varðandi takmarkanir

68. gr.

Setning nýrra takmarkana og breyting á gildandi takmörkunum

1. Ef framleiðsla efnis, notkun þess eða setning á markað hefur í för með sér óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfi og nauðsynlegt er að fjalla um hana á vettvangi Bandalagsins skal breyta XVII. viðauka í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 4. mgr. 133. gr., með því að samþykkja nýjar takmarkanir eða breyta gildandi takmörkunum í XVII. viðauka, að því er varðar framleiðslu efna, notkun þeirra eða setningu á markað, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, samkvæmt málsmeðferðinni sem sett er fram í 69. til 73. gr. Við slíkar ákvarðanir skal taka tillit til félagslegra og hagrænna áhrifa sem takmörkunin hefur í för með sér, þ.m.t. hvort staðgöngukostir standa til boða.

Fyrsta undirgrein gildir ekki um notkun efnis sem einangraðs milliefnis sem er notað á staðnum.

2. Ef um er að ræða efni sem er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut og uppfyllir viðmiðanirnar um flokkun sem krabbameinsvaldur, stökkbreytivaldur eða æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki og sem neytendur gætu notað og sem framkvæmdastjórnin hefur lagt til að takmarkanir verði settar á, að því er varðar notkun neytenda, skal breyta XVII. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr. Ákvæði 69. til 73. gr. gilda ekki.

69. gr.

Samning tillögu

1. Telji framkvæmdastjórnin að framleiðsla efnis, setning þess á markað eða notkun, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem sé ekki haldið nægilega vel í skefjum og þurfi að bregðast við skal hún fara fram á það við Efnastofnunina að hún taki saman málsskjöl sem samrýmast kröfum í XV. viðauka.

2. Efnastofnunin skal eftir daginn, sem um getur í i. lið c-liðar í 1. mgr. 58. gr. og að því er varðar efni sem er tilgreint í XIV. viðauka, vega og meta hvort notkun þess efnis í hlutum hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægilega vel í skefjum. Telji Efnastofnunin að áhættunni sé ekki haldið nægilega vel í skefjum skal hún taka saman málsskjöl sem samrýmast kröfum í XV. viðauka.

3. Innan 12 mánaða frá því að tekið er við beiðninni skv. 1. mgr. frá framkvæmdastjórninni og ef þessi málsskjöl leiða í ljós að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða á vettvangi Bandalagsins, til viðbótar ráðstöfunum sem þegar kunna að hafa verið gerðar, skal Efnastofnunin leggja til takmarkanir í því skyni að hefja málsmeðferðina varðandi takmarkanir.

4. Telji aðildarríki að framleiðsla efnis, setning þess á markað eða notkun, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægilega vel í skefjum og þurfi að bregðast við skal það tilkynna Efnastofnuninni að það hyggist taka saman málsskjöl sem samrýmast kröfum í XV. viðauka. Ef efni er ekki á skránni sem Efnastofnunin heldur og um getur í 5. mgr. þessarar greinar skal aðildarríkið innan 12 mánaða frá því að tilkynningin er send Efnastofnuninni taka saman málsskjöl sem samrýmast kröfum í XV. viðauka. Leiði þessi málsskjöl í ljós að aðgerðir á vettvangi Bandalagsins séu nauðsynlegar, til viðbótar ráðstöfunum sem þegar kunna að hafa verið gerðar, skal aðildarríkið leggja þau fyrir Efnastofnunina á því sniði, sem lýst er í XV. viðauka, í því skyni að hefja málsmeðferðina varðandi takmarkanir.

Efnastofnunin eða aðildarríkin skulu vísa til hvers kyns málsskjala, efnaöryggisskýrslu eða áhættumats sem lögð hafa verið fyrir Efnastofnunina eða aðildarríki samkvæmt þessari reglugerð. Efnastofnunin eða aðildarríkin skulu enn fremur vísa til hvers kyns áhættumats sem máli kann að skipta og lagt er fram á grundvelli annarra reglugerða eða tilskipana Bandalagsins. Aðrir aðilar, t.d. stofnanir, sem komið er á fót samkvæmt lögum Bandalagsins og annast svipuð verkefni, skulu því veita Efnastofnuninni eða aðildarríkjunum upplýsingar ef um þær er beðið.

Áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu skulu kanna hvort framlögð málsskjöl samrýmast kröfunum í XV. viðauka. Innan 30 daga frá viðtöku málsskjalanna skal viðkomandi nefnd upplýsa Efnastofnunina eða aðildarríkið, sem leggur fram tillögu að takmörkunum, um það hvort málsskjölin uppfylli kröfurnar. Standist málsskjölin ekki kröfurnar skulu ástæðurnar fyrir því tilkynntar Efnastofnuninni eða aðildarríkinu skriflega innan 45 daga frá viðtöku málsskjalanna. Efnastofnunin eða aðildarríkið skal lagfæra málsskjölin, þannig að þau standist kröfur, innan 60 daga frá því að nefndirnar gerðu grein fyrir ástæðunum; að öðrum kosti skal stöðva málsmeðferðina samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Efnastofnunin skal án tafar greina frá því opinberlega að framkvæmdastjórnin eða aðildarríki hyggist beita sér fyrir málsmeðferð varðandi takmörkun, að því er varðar tiltekið efni, og skal skýra þeim frá því sem hafa lagt fram skráningarskjöl fyrir það efni.

5. Efnastofnunin skal halda skrá yfir efni ef annaðhvort stofnunin eða eitthvert aðildarríki hyggst taka saman eða er byrjað að taka saman málsskjöl um þau, sem uppfylla kröfurnar í XV. viðauka, með það í huga að leggja til takmörkun. Ef tiltekið efni er í skránni skal ekki taka saman nein önnur málsskjöl af þessu tagi. Leggi annaðhvort aðildarríki eða Efnastofnunin til að gildandi takmörkun, sem er tilgreind í XVII. viðauka, skuli tekin til endurumfjöllunar skal ákvörðun um hvort það skuli gert tekin í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 133. gr., á grundvelli gagna sem annaðhvort aðildarríkið eða Efnastofnunin hefur lagt fram.

6. Með fyrirvara um 118. og 119. gr. skal Efnastofnunin þegar í stað birta á vefsetri sínu öll málsskjöl sem uppfylla kröfur í XV. viðauka, þ.m.t. um takmarkanirnar sem gerðar eru tillögur um skv. 3. og 4. mgr. þessarar greinar, og skal birtingardagsetning koma skýrt fram. Efnastofnunin skal hvetja alla hagsmunaaðila til að leggja fram, annaðhvort hver fyrir sig eða í sameiningu, innan sex mánaða frá birtingardegi:

a) athugasemdir við málsskjölin og tillögur að takmörkunum,

b) félagshagfræðilega greiningu á tillögðum takmörkunum, þar sem kostir og gallar þeirra eru vegnir og metnir, eða upplýsingar sem komið geta að gagni við slíka greiningu. Greiningin skal uppfylla kröfurnar í XVI. viðauka.

70. gr.

Álit Efnastofnunarinnar: áhættumatsnefndin

Innan níu mánaða frá birtingardeginum, sem um getur í 6. mgr. 69. gr., skal áhættumatsnefndin gefa álit sitt á því hversu vel tillagðar takmarkanir eru fallnar til að draga úr áhættunni fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið, út frá mati sínu á viðkomandi hluta málsskjalanna. Í álitinu skal hafa hliðsjón af málsskjölum aðildarríkisins eða málsskjölunum, sem Efnastofnunin tók saman að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, og sjónarmiðum hagsmunaaðila sem um getur í a-lið 6. mgr. 69. gr.

71. gr.

Álit Efnastofnunarinnar: nefndin um félagshagfræðilega greiningu

1. Innan 12 mánaða frá birtingardeginum, sem um getur í 6. mgr. 69. gr., skal nefndin um félagshagfræðilega greiningu gefa álit sitt á tillögðum takmörkunum út frá mati sínu á viðkomandi hluta málsskjalanna og félagslegum og hagrænum afleiðingum. Hún skal semja drög að áliti á tillögðum takmörkunum og tilheyrandi félagslegum og hagrænum afleiðingum og hafa hliðsjón af greiningunni eða upplýsingunum samkvæmt b-lið 6. mgr. 69. gr., ef um slíkt er að ræða. Efnastofnunin skal án tafar birta álitsdrögin á vefsetri sínu. Efnastofnunin skal hvetja hagsmunaaðila til þess að setja fram athugasemdir við álitsdrögin eigi síðar en 60 dögum eftir birtingu draganna.

2. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu skal án tafar samþykkja álit, eftir því sem við á með hliðsjón af frekari athugasemdum sem hafa borist fyrir settan eindaga. Í álitinu skal hafa hliðsjón af athugasemdum og félagshagræðilegum greiningum sem hagsmunaaðilar hafa lagt fram samkvæmt b-lið 6. mgr. 69. gr. og 1. mgr. þessarar greinar.

3. Ef álit áhættumatsnefndarinnar víkur í veigamiklum atriðum frá tillögðum takmörkunum getur Efnastofnunin seinkað eindaganum fyrir álitsgjöf nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu sem nemur að hámarki 90 dögum.

72. gr.

Framlagning álits fyrir framkvæmdastjórnina

1. Efnastofnunin skal án tafar leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu á tillögðum takmörkunum fyrir efni, annaðhvort einum sér, í efnablöndum eða í hlutum. Ef önnur eða báðar nefndanna láta vera að gefa álit fyrir eindagann, sem settur er í 70. gr. og 1. mgr. 71. gr., skal Efnastofnunin gera framkvæmdastjórninni grein fyrir því og tilgreina ástæður þess.

2. Með fyrirvara um 118. og 119. gr. skal Efnastofnunin birta álit nefnanna beggja án tafar á vefsetri sínu.

3. Efnastofnunin skal, ef þess er farið á leit, útvega framkvæmdastjórninni og/eða aðildarríki öll skjöl og gögn sem hafa verið lögð fyrir hana eða hún hefur vegið og metið.

73. gr.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

1. Ef skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 68. gr., er fullnægt skal framkvæmdastjórnin semja drög að breytingum við XVII. viðauka, innan þriggja mánaða frá viðtöku álits nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu eða, hafi nefndin ekki gefið álit, fyrir lok þess frests sem settur er skv. 71. gr., hvort heldur ber að fyrr.

Ef drögin að breytingunum eru frábrugðin upphaflegu tillögunni eða ef ekki er í þeim höfð hliðsjón af álitum Efnastofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin láta fylgja með nákvæma útskýringu á muninum.

2. Endanleg ákvörðun skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr. Framkvæmdastjórnin skal senda drög að breytingu til aðildarríkjanna a.m.k. 45 dögum áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.

IX. BÁLKUR

ÞÓKNANIR OG GJÖLD

74. gr.

Þóknanir og gjöld

1. Þóknanir, sem krafist er skv. 6. gr. (4. mgr.), 7. gr. (1. og 5. mgr.), 9. gr. (2. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 17. gr. (2. mgr.), 18. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.), 22. gr. (5. mgr.), 62. gr. (7. mgr.) og 92. gr. (3. mgr.), skulu tilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem verður samþykkt í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 133. gr., eigi síðar en 1. júní 2008.

2. Ekki þarf að greiða þóknun fyrir skráningu efnis ef magn þess er milli 1 og 10 tonn og skráningarskjölin innihalda fullnaðarupplýsingar skv. VII. viðauka.

3. Samsetning og fjárhæð þóknana, sem um getur í 1. mgr., skal ráðast af því starfi, sem nauðsynlegt er að Efnastofnunin og lögbært yfirvald inni af hendi samkvæmt þessari reglugerð, og skal vera svo há að tryggt sé að tekjurnar af þeim, ásamt öðrum tekjuliðum Efnastofnunarinnar skv. 1. mgr. 96. gr., nægi fyrir kostnaðinum við veitta þjónustu. Þóknun fyrir skráningu skal ákveðin með hliðsjón af því starfi sem þarf ef til vill að vinna skv. VI. bálki.

Að því er varðar 6. gr. (4. mgr.), 7. gr. (1. og 5. mgr.), 9. gr. (2. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 17. gr. (2. mgr.) og 18. gr. (2. mgr.) skal samsetning og fjárhæð þóknana ráðast af magni þess efnis, sem er skráð, í tonnum talið.

Þóknun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki skal í öllum tilvikum vera lægri en fyrir stærri fyrirtæki. Að því er varðar 4. mgr. 11. gr. skal samsetning og fjárhæð þóknana ráðast af því hvort aðilar hafa lagt upplýsingar fram í sameiningu eða hver um sig.

Að því er varðar beiðnina skv. xi. lið a-liðar 10. gr. skal samsetning og fjárhæð þóknana ráðast af þeirri vinnu sem Efnastofnunin þarf að leggja fram við mat á rökstuðningnum.

4. Í reglugerðinni, sem um getur í 1. mgr., skulu þær kringumstæður tilgreindar þar sem hluti þóknana skal koma í hlut lögbærs yfirvalds viðkomandi aðildarríkis.

5. Efnastofnuninni er heimilt að innheimta gjöld fyrir aðra þjónustu sem hún veitir.

X. BÁLKUR

EFNASTOFNUNIN

75. gr.

Stofnun Efnastofnunar Evrópu og endurskoðunarákvæði

1. Efnastofnun Evrópu er sett á stofn í þeim tilgangi að stjórna og, í sumum tilvikum, að annast framkvæmd á tæknilegum, vísindalegum og stjórnsýslulegum þáttum þessarar reglugerðar og til þess að tryggja samræmi á vettvangi Bandalagsins í tengslum við þessa þætti.

2. Efnastofnunin skal sæta endurskoðun eigi síðar en 1. júní 2012.

76. gr.

Samsetning

1. Til Efnastofnunarinnar teljast:

a) stjórn sem annast þau verkefni sem sett eru fram í 78. gr.,

b) framkvæmdastjóri sem annast þau verkefni sem sett eru fram í 83. gr.,

c) áhættumatsnefnd sem ber ábyrgð á samningu álita Efnastofnunarinnar á mati, leyfisumsóknum, tillögum um takmarkanir og tillögum um flokkun og merkingu skv. XI. bálki og öllum öðrum atriðum sem koma upp við beitingu þessarar reglugerðar og tengjast áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið.

d) nefnd um félagshagfræðilega greiningu sem ber ábyrgð á samningu álita Efnastofnunarinnar á leyfisumsóknum, tillögum um takmarkanir og öllum öðrum atriðum sem koma upp við beitingu þessarar reglugerðar og tengjast félagslegum og hagrænum áhrifum af hugsanlegri lagasetningu um efni,

e) aðildarríkjanefnd sem ber ábyrgð á að leysa hugsanlegan skoðanaágreining um drög að ákvörðunum, sem Efnastofnunin eða aðildarríkin leggja fram skv. VI. bálki, og um tillögur að tilgreiningu sérlega varasamra efna sem fella skal undir málsmeðferðina um leyfisveitingu skv. VII. bálki,

f) gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar (hér á eftir nefnt „framkvæmdartorgið“) þar sem samræmt er net þeirra yfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á framkvæmd þessarar reglugerðar,

g) skrifstofa, sem starfar undir stjórn framkvæmdastjórans og veitir nefndunum og framkvæmdartorginu tæknilegan, vísindalegan og stjórnsýslulegan stuðning og tryggir viðeigandi samræmingu þeirra á milli. Hún skal enn fremur annast það starf, sem vinna þarf á vegum Efnastofnunarinnar samkvæmt málsmeðferð vegna forskráningar, skráningar og mats, svo og semja leiðbeiningar, viðhalda gagnagrunnum og afla upplýsinga,

h) kærunefnd sem sker úr um kærur vegna ákvarðana sem Efnastofnunin tekur.

2. Nefndirnar, sem um getur í c-, d- og e-lið 1. mgr. (hér á eftir nefndar „nefndirnar“), og framkvæmdartorgið geta hver fyrir sig komið á fót vinnuhópum. Í því skyni skulu þau samþykkja, í samræmi við starfsreglur sínar, nákvæmt fyrirkomulag á úthlutun tiltekinna verkefna til þessara vinnuhópa.

3. Nefndunum og framkvæmdartorginu er heimilt, ef þau telja það eiga við, að leita ráða hjá viðeigandi sérfræðingum varðandi mikilvægar, almennar vísindalegar og siðferðislegar spurningar.

77. gr.

Verkefni

1. Efnastofnunin skal veita aðildarríkjunum og stofnunum Bandalagsins bestu vísinda- og tæknilegu ráðgjöf sem völ er á varðandi fyrirspurnir í tengslum við íðefni sem falla undir valdssvið hennar og sem vísað er til Efnastofnunarinnar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. Skrifstofan skal annast eftirfarandi verkefni:

a) verkefni sem henni er úthlutað skv. II. bálki, þ.m.t. að greiða fyrir skilvirkri skráningu innfluttra efna með þeim hætti sem samræmist alþjóðlegum viðskipta-skuldbindingum Bandalagsins gagnvart þriðju löndum,

b) verkefni sem henni er úthlutað skv. III. bálki,

c) verkefni sem henni er úthlutað skv. VI. bálki,

d) verkefni sem henni er úthlutað skv. VIII. bálki,

e) að koma á fót og viðhalda gagnagrunni eða -grunnum með upplýsingum um öll skráð efni, skrá yfir flokkun og merkingar ásamt samræmdu flokkunar- og merkingarskránni. Hún skal gera upplýsingarnar í gagnagrunninum eða -grunnunum, sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. 119. gr., aðgengilegar öllum á Netinu án endurgjalds nema ef beiðni, sem lögð er fram skv. xi. lið a-liðar 10. gr., er talin réttmæt. Stofnunin skal veita aðgang að öðrum upplýsingum í gagnagrunnunum samkvæmt beiðni í samræmi við 118. gr.,

f) að veita almennan aðgang að upplýsingum um hvaða efni er verið að meta eða hafa verið metin innan 90 daga frá því að stofnuninni bárust upplýsingarnar, í samræmi við 1. mgr. 119. gr.,

g) að leggja til tæki og veita tæknilegar og vísindalegar leiðbeiningar, þar sem það á við, vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, einkum til að aðstoða atvinnugreinina og einkum lítil og meðalstórfyrirtæki við að útbúa efnaöryggisskýrslur (í samræmi við 14. gr., 31. gr. (1. mgr.) og 37. gr. (4. mgr.)) og beita ákvæðum 10. gr. (viii. lið a-liðar), 11. gr. (3. mgr.) og 19. gr. (2. mgr.), ásamt því að veita framleiðendum og innflytjendum hluta tæknilegar og vísindalegar leiðbeiningar vegna beitingar ákvæða 7. gr.

h) að veita lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna tæknilegar og vísindalegar leiðbeiningar um verkefnin samkvæmt þessari reglugerð og veita þjónustuborðunum, sem aðildarríkin koma á fót skv. XIII. bálki, aðstoð.

i) að veita hagsmunaaðilum, m.a. lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, leiðbeiningar um miðlun upplýsinga til almennings um áhættu og örugga notkun efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í vörum,

j) að veita framleiðendum og innflytjendum, sem skrá efni í samræmi við 1. mgr. 12. gr., ráðgjöf og aðstoð,

k) að taka saman upplýsingar til skýringar á þessari reglugerð fyrir aðra hagsmunaaðila,

l) að veita, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, tæknilega og vísindalega aðstoð við að bæta samstarf milli Bandalagsins, aðildarríkjanna, alþjóðastofnana og þriðju landa um vísinda- og tæknimál er varða efnaöryggi, ásamt virkri þátttöku í tækniaðstoð og uppbyggingu færni í tengslum við örugga stjórnun á íðefnum í þróunarlöndum,

m) að útbúa handbók um ákvarðanir og álit sem byggjast á ályktunum aðildarríkjanefndarinnar er varða túlkun og framkvæmd þessarar reglugerðar,

n) að tilkynna um ákvarðanir Efnastofnunarinnar,

o) að láta í té eyðublöð til að senda Efnastofnuninni upplýsingar.

3. Nefndirnar skulu annast eftirfarandi verkefni:

a) verkefni sem þeim er úthlutað skv. VI. og XI. bálki,

b) að veita, að beiðni framkvæmdastjórans, tæknilega og vísindalega aðstoð við að bæta samstarf milli Bandalagsins, aðildarríkjanna, alþjóðastofnana og þriðju landa um vísinda- og tæknimál er varða efnaöryggi, ásamt virkri þátttöku í tækniaðstoð og uppbyggingu færni í tengslum við örugga stjórnun á íðefnum í þróunarlöndum,

c) að semja, að beiðni framkvæmdastjórans, álit um aðra þætti er varða öryggi efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í vörum.

4. Framkvæmdartorgið skal annast eftirfarandi verkefni:

a) að breiða út góðar starfsvenjur og vekja athygli á vandamálum á vettvangi Bandalagsins,

b) að leggja til, samhæfa og meta samræmd framfylgdarverkefni og sameiginlegar skoðanir,

c) að samræma skipti á skoðunarmönnum,

d) að skilgreina framfylgdaráætlanir ásamt bestu starfsvenjum við framfylgd,

e) að þróa vinnuaðferðir og tæki sem skoðunarmenn á hverjum stað geta notað,

f) að þróa verklag við rafræn upplýsingaskipti,

g) að annast samskipti við atvinnulífið, einkum með tilliti til sérþarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og aðra hagsmunaaðila, þ.m.t. viðeigandi alþjóðastofnanir, eftir því sem þörf krefur,

h) að fara yfir tillögur að takmörkunum í því skyni að veita ráðgjöf um framfylgd.

78. gr.

Heimildir stjórnar

Stjórnin skal skipa framkvæmdastjóra skv. 84. gr. og gjaldkera í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2343/2002.

Hún skal samþykkja:

a) almenna skýrslu Efnastofnunarinnar fyrir næstliðið ár fyrir 30. apríl ár hvert,

b) vinnuáætlun Efnastofnunarinnar fyrir komandi ár fyrir 31. október ár hvert,

c) endanlega fjárhagsáætlun Efnastofnunarinnar skv. 96. gr. fyrir upphaf fjárhagsárs og aðlaga hana, ef nauðsyn krefur, með hliðsjón af framlagi Bandalagsins og öðrum tekjuliðum Efnastofnunarinnar,

d) vinnuáætlun til margra ára sem skal endurskoða reglulega.

Hún skal samþykkja innri reglur og starfsreglur Efnastofnunarinnar. Þessar reglur skulu gerðar opinberar.

Hún skal sinna skyldum sínum með tilliti til fjárhagsáætlunar Efnastofnunarinnar skv. 96., 97. og 103. gr.

Hún skal vera yfir framkvæmdastjóra sett.

Hún setur sér starfsreglur.

Hún skal skipa formann, stjórnarmenn og varamenn kærunefndarinnar í samræmi við 89. gr.

Hún skal skipa fulltrúa í nefndir Efnastofnunarinnar eins og sett er fram í 85. gr.

Hún skal senda árlega allar upplýsingar, sem varða matsniðurstöður, í samræmi við 6. mgr. 96. gr.

79. gr.

Skipan stjórnar

1. Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa hvers aðildarríkis og að hámarki sex fulltrúum sem framkvæmdastjórnin skipar, m.a. þremur einstaklingum án atkvæðisréttar frá hagsmunaaðilum, og þar að auki tveimur óháðum aðilum sem Evrópuþingið skipar. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn fulltrúa í stjórnina. Ráðið skal skipa fulltrúana sem eru tilnefndir á þann hátt.

2. Stjórnarmenn skulu skipaðir á grundvelli viðeigandi reynslu og sérfræðiþekkingar er varða efnaöryggi eða reglusetningu um íðefni og enn fremur skal sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi sérfræðiþekking meðal stjórnarmanna á almennu fjármála- og lagasviði.

3. Skipunartími er fjögur ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann einu sinni. Í fyrstu stjórnina skal framkvæmdastjórnin þó tilnefna helming fulltrúanna og ráðið 12 fulltrúa og skal skipunartími þeirra vera sex ár.

80. gr.

Formennska stjórnar

1. Stjórnin skal kjósa formann og varaformann úr röðum stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt. Varaformaður skal sjálfkrafa taka sæti formanns í forföllum hans.

2. Skipunartími formanns og varaformanns er tvö ár og lýkur þegar stjórnarsetu þeirra lýkur. Heimilt er að endurnýja skipunina einu sinni.

81. gr.

Fundir stjórnar

1. Stjórnarfundi skal halda að boði formanns eða að beiðni a.m.k. þriðjungs stjórnarmanna.

2. Framkvæmdastjórinn skal taka þátt í fundum stjórnarinnar án atkvæðisréttar.

3. Formönnum nefndanna og formanni framkvæmdartorgsins, sem um getur í c- til f-lið 1. mgr. 76. gr., er heimilt að sitja fundi stjórnarinnar án atkvæðisréttar.

82. gr.

Atkvæðagreiðsla stjórnar

Stjórnin skal samþykkja reglur um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, þ.m.t. skilyrði fyrir því að stjórnarmaður greiði atkvæði fyrir hönd annars stjórnarmanns. Stjórnin skal taka ákvarðanir með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt.

83. gr.

Skyldur og heimildir framkvæmdastjóra

1. Framkvæmdastjóri fer með stjórn Efnastofnunarinnar og skal sinna skyldum sínum í þágu Bandalagsins, óháður hvers kyns sérhagsmunum.

2. Framkvæmdastjórinn er lagalegur fyrirsvarsmaður Efnastofnunarinnar. Hann skal bera ábyrgð á:

a) daglegum rekstri Efnastofnunarinnar,

b) stjórnun allra tilfanga Efnastofnunarinnar sem eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum,

c) að sjá til þess að virtir séu þeir frestir sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins og Efnastofnunin hefur til að samþykkja álit,

d) að tryggja viðeigandi og tímanlega samræmingu milli nefndanna og framkvæmdartorgsins,

e) að gera og reka nauðsynlega samninga við þjónustuveitendur,

f) að gera fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Efnastofnunarinnar og framkvæmd fjárhagsáætlunar hennar skv. 96. og 97. gr.,

g) öllu sem lýtur að starfsmannahaldi,

h) að annast skrifstofuhald stjórnar,

i) að gera drög að álitum stjórnarinnar að því er varðar fyrirhugaðar starfsreglur nefndanna og framkvæmdartorgsins,

j) að gera ráðstafanir, að beiðni stjórnarinnar, að því er varðar framkvæmd frekari verkefna (innan gildissviðs 77. gr.) sem framkvæmdastjórnin hefur falið Efnastofnuninni.

k) að koma á og viðhalda reglubundnum skoðanaskiptum við Evrópuþingið,

l) að ákvarða skilmála og skilyrði fyrir notkun hugbúnaðarpakka,

m) að breyta ákvörðun Efnastofnunarinnar í kjölfar kæru og að höfðu samráði við formann kærunefndar.

3. Framkvæmdastjórinn skal árlega leggja eftirfarandi fyrir stjórnina til samþykktar:

a) drög að skýrslu um starfsemi Efnastofnunarinnar á næstliðnu ári, þ.m.t. upplýsingar um fjölda móttekinna skráningarskjala, fjölda metinna efna, fjölda móttekinna leyfisumsókna, fjölda tillagna um takmarkanir sem Efnastofnunin hefur móttekið og gefið álit um, þann tíma sem fer í að ljúka tilheyrandi málsmeðferðum, efni sem hafa verið leyfð, málsskjöl sem hefur verið hafnað, efni sem settar hafa verið takmarkanir um, mótteknar kvartanir og viðbrögð við þeim ásamt yfirliti yfir starfsemi framkvæmdartorgsins,

b) drög að vinnuáætlun fyrir komandi ár,

c) drög að ársreikningum,

d) drög að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár,

e) drög að vinnuáætlun til margra ára.

Eftir að stjórnin hefur samþykkt vinnuáætlunina fyrir komandi ár og vinnuáætlunina til margra ára skal framkvæmdastjórnin framsenda þær til aðildarríkjanna, Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar og birta þær.

Eftir að stjórnin hefur samþykkt almenna skýrslu Efnastofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin framsenda hana til aðildarríkjanna, Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, félags- og efnahagsmálanefndar Evrópubandalaganna og endurskoðunarréttarins og birta hana.

84. gr.

Skipun framkvæmdastjóra

1. Stjórnin skal skipa framkvæmdastjóra af skrá yfir umsækjendur, sem framkvæmdastjórnin gerir tillögu að, eftir að auglýst hefur verið eftir yfirlýsingum um áhuga á þátttöku í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðrum tímaritum eða á vefsetrum.

Framkvæmdastjórinn skal skipaður á grundvelli verðleika sinna og skjalfestra stjórnsýslu- og stjórnunarhæfileika auk viðeigandi reynslu á sviði efnaöryggis eða reglusetningar. Stjórnin skal taka ákvarðanir með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt.

Stjórnin skal hafa vald til að segja framkvæmdastjóranum upp í samræmi við sömu málsmeðferð.

Áður en umsækjandinn, sem stjórnin tilnefnir, er skipaður skal honum, eins fljótt og unnt er, boðið að gefa yfirlýsingu frammi fyrir Evrópuþinginu og svara spurningum þingmanna.

2. Skipunartími framkvæmdastjóra er fimm ár. Stjórninni er heimilt að framlengja skipunartímann einu sinni um önnur fimm ár.

85. gr.

Stofnun nefndanna

1. Hverju aðildarríki er heimilt að tilnefna umsækjendur í áhættumatsnefndina. Framkvæmdastjórinn skal taka saman skrá yfir tilnefnda aðila sem skal birt á vefsetri Efnastofnunarinnar, sbr. þó 1. mgr. 88. gr. Stjórnin skal skipa nefndarmenn af þessari skrá, þar af a.m.k. einn nefndarmann, en ekki fleiri en tvo, úr hópi tilnefndra aðila hvers aðildarríkis sem hefur tilnefnt umsækjendur. Skipa skal nefndarmenn á grundvelli hlutverks þeirra og reynslu af að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í 3. mgr. 77. gr.

2. Hverju aðildarríki er heimilt að tilnefna umsækjendur í nefndina um félagshagfræðilega greiningu. Framkvæmdastjórinn skal taka saman skrá yfir tilnefnda aðila sem skal birt á vefsetri Efnastofnunarinnar, sbr. þó 1. mgr. 88. gr. Stjórnin skal skipa nefndarmenn af þessari skrá, þar af a.m.k. einn nefndarmann, en ekki fleiri en tvo, úr hópi tilnefndra aðila hvers aðildarríkis sem hefur tilnefnt umsækjendur. Skipa skal nefndarmenn á grundvelli hlutverks þeirra og reynslu af að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í 3. mgr. 77. gr.

3. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn fulltrúa í aðildarríkjanefndina.

4. Miðað skal að því að nefndarmenn hafi víðtæka sérfræðikunnáttu á viðeigandi sviðum. Í þessu skyni er hverri nefnd heimilt að fá til liðs við sig allt að fimm viðbótarfulltrúa sem eru valdir á grundvelli sérþekkingar sinnar.

Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal vera unnt að framlengja skipunartímann.

Stjórnarmenn Efnastofnunarinnar mega ekki sitja í nefndunum.

Nefndarmenn hverrar nefndar geta notið aðstoðar ráðgjafa á sviði vísinda, tækni eða reglusetningar.

Framkvæmdastjóra eða fulltrúa hans og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar skal vera heimilt að sitja alla fundi nefndanna og vinnuhópanna, sem Efnastofnunin eða nefndir hennar boða til, sem áheyrnarfulltrúar. Einnig er heimilt að bjóða hagsmunaaðilum að sitja fundi sem áheyrnarfulltrúar, eftir því sem við á, að beiðni nefndarmanna eða stjórnarinnar.

5. Fulltrúar í hverri nefnd, sem eru skipaðir í kjölfar tilnefningar af hálfu aðildarríkis, skulu tryggja viðeigandi samræmingu milli verkefna Efnastofnunarinnar og starfs lögbærra yfirvalda aðildarríkisins.

6. Nefndarmönnum skal gert kleift að nýta sér þau vísinda- og tæknilegu úrræði sem aðildarríkin hafa yfir að ráða. Í þessu skyni skulu aðildarríkin sjá nefndarmönnum, sem þau hafa tilnefnt, fyrir fullnægjandi vísinda- og tæknilegum úrræðum. Lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis skulu greiða fyrir starfsemi nefndanna og vinnuhópa þeirra.

7. Aðildarríkin skulu ekki gefa fulltrúum áhættumats-nefndarinnar eða nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu eða vísinda- og tæknilegum ráðgjöfum þeirra eða sérfræðingum, nein fyrirmæli sem samræmast ekki einstaka verkefnum þessara aðila eða verkefnum, skyldum og sjálfstæði Efnastofnunarinnar.

8. Þegar nefndirnar semja álit sín skulu þær leitast við, eftir bestu getu, að ná samstöðu. Náist slík samstaða ekki skal álitið grundvallast á afstöðu meirihluta nefndarmanna, þ.m.t. rökstuðningur þeirra. Einnig skal birta afstöðu minnihlutans, þ.m.t. rökstuðningur hans.

9. Hver nefnd skal semja drög að tillögu um starfsreglur sínar, sem stjórnin skal samþykkja, innan sex mánaða frá því að nefndirnar voru fyrst skipaðar.

Í þessum reglum skal einkum mæla fyrir um málsmeðferð við að skipta um nefndarmenn, málsmeðferð við að úthluta vinnuhópum tiltekin verkefni, stofnun vinnuhópa og málsmeðferð fyrir aðkallandi samþykkt álita. Formaður hverrar nefndar skal vera starfsmaður Efnastofnunarinnar.

86. gr.

Stofnun framkvæmdartorgsins

1. Hvert aðildarríki skal skipa einn fulltrúa á framkvæmdartorgið til þriggja ára í senn og skal vera unnt að endurnýja skipunina. Velja skal fulltrúa á grundvelli hlutverks þeirra og reynslu við framfylgd löggjafar um efni og skulu þeir halda viðeigandi tengslum við lögbær yfirvöld í aðildarríkinu.

Miðað skal að því að fulltrúar á framkvæmdartorginu hafi víðtæka sérfræðikunnáttu á viðeigandi sviðum. Í þessu skyni er framkvæmdartorginu heimilt að fá til liðs við sig allt að fimm viðbótarfulltrúa sem eru valdir á grundvelli sérþekkingar sinnar. Þessir fulltrúar skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal vera unnt að endurnýja skipunina. Stjórnarmenn mega ekki vera fulltrúar á framkvæmdartorginu.

Fulltrúar á framkvæmdartorginu geta notið aðstoðar vísinda- og tæknilegra ráðgjafa.

Framkvæmdastjóra Efnastofnunarinnar eða fulltrúa hans og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar skal vera heimilt að sitja alla fundi framkvæmdartorgsins og vinnuhópa þess. Einnig er heimilt að bjóða hagsmunaaðilum að sitja fundi sem áheyrnarfulltrúar, eftir því sem við á, að beiðni fulltrúa framkvæmdartorgsins eða stjórnarinnar.

2. Fulltrúar á framkvæmdartorginu, sem eru tilnefndir af aðildarríki, skulu tryggja viðeigandi samræmingu milli verkefna framkvæmdartorgsins og starfs lögbærra yfirvalda aðildarríkisins.

3. Fulltrúum á framkvæmdartorginu skal gert kleift að nýta sér þau vísinda- og tæknilegu úrræði sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa yfir að ráða. Lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis skulu greiða fyrir starfsemi framkvæmdartorgsins og vinnuhópa þess. Aðildarríkin skulu ekki gefa fulltrúum framkvæmdartorgsins, eða vísinda- og tæknilegum ráðgjöfum þeirra eða sérfræðingum, nein fyrirmæli sem samræmast ekki einstaka verkefnum þessara aðila eða verkefnum og skyldum framkvæmdartorgsins.

4. Framkvæmdartorgið skal semja drög að tillögu um starfsreglur sínar, sem stjórnin skal samþykkja, innan sex mánaða frá því að framkvæmdartorgið var fyrst stofnað.

Í þessum reglum skal einkum mæla fyrir um málsmeðferð við að skipa og skipta um formann og skipta um fulltrúa og málsmeðferð við að úthluta vinnuhópum tiltekin verkefni.

87. gr.

Skýrslugjafar nefndanna og aðgangur að sérfræðingum

1. Þegar nefnd skal, í samræmi við 77. gr., gefa álit eða taka afstöðu til þess hvort málsskjöl aðildarríkis séu í samræmi við kröfurnar í XV. viðauka skal hún tilnefna einn nefndarmanna sem skýrslugjafa. Viðkomandi nefnd getur tilnefnt annan nefndarmann sem meðskýrslugjafa. Í báðum tilvikum skulu skýrslugjafar og meðskýrslugjafar skuldbinda sig til að starfa í þágu Bandalagsins og gefa út skriflega yfirlýsingu, þar sem þeir skuldbinda sig til að sinna skyldum sínum, og skriflega yfirlýsingu um hagsmuni sína. Ekki skal tilnefna nefndarmann sem skýrslugjafa í tilteknu máli ef hann greinir frá hagsmunum sem hann hefur að gæta og sem kynnu að hafa áhrif á óháða meðferð málsins. Viðkomandi nefnd er heimilt að láta annan nefndarmann leysa skýrslugjafa eða meðskýrslugjafa af hólmi hvenær sem er, t.d. ef þeir geta ekki uppfyllt skyldur sínar innan tiltekinna tímamarka eða ef þeir hafa hagsmuna að gæta sem kynnu að hafa skaðleg áhrif.

2. Aðildarríkin skulu senda Efnastofnuninni nöfn sérfræðinga, sem staðfest er að búi yfir reynslu af þeim verkefnum, sem krafist er skv. 77. gr., og eru reiðubúnir til að taka þátt í vinnuhópum nefndanna, ásamt upplýsingum um menntun, hæfi og sérsvið þeirra.

Efnastofnunin skal uppfæra skrána yfir sérfræðinga reglulega. Skráin skal ná yfir sérfræðingana, sem um getur í fyrstu undirgrein, og aðra sérfræðinga sem skrifstofan tilgreinir beint.

3. Skriflegur samningur skal gerður milli Efnastofnunarinnar og hlutaðeigandi aðila eða, ef við á, milli Efnastofnunarinnar og vinnuveitanda hlutaðeigandi aðila um þjónustu, sem nefndarmenn eða sérfræðingar í vinnuhópi nefndanna eða framkvæmdartorgsins veita, eða önnur verkefni sem þeir sinna fyrir Efnastofnunina.

Efnastofnunin skal greiða hlutaðeigandi aðila, eða vinnuveitanda hans, laun í samræmi við gjaldskrá sem skal vera í fjárhagsráðstöfunum stjórnarinnar. Ef hlutaðeigandi aðili uppfyllir ekki skyldur sínar hefur framkvæmdastjórinn rétt á að rifta samningnum eða ógilda hann eða synja um greiðslu launa.

4. Að því er varðar þjónustu, þar sem hugsanlegir þjónustuveitendur eru margir, getur þurft að auglýsa eftir yfirlýsingum um áhuga á þátttöku:

a) ef vísinda- og tæknilegar aðstæður gera það kleift og

b) ef það samræmist skyldum Efnastofnunarinnar, einkum þörfinni á að veita trausta heilsu- og umhverfisvernd.

Stjórnin skal samþykkja viðeigandi málsmeðferð að tillögu framkvæmdastjórans.

5. Efnastofnuninni er heimilt að nýta sér þjónustu sérfræðinga til að annast önnur sértæk verkefni sem hún ber ábyrgð á.

88. gr.

Menntun og hæfi og hagsmunir

1. Skipun fulltrúa í nefndirnar og á framkvæmdartorgið skal gerð opinber. Einstakir fulltrúar geta farið fram á að nöfn þeirra séu ekki gerð opinber ef þeir telja að slík birting geti sett þá í hættu. Framkvæmdastjórinn skal ákveða hvort verða skal við slíkum beiðnum. Þegar upplýsingar um hverja skipun eru birtar skal tilgreina faglega menntun og hæfi hvers fulltrúa.

2. Stjórnarmenn, framkvæmdastjórinn og þeir sem eiga sæti í nefndunum og á framkvæmdartorginu skulu gefa út yfirlýsingu þess efnis að þeir skuldbindi sig til að sinna skyldum sínum og yfirlýsingu um hagsmuni sem gætu talist hamla sjálfstæði þeirra. Þessar yfirlýsingar skulu settar fram skriflega ár hvert og færðar inn í skrá í vörslu Efnastofnunarinnar sem almenningur hefur aðgang að á skrifstofum Efnastofnunarinnar sé þess óskað, sbr. þó 1. mgr.

3. Á hverjum fundi skulu stjórnarmenn Efnastofnunarinnar, framkvæmdastjórinn og þeir sem eiga sæti í nefndunum og á framkvæmdartorginu, ásamt þeim sérfræðingum sem sitja fundinn, tilkynna um alla hagsmuni sem þeir hafa að gæta og gætu talist hamla sjálfstæði þeirra með tilliti til tiltekins máls á dagskrá fundarins. Þeir sem tilkynna um slíka hagsmuni skulu ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um viðkomandi dagskrárlið.

89. gr.

Stofnun kærunefndar

1. Í kærunefnd skulu sitja formaður og tveir aðrir nefndarmenn.

2. Formaðurinn og nefndarmennirnir tveir skulu hafa varamenn sem koma í stað þeirra í fjarveru þeirra.

3. Stjórnin skal skipa formann, aðra nefndarmenn og varamenn af skrá yfir umsækjendur sem framkvæmdastjórnin gerir tillögu að eftir að auglýst hefur verið eftir yfirlýsingum um áhuga á þátttöku í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðrum tímaritum eða á vefsetrum. Þeir skulu skipaðir, á grundvelli viðeigandi reynslu og sérfræðiþekkingar er varða efnaöryggi, raunvísindi eða stjórnsýslu- og lagameðferð, af skrá yfir hæfa umsækjendur sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt. Stjórnin getur skipað fleiri nefndarmenn til viðbótar og varamenn þeirra, að tillögu framkvæmdastjórans, samkvæmt sömu málsmeðferð ef það er nauðsynlegt til að tryggja að kærur fái nægilega skjóta meðferð.

4. Framkvæmdastjórnin ákveður hvaða kröfur um menntun og hæfi kærunefndarmenn skuli uppfylla í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

5. Formaðurinn og nefndarmenn skulu hafa jafnan atkvæðisrétt.

90. gr.

Kærunefndarmenn

1. Skipunartími kærunefndarmanna, þ.m.t. formaður og varamenn, skal vera fimm ár. Heimilt er að framlengja hann einu sinni.

2. Kærunefndarmenn skulu vera óháðir. Þeir skulu ekki bundnir af fyrirmælum við ákvarðanatöku sína.

3. Kærunefndarmönnum er ekki heimilt að sinna öðrum skyldustörfum hjá Efnastofnuninni.

4. Ekki er unnt að segja kærunefndarmönnum upp störfum eða taka þá af skránni á skipunartíma þeirra nema mikilvægar ástæður séu fyrir því og framkvæmdastjórnin taki ákvörðun þar að lútandi að fengnu áliti stjórnarinnar.

5. Kærunefndarmönnum er óheimilt að taka þátt í kærumeðferð hafi þeir þar einkahagsmuna að gæta eða hafi þeir áður komið að málinu sem fulltrúar einhvers aðilanna að kærumeðferðinni eða hafi þeir átt þátt í að taka ákvörðunina sem kærð er.

6. Telji kærunefndarmaður ekki rétt að hann taki þátt í tiltekinni kærumeðferð af þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 5. mgr., skal hann tilkynna kærunefnd um það. Sérhver aðili að kærumeðferðinni getur krafist þess að kærunefndarmaður víki sæti af ástæðu, sem tilgreind er í 5. mgr., eða ef grunur leikur á hlutdrægni hans. Véfenging má ekki byggjast á þjóðerni nefndarmanna.

7. Kærunefnd skal ákveða, án þátttöku viðkomandi kærunefndarmanns, hvað skuli gert í þeim tilvikum sem um getur í 5. og 6. mgr. Við töku þessarar ákvörðunar tekur varamaður viðkomandi nefndarmanns sæti hans í kærunefnd.

91. gr.

Ákvarðanir sem heimilt er að kæra

1. Heimilt er að kæra þær ákvarðanir Efnastofnunarinnar sem teknar eru skv. 9. gr., 20. gr., 6. mgr. 27. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr. og 51. gr.

2. Kæra, sem lögð er fram skv. 1. mgr., hefur áhrif til frestunar.

92. gr.

Aðilar sem hafa rétt á að kæra, kærufrestir, þóknanir og framsetning

1. Einstaklingum eða lögaðilum er heimilt að kæra ákvörðun, sem beint er að þeim, eða ákvörðun sem varðar þá beint og persónulega þótt henni sé beint að öðrum aðila.

2. Kæran og rökin fyrir henni skulu lögð skriflega fyrir Efnastofnunina innan þriggja mánaða frá því að hlutaðeigandi aðila barst tilkynning um ákvörðunina eða, hafi hann enga tilkynningu fengið, innan þriggja mánaða frá því að hann fékk vitneskju um ákvörðunina nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

3. Aðilar, sem kæra ákvörðun Efnastofnunarinnar, gætu þurft að greiða þóknun í samræmi við IX. bálk.

93. gr.

Meðferð og ákvarðanir um kæru

1. Álíti framkvæmdastjórinn, að höfðu samráði við formann kærunefndar, kæruna tæka og vel rökstudda getur hann breytt ákvörðuninni innan 30 daga frá því að kæran var lögð fram í samræmi við 2. mgr. 92. gr.

2. Í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal formaður kærunefndar kanna hvort kæran sé tæk innan 30 daga frá því að kæran var lögð fram í samræmi við 2. mgr. 92. gr. Ef kæran telst tæk skal vísa henni til kærunefndar þar sem forsendur kærunnar eru kannaðar. Aðilar að kærumeðferðinni skulu hafa rétt til að gera munnlegar athugasemdir meðan á málsmeðferð stendur.

3. Kærunefnd er heimilt að nýta sér allar heimildir á valdsviði Efnastofnunarinnar eða vísa málinu aftur til þar til bærs aðila hjá stofnuninni til frekari málsmeðferðar.

4. Framkvæmdastjórnin ákveður málsmeðferð kærunefndar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

94. gr.

Höfðun máls fyrir fyrsta stigs dómstólnum eða Dómstólnum

1. Höfða má mál fyrir fyrsta stigs dómstólnum eða Dómstólnum, í samræmi við 230. gr. sáttmálans, þar sem ákvörðun kærunefndar er kærð eða, í tilvikum þar sem ekki er heimilt að skjóta máli til nefndarinnar, þar sem ákvörðun Efnastofnunarinnar er kærð.

2. Láti Efnastofnunin hjá líða að taka ákvörðun er heimilt að höfða mál fyrir fyrsta stigs dómstólnum eða Dómstólnum vegna aðgerðaleysis hennar í samræmi við 232. gr. sáttmálans.

3. Efnastofnuninni er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta úrskurði fyrsta stigs dómstólsins eða Dómstólsins.

95. gr.

Ósamræmi við álit annarra stofnana

1. Efnastofnunin skal leitast við að sjá til þess að snemma megi greina hugsanleg tilefni ágreinings vegna ósamræmis milli álitsgerða hennar og álitsgerða frá öðrum aðilum sem komið er á fót samkvæmt lögum Bandalagsins, þ.m.t. stofnanir Bandalagsins, og sem sinna sambærilegu verkefni í tengslum við málefni sem varða hagsmuni allra.

2. Ef Efnastofnunin greinir hugsanlegt tilefni ágreinings skal hún hafa samband við viðkomandi stofnun til að tryggja samnýtingu allra vísindalegra eða tæknilegra upplýsinga, sem málið varða, og til að greina vísindaleg eða tæknileg atriði sem gætu orðið tilefni deilna.

3. Ef grundvallarágreiningur ríkir um vísindaleg eða tæknileg atriði og viðkomandi aðili er stofnun Bandalagsins eða vísindanefnd skal Efnastofnunin og viðkomandi aðili vinna saman að því að leysa ágreininginn eða leggja sameiginlegt skjal fyrir framkvæmdastjórnina þar sem vísindalegu og/eða tæknilegu ágreiningsefnin eru skýrð.

96. gr.

Fjárhagsáætlun Efnastofnunarinnar

1. Tekjur Efnastofnunarinnar eru:

a) styrkur frá Bandalaginu sem færður er inn í fjárlög Evrópubandalaganna (liður um framkvæmdastjórnina),

b) þóknanir sem fyrirtæki greiða,

c) frjáls fjárframlög frá aðildarríkjunum.

2. Til gjalda Efnastofnunarinnar skal telja kostnað vegna starfsmanna, stjórnunar og grunnvirkja og rekstrarkostnað.

3. Eigi síðar en 15. febrúar ár hvert skal framkvæmdastjórinn semja fyrstu drög að fjárhagsáætlun, sem tekur til rekstrarkostnaðar og vinnuáætlunar fyrir komandi fjárhagsár, og senda stjórninni þessi fyrstu drög ásamt yfirliti yfir stöðugildi og bráðabirgðastöðuyfirliti.

4. Jöfnuður skal vera milli tekna og gjalda.

5. Stjórnin skal árlega gera áætlun um tekjur og gjöld Efnastofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggð er á drögum frá framkvæmdastjóra. Stjórnin skal senda framkvæmdastjórninni áætlunina, sem inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi, eigi síðar en 31. mars.

6. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu (hér á eftir nefnd „fjárveitingavaldið“) áætlunina ásamt fyrstu drögum að fjárlögum Evrópubandalaganna.

7. Á grundvelli áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella inn í fyrstu drögin að fjárlögum Evrópubandalaganna þær áætluðu fjárhæðir, sem hún telur nauðsynlegar með hliðsjón af yfirlitinu yfir stöðugildi, og þá styrkfjárhæð, sem veita skal af fjárlögum, og leggja þau fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 272. gr. sáttmálans.

8. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar í formi styrks til Efnastofnunarinnar. Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlitið yfir stöðugildi fyrir Efnastofnunina.

9. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlun Efnastofnunarinnar. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópubandalaganna. Ef við á skal leiðrétta fjárhagsáætlunina til samræmis við fjárlögin.10. Við hvers kyns breytingar á fjárhagsáætluninni, þ.m.t. yfirlitið um stöðugildi, skal fylgja málsmeðferðinni sem um getur hér að framan.11. Hafi stjórn Efnastofnunarinnar í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunar stofnunarinnar skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það án tafar, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. leigu eða kaup á byggingum. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta. Hafi aðili, sem er hluti af fjárveitingavaldinu, tilkynnt að hann hafi í hyggju að skila áliti skal hann senda stjórninni álit sitt innan sex vikna frá tilkynningu verkefnisins.

97. gr.

Framkvæmd fjárhagsáætlunar Efnastofnunarinnar

1. Framkvæmdastjórinn skal gegna skyldum fjármálastjóra og sjá um framkvæmd fjárhagsáætlunar Efnastofnunarinnar.

2. Gjaldkeri Efnastofnunarinnar skal hafa eftirlit með skuldbindingum og greiðslum á öllum gjöldum Efnastofnunarinnar og með ákvörðun tekjustofna og innheimtu tekna.

3. Gjaldkeri Efnastofnunarinnar skal senda gjaldkera framkvæmdastjórnarinnar bráðabirgðareikningsskil, eigi síðar en 1. mars eftir lok fjárhagsársins, ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal gera samstæðu úr reikningsskilum stofnananna og sjálfstæðra aðila í samræmi við 128. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002 ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB, KBE) nr. 1995/2006 (Stjtíð ESB L 390, 30.12.2006, bls. 1).

4. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal senda endurskoðunarréttinum bráðabirgðareikningsskil Efnastofnunarinnar, eigi síðar en 31. mars eftir lok fjárhagsársins, ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Skýrslan um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári skal einnig framsend til Evrópuþingsins og ráðsins.

5. Þegar framkvæmdastjóra Efnastofnunarinnar berast athugasemdir endurskoðunarréttarins við bráðabirgðareikningsskil Efnastofnunarinnar skv. 129. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002 skal hann taka saman endanleg reikningsskil Efnastofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda þau til stjórnar Efnastofnunarinnar til umsagnar.

6. Stjórnin skal skila áliti um endanleg reikningsskil Efnastofnunarinnar.

7. Framkvæmdastjórinn skal senda endanleg reikningsskil, eigi síðar en 1. júlí eftir lok síðasta reikningsárs, til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðunarréttarins ásamt áliti stjórnar Efnastofnunarinnar.

8. Endanleg reikningsskil skulu birt.

9. Framkvæmdastjórinn skal senda endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september. Hann skal einnig senda svarið til stjórnar Efnastofnunarinnar.

10. Fyrir 30. apríl árið N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu, leysa framkvæmdastjórann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.

98. gr.

Barátta gegn svikum

1. Í því skyni að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólögmætri starfsemi gilda ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ([1]) án takmarkana að því er varðar Efnastofnunina.

2. Efnastofnunin skal vera bundin samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ([2]) og skal þegar í stað setja viðeigandi ákvæði sem gilda skulu um alla starfsmenn Efnastofnunarinnar.

3. Í ákvörðunum um fjármögnun og í samningum og gerningum til framkvæmdar þessum ákvörðunum skal sérstaklega mælt fyrir um að endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum sé heimilt að láta fara fram vettvangsskoðun, ef þörf krefur, hjá þeim sem fá fjárframlag frá Efnastofnuninni og þeim aðilum sem annast úthlutun þess.

99. gr.

Fjárhagsreglur

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir Efnastofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá reglugerð (EB, KBE) nr. 2343/2002 nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna reksturs Efnastofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

100. gr.

Lögformleg staða Efnastofnunarinnar

1. Efnastofnunin er stofnun Bandalagsins og skal hafa réttarstöðu lögaðila. Efnastofnunin skal hafa það rétthæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Hún getur m.a. aflað fasteigna og lausafjár og afsalað sér þeim og tekið þátt í málarekstri.

2. Framkvæmdastjórinn er í forsvari fyrir Efnastofnunina.

101. gr.

Ábyrgð Efnastofnunarinnar

1. Samningsbundin ábyrgð Efnastofnunarinnar skal ákvarðast af þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi samning. Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa dómsvald á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem Efnastofnunin hefur gert.

2. Þegar um er að ræða ábyrgð sem er ekki samningsbundin ber Efnastofnuninni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem hún eða starfsfólk hennar kann að valda við skyldustörf sín.

Dómstóllinn fer með dómsvald í deilumálum um bætur vegna slíks tjóns.

3. Persónuleg fjárhags- og refsiábyrgð starfsfólks gagnvart Efnastofnuninni ákvarðast af þeim reglum er gilda um starfsfólk Efnastofnunarinnar.

([1]) Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

102. gr.

Sérréttindi og friðhelgi Efnastofnunarinnar

Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna gildir um Efnastofnunina.

103. gr.

Reglur og reglugerðir sem varða starfsmenn

1. Starfsfólk Efnastofnunarinnar skal lúta þeim reglugerðum og reglum sem gilda um opinbera starfsmenn og aðra í þjónustu Evrópubandalaganna. Gagnvart starfsmönnum sínum hefur Efnastofnunin á hendi það vald sem skipunaryfirvaldi hefur verið fengið.

2. Stjórn Efnastofnunarinnar skal samþykkja nauðsynleg framkvæmdarákvæði í samráði við framkvæmdastjórnina.

3. Starfsmenn Efnastofnunarinnar skulu vera embættismenn, sem framkvæmdastjórnin eða aðildarríkin tilnefna eða senda til tímabundinna starfa, eða aðrir starfsmenn sem Efnastofnunin ræður eftir þörfum til að sinna verkefnum á hennar vegum. Efnastofnunin skal ráða starfsfólk á grundvelli mönnunaráætlunar sem skal vera hluti af vinnuáætluninni til margra ára sem um getur í d-lið 78. gr.

104. gr.

Tungumál

1. Ákvæði reglugerðar nr. 1 frá 15. apríl 1958, þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu ([1]), gilda um Efnastofnunina.

2. Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins, annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi Efnastofnunarinnar.

105. gr.

Þagnarskylda

Stjórnarmenn, nefndarmenn og fulltrúar framkvæmdartorgsins, ásamt sérfræðingum og embættismönnum og öðrum starfsmönnum Efnastofnunarinnar, skulu ekki, jafnvel þótt skyldum þeirra sé aflétt, láta af hendi neinar upplýsingar sem þagnarskylda gildir um.

106. gr.

Þátttaka þriðju landa

Stjórn Efnastofnunarinnar getur, í samráði við viðkomandi nefnd eða framkvæmdartorgið, boðið fulltrúum þriðju landa að taka þátt í starfi Efnastofnunarinnar.

([1]) Stjtíð. EBE 17, 6.10.1958, bls. 385/58. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 920/2005 (Stjtíð. ESB L 156, 18.6.2005, bls. 3).

107. gr.

Þátttaka alþjóðastofnana

Stjórn Efnastofnunarinnar getur, í samráði við viðkomandi nefnd eða framkvæmdartorgið, boðið fulltrúum alþjóðastofnana, sem hafa hagsmuna að gæta að því er varðar reglur um íðefni, að taka þátt í starfi Efnastofnunarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

108. gr.

Tengsl við hagsmunasamtök

Stjórnin skal, í samráði við framkvæmdastjórnina, koma á viðeigandi tengslum milli Efnastofnunarinnar og viðkomandi hagsmunasamtaka.

109. gr.

Reglur um gagnsæi

Til að tryggja gagnsæi skal stjórn Efnastofnunarinnar, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórans og í samráði við framkvæmdastjórnina, samþykkja reglur til að tryggja aðgengi almennings að upplýsingum, sem ekki hvílir leynd yfir, á sviði reglusetningar, vísinda eða tækni, sem varða öryggi efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum.

110. gr.

Tengsl við viðeigandi stofnanir Bandalagsins

1. Efnastofnunin skal eiga samstarf við aðrar stofnanir Bandalagsins til að tryggja gagnkvæman stuðning við að leysa af hendi störf sín, einkum til að koma í veg fyrir tvíverknað.

2. Framkvæmdastjórinn skal, að höfðu samráði við áhættumatsnefndina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, setja starfsreglur að því er varðar efni sem álits hefur verið leitað á í tengslum við öryggi matvæla. Stjórnin skal setja þessar starfsreglur í samráði við framkvæmdastjórnina. Þessi bálkur skal ekki á annan hátt hafa áhrif á þær heimildir sem Matvælaöryggisstofnuninni eru veittar.

3. Þessi bálkur skal ekki hafa áhrif á þær heimildir sem Lyfjastofnun Evrópu eru veittar.

4. Framkvæmdastjórinn skal, að höfðu samráði við áhættumatsnefndina, nefndina um félagshagfræðilega greiningu og ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum, setja starfsreglur um vernd starfsmanna. Stjórnin skal samþykkja þessar starfsreglur í samráði við framkvæmdastjórnina.

Þessi bálkur skal ekki hafa áhrif á þær heimildir sem ráðgjafarnefndinni um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum og Vinnuverndarstofnun Evrópu eru veittar.

111. gr.

Eyðublöð og hugbúnaður til að senda Efnastofnuninni upplýsingar

Efnastofnunin skal tilgreina eyðublöð og gera þau tiltæk án endurgjalds ásamt hugbúnaðarpökkum sem skulu gerðir aðgengilegir á vefsetri hennar til að senda Efnastofnuninni upplýsingar. Aðildarríkin, framleiðendur, innflytjendur, dreifingaraðilar og eftirnotendur skulu nota þessi eyðublöð og hugbúnaðarpakka til að senda Efnastofnuninni upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð. Stofnunin skal einkum gera aðgengileg hugbúnaðartól til að auðvelda sendingu allra upplýsinga er varða efni sem skráð eru í samræmi við 1. mgr. 12. gr.

Að því er varðar skráningu skal snið tæknilegu málsskjalanna, sem um getur í a-lið 10. gr., vera IUCLID-snið. Efnastofnunin skal samhæfa frekari þróun þessa sniðs í samvinnu við Efnahags- og framfarastofnunina til að tryggja hámarkssamhæfingu.

XI. BÁLKUR

FLOKKUNAR- OG MERKINGARSKRÁIN

112. gr.

Gildissvið

Þessi bálkur gildir um:

a) skráningarskyld efni,

b) efni sem falla undir 1. gr. tilskipunar 67/548/EBE, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem hættuleg efni í samræmi við fyrrgreinda tilskipun og sem eru sett á markað, annaðhvort ein sér eða í efnablöndu, yfir þeim styrkleikamörkum sem tilgreind eru í tilskipun 1999/45/EB, ef við á, sem veldur því að efnablandan er flokkuð sem hættuleg.

113. gr.

Tilkynningarskylda til Efnastofnunarinnar

1. Hver framleiðandi, framleiðandi hluta eða innflytjandi, eða hópur framleiðenda eða framleiðenda hluta eða innflytjenda, sem setur á markað efni sem fellur undir gildissvið 112. gr., skal veita Efnastofnuninni eftirfarandi upplýsingar í því skyni að bæta efninu í skrána í samræmi við 114. gr. nema upplýsingarnar séu lagðar fram sem hluti af skráningarskjölunum:

a) upplýsingar um framleiðanda/framleiðendur efna, framleiðanda/framleiðendur hluta eða innflytjanda/innflytjendur sem bera ábyrgð á að setja efnið eða efnin á markað eins og tilgreint er í 1. lið í VI. viðauka,

b) auðkenni efnisins eða efnanna eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka,

c) hættuflokkun efnisins eða efnanna í samræmi við beitingu 4. og 6. gr. tilskipunar 67/548/EBE,

d) hættumerking efnisins eða efnanna í samræmi við beitingu c- til f-liðar 23. gr. tilskipunar 67/548/EBE,

e) sértæk styrkleikamörk, þar sem við á, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 67/548/EBE og 4. til 7. gr. tilskipunar 1999/45/EB.

2. Ef skyldurnar skv. 1. mgr. leiða til mismunandi færslna fyrir sama efnið í skránni skulu tilkynnendur og skráningaraðilar leggja allt kapp á að koma sér saman um hvernig efnið skuli fært í skrána.

3. Tilkynnendur skulu ávallt uppfæra upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. mgr., þegar:

a) nýjar vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar koma fram sem leiða til breytinga á flokkun og merkingu efnisins,

b) tilkynnendur og skráningaraðilar mismunandi færslna fyrir eitt efni koma sér saman um eina færslu í samræmi við 2. mgr.

114. gr.

Flokkunar- og merkingarskrá

1. Efnastofnunin skal taka saman og viðhalda flokkunar- og merkingarskrá í formi gagnagrunns, þar sem tilgreindar eru upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 113. gr., bæði fyrir upplýsingar sem tilkynntar eru skv. 1. mgr. 113. gr. og þær sem lagðar eru fram sem hluti af skráningarskjölum. Upplýsingarnar í þessum gagnagrunni, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 119. gr., skulu vera aðgengilegar almenningi. Efnastofnunin skal veita tilkynnendum og skráningaraðilum, sem hafa lagt fram upplýsingar um efni í samræmi við 1. mgr. 29. gr., aðgang að öðrum gögnum um það efni í skránni.

Efnastofnunin skal uppfæra skrána þegar henni berast uppfærðar upplýsingar í samræmi við 3. mgr. 113. gr.

2. Auk upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr., skal Efnastofnunin, eftir því sem við á, skrá eftirfarandi upplýsingar við hverja færslu:

a) hvort til sé samræmd flokkun og merking fyrir þessa færslu á vettvangi Bandalagsins með skráningu í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE,

b) hvort færslan sé sameiginleg færsla skráningaraðila fyrir sama efnið skv. 1. mgr. 11. gr.,

c) hvort færslan sé ólík annarri færslu í skránni fyrir sama efnið,

d) viðeigandi skráningarnúmer, liggi það eða þau fyrir.

115. gr.

Samræming flokkunar og merkingar

1. Samræmdri flokkun og merkingu á vettvangi Bandalagsins skal, frá 1. júní 2007, að öllu jöfnu bætt í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE fyrir flokkun efna sem krabbameinsvalda, stökkbreytivalda eða æxlunarskaðvalda í 1., 2. eða 3. flokki eða sem ofnæmisvalda fyrir öndunarveg. Einnig er heimilt að bæta samræmdri flokkun og merkingu fyrir önnur áhrif í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE í hverju tilviki fyrir sig ef færð eru rök fyrir þörfinni á aðgerðum á vettvangi Bandalagsins. Í þessu skyni er lögbærum yfirvöldum aðildarríkis heimilt að leggja tillögur fyrir Efnastofnunina um samræmda flokkun og merkingu í samræmi við XV. viðauka.

2. Áhættumatsnefndin skal samþykkja álit á tillögunum og jafnframt gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að gera athugasemdir. Efnastofnunin skal senda þetta álit ásamt hugsanlegum athugasemdum til framkvæmdastjórnarinnar sem skal taka ákvörðun í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 67/548/EBE.

116. gr.

Bráðabrigðafyrirkomulag

Skyldurnar, sem settar eru fram í 113. gr., gilda frá 1. desember 2010.

XII. BÁLKUR

UPPLÝSINGAR

117. gr.

Skýrslugjöf

1. Á fimm ára fresti skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar á yfirráðasvæði sínu, þ.m.t. með tilliti til endurskoðunar og framfylgdar eins og lýst er í 127. gr.

Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 1. júní 2010.

2. Á fimm ára fresti skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar. Efnastofnunin skal láta koma fram í skýrslunni upplýsingar um sameiginlega framlagningu upplýsinga í samræmi við 11. gr. ásamt yfirliti yfir skýringar sem gefnar eru þegar upplýsingar eru lagðar fram sértaklega.

Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 1. júní 2011.

3. Á þriggja ára fresti skal Efnastofnunin, í samræmi við það markmið að hvetja til þess að prófanir séu gerðar án dýratilrauna, leggja fyrir framkvæmdastjórnina stöðuskýrslu um framkvæmd og notkun prófunaraðferða án dýratilrauna og um prófunaráætlanir sem eru framkvæmdar til að afla upplýsinga um eðliseiginleika og tryggja að áhættumat uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.

Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 1. júní 2011.

4. Á fimm ára fresti skal framkvæmdastjórnin birta almenna skýrslu um:

a) fengna reynslu af beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t. upplýsingarnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., og

b) fjárhæð og skiptingu fjárframlags sem framkvæmdastjórnin lætur í té til þróunar og mats á nýjum prófunaraðferðum.

Fyrsta skýrslan skal birt eigi síðar en 1. júní 2012.

118. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Reglugerð (EB) nr. 1049/2001 gildir um skjöl í vörslu Efnastofnunarinnar.

2. Að öllu jöfnu skal líta svo á að veiting eftirfarandi upplýsinga grafi undan vernd viðskiptahagsmuna hlutaðeigandi aðila:

a) ítarlegar upplýsingar um nákvæma samsetningu tiltekinnar efnablöndu,

b) nákvæm tilgreining, með fyrirvara um 6. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 64. gr., á notkun eða virkni efnis eða efnablöndu, þ.m.t. upplýsingar um nákvæma notkun sem milliefni,

c) nákvæmar upplýsingar um magn efnis eða efnablöndu, sem er framleidd eða sett á markað, í tonnum talið,

d) tengsl milli framleiðanda eða innflytjanda og dreifenda eða eftirnotenda þeirra.

Ef nauðsynlegt er að grípa til knýjandi aðgerða til að vernda heilbrigði eða öryggi manna eða umhverfið, s.s. í neyðartilvikum, er Efnastofnuninni heimilt að afhenda upplýsingarnar sem um getur í þessari málsgrein.

3. Stjórn Efnastofnunarinnar skal samþykkja hagnýtt fyrirkomulag á beitingu reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 eigi síðar en 1. júní 2008, þ.m.t. kærur og önnur úrræði sem eru nauðsynleg í tengslum við endurskoðun á höfnun, að fullu eða hluta til, beiðni um þagnarskyldu.

4. Ákvarðanir, sem Efnastofnunin tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta orðið tilefni kæru til umboðsmanns eða málshöfðunar fyrir dómstóli Evrópubandalaganna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 195. gr. EB-sáttmálans annars vegar og 230. gr. hins vegar.

119. gr.

Almennur, rafrænn aðgangur

1. Eftirtaldar upplýsingar í vörslu Efnastofnunarinnar um efni, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, skulu gerðar aðgengilegar öllum á Netinu án endurgjalds í samræmi við e-lið 2. mgr. 77. gr.:

a) heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu, að því er varðar hættuleg efni í skilningi tilskipunar 67/548/EBE, sbr. þó f- og g-lið 2. mgr.,

b) ef við á, heiti efnisins eins og það er tilgreint í EINECS,

c) flokkun og merking efnisins,

d) eðlisefnafræðileg gögn varðandi efnið ásamt gögnum um efnaferli og afdrif efnisins í umhverfinu,

e) niðurstöður úr eiturefnafræðilegum og visteiturefnafræðilegum rannsóknum,

f) afleidd áhrifaleysismörk (DNEL: derived no-effect level) eða styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PNEC: predicted no-effect concentration) sem eru fastsett í samræmi við I. viðauka,

g) leiðbeiningar um örugga notkun sem gefnar eru í samræmi við 4. og 5. lið í VI. viðauka,

h) ef þess er krafist í samræmi við IX. eða X. viðauka, greiningaraðferðir sem gera kleift að greina hættulegt efni, sem losað er út í umhverfið, auk þess að ákvarða bein váhrif á menn.

2. Eftirtaldar upplýsingar um efni, sem eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, skulu gerðar aðgengilegar öllum á Netinu án endurgjalds í samræmi við e-lið 2. mgr. 77. gr. nema ef aðili, sem leggur fram upplýsingarnar, leggi fram rökstuðning fyrir því, í samræmi við xi. lið a-liðar 10. gr., sem Efnastofnunin tekur gildan, hvers vegna slík birting geti skaðað viðskiptahagsmuni skráningaraðilans eða annarra hlutaðeigandi aðila:

a) ef það er mikilvægt fyrir flokkun og merkingu, hreinleiki efnisins og auðkenni óhreininda og/eða aukefna sem vitað er að eru hættuleg,

b) mörk fyrir heildartonnafjölda (þ.e. 1 til 10 tonn, 10 til 100 tonn, 100 til 1000 tonn eða yfir 1000 tonn) sem tiltekið efni hefur verið skráð á,

c) rannsóknarsamantektir eða ítarlegar rannsóknarsamantektir í tengslum við upplýsingarnar sem um getur í d- og e-lið 1. mgr.,

d) upplýsingar á öryggisblaðinu nema þær sem tilgreindar eru í 1. mgr.,

e) öll viðskiptaheiti efnisins,

f) heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu fyrir efni sem ekki eru í skráningarbið og eru hættuleg í skilningi tilskipunar 67/548/EBE, í sex ár,

g) heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu fyrir hættuleg efni í skilningi tilskipunar 67/548/EBE sem eru einungis notuð í einu eða fleiri eftirtöldum tilvikum:

i) sem milliefni,

ii) í vísindarannsóknum og þróunarstarfi,

iii) í vöru- og ferlamiðuðum rannsóknum og þróunarstarfi.

120. gr.

Samstarf við þriðju lönd og alþjóðastofnanir

Þrátt fyrir ákvæði 118. og 119. gr. er heimilt að afhenda ríkisstjórn eða landsyfirvaldi í þriðja landi eða alþjóðastofnun upplýsingar, sem Efnastofnuninni berast samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við samning milli Bandalagsins og hlutaðeigandi þriðja aðila, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 304/2003 um útflutning og innflutning hættulegra efna ([1]) eða skv. 3. mgr. 181. gr. a í sáttmálanum, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) markmiðið með samningnum er samvinna um framkvæmd eða stjórnun löggjafar varðandi íðefni sem falla undir þessa reglugerð.

([1]) Stjtíð. ESB L 63, 6.3.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 777/2006 (Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2006, bls. 9).

b) þriðji aðili verndar trúnaðarupplýsingarnar samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi.

XIII. BÁLKUR

LÖGBÆR YFIRVÖLD

121. gr.

Tilnefning

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin sem bera ábyrgð á að inna af hendi þau verkefni, sem lögbærum yfirvöldum er úthlutað samkvæmt þessari reglugerð, og bera ábyrgð á samstarfi við framkvæmdastjórnina og Efnastofnunina við framkvæmd þessarar reglugerðar. Aðildarríkin skulu veita lögbærum yfirvöldum nægilegt fjármagn til ráðstöfunar til að þau geti notað það ásamt öðru tiltæku fjármagni til að sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð tímanlega og á skilvirkan hátt.

122. gr.

Samvinna milli lögbærra yfirvalda

Lögbær yfirvöld skulu vinna saman að því að leysa af hendi verkefni sín samkvæmt þessari reglugerð og veita í þessu skyni lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja allan nauðsynlegan stuðning sem að gagni kann að koma.

123. gr.

Miðlun upplýsinga til almennings um áhættu vegna efna

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu gera almenningi grein fyrir áhættunni sem stafar af efnum ef það þykir nauðsynlegt til að vernda heilbrigði manna eða umhverfið. Efnastofnunin skal, í samráði við lögbær yfirvöld og hagsmunaaðila og á grundvelli bestu viðeigandi starfsvenja, eftir því sem við á, veita leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um áhættu og örugga notkun íðefna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, í því skyni að samræma aðgerðir aðildarríkjanna á þessu sviði.

124. gr.

Aðrar skyldur

Lögbær yfirvöld skulu senda rafrænt allar fyrirliggjandi upplýsingar til Efnastofnunarinnar sem þau hafa í sinni vörslu um efni, sem skráð eru í samræmi við 1. mgr. 12. gr., ef málsskjölin innihalda ekki allar þær upplýsingar sem um getur í VII. viðauka, einkum hvort framfylgdar- eða vöktunaraðgerðir hafa vakið grun um áhættu. Lögbært yfirvald skal uppfæra þessar upplýsingar, eftir því sem við á.

Aðildarríkin skulu setja á laggirnar þjónustuborð í því skyni að veita framleiðendum, innflytjendum, eftirnotendum og öðrum hagsmunaaðilum ráðgjöf um ábyrgð þeirra og skyldur samkvæmt þessari reglugerð, einkum í tengslum við skráningu efna í samræmi við 1. mgr. 12. gr., til viðbótar við leiðbeiningarskjölin sem Efnastofnunin leggur fram samkvæmt g-lið 2. mgr. 77. gr.

XIV. BÁLKUR

FRAMFYLGD

125. gr.

Verkefni aðildarríkjanna

Aðildarríkin skulu halda úti kerfi fyrir opinbert eftirlit og aðra starfsemi eftir því sem við á miðað við aðstæður.

126. gr.

Viðurlög við brotum á ákvæðum

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ákvæði um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 1. desember 2008, og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

127. gr.

Skýrsla

Í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr. 117. gr., skulu vera, að því er varðar framfylgd, niðurstöður opinberrar skoðunar, upplýsingar um vöktunina, sem fram hefur farið, viðurlögin, sem kveðið hefur verið á um, og um aðrar ráðstafanir sem gerðar hafa verið skv. 125. og 126. gr. á fyrra skýrslutímabilinu. Samþykkja skal sameiginlegu atriðin, sem skýrslurnar skulu taka til, á vettvangi framkvæmdartorgsins. Framkvæmdastjórnin skal gera þessar skýrslur aðgengilegar Efnastofnuninni og framkvæmdartorginu.

XV. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

128. gr.

Frjáls flutningur

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu aðildarríkin ekki banna, takmarka eða hindra framleiðslu, innflutning, setningu á markað eða notkun efnis, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, sem heyrir undir gildissvið þessarar reglugerðar og er í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og, ef við á, ákvæði gerða Bandalagins sem eru samþykktar til framkvæmdar þessari reglugerð.

2. Ekkert í þessari reglugerð skal koma í veg fyrir að aðildarríkin viðhaldi eða mæli fyrir um landsbundnar reglur til að vernda starfsmenn, heilbrigði manna og umhverfið sem gilda í þeim tilvikum þar sem ekki eru ákvæði í þessari reglugerð sem samræma kröfur um framleiðslu, setningu á markað eða notkun.

129. gr.

Verndarákvæði

1. Hafi aðildarríki gildar ástæður til að ætla að mikilvægt sé að grípa til knýjandi aðgerða til að vernda heilbrigði manna eða umhverfið að því er varðar efni, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut og þrátt fyrir að efnið uppfylli kröfur samkvæmt þessari reglugerð, er aðildarríkinu heimilt að gera viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir. Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni, Efnastofnuninni og hinum aðildarríkjunum um þetta og færa rök fyrir ákvörðun sinni og leggja fram vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar sem bráðabirgðaráðstafanirnar byggjast á.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 133. gr., innan 60 daga frá viðtöku upplýsinganna frá aðildarríkinu. Í þessari ákvörðun skal annaðhvort:

a) leyft að grípa til bráðabirgðaráðstöfunar í þann tíma sem tilgreindur er í ákvörðuninni eða

b) þess krafist að aðildarríkið afturkalli bráðabirgðaráðstöfunina.

3. Ef bráðabirgðaráðstöfun aðildarríkis, þegar um er að ræða ákvörðun eins og um getur í a-lið 2. mgr., felur í sér takmarkanir á setningu á markað eða notkun efnis skal hlutaðeigandi aðildarríki hefja málsmeðferð til takmörkunar í Bandalaginu með því að senda Efnastofnuninni málsskjöl í samræmi við XV. viðauka innan þriggja mánaða frá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

4. Ef um er að ræða ákvörðun sem um getur í a-lið 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin vega og meta hvort breyta þurfi þessari reglugerð.

130. gr.

Rökstuðningur fyrir ákvörðunum

Lögbær yfirvöld, Efnastofnunin og framkvæmdastjórnin skulu rökstyðja allar ákvarðanir sem þau taka samkvæmt þessari reglugerð.

131. gr.

Breytingar á viðaukunum

Heimilt er að breyta viðaukunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

132. gr.

Framkvæmdarlöggjöf

Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til að koma ákvæðum þessarar reglugerðar til framkvæmdar á skilvirkan hátt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

133. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1. til 4. mgr. 5. gr. a og ákvæði 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

5. Nefndin setur sér starfsreglur.

134. gr.

Undirbúningur að stofnun Efnastofnunarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal veita nauðsynlegan stuðning til að koma Efnastofnuninni á fót.

2. Í því skyni og þar til framkvæmdastjórinn hefur störf, eftir að stjórn Efnastofnunarinnar hefur skipað hann í samræmi við 84. gr., er framkvæmdastjórninni heimilt, fyrir hönd Efnastofnunarinnar og með því að nota ráðstöfunarfé hennar:

a) að ráða starfsfólk, þ.m.t. einstaklingur sem skal gegna stjórnsýslulegum skyldum framkvæmdastjórans til bráðabirgða, og

b) að gera aðra samninga.

135. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir varðandi tilkynnt efni

1. Líta skal á beiðnir til tilkynnenda, þess efnis að þeir veiti lögbæru yfirvaldi frekari upplýsingar í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 67/548/EBE, sem ákvarðanir sem samþykktar eru í samræmi við 51. gr. þessarar reglugerðar.

2. Líta skal á beiðnir til tilkynnenda, þess efnis að þeir veiti frekari upplýsingar um efni í samræmi við 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 67/548/EBE, sem ákvarðanir sem samþykktar eru í samræmi við 52. gr. þessarar reglugerðar.

Líta skal svo á að slík efni séu skráð í samfelldri aðgerðaáætlun Bandalagsins í samræmi við 2. mgr. 44. gr. þessarar reglugerðar og að þau séu valin í samræmi við 2. mgr. 45. gr. þessarar reglugerðar af aðildarríkinu þar sem lögbært yfirvald er staðsett sem bað um frekari upplýsingar í samræmi við 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 67/548/EBE.

136. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir varðandi skráð efni

1. Beiðni til framleiðenda og innflytjenda, þess efnis að þeir veiti framkvæmdastjórninni upplýsingar, sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar með stoð í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, skal teljast ákvörðun sem er samþykkt í samræmi við 52. gr. þessarar reglugerðar.

Lögbært yfirvald, að því er varðar efnið, skal vera lögbært yfirvald í aðildarríkinu, sem er tilnefnt sem skýrslugjafi í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, og skal það annast verkefnin í 3. mgr. 46. gr. og 48. gr. þessarar reglugerðar.

2. Beiðni til framleiðenda og innflytjenda, þess efnis að þeir veiti framkvæmdastjórninni upplýsingar, sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar með stoð í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, skal teljast ákvörðun sem er samþykkt í samræmi við 52. gr. þessarar reglugerðar. Efnastofnunin skal tilnefna lögbært yfirvald, að því er varðar efnið, og skal það annast verkefnin í 3. mgr. 46. gr. og 48. gr. þessarar reglugerðar.

3. Ef skýrslugjafi aðildarríkis hefur ekki sent áhættumat fyrir 1. júní 2008 og, ef við á, áætlun um að takmarka áhættu, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, skal aðildarríkið:

a) skrá upplýsingar um hættu og áhættu í samræmi við B-hluta í XV. viðauka við þessa reglugerð,

b) beita 4. mgr. 69. gr. þessarar reglugerðar á grundvelli upplýsinganna sem um getur í a-lið og

c) taka saman skjöl um hvernig það telur að bregðast skuli við annarri áhættu með öðrum aðgerðum en breytingu á XVII. viðauka við þessa reglugerð.

Leggja skal fyrrgreindar upplýsingar fyrir Efnastofnunina eigi síðar en 1. desember 2008.

137. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir varðandi takmarkanir

1. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. júní 2010, semja drög að breytingum á XVII. viðauka í samræmi við annaðhvort:

a) áhættumat og ráðlagða áætlun um að takmarka áhættu sem hefur verið samþykkt á vettvangi Bandalagsins í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, að svo miklu leyti sem í henni eru tillögur um takmarkanir í samræmi við VIII. bálk þessarar reglugerðar en sem hefur ekki verið tekin ákvörðun um samkvæmt tilskipun 76/769/EBE eða

b) tillögu sem hefur verið lögð fyrir viðkomandi stofnanir en hefur enn ekki verið samþykkt og varðar innleiðingu eða breytingu á takmörkunum samkvæmt tilskipun 76/769/EBE.

2. Til 1. júní 2010 skal leggja öll málsskjöl, sem um getur í 3. mgr. 129. gr., fyrir framkvæmdastjórnina. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin semja drög að breytingum á XVII. viðauka.

3. Allar breytingar á takmörkunum, sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun 76/769/EBE frá 1. júní 2007, skal taka upp í XVII. viðauka frá og með 1. júní 2009.

138. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júní 2019, láta fara fram endurskoðun til að meta hvort rýmka skuli þá skyldu, að framkvæma efnaöryggismat og skrá það í efnaöryggisskýrslu, þannig að skyldan nái einnig til efna sem falla ekki undir þessa skyldu þar eð þau eru ekki skráningarskyld eða eru skráningarskyld en framleidd eða flutt inn í minna magni en 10 tonnum á ári. Að því er varðar efni sem uppfylla viðmiðanirnar um flokkun sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða æxlunarskaðvaldar í 1. eða 2. flokki í samræmi við tilskipun 67/548/EBE skal endurskoðunin fara fram eigi síðar en 1. júní 2014. Við endurskoðunina skal framkvæmdastjórnin taka tillit til allra þátta er málið varða, þ.m.t.:

a) kostnaður framleiðenda og innflytjenda við að taka saman efnaöryggisskýrslur,

b) dreifing kostnaðar milli aðila í aðfangakeðjunni og eftirnotenda,

c) ávinningur fyrir heilbrigði manna og umhverfið.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, ef við á, að leggja fram lagafrumvörp til að rýmka þessa skyldu.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja fram lagafrumvörp um leið og unnt er á skynsamlegan og hagkvæman hátt að velja fjölliður til skráningar út frá traustum, tæknilegum og viðurkenndum vísindalegum viðmiðunum og eftir að birt hefur verið skýrsla um eftirfarandi:

a) hættuna sem stafar af fjölliðum í samanburði við önnur efni,

b) þörfina, ef hún er fyrir hendi, á að skrá tilteknar gerðir fjölliðna með tilliti til samkeppnishæfni og nýsköpunar annars vegar og heilsu- og umhverfisverndar hins vegar.

3. Í skýrslunni, sem um getur í 4. mgr. 117. gr., um fengna reynslu af beitingu þessarar reglugerðar skal vera endurskoðun á kröfunum er varða skráningu efna sem eingöngu eru framleidd eða flutt inn í magni á bilinu 1 til 10 tonn á ári á framleiðanda eða innflytjanda. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt að leggja fram lagafrumvörp í því skyni að breyta upplýsingakröfum er varða efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er á bilinu 1 til 10 tonn á ári á framleiðanda eða innflytjanda, að teknu tilliti til nýjustu þróunar, t.d. í tengslum við staðgönguprófanir og (megindleg) vensl byggingar og virkni ((Q)SAR).

4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða ákvæði I., IV. og V. viðauka eigi síðar en 1. júní 2008 í því skyni að leggja til breytingar á þeim, ef við á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 131. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða ákvæði XIII. viðauka, eigi síðar en 1. desember 2008, til að meta hvort viðmiðanir séu fullnægjandi, að því er varðar tilgreiningu efna sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð eða mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli, í því skyni að leggja til breytingu á viðaukanum, ef við á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun, eigi síðar en 1. júní 2012, til að meta hvort breyta skuli gildissviði þessarar reglugerðar í því skyni að koma í veg fyrir að ákvæði hennar skarist við önnur viðeigandi ákvæði Bandalagsins. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, ef við á, að leggja fram lagafrumvarp.

7. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun, eigi síðar en 1. júní 2013, til að meta hvort rýmka skuli gildissvið 3. mgr. 60. gr., að teknu tilliti til nýjustu þróunar á sviði vísinda, þannig að hún taki til efna, sem tilgreind eru samkvæmt f-lið 57. gr., sem hafa truflandi áhrif á innkirtlastarf. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, ef við á, að leggja fram lagafrumvörp.

8. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun, eigi síðar en 2019, til að meta hvort rýmka skuli gildissvið 33. gr. þannig að hún taki til annarra hættulegra efna, að teknu tilliti til fenginnar reynslu af framkvæmd þeirrar greinar. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, ef við á, að leggja fram lagafrumvörp til að rýmka þá skyldu.

9. Í samræmi við það markmið að hvetja til þess að prófanir séu gerðar, án þess að nota dýr og samkvæmt kröfunni í þessari reglugerð um að skipta út, draga úr eða bæta dýratilraunir, skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. júní 2019, endurskoða prófunarkröfurnar í lið 8.7 í VIII. viðauka. Á grundvelli þessarar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, jafnframt því að traust heilsu- og umhverfisvernd er tryggð, að leggja til breytingar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

139. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 91/155/EBE skal felld úr gildi.

Tilskipanir 93/105/EB og 2000/21/EB og reglugerðir (EBE) nr. 793/93 og (EB) nr. 1488/94 skulu felldar úr gildi frá og með 1. júní 2008.

Tilskipun 93/67/EBE skal felld úr gildi frá og með 1. ágúst 2008.

Tilskipun 76/769/EBE skal felld úr gildi frá og með 1. júní 2009.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

140. gr.

Breyting á tilskipun 1999/45/EB

Ákvæði 14. gr. tilskipunar 1999/45/EB falli brott.

141. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 2007.

2. Ákvæði II., III., V., VI., VII., XI. og XII. bálks ásamt ákvæðum 128. og 136. gr. gilda frá 1. júní 2008.

3. Ákvæði 135. gr. gilda frá 1. ágúst 2008.

4. Ákvæði VIII. bálks og XVII. viðauka gilda frá 1. júní 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	M. VANHANEN
forseti.	*forseti.*

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI	ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT Á EFNUM OG GERÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLNA	72
II. VIÐAUKI	LEIÐBEININGAR UM SAMANTEKT ÖRYGGISBLAÐA	84
III. VIÐAUKI	VIÐMIÐANIR FYRIR EFNI SEM ERU SKRÁÐ Í MAGNI SEM ER Á BILINU 1 TIL 10 TONN	93
IV. VIÐAUKI	UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ A-LIÐ 7. MGR. 2. GR.	98
V. VIÐAUKI	UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ B-LIÐ 7. MGR. 2. GR.	98
VI. VIÐAUKI	UPPLÝSINGAKRÖFUR SEM UM GETUR Í 10. GR.	99
VII. VIÐAUKI	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR EINU TONNI EÐA MEIRA	103
VIII. VIÐAUKI	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 10 TONNUM EÐA MEIRA	107
IX. VIÐAUKI	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 100 TONNUM EÐA MEIRA	111
X. VIÐAUKI	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 1000 TONNUM EÐA MEIRA	116
XI. VIÐAUKI	ALMENNAR REGLUR UM AÐLÖGUN STÖÐLUÐU PRÓFUNARÁÆTLUNARINNAR SEM SETT ER FRAM Í VII. TIL X. VIÐAUKA	119
XII. VIÐAUKI	ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT EFTIRNOTENDA Á EFNUM OG GERÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLNA	122
XIII. VIÐAUKI	VIÐMIÐANIR FYRIR TILGREININGU EFNA, SEM ERU ÞRÁVIRK, SAFNAST UPP Í LÍFVERUM OG ERU EITRUÐ, OG TILGREININGU EFNA SEM ERU MJÖG ÞRÁVIRK OG SAFNAST UPP Í LÍFVERUM Í MIKLUM MÆLI	122
XIV. VIÐAUKI	SKRÁ YFIR EFNI SEM ERU LEYFISSKYLD	125
XV. VIÐAUKI	MÁLSSKJÖL	126
XVI. VIÐAUKI	FÉLAGSHAGFRÆÐILEG GREINING	128
XVII. VIÐAUKI	TAKMARKANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMLEIÐSLU, SETNINGU Á MARKAÐ OG NOTKUN TILTEKINNA HÆTTULEGRA EFNA, EFNABLANDNA OG HLUTA	129

I. VIÐAUKI

ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT Á EFNUM OG GERÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLNA

0. INNGANGUR

0.1. Markmiðið með þessum viðauka er að setja fram hvernig framleiðendum og innflytjendum ber að meta og staðfesta að allri áhættu, sem tengist efnum sem þeir framleiða eða flytja inn, sé haldið nægilega í skefjum við framleiðsluna og í þeirra eigin notkun og að aðrir, sem eru neðar í aðfangakeðjunni, geti haldið áhættunni nægilega í skefjum. Viðaukinn gildir einnig, að breyttu breytanda, um framleiðendur og innflytjendur hluta sem er skylt að vinna efnaöryggismat í tengslum við skráningu.

0.2. Einn eða fleiri þar til bærir aðilar, sem búa yfir viðeigandi reynslu og hafa hlotið viðeigandi þjálfun, þ.m.t. upprifjunarþjálfun, skulu vinna efnaöryggismatið.

0.3. Í efnaöryggismati framleiðanda skal fjallað um framleiðslu efnis og alla tilgreinda notkun. Í efnaöryggismati innflytjanda skal fjallað um alla tilgreinda notkun. Í efnaöryggismatinu skal tekið tillit til notkunar efnisins, sem er notað eitt sér (þ.m.t. öll helstu óhreinindi og íblöndunarefni), notkunar þess í efnablöndum og notkunar þess í hlutum, í samræmi við tilgreindu notkunina. Við matið skal taka til allra vistferilskeiða efnisins sem leiðir af framleiðslu þess og tilgreindri notkun. Efnaöryggismatið skal grundvallast á samanburði á hugsanlegum, skaðlegum áhrifum viðkomandi efnis og þekktra eða tiltölulega fyrirsjáanlegra váhrifa þess á menn og/eða umhverfið og skal þar tekið tillit til gerðra sem og ráðlagðra ráðstafana við áhættustjórnun og til notkunarskilyrða.

0.4. Efni, sem vænta má að hafi sambærilega eðlisefnafræðilega, eiturefnafræðilega og visteiturefnafræðilega eiginleika eða fylgi reglubundnu mynstri vegna þess að þau eru lík að byggingu, má líta á sem hóp eða „flokk“ efna. Ef framleiðandi eða innflytjandi telur að efnaöryggismat á tilteknu efni nægi til að meta og skjalfesta að allri áhættu, sem tengist öðru efni eða hópi eða „flokki“ efna, sé haldið nægilega í skefjum getur hann notað fyrrgreint efnaöryggismat fyrir hitt efnið eða hóp eða „flokk“ efna. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal leggja fram rökstuðning þar að lútandi.

0.5. Efnaöryggismatið skal byggjast á upplýsingum um efnið, sem eru í tæknilegu málsskjölunum, og öðrum fyrirliggjandi upplýsingum sem málið varða. Framleiðendur eða innflytjendur, sem leggja fram tillögur að prófunum í samræmi við IX. og X. viðauka, skulu skrá það í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni. Fyrirliggjandi upplýsingar úr öðru mati, sem fer fram samkvæmt öðrum alþjóðlegum og innlendum áætlunum, skulu fylgja. Ef mat, sem fer fram samkvæmt lögum Bandalagsins (t.d. áhættumat sem er unnið samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 793/93), liggur fyrir og á við skal taka mið af því við gerð efnaöryggisskýrslunnar. Rökstyðja skal frávik frá slíku mati.

Upplýsingarnar, sem taka skal mið af, varða hættur sem stafa af efninu, váhrif vegna framleiðslu eða innflutnings, tilgreinda notkun efnisins, notkunarskilyrði og ráðstafanir við áhættustjórnun sem gerðar eru eða mælt er með við eftirnotendur.

Í samræmi við 3. lið í XI. viðauka er í sumum tilvikum e.t.v. ekki nauðsynlegt að afla þeirra upplýsinga sem skortir þar eð ráðstafanir við áhættustjórnun og notkunarskilyrði, sem eru nauðsynleg til að stjórna vel skilgreindri áhættu, geta einnig verið fullnægjandi til að stjórna öðrum hugsanlegum áhættum sem þarf því ekki að skilgreina nákvæmlega.

Ef framleiðandinn eða innflytjandinn telur að frekari upplýsinga sé þörf við gerð efnaöryggisskýrslu sinnar og að einungis sé unnt að afla þessara upplýsinga með því að gera prófanir í samræmi við IX. eða X. viðauka skal hann leggja fram tillögu að prófunaráætlun þar sem hann útskýrir hvers vegna hann telur að þessar upplýsingar séu nauðsynlegar og skal hann skrá það í viðeigandi lið efnaöryggisskýrslunnar. Meðan hann bíður niðurstaðna úr frekari prófunum skal hann skrá í efnaöryggisskýrsluna og hafa með í uppsettri váhrifasviðsmynd þær bráðabirgðaráðstafanir við áhættustjórnun sem hann hefur þegar gert ásamt þeim sem hann mælir með við eftirnotendur í þeim tilgangi að hafa stjórn á áhættunni sem er verið að kanna.

0.6. Í efnaöryggismati, sem framleiðandi eða innflytjandi vinnur um tiltekið efni, skulu vera eftirfarandi þrep í samræmi við viðkomandi liði í þessum viðauka:

1. Mat á hættu fyrir heilbrigði manna.

2. Mat á hættu fyrir heilbrigði manna af völdum eðlisefnafræðilegra eiginleika.

3. Mat á hættu fyrir umhverfið.

4. Mat á PBT-eiginleikum (þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrifum) og mat á vPvB-eiginleikum (mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun í lífverum).

Ef framleiðandi eða innflytjandi kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli 1. til 4. þreps, að efni eða efnablanda uppfylli viðmiðanir fyrir flokkun sem hættulegt efni eða efnablanda í samræmi við tilskipun 67/548/EBE eða tilskipun 1999/45/EB eða teljist vera PBT-efni eða vPvB-efni, skal einnig taka mið af eftirfarandi þrepum við efnaöryggismatið:

5. Mat á váhrifum (Exposure Assessment)

5.1. Uppsetning á váhrifasviðsmynd (exposure scenario) eða -myndum eða uppsetning flokka fyrir tilgreinda notkun og váhrifaflokka, ef við á.

5.2. Reiknuð váhrif (Exposure estimation)

6. Áhættulýsing

Samantekt á öllum viðeigandi upplýsingum sem hafa verið notaðar til að fjalla um framangreinda liði skal sett fram í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni (7. lið).

0.7. Helsti þáttur þess hluta efnaöryggisskýrslunnar, er varðar váhrif, er lýsing á þeirri váhrifasviðsmynd eða -myndum, sem beitt er fyrir framleiðslu framleiðandans og fyrir eigin notkun framleiðanda eða innflytjanda, og þeim váhrifasviðsmyndum sem framleiðandi eða innflytjandi mælir með fyrir tilgreinda notkun.

Váhrifasviðsmynd er lýsing á því hvernig efnið er framleitt eða notað á vistferlinum og hvernig framleiðandinn eða innflytjandinn heldur í skefjum, eða ráðleggur eftirnotendum að halda í skefjum, váhrifum sem menn og umhverfi verða fyrir. Hún felur í sér lýsingu á þeim notkunarskilyrðum og ráðstöfunum við áhættustjórnun sem framleiðandi eða innflytjandi hefur gert eða mælir með að eftirnotendur geri.

Ef efnið er sett á markað skal viðkomandi váhrifasviðsmynd eða -myndir, þ.m.t. ráðstafanir við áhættustjórnun og notkunarskilyrði, koma fram í viðauka við öryggisblaðið í samræmi við II. viðauka.

0.8. Sú nákvæmni, sem krafist er í lýsingu á váhrifasviðsmynd, er mjög mismunandi í hverju tilviki fyrir sig og er hún háð notkun efnis, hættulegum eiginleikum þess og magni upplýsinga sem framleiðandinn eða innflytjandinn hefur aðgang að. Með váhrifasviðsmyndum er unnt að lýsa viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun fyrir ýmis mismunandi vinnsluferli eða margs konar notkun efnis. Váhrifasviðsmyndir geta því tekið til margs konar vinnsluferla eða notkunar. Vísa má til váhrifasviðsmynda, sem taka til margs konar vinnsluferla eða notkunar, sem váhrifaflokka. Frekari vísanir til váhrifasviðsmynda í þessum viðauka og II. viðauka taka einnig til váhrifaflokka, ef þeir eru fyrir hendi.

0.9. Þegar upplýsinga er ekki krafist í samræmi við XI. viðauka skal það koma fram í viðeigandi lið efnaöryggisskýrslunnar og skal vera vísun í rökstuðning þar að lútandi í tæknilegu málsskjölunum. Einnig skal koma fram á öryggisblaðinu ef engra upplýsinga er krafist.

0.10. Í tengslum við tiltekin áhrif, s.s. ósoneyðingu, ljósefnafræðilegan ósonmyndunarmátt, sterka lykt og bragðmengun, þar sem ekki er unnt að nota aðferðirnar sem tilgreindar eru í 1.-6. lið, skal meta áhættuna sem tengist fyrrgreindum áhrifum í hverju tilviki fyrir sig og skal framleiðandi eða innflytjandi láta fylgja ítarlega lýsingu og rökstuðning fyrir slíku mati í efnaöryggisskýrslunni ásamt samantekt á öryggisblaðinu.

0.11. Þegar metin er áhætta af notkun eins eða fleiri efna sem eru hluti sérstakrar efnablöndu (s.s. málmblöndu) skal taka tillit til þess hvernig efnisþættirnir tengjast í efniviðnum.

0.12. Ef aðferðirnar, sem lýst er í þessum viðauka, eiga ekki við skal gefa nákvæma lýsingu á öðrum aðferðum, sem eru notaðar, og leggja fram rökstuðning fyrir notkuninni í efnaöryggisskýrslunni.

0.13. Í A-hluta efnaöryggisskýrslunnar skal vera yfirlýsing um að framleiðandi eða innflytjandi hafi gert þær ráðstafanir við áhættustjórnun, sem er lýst í viðeigandi váhrifasviðsmyndum fyrir eigin notkun framleiðanda eða innflytjanda, og að dreifingaraðilar og eftirnotendur fái upplýsingar um váhrifasviðsmyndirnar fyrir tilgreinda notkun á öryggisblöðunum.

1. MAT Á HÆTTU FYRIR HEILBRIGÐI MANNA

1.0. **Inngangur**

1.0.1. Markmiðið með mati á hættu fyrir heilbrigði manna skal vera:

– að ákvarða flokkun og merkingu efnis í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og

– að ákvarða þau gildi fyrir váhrif á menn af völdum efnisins sem ekki skal farið yfir. Þessi váhrifagildi eru þekkt sem DNEL-gildi (gildi fyrir afleidd áhrifaleysismörk).

1.0.2. Mat á hættu fyrir heilbrigði manna skal taka til þátta er varða eiturefnaferli (þ.e. upptöku, efnaskipti, dreifingu og útskilnað) efnisins og eftirfarandi flokka áhrifa: 1) bráðra áhrifa (bráð eiturhrif, erting og æting), 2) næmingar (sensitisation), 3) eiturhrifa við endurtekna skammta og 4) krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og æxlunarskaðandi áhrifa (CMR-áhrif). Á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga skal taka önnur áhrif til athugunar þegar nauðsyn krefur.

1.0.3. Hættumatið skal ná yfir eftirfarandi fjögur þrep:

1. þrep: Mat á upplýsingum úr rannsóknum sem varða ekki menn

2. þrep: Mat á upplýsingum úr rannsóknum sem varða menn

3. þrep: Flokkun og merking

4. þrep: Afleiðsla DNEL-gilda

1.0.4. Fyrstu þrjú þrepin skulu unnin fyrir hver þau áhrif sem upplýsingar liggja fyrir um og skal skrá þau í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni og, ef þess er krafist og í samræmi við 31. gr, skal samantekt vera á öryggisblaðinu í 2. og 11. lið.

1.0.5. Ef engar upplýsingar um áhrif liggja fyrir skal setja setninguna „Upplýsingar skortir“ í viðkomandi lið. Í tæknilegu málsskjölunum skal vera rökstuðningur, þ.m.t. vísun í heimildaleit.

1.0.6. Vinna skal 4. þrepið í mati á hættu fyrir heilbrigði manna með því að samþætta niðurstöður úr fyrstu þremur þrepunum og skal skrá það í viðkomandi lið í efnaöryggisskýrslunni og setja samantekt á því í lið 8.1 á öryggisblaðinu.

1.1. **1. þrep: Mat á upplýsingum úr rannsóknum sem varða ekki menn**

1.1.1. Mat á upplýsingum úr rannsóknum sem varða ekki menn skal ná yfir:

– hættugreiningu á áhrifum sem byggist á öllum fyrirliggjandi upplýsingum sem varða ekki menn,

– ákvörðun á megindlegum tengslum skammtastærðar (styrks) og svörunar (áhrifa).

1.1.2. Ef ekki reynist unnt að ákvarða megindleg tengsl skammtastærðar (styrks) og svörunar (áhrifa) skal rökstyðja það og gera greiningu, sem er að hálfu megindleg, eða eigindlega greiningu. Þegar um bráð áhrif er að ræða er t.d. yfirleitt ekki unnt að ákvarða megindleg tengsl skammtastærðar (styrks) og svörunar (áhrifa) á grundvelli niðurstaðna úr prófun sem er gerð í samræmi við prófunaraðferðirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar eins og tilgreint er í 3. mgr. 13. gr. Í slíkum tilvikum nægir að ákvarða hvort og þá að hve miklu leyti efnið býr yfir eðliseiginleikum sem valda áhrifunum.

1.1.3. Allar upplýsingar úr rannsóknum, sem varða ekki menn og eru notaðar til að meta tiltekin áhrif á menn og til að ákvarða tengsl milli skammts (styrks) og svörunar (áhrifa), skulu settar fram í stuttu máli, í töflu eða töflum ef þess er kostur, þar sem greint er á milli upplýsinga úr rannsóknum í glasi, upplýsinga úr rannsóknum í lífi og annarra upplýsinga. Viðkomandi niðurstöður úr prófun (t.d. LD_{50}, NO(A)EL eða LO(A)EL) og prófunarskilyrði (t.d. tímalengd prófunar, íkomuleið) og aðrar viðkomandi upplýsingar skulu settar fram í alþjóðlega viðurkenndum mælieiningum fyrir viðkomandi áhrif.

1.1.4. Ef ein rannsókn liggur fyrir skal gera ítarlega rannsóknarsamantekt fyrir þá rannsókn. Ef nokkrar rannsóknir taka til sömu áhrifa, að teknu tilliti til mögulegra breytna (t.d. framkvæmdar, hæfni, mikilvægis tiltekinna dýrategunda í prófunum, gæði niðurstaðna o.s.frv.), skal að öllu jöfnu nota þá eða þær rannsóknir sem gefa tilefni til mestra áhyggna til að ákvarða DNEL-gildi og skal gera ítarlega rannsóknarsamantekt fyrir rannsóknina eða rannsóknirnar og skal hún vera hluti af tæknilegu málsskjölunum. Þörf er á ítarlegum samantektum yfir allar helstu heimildir sem notaðar eru í hættumatinu. Ef rannsóknin eða rannsóknirnar, sem gefa tilefni til mestra áhyggna, eru ekki notaðar skal rökstyðja það til fulls í tæknilegu málsskjölunum, ekki einungis að því er varðar þá rannsókn sem er notuð heldur einnig að því er varðar allar þær rannsóknir sem gefa tilefni til meiri áhyggna en rannsóknin sem er notuð. Mikilvægt er að taka tillit til gildis rannsóknarinnar, óháð því hvort hættur hafa verið greindar eða ekki.

1.2. **2. þrep: Mat á upplýsingum úr rannsóknum sem varða menn**

Ef engar upplýsingar liggja fyrir úr rannsóknum sem varða menn skal setja í þennan hluta yfirlýsinguna „Upplýsingar skortir úr rannsóknum sem varða menn“. Ef upplýsingar úr rannsóknum, sem varða menn, liggja hins vegar fyrir skal greina frá þeim, í töfluformi ef kostur er.

1.3. **3. þrep: Flokkun og merking**

1.3.1. Gera skal grein fyrir og rökstyðja viðeigandi flokkun og merkingu sem er í samræmi við viðmiðanirnar í tilskipun 67/548/EBE. Tilgreina skal sértæk styrkleikamörk, þar sem við á, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 67/548/EBE og 4.–7. gr. tilskipunar 1999/45/EB og þau skulu rökstudd ef þau eru ekki skráð í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Í matinu skal ávallt taka fram hvort efnið uppfyllir viðmiðanirnar í tilskipun 67/548/EBE fyrir efni, sem eru krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða æxlunarskaðvaldar (CMR-efni) í 1. og 2. flokki.

1.3.2. Ef upplýsingarnar eru ófullnægjandi til að ákvarða hvort flokka skuli efni með tilliti til tiltekins endapunkts skal skráningaraðilinn tilgreina og rökstyðja þær aðgerðir, sem hann hefur gripið til, eða ákvarðanir sem hann hefur tekið vegna þessa.

1.4. **4. þrep: Ákvörðun á DNEL-gildum (gildum fyrir afleidd áhrifaleysismörk)**

1.4.1. Á grundvelli niðurstaðna úr 1. og 2. þrepi skal ákvarða DNEL-gildi fyrir efnið sem endurspegli líklega váhrifaleið eða -leiðir og tímalengd og tíðni váhrifa. Að því er varðar suma endapunkta, einkum stökkbreytandi og krabbameinsvaldandi áhrif, er e.t.v. ekki unnt að ákvarða viðmiðunarmörk og þar með DNEL-gildi á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga. Ef það er réttlætanlegt á grundvelli váhrifasviðsmyndar eða -mynda getur eitt DNEL-gildi verið nóg. Hins vegar getur verið nauðsynlegt, með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga og váhrifasviðsmyndar eða -mynda í 9. lið efnaöryggisskýrslunnar, að ákvarða mismunandi DNEL-gildi fyrir hvern viðkomandi hóp manna (t.d. starfsmenn, neytendur og þá sem líklegir eru til að verða fyrir óbeinum váhrifum frá umhverfinu) og hugsanlega fyrir tiltekna viðkvæma undirhópa (t.d. börn og þungaðar konur) og fyrir mismunandi váhrifaleiðir. Leggja skal fram fullnægjandi rök þar sem m.a. er greint frá vali á þeim upplýsingum sem notaðar eru, váhrifaleiðina (um munn, húð eða við innöndun) ásamt tímalengd og tíðni váhrifa af völdum efnisins sem DNEL-gildið á við um. Ef líklegt er að váhrifaleiðir séu fleiri en ein skal annars vegar ákvarða DNEL-gildi fyrir hverja váhrifaleið og hins vegar fyrir samanlögð váhrif fyrir allar váhrifaleiðir. Þegar DNEL-gildi er ákvarðað skal m.a. taka mið af:

a) þeirri óvissu sem meðal annarra þátta stafar af breytilegum tilraunagögnum og fjölbreytni innan og milli dýrategunda,

b) eðli og alvarleika áhrifanna,

c) næmni (undir)hópa manna sem megindlegar og/eða eigindlegar upplýsingar um váhrif eiga við um.

1.4.2. Ef ekki er gerlegt að ákvarða DNEL-gildi skal það tekið skilmerkilega fram og skýrt með fullgildum rökum.

2. EÐLISEFNAFRÆÐILEGT HÆTTUMAT

2.1. Markmiðið með hættumati í tengslum við eðlisefnafræðilega eiginleika skal vera að ákvarða flokkun og merkingu efnis í samræmi við tilskipun 67/548/EBE.

2.2. Meta skal möguleg áhrif á heilbrigði manna að því er varðar a.m.k. eftirfarandi eðlisefnafræðilega eiginleika:

– sprengifimi,

– eldfimi,

– eldnærandi eiginleika.

Ef upplýsingarnar eru ófullnægjandi til að ákvarða hvort flokka skuli efni með tilliti til tiltekins endapunkts skal skráningaraðilinn tilgreina og rökstyðja þær aðgerðir, sem hann hefur gripið til, eða ákvarðanir sem hann hefur tekið vegna þessa.

2.3. Gera skal grein fyrir matinu á hverjum áhrifum um sig í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni (7. liður) og, ef þess er krafist og í samræmi við 31. gr., skal samantekt vera í 2. og 9. lið á öryggisblaðinu.

2.4. Matið skal fela í sér, að því er varðar hvern eðlisefnafræðilegan eiginleika, mat á eðliseiginleikum efnisins sem valda áhrifunum sem leiða af framleiðslu þess og tilgreindri notkun.

2.5. Gera skal grein fyrir og rökstyðja viðeigandi flokkun og merkingu sem er í samræmi við viðmiðanirnar í tilskipun 67/548/EBE.

3. MAT Á HÆTTU FYRIR UMHVERFIÐ

3.0. **Inngangur**

3.0.1. Markmiðið með mati á hættu fyrir umhverfið skal vera að fastsetja flokkun og merkingu efnis í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og að ákvarða þann styrkleika efnis sem vænta má að hafi ekki skaðleg áhrif í viðkomandi visthvolfi (environmental sphere). Þessi styrkur nefnist styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PNEC: predicted no-effect concentration).

3.0.2. Í mati á hættu fyrir umhverfið skal vega og meta hugsanleg áhrif á umhverfið, sem skiptist í 1) vatnsrænt umhverfishólf, þ.m.t. set, 2) jarðrænt umhverfishólf og 3) loftrænt umhverfishólf, þ.m.t. hugsanleg áhrif sem geta orðið 4) við uppsöfnun í fæðukeðju. Að auki skal vega og meta hugsanleg áhrif á 5) örverufræðilega virkni skólphreinsikerfa. Gera skal grein fyrir matinu á áhrifum hvers þessara fimm visthvolfa í viðkomandi lið efnaöryggisskýrslunnar (7. liður) og, ef þess er krafist og í samræmi við ákvæði 31. gr., skal samantekt vera á öryggisblaðinu í 2. og 12. lið.

3.0.3. Ef engar upplýsingar um áhrif á visthvolfin liggja fyrir skal setja setninguna „Upplýsingar skortir“ fyrir hvert hvolfanna í viðkomandi lið í efnaöryggisskýrslunni. Í tæknilegu málsskjölunum skal vera rökstuðningur, þ.m.t. vísun í heimildaleit. Að því er varðar visthvolf, sem upplýsingar liggja fyrir um en þar sem framleiðandi eða innflytjandi telur að ekki sé nauðsynlegt að framkvæma hættumat, skal framleiðandinn eða innflytjandinn setja fram rökstuðning, með tilvísun í viðeigandi upplýsingar, í viðkomandi lið í efnaöryggisskýrslunni (7. liður) og, ef þess er krafist og í samræmi við 31. gr., samantekt í 12. lið á öryggisblaðinu.

3.0.4. Hættumatið skal ná yfir eftirfarandi þrjú þrep og þau skulu tilgreind á skýran hátt í efnaöryggisskýrslunni.

1. þrep: Mat á upplýsingum

2. þrep: Flokkun og merking

3. þrep: Afleiðsla PNEC-gildis

3.1. 1. þrep: Mat á upplýsingum

3.1.1. Mat á öllum fyrirliggjandi upplýsingum skal ná yfir:

– hættugreiningu sem byggist á öllum fyrirliggjandi upplýsingum,

– ákvörðun á megindlegum tengslum skammtastærðar (styrks) og svörunar (áhrifa).

3.1.2. Ef ekki reynist unnt að ákvarða megindleg tengsl skammtastærðar (styrks) og svörunar (áhrifa) skal rökstyðja það og gera greiningu, sem er að hálfu megindleg, eða eigindlega greiningu.

3.1.3. Allar upplýsingar, sem notaðar eru til að meta áhrifin á tiltekin visthvolf, skulu tilgreindar í stuttu máli, í töfluformi ef þess er kostur. Viðkomandi niðurstöður úr prófun (t.d. LC_{50}-gildi (gildi fyrir miðbanastyrk) eða NOEC-gildi (gildi fyrir styrk sem hefur engin merkjanleg áhrif)) og prófunarskilyrði (t.d. lengd prófunar, íkomuleið) og aðrar viðkomandi upplýsingar skulu settar fram í alþjóðlega viðurkenndum mælieiningum fyrir viðkomandi áhrif.

3.1.4. Allar upplýsingar, sem notaðar eru til að meta afdrif efnisins í umhverfinu, skulu tilgreindar í stuttu máli, í töfluformi ef þess er kostur. Viðkomandi niðurstöður úr prófun, prófunarskilyrði og aðrar viðkomandi upplýsingar skulu settar fram í alþjóðlega viðurkenndum mælieiningum fyrir viðkomandi áhrif.

3.1.5. Ef ein rannsókn liggur fyrir skal gera ítarlega rannsóknarsamantekt fyrir þá rannsókn. Ef tvær eða fleiri rannsóknir taka til sömu áhrifa skal draga ályktanir á grundvelli þeirrar rannsóknar eða þeirra rannsókna, sem gefa tilefni til mestra áhyggna, gera skal ítarlega rannsóknarsamantekt fyrir rannsóknina eða rannsóknirnar og skal hún höfð með í tæknilegu málsskjölunum. Þörf er á ítarlegum samantektum yfir öll lykilgögn sem notuð eru í hættumatinu. Ef rannsóknin eða rannsóknirnar, sem gefa tilefni til mestra áhyggna, eru ekki notaðar skal rökstyðja það til fulls í tæknilegu málsskjölunum, ekki einungis að því er varðar þá rannsókn sem er notuð heldur einnig að því er varðar allar þær rannsóknir sem gefa tilefni til meiri áhyggna en rannsóknin sem er notuð. Að því er varðar efni þar sem engin fyrirliggjandi rannsókn bendir til hættu skal fara fram heildarmat á gildi allra rannsókna.

3.2. **2. þrep: Flokkun og merking**

3.2.1. Gera skal grein fyrir og rökstyðja viðeigandi flokkun og merkingu sem er í samræmi við viðmiðanirnar í tilskipun 67/548/EBE. Tilgreina skal sértæk styrkleikamörk, þar sem við á, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 67/548/EBE og 4.–7. gr. tilskipunar 1999/45/EB, og þau skulu rökstudd ef þau eru ekki skráð í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.

3.2.2. Ef upplýsingarnar eru ófullnægjandi til að ákvarða hvort flokka skuli efni með tilliti til tiltekins endapunkts skal skráningaraðilinn tilgreina og rökstyðja þær aðgerðir, sem hann hefur gripið til, eða ákvarðanir sem hann hefur tekið vegna þessa.

3.3. **3. þrep: Ákvörðun á PNEC-gildum (gildum fyrir styrk þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg)**

3.3.1. Ákvarða skal PNEC-gildi á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um hvert visthvolf. Reikna má PNEC-gildin með því að nota viðeigandi matsstuðul fyrir áhrifagildin (t.d. LC_{50}-gildi eða NOEC-gildi). Matsstuðull segir til um muninn á áhrifagildunum, sem fást fyrir takmarkaðan fjölda dýrategunda í prófunum á rannsóknarstofu, og PNEC-gildunum fyrir visthvolfið ([1]).

3.3.2. Ef ekki er gerlegt að ákvarða PNEC-gildi skal það tekið skilmerkilega fram og skýrt með fullgildum rökum.

4. MAT Á PBT-EIGINLEIKUM (þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrifum) og vPvB-EIGINLEIKUM (mikilli þrávirkni og uppsöfnun í lífverum

4.0. **Inngangur**

4.0.1. Markmiðið með mati á PBT- og vPvB-eiginleikum er að ákvarða hvort efnið uppfylli viðmiðanirnar í XIII. viðauka og, ef svo er, að lýsa mögulegri losun efnisins. Hvorki er unnt að framkvæma hættumat, í samræmi við 1. og 3. lið þessa viðauka sem tekur til allra langtímaáhrifa, né mat á langtímaváhrifum á menn og umhverfið, í samræmi við 2. þrep (Reiknuð váhrif) í 5. lið (Mat á váhrifum), með nægilega áreiðanlegum hætti að því er varðar efni sem uppfylla PBT- og vPvB-viðmiðanirnar í XIII. viðauka. Því er þörf á sérstöku mati á PBT- og vPvB-eiginleikum.

4.0.2. Mat á PBT- og vPvB-eiginleikum skal ná yfir eftirfarandi tvö þrep sem skulu tilgreind á skýran hátt í 8. lið B-hluta í efnaöryggisskýrslunni:

1. þrep: Samanburður við viðmiðanirnar

2. þrep: Lýsing á losun

Einnig skal setja samantekt um matið í 12. lið á öryggisblaðinu.

4.1. **1. þrep: Samanburður við viðmiðanirnar**

Þessi hluti af matinu á PBT- og vPvB-eiginleikum skal fela í sér samanburð fyrirliggjandi upplýsinga, sem lagðar eru fram sem hluti af tæknilegu málsskjölunum, við viðmiðanirnar í XIII. viðauka og yfirlýsingu um hvort efnið uppfylli viðmiðanirnar.

Ef fyrirliggjandi upplýsingar eru ekki fullnægjandi til að ákvarða hvort efnið uppfylli viðmiðanirnar í XIII. viðauka skal taka mið af öðrum vísbendingum í hverju tilviki fyrir sig, s.s. vöktunargögnum sem eru aðgengileg skráningaraðilanum og gefa tilefni til jafnmikilla áhyggna.

([1]) Almennt gildir að því umfangsmeiri sem gögnin eru og því lengur sem tilraunir standa yfir þeim mun minni verður óvissan svo og matsstuðullinn. Ef matsstuðullinn er 1000 er hann að jafnaði notaður fyrir hið lægsta af þremur gildum fyrir $L(E)C_{50}$ (miðgildisáhrif/miðgildisbanastyrk) sem fást í skammtímarannsóknum á dýrategundum á mismunandi fæðuþrepum og stuðullinn 10 er notaður fyrir hið lægsta af þremur gildum fyrir NOEC (styrk sem hefur engin merkjanleg áhrif) sem fást í langtímarannsóknum á dýrategundum á mismunandi fæðuþrepum.

Ef tæknilegu málsskjölin fyrir einn eða fleiri endapunkta innihalda einungis upplýsingarnar sem krafist er í VII. og VIII. viðauka skal skráningaraðilinn taka mið af upplýsingum sem varða skimun eftir P-, B- og T-eiginleikum (þrávirkni (P), uppsöfnun í lífverum (B) og eiturhrifum (T)) til að ákveða hvort afla þurfi frekari upplýsinga til að ná markmiðinu með mati á PBT- og vPvB-eiginleikum. Ef frekari upplýsinga er þörf og öflun þeirra krefst þess að gerðar séu tilraunir á hryggdýrum skal skráningaraðilinn leggja fram tillögu að prófunaráætlun. Hins vegar er ekki nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga ef skráningaraðilinn gerir eða mælir með fullnægjandi ráðstöfunum við áhættustjórnun og notkunarskilyrðum sem heimila undanþágur skv. 3. lið XI. viðauka frá prófunum sem varða mat á PBT- og vPvB-eiginleikum.

4.2. **2. þrep: Lýsing á losun**

Ef efnið uppfyllir viðmiðanirnar skal taka saman lýsingu á losun sem tekur til viðeigandi hluta matsins á váhrifum sem lýst er í 5. lið. Lýsingin skal einkum fela í sér áætlað magn efnisins, sem er losað út í mismunandi umhverfishólf (environmental compartment) í allri starfsemi framleiðanda eða innflytjanda og við alla tilgreinda notkun, ásamt greiningu á líklegum leiðum váhrifa á menn og umhverfi af völdum efnisins.

5. MAT Á VÁHRIFUM

5.0. **Inngangur**

Markmiðið með mati á váhrifum skal vera megindlegur eða eigindlegur útreikningur á þeim skammti/styrk efnisins sem menn og umhverfið geta orðið fyrir váhrifum af. Við matið skal taka tillit til allra vistferilskeiða efnisins sem fylgja í kjölfarið á framleiðslu þess og tilgreindri notkun og matið skal taka til allra váhrifa sem geta tengst hættunum sem eru tilgreindar í 1 til 4. lið. Matið á váhrifum skal taka til beggja eftirfarandi þrepa og þau skulu tilgreind á skýran hátt í efnaöryggisskýrslunni:

1. þrep: Uppsetning á váhrifasviðsmynd eða -myndum eða uppsetning flokka fyrir tilgreinda notkun eða váhrifaflokka.

2. þrep: Reiknuð váhrif.

Ef þess er krafist skal einnig tilgreina váhrifasviðsmyndina í viðauka við öryggisblaðið í samræmi við 31. gr.

5.1. **1. þrep: Uppsetning váhrifasviðsmynda**

5.1.1. Setja skal upp váhrifasviðsmyndir eins og lýst er í liðum 0.7 og 0.8. Váhrifasviðsmyndir eru grunnurinn að efnaöryggismatsferlinu. Efnaöryggismatsferlið getur verið ítrekunarferli. Fyrsta matið byggist á þeim lágmarksupplýsingum, sem krafist er, og öllum fyrirliggjandi upplýsingum um hættu ásamt útreikningi á váhrifum sem samsvarar fyrstu ályktunum um notkunarskilyrði og ráðstöfunum við áhættustjórnun (fyrsta váhrifasviðsmynd). Ef fyrstu ályktanir leiða til áhættulýsingar sem gefur til kynna að áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið sé ekki haldið í skefjum á fullnægjandi hátt er nauðsynlegt að hefja ítrunarferli þar sem einum eða fleiri þáttum í mati á hættu eða váhrifum er breytt uns unnt er að sýna fram á fullnægjandi áhættustjórnun. Umbætur á hættumati geta útheimt að aflað sé frekari upplýsinga um hættu. Umbætur á mati á váhrifum geta falið í sér viðeigandi breytingu á notkunarskilyrðum eða ráðstöfunum við áhættustjórnun í váhrifasviðsmyndinni eða nákvæmari útreikning á váhrifum. Greina skal frá váhrifasviðsmyndinni, sem er afrakstur af lokaítruninni (endanleg váhrifasviðsmynd), í efnaöryggisskýrslunni og skal hún fylgja öryggisblaðinu í samræmi við 31. gr.

Greina skal frá endanlegu váhrifasviðsmyndinni í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni og hún höfð með í viðauka við öryggisblaðið með viðeigandi stuttum titli þar sem gefin er stutt, almenn lýsing á notkun, sbr. lið 3.5 í VI. viðauka. Váhrifasviðsmyndir skulu taka til allra framleiðenda í Bandalaginu og allrar tilgreindrar notkunar.

Váhrifasviðsmynd felur einkum í sér, ef við á, lýsingu á eftirfarandi:

Notkunarskilyrði

– vinnsluferli sem koma við sögu, þ.m.t. eðlisástand efnisins við framleiðslu, vinnslu og/eða notkun,

– atferli starfsmanna, sem tengist vinnsluferlinu, og tímalengd og tíðni váhrifa sem þeir verða fyrir af völdum efnisins,

– atferli neytenda og tímalengd og tíðni váhrifa sem þeir verða fyrir af völdum efnisins,

– tímalengd og tíðni losunar efnisins í mismunandi umhverfishólf og skólphreinsikerfi og þynning í viðtökuhólfinu.

Ráðstafanir við áhættustjórnun

– ráðstafanir við áhættustjórnun til að draga úr eða koma í veg fyrir bein og óbein váhrif á menn (þ.m.t. starfsmenn og neytendur) og á mismunandi umhverfishólf af völdum efnisins,

– ráðstafanir í tengslum við meðhöndlun úrgangs til að draga úr eða koma í veg fyrir váhrif á menn og umhverfið af völdum efnisins við förgun og/eða endurvinnslu úrgangs.

5.1.2. Þegar framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi sækir um leyfi fyrir sérstakri notkun þarf einungis að setja upp váhrifasviðsmyndir fyrir þá notkun og síðari vistferliskeið.

5.2. **2. þrep: Reiknuð váhrif**

5.2.1. Váhrifin skulu reiknuð fyrir hverja uppsetta váhrifasviðsmynd og skal lýsa þeim í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni og samantekt skal, ef þess er krafist og í samræmi við 31. gr., vera í viðauka við öryggisblaðið. Útreikningur á váhrifum skal taka til þriggja þátta: 1) útreiknings á losun, 2) mats á afdrifum efna, útbreiðslu og dreifingarleiðum og 3) mats á umfangi váhrifa.

5.2.2. Við útreikning á losun skal vega og meta losun á öllum viðkomandi vistferilskeiðum efnisins, sem fylgja í kjölfarið á framleiðslu þess, og öllum liðum í tilgreindu notkuninni. Vistferilskeiðin, sem fylgja í kjölfar framleiðslu efnisins, taka, eftir því sem við á, til úrgangsskeiðsins. Vistferilskeiðin, sem fylgja i kjölfarið á tilgreindu notkuninni, skulu, eftir því sem við á, taka til endingartíma hluta og úrgangsskeiðsins. Við útreikning á losun skal gengið út frá því að gerðar hafi verið þær ráðstafanir við áhættustjórnun, sem lýst er í váhrifasviðsmyndinni, og að þau notkunarskilyrði séu fyrir hendi sem þar er lýst.

5.2.3. Taka skal saman lýsingu á hugsanlegu niðurbroti, ummyndun eða efnahvörfum og reikna dreifingu og afdrif í umhverfinu.

5.2.4. Reikna skal umfang váhrifa fyrir alla þjóðfélagshópa (starfsmenn, neytendur og þá sem líklegir eru til að verða fyrir óbeinum váhrifum frá umhverfinu) og öll visthvolf þar sem vitað er að efnið veldur váhrifum eða váhrif eru með nokkurri vissu fyrirsjáanleg. Fjalla skal um allar viðkomandi íkomuleiðir sem geta valdið váhrifum á menn (innöndun, um munn eða húð og samsetningu allra váhrifaleiða og váhrifaupptaka). Við slíkan útreikning skal tekið tillit til breytinga í umhverfi og tíma að því er varðar váhrifamynstrið. Við útreikning á váhrifum skal einkum hafa hliðsjón af:

– nákvæmum, dæmigerðum mæligögnum um váhrif,

– helstu óhreinindum og íblöndunarefnum í efninu,

– magninu sem efnið er framleitt og/eða innflutt í,

– magninu fyrir hverja tilgreinda notkun,

– áhættustjórnun sem er beitt eða mælt með, þ.m.t. umfang aflokunar,

– tímalengd og tíðni váhrifa í samræmi við notkunarskilyrði,

– atferli starfsmanna, sem tengist vinnsluferlinu, og tímalengd og tíðni váhrifa sem þeir verða fyrir af völdum efnisins,

– atferli neytenda og tímalengd og tíðni váhrifa sem þeir verða fyrir af völdum efnisins,

– tímalengd og tíðni losunar efnisins í mismunandi umhverfishólf og þynningu í viðtökuhólfinu,

– eðlisefnafræðilegum eiginleikum efnisins,

– ummyndunar- og/eða niðurbrotsefnum,

– líklegum váhrifaleiðum og möguleika á upptöku hjá mönnum,

– líklegum dreifingarleiðum í umhverfið og útbreiðslu í umhverfinu og niðurbroti og/eða ummyndun (sjá einnig 1. þrep í 3. lið),

– umfangi váhrifa (landfræðilegt),

– losun/flæði efnisins, sem ræðst af efniviðnum.

5.2.5. Ef nákvæm, dæmigerð mæligögn um váhrif liggja fyrir skal taka sérstakt tillit til þeirra þegar mat á váhrifum fer fram. Nota má viðeigandi líkön til þess að reikna umfang váhrifanna. Einnig má taka tillit til vöktunargagna sem skipta máli og varða efni sem eru hliðstæð, að því er varðar notkun og váhrif, eða búa yfir sambærilegum eiginleikum.

6. ÁHÆTTULÝSING

6.1. Áhættulýsing skal gerð fyrir hverja váhrifasviðsmynd og skal gera grein fyrir henni í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni.

6.2. Áhættulýsingin skal taka mið af þjóðfélagshópum (sem verða fyrir váhrifum sem starfsmenn eða sem neytendur eða fyrir óbeinum váhrifum frá umhverfinu og, ef við á, samblandi af þessum váhrifum) og visthvolfum þar sem vitað er að efnið veldur váhrifum eða váhrif eru með nokkurri vissu fyrirsjáanleg, á þeirri forsendu að ráðstafanirnar við áhættustjórnun, sem lýst er í váhrifasviðsmyndunum í 5. lið, hafi verið gerðar. Að auki skal endurskoða heildaráhættu, sem umhverfinu stafar af efninu, með því að samþætta niðurstöður heildarsleppingar, -losunar og -taps frá öllum upptökum til allra umhverfishólfa.

6.3. Áhættulýsingin felur í sér:

– samanburð á váhrifum á hvern þjóðfélagshóp, sem vitað er eða líklegt er að verði fyrir váhrifum, við viðeigandi DNEL-gildi,

– samanburð á áætluðum umhverfisstyrk í hverju visthvolfi við PNEC-gildin og

– mat á líkum og alvarleika atburðar sem verður vegna eðlisefnafræðilegra eiginleika efnisins.

6.4. Fyrir hverja váhrifasviðsmynd skal líta svo á að áhættu, sem stafar af framleiðslu efnisins eða tilgreindri notkun þess, fyrir menn og umhverfið, sé haldið nægilega vel í skefjum allan vistferil efnisins ef:

– umfang váhrifa, sem reiknuð eru í lið 6.2, fara ekki yfir viðeigandi DNEL-gildi, sem ákvörðuð eru í 1. lið, eða PNEC-gildi, sem ákvörðuð eru 1. og 3. lið, og

– líkur og alvarleiki atburðar vegna eðlisefnafræðilegra eiginleika efnisins, sem ákvarðaður er í 2. lið, eru óveruleg.

6.5. Að því er varðar þau áhrif á menn og visthvolf, þar sem ekki var mögulegt að ákvarða DNEL- eða PNEC-gildi, skal fara fram eigindlegt mat á líkunum á því að unnt sé að koma í veg fyrir áhrifin þegar váhrifasviðsmyndinni er beitt.

Þegar um er að ræða efni, sem uppfylla PBT- og vPvB-viðmiðanirnar, skal framleiðandinn eða innflytjandinn nota upplýsingarnar, sem aflað er í 2. þrepi í 5. lið, þegar hann gerir ráðstafanir við áhættustjórnun á athafnasvæði sínu og mælir með slíkum ráðstöfunum við eftirnotendur enda dragi ráðstafanirnar, allan vistferil efnisins sem fylgir framleiðslu þess eða tilgreindri notkun, úr váhrifum og losun sem hefur áhrif á menn og umhverfi.

7. SNIÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLUNNAR

Í efnaöryggisskýrslunni skulu vera eftirfarandi liðir:

SNIÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLUNNAR
A-HLUTI
1. SAMANTEKT UM RÁÐSTAFANIR VIÐ ÁHÆTTUSTJÓRNUN
2. YFIRLÝSING ÞESS EFNIS AÐ GERÐAR HAFI VERIÐ RÁÐSTAFANIR VIÐ ÁHÆTTUSTJÓRNUN
3. YFIRLÝSING ÞESS EFNIS AÐ TILKYNNT HAFI VERIÐ UM RÁÐSTAFANIR VIÐ ÁHÆTTUSTJÓRNUN
B-HLUTI
1. AUÐKENNI EFNISINS OG EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR ÞESS
2. FRAMLEIÐSLA OG NOTKUN
2.1. Framleiðsla
2.2. Tilgreind notkun
2.3. Notkun sem ráðið er frá
3. FLOKKUN OG MERKING
4. EIGINLEIKAR SEM VARÐA AFDRIF EFNISINS Í UMHVERFINU
4.1. Niðurbrot
4.2. Dreifing í umhverfinu
4.3. Uppsöfnun í lífverum
4.4. Fylgieitrun
5. MAT Á HÆTTU FYRIR HEILBRIGÐI MANNA
5.1. Eiturefnaferli (upptaka, efnaskipti, dreifing og losun)
5.2. Bráð eiturhrif
5.3. Ertandi áhrif
5.3.1. Húð
5.3.2. Augu
5.3.3. Öndunarvegur
5.4. Ætandi áhrif
5.5. Næming
5.5.1. Húð
5.5.2. Öndunarfæri
5.6. Eiturhrif við endurtekna skammta
5.7. Stökkbreytandi áhrif
5.8. Krabbameinsvaldandi áhrif
5.9. Skaðleg áhrif á æxlun
5.9.1. Áhrif á frjósemi
5.9.2. Skaðleg áhrif á þroskun
5.10. Önnur áhrif
5.11. Afleiðsla DNEL-gildis eða -gilda

SNIÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLUNNAR

6. MAT Á HÆTTU FYRIR HEILBRIGÐI MANNA AF VÖLDUM EÐLISEFNAFRÆÐILEGRA EIGINLEIKA
   - 6.1. Sprengifimi
   - 6.2. Eldfimi
   - 6.3. Eldnærandi eiginleikar
7. MAT Á HÆTTU FYRIR UMHVERFIÐ
   - 7.1. Vatnsrænt umhverfishólf (þ.m.t. set)
   - 7.2. Landrænt umhverfishólf
   - 7.3. Loftrænt umhverfishólf
   - 7.4. Örverufræðileg virkni í skólphreinsikerfum
8. MAT Á PBT- OG vPvB-EIGINLEIKUM
9. MAT Á VÁHRIFUM
   - 9.1. (Heiti á 1. váhrifasviðsmynd)
     - 9.1.1. Váhrifasviðsmynd
     - 9.1.2. Reiknuð váhrif
   - 9.2. (Heiti á 2. váhrifasviðsmynd)
     - 9.2.1. Váhrifasviðsmynd
     - 9.2.2. Reiknuð váhrif
     - (o.s.frv.)
10. ÁHÆTTULÝSING
    - 10.1. (Heiti á 1. váhrifasviðsmynd)
      - 10.1.1. Heilbrigði manna
        - 10.1.1.1. Starfsmenn
        - 10.1.1.2. Neytendur
        - 10.1.1.3. Óbein váhrif á menn frá umhverfinu
      - 10.1.2. Umhverfi
        - 10.1.2.1. Vatnsrænt umhverfishólf (þ.m.t. set)
        - 10.1.2.2. Landrænt umhverfishólf
        - 10.1.2.3. Loftrænt umhverfishólf
        - 10.1.2.4. Örverufræðileg virkni í skólphreinsikerfum
    - 10.2. (Heiti á 2. váhrifasviðsmynd)
      - 10.2.1. Heilbrigði manna
        - 10.2.1.1. Starfsmenn
        - 10.2.1.2. Neytendur
        - 10.2.1.3. Óbein váhrif á menn frá umhverfinu

SNIÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLUNNAR
10.2.2. Umhverfi
10.2.2.1. Vatnsrænt umhverfishólf (þ.m.t. set)
10.2.2.2. Landrænt umhverfishólf
10.2.2.3. Loftrænt umhverfishólf
10.2.2.4. Örverufræðileg virkni í skólphreinsikerfum
(o.s.frv.)
10.x. Heildarváhrif (samanlögð váhrif vegna hvers kyns upptaka losunar/sleppingar sem skipta máli)
10.x.1. Heilbrigði manna (samanlögð váhrif fyrir allar váhrifaleiðir)
10.x.1.1.
10.x.2. Umhverfi (samanlögð áhrif fyrir öll losunarupptök)
10.x.2.1.

II. VIÐAUKI

LEIÐBEININGAR UM SAMANTEKT ÖRYGGISBLAÐA

Í þessum viðauka eru settar fram kröfur varðandi öryggisblaðið sem er lagt fram fyrir efni eða efnablöndu í samræmi við 31. gr. Með öryggisblaðinu er komið á aðferð við að senda viðeigandi öryggisupplýsingar um flokkuð efni og efnablöndur, þ.m.t. upplýsingar úr viðkomandi efnaöryggisskýrslu eða -skýrslum, niður eftir aðfangakeðjunni til næsta eftirnotanda eða eftirnotenda. Upplýsingarnar, sem koma fram á öryggisblaðinu, skulu vera í samræmi við upplýsingarnar í efnaöryggisskýrslunni sé hennar krafist. Ef efnaöryggisskýrsla hefur verið tekin saman skal tilgreina viðeigandi váhrifasviðsmynd eða -myndir í viðauka við öryggisblaðið þannig að auðveldara sé að vísa til þeirra í viðeigandi liðum á öryggisblaðinu.

Markmiðið með þessum viðauka er að tryggja samræmi og nákvæmni í efni allra lögboðinna liða, sem eru tilgreindir í 31. gr., þannig að öryggisblöðin, sem unnin eru samkvæmt þeim, geri notendum þeirra kleift að grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem lúta að heilsu- og öryggisvernd á vinnustöðum og umhverfisvernd.

Upplýsingarnar á öryggisblöðum skulu einnig standast kröfurnar, sem eru settar fram í tilskipun 98/24/EB, um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað. Einkum skulu öryggisblöðin gera vinnuveitanda kleift að ákvarða hvort einhverjir hættulegir, efnafræðilegir áhrifavaldar séu á vinnustaðnum og meta áhættu fyrir heilsu og öryggi starfsmanna sem tengist notkun þeirra.

Upplýsingarnar á öryggisblaðinu skulu ritaðar á skýran og gagnorðan hátt. Þar til bær aðili skal útbúa öryggisblaðið og skal hann taka tillit til sérstakra þarfa notenda þess, eftir því sem vitað er um þær. Aðilar, sem setja efni og efnablöndur á markað, skulu sjá til þess að þar til bærir aðilar hafi fengið viðeigandi þjálfun, þ.m.t. upprifjunarþjálfun.

Að því er varðar efnablöndur, sem eru ekki flokkaðar sem hættulegar en þar sem öryggisblaðs er krafist í samræmi við 31. gr., skal veita viðeigandi upplýsingar í hverjum lið.

Í sumum tilvikum kann að vera þörf á viðbótarupplýsingum í ljósi fjölbreytilegra eiginleika efnanna og efnablandnanna. Ef í ljós kemur að upplýsingar um tiltekna eiginleika þjóna engum tilgangi eða ef tæknilega er ógerlegt að afla þeirra skulu ástæður þess koma fram á skýran hátt í hverjum lið. Veita skal upplýsingar um alla hættulega eiginleika. Ef tekið er fram að ekki sé um að ræða sérstaka hættu skal greina skýrt á milli tilvika, þar sem flokkunaraðili hefur upplýsingar ekki tiltækar, og tilvika þar sem neikvæðar prófunarniðurstöður liggja fyrir.

Útgáfudagur öryggisblaðsins skal vera á fyrstu síðu. Þegar lokið hefur verið við að endurskoða öryggisblað skal viðtakanda tilkynnt um breytingarnar og það tilgreint sem „Endurskoðun: (dags.)“.

Athugasemd

Einnig er krafist öryggisblaða fyrir sérstök efni og efnablöndur (t.d. gegnheila málma, málmblöndur, þjappaðar lofttegundir o.s.frv.), sem tilgreind eru í 8. og 9. kafla í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, þar sem gefnar hafa verið undanþágur að því er varðar merkingar.

1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

1.1. **Auðkenning efnisins eða efnablöndunnar**

Heitið, sem notað er til auðkenningar, skal vera hið sama og það sem ritað er á merkimiðann eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.

Að því er varðar skráningarskyld efni skal heitið vera í samræmi við það sem tilgreint er við skráningu og skal einnig tilgreina skráningarnúmerið sem er úthlutað skv. 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar.

Nota má aðrar tiltækar aðferðir við auðkenningu.

1.2. **Notkun efnisins eða efnablöndunnar**

Tilgreina skal notkun efnisins eða efnablöndunnar, eftir því sem vitað er. Þegar notkunarmöguleikar eru margir þarf aðeins að tilgreina þá mikilvægustu eða algengustu. Þessu skal fylgja stutt lýsing á því til hvers það er notað, t.d. logavarnarefni, þráavarnarefni o.s.frv.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skal öryggisblaðið hafa að geyma upplýsingar um alla tilgreinda notkun sem skiptir máli fyrir viðtakanda öryggisblaðsins. Þessar upplýsingar skulu vera í samræmi við tilgreinda notkun og þær váhrifasviðsmyndir sem eru settar fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

1.3. **Auðkenning félags eða fyrirtækis**

Tilgreina skal aðilann sem ber ábyrgð á að setja efnið eða efnablönduna á markað í Bandalaginu, hvort sem það er framleiðandinn, innflytjandinn eða dreifingaraðilinn. Tilgreina skal fullt heimilisfang og símanúmer þessa aðila auk tölvupóstfangs þar til bærs aðila sem ber ábyrgð á öryggisblaðinu.

Þegar þessi aðili er ekki staðsettur í aðildarríkinu þar sem efnið eða efnablandan er sett á markað skal auk þess tilgreina fullt heimilisfang og símanúmer aðilans sem er ábyrgur í því aðildarríki, ef unnt er.

Að því er varðar skráningaraðila skal sá aðili, sem er tilgreindur, svara til upplýsinganna um framleiðandann eða innflytjandann í skráningarskjölunum.

1.4. **Neyðarsími**

Auk framangreindra upplýsinga skal tilgreina neyðarsímanúmer félagsins og/eða viðkomandi, opinbers ráðgjafaraðila (það kann að vera aðilinn sem er ábyrgur fyrir viðtöku upplýsinga er varða heilsu og sem um getur í 17. gr. tilskipunar 1999/45/EB). Taka skal fram ef einungis er hægt að hringja í þetta símanúmer á skrifstofutíma.

2. HÆTTUGREINING

Hér skal tilgreina flokk efnisins eða efnablöndunnar sem fæst með beitingu flokkunarreglnanna í tilskipun 67/548/EBE eða 1999/45/EB. Tilgreina skal hætturnar, sem mönnum og umhverfinu stafar af efninu eða efnablöndunni, á skýran og gagnorðan hátt.

Greina skal skýrt á milli efnablandna, sem flokkast sem hættulegar, og efnablandna, sem eru ekki flokkaðar sem hættulegar, í samræmi við tilskipun 1999/45/EB.

Lýsa skal helstu skaðlegu eðlisefnafræðilegu áhrifum og einkennum og áhrifum á heilsu manna og umhverfið og einkennum sem tengjast hugsanlegri notkun og misnotkun efnisins eða efnablöndunnar.

Nauðsynlegt getur verið að nefna aðrar hættur, eins og ryksöfnun, víxlnæmingu, hættu á köfnun og kali, mikil áhrif á lykt eða bragð eða umhverfisáhrif, eins og hættu fyrir jarðvegslífverur, ósoneyðingu, ljósefnafræðilegan ósonmyndunarmátt o.s.frv., sem ekki koma fram í flokkuninni en geta átt sinn þátt í þeirri heildarhættu sem stafar af efninu.

Upplýsingarnar á merkimiðanum skal tilgreina í 15. lið.

Flokkun efnisins skal vera í samræmi við flokkunar- og merkingarskrána skv. XI. bálki.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Upplýsingarnar, sem eru veittar, skulu gera viðtakanda auðvelt fyrir að greina þær hættur sem stafa af efnisþáttum efnablöndunnar. Tilgreina skal hættur, sem stafa af efnablöndunni sjálfri, í 2. lið.

3.1. Ekki er nauðsynlegt að veita upplýsingar um nákvæma samsetningu (eðli innihaldsefna og styrk þeirra), þótt almenn lýsing á efnisþáttum og styrk þeirra geti verið gagnleg.

3.2. Fyrir efnablöndu, sem er flokkuð sem hættuleg í samræmi við tilskipun 1999/45/EB, skulu eftirfarandi efni þó tilgreind, auk upplýsinga um styrk eða styrkleikasvið þeirra í efnablöndunni:

a) efni, sem eru hættuleg heilsu manna eða umhverfinu í skilningi tilskipunar 67/548/EBE, ef styrkleiki þeirra er jafn eða meiri en:

– minnstu styrkleikar sem eru tilgreindir í töflunni í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/45/EB,

– lægstu styrkleikamörk sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE,

– lægstu styrkleikamörk sem eru tilgreind í B-hluta II. viðauka við tilskipun 1999/45/EB,

– lægstu styrkleikamörk sem eru tilgreind í B-hluta III. viðauka við tilskipun 1999/45/EB,

– lægstu styrkleikamörk sem eru tilgreind í V. viðauka við tilskipun 1999/45/EB, eða

– lægstu styrkleikamörk sem eru tilgreind í samþykktri færslu í flokkunar- og merkingarskránni sem sett er fram í XI. bálki í þessari reglugerð,

b) efni, sem falla undir viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir váhrif á vinnustöðum og falla ekki þegar undir a-lið,

c) efni, sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð eða eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanirnar, sem eru settar fram í XIII. viðauka, ef styrkur hvers efnis er jafn eða meiri en 0,1%.

3.3. Fyrir efnablöndu, sem er ekki flokkuð sem hættuleg í samræmi við tilskipun 1999/45/EB, skulu efnin tilgreind og upplýsingar gefnar um styrk eða styrkleikasvið þeirra í efnablöndunni ef þau eru hvert um sig í styrkleika sem er annaðhvort:

a) ≥ 1% miðað við þyngd, ef um er að ræða efnablöndur, sem eru ekki loftkenndar, og ≥ 0,2% miðað við rúmmál ef um er að ræða loftkenndar efnablöndur og

– efnin eru hættuleg heilsu manna eða umhverfinu í skilningi tilskipunar 67/548/EBE ([1]) eða

– viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir váhrif á vinnustöðum hafa verið sett fyrir efnin, eða

b) ≥0,1% miðað við þyngd og efnið er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrað eða er mjög þrávirkt og safnast í miklum mæli upp í lífverum í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka.

3.4. Tilgreina skal flokkun framangreindra efna (sem er annaðhvort fengin úr 4. og 6. gr. tilskipunar 67/548/EBE eða I. viðauka við þá tilskipun, eða úr samþykktri færslu í flokkunar- og merkingarskránni sem sett er fram í XI. bálki í þessari reglugerð), þ.m.t. táknstafir og hættusetningar (H-setningar) sem þau fá í samræmi við eðlisefnafræðilegar hættur og hættur fyrir heilbrigði manna og umhverfi. Hér þarf ekki að rita hættusetningarnar fullum fetum: vísa skal til 16. liðs þar sem tilgreina skal orðréttan texta hverrar viðkomandi hættusetningar. Ef efnið uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir flokkun skal gefa upp ástæðu þess að efnið er tilgreint í 3. lið, t.d. „PBT-efni“ eða „efni sem fellur undir viðmiðunarmörk Bandalagins fyrir váhrif á vinnustöðum“.

3.5. Tilgreina skal heiti og skráningarnúmer, sem úthlutað er skv. 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar, EINECS- eða ELINCS-númer, ef það liggur fyrir, fyrir fyrrgreind efni í samræmi við tilskipun 67/548/EBE. CAS-númer og IUPAC-heiti (ef það er fyrir hendi) geta einnig komið að góðum notum. Ekki er þörf á nákvæmri efnafræðilegri táknun fyrir efni sem eru tilgreind með almennu heiti í samræmi við 15. gr. tilskipunar 1999/45/EB eða neðanmálsgreinina við lið 3.3 í þessum viðauka.

3.6. Ef nauðsynlegt er að halda auðkennum tiltekinna efna leyndum skal, í samræmi við ákvæði 15. gr. tilskipunar 1999/45/EB eða neðanmálsgreinina við lið 3.3 í þessum viðauka, efnafræðilegu eðli þeirra lýst í þeim tilgangi að tryggja að þau séu meðhöndluð á öruggan hátt. Heitið, sem notað er, skal vera hið sama og kemur fram í framangreindri málsmeðferð.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

Lýsa skal ráðstöfunum í skyndihjálp.

Fyrst skal tilgreina hvort þörf er á tafarlausri læknisumönnun.

Upplýsingarnar um skyndihjálp skulu vera gagnorðar og auðskildar fórnarlambinu, nærstöddum og þeim sem veita skyndihjálp. Koma skal fram stutt yfirlit yfir einkenni og áhrif. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvað gera skal á staðnum ef slys ber að höndum og hvort gera megi ráð fyrir tafinni verkun eftir váhrif.

Upplýsingarnar skulu sundurgreindar í samræmi við mismunandi váhrifaleiðir, þ.e. innöndun, snertingu við húð og augu og inntöku, samkvæmt mismunandi undirliðum.

Tilgreina skal hvort þörf sé á eða ráðlegt að leita læknishjálpar.

Vegna sumra efna eða efnablandna kann að vera mikilvægt að leggja áherslu á að á vinnustað sé hægt að grípa til sérstakra úrræða til að veita sérhæfða og tafarlausa hjálp.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIAÐGERÐA

Vísa skal til krafna um slökkviaðgerðir við íkviknun af völdum efnisins eða efnablöndunnar eða gegn eldi, sem kviknar nálægt þeim, með því að tilgreina:

– viðeigandi slökkvibúnað,

([1]) Ef sá sem ber ábyrgð á að setja efnablönduna á markað getur sýnt fram á það að birting á öryggisblaðinu á efnafræðilegu auðkenni efnis, sem er eingöngu flokkað sem ertandi, að undanskildum þeim efnum sem fá hættusetninguna H41 eða eru ertandi ásamt einum eða fleirum af þeim eiginleikum, sem eru tilgreindir í lið 2.3.4 í 10. gr. tilskipunar 1999/45/EB, eða eru skaðleg eða skaðleg ásamt einum eða fleirum af þeim eiginleikum, sem eru tilgreindir í lið 2.3.4 í 10. gr. tilskipunar 1999/45/EB og valda bráðum, banvænum áhrifum hver um sig, skapi hættu á að trúnaður verði rofinn um hugverk hans getur hann, í samræmi við ákvæðin í B-hluta VI. viðauka við tilskipun 1999/45/EB, þess í stað tilgreint viðkomandi efni með heiti, sem segir til um mikilvægustu, virku efnahópana, eða með öðru heiti.

– slökkvibúnað sem skal ekki nota af öryggisástæðum,

– sérstakar hættur á váhrifum sem stafa af efninu sjálfu eða efnablöndunni, myndefnum frá bruna eða lofttegundum sem stafa af brunanum,

– sérstakan hlífðarbúnað fyrir slökkviliðsmenn.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

Þörf kann að vera á eftirgreindum upplýsingum með hliðsjón af þeim efnum eða efnablöndum sem um er að ræða:

öryggisráðstafanir fyrir fólk t.d.:

– að fjarlægja allt sem veldur íkviknunarhættu, að sjá fyrir nægilegri loftræstingu eða öndunarvörn, að hafa stjórn á ryki, að koma í veg fyrir að efnið berist á húð og í augu,

ráðstafanir vegna umhverfisins, t.d.:

– að hindra að efnin komist í skólpræsi, yfirborðsvatn, grunnvatn og jarðveg, hugsanleg þörf á að vara þá við sem eru í nágrenninu,

hreinsunaraðferðir, t.d.:

– að nota gleypin efni (t.d. sand, kísilgúr, sýrubindiefni, alhliða bindiefni, sag o.s.frv.), draga úr lofttegundum og gufum með vatni, þynning.

Athuga skal einnig þörf fyrir áletranir eins og: „notist aldrei…, hlutleysist með….“

Athugasemd

Ef við á, skal vísa til 8. og 13. liðar.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Athugasemd

Upplýsingarnar í þessum lið skulu fjalla um heilsu-, öryggis- og umhverfisvernd. Vinnuveitandinn skal styðjast við þær þegar hann semur viðeigandi verklagsreglur og gerir skipulagsráðstafanir í samræmi við 5. gr. tilskipunar 98/24/EB.

Ef efnaöryggisskýrslu eða skráningar er krafist skulu upplýsingarnar í þessum lið vera í samræmi við uppgefnar upplýsingar, tilgreinda notkun og þær váhrifasviðsmyndir sem eru settar fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

7.1. **Meðhöndlun**

Tilgreina skal varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun, þ.m.t. ráðgjöf um tæknilegar ráðstafanir, eins og:

– aflokun, staðbundna og almenna loftræstingu, ráðstafanir til að koma í veg fyrir úða- og rykmyndun og bruna, svo og ráðstafanir sem er krafist til umhverfisverndar (t.d. notkun sía eða hreinsibúnaðar í loftræstingu, notkun í mengunarkví, ráðstafanir fyrir söfnun og förgun spilliefna o.s.frv.) og allar sérstakar kröfur eða reglur sem tengjast efnunum eða efnablöndunum (t.d. aðferðir eða búnaður sem bannað er að nota eða mælt er með) og, ef hægt er, gefa stutta lýsingu.

7.2. **Geymsla**

Tilgreina skal skilyrði fyrir öruggri geymslu, s.s.:

– sérstaka hönnun geymslurýmis eða -íláta (þ.m.t. einangrunarveggir og loftræsting), ósamrýmanleg efni, geymsluskilyrði (hita- og rakamörk/-svið, ljós, eðalgas o.s.frv.) sérstakan rafbúnað og vörn gegn stöðurafmagni.

Ef þörf er á skal veita ráðgjöf um styrkleikamörk í geymsluaðstöðu. Einkum skal taka fram sérstakar kröfur eins og varðandi tegund efnis, sem er notuð í umbúðir, eða ílát undir efni eða efnablöndur.

7.3. **Sérstök notkun**

Fyrir tilbúnar vörur, sem eru hannaðar til sérstakra nota, skulu ráðleggingar taka mið af tilgreindri notkun og vera ítarlegar og verklegar. Ef þess er kostur skal vísa í leiðbeiningar sem hafa hlotið sérstaka viðurkenningu atvinnugreinarinnar eða geira innan hennar.

8. TAKMÖRKUN VÁHRIFA/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. **Viðmiðunarmörk fyrir váhrif**

Tilgreina skal sérstakar takmörkunarfæribreytur, sem eiga við og eru í gildi, þ.m.t. viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi og/eða líffræðileg viðmiðunarmörk. Gildi skulu tilgreind fyrir aðildarríkið þar sem efnið eða efnablandan er sett á markað. Veita skal upplýsingar um ráðlagðar verklagsreglur sem gilda um vöktun.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skal tilgreina DNEL- og PNEC-gildin fyrir efnið fyrir þær váhrifasviðsmyndir sem settar eru fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

Fyrir efnablöndur er rétt að tilgreina gildi þeirra efnisþátta sem gerð er krafa um að séu skráðir á öryggisblaðið skv. 3. lið.

8.2. **Takmörkun váhrifa**

Í skilningi þessa skjals merkir takmörkun váhrifa allar sértækar ráðstafanir við áhættustjórnun sem grípa skal til meðan á notkun stendur til að halda váhrifum, sem starfsmenn eða umhverfið verða fyrir, í lágmarki. Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skal setja fram samantekt um ráðstafanir við áhættustjórnun í 8. lið öryggisblaðsins fyrir þau tilvik tilgreindrar notkunar sem eru sett fram á öryggisblaðinu.

8.2.1. *Takmörkun váhrifa í starfi*

Þessar upplýsingar skulu nýttar af hálfu vinnuveitandans við mat á þeirri áhættu sem heilbrigði og öryggi starfsmanna stafar af efni eða efnablöndu skv. 4. gr. tilskipunar 98/24/EB þar sem eftirfarandi er krafist, sett fram í forgangsröð:

– að viðeigandi verkferli og tæknilegt eftirlit séu skipulögð og notaður sé fullnægjandi búnaður og efni við hæfi,

– að beitt sé heildstæðum verndaraðgerðum við upptök, s.s. nægri loftræstingu og viðeigandi ráðstöfunum varðandi skipulag, og

– að ráðstafanir séu gerðar til þess að vernda einstaklinga, s.s. með notkun persónuhlífa, ef ekki er unnt að koma í veg fyrir váhrif með öðrum aðferðum.

Þess vegna skal gefa viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar um þessar ráðstafanir svo að unnt sé að vinna fullnægjandi áhættumat skv. 4. gr. tilskipunar 98/24/EB. Þetta skal koma til fyllingar upplýsingunum sem þegar eru veittar í lið 7.1.

Þegar þörf er á verndarráðstöfunum fyrir einstaklinga skal tilgreina ítarlega þann búnað sem veita ætti fullnægjandi og viðeigandi vernd. Taka skal tillit til tilskipunar ráðsins 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar ([1]) og vísa til viðeigandi CEN-staðla:

a) Vernd öndunarfæra

Ef um er að ræða hættulegar lofttegundir, gufur eða ryk skal tilgreina tegund hlífðarbúnaðar sem á að nota, s.s.:

– öndunarbúnað með þrýstihylki, heppilegar grímur og síur.

b) Vernd handa

Tilgreina skal nákvæmlega þá tegund hanska sem klæðast skal þegar efnið eða efnablandan eru meðhöndluð, þ.m.t.:

– tegund efnisins í hönskunum,

– tímann, sem það tekur efnið eða efnablönduna að fara í gegnum efni hanskanna, í tengslum við umfang váhrifa á húðina og hversu lengi þau vara.

Tilgreina skal frekari ráðstafanir til þess að vernda hendur eftir því sem við á.

c) Vernd augna

Tilgreina skal tegund augnhlífa sem krafist er, s.s.:

– öryggis-/hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

d) Vernd húðar

Ef nauðsynlegt er að vernda annan líkamshluta en hendur skal tilgreina tegund og gæði hlífðarbúnaðarins, sem krafist er, s.s.:

– svuntu, stígvéla og hlífðarbúnings fyrir allan líkamann.

Tilgreina skal frekari ráðstafanir til þess að vernda húð og sérstakar ráðstafanir sem varða hollustuhætti, eftir því sem við á.

([1]) Stjtíð. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

8.2.2. *Takmörkun váhrifa á umhverfið*

Tilgreina skal þær upplýsingar sem vinnuveitandi þarf á að halda til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt umhverfisverndarlöggjöf Bandalagsins.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skal útbúa samantekt um ráðstafanir við áhættustjórnun, sem halda váhrifum af völdum efnisins á umhverfið nægilega í skefjum, fyrir þær váhrifasviðsmyndir sem eru settar fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Veita skal allar viðeigandi upplýsingar um efni og efnablöndur til að unnt sé að gera viðeigandi varnarráðstafanir, einkum upplýsingarnar sem eru tilgreindar í lið 9.2. Upplýsingarnar í þessum lið skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar eru fram við skráninguna, ef hennar er krafist.

9.1. **Almennar upplýsingar**

Útlit:

Tilgreina skal eðlisástand (fast, fljótandi eða loftkennt) og lit efnisins eða efnablöndunnar við afhendingu.

Lykt:

Ef lykt finnst af efninu skal lýsa henni stuttlega.

9.2. **Mikilvægar upplýsingar um heilbrigði, öryggi og umhverfi**

Sýrustig:

Tilgreina skal sýrustig efnisins eða efnablöndunnar við afhendingu, eða vatnslausnarinnar; í síðara tilvikinu skal tilgreina styrkinn.

Suðumark/suðumarksbil:

Blossamark:

Eldfimi (fast efni, lofttegund):

Sprengifimi:

Eldnærandi eiginleikar:

Gufuþrýstingur:

Eðlismassi:

Leysni:

Vatnsleysni:

Deilistuðull fyrir n-oktanól og vatn:

Seigja:

Eðlismassi gufu:

Uppgufunarhraði:

9.3. **Aðrar upplýsingar**

Tilgreina skal aðrar mikilvægar færibreytur sem varða öryggi, s.s. blöndunarhæfni, fituleysni (tilgreina skal leysinn), leiðni, bræðslumark/bræðslumarksbil, flokk lofttegundar (gagnlegt í tengslum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum ([1]), sjálfsíkveikjuhitastig o.s.frv.

1. athugasemd

Framangreindir eiginleikar skulu ákvarðaðir í samræmi við forskriftirnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir sem um getur í 3. mgr. 13. gr., eða í samræmi við aðrar sambærilegar aðferðir.

2. athugasemd

Að því er varðar efnablöndur skal að öllu jöfnu veita upplýsingar um eiginleika efnablöndunnar sjálfrar. Ef tekið er fram að ekki sé um að ræða sérstaka hættu skal þó gera skýran greinarmun á tilvikum þar sem sá sem flokkar hefur engar upplýsingar tiltækar og tilvikum þar sem neikvæðar prófunarniðurstöður liggja fyrir. Ef talið er nauðsynlegt að veita upplýsingar um eiginleika einstakra efnisþátta skal taka skýrt fram til hvers gögnin vísa.

([1]) Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Tilgreina skal stöðugleika efnisins eða efnablöndunnar og hættuna á skaðlegum efnahvörfum sem geta orðið við tiltekin notkunarskilyrði og einnig við losun út í umhverfið.

10.1. **Skilyrði sem ber að varast**

Tilgreina skal slík skilyrði, s.s. hita, þrýsting, ljós og högg, sem geta valdið hættulegum efnahvörfum, og lýsa þeim í stuttu máli ef unnt er.

10.2. **Efni sem ber að varast**

Tilgreina skal efni á borð við vatn, loft, sýrur, basa, eldnærandi efni eða önnur sérstök efni, sem geta valdið hættulegum efnahvörfum, og lýsa þeim í stuttu máli ef unnt er.

10.3. **Hættuleg niðurbrotsefni**

Tilgreina skal hættuleg efni sem myndast í hættulega miklu magni við niðurbrot.

Athugasemd

Einkum skal fjalla um:

– þörf á stöðgurum og hvort þeir séu fyrir hendi,

– hvort hættulegt, útvermið efnahvarf geti átt sér stað,

– hugsanleg öryggissjónarmið sem taka verður mið af vegna eðlisbreytingar á efninu eða efnablöndunni,

– hættuleg niðurbrotsefni sem geta myndast við snertingu við vatn,

– hvort óstöðug efni geti brotnað niður.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Í þessum lið er fjallað um þörfina fyrir gagnorða og skilmerkilega fullnaðarlýsingu á hinum ýmsu eiturefnafræðilegu áhrifum (á heilsu) sem kunna að koma fram ef notandinn kemst í snertingu við efnið eða efnablönduna.

Upplýsingarnar skulu taka til váhrifa af völdum efnisins eða efnablöndunnar sem eru hættuleg heilbrigði í ljósi ályktana sem eru dregnar t.d. af gögnum úr prófunum eða byggjast á reynslu. Upplýsingarnar skulu enn fremur taka til, eftir því sem við á, tafinnar, tafarlausrar og langvinnrar verkunar eftir skammtíma- og langtímaváhrif, s.s. næmingar, slævandi virkni, krabbameinsvaldandi áhrifa, stökkbreytandi áhrifa og skaðlegra áhrifa á æxlun (skaðlegra áhrifa á þroskun og frjósemi). Þær skulu einnig ná yfir mismunandi váhrifaleiðir (innöndun, inntöku, snertingu við húð og augu) og lýsa einkennum sem tengjast eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegum eiginleikum.

Að teknu tilliti til upplýsinganna, sem þegar hafa komið fram í 3. lið, þ.e. samsetning innihaldsefna/upplýsingar um þau, kann að vera nauðsynlegt að vísa til sérstakra heilsufarsáhrifa tiltekinna efnisþátta í efnablöndunni.

Upplýsingarnar í þessum lið skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar eru fram við skráninguna, ef hennar er krafist, og/eða í efnaöryggisskýrslunni, ef hennar er krafist, og skulu varpa ljósi á eftirfarandi flokka hugsanlegra áhrifa:

– eiturefnaferli, efnaskipti og dreifingu,

– bráð áhrif (bráð eiturhrif, ertandi áhrif og ætandi áhrif),

– næmingu,

– eiturhrif við endurtekna skammta og

– krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi áhrif og skaðleg áhrif á æxlun (CMR-áhrif).

Þegar um er að ræða efni, sem skylt er að skrá, skal útbúa samantekt um upplýsingarnar skv. VII. til XI. viðauka við þessa reglugerð. Upplýsingarnar skulu enn fremur taka til niðurstaðna úr samanburði á fyrirliggjandi gögnum við viðmiðanirnar sem eru tilgreindar í tilskipun 67/548/EBE fyrir efni, sem eru krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða æxlunarskaðvaldar í 1. og 2. flokki, í samræmi við lið 1.3.1 í I. viðauka við þessa reglugerð.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Lýsa skal hugsanlegum áhrifum, hegðun og afdrifum efnisins eða efnablöndunnar í lofti, vatni og/eða jarðvegi. Tilgreina skal viðeigandi prófunargögn (t.d. LC_{50} (fyrir fisk) $\geq$ 1 mg/l), liggi þau fyrir.

Upplýsingarnar í þessum lið skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar eru fram við skráninguna, ef hennar er krafist, og/eða í efnaöryggisskýrslunni, ef hennar er krafist.

Lýsa skal mikilvægustu eiginleikunum sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið vegna eðlis efnisins eða efnablöndunnar og líklegra notkunaraðferða. Veita skal sams konar upplýsingar vegna hættulegra efna sem myndast við niðurbrot efna og efnablandna. Þetta getur falið í sér eftirfarandi:

12.1. **Visteiturhrif**

Undir þetta falla viðeigandi gögn sem liggja fyrir um eiturhrif í vatni, bæði bráð og langvinn, sem fiskur, krabbadýr, þörungar og aðrar vatnaplöntur verða fyrir. Auk þess skal tiltaka gögn um eiturhrif á örverur og stórsæjar lífverur í jarðvegi og aðrar lífverur sem skipta máli fyrir umhverfið, s.s. fugla, býflugur og plöntur, liggi þau fyrir. Hafi efnið eða efnablandan hindrandi áhrif á starfsemi örvera skal nefna hugsanleg áhrif á skólphreinsistöðvar.

Þegar um er að ræða efni, sem skylt er að skrá, skal útbúa samantekt um upplýsingarnar skv. VII. til XI. viðauka.

12.**2.** **Hreyfanleiki**

Tilgreina skal hvort efnið eða viðeigandi innihaldsefni efnablöndu ([1]) geti, ef þau eru losuð út í umhverfið, borist í grunnvatnið eða langt frá losunarstað. Gögn, sem skipta máli, gætu varðað:

– þekkta eða fyrirsjáanlega dreifingu efnisins til umhverfishólfa,

– yfirborðsspennu,

– ísog/afsog.

Sjá 9. lið að því er varðar aðra eðlisefnafræðilega eiginleika.

12.3. **Þrávirkni og niðurbrot**

Tilgreina skal hvort efnið eða viðeigandi efnisþættir efnablöndu ([1]) geti brotnað niður í viðeigandi umhverfishólfum, annaðhvort með lífrænu niðurbroti eða öðrum ferlum á borð við oxun eða vatnsrof. Tilgreina skal helmingunartíma niðurbrots, liggi hann fyrir. Einnig skal tilgreina getu efnisins eða viðeigandi efnisþátta efnablöndu ([1]) til að brotna niður í skólphreinsistöðvum.

12.4. **Uppsöfnun í lífverum**

Geta efnisins eða viðeigandi efnisþátta efnablöndu ([1]) til að safnast fyrir í lífríkinu og berast eftir fæðukeðjunni, með vísun til deilistuðuls fyrir oktanól og vatn (K_{ow}) og lífþéttnistuðuls, ef þeir eru fyrir hendi.

12.5. **Niðurstöður úr mati á PBT-eiginleikum**

Ef þess er krafist að efnaöryggisskýrsla sé lögð fram skal tilgreina niðurstöður úr mati á PBT-eiginleikum eins og sett er fram í efnaöryggisskýrslunni.

12.6. **Önnur skaðleg áhrif**

Fram skulu koma fyrirliggjandi upplýsingar um öll önnur skaðleg áhrif á umhverfið, t.d. ósóneyðingarmátt, ljósefnafræðilegan ósonmyndunarmátt og/eða hnatthlýnunarmátt, svo og um hormónaraskandi mátt.

Athugasemdir

Sjá skal til þess að upplýsingar, sem máli skipta fyrir umhverfið, séu tilgreindar í öðrum liðum á öryggisblaðinu, einkum ráð varðandi losun undir eftirliti, ráðstafanir vegna losunar fyrir slysni og ráðstafanir er varða flutning og förgun í 6., 7., 13., 14. og 15. lið.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

Ef förgun efnis eða efnablöndu (ofgnótt eða úrgangur vegna fyrirsjáanlegrar notkunar) hefur hættu í för með sér skal lýsa þessum efnaleifum og veita upplýsingar um örugga meðhöndlun þeirra.

([1]) Ekki er unnt að veita þessar upplýsingar um efnablönduna vegna þess að þær eru sértækar fyrir hvert efni. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir og það þykir henta skal því veita þær fyrir hvern efnisþátt í efnablöndunni sem skylt er að tilgreina á öryggisblaðinu samkvæmt reglunum í 3. lið í þessum viðauka.

Tilgreina skal viðeigandi aðferðir við förgun efnisins eða efnablöndunnar og allra mengaðra umbúða (brennsla, endurvinnsla, urðun o.s.frv.).

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skulu upplýsingar um ráðstafanir í tengslum við meðhöndlun úrgangs, sem halda váhrifum af völdum efnisins á menn og umhverfið nægilega í skefjum, vera í samræmi við þær váhrifasviðsmyndir sem eru settar fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

Athugasemd

Vísa skal til viðeigandi ákvæða Bandalagsins sem tengjast úrgangi. Ef þau eru ekki fyrir hendi er rétt að minna notandann á að lands- eða svæðisbundin ákvæði kunna að gilda.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Tilgreina skal allar sérstakar varúðarráðstafanir sem notandinn þarf að þekkja til eða hlíta í tengslum við flutninga, annaðhvort innan eða utan athafnasvæðis síns. Veita skal upplýsingar um flokkun flutninga eftir þessum flutningareglum, eftir því sem við á: IMDG (á sjó), ADR (tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum ([1])), RID (tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum ([2])), ICAO/IATA (í lofti). Þetta gætu m.a. verið eftirfarandi upplýsingar:

– SÞ-númer,

– flokkur,

– opinbert flutningstákn,

– pökkunarhópur,

– sjávarmengunarvaldar,

– aðrar upplýsingar sem skipta máli.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

Taka skal fram hvort efnaöryggismat hafi verið unnið fyrir efnið (eða efni í efnablöndunni).

Tilgreina skal upplýsingarnar á merkimiðanum, sem varða heilbrigði, öryggi og umhverfi, í samræmi við tilskipanir 67/548/EBE og 1999/45/EB.

Ef efnið eða efnablandan, sem þetta öryggisblað tekur til, fellur undir sérstök ákvæði um vernd manna eða umhverfis á vettvangi Bandalagsins (t.d. um leyfi, sem eru veitt skv. VII. bálki, eða um takmarkanir skv. VIII. bálki) skulu þessi ákvæði tilgreind, eftir því sem unnt er.

Einnig skal, þegar unnt er, tilgreina landslög, sem sett eru til framkvæmdar þessum ákvæðum, og allar aðrar landsbundnar ráðstafanir sem kunna að eiga við.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Tilgreina skal allar aðrar upplýsingar sem birgirinn telur vera mikilvægar fyrir heilbrigði og öryggi notanda og fyrir vernd umhverfisins, t.d.:

– skrá yfir viðeigandi hættusetningar. Skrifa skal orðréttan texta allra hættusetninga sem vísað er til í 2. og 3. lið á öryggisblaðinu,

– ráðleggingar um menntun og þjálfun,

– ráðlagðar takmarkanir á notkun (þ.e. ráðleggingar birgis sem eru ekki bindandi),

– frekari upplýsingar (skriflegar tilvísanir og/eða tengiliðir vegna tæknilegra upplýsinga),

– helstu heimildir sem notaðar eru við samantekt á öryggisblaðinu.

Þegar öryggisblaðið er endurskoðað skal það koma skýrt fram hvaða upplýsingum hefur verið bætt við, hverjum hefur verið eytt og hverjar endurskoðaðar (nema þetta hafi verið tilgreint annars staðar).

([1]) Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/111/EB (Stjtíð. ESB L 365, 10.12.2004, bls. 25).

([2]) Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/110/EB (Stjtíð. ESB L 365, 10.12.2004, bls. 24).

III. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR EFNI SEM ERU SKRÁÐ Í MAGNI SEM ER Á BILINU 1 TIL 10 TONN

Viðmiðanir fyrir efni, sem eru skráð í magni sem er á bilinu 1 til 10 tonn, með tilvísun í a- og b-liði 1. mgr. 12. gr.:

a) efni, sem telja má (þ.e. með því að styðjast við megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) eða beita öðrum aðferðum) líklegt að uppfylli viðmiðanirnar fyrir flokkun efna sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða æxlunarskaðvaldar í 1. eða 2. flokki eða viðmiðanirnar í XIII. viðauka,

b) efni:

   i) með víðtækri eða dreifðri notkun, einkum ef slík efni eru notuð í efnablöndur fyrir neytendur eða eru í hlutum fyrir neytendur, og

   ii) sem telja má (þ.e. með því að styðjast við megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) eða beita öðrum aðferðum) líklegt að uppfylli viðmiðanirnar fyrir flokkun sem tengjast áhrifum á heilbrigði manna og á umhverfið samkvæmt tilskipun 67/548/EBE.

IV. VIÐAUKI

UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ A-LIÐ 7. MGR. 2. GR.

EINECS-nr.	Heiti/flokkur	CAS-nr.
200-061-5	D-glúkítól, $C_6H_{14}O_6$	50-70-4
200-066-2	Askorbínsýra, $C_6H_8O_6$	50-81-7
200-075-1	Glúkósi, $C_6H_{12}O_6$	50-99-7
200-294-2	L-lýsín, $C_6H_{14}N_2O_2$	56-87-1
200-312-9	Palmitínsýra, hrein, $C_{16}H_{32}O_2$	57-10-3
200-313-4	Sterínsýra, hrein, $C_{18}H_{36}O_2$	57-11-4
200-334-9	Súkrósi, hreinn, $C_{12}H_{22}O_{11}$	57-50-1
200-405-4	α-tókóferýlasetat, $C_{31}H_{52}O_3$	58-95-7
200-432-1	DL-metíónín, $C_5H_{11}NO_2S$	59-51-8
200-711-8	D-mannítól, $C_6H_{14}O_6$	69-65-8
201-771-8	1-sorbósi, $C_6H_{12}O_6$	87-79-6
204-007-1	Olíusýra, hrein, $C_{18}H_{34}O_2$	112-80-1
204-664-4	Glýserólsterat, hreint, $C_{21}H_{42}O_4$	123-94-4
204-696-9	Koltvísýringur, CO_2	124-38-9
205-278-9	Kalsíumpantóþenat, D-form, $C_9H_{17}NO_5 \cdot {}_{1/2}Ca$	137-08-6
205-582-1	Lárínsýra, hrein, $C_{12}H_{24}O_2$	143-07-7
205-590-5	Kalíumóleat, $C_{18}H_{34}O_2K$	143-18-0
205-756-7	DL-fenýlalanín, $C_9H_{11}NO_2$	150-30-1
208-407-7	Natríumglúkonat, $C_6H_{12}O_7 \cdot Na$	527-07-1
212-490-5	Natríumsterat, hreint, $C_{18}H_{36}O_2 \cdot Na$	822-16-2
215-279-6	Kalksteinn Óbrennanlegt, fast efni sem er einkennandi efni í setbergi. Inniheldur aðallega kalsíumkarbónat.	1317-65-3
215-665-4	Sorbítanóleat, $C_{24}H_{44}O_6$	1338-43-8
216-472-8	Kalsíumdísterat, hreint, $C_{18}H_{36}O_2 \cdot {}_{1/2}Ca$	1592-23-0
231-147-0	Argon, Ar	7440-37-1
231-153-3	Kolefni, C	7440-44-0
231-783-9	Köfnunarefni, N_2	7727-37-9
231-791-2	Vatn, með leiðni eimaðs vatns eða af sambærilegum hreinleika, H_2O	7732-18-5
231-955-3	Grafít, C	7782-42-5

EINECS-nr.	Heiti/flokkur	CAS-nr.
232-273-9	Sólblómaolía Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunum línólsýru og olíusýru *(Helianthus annuus, Compositae*).	8001-21-6
232-274-4	Sojaolía Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunum línól-, olíu-, palmitín- og sterínsýru (*Soja hispida, Leguminosae*).	8001-22-7
232-276-5	Saffranolía Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunni línólsýru (*Carthamus tinctorius, Compositae*).	8001-23-8
232-278-6	Línolía Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunum línól-, línólen- og olíusýru (*Linum usitatissimum, Linaceae*).	8001-26-1
232-281-2	Maísolía Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunum línól-, olíu-, palmitín- og sterínsýru *(Zea mays, Gramineae).*	8001-30-7
232-293-8	Laxerolía Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunni rísínolíusýru *(Ricinus, Communis, Euphorbiaceae).*	8001-79-4
232-299-0	Repjuolía Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunum erúka-, línól- og olíusýru *(Brassica napus, Cruciferae)*.	8002-13-9
232-307-2	Lesitín Flókin blanda af díglýseríðum af fitusýrum sem eru tengdar kólínester af fosfórsýru.	8002-43-5
232-436-4	Síróp, vatnsrofin sterkja Flókin blanda sem verður til við vatnsrof maíssterkju með sýrum eða ensímum. Inniheldur aðallega d-glúkósa, maltósa og maltódextrín.	8029-43-4
232-442-7	Tólg, hert	8030-12-4
232-675-4	Dextrín	9004-53-9
232-679-6	Sterkja Sykrur sem eru ríkar af fjölliðum og yfirleitt unnar úr klíðislausu korni, s.s. maís, hveiti og dúrru, og úr rótum og hnýðum, s.s. kartöflum og tapíókamjöli. Nær yfir sterkju sem hefur verið forhleypt með hitun í vatni.	9005-25-8
232-940-4	Maltódextrín	9050-36-6
234-328-2	A-vítamín	11103-57-4

EINECS-nr.	Heiti/flokkur	CAS-nr.
238-976-7	Natríum D-glúkonat, $C_6H_{12}O_7 \cdot xNa$	14906-97-9
248-027-9	D-glúkitólmónósterat, $C_{24}H_{48}O_7$	26836-47-5
262-988-1	Fitusýrur úr kókosi, metýlesterar	61788-59-8
262-989-7	Fitusýrur úr tólg, metýlesterar	61788-61-2
263-060-9	Fitusýrur, úr laxerolíu	61789-44-4
263-129-3	Fitusýrur, úr tólg	61790-37-2
265-995-8	Sellulósadeig	65996-61-4
266-925-9	Fitusýrur, C_{12-18} Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu (SDA = The Soap and Detergent (Manufacturers) Association, USA):, *C_{12}–C_{18} alkyl, Carboxylic acid* og SDA-tilkynningarnúmerinu (SDA Reporting Number): 16-005-00.	67701-01-3
266-928-5	Fitusýrur, C_{16-18} Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu:, *C_{16}–C_{18} alkyl, Carboxylic acid* og SDA-tilkynningarnúmerinu: 19-005-00.	67701-03-5
266-929-0	Fitusýrur, C_{8-18} og, C_{18}-ómettaðar. Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu:, *C_8–C_{18} and unsaturated alkyl, Carboxylic acid* og SDA-tilkynningarnúmerinu: 01-005-00.	67701-05-7
266-930-6	Fitusýrur, $C_{14–18}$ og, $C_{16–18}$-ómettaðar Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu:, *C_{14}–C_{18} and, C_{16}–C_{18} unsaturated alkyl, Carboxylic acid* og SDA-tilkynningarnúmerinu: 04-005-00	67701-06-8
266-932-7	Fitusýrur, C_{16}–C_{18} og, C_{18}-ómettaðar Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu:, *C_{16}–C_{18} and, C_{18} unsaturated alkyl, Carboxylic acid* og SDA-tilkynningarnúmerinu: 11-005-00	67701-08-0
266-948-4	Glýseríð, $C_{16–18}$ og, C_{18}-ómettuð Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu: *C_{16}–C_{18} and, C_{18} unsaturated trialkyl glyceride* og SDA-tilkynningarnúmerinu: 11-001-00.	67701-30-8
267-007-0	Fitusýrur, $C_{14–18}$ og, $C_{16–18}$-ómettaðar, metýlesterar Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu:, *C_{14}–C_{18} and, C_{16}–C_{18} unsaturated alkyl, Carboxylic acid methyl ester* og SDA-tilkynningarnúmerinu: 04-010-00.	67762-26-9
267-013-3	Fitusýrur, C_{6-12} Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu:, *C_6–C_{12} alkyl, Carboxylic acid* og SDA-tilkynningarnúmerinu: 13-005-00.	67762-36-1

EINECS-nr.	Heiti/flokkur	CAS-nr.
268-099-5	Fitusýrur, $C_{14–22}$ og, $C_{16–22}$-ómettaðar Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu:, *C_{14}–C_{22} and, C_{16}–C_{22} unsaturated alkyl, Carboxylic acid* og SDA-tilkynningarnúmerinu: 07-005-00	68002-85-7
268-616-4	Síróp úr maís, vatnssneydd	68131-37-3
269-657-0	Fitusýrur, úr sojabaunum	68308-53-2
269-658-6	Glýseríð úr tólg, mónó-, dí- og trí-, hert	68308-54-3
270-298-7	Fitusýrur, $C_{14–22}$	68424-37-3
270-304-8	Fitusýrur, úr línolíu	68424-45-3
270-312-1	Glýseríð, $C_{16–18}$ og, C_{18}-ómettuð, mónó- og dí- Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu: *C_{16}–C_{18} and, C_{18} unsaturated alkyl and, C_{16}–C_{18} and, C_{18} unsaturated dialkyl glyceride* og SDA-tilkynningarnúmerinu: 11-002-00.	68424-61-3
288-123-8	Glýseríð, $C_{10–18}$	85665-33-4
292-771-7	Fitusýrur, $C_{12–14}$	90990-10-6
292-776-4	Fitusýrur, $C_{12–18}$ og, C_{18}-ómettaðar	90990-15-1
296-916-5	Fitusýrur úr repjuolíu með erúkasýru í litlu magni	93165-31-2

V. VIÐAUKI

UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ B-LIÐ 7. MGR. 2. GR.

1. Efni sem myndast við efnahvörf sem verða þegar annað efni eða hlutur kemst í snertingu við umhverfisþætti, s.s. loft, raka, örverur eða sólarljós.

2. Efni sem myndast við efnahvörf sem verða við geymslu á öðru efni, efnablöndu eða hlut.

3. Efni sem myndast við efnahvörf sem verða við endanlega notkun annarra efna, efnablandna eða hluta og sem eru sjálf ekki framleidd, flutt inn eða sett á markað.

4. Efni sem eru sjálf ekki framleidd, flutt inn eða sett á markað og sem myndast við efnahvörf sem eiga sér stað þegar eftirfarandi efni verka eins og til er ætlast:

   a) stöðgari, litgjafi, bragðefni, þráavarnarefni, fylliefni, leysir, burðarefni, yfirborðsvirkt efni, mýkiefni, tæringartálmi, froðuvari eða froðueyðir, dreifiefni, útfellingartálmi, rakadrægt efni, bindiefni, ýruefni, afýrandi efni (de-emulsifier), afvötnunarefni (dewatering agent), kekkjunarefni (agglomerating agent), límhvati (adhesion promoter), flæðistillir (flow modifier), sýruhlutleysir (pH neutraliser), tengiefni (sequesterant), storkuefni, hnatfelliefni (flocculant), logavarnarefni, smurefni, klóbindiefni eða prófefni til gæðaeftirlits (quality control reagent) eða

   b) efni sem er eingöngu ætlað að laða fram sérstaka eðliseiginleika.

5. Aukaafurðir, nema þær séu sjálfar fluttar inn eða settar á markað.

6. Hýdröt efnis eða vatnaðar jónir sem myndast þegar efni tengist vatni, að því tilskildu að framleiðandinn eða innflytjandinn, sem nýtir sér þessa undanþágu, hafi skráð efnið.

7. Eftirfarandi efni sem finnast í náttúrunni, hafi þeim ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum:

   jarðefni, málmgrýti, unnið málmgrýti, sementsgjall, jarðgas, fljótandi jarðolíugas, jarðgasþétti, vinnslugas og efnisþættir þess, jarðolía, kol og koks.

8. Efni sem finnast í náttúrunni, önnur en þau sem eru talin upp í 7. lið, hafi þeim ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum, nema þau uppfylli viðmiðanirnar um flokkun sem hættuleg efni samkvæmt tilskipun 67/548/EBE.

9. Algengustu frumefnin, enda er hættan og áhættan, sem tengist þeim, vel þekkt:

   vetni, súrefni, eðallofttegundir (argon, helíum, neon, xenon), köfnunarefni

VI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAKRÖFUR SEM UM GETUR Í 10. GR.

LEIÐBEININGAR UM UPPFYLLINGU KRAFNANNA Í VI. TIL XI. VIÐAUKA

Í VI. til XI. viðauka eru tilgreindar þær upplýsingar sem leggja skal fram við skráningu og mat skv. 10., 12., 13., 40., 41. og 46. gr. Staðalkröfurnar fyrir minnsta efnismagnið er að finna í VII. viðauka og í hvert sinn sem nýjum magnmörkum er náð verður að bæta við kröfum í tilsvarandi viðauka. Einstök atriði upplýsingakrafnanna eru breytileg við hverja skráningu og ráðast af efnismagni, notkun og váhrifum. Því skal líta á viðaukana í heild og í tengslum við allar kröfur er varða skráningu og mat og þá skyldu að sýna varfærni.

1. ÞREP – SAMANTEKT OG MIÐLUN FYRIRLIGGJANDI UPPLÝSINGA

Skráningaraðilinn skal taka saman öll fyrirliggjandi prófunargögn um efnið, sem á að skrá, og leita m.a. í heimildum að upplýsingum um efnið sem skipta máli. Verði því við komið skal framlagning skráningarskjala vera sameiginleg, í samræmi við 11. til 19. gr. Þannig má samnýta gögn og komast hjá þarflausum prófunum og draga úr kostnaði. Skráningaraðilinn ætti enn fremur að viða að sér öllum öðrum, fáanlegum upplýsingum um efnið sem skipta máli, án tillits til þess hvort krafist sé að prófanir séu gerðar að tilteknum endapunkti eða ekki fyrir efnismagn á tilteknu bili. Þetta tekur til upplýsinga úr öðrum áttum (t.d. úr rannsóknum á megindlegum eða eigindlegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR), ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum (read-across), prófunum í lífi og í glasi og faraldsfræðileg gögn) sem gætu komið að gagni við að staðfesta eða útiloka hættulega eiginleika efnisins og sem gætu í tilteknum tilvikum komið í stað niðurstaðna úr tilraunum á dýrum.

Auk þess skal taka saman upplýsingar um váhrif, notkun og ráðstafanir við áhættustjórnun í samræmi við 10. gr. og þennan viðauka. Þegar allar þessar upplýsingar eru vegnar og metnar í heild verður skráningaraðilinn fær um að meta hvort hann þurfi að verða sér úti um frekari upplýsingar.

2. ÞREP – MAT Á ÞÖRF FYRIR UPPLÝSINGAR

Skráningaraðilinn skal ákveða hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar við skráninguna. Fyrst skal, út frá viðkomandi efnismagni, ákveða hvaða viðauka eða viðaukum skuli fylgja. Í þessum viðaukum eru settar fram staðlaðar upplýsingakröfur en þær skulu skoðaðar í tengslum við XI. viðauka sem gefur færi á fráviki frá staðlaðri aðferð, ef unnt er að færa fyrir því rök. Einkum skal á þessu stigi málsins vega og meta upplýsingar um váhrif, notkun og ráðstafanir við áhættustjórnun svo ákvarða megi hvaða upplýsingar þurfi um efnið.

3. ÞREP – GREINING Á SKORTI Á UPPLÝSINGUM

Skráningaraðilinn skal síðan bera saman þær upplýsingar, sem þarf um efnið, og fyrirliggjandi upplýsingar og greina hvaða upplýsingar skortir. Á þessu stigi er mikilvægt að sjá til þess að fyrirliggjandi gögn skipti máli og að þau séu nægilega vönduð til þess að uppfylla kröfurnar.

4. ÞREP – ÚTVEGUN NÝRRA GAGNA/TILLÖGUR AÐ PRÓFUNARÁÆTLUN

Í sumum tilvikum er óþarfi að útvega ný gögn. Ef á hinn bóginn reynist vera skortur á upplýsingum, sem bæta þarf úr, skal útvega ný gögn (VII. og VIII. viðauki) eða leggja fram tillögu að prófunaráætlun (IX. og X. viðauki), eftir því hvert efnismagnið er. Því aðeins skal gera nýjar tilraunir á hryggdýrum, eða setja fram tillögur um þær, að þær séu þrautalendingin þegar ekki er völ á upplýsingum úr neinum öðrum áttum.

Í sumum tilvikum kann þess að vera krafist í reglunum, sem settar eru fram í VII. til XI. viðauka, að tilteknar prófanir séu gerðar fyrr en staðalkröfurnar segja til um eða í viðbót við það sem lýst er í staðalkröfunum.

ATHUGASEMDIR

1. athugasemd: Ef því verður ekki við komið af tæknilegum ástæðum að veita upplýsingar eða ef það er óþarft af vísindalegum ástæðum skal færa rök fyrir því á greinargóðan hátt í samræmi við viðeigandi ákvæði.

2. athugasemd: Skráningaraðilinn getur lýst yfir því að tilteknar upplýsingar, sem koma fram í framlögðum skráningarskjölum, séu viðkvæmar af viðskiptalegum ástæðum og að birting þeirra geti skaðað viðskiptahagsmuni hans. Ef þetta er raunin skal hann setja fram skrá yfir viðkomandi upplýsingar og leggja fram rökstuðning.

UPPLÝSINGAR SEM UM GETUR Í I- TIL V-LIÐ A-LIÐAR 10. GR.

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SKRÁNINGARAÐILA

1.1. Skráningaraðili.

1.1.1. Nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang.

1.1.2. Tengiliður.

1.1.3. Framleiðslustaður og staður/staðir til eigin nota, eftir því sem við á.

1.2. Sameiginleg framlagning gagna.

Í 11. eða 19. gr. er kveðið á um að leiðandi skráningaraðila sé heimilt að leggja fram hluta skráningarskjalanna fyrir hönd annarra skráningaraðila.

Í slíku tilviki skal leiðandi skráningaraðili veita eftirfarandi upplýsingar um hina skráningaraðilana:

– nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang þeirra,

– upplýsingar um hvaða hlutar skráningarskjalanna varða aðra skráningaraðila.

Gefa skal upp númerið/númerin í þessum viðauka eða VII til X. viðauka, eftir því sem við á.

Hinir skráningaraðilarnir skulu veita eftirfarandi upplýsingar um leiðandi skráningaraðilann sem leggur fram upplýsingar fyrir þeirra hönd:

– nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang hans,

– upplýsingar um hvaða hluta skráningarskjalanna leiðandi skráningaraðilinn leggur fram.

Gefa skal upp númerið/númerin í þessum viðauka eða VII til X. viðauka, eftir því sem við á.

1.3 Þriðji aðili sem er tilnefndur skv. 4. gr.

1.3.1. Nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang.

1.3.2. Tengiliður.

2. AUÐKENNING EFNISINS

Upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í þessum lið, skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að sanngreina hvert efni. Ef ekki er unnt af tæknilegum ástæðum að veita þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í einum eða fleiri af eftirfarandi liðum, eða það virðist ónauðsynlegt í vísindalegu tilliti skal greina skilmerkilega frá ástæðum þess.

2.1. Heiti eða önnur táknun hvers efnis.

2.1.1. Heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu eða annað eða önnur alþjóðleg efnaheiti.

2.1.2. Önnur heiti (almennt heiti, viðskiptaheiti, skammstöfun).

2.1.3. EINECS- eða ELINCS-númer (ef þau liggja fyrir og eiga við).

2.1.4. CAS-heiti og CAS-númer (ef þau liggja fyrir).

2.1.5. Aðrir auðkenniskóðar (ef þeir liggja fyrir).

2.2. Upplýsingar í tengslum við sameindar- og byggingarformúlu hvers efnis.

2.2.1. Sameindar- og byggingarformúla (þ.m.t. Smiles-táknun, ef hún liggur fyrir).

2.2.2. Upplýsingar um ljósvirkni og dæmigert hlutfall (rúm)myndbrigða (ef það liggur fyrir og á við).

2.2.3. Mólmassi eða mólmassabil.

2.3. Samsetning hvers efnis.

2.3.1. Hreinleiki (%).

2.3.2. Eðli óhreininda, þ.m.t. myndbrigði og aukaafurðir.

2.3.3. Hundraðshluti (markverðra) helstu óhreininda.

2.3.4. Eðli og stærðargráða (... milljónarhluti, ...%) hugsanlegra íblöndunarefna (t.d. stöðgarar eða latar).

2.3.5. Litrófsgögn (útfjólublá, innrauð, segulómun eða massaróf).

2.3.6. Háþrýstivökvaskiljun, gasskiljun.

2.3.7. Lýsing á greiningaraðferðum eða viðeigandi tilvísanir í heimildir sem gera kleift að sanngreina efnið og, ef við á, óhreinindi og íblöndunarefni. Þessar upplýsingar skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að endurtaka aðferðirnar.

3. UPPLÝSINGAR UM FRAMLEIÐSLU OG NOTKUN EFNISINS/EFNANNA

3.1. Heildarframleiðsla, magn sem er notað til framleiðslu skráningarskylds hlutar og/eða innflutningur í tonnum fyrir hvern skráningaraðila á ári:

á almanaksári skráningarinnar (áætlað magn).

3.2. Ef um er að ræða framleiðanda efna eða framleiðanda hluta: stutt lýsing á því tæknilega ferli sem notað er við framleiðsluna.

Ekki er krafist nákvæmra upplýsinga um vinnsluferlið, einkum ef um er að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar.

3.3. Upplýsingar um hversu mörg tonn eru til eigin nota.

3.4. Form (efni, efnablanda eða hlutur) og/eða eðlisástand efnisins þegar það er afhent eftirnotendum. Styrkur eða styrkleikasvið efnisins í efnablöndum, sem eru afhentar eftirnotendum, ásamt magni efnisins í hlutum sem eru afhentir eftirnotendum.

3.5. Stutt og almenn lýsing á tilgreindri notkun.

3.6. Upplýsingar um magn og samsetningu úrgangs, sem fellur til við framleiðslu efnisins, við notkun þess í hlutum og við tilgreinda notkun.

3.7. Notkun sem mælt er gegn (sjá 16. lið á öryggisblaðinu).

Upplýsingar um notkun, sem skráningaraðili mælir gegn og ástæður þess, þar sem við á (þ.e. ráðleggingar birgis sem eru ekki bindandi). Þessi skrá þarf ekki að vera tæmandi.

4. FLOKKUN OG MERKING

4.1. Hættuflokkun efnis/efna í samræmi við beitingu 4. og 6. gr. tilskipunar 67/548/EBE.

Einnig skal tilgreina, fyrir hverja færslu, ástæðurnar fyrir því að ekki er gefin upp flokkun fyrir endapunkt (þ.e. ef upplýsingar skortir, þær eru ekki ótvíræðar eða ef þær eru ótvíræðar en ekki fullnægjandi til flokkunar).

4.2. Hættumerking efnis/efna í kjölfar beitingar 23., 24. og 25. gr. tilskipunar 67/548/EBE.

4.3. Sértæk styrkleikamörk, þar sem við á, í kjölfar beitingar 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 67/548/EBE og 4.–7. gr. tilskipunar 1999/45/EB.

5. LEIÐBEININGAR UM ÖRUGGA NOTKUN:

Þessar upplýsingar skulu vera í samræmi við upplýsingarnar á öryggisblaðinu ef slíks öryggisblaðs er krafist skv. 31. gr.

5.1. Ráðstafanir í skyndihjálp (4. liður á öryggisblaðinu).

5.2. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða (5. liður á öryggisblaðinu).

5.3. Ráðstafanir vegna losunar fyrir slysni (6. liður á öryggisblaðinu).

5.4. Meðhöndlun og geymsla (7. liður á öryggisblaðinu).

5.5. Upplýsingar um flutning (14. liður á öryggisblaðinu).

Ef efnaöryggisskýrslu er ekki krafist skal leggja fram eftirfarandi viðbótarupplýsingar:

5.6. Takmörkun váhrifa/persónuhlífar (8. liður á öryggisblaðinu).

5.7. Stöðugleiki og hvarfgirni (10. liður á öryggisblaðinu).

5.8. Förgun

5.8.1. Skilyrði varðandi förgun (13. liður á öryggisblaðinu).

5.8.2. Upplýsingar fyrir iðnaðinn um endurvinnslu og aðferðir við förgun.

5.8.3. Upplýsingar fyrir almenning um endurvinnslu og aðferðir við förgun.

6. UPPLÝSINGAR UM VÁHRIF AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EFNI SEM ERU SKRÁÐ Í MAGNI Á BILINU 1 TIL 10 TONN Á ÁRI Á FRAMLEIÐANDA EÐA INNFLYTJANDA

6.1. Helstu notkunarflokkar:

6.1.1. a) notkun í iðnaði og/eða

b) fagleg notkun og/eða

c) notkun neytenda.

6.1.2. Forskriftir varðandi notkun í iðnaði og faglega notkun:

a) notkun í lokuðu kerfi og/eða

b) notkun, sem hefur í för með sér að efnið sameinast efniviðnum, og/eða

c) lítt útbreidd notkun og/eða

d) útbreidd notkun.

6.2. Mikilvægar váhrifaleiðir:

6.2.1. Váhrif á menn:

a) við inntöku og/eða

b) gegnum húð og/eða

c) við innöndun.

6.2.2. Váhrif á umhverfi:

a) vatn og/eða

b) andrúmsloft og/eða

c) úrgangur í föstu formi og/eða

d) jarðvegur.

6.3. Váhrifamynstur:

a) óviljandi/fátíð og/eða

b) tilfallandi og/eða

c) viðvarandi/tíð váhrif.

VII. VIÐAUKI

STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR EINU TONNI EÐA MEIRA ([1])

Í 1. dálki þessa viðauka eru tilgreindar þær staðalupplýsingar sem krafist er fyrir:

a) efni sem eru ekki í skráningarbið og eru framleidd eða flutt inn í magni á bilinu 1 til 10 tonn,

b) efni sem eru í skráningarbið og eru framleidd eða flutt inn í magni á bilinu 1 til 10 tonn og uppfylla viðmiðanirnar í III. viðauka, í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 12. gr., og

c) efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er 10 tonn eða meira.

Leggja skal fram allar aðrar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli. Að því er varðar efni, sem ekki uppfylla viðmiðanirnar í III. viðauka, er aðeins krafist eðlisefnafræðilegu upplýsinganna sem settar eru fram í 7. lið þessa viðauka.

Í 2. dálki þessa viðauka eru tilgreindar sértækar reglur sem kveða á um hvaða tilskildum staðalupplýsingum megi sleppa, hverjum megi skipta út fyrir aðrar upplýsingar, hverjar megi leggja fram á öðrum stigum og hverjar megi aðlaga á annan hátt. Ef skilyrðin, sem eru tilgreind í 2. dálki þessa viðauka og heimila aðlögun, eru uppfyllt skal skráningaraðilinn greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og tilgreina ástæðurnar fyrir hverri breytingu í viðeigandi lið í skráningarskjölunum.

Auk þessara sértæku reglna getur skráningaraðilinn aðlagað tilskildu staðalupplýsingarnar, sem eru settar fram í 1. dálki þessa viðauka, í samræmi við almennu reglurnar í XI. viðauka, að undanskildum 3. lið um undanþágu frá sértækri, váhrifamiðaðri prófun fyrir tiltekið efni. Í því tilviki skal hann einnig greina skilmerkilega frá ástæðunum fyrir öllum ákvörðunum um að aðlaga staðalupplýsingarnar í viðeigandi liðum í skráningarskjölunum og vísa til viðkomandi, sértækrar reglu eða reglna í 2. dálki eða í XI. viðauka ([2]).

Áður en nýjar rannsóknir eru gerðar í því skyni að ákvarða eiginleikana sem eru tilgreindir í þessum viðauka skal fyrst leggja mat á öll fyrirliggjandi gögn úr rannsóknum í glasi, gögn úr rannsóknum í lífi, rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, gögn úr rannsóknum á megindlegum eða eigindlegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR) og gögn um efni með svipaða byggingu (ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum). Forðast skal að gera tilraunir í lífi með ætandi efni í styrk eða skammtastærðum sem valda ætingu. Áður en tilraunir eru gerðar skal afla frekari leiðbeininga um tilraunaaðferðir til viðbótar við þær leiðbeiningar sem eru gefnar í þessum viðauka.

Þegar upplýsingar, er varða tiltekna endapunkta, eru ekki lagðar fram af öðrum ástæðum en þeim sem eru tilgreindar í 2. dálki þessa viðauka eða XI. viðauka skal greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og ástæðunum fyrir því.

7. UPPLÝSINGAR UM EÐLISEFNAFRÆÐILEGA EIGINLEIKA EFNISINS

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI	
7.1.	Ástand efnisins við 20 ºC og 101,3 kPa		
7.2.	Bræðslumark/frostmark	7.2.	Rannsóknin er óþörf ef bræðslu- eða frostmark efnisins er undir –20 ºC.
7.3.	Suðumark	7.3.	Rannsóknin er óþörf: – ef um er að ræða lofttegundir eða – ef um er að ræða föst efni sem eru annaðhvort með bræðslumarki yfir 300 ºC eða sundrast áður en þau ná suðumarki. Í slíkum tilvikum má áætla eða mæla suðumarkið við undirþrýsting eða – ef um er að ræða efni sem sundrast áður en þau ná suðumarki (t.d. við sjálfsoxun, umröðun, niðurbrot, sundrun o.s.frv.).
7.4.	Eðlismassi:	7.4.	Rannsóknin er óþörf: – ef efnið er eingöngu stöðugt í lausn í tilteknum leysi og eðlismassi lausnarinnar er áþekkur eðlismassa leysisins. Í slíkum tilvikum nægir að taka fram hvort eðlismassi lausnarinnar sé meiri eða minni en eðlismassi leysisins eða – ef efnið er lofttegund. Í því tilviki skal eðlismassinn reiknaður út frá mólþunga þess og kjörgaslögmálinu.

([1]) Þessi viðauki gildir fyrir framleiðendur hluta, sem skylt er að skrá í samræmi við 7. gr., og, að breyttu breytanda, fyrir aðra eftirnotendur sem er skylt að framkvæma tilraunir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

([2]) Athugasemd: skilyrðin fyrir undanþágu frá tiltekinni prófun, sem eru sett fram í viðeigandi prófunaraðferðum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eins og fram kemur í 3. mgr. 13. gr., gilda einnig þótt þau séu ekki endurtekin í 2. dálki.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI	
7.5.	Gufuþrýstingur	7.5.	Rannsóknin er óþörf ef bræðslumarkið er yfir 300 ºC. Ef bræðslumarkið er 200 – 300 ºC nægir að tilgreina viðmiðunargildi sem byggist á mælingu eða viðurkenndri reikniaðferð.
7.6.	Yfirborðsspenna	7.6.	Rannsóknin er því aðeins nauðsynleg: – að búast megi við eða spá megi fyrir um, út frá byggingunni, yfirborðsvirkni eða – að yfirborðsvirkni sé æskilegur eiginleiki efnisins. Ef leysni í vatni er minni en 1 mg/l við 20 °C er rannsóknin óþörf.
7.7.	Vatnsleysni	7.7.	Rannsóknin er óþörf: – ef efnið er óstöðugt í vatni við pH 4, 7 og 9 (helmingunartími er styttri en 12 klst.) eða – ef efnið oxast auðveldlega í vatni. Ef efnið virðist „óleysanlegt“ í vatni skal gera markprófun að greiningarmörkum efnagreiningaraðferðarinnar.
7.8.	Deilistuðull n-oktanóls og vatns	7.8.	Rannsóknin er óþörf ef efnið er ólífrænt. Ef ekki er kostur á að gera rannsóknina (t.d. ef efnið sundrast, hefur mikla yfirborðsvirkni, hvarfast kröftuglega meðan rannsóknin er gerð eða leysist ekki upp í vatni eða oktanóli eða ekki er unnt að fá nægilega hreint efni) skal leggja fram reiknað gildi fyrir log P, svo og upplýsingar um reikniaðferðina.
7.9.	Blossamark	7.9.	Rannsóknin er óþörf: – ef efnið er ólífrænt eða – ef efnið inniheldur eingöngu rokgjarna, lífræna efnisþætti með blossamarki yfir 100 °C fyrir vatnslausnir eða – ef reiknaða blossamarkið er yfir 200 °C eða – ef spá má nákvæmlega fyrir um blossamarkið með framreikningi út frá fyrirliggjandi efnum með þekktum eiginleikum.
7.10.	Eldfimi	7.10.	Rannsóknin er óþörf: – ef um er að ræða fast efni sem býr yfir sprengifimi eða er loftkveikjandi. Þessir eiginleikar skulu ávallt skoðaðir áður en eldfimi er metin, eða – ef um er að ræða lofttegundir og styrkur eldfimrar lofttegundar, sem er í blöndu með hvarftregum lofttegundum, er svo lítill að þegar hún blandast andrúmslofti er styrkurinn ávallt undir neðri viðmiðunarmörkum eða – ef um er að ræða efni sem kviknar sjálfkrafa í þegar þau komast í snertingu við andrúmsloft.
7.11.	Sprengifimi	7.11.	Rannsóknin er óþörf: – ef í sameindinni eru engir efnahópar, sem tengjast sprengifimum eiginleikum, eða – ef efnið inniheldur efnahópa sem í er súrefni og tengjast sprengifimum eiginleikum og reiknað súrefnisvægi er undir – 200 eða – ef viðkomandi lífræn efni eða einsleit blanda lífrænna efna hafa efnahópa sem tengjast sprengifimi en útvermin sundrunarorka er minni en 500 J/g og útvermin sundrun hefst við hitastig undir 500 ºC eða – ef um er að ræða blöndur ólífrænna, oxandi efna (SÞ-flokkur 5.1) og lífrænna efna og styrkur ólífræna, oxandi efnisins er: – minni en 15% að massahlutfalli, ef það fellur undir pökkunarflokk I (mikil hætta) eða II (miðlungi mikil hætta) í flokkunarkerfi SÞ, – minni en 30% að massahlutfalli, ef það fellur undir pökkunarflokk III (lítil hætta) í flokkunarkerfi SÞ. *Athugasemd*: Þess er hvorki krafist að framkvæmd sé prófun á útbreiðslu sprengingar né prófun á næmi fyrir sprengingarhöggi (sensitivity to detonative shock) ef útvermin sundrunarorka lífrænna efna er minni en 800 J/g.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI	
7.12.	Sjálfsíkveikjuhiti	7.12.	Rannsóknin er óþörf: – ef efnið er sprengifimt eða í því kviknar sjálfkrafa komist það í snertingu við loft við stofuhita eða – ef um er að ræða vökva, sem eru óeldfimir í snertingu við andrúmsloft, t.d. hafa blossamark yfir 200 °C, eða – ef um er að ræða lofttegundir, sem geta ekki komið fyrir í andrúmslofti í þeim styrk að í þeim kvikni, eða – ef um er að ræða föst efni og efnið hefur bræðslumark ≤ 160 °C eða ef bráðabirgðaniðurstöður útiloka að efnið sjálfhitni að 400 °C
7.13.	Oxandi eiginleikar	7.13.	Rannsóknin er óþörf: – ef efnið er sprengifimt eða – ef efnið er mjög eldfimt eða – ef efnið er lífrænt peroxíð eða – ef efnið getur ekki hvarfast á útverminn hátt við brennanleg efni, t.d. vegna efnabyggingar (t.d. lífræn efni, sem innihalda hvorki súrefnis- né halógenfrumeindir og þar sem þessi frumefni eru ekki bundin köfnunarefni eða súrefni með efnatengjum, eða ólífræn efni sem innihalda hvorki súrefnis- né halógenfrumeindir). Ekki er þörf á að láta alla rannsóknina fara fram ef um er að ræða föst efni og bráðabirgðarannsóknir hafa greinilega bent til þess að prófunarefnið búi yfir oxandi eiginleikum. *Athugasemd*: Ekki er til nein aðferð til að ákvarða oxandi eiginleika hjá blöndu lofttegunda; mat á þessum eiginleikum verður að vinna með aðferð sem byggist á því að bera saman oxunarmátt lofttegunda í blöndu og oxunarmátt súrefnis í andrúmslofti.
7.14.	Kornastærð	7.14.	Rannsóknin er óþörf ef efnið er sett á markað eða notað sem efni, sem er ekki í föstu formi, eða kornað efni.

8. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI	
8.1.	Húðerting eða -æting Mat á þessum endapunkti skal ná yfir eftirfarandi þrep í tilgreindri röð: 1) mat á fyrirliggjandi gögnum um menn og dýr, 2) mat á sýru- eða basaforða, 3) rannsóknir í glasi á húðætingu, 4) rannsóknir í glasi á húðertingu,	8.1.	Ekki þarf að framkvæma 3. og 4. þrep: – ef fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að viðmiðununum sé fullnægt að því er varðar flokkun sem ætandi efni fyrir húð eða ertandi fyrir augu eða – ef efnið er eldfimt í snertingu við loft við stofuhita eða – ef efnið er flokkað sem mjög eitrað, komist það í snertingu við húð, eða – ef rannsókn á bráðum eiturhrifum með íkomuleið um húð bendir ekki til húðertingar að háskammti (2000 mg/kg/líkamsþyngdar).
8.2.	Augnerting Mat á þessum endapunkti skal ná yfir eftirfarandi þrep í tilgreindri röð: 1) mat á fyrirliggjandi gögnum um menn og dýr, 2) mat á sýru- eða basaforða, 3) rannsóknir í glasi á augnertingu.	8.2.	Ekki þarf að framkvæma 3. þrep: – ef fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að viðmiðununum sé fullnægt að því er varðar flokkun sem ætandi efni fyrir húð eða ertandi fyrir augu eða – ef efnið er eldfimt í snertingu við loft við stofuhita,

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI	
8.3.	Húðnæming Mat á þessum endapunkti skal ná yfir eftirfarandi þrep í tilgreindri röð: 1) mat á fyrirliggjandi gögnum um menn og dýr, ásamt gögnum úr öðrum rannsóknum, 2) rannsóknir í lífi.	8.3.	Ekki þarf að framkvæma 2. þrep: – ef fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að flokka skuli efnið sem næmandi eða ætandi fyrir húð eða – ef efnið er sterk sýra (pH ≤ 2,0) eða basi (pH ≥ 11,5) eða – ef efnið er eldfimt í snertingu við loft við stofuhita. Eitlagreining (LLNA) í músum er fyrsti kostur þegar velja þarf aðferð til rannsókna í lífi. Ekki skal nota aðra aðferð nema í undantekningartilvikum. Færa skal rök fyrir því ef notuð er önnur aðferð.
8.4.	Stökkbreytandi áhrif	8.4.	Frekari rannsóknir á stökkbreytandi áhrifum skulu íhugaðar ef niðurstöður reynast jákvæðar.
8.4.1.	Rannsókn í glasi á genastökkbreytingum í bakteríum		
8.5.	Bráð eiturhrif	8.5.	Rannsóknin eða rannsóknirnar eru að jafnaði óþarfar: – ef efnið er flokkað sem ætandi fyrir húð.
8.5.1.	Íkomuleið um munn		Rannsóknin er óþörf ef fyrir liggja niðurstöður úr rannsókn á bráðum eiturhrifum þar sem íkomuleiðin er með innöndun (8.5.2).

9. VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI	
9.1.	Eiturhrif á lífríki í vatni		
9.1.1.	Rannsóknir á skammvinnum eiturhrifum á hryggleysingja (ákjósanlegasta tegundin: halafló (*Daphnia*) Skráningaraðilinn getur valið að gera rannsókn á langvinnum eiturhrifum í stað skammvinnra eiturhrifa.	9.1.1.	Rannsóknin er óþörf: – ef mildandi þættir benda til þess að ólíklegt sé að eiturhrif á lífríki í vatni komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða ef ólíklegt er að efnið berist gegnum líffræðilegar himnur eða – ef fyrir liggja niðurstöður úr rannsóknum á langvinnum eiturhrifum á hryggleysingja eða – ef fyrir liggja nægar upplýsingar til flokkunar og merkingar að því er varðar umhverfi. Rannsókn á langvinnum eiturhrifum á halafló (*Daphnia*) (liður 9.1.5 í IX. viðauka) kemur til greina ef efnið leysist illa í vatni.
9.1.2.	Rannsókn á vaxtarhömlun hjá vatnaplöntum (helst þörungum)	9.1.2.	Rannsóknin er óþörf ef mildandi þættir benda til þess að ólíklegt sé að eiturhrif á lífríki í vatni komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða ólíklegt er að efnið berist gegnum líffræðilegar himnur.
9.2.	Niðurbrot		
9.2.1.	Lífrænt niðurbrot		
9.2.1.1.	Auðlífbrjótanleiki	9.2.1.1.	Rannsóknin er óþörf ef efnið er ólífrænt.

Leggja skal fram allar aðrar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli.

VIII. VIÐAUKI

STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 10 TONNUM EÐA MEIRA

Í 1. dálki þessa viðauka eru tilgreindar þær staðalupplýsingar sem krafist er fyrir öll efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem nemur10 tonnum eða meira í samræmi við c-lið 1. mgr. 12. gr.

Upplýsingarnar í 1. dálki í þessum viðauka eru því nauðsynlegar til viðbótar þeim sem verða að koma fram í 1. dálki við VII. viðauka. Leggja skal fram allar aðrar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli.

Í 2. dálki þessa viðauka eru tilgreindar sértækar reglur sem kveða á um hvaða tilskildum staðalupplýsingum megi sleppa, hverjum megi skipta út fyrir aðrar, hverjar megi leggja fram á mismunandi stigum og hverjum megi breyta á annan hátt. Ef skilyrðin í 2. dálki þessa viðauka, sem heimila aðlögun, eru uppfyllt skal skráningaraðilinn greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og tilgreina ástæðurnar fyrir hverri breytingu í viðeigandi lið í skráningarskjölunum.

Auk þessara sértæku reglna getur skráningaraðilinn aðlagað tilskildu staðalupplýsingarnar, sem eru settar fram í 1. dálki í þessum viðauka, í samræmi við almennu reglurnar í XI. viðauka. Í því tilviki skal hann einnig greina skilmerkilega frá ástæðunum fyrir öllum ákvörðunum um að aðlaga staðalupplýsingarnar í viðeigandi liðum í skráningarskjölunum og vísa til viðkomandi, sértækrar reglu eða sértækra reglna í 2. dálki eða í XI. viðauka ([2]).

Áður en nýjar rannsóknir eru gerðar í því skyni að ákvarða eiginleikana, sem eru tilgreindir í þessum viðauka, skal fyrst leggja mat á öll fyrirliggjandi gögn um rannsóknir í glasi, gögn um rannsóknir í lífi, rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, gögn úr rannsóknum á megindlegum eða eigindlegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR) og gögn um efni með svipaða byggingu (ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum). Forðast skal að gera tilraunir í lífi með ætandi efni í styrk eða skammtastærðum sem valda ætingu. Áður en tilraunir eru gerðar skal afla frekari leiðbeininga um tilraunaaðferðir til viðbótar við þær leiðbeiningar sem eru gefnar í þessum viðauka.

Þegar upplýsingar, er varða tiltekna endapunkta, eru ekki lagðar fram af öðrum ástæðum en þeim sem eru tilgreindar í 2. dálki þessa viðauka eða XI. viðauka skal greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og ástæðunum fyrir því.

8. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
8.1.	Húðerting	
8.1.1.	Rannsókn á húðertingu í lífi	8.1.1. Rannsóknin er óþörf ef: – efnið er flokkað sem ætandi fyrir húð eða ertandi fyrir húð eða – efnið er sterk sýra (pH ≤ 2,0) eða basi (pH ≥ 11,5) eða – efnið er eldfimt í snertingu við loft við stofuhita eða – efnið er flokkað sem mjög eitrað, komist það í snertingu við húð eða – rannsókn á bráðum eiturhrifum með íkomuleið um húð bendir ekki til húðertingar að háskammti (2000 mg/kg/líkamsþyngdar).
8.2.	Augnerting	
8.2.1.	Rannsókn á augnertingu í lífi	8.2.1. Rannsóknin er óþörf ef: – efnið er flokkað sem ertandi fyrir augu og hætta er á alvarlegum augnskaða eða – efnið er flokkað sem ætandi fyrir húð, þó því aðeins að skráningaraðilinn hafi flokkað efnið sem ertandi fyrir augu eða – efnið er sterk sýra (pH ≤ 2,0) eða basi (pH ≥ 11,5) eða – efnið er eldfimt í snertingu við loft við stofuhita.
8.4.	Stökkbreytandi áhrif	
8.4.2.	Rannsókn í glasi á frumuerfðum (cytogenicity) í spendýrsfrumum eða rannsókn í glasi á smákjörnum	8.4.2. Rannsóknin er óþörf ef: – fullnægjandi gögn úr rannsókn í lífi á frumuerfðum liggja fyrir eða – vitað er að efnið er krabbameinsvaldur í 1. eða 2. flokki eða stökkbreytivaldur í 1., 2. eða 3. flokki.

([1]) Þessi viðauki gildir fyrir framleiðendur hluta, sem skylt er að skrá í samræmi við 7. gr., og, að breyttu breytanda, fyrir aðra eftirnotendur sem er skylt að framkvæma tilraunir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

([2]) Athugasemd: skilyrðin fyrir undanþágu frá tiltekinni prófun, sem eru sett fram í viðeigandi prófunaraðferðum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eins og fram kemur í 3. mgr. 13. gr., gilda einnig þótt þau séu ekki endurtekin í 2. dálki.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI	
8.4.3.	Rannsókn í glasi á genastökkbreytingum í spendýrsfrumum ef niðurstöður eru neikvæðar í lið 8.4.1 í VII. viðauka og lið 8.4.2 í VIII. viðauka.	8.4.3.	Rannsóknin er að jafnaði óþörf ef fyrir liggja fullnægjandi gögn úr áreiðanlegum rannsóknum í lífi á genastökkbreytingum í spendýrsfrumum.
		8.4.	Ef niðurstöður einnar af erfðaeiturhrifarannsóknunum í lífi í VII. eða VIII. viðauka eru jákvæðar skal vega og meta hvort gera skuli viðeigandi rannsóknir í lífi á stökkbreytandi hrifum.
8.5.	Bráð eiturhrif	8.5.	Rannsóknin eða rannsóknirnar eru að jafnaði óþarfar ef: – efnið er flokkað sem ætandi fyrir húð. Ef um er að ræða efni, sem eru ekki lofttegundir, skal leggja fram upplýsingarnar, sem eru nefndar í liðum 8.5.2 og 8.5.3, að því er varðar a.m.k. eina íkomuleið, auk íkomuleiðarinnar um munn (liður 8.5.1). Valið á viðbótaríkomuleiðinni skal ráðast af eðliseiginleikum efnisins og því hver líklegasta váhrifaleiðin er að því er menn varðar. Ef váhrifaleiðin er aðeins ein þarf aðeins að leggja fram upplýsingar um hana.
8.5.2.	Íkomuleið með innöndun	8.5.2.	Rétt er að rannsaka íkomuleiðina við innöndun ef líklegt er að menn verði fyrir váhrifum frá innöndunarlofti, að teknu tilliti til gufuþrýstings efnisins og/eða þess hvort váhrif frá úða, ögnum eða dropum, sem eru af þeirri stærð að unnt er að anda þeim að sér, séu hugsanleg.
8.5.3.	Íkomuleið um húð	8.5.3.	Rétt er að rannsaka íkomuleiðina um húð ef: (1) ólíklegt er að efnið berist með innöndunarlofti og (2) líklegt er að efnið komist í snertingu við húð í framleiðslu og/eða notkun og (3) eðlisefnafræðilegir og eiturefnafræðilegir eiginleikar benda til þess að upptaka um húð geti verið umtalsverð.
8.6.	Eiturhrif við endurtekna skammta		
8.6.1.	Rannsókn (28 daga) á skammvinnum eiturhrifum við endurtekna skammta með einni tegund, karl- og kvendýrum, þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn.	8.6.1.	Rannsóknin á skammvinnum (28 dagar) eiturhrifum er óþörf ef: – fyrir liggja áreiðanlegar niðurstöður úr rannsóknum (90 daga) á hálflangvinnum eða langvinnum eiturhrifum, að því tilskildu að notuð sé heppileg dýrategund, skammtur, leysir og íkomuleið eða – efnið sundrast þegar í stað og fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um efnin sem myndast við það eða – unnt er að útiloka viðkomandi váhrif á menn í samræmi við 3. lið XI. viðauka. Velja skal viðeigandi íkomuleið á grundvelli eftirfarandi: Rétt er að rannsaka íkomuleiðina um húð ef: 1) ólíklegt er að efnið berist með innöndunarlofti og 2) líklegt er að efnið komist í snertingu við húð í framleiðslu og/eða notkun og 3) eðlisefnafræðilegir og eiturefnafræðilegir eiginleikar benda til þess að upptaka um húð geti verið umtalsverð. Rétt er að rannsaka íkomuleiðina við innöndun ef líklegt er að menn verði fyrir váhrifum frá innöndunarlofti, að teknu tilliti til gufuþrýstings efnisins og/eða þess hvort váhrif frá úða, ögnum eða dropum, sem eru af þeirri stærð að unnt er að anda þeim að sér, séu hugsanleg. Skráningaraðilinn skal gera tillögu að rannsókn (90 dagar) á hálflangvinnum eiturhrifum (liður 8.6.2 í IX. viðauka) ef: fjöldi tilvika, þar sem menn verða fyrir váhrifum, og lengd þeirra benda til þess að rétt sé að gera rannsókn sem varir lengur;

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
		og að uppfylltum einu af eftirfarandi skilyrðum: – önnur fyrirliggjandi gögn benda til þess að efnið kunni að búa yfir hættulegum eiginleika sem ógerlegt er að greina í skammvinnri rannsókn á eiturhrifum eða – rannsóknir á eiturefnaferlum, sem eru rétt útfærðar, leiða í ljós að efni, eða umbrotsefni þess, safnast upp í tilteknum vefjum eða líffærum, sem koma e.t.v. ekki fram í rannsóknum á skammvinnum eiturhrifum en sem geta haft í för með sér skaðleg áhrif við langvinn váhrif. Skráningaraðilinn skal gera tillögu að frekari rannsóknum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef: – ekki tekst að ákvarða mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL) í 28 eða 90 daga rannsóknunum, nema ástæða þess að ekki takist að ákvarða fyrrgreind mörk sé sú að ekki sé um nein skaðleg eiturhrif að ræða eða – eiturhrifin eru alvarlegs eðlis (t.d. alvarleg áhrif koma fram) eða – vísbendingar liggja fyrir um tiltekin áhrif en ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilega lýsingu eða lýsingu á áhættu á fyrirliggjandi niðurstöðum. Í þeim tilvikum gæti það hentað betur að gera sérstakar, eiturefnafræðilegar rannsóknir sem eru settar upp í því skyni að rannsaka þessi áhrif (t.d. ónæmiseiturhrif eða taugaeiturhrif) eða – íkomuleiðin, sem var notuð í fyrstu rannsókninni með endurteknum skömmtum, var óhentug, að því er varðar væntanlegar íkomuleiðir váhrifa sem menn verða fyrir, og ekki er unnt að framreikna eina íkomuleið yfir á aðra eða – váhrif valda sérstökum áhyggjum (t.d. notkun í neytendavörum sem leiðir til að umfang váhrifa er nálægt þeim skammtastærðum sem vænta má að valdi eiturhrifum á menn) eða – áhrif, sem koma fram hjá efnum sem eru byggingarlega náskyld efninu sem verið er að rannsaka, greindust ekki í 28 eða 90 daga rannsókninni.
8.7.	Skaðleg áhrif á æxlun	
8.7.1.	Skimun eftir skaðlegum áhrifum á æxlun og þroskun með einni tegund (OECD 421 eða 422), ef fyrirliggjandi upplýsingar um efni með svipaða byggingu, mat á eigindlegum eða megindlegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR) eða prófanir í glasi gefa engar vísbendingar um að efnið geti haft skaðleg áhrif á þroskun.	8.7.1. Þessi rannsókn er óþörf ef: – vitað er að efnið er krabbameinsvaldandi erfðaeitur og viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eru gerðar eða – vitað er að efnið veldur stökkbreytingum í kímfrumum og viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eru gerðar eða – unnt er að útiloka viðkomandi váhrif á menn í samræmi við 3. lið XI. viðauka eða – rannsókn á skaðlegum áhrifum á þroskun á forburðarskeiði (liður 8.7.2. í XI. viðauka) eða rannsókn á skaðlegum áhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum (liður 8.7.3. í IX. viðauka) liggja fyrir. Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á frjósemi og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H60, og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari frjósemisprófanir. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða skaðleg áhrif á þroskun. Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á þroskun og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H61, og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari prófanir á skaðlegum áhrifum á þroskun. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða áhrif á frjósemi. Í þeim tilvikum, þar sem hugsanleg, skaðleg áhrif á frjósemi eða þroskun eru mikið áhyggjuefni, getur skráningaraðilinn annaðhvort lagt til rannsókn á skaðlegum áhrifum á þroskun á forburðarskeiði (liður 8.7.2 í IX. viðauka) eða rannsókn á skaðlegum áhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum (liður 8.7.3 í IX. viðauka) í stað skimunarrannsóknarinnar.
8.8.	Eiturefnaferli	
8.8.1.	Mat á eiturhvarfafræðilegri hegðun efnisins að því marki sem unnt er að ákvarða út frá viðeigandi upplýsingum sem liggja fyrir	

9. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI	
9.1.3.	Rannsóknir á skammvinnum eiturhrifum á fisk: Skráningaraðilinn getur valið að gera rannsókn á langvinnum eiturhrifum í stað skammvinnra eiturhrifa.	9.1.3.	Rannsóknin er óþörf ef: – fyrir liggja mildandi þættir sem benda til þess að ólíklegt sé að eiturhrif á lífríki í vatni komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða ólíklegt er að efnið berist gegnum líffræðilegar himnur eða – fyrir liggja niðurstöður úr rannsóknum á langvinnum eiturhrifum á fisk. Rannsókn á langvinnum eiturhrifum, sem lýst er í IX. viðauka, kemur til greina ef efnaöryggismatið, skv. I. viðauka, gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar áhrif á vatnalífverur. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu. Rannsókn á langvinnum eiturhrifum á fisk (liður 9.1.6 í IX. viðauka) kemur til greina ef efnið leysist illa í vatni.
9.1.4.	Rannsókn á öndunarhömlun í virkri eðju	9.1.4.	Rannsóknin er óþörf ef: – ekki er um neina losun að ræða í skólphreinsistöð eða – fyrir liggja mildandi þættir sem benda til þess að ólíklegt sé að örverufræðileg eiturhrif komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða – efnið er auðlífbrjótanlegt og þeir styrkleikar, sem eru notaðir í prófuninni, eru á því styrkbili sem vænta má fyrir aðrennsli skólphreinsistöðvar. Í stað rannsóknarinnar má gera prófun með nítrunarlata ef fyrirliggjandi gögn sýna að líklegt sé að efnið hafi letjandi áhrif á vöxt eða starfsemi örvera, einkum nítratmyndandi baktería.
9.2.	Niðurbrot	9.2.	Gera má frekari rannsóknir á niðurbroti ef niðurstöður efnaöryggismatsins, í samræmi við I. viðauka, gefa til kynna að þörf sé á að rannsaka nánar niðurbrot efnisins. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu.
9.2.2.	Ólífrænt niðurbrot	9.2.2.1.	Rannsóknin er óþörf ef:
9.2.2.1.	Vatnsrof sem fall af sýrustigi		– efnið er auðlífbrjótanlegt eða – efnið leysist mjög illa í vatni.
9.3.	Afdrif og hegðun í umhverfinu		
9.3.1.	Skimunarrannsókn að því er varðar ásog/afsog	9.3.1.	Rannsóknin er óþörf ef: – líklegt er að efnið, á grundvelli eðlisefnafræðilegra eiginleika þess, hafi litla tilhneigingu til ásogs (t.d. ef efnið hefur lágan deilistuðul fyrir oktanól eða vatn) eða – efnið og viðkomandi niðurbrotsefni þess sundrast hratt.

IX. VIÐAUKI

STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 100 TONNUM EÐA MEIRA ([1])

Til að uppfylla upplýsingakröfurnar í þessum viðauka skal skráningaraðilinn leggja fram tillögu og tímaáætlun í samræmi við d-lið 1. mgr. 12. gr.

Í 1. dálki þessa viðauka eru tilgreindar þær staðalupplýsingar sem krafist er fyrir öll efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem nemur100 tonnum eða meira í samræmi við d-lið 1. mgr. 12. gr. Upplýsingarnar í 1. dálki í þessum viðauka eru því nauðsynlegar til viðbótar þeim sem verða að koma fram í 1. dálki í VII. og VIII. viðauka. Leggja skal fram allar aðrar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli. Í 2. dálki þessa viðauka eru tilgreindar sértækar reglur sem kveða á um hvaða tilskildum staðalupplýsingum skráningaraðilinn má leggja til að sé sleppt, hverjum megi skipta út fyrir aðrar, hverjar megi leggja fram á síðari stigum og hverjum megi breyta á annan hátt. Ef skilyrðin í 2. dálki þessa viðauka, sem heimila tillögu að aðlögun, eru uppfyllt skal skráningaraðilinn greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og tilgreina ástæðurnar fyrir tillögu að hverri breytingu í viðeigandi lið í skráningarskjölunum.

Auk þessara sértæku reglna getur skráningaraðilinn lagt til að tilskildu staðalupplýsingarnar, sem settar eru fram í 1. dálki þessa viðauka, séu aðlagaðar í samræmi við almennu reglurnar í XI. viðauka. Í því tilviki skal hann greina skilmerkilega frá ástæðunum fyrir öllum ákvörðunum um að leggja til aðlögun staðalupplýsinganna í viðeigandi liðum í skráningarskjölunum og vísa til viðkomandi, sértækrar reglu eða sértækra reglna í 2. dálki eða í XI. viðauka ([2]).

Áður en nýjar rannsóknir eru gerðar í því skyni að ákvarða eiginleikana, sem eru tilgreindir í þessum viðauka, skal fyrst leggja mat á öll fyrirliggjandi gögn um rannsóknir í glasi, gögn um rannsóknir í lífi, rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, gögn úr rannsóknum á megindlegum eða eigindlegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR) og gögn um efni með svipaða byggingu (ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum). Forðast skal að gera tilraunir í lífi með ætandi efni í styrk eða skammtastærðum sem valda ætingu. Áður en tilraunir eru gerðar skal afla frekari leiðbeininga um tilraunaaðferðir til viðbótar við þær leiðbeiningar sem eru gefnar í þessum viðauka.

Þegar lagt er til að upplýsingar, er varða tiltekna endapunkta, séu ekki lagðar fram af öðrum ástæðum en þeim sem eru tilgreindar í 2. dálki þessa viðauka eða XI. viðauka skal greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og ástæðunum fyrir því.

7. UPPLÝSINGAR UM EÐLISEFNAFRÆÐILEGA EIGINLEIKA EFNISINS

	1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
7.15.	Stöðugleiki í lífrænum leysum og auðkenni viðkomandi niðurbrotsefna. Einungis krafist ef stöðugleiki efnisins telst vera mikilvægur.	7.15. Rannsóknin er óþörf ef efnið er ólífrænt.
7.16.	Klofnunarstuðull	7.16. Rannsóknin er óþörf ef: – efnið er óstöðugt í vatni (helmingunartími er styttri en 12 klst.) eða oxast auðveldlega í vatni eða – ógerlegt er að gera prófunina af vísindalegum ástæðum, t.d. ef greiningaraðferðin er ekki nógu nákvæm.
7.17.	Seigja	

([1]) Þessi viðauki gildir fyrir framleiðendur hluta, sem skylt er að skrá í samræmi við 7. gr., og, að breyttu breytanda, fyrir aðra eftirnotendur sem er skylt að framkvæma tilraunir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

([2]) Athugasemd: skilyrðin fyrir undanþágu frá tiltekinni prófun, sem eru sett fram í viðeigandi prófunaraðferðum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eins og fram kemur í 3. mgr. 13. gr., gilda einnig þótt þau séu ekki endurtekin í 2. dálki.

8. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
		8.4. Ef niðurstöður einhverrar af erfðaeiturhrifarannsóknunum í glasi í VII. eða VIII. viðauka eru jákvæðar og engar niðurstöður liggja fyrir úr rannsókn í lífi skal skráningaraðilinn leggja fram tillögu að rannsókn í lífi á erfðaeiturhrifum í líkamsfrumum. Ef jákvæðar niðurstöður úr rannsókn í lífi á líkamsfrumum liggja fyrir skal líta á tilhneigingu til stökkbreytandi áhrifa í kímfrumum á grundvelli allra fyrirliggjandi gagna, þ.m.t. gögn um eiturefnaferli. Ef ekki er unnt draga skýrar ályktanir um stökkbreytandi áhrif á kímfrumur skulu frekari rannsóknir koma til álita.
8.6.	Eiturhrif við endurtekna skammta	
8.6.1.	Rannsókn (28 daga) á skammvinnum eiturhrifum við endurtekna skammta með einni tegund, karl- og kvendýrum, þar sem ákomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn verða fyrir, nema slíkar upplýsingar liggi þegar fyrir samkvæmt kröfunum í VIII. viðauka eða lagt sé til að rannsóknir fari fram í samræmi við lið 8.6.2. í þessum viðauka. Í því tilviki gildir 3. liður í XI. viðauka ekki.	
8.6.2.	Rannsókn (90 daga) á hálflangvinnum eiturhrifum með einni tegund, nagdýri, karl- og kvendýrum,; þar sem ákomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn.	8.6.2. Rannsóknin (90 daga) á hálflangvinnum eiturhrifum er óþörf ef: – áreiðanlegar rannsóknarniðurstöður (28 daga) á skammvinnum eiturhrifum liggja fyrir sem leiða í ljós alvarleg eiturhrif samkvæmt viðmiðunum fyrir flokkun efnisins sem H48 þar sem unnt er með beitingu viðeigandi óvissustuðuls að framreikna NOAEL-28 daga yfir á NOAEL-90 daga fyrir sama váhrifamáta eða – fyrir liggja áreiðanlegar niðurstöður úr rannsóknum á langvinnum eiturhrifum, að því tilskildu að notuð sé heppileg dýrategund og ákomuleið eða – efnið sundrast þegar í stað og fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um efnin sem myndast við það (bæði að því er varðar útbreidd áhrif og áhrif við upptökustað) eða – efnið er óhvarfgjarnt, óleysanlegt og ekki er unnt að anda því að sér og engin merki koma fram um upptöku eða eiturhrif í 28 daga „markprófun“, einkum ef váhrif á menn eru jafnframt takmörkuð. Velja skal viðeigandi ákomuleið á grundvelli eftirfarandi: Rétt er að rannsaka ákomuleiðina um húð ef: 1) líklegt er að efnið komist í snertingu við húð í framleiðslu og/eða notkun og 2) eðlisefnafræðilegir eiginleikar benda til þess að upptaka um húð sé umtalsverð og 3) eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt: – eiturhrif í prófun á bráðum eiturhrifum á húð koma fram í minni skömmtum en í prófun á bráðum eiturhrifum við inntöku eða – útbreidd áhrif eða önnur merki um upptöku koma fram í húð- og/eða augnertingarrannsóknum eða – rannsóknir í glasi benda til umtalsverðar upptöku um húð eða – umtalsverð eiturhrif á húð eða upptaka gegnum húð kemur fram að því er varðar efni sem eru með svipaða byggingu.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI	
			Rétt er að rannsaka íkomuleiðina við innöndun ef: – líklegt er að menn verði fyrir váhrifum frá innöndunarlofti, að teknu tilliti til gufuþrýstings efnisins og/eða þess hvort váhrif frá úða, ögnum eða dropum, sem eru af þeirri stærð að unnt er að anda þeim að sér, séu hugsanleg. Skráningaraðilinn skal gera tillögu að frekari rannsóknum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef: – ekki tekst að ákvarða mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif í 90 daga rannsókninni, nema ástæða þess að ekki takist að ákvarða fyrrgreind mörk sé sú að ekki sé um nein skaðleg eiturhrif að ræða eða – eiturhrifin eru alvarlegs eðlis (t.d. alvarleg áhrif koma fram) eða – vísbendingar um áhrif liggja fyrir en ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilega lýsingu eða lýsingu á áhættu á fyrirliggjandi niðurstöðum. Í þeim tilvikum gæti hentað betur að gera sérstakar, eiturefnafræðilegar rannsóknir sem eru settar upp í því skyni að rannsaka þessi áhrif (t.d. ónæmiseiturhrif eða taugaeiturhrif) eða – váhrif valda sérstökum áhyggjum (t.d. notkun í neytendavörur sem leiðir til að umfang váhrifa er nálægt þeim skammtastærðum sem vænta má að hafi eiturhrif á menn).
8.7.	Skaðleg áhrif á æxlun	8.7.	Rannsóknirnar eru óþarfar ef: – vitað er að efnið er krabbameinsvaldandi erfðaeitur og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eða – vitað er að efnið veldur stökkbreytingum í kímfrumum og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eða – efnið hefur litla eiturefnafræðilega virkni (fyrirliggjandi prófanir sýna engin merki um eiturhrif), unnt er að færa sönnur á, á grundvelli gagna um eiturefnaferli, að engin kerfistengd upptaka eftir viðkomandi váhrifaleið eigi sér stað (styrkur í blóðvökva/blóði er t.d. undir greiningarmörkum með notkun nákvæmrar aðferðar og hvorki efnið né umbrotsefni þess er fyrir hendi í þvagi, galli eða útöndunarlofti) og váhrif á menn eru engin eða óveruleg. Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á frjósemi og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H60, og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari frjósemisprófanir. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða skaðleg áhrif á þroskun. Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á þroskun og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H61, og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari prófanir á skaðlegum áhrifum á þroskun. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða áhrif á frjósemi.
8.7.2.	Rannsókn á skaðlegum áhrifum á þroskun á forburðarskeiði með einni tegund þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn (B.31 í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir sem tilgreindar eru í 3. mgr. 13. gr. eða OECD 414).	8.7.2.	Í fyrstu skal gera rannsóknina á einni tegund. Ákvörðun um hvort gera þurfi rannsókn á þessu magnbili eða næsta á annarri tegund skal byggjast á niðurstöðum úr fyrstu rannsókninni og öllum öðrum fyrirliggjandi gögnum sem skipta máli.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
8.7.3.	Rannsókn á skaðlegum áhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum með einni tegund, karl- og kvendýrum, þar sem ákomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn, ef 28 eða 90 daga rannsóknin sýnir skaðleg áhrif á æxlunarfæri eða -vefi.	8.7.3. Í fyrstu skal gera rannsóknina á einni tegund. Ákvörðun um hvort gera þurfi rannsókn á þessu magnbili eða því næsta á annarri tegund skal byggjast á niðurstöðum úr fyrstu rannsókninni og öllum öðrum fyrirliggjandi gögnum sem skipta máli.

9. VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
9.1.	Eiturhrif á lífríki í vatni	9.1. Skráningaraðilinn skal gera tillögu að rannsókn á langvinnum eiturhrifum ef efnaöryggismatið, skv. I. viðauka, gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar áhrif á vatnalífverur. Val á viðeigandi prófun eða prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu.
9.1.5.	Rannsókn á langvinnum eiturhrifum á hryggleysingja (ákjósanlegasta tegund: halafló (*Daphnia*)) (nema slíkar upplýsingar liggi þegar fyrir samkvæmt kröfunum í VII. viðauka).	
9.1.6.	Rannsókn á langvinnum eiturhrifum á fisk (nema slíkar upplýsingar liggi þegar fyrir samkvæmt kröfunum í VIII. viðauka). Veita skal upplýsingar fyrir lið 9.1.6.1, 9.1.6.2 eða 9.1.6.3.	
9.1.6.2.	Prófun á eiturhrifum á fisk á fyrstu þroskastigum	
9.1.6.2.	Prófun á skammvinnum eiturhrifum á fósturvísis- og kviðpokastigi	
9.1.6.3.	Vaxtarprófun á ungfiski	
9.2.	Niðurbrot	9.2. Skráningaraðilinn skal gera tillögu að frekari rannsóknum á lífrænu niðurbroti ef efnaöryggismatið, skv. I. viðauka, gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar niðurbrot efnisins ásamt niðurbrotsefnum þess. Val á viðeigandi prófun eða prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu og getur falið í sér hermiprófun í viðeigandi miðli (t.d. vatni, seti eða jarðvegi).
9.2.1.	Lífrænt niðurbrot	
9.2.1.2.	Hermiprófun á endanlegu niðurbroti í yfirborðsvatni	9.2.1.2. Rannsóknin er óþörf ef: – efnið leysist mjög illa í vatni eða – efnið er auðlífbrjótanlegt.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
9.2.1.3.	Hermiprófun í jarðvegi (að því er varðar efni sem hafa mikla tilhneigingu til að ásogast í jarðvegi)	9.2.1.3. Rannsóknin er óþörf ef: – efnið er auðlífbrjótanlegt eða – ólíklegt er að jarðvegur verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum.
9.2.1.4.	Hermiprófun í seti (að því er varðar efni sem hafa mikla tilhneigingu til að ásogast í seti)	9.2.1.4. Rannsóknin er óþörf ef: – efnið er auðlífbrjótanlegt eða – ólíklegt er að set verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum.
9.2.3.	Sanngreining niðurbrotsefna	9.2.3. Nema efnið sé auðlífbrjótanlegt.
9.3.	Afdrif og hegðun í umhverfinu	
9.3.2.	Uppsöfnun í lagardýrategundum, einkum fiski	9.3.2. Rannsóknin er óþörf ef: – efnið hefur litla tilhneigingu til að safnast upp í lífverum (t.d. log Kow ≤ 3) og/eða berast treglega gegnum líffræðilegar himnur eða – ólíklegt er að vatnsrænt umhverfishólf verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum.
9.3.3.	Frekari upplýsingar um ásog/afsog miðað við niðurstöður úr rannsókninni sem krafist er í VIII. viðauka.	9.3.3. Rannsóknin er óþörf ef: – líklegt er að efnið, á grundvelli eðlisefnafræðilegra eiginleika þess, hafi litla tilhneigingu til ásogs (t.d. ef efnið hefur lágan deilistuðul fyrir oktanól eða vatn) eða – efnið og niðurbrotsefni þess sundrast hratt.
9.4.	Áhrif á landlífverur	9.4. Þessar rannsóknir eru óþarfar ef ólíklegt er að jarðvegur verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum. Ef gögn um eiturhrif á jarðvegslífverur liggja ekki fyrir er heimilt að beita deilijafnvægisaðferð (equilibrium partitioning method) til að meta hættu sem steðjar að jarðvegslífverum. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu. Skráningaraðilinn getur valið að gera rannsóknir á langvinnum eiturhrifum í stað skammvinnra eiturhrifa, einkum að því er varðar efni sem hafa mikla tilhneigingu til að ásogast í jarðvegi.
9.4.1.	Skammvinn eiturhrif á hryggleysingja	
9.4.2.	Áhrif á örverur í jarðvegi	
9.4.3.	Skammvinn eiturhrif á plöntur	

10. AÐFERÐIR NOTAÐAR VIÐ SANNGREININGU OG GREININGU

Ef þess er óskað skal leggja fram lýsingu á greiningaraðferðunum er varða viðkomandi umhverfishólf sem rannsökuð voru með viðkomandi greiningaraðferðum. Ef greiningaraðferðirnar liggja ekki fyrir skal skýra ástæðurnar fyrir vöntuninni.

X. VIÐAUKI

STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 1000 TONNUM EÐA MEIRA ([1])

Til að uppfylla upplýsingakröfurnar í þessum viðauka skal skráningaraðilinn leggja fram tillögu og tímaáætlun í samræmi við e-lið 1. mgr. 12. gr.

Í 1. dálki þessa viðauka eru tilgreindar þær staðalupplýsingar sem krafist er fyrir öll efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er 1000 tonn eða meira í samræmi við e-lið 1. mgr. 12. gr. Upplýsingarnar í 1. dálki í þessum viðauka eru því nauðsynlegar til viðbótar þeim sem verða að koma fram í 1. dálki í VII., VIII. og IX. viðauka. Leggja skal fram allar aðrar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli. Í 2. dálki þessa viðauka eru tilgreindar sértækar reglur sem kveða á um hvaða tilskildum staðalupplýsingum skráningaraðilinn má leggja til að sé sleppt, hverjum megi skipta út fyrir aðrar, hverjar megi leggja fram á síðari stigum og hverjum megi breyta á annan hátt. Ef skilyrðin, sem eru tilgreind í 2. dálki þessa viðauka og heimila tillögu að aðlögun, eru uppfyllt skal skráningaraðilinn greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og tilgreina ástæðurnar fyrir tillögu að hverri breytingu í viðeigandi lið í skráningarskjölunum.

Auk þessara sértæku reglna getur skráningaraðilinn lagt til að tilskildu staðalupplýsingarnar, sem eru settar fram í 1. dálki þessa viðauka, séu aðlagaðar í samræmi við almennu reglurnar í XI. viðauka.
Í þessu tilviki skal hann einnig greina frá ástæðunum fyrir öllum ákvörðunum um að leggja til aðlögun staðalupplýsinganna í viðeigandi liðum í skráningarskjölunum og vísa til viðkomandi, sértækrar reglu eða sértæku reglna í 2. dálki eða í XI. viðauka ([2]).

Áður en nýjar rannsóknir eru gerðar í því skyni að ákvarða eiginleikana, sem eru tilgreindir í þessum viðauka, skal fyrst leggja mat á öll fyrirliggjandi gögn um rannsóknir í glasi, gögn um rannsóknir í lífi, rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, gögn úr rannsóknum á megindlegum eða eigindlegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR) og gögn um efni með svipaða byggingu (ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum). Forðast skal að gera tilraunir í lífi með ætandi efni í styrk eða skammtastærðum sem valda ætingu. Áður en tilraunir eru gerðar skal afla frekari leiðbeininga um tilraunaaðferðir til viðbótar við þær leiðbeiningar sem eru gefnar í þessum viðauka.

Þegar lagt er til að upplýsingar, er varða tiltekna endapunkta, séu ekki lagðar fram af öðrum ástæðum en þeim sem eru tilgreindar í 2. dálki þessa viðauka eða XI. viðauka skal greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og ástæðunum fyrir því.

8. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
	8.4. Ef niðurstöður einhverrar af erfðaeiturhrifarannsóknunum í glasi í VII. eða VII. viðauka reynast jákvæðar getur verið nauðsynlegt að gera aðra rannsókn í lífi á líkamsfrumum, allt eftir gæðum og mikilvægi allra fyrirliggjandi gagna. Ef jákvæðar niðurstöður úr rannsókn í lífi á líkamsfrumum liggja fyrir skal líta á tilhneigingu til stökkbreytandi áhrifa í kímfrumum á grundvelli allra fyrirliggjandi gagna, m.a. gagna um eiturefnaferli. Ef ekki er unnt draga skýrar ályktanir um stökkbreytandi áhrif í kímfrumum skulu frekari rannsóknir koma til álita.
	8.6.3. Skráningaraðilinn skal gera tillögur að rannsókn á langvinnum eiturhrifum við endurtekna skammta (≥ 12 mánuðir) eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef fjöldi tilvika, þar sem menn verða fyrir váhrifum, og lengd þeirra benda til þess að rétt sé að gera rannsókn sem varir lengur og eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt: – alvarleg eiturhrif, sem valda sérstökum áhyggjum, komu fram í 28 eða 90 daga rannsókn þar sem ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilegt mat eða áhættulýsingu á fyrirliggjandi niðurstöðum, eða – áhrif, sem koma fram hjá efnum sem eru byggingarlega náskyld efninu sem verið er að rannsaka, greindust ekki í 28 eða 90 daga rannsókninni, eða – efnið kann að búa yfir hættulegum eiginleika sem ekki er unnt að greina í 90 daga rannsókn.

([1]) Þessi viðauki gildir fyrir framleiðendur hluta, sem skylt er að skrá í samræmi við 7. gr., og, að breyttu breytanda, fyrir aðra eftirnotendur sem er skylt að framkvæma tilraunir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

([2]) Athugasemd: skilyrðin fyrir undanþágu frá tiltekinni prófun, sem eru sett fram í viðeigandi prófunaraðferðum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eins og fram kemur í 3. mgr. 13. gr., gilda einnig þótt þau séu ekki endurtekin í 2. dálki.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
		8.6.4. Skráningaraðilinn skal gera tillögur að frekari rannsóknum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef: – eiturhrifin eru alvarlegs eðlis (t.d. alvarleg áhrif koma fram) eða – vísbendingar liggja fyrir um áhrif en ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilegt mat eða lýsingu á áhættu á fyrirliggjandi niðurstöðum. Í þeim tilvikum gæti það hentað betur að gera sérstakar, eiturefnafræðilegar rannsóknir sem eru settar upp í því skyni að rannsaka þessi áhrif (t.d. ónæmiseiturhrif eða taugaeiturhrif) eða – váhrif valda sérstökum áhyggjum (t.d. notkun í neytendavörum sem leiðir til að umfang váhrifa er nálægt þeim skammtastærðum þar sem eiturhrif koma fram).
8.7.	Skaðleg áhrif á æxlun	8.7. Rannsóknirnar eru óþarfar ef:
8.7.2.	Rannsókn á skaðlegum áhrifum á þroskun með einni tegund þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn (OECD 414).	– vitað er að efnið er krabbameinsvaldandi erfðaeitur og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eða – vitað er að efnið veldur stökkbreytingum í kímfrumum og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eða – efnið hefur litla, eiturefnafræðilega virkni (fyrirliggjandi prófanir sýna engin merki um eiturhrif), unnt er að færa sönnur á, á grundvelli gagna um eiturefnaferli, að engin kerfistengd upptaka eftir viðkomandi íkomuleiðum eigi sér stað (styrkur í blóðvökva/blóði er t.d. undir greiningarmörkum með notkun nákvæmrar aðferðar og hvorki efnið né umbrotsefni þess er fyrir hendi í þvagi, galli eða útöndunarlofti) og váhrif á menn eru engin eða óveruleg. Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á frjósemi og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H60, og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari frjósemisprófanir. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða skaðleg áhrif á þroskun. Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á þroskun og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H61, og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari prófanir á skaðlegum áhrifum á þroskun. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða áhrif á frjósemi.
	.	
8.7.2.	Rannsókn á eiturhrifum á þroskun með einni tegund; íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn (OECD 414).	
8.7.3.	Rannsókn á skaðlegum áhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum með einni tegund, karl- og kvendýrum, íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn, svo fremi slíkar upplýsingar liggi ekki þegar fyrir samkvæmt kröfunum í IX. viðauka.	
8.9.1.	Rannsókn á krabbameinsvaldandi eiginleikum	8.9.1. Skráningaraðilinn getur gert tillögur að rannsóknum á krabbameinsvaldandi áhrifum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef: – notkun efnisins er útbreidd og víðtæk eða ef vísbendingar eru um tíð og langtíma váhrif á menn og – efnið er flokkað sem stökkbreytivaldur í 3. flokki eða ef rannsókn eða rannsóknir með endurteknum skömmtum benda til að efnið geti kallað fram vefjaauka og/eða foræxlisskemmdum. Ef efnin eru flokkuð sem stökkbreytivaldar í 1. eða 2. flokki er gengið út frá því að líklegt sé að gangvirki erfðaeiturhrifa fyrir krabbameinsvaldandi áhrif sé fyrir hendi. Í slíkum tilvikum er prófun á krabbameinsvaldandi áhrifum að öllu jöfnu óþörf.

9. VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR		2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI	
9.2.	Niðurbrot	9.2.	Gera skal tillögu að frekari rannsóknum á lífrænu niðurbroti ef efnaöryggismatið skv. I. viðauka gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar niðurbrot efnisins ásamt niðurbrotsefnum þess. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu og getur falið í sér hermiprófun í viðeigandi miðli (t.d. vatni, seti eða jarðvegi).
9.2.1.	Lífrænt niðurbrot		
9.3.	Afdrif og hegðun í umhverfinu		
9.3.4.	Frekari upplýsingar um afdrif og hegðun efnisins og/eða niðurbrotsefnisins í umhverfinu	9.3.4.	Skráningaraðilinn skal gera tillögur að frekari rannsóknum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef efnaöryggismatið, skv. I. viðauka, gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar afdrif og hegðun efnisins. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu.
9.4.	Áhrif á landlífverur	9.4.	Skráningaraðilinn skal gera tillögu að rannsókn á langvinnum eiturhrifum ef niðurstöður efnaöryggismatsins skv. I. viðauka gefa til kynna að rannsaka þurfi nánar áhrif efnisins og/eða niðurbrotsefna á landlífverur. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu. Þessar rannsóknir eru óþarfar ef ólíklegt er að jarðvegur verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum.
9.4.4.	Rannsókn á langvinnum eiturhrifum á hryggleysingja, svo fremi slíkar upplýsingar liggi ekki þegar fyrir samkvæmt kröfunum í IX. viðauka.		
9.4.6.	Rannsókn á langvinnum eiturhrifum á plöntur, svo fremi slíkar upplýsingar liggi ekki þegar fyrir samkvæmt kröfunum í IX. viðauka.		
9.5.1.	Langvinn eiturhrif á lífverur í seti	9.5.1.	Skráningaraðilinn skal gera tillögu að rannsókn á langvinnum eiturhrifum ef niðurstöður efnaöryggismatsins gefa til kynna að rannsaka þurfi nánar áhrif efnisins og/eða viðeigandi niðurbrotsefna á lífverur í seti. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu.
9.6.1.	Langvinn eiturhrif eða skaðleg áhrif á æxlun fugla	9.6.1.	Meta skal vandlega hvort þörf sé á prófunum með tilliti til þess umfangsmikla gagnasafns um spendýr sem liggur að öllu jöfnu fyrir að því er varðar þetta magnbil.

10. AÐFERÐIR NOTAÐAR VIÐ SANNGREININGU OG GREININGU

Ef þess er óskað skal leggja fram lýsingu á greiningaraðferðunum er varða viðkomandi umhverfishólf sem rannsökuð voru með viðeigandi greiningaraðferðum. Ef greiningaraðferðirnar liggja ekki fyrir skal skýra ástæðurnar fyrir vöntuninni.

XI. VIÐAUKI

ALMENNAR REGLUR UM AÐLÖGUN STÖÐLUÐU PRÓFUNARÁÆTLUNARINNAR SEM SETT ER FRAM Í VII. TIL X. VIÐAUKA

Í VII. til X. viðauka eru settar fram upplýsingakröfur er varða öll efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem nemur:

– 1 tonni eða meira í samræmi við a-lið 1. mgr. 12. gr.,

– 10 tonnum eða meira í samræmi við c-lið 1. mgr. 12. gr.,

– 100 tonnum eða meira í samræmi við d-lið 1. mgr. 12. gr. og

– 1000 tonnum eða meira í samræmi við e-lið 1. mgr. 12. gr.

Auk sértæku reglnanna, sem settar eru fram í 2. dálki í VII. til X. viðauka, getur skráningaraðilinn aðlagað stöðluðu prófunaráætlunina í samræmi við almennu reglurnar í 1. lið í þessum viðauka.

Við mat á málsskjölum er Efnastofnuninni heimilt að meta þessar aðlaganir á stöðluðu prófunaráætluninni.

1. PRÓFANIR VIRÐAST ÓÞARFAR AF VÍSINDALEGUM ÁSTÆÐUM

1.1. **Notkun fyrirliggjandi gagna**

1.1.1. *Gögn um eðlisefnafræðilega eiginleika úr tilraunum sem ekki eru gerðar í samræmi við góðar starfsvenjur við rannsóknir eða prófunaraðferðirnar sem um getur í 3. mgr. 13. gr.*

Telja skal slík gögn jafngild þeim gögnum sem er aflað með samsvarandi prófunaraðferðum, sem um getur í 3. mgr. 13. gr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) gögnin eru fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats,

2) veittar eru fullnægjandi upplýsingar til að meta hvort rannsóknin sé fullnægjandi og

3) gögnin eru gild fyrir þann endapunkt sem verið er að rannsaka og rannsóknin er framkvæmd með viðunandi gæðatryggingu.

1.1.2. *Gögn um eiginleika er varða heilbrigði manna og umhverfi úr tilraunum sem ekki eru gerðar í samræmi við góðar starfsvenjur við rannsóknir eða prófunaraðferðirnar sem um getur í 3. mgr. 13. gr.*

Telja skal slík gögn jafngild þeim gögnum sem er aflað með samsvarandi prófunaraðferðum, sem um getur í 3. mgr. 13. gr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) gögnin eru fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats,

2) gögnin taka á fullnægjandi og áreiðanlegan hátt til þeirra lykilfæribreytna sem skal rannsaka með samsvarandi prófunaraðferðum sem um getur í 3. mgr. 13. gr.,

3) lengd váhrifa samsvarar tímanum í samsvarandi prófunaraðferðum, sem um getur í 3. mgr. 13. gr., eða er lengri en hann ef tímalengd váhrifa er færibreyta, sem skiptir máli, og

4) fullnægjandi og áreiðanleg gögn eru lögð fram um rannsóknina.

1.1.3. *Rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn*

Skoða skal rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, t.d. úr faraldsfræðilegum rannsóknum á hópum manna, sem verða fyrir váhrifum, og gögn um váhrif vegna óhapps eða váhrif í starfi ásamt klínískum rannsóknum.

Hversu vel gögn endurspegla tiltekin áhrif á heilbrigði manna ræðst m.a. af tegund greiningar og þeim færibreytum sem notaðar eru ásamt umfangi og sértæki svörunar og þar af leiðandi fyrirsjáanleika áhrifanna.

Nota skal eftirfarandi viðmiðanir til að meta hvort gögnin séu fullnægjandi:

1) viðeigandi val og lýsing á hópum sem verða fyrir váhrifum og samanburðarhópum,

2) fullnægjandi lýsing á váhrifum,

3) nægilega löng eftirfylgni að því er varðar sjúkdómstilvik,

4) gild aðferð við að fylgjast með áhrifum,

5) tilhlýðileg athugun á kerfisbundnum skekkjum og misvísandi þáttum og

6) nægilegur, tölfræðilegur áreiðanleiki til að rökstyðja niðurstöðurnar.

Í öllum tilvikum skal leggja fram fullnægjandi og áreiðanleg gögn.

1.2. **Sönnunarvægi**

Nokkrar óháðar heimildir geta til samans haft nægilegt sönnunarvægi til að unnt sé að draga þá ályktun eða komast að þeirri niðurstöðu að efni hafi eða hafi ekki tiltekinn hættulegan eiginleika þó að upplýsingar úr hverri heimild fyrir sig teljist ófullnægjandi til að styðja slíkt.

Prófunaraðferðir, sem hafa nýlega verið þróaðar og eru ekki enn hluti af prófunaraðferðunum sem um getur í 3. mgr. 13. gr., eða alþjóðleg prófunaraðferð, sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnunin viðurkennir sem jafngilda aðferð, geta haft nægilegt sönnunarvægi til að unnt sé að draga þá ályktun að efni hafi eða hafi ekki tiltekinn hættulegan eiginleika.

Ef nægilegar sannanir liggja fyrir því að tiltekinn hættulegur eiginleiki sé fyrir hendi:

– skal sleppa því að gera frekari tilraunir á hryggdýrum að því er varðar þennan eiginleika,

– má sleppa því að gera frekari tilraunir sem varða ekki hryggdýr.

Í öllum tilvikum skal leggja fram fullnægjandi og áreiðanleg gögn.

1.3. **Eigindleg eða megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR)**

Niðurstöður sem fást með notkun viðurkenndra líkana yfir eigindleg eða megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) geta skorið úr um það hvort tiltekinn hættulegur eiginleiki er fyrir hendi eða ekki. Heimilt er að nota niðurstöður úr rannsóknum á eigindlegum eða megindlegum venslum byggingar og virkni ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

– niðurstöður fást með notkun (Q)SAR-líkans ef sýnt hefur verið fram á vísindalegt réttmæti þess,

– efnið fellur undir notkunarsvið (Q)SAR-líkansins,

– niðurstöður eru fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats og

– fullnægjandi og áreiðanleg gögn eru lögð fram um þá aðferð sem beitt er.

Efnastofnunin skal í samvinnu við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og hagsmunaaðila útbúa og veita leiðbeiningar við mat á því hvaða (Q)SAR-líkön uppfylla þessi skilyrði og tilgreina dæmi.

1.4. **Aðferðir við prófanir í glasi**

Niðurstöður, sem fást með viðeigandi aðferðum við prófanir í glasi, geta gefið til kynna að tiltekinn, hættulegur eiginleiki sé fyrir hendi, eða verið mikilvægar í tengslum við skilning á verkunarmáta sem getur verið mikilvægur við matið. Í þessu sambandi merkir orðið „viðeigandi“ að aðferðirnar eru fullnægjandi með hliðsjón af alþjóðlega samþykktum viðmiðunum fyrir þróun prófana (t.d. viðmiðanir Evrópumiðstöðvar um fullgildingu staðgönguaðferða (ECVAM) til að taka prófun inn í forfullgildingarferlið). Með hliðsjón af hugsanlegri áhættu getur verið nauðsynlegt að staðfesta niðurstöðurnar tafarlaust með frekari prófun, sem lætur í té meiri upplýsingar en þær sem eru tilgreindar í VII. eða VIII. viðauka eða þær sem eru tilgreindar í IX. eða X. viðauka að því er varðar viðkomandi magnbil.

Ef niðurstöðurnar, sem fást með notkun slíkra aðferða við prófanir í glasi, sýna að efni búi ekki yfir tilteknum, hættulegum eiginleika skal viðeigandi prófun engu að síður fara fram fyrir viðeigandi magnbil til að staðfesta neikvæðu niðurstöðurnar, nema prófunar sé ekki krafist í samræmi við VII. til X. viðauka eða aðrar reglur í þessum viðauka.

Slík staðfesting er ekki nauðsynleg ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) niðurstöður fást með prófun í glasi, ef sýnt hefur verið fram á vísindalegt réttmæti hennar með fullgildingarrannsókn í samræmi við alþjóðlega samþykktar meginreglur um fullgildingu,

2) niðurstöður eru fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats og

3) fullnægjandi og áreiðanleg gögn eru lögð fram um þá aðferð sem beitt er.

1.5. **Ályktun út frá efnaflokkum og byggingarlega hliðstæðum efnum**

Líta má á efni, sem líklegt er að hafi sambærilega eðlisefnafræðilega, eiturefnafræðilega og visteiturefnafræðilega eiginleika eða fylgi reglubundnu mynstri á grundvelli byggingarlegra sameinkenna, sem hóp eða „flokk“ efna. Notkun hugmyndarinnar um hópa krefst þess að unnt sé að spá fyrir um eðlisefnafræðilega eiginleika, áhrif á heilbrigði manna og umhverfi eða afdrif efnisins í umhverfinu út frá gögnum um viðmiðunarefni innan hópsins með innreikningi milli annarra efna í hópnum (ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum). Þetta kemur í veg fyrir að prófa þurfi hvert efni með tilliti til hvers endapunkts. Efnastofnunin skal, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila og aðra hagsmunaaðila og í tæka tíð fyrir fyrsta eindaga skráningar efna í skráningarbið, gefa út leiðbeiningar um aðferðir við að flokka efni sem eru studdar tæknilegum og vísindalegum rökum.

Sameiginleg einkenni geta grundvallast á:

1) sameiginlegum, virkum hópi,

2) sameiginlegum forefnum og/eða líkum á sameiginlegum niðurbrotsefnum frá eðlis- og líffræðilegum ferlum þar sem myndast efni sem eru svipuð að byggingu eða

3) stöðugu mynstri varðandi það hvernig styrkur mismunandi eiginleika breytist innan flokksins.

Ef hugmyndin um hópa er notuð skal flokka og merkja efnin á þessum grundvelli.

Niðurstöðurnar skulu í öllum tilvikum:

– vera fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats,

– taka á fullnægjandi og áreiðanlegan hátt til þeirra lykilfæribreytna sem skal rannsaka með samsvarandi prófunaraðferðum sem um getur í 3. mgr. 13. gr.,

– ná yfir þá lengd váhrifa sem samsvarar tímanum í samsvarandi prófunaraðferð, sem um getur í 3. mgr. 13. gr., eða er lengri en hann ef tímalengd váhrifa er færibreyta, sem skiptir máli, og

– fullnægjandi og áreiðanleg gögn eru lögð fram um þá aðferð sem beitt er.

2. PRÓFUNUM VERÐUR EKKI VIÐ KOMIÐ AF TÆKNILEGUM ÁSTÆÐUM

Heimilt er að sleppa prófunum er varða tiltekinn endapunkt ef ekki er unnt að gera rannsóknina af tæknilegum ástæðum vegna eiginleika efnisins, t.d. vegna þess að það er mjög rokgjarnt, hvarfgjarnt eða óstöðugt, vegna þess að blöndun efnisins með vatni getur valdið eld- eða sprengihættu eða vegna þess að ekki er unnt að geislamerkja efnið eins og krafist er í tilteknum rannsóknum. Ávallt skal fara eftir leiðbeiningunum, sem veittar eru í prófunaraðferðunum sem um getur í 3. mgr. 13. gr., einkum að því er varðar tæknilegar takmarkanir tiltekinnar aðferðar.

3. VÁHRIFAMIÐUÐ PRÓFUN FYRIR TILTEKIÐ EFNI

3.1. Heimilt er að sleppa prófunum, í samræmi við liði 8.6 og 8.7 í VIII. , IX. og X. viðauka, á grundvelli váhrifasviðsmyndarinnar eða -myndanna sem eru settar fram í efnaöryggisskýrslunni.

3.2. Í öllum tilvikum skal leggja fram fullnægjandi rökstuðning og gögn. Rökstuðningurinn skal byggjast á mati á váhrifum, í samræmi við 5. lið í I. viðauka, og samrýmast þeim viðmiðunum, sem eru samþykktar samkvæmt lið 3.3., og upplýsingum um sértæku notkunarskilyrðin skal miðlað eftir aðfangakeðju efna í samræmi við 31. eða 32. gr.

3.3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. desember 2008, samþykkja ráðstafanir sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr., í því skyni að fastsetja viðmiðanir um hvað telst vera fullnægjandi rökstuðningur samkvæmt lið 3.2.

XII. VIÐAUKI

ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT EFTIRNOTENDA Á EFNUM OG GERÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLNA

INNGANGUR

Markmiðið með þessum viðauka er að tilgreina hvernig eftirnotendur geti metið og skráð hvort áhættunni, sem stafar af efninu eða efnunum sem þeir nota, sé haldið nægilega í skefjum við notkun þeirra í tengslum við notkun sem öryggisblaðið, sem þeir fá afhent, tekur ekki til og að aðrir notendur, sem eru aftar í aðfangakeðjunni, geti haldið áhættunni nægilega vel í skefjum. Matið skal ná yfir vistferil efnisins frá því að eftirnotandinn tekur við því til eigin notkunar og tilgreindrar notkunar hans aftar í aðfangakeðjunni. Í matinu skal taka tillit til notkunar hvort sem efnið er notað eitt sér, í efnablöndu eða í hlut.

Við vinnslu efnaöryggismatsins og gerð efnaöryggisskýrslunnar skal eftirnotandinn taka tillit til þeirra upplýsinga sem honum berast frá birgi íðefnisins í samræmi við 31. og 32. gr. þessarar reglugerðar. Ef mat, sem unnið er samkvæmt lögum Bandalagsins (t.d. áhættumat sem unnið er samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 793/93), liggur fyrir og það á við skal taka mið af því í efnaöryggismatinu og það skal endurspeglast í efnaöryggisskýrslunni. Rökstyðja skal frávik frá slíku mati. Einnig er heimilt að taka mið af mati sem unnið er samkvæmt öðrum alþjóðlegum og landsbundnum áætlunum.

Ferlið, sem eftirnotandinn fylgir við vinnslu efnaöryggismatsins og gerð efnaöryggisskýrslunnar, felur í sér þrjú skref:

1. SKREF: UPPSETNING VÁHRIFASVIÐSMYNDAR EÐA -MYNDA

Eftirnotandinn skal setja upp váhrifasviðsmyndir fyrir notkun sem efnaöryggisblaðið, sem hann fær afhent í samræmi við 5. lið í I. viðauka, tekur ekki til.

2. SKREF: UMBÆTUR Á HÆTTUMATI AF HÁLFU BIRGIS, EF NAUÐSYN KREFUR

Ef eftirnotandinn telur að hættumatið og PBT-matið, sem kemur fram á öryggisblaðinu sem hann fær afhent, sé viðeigandi er ekki nauðsynlegt að vinna frekara hættumat eða PBT- og vPvB-mat.

Í því tilviki skal hann nota viðeigandi upplýsingar sem birgirinn leggur fram til áhættulýsingarinnar. Þetta skal koma fram í efnaöryggisskýrslunni.

Ef eftirnotandinn telur að matið, sem kemur fram á öryggisblaðinu sem hann fær afhent, eigi ekki við skal hann vinna viðeigandi mat í samræmi við 1. til 4. lið í I. viðauka, eftir því sem við á í hans tilviki.

Ef eftirnotandinn telur að nauðsynlegt sé að afla frekari upplýsinga en þeirra sem birgirinn leggur fram til að unnt sé að taka saman efnaöryggisskýrsluna skal eftirnotandinn sjálfur afla þessara upplýsinga. Ef einungis er unnt að afla þessara upplýsinga með því gera tilraunir á hryggdýrum skal hann leggja tillögu fyrir Efnastofnunina um prófunaráætlun í samræmi við 38. gr. Hann skal útskýra hvers vegna hann telji að þessar viðbótarupplýsingar séu nauðsynlegar. Meðan hann bíður niðurstaðna úr frekari prófunum skal hann skrá í efnaöryggisskýrslunni þær ráðstafanir við áhættustjórnun sem hann hefur gert og ætlað er að hafa stjórn á áhættunni sem verið er að kanna.

Þegar viðbótarprófunum lýkur skal eftirnotandinn endurskoða efnaöryggisskýrsluna, ásamt öryggisblaðinu ef honum er skylt að taka það saman, eftir því sem við á.

3. SKREF: ÁHÆTTULÝSING

Áhættulýsing skal gerð fyrir hverja nýja váhrifasviðsmynd eins og mælt er fyrir um í 6. lið í I. viðauka. Gera skal grein fyrir áhættulýsingunni í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni og skal vera samantekt á öryggisblaðinu í viðeigandi lið eða liðum.

Við uppsetningu váhrifasviðsmyndar er nauðsynlegt að draga fyrstu ályktanir um notkunarskilyrði og ráðstafanir við áhættustjórnun. Ef fyrstu ályktanir leiða til áhættulýsingar, sem gefur til kynna að heilsu- og umhverfisvernd sé ófullnægjandi, er nauðsynlegt að hefja ítrekunarferli þar sem einum eða fleiri þáttum er breytt þar til unnt er að sýna fram á fullnægjandi áhættustjórnun. Því getur verið nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um hættu eða váhrif eða gera viðeigandi breytingar á ferlinu, notkunarskilyrðum eða ráðstöfunum við áhættustjórnun. Ítrunartilraunir geta því annars vegar verið uppsetning og endurskoðun (upphaflegrar) váhrifasviðsmyndar, sem felst m.a. í því að setja fram ráðstafanir við áhættustjórnun og beitingu þeirra, og svo hins vegar það að fá fram frekari upplýsingar í því skyni að skapa endanlega váhrifasviðsmynd. Markmiðið með öflun frekari upplýsinga er að gera ítarlegri áhættulýsingu sem byggist á nákvæmara hættumati og/eða mati á váhrifum.

Eftirnotandinn skal taka saman efnaöryggisskýrslu þar sem hann gerir grein fyrir efnaöryggismati sínu í 9. og 10. lið B-hluta eyðublaðsins, sem sett er fram í 7. lið í I. viðauka, og í öðrum liðum eyðublaðsins ef við á.

Í A-hluta efnaöryggisskýrslunnar skal vera yfirlýsing um að eftirnotandinn geri þær ráðstafanir við áhættustjórnun, sem lýst er í viðeigandi váhrifasviðsmyndum, er varða hans eigin notkun og að upplýsingum um ráðstafanir við áhættustjórnun, sem lýst er í váhrifasviðsmyndunum fyrir tilgreinda notkun, sé miðlað eftir aðfangakeðjunni.

XIII. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR TILGREINNGU EFNA, SEM ERU ÞRÁVIRK, SAFNAST UPP Í LÍFVERUM OG ERU EITRUÐ, OG TILGREININGU EFNA SEM ERU MJÖG ÞRÁVIRK OG SAFNAST UPP Í LÍFVERUM Í MIKLUM MÆLI

Í þessum viðauka er mælt fyrir um viðmiðanir fyrir tilgreiningu:

i) efna, sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð (PBT-efni), og

ii) efna sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli (vPvB-efni).

Efni er tilgreint sem PBT-efni ef það uppfyllir viðmiðanirnar í liðum 1.1, 1.2 og 1.3. Efni er tilgreint sem vPvB-efni ef það uppfyllir viðmiðanirnar í liðum 2.1 og 2.2. Þessi viðauki gildir ekki um ólífræn efni en gildir um lífræna málma.

1. PBT-EFNI

Efni, sem uppfyllir allar þrjár viðmiðanir í eftirfarandi liðum, er PBT-efni.

1.1. **Þrávirkni**

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir þrávirkni (P-) ef:

– helmingunartími í sjó er lengri en 60 dagar eða

– helmingunartími í ferskvatni eða árósavatni er lengri en 40 dagar eða

– helmingunartími í sjávarseti er lengri en 180 dagar eða

– helmingunartími í ferskvatni eða seti í árósavatni er lengri en 120 dagar eða

– helmingunartími í jarðvegi er lengri en 120 dagar.

Mat á þrávirkni í umhverfinu skal byggjast á fyrirliggjandi gögnum um helmingunartíma sem aflað er við fullnægjandi skilyrði sem skráningaraðilinn skal lýsa.

1.2. **Uppsöfnun í lífverum**

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir uppsöfnun í lífverum (B-) ef:

– lífþéttnistuðullinn er yfir 2000.

Mat á uppsöfnun í lífverum skal byggjast á mældum gögnum um lífþéttni í tegundum lagarlífvera.

Unnt er að nota gögn er varða hvort heldur er tegundir lífvera í ferskvatni eða sjó.

1.3. **Eiturhrif**

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir eiturhrif (T-) ef:

– styrkur, sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í sjó eða ferskvatni, er undir 0,01 mg/l eða

– efnið er flokkað sem krabbameinsvaldandi (1. eða 2. flokkur) stökkbreytandi (1. eða 2. flokkur) eða skaðlegt fyrir æxlun (1., 2. eða 3. flokkur) eða

– aðrar vísbendingar eru um langvinn eiturhrif efnisins sem eru flokkuð eftirfarandi hátt: T, H48, eða Xn, H48 í samræmi við tilskipun 67/548/EBE.

2. vPvB-EFNI

Efni, sem uppfyllir viðmiðanirnar í eftirfarandi liðum, er vPvB-efni.

2.1. **Þrávirkni**

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir efni sem er mjög þrávirkt (vP-) ef:

– helmingunartími í sjó, ferskvatni eða árósavatni er lengri en 60 dagar eða

– helmingunartími í sjó eða ferskvatns- eða árósaseti er lengri en 180 dagar eða

– helmingunartími í jarðvegi er lengri en 180 dagar.

2.2. **Uppsöfnun í lífverum**

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir efni sem safnast upp í lífverum í miklum mæli (vB-) ef:

– lífþéttnistuðullinn er yfir 5000.

XIV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR EFNI SEM ERU LEYFISSKYLD

XV. VIÐAUKI

MÁLSSKJÖL

I. INNGANGUR OG ALMENN ÁKVÆÐI

Í þessum viðauka er mælt fyrir um almennar meginreglur um samantekt málsskjala í því skyni að leggja til og færa rök fyrir:

– samræmdri flokkun og merkingu CMR-efna (krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og æxlunarskaðandi efna), ofnæmisvalda fyrir öndunarveg og efna sem valda öðrum áhrifum,

– tilgreiningu PBT-efna, vPvB-efna eða efnis sem gefur tilefni til jafnmikilla áhyggna,

– takmörkunum á framleiðslu, setningu á markað eða notkun efnis innan Bandalagsins.

Styðjast skal við viðeigandi hluta I. viðauka að því er varðar aðferðafræði við samantekt málsskjala og snið þeirra í samræmi við þennan viðauka.

Við samantekt málsskjala skal taka mið af öllum viðeigandi upplýsingum í skráningarskjölum og heimilt er að nota aðrar fyrirliggjandi upplýsingar. Að því er varðar upplýsingar um hættu, sem hafa ekki verið lagðar áður fyrir Efnastofnunina, skal ítarleg rannsóknarsamantekt vera hluti af málsskjölunum.

II. EFNI MÁLSSKJALA

1. **Málsskjöl fyrir samræmda flokkun og merkingu CMR-efna (krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og æxlunarskaðandi efna), ofnæmisvalda fyrir öndunarveg og efna sem hafa önnur áhrif**

Tillaga

Í tillögunni skulu koma fram upplýsingar um auðkenni viðkomandi efnis eða efna og um tillagða, samræmda flokkun og merkingu.

Rökstuðningur

Bera skal saman fyrirliggjandi upplýsingar og viðmiðanir í tilskipun 67/548/EBE fyrir CMR-efni, ofnæmisvalda fyrir öndunarveg og efni, sem hafa önnur áhrif, í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við viðeigandi hluta 1. liðar I. viðauka og skal samanburðurinn vera á því sniði sem sett er fram í B-hluta efnaöryggisskýrslunnar í I. viðauka.

Rök fyrir öðrum áhrifum á vettvangi Bandalagsins

Leggja skal fram rök fyrir því að þörf sé á aðgerðum á vettvangi Bandalagsins.

2. **Málsskjöl fyrir tilgreiningu efna sem CMR-, PBT- eða vPvB-efni eða efni sem gefur tilefni til jafnmikilla áhyggna í samræmi við 59. gr.**

Tillaga

Í tillögunni skulu koma fram upplýsingar um auðkenni viðkomandi efnis og hvort lagt sé til að það sé tilgreint sem CMR-efni í samræmi við a-, b- eða c-lið 57. gr., PBT-efni í samræmi við d-lið 57. gr., vPvB-efni í samræmi við e-lið 57. gr. eða efni sem gefur tilefni til jafnmikilla áhyggna í samræmi við f-lið 57. gr.

Rök

Bera skal saman fyrirliggjandi upplýsingar og viðmiðanir í XIII. viðauka fyrir PBT-efni í samræmi við d-lið 57. gr., og vPvB-efni í samræmi við e-lið 57. gr., eða hættumat og samanburð við f-lið 57. gr., í samræmi við viðeigandi hluta 1. til 4. liðar í I. viðauka.

Samanburðurinn skal vera á því sniði sem sett er fram í B-hluta efnaöryggisskýrslunnar í I. viðauka.

Upplýsingar um váhrif, staðgönguefni og áhættu

Leggja skal fram fyrirliggjandi upplýsingar um notkun og váhrif ásamt upplýsingum um staðgönguefni og -tækni.

3. **Málsskjöl fyrir tillögu að takmörkunum**

Tillaga

Í tillögunni skulu koma fram upplýsingar um auðkenni efnisins og þær takmarkanir sem lagðar eru til fyrir framleiðslu, setningu á markað eða notkun efnisins ásamt samantekt um rökstuðning.

Upplýsingar um hættu og áhættu

Lýsa skal áhættunni, sem takmörkunin beinist að, á grundvelli mats á hættu og áhættu í samræmi við viðeigandi hluta I. viðauka og skal lýsingin vera á því sniði sem sett er fram í B-hluta efnaöryggisskýrslunnar í þeim viðauka.

Færa skal sönnur á að þær ráðstafanir við áhættustjórnun, sem gerðar eru (þ.m.t. þær sem tilgreindar eru við skráningu skv. 10. til 14. gr.), séu ekki fullnægjandi.

Upplýsingar um staðgöngukosti

Leggja skal fram fyrirliggjandi upplýsingar um staðgönguefni og -tækni, þ.m.t.:

– upplýsingar um áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi í tengslum við framleiðslu eða notkun staðgönguefnanna,

– tiltækileiki, þ.m.t. tímarammi,

– tæknilegur og efnahagslegur framkvæmanleiki.

Rök fyrir takmörkunum á vettvangi Bandalagsins

Færa skal rök fyrir því að:

– aðgerðir séu nauðsynlegar á vettvangi Bandalagsins,

– takmörkun sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Bandalagsins, sem skal metið á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:

  i) skilvirkni: takmörkunin skal markvisst beinast að þeim áhrifum eða váhrifum, sem valda þeirri áhættu sem greind hefur verið, og geta dregið úr áhættunni svo viðunandi teljist innan hæfilegs tíma og skal takmörkunin vera í réttu hlutfalli við áhættuna,

  ii) hagkvæmni: takmörkunin skal vera framkvæmanleg, framfylgjanleg og viðráðanleg,

  iii) vöktun: unnt skal vera að vakta árangurinn af beitingu tillagðrar takmörkunar.

Félagshagfræðilegt mat

Félagsleg og hagræn áhrif af tillagðri takmörkun má greina með tilvísun til XVI. viðauka. Í þessu skyni má annars vegar bera saman hreinan ávinning fyrir heilbrigði manna og umhverfi sem hlýst af tillagðri takmörkun og hins vegar hreinan kostnað fyrir framleiðendur, innflytjendur, eftirnotendur, dreifendur, neytendur og samfélagið í heild.

Upplýsingar um samráð við hagsmunaaðila

Í málsskjölunum skulu koma fram upplýsingar um hugsanlegt samráð við hagsmunaaðila og hvernig tekið hefur verið tillit til skoðana þeirra.

XVI. VIÐAUKI

FÉLAGSHAGFRÆÐILEG GREINING

Í þessum viðauka eru tilgreindar upplýsingar sem kann að vera fjallað um í félagshagfræðilegri greiningu þegar slík greining er lögð fram með umsókn um leyfi, eins og tilgreint er í a-lið 5. mgr. 62. gr., eða í tengslum við tillögu að takmörkun, eins og tilgreint er í b-lið 6. mgr. 69. gr.

Efnastofnunin skal taka saman leiðbeiningar um gerð félagshagfræðilegra greininga.

Félagshagfræðilegar greiningar, eða framlög til þeirra, skulu lagðar fram á því sniði sem Efnastofnunin tilgreinir í samræmi við 111. gr.

Hins vegar skal umsækjandi um leyfi bera ábyrgð á nákvæmni og umfangi félagshagfræðilegu greiningarinnar, eða framlögum til hennar, eða hagsmunaaðili ef um er að ræða tillögu að takmörkun. Veittar upplýsingarnar geta tekið til félagslegra og hagrænna áhrifa á öllum stigum.

Félagshagfræðileg greining kann að taka til eftirfarandi þátta:

– Áhrif á umsækjanda eða umsækjendur, þegar leyfi er veitt eða synjað er um leyfi, eða áhrif á iðnað (t.d. framleiðendur eða innflytjendur) ef um er að ræða tillögu að takmörkun. Viðskiptalegar afleiðingar fyrir alla aðra aðila í aðfangakeðjunni, eftirnotendur og tengd fyrirtæki, s.s. áhrif á fjárfestingar, rannsóknir og þróun, nýsköpun, staka kostnaðarliði og rekstrarkostnað (t.d. við það að fara að reglum, bráðabirgðafyrirkomulag, breytingar á fyrirliggjandi ferlum, skýrslugjafar- og eftirlitskerfum, uppsetning nýrrar tækni o.s.frv.) með tilliti til almennrar leitni á markaði og tækniþróunar.

– Áhrif á neytendur þegar leyfi er veitt eða synjað er um leyfi eða ef um er að ræða tillögu að takmörkun. Sem dæmi má nefna vöruverð, breytingar á samsetningu, gæðum eða árangri af notkun vara, tiltækileiki vara, val neytenda, svo og áhrif á heilbrigði manna og umhverfi að því marki sem þessir þættir hafa áhrif á neytendur.

– Félagsleg áhrif þegar leyfi er veitt eða synjað er um leyfi, eða ef um er að ræða tillögu að takmörkun. Sem dæmi má nefna störf og starfsöryggi.

– Tiltækileiki, heppileiki og tæknilegur framkvæmanleiki staðgönguefna og/eða -tækni ásamt efnahagslegum afleiðingum þeirra og upplýsingum um hlutfall og möguleika á tæknilegum breytingum í viðkomandi geira eða geirum. Félagslegar og/eða efnahagslegar afleiðingar af notkun tiltækra staðgöngukosta ef um er að ræða umsókn um leyfi.

– Víðtæk áhrif á viðskipti, samkeppni og efnahagslega þróun (einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki og í tengslum við þriðju lönd) þegar leyfi er veitt eða því hafnað, eða ef um er að ræða tillögu að takmörkun. Þetta getur kallað á skoðun staðbundinna, svæðisbundinna, landsbundinna eða alþjóðlegra þátta.

– Ef um er að ræða tillögu að takmörkun, tillögur að ráðstöfunum samkvæmt reglum eða aðrar ráðstafanir sem gætu uppfyllt markmiðið með tillögðu takmörkuninni (jafnframt skal tekið tillit til gildandi löggjafar). Þetta skal fela í sér mat á skilvirkni og kostnaði í tengslum við aðrar ráðstafanir við áhættustjórnun..

– Ef um er að ræða tillögu að takmörkun eða þegar synjað er um leyfi: ávinningur fyrir heilbrigði manna og umhverfið auk félags- og efnahagslegs ávinnings af tillagðri takmörkun. Sem dæmi má nefna heilbrigði starfsmanna, vistvænleika og dreifingu þessa ávinnings, t.d. í landfræðilegu tilliti og eftir þjóðfélagshópum.

– Félagshagfræðileg greining getur einnig tekið til annarra atriða sem umsækjandi eða hagsmunaaðili telur málið varða.

XVII. VIÐAUKI

TAKMARKANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMLEIÐSLU, SETNINGU Á MARKAÐ OG NOTKUN TILTEKINNA HÆTTULEGRA EFNA, EFNABLANDNA OG HLUTA

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
1. Fjölklóruð terfenýl (PCT) – Efnablöndur, þ.m.t. olíuúrgangur, sem innihalda meira af fjölklóruðum terfenýlum en 0,005% miðað við þyngd.	1. Ekki leyfð til notkunar. Hins vegar skal áfram leyft að nota eftirfarandi búnað, tæki og vökva, sem voru í notkun 30. júní 1986, þar til þeim er fargað eða þau eru tekin út notkun: a) rafmagnsbúnað með lokuðu kerfi: spennubreyta, viðnám og spanöld, b) stóra þétta (≥ 1 kg að heildarþyngd), c) litla þétta, d) varmaflutningsvökva í lokuðum varmaflutnings-búnaði, e) vökvakerfisvökvar fyrir tæki sem eru notuð í námum neðanjarðar. 2. Aðildarríkið getur þó, af ástæðum sem varða heilsuvernd manna og umhverfisvernd, bannað notkun búnaðar, tækja og vökva, sem falla undir 1. mgr., áður en þeim er fargað eða þau eru tekin úr notkun. 3. Bannað er að setja á markað með notaða hluti búnað, stöðvar og vökva sem falla undir 1. mgr. og ekki er ætlað að farga. 4. Telji aðildarríki ekki framkvæmanlegt af tæknilegum ástæðum að nota staðgönguvörur getur það leyft notkun fjölklóraðra terfenýla og efnablandna með þeim ef þær síðarnefndu eru eingöngu ætlaðar, við eðlileg skilyrði sem tengjast viðhaldi búnaðar, til að bæta á vökva, sem innihalda fjölklóruð terfenýl, í búnaði sem starfar eðlilega og er í notkun og var keyptur fyrir 1. október 1985. 5. Aðildarríkið getur veitt undanþágur, svo fremi það sendi framkvæmdastjórninni fyrirframtilkynningu um ástæður þeirra, frá banninu um að setja á markað og nota hráefni og milliefni eða efnablöndur, enda telji það ekki að þessar undanþágur hafi nein skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið. 6. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um merkingu hættulegra efna og efnablandna skulu leiðbeiningar um förgun fjölklóraðra terfenýla fylgja búnaði og tækjum, sem innihalda slík efni, svo og um viðhald og notkun búnaðar og tækja sem innihalda þau. Leiðbeiningarnar skulu vera þannig að þær megi lesa lárétt þegar hluturinn, sem inniheldur fjölklóruðu terfenýlin, er settur upp á venjulegan hátt. Áletrunin skal skera sig greinilega frá bakgrunninum og vera á tungumáli sem skilst á því svæði þar sem hluturinn er notaður.

	Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
2.	Klór-1-etýlen (einliða vinýlklóríðs) CAS-nr. 75-01-4 EINECS-nr. 200-831-0	Ekki leyft til notkunar sem úðadrifefni, hver sem tilgangur með notkuninni er.
3.	Fljótandi efni eða efnablöndur sem eru talin hættuleg samkvæmt skilgreiningunum í tilskipun ráðsins 67/548/EBE og tilskipun 1999/45/EB.	1. Ekki leyfð til notkunar í: – skrautmuni, sem ætlaðir eru til að framleiða ljós eða litbrigði með hjálp mismunandi fasa, t.d. í skrautlampa eða öskubakka, – hluti sem eru notaðir við hrekkja- og töfrabrögð, – spil fyrir einn eða fleiri þátttakendur eða aðra hluti til slíkrar notkunar, ekki heldur hluti sem eru notaðir til skrauts. 2. Með fyrirvara um 1. mgr. skulu efni og efnablöndur, sem: – fela í sér innöndunarhættu og eru merktar með H65 og – sem nota má sem eldsneyti á skrautlampa og – eru sett á markað í umbúðum sem eru 15 lítrar að rúmmáli eða minna, hvorki innihalda litunarefni, nema þau séu nauðsynleg vegna ástæðna er varða skattheimtu, né ilmefni. 3. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal standa á umbúðum efna og efnablandna, sem falla undir ákvæði 2. mgr. og ætluð eru til notkunar í lömpum, með læsilegu og óafmáanlegu letri: „Geymið lampa, sem innihalda þessa vökva, þar sem börn ná ekki til.“
4.	Þrífosfat (2,3-díbrómprópýl) CAS-nr. 126-72-7	Ekki leyfð til notkunar í textílvörur, s.s. fatnað, undirfatnað og lín, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina.
5.	Bensen CAS-nr. 71-43-2 EINECS-nr. 200-753-785	1. Ekki leyft í leikföng eða leikfangahluta eins og þeir eru við setningu á markað ef styrkur óbundins bensens er yfir 5 mg/kg af þyngd leikfangsins eða leikfangahlutans. 2. Ekki leyft til notkunar í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við massa í efnum eða efnablöndum sem eru settar á markað. 3. Ákvæði 2. mgr. gilda hins vegar ekki um: a) vélaeldsneyti sem fellur undir tilskipun 98/70/EB, b) efni og efnablöndur til notkunar í iðnaðarferlum þar sem losun bensens er ekki leyfð í magni sem er yfir þeim mörkum sem mælt er fyrir um í gildandi löggjöf, c) úrgang sem fellur undir tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ([1]) og tilskipun 2006/12/EB.

	Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
6.	Asbesttrefjar a) Krósídólít CAS-nr. 12001-28-4 b) Amósít CAS-nr. 12172-73-5 c) Antófýllít CAS-nr. 77536-67-5 d) Aktínólít CAS-nr. 77536-66-4 e) Tremólít CAS-nr. 77536-68-6 f) Krýsótíl ([2]) CAS-nr. 12001-29-5 CAS-nr. 132207-32-0	1. Setning á markað og notkun þessara trefja og hluta, sem þessum trefjum er bætt í af ásetningi, er bönnuð. Aðildarríkjunum er þó heimilt að veita undanþágu fyrir því að setja á markað og nota himnur sem innihalda krýsótíl (fliður) fyrir rafgreiningarstöðvar í rekstri þar til þær eru teknar úr notkun eða þar til viðeigandi, asbestlausar staðgönguvörur verða fáanlegar, eftir því hvort á sér stað fyrr. Framkvæmdastjórnin mun endurskoða þessa undanþágu fyrir 1. janúar 2008. 2. Áfram skal leyft að nota hluti, sem innihalda asbesttrefjar sem um getur í 1. mgr. og sem höfðu þegar verið settir upp og/eða höfðu verið teknir í notkun fyrir 1. janúar 2005, þar til þeim er fargað eða þeir eru teknir úr notkun. Aðildarríkjunum er þó heimilt, til að vernda heilbrigði manna, að banna notkun slíkra hluta áður en þeim er fargað eða áður en þeir eru teknir úr notkun. Aðildarríkin skulu ekki leyfa nýja notkun krýsótílasbests á yfirráðasvæði sínu. 3. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna má þó því aðeins leyfa setningu þessara trefja og vara, sem innihalda þessar trefjar, á markað og notkun þeirra, eins og leyft hefur verið í samræmi við framangreindar undanþágur, að á þeim sé merkimiði í samræmi við ákvæði 7. viðbætis við þennan viðauka.
7.	Tris(asirídínýl)fosfínoxíð CAS-nr. 5455-55-1	Ekki leyfð til notkunar í textílvörur, s.s. fatnað, undirfatnað og lín, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina.
8.	Fjölbrómbífenýl, Fjölbrómuð bífenýl (PBB) CAS-nr. 59536-65-1	
9.	Duft af sáputré (*Quillaja saponaria*) og afleiður þess sem innihalda sapónín. Duft úr rótum kalkjólarósar (*Helleborus viridis*) og jólarósar (*Helleborus niger*) Duft úr rótum hvítrar hnerrarótar (*Veratrum album*) og svartrar hnerrarótar (*Veratrum nigrum*) Bensidín og/eða afleiður þess CAS-nr. 92-87-5 EINECS-nr. 202-199-1 o-nítróbensaldehýð CAS-nr. 552-89-6 Viðarduft	1. Ekki leyft til notkunar í hrekkja- og gabbvarning og í hluti, sem eru notaðir til slíks, t.d. sem innihaldsefni í hnerraduft eða fýlubombur. 2. Ákvæði 1. mgr. gilda hins vegar ekki um fýlubombur sem innihalda ekki meira en 1,5 ml af vökva.
10.	Ammóníumsúlfíð CAS-nr. 12135-76-1 Ammóníumvetnissúlfíð CAS-nr. 12124-99-1 Ammóníumpólýsúlfíð CAS-nr. 9080-17-5 EINECS-nr. 232-989-1	

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
11. Rokgjarnir esterar af brómediksýrum: Metýlbrómasetat CAS-nr. 96-32-2 EINECS-nr. 202-499-2 Etýlbrómasetat CAS-nr. 105-36-2 EINECS-nr. 203-290-9 Própýlbrómasetat CAS-nr. 35223-80-4 Bútýlbrómasetat	
12. 2-naftýlamín CAS-nr. 91-59-8 EINECS-nr. 202-080-4 og sölt þess. 13. Bensidín CAS-nr. 92-87-5 EINECS-nr. 202-199-1 og sölt þess. 14. 4-nítróbífenýl CAS-nr. 92-93-3 EINECS-nr. 202-204-7 15. 4-amínóbífenýlxenýlamín CAS-nr. 92-67-1 EINECS-nr. 202-177-1 og sölt þess.	1. Ekki leyfð til notkunar í styrk, sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, í efni og efnablöndur sem eru sett á markað. Þetta ákvæði gildir hins vegar ekki um úrgang sem inniheldur eitt eða fleiri þessara efna sem falla undir tilskipanir 91/689/EBE og 2006/12/EB. 2. Efni og efnablöndur af þessu tagi skulu ekki seld almenningi. 3. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal standa á umbúðum slíkra efnablandna með læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til faglegra nota.“
16. Blýkarbónöt: a) Hlutlaust, vatnsfrítt karbónat (Pb CO_3) CAS-nr. 598-63-0 EINECS-nr. 209-943-4 b) þríblý-bis(karbónat)-díhýdroxíð 2 Pb CO_3 $Pb(OH)_2$ CAS-nr. 1319-46-6 EINECS-nr. 215-290-6	Ekki leyfð til notkunar ein sér eða sem innihaldsefni í efnablöndur sem nota á sem málningu, nema til endurgerðar og viðhalds listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra ef aðildarríki óska þess að veita til þess leyfi á yfirráðasvæði sínu, í samræmi við ákvæði 13. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um notkun blýhvítu og blýsúlfata í málningu.
17. Blýsúlföt a) $PbSO_4$ (1:1) CAS-nr. 7446-14-2 EINECS-nr. 231-198-9 b) Pb_x SO_4 CAS-nr. 15739-80-7 EINECS-nr. 239-831-0	

	Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
18.	Kvikasilfurssambönd	1. Ekki leyfð ein sér eða sem efnisþættir í efnablöndur sem nota á: a) til að hindra vöxt örvera, plantna eða dýra á: – skipsskrokkum, – kvíum, flotbúnaði, netum og öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskeldi, – hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni, b) til viðarvarnar, c) við gegndreypingu slitþolinna iðnaðartextíla og garns sem er notað við framleiðslu þeirra, d) við meðhöndlun vatns frá iðnaði, án tillits til notkunarsviðs. 2. Bannað er að setja á markað rafhlöður og rafgeyma, sem innihalda meira en 0,0005% af kvikasilfri miðað við þyngd, þ.m.t. þau tilvik þar sem þessar rafhlöður og rafgeymar eru hluti af tækjum. Hnapparafhlöður og rafhlöður, sem settar eru saman úr hnapparafhlöðum með kvikasilfursmagni sem er ekki meira en 2% miðað við þyngd, eru undanþegnar þessu banni.
19.	Arsensambönd	1. Ekki leyfð ein sér eða sem efnisþættir í efnablöndur sem nota á: a) til að hindra vöxt örvera, plantna eða dýra á: – skipsskrokkum, – kvíum, flotbúnaði, netum og öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskeldi, – hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni, b) til viðarvarnar. Ekki má heldur setja á markað timbur sem hefur verið meðhöndlað á þennan hátt. c) með undanþágu gildir þó eftirfarandi: i) að því er varðar þau efni og efnablöndur sem eru notuð við viðarvörnina: eingöngu er heimilt að nota þau í iðjuverum, þar sem lofttæmi eða þrýstingi er beitt til að gegndreypa timbur, ef þau eru lausnir ólífrænna efnasambanda kopars, króms eða arsens af gerð C. Ekki skal setja á markað timbur, sem er meðhöndlað á þennan hátt, fyrr en viðarvarnarefnið hefur bundist til fulls í viðnum. ii) Að því er varðar timbur sem hefur verið meðhöndlað með kopar-, króm- eða arsensamböndum í iðjuverum skv. i. lið: heimilt er að setja það á markað til faglegrar notkunar og í iðnaði, að því tilskildu að gerð sé sú krafa að timbrið haldi óskertum eiginleikum sínum til að tryggja öryggi manna og búfjár og að það sé aðeins notað þar sem ólíklegt er að almenningur komist í snertingu við það meðan það er í notkun:

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
	– sem burðarvirki í opinberum byggingum, byggingum í landbúnaði, skrifstofubyggingum og í burðarvirki á iðnaðarsvæðum, – í brúm og brúarvirki, – í virki í ferskvatni og ísöltu vatni, t.d. í bryggjum og brúm, – sem hljóðtálmi, – til varnar gegn snjóflóðum og skriðuföllum, – sem öryggisgrindverk og tálmar við þjóðvegi, – sem sívalir staurar úr afbirktum barrviði til búfjárgirðinga, – sem jarðvegsstoðvirki, – sem rafmagnsstaurar og í tengslum við fjarskipti, – sem þvertré undir járnbrautarteinum neðanjarðar. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal merkja sérstaklega hvern hlut úr meðhöndluðu timbri, sem settur er á markað, með áletruninni „Einungis til nota í iðnaðarframleiðslu eða til faglegrar notkunar, inniheldur arsen.“ Að auki skal allt pakkað timbur, sem er sett á markað í umbúðum, merkt með áletruninni „Notið hlífðarhanska við meðhöndlun timbursins. Notið rykgrímu og hlífðargleraugu við sögun eða aðra smíði úr timbrinu. Úrgang úr þessu timbri skal meðhöndla sem hættulegan úrgang og til þess skal fá viðurkennt fyrirtæki.“ iii) Óheimilt er að nota meðhöndlaðan við, sem um getur í i. og ii. lið: – í íbúðarhús og á heimilum, sama hver tilgangurinn er, – á nokkurn þann hátt að hætta sé á endurtekinni snertingu við húð manna, – í sjó, – í landbúnaði til annarrar notkunar en í girðingar og í mannvirki í samræmi við ii. lið, – á nokkurn þann hátt að hætta sé á að meðhöndlað timbur komist í snertingu við fullunnar eða ófullunnar vörur sem ætlaðar eru til manneldis og/eða fóðrunar dýra. 2. Ekki leyfð sem efni og efnisþættir í efnablöndur, sem nota á við meðhöndlun vatns frá iðnaði, án tillits til notkunarsviðs.

	Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
20.	Lífræn tinsambönd	1. Má ekki setja á markað til notkunar sem efni og efnisþættir í efnablöndum ef þau gegna hlutverki sæfiefna í málningu og eru ekki bundin efnatengjum við aðra efnisþætti í málningunni. 2. Má ekki setja á markað eða nota sem efni og efnisþætti í efnablöndum sem gegna hlutverki sæfiefna til að hindra vöxt örvera, gróðurs eða dýra á: a) öllum skipum, án tillits til stærðar þeirra, sem nota á til siglinga á hafi, með ströndum, í árósum, innri vatnaleiðum og stöðuvötnum, b) kvíum, flotbúnaði, netum og öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskeldi, c) hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni. 3. Ekki leyft sem efni og efnisþættir í efnablöndur sem nota á við meðhöndlun vatns frá iðnaði.
21.	Dí-μ-oxó-dí-n-bútýlstannóhýdroxýboran díbútýltinvetnisbórat $C_8H_{19}BO_3S_n$ (DBB) CAS-nr. 75113-37-0 ELINCS-nr. 401-040-5	Bannað í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% í efnum og efnisþáttum efnablandna sem eru settar á markað. Þetta ákvæði gildir hins vegar ekki um þetta efni (DBB) eða efnablöndur, sem innihalda það, ef þeim er eingöngu breytt í fullgerðar vörur þar sem styrkur efnisins er ekki jafn eða meiri en 0,1%.
22.	Pentaklórfenól CAS-nr. 87-86-5 EINECS-nr. 201-778-6 og sölt þess og esterar.	1. Ekki leyft til notkunar í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% af massa í efni eða efnablöndur sem eru settar á markað. 2. Bráðabirgðaákvæði: Til 31. desember 2008 er Frakklandi, Írlandi, Portúgal, Spáni og Breska konungsríkinu heimilt að beita ekki þessu ákvæði þegar um er að ræða efni og efnablöndur sem nota á í iðjuverum sem eru þannig gerð að frá þeim getur pentaklórfenól (PCP) ekki losnað og/eða sloppið út í andrúmsloftið í meira magni en því sem mælt er fyrir um í gildandi löggjöf: a) við meðhöndlun viðar.. Þó má ekki nota meðhöndlaðan við: – inni í byggingum, hvorki til skreytinga né í öðrum tilgangi, hvaða hlutverki sem þær gegna (bústaðir, vinnustaðir, staðir til tómstunda), – við framleiðslu og endurmeðhöndlun: i) íláta til notkunar við ræktun, ii) umbúða sem geta komist í snertingu við hráefni, milliefni eða fullunnar vörur sem ætlaðar eru til manneldis og/eða fóðrunar dýra, iii) annarra efna sem kunna að menga vörurnar sem nefndar eru í i. og ii. lið,

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar		Takmarkanir
		b) við gegndreypingu trefja og slitþolinna textílefna sem á ekki í neinu tilviki að nota í fatnað eða til skreytinga innanhúss, c) með sérstakri undantekningu geta aðildarríkin leyft sérhæfðu fagfólki á sínu yfirráðasvæði, á grundvelli hvers einstaks tilviks, að gera á staðnum endurbætur á bjálkum og múrverki, sem skemmst hafa af völdum hússvepps (*Serpula lacrymans*) eða annarra sveppa sem valda brúnfúa (cubic rot), þeirra bygginga sem hafa menningarlegt, listfræðilegt eða sögulegt gildi. Í öllum tilvikum: a) verður heildarinnihald hexaklórdíbensóparadíoxíns (HCDD) í pentaklórfenóli, sem er notað hreint eða sem efnisþáttur í efnablöndur sem eru notaðar á grundvelli framangreindra undantekninga, að vera minna en tveir milljónarhlutar (ppm), b) má ekki, að því er varðar þessi efni og efnablöndur: – setja þær á markað öðruvísi en í 20 lítra umbúðum eða stærri, – selja þær almenningi. 3. Með fyrirvara um framkvæmd annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal standa með læsilegu og óafmáanlegu letri á umbúðum efna og efnablandna sem falla undir ákvæði 1. og 2. mgr.: „Einungis til nota í iðnaði og til faglegra nota.“ Þetta ákvæði gildir ekki um úrgang sem fellur undir tilskipanir 91/689/EBE og 2006/12/EB.
23.	Kadmíum CAS-nr. 7440-43-9 EINECS-nr. 231-152-8 og efnasambönd þess.	1. Ekki leyfð til litunar á fullunnum vörum sem eru framleiddar úr þeim efnum og efnablöndum sem eru tilgreindar hér á eftir: a) – pólývinýlklóríð (PVC) [3904 10] [3904 21] [3904 22] ([3]) – pólýúretan (PUR) [3909 50] ([3]) – eðlislétt pólýetýlen (LDPE), að undanskildu eðlisléttu pólýetýleni sem er notað til framleiðslu litarefnablandna (masterbatch) ([3]) – sellulósaasetat (CA) [3912 11] [3912 12] ([3]) – sellulósaasetatbútýrat (CAB) [3912 11] [3912 12] ([3]) – epoxýresín [3907 30] ([3]) – melamínformaldehýðresín (MF) [3909 20] ([3]) – úreaformaldehýðresín (UF) [3909 10] ([3]) – ómettaðir pólýesterar (UP) [3907 91] ([3]) – pólýetýlentereþalat (PET) [3907 60] ([3]) – pólýbútýlentereþalat (PBT) ([3]) – glært/venjulegt pólýstýren [3903 11] [3903 19] ([3]) – akrýlnítrílmetýlmetakrýlat (AMMA) ([3]) – víxltengt pólýetýlen (VPE) ([3]) – höggþolið pólýstýren ([3]) – pólýprópýlen (PP) [3902 10] ([3])

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
	b) málning [3208] [3209] ([3]) Ef málningin eða lökkin innihalda mikið sink skal styrkur kadmíumleifa hins vegar vera svo lítill sem framast er kostur og skal í engum tilvikum fara yfir 0,1% miðað við massa. Ekki má í neinum tilvikum setja á markað fullunnar vörur eða hluti til þeirra, sem eru framleidd úr framangreindum efnum eða efnablöndum og eru lituð með kadmíum, ef kadmíuminnihald þeirra (gefið upp sem kadmíummálmur) er meira en 0,01% miðað við massa plastefnisins, hver sem fyrirhuguð notkun eða endanlegur tilgangur er. 2. Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki um vörur sem eru litaðar af ástæðum sem varða öryggi. 3. Ekki leyft til að stöðga fullunnar vörur sem eru tilgreindar hér á eftir og eru framleiddar úr fjölliðum eða samfjölliðum vinýlklóríðs: – umbúðaefni (poka, ílát, flöskur, lok) [3923 29 10] [3920 41] [3920 42] ([3]), – skrifstofu- eða skólavörur [3926 10] ([3]), – aukabúnað fyrir húsgögn, yfirbyggingar eða þess háttar [3926 30] ([3]), – fatnað og tilheyrandi aukahluti (þ.m.t. hanskar) [3926 20] (3), – gólfefni og veggfóður [3918 10] ([3]), – gegndreypt, húðuð, hjúpuð eða lagskipt textílefni [5903 10] ([3]), – leðurlíki [4202] ([3]) – hljómplötur [8524 10] ([3]) – pípur og rör og tilheyrandi aukahluti [3917 23] ([3]) – vængjahurðir ([3]) – ökutæki til flutninga á vegum (innra rými og ytra borð, undirvagn) ([3]) – húð á stálplötum sem eru notaðar til bygginga eða í iðnaði ([3]) – einangrun fyrir rafmagnsvíra ([3]). Ekki má í neinum tilvikum setja á markað fullunnar vörur eða hluti til þeirra, sem frá greinir hér að framan og eru framleidd úr fjölliðum eða samfjölliðum úr vinýlklóríði, stöðguð með efnum sem innihalda kadmíum, ef kadmíuminnihald þeirra (gefið upp sem kadmíummálmur) er meira en 0,01% miðað við massa plastefnisins, hver sem fyrirhuguð notkun eða endanlegur tilgangur er. 4. Ákvæði 3. mgr. gilda hins vegar ekki um fullunnar vörur ef stöðgarar, sem innihalda kadmíum, eru notaðir af ástæðum er varða öryggi.

Heiti efnisins, efnaflokksins eða efnablöndunnar	Takmarkanir
	5. Í skilningi þessarar reglugerðar merkir „kadmíumhúðun“ hvers kyns útfellingu eða húð úr kadmíummálmi á málmyfirborði. Ekki leyft til notkunar í kadmíumhúð á málmhlutum eða hlutum til þeirra sem eru notaðir á þeim sviðum eða í þeim tilgangi sem er tilgreindur hér á eftir: a) á búnaði og vélum: – fyrir matvælaframleiðslu [8210] [8417 20] [8419 81] [8421 11] [8421 22] [8422] [8435] [8437] [8438] [8476 11] ([3]), – í landbúnaði [8419 31] [8424 81] [8432] [8433] [8434] [8436] ([3]), – við kælingu og frystingu [8418] ([3]), – við prentun og bókband [8440] [8442] [8443] ([3]), b) á búnaði og vélum til framleiðslu á: – heimilisbúnaði [7321] [8421 12] [8450] [8509] [8516] ([3]), – húsgögnum [8465] [8466] [9401] [9402] [9403] [9404] ([3]), – hreinlætisvörum [7324] ([3]), – miðstöðvarhitunar- og loftræstibúnaði [7322] [8403] [8404] [8415] ([3]). Ekki má í neinum tilvikum setja á markað kadmíumhúðaðar vörur eða hluti til þeirra, sem eru notuð á þeim sviðum eða í þeim tilgangi sem tilgreint er í a- og b-lið hér að framan eða vörur sem eru framleiddar á þeim sviðum sem tilgreind eru í b-lið hér að framan, hver sem fyrirhuguð notkun eða endanlegur tilgangur er. 6. Ákvæðin, sem um getur í 5. mgr., gilda einnig um kadmíumhúðaðar vörur og hluti til þeirra ef þau eru notuð á þeim sviðum eða í þeim tilgangi sem tilgreint er í a- og b-lið hér á eftir og um vörur sem eru tilgreindar í b-lið hér á eftir: a) búnað og vélar til framleiðslu á: – pappír og pappa [8419 32] [8439] [8441] ([3]), – textílefnum og fatnaði [8444] [8445] [8447] [8448] [8449] [8451] [8452] ([3]), b) búnað og vélar til framleiðslu á: – búnaði og vélum sem eru notuð í iðnaði [8425] [8426] [8427] [8428] [8429] [8430] [8431] ([3]), – ökutækjum til notkunar á vegum og í landbúnaði [87. kafli] ([3]), – járnbrautarvögnum [86. kafli] ([3]), – skipum [89. kafli] ([3]).

	Heiti efnisins, efnaflokksins eða efnablöndunnar	Takmarkanir
		7. Takmarkanirnar í 5. og 6. mgr. gilda hins vegar ekki um: – vörur og hluti til þeirra sem eru notuð í flugvéla-, geim- og námuiðnaði, í iðnaði á hafi úti og á sviði kjarnorku, enda séu gerðar miklar öryggiskröfur til þeirra, og ekki heldur um öryggisbúnað til notkunar í ökutækjum til notkunar á vegum og í landbúnaði, í járnbrautarvögnum og skipum. – rafsnertur, á hvaða notkunarsviði sem er, sem auka áreiðanleika þess tækis sem þær eru settar upp í. Með hliðsjón af framförum á sviði þekkingar og tækni, að því er varðar staðgönguefni sem eru hættuminni en kadmíum og efnasambönd þess, skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin, meta stöðuna með reglulegu millibili í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 133. gr. þessarar reglugerðar.
24.	Mónómetýltetraklórdífenýlmetan Viðskiptaheiti: Ugilec 141 CAS-nr. 76253-60-6	1. Bannað er að setja á markað og nota þetta efni og efnablöndur og vörur sem innihalda það. 2. Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki: a) í neinum tilvikum um tækjakost og vélar sem voru þegar í notkun 18. júní 1994 þar til slíkum tækjakosti eða vélum er fargað. Aðildarríkin geta hins vegar, af ástæðum er varða heilsuvernd manna og umhverfisvernd, bannað notkun slíks tækjakosts eða véla á yfirráðasvæði sínu áður en þeim er fargað, b) ef um er að ræða viðhald tækjakosts og véla sem voru þegar í notkun í aðildarríki 18. júní 1994. 3. Bannað er að setja þetta efni á markað fyrir notaðar vörur, ásamt efnablöndum, tækjakosti eða vélum sem innihalda það.
25.	Mónómetýldíklórdífenýlmetan Viðskiptaheiti: Ugilec 121, Ugilec 21; CAS-nr. – ekki þekkt	Bannað er að setja á markað og nota þetta efni og efnablöndur og vörur sem innihalda það.
26.	Mónómetýldíbrómdífenýlmetan-brómbensýlbrómtólúen, blanda myndbrigða Viðskiptaheiti: DBBT CAS-nr. 99688-47-8	Bannað er að setja á markað og nota þetta efni og efnablöndur og vörur sem innihalda það.
27.	Nikkel CAS-nr. 7440-02-0 EINECS-nr. 231-111-4 og efnasambönd þess	1. Ekki leyft til notkunar. a) í byrjunarlokkum og -pinnum sem sett eru í götuð eyru eða aðra gataða líkamshluta nema nikkelmagnið, sem losnar frá þessum lokkum og pinnum, sé minna en 0,2 µg/cm^2 á viku (flæðimörk), b) í hlutum sem ætlað er að komast í beina og langvarandi snertingu við húðina, s.s.: – eyrnalokkum, – hálsmenum, armböndum og keðjum, ökklahringjum, hringjum á fingur,

	Heiti efnisins, efnaflokksins eða efnablöndunnar	Takmarkanir
		– kössum, ólum og sylgjum armbandsúra, – hnoðhnöppum, smellum, hnoðum, rennilásum og málmmerkjum þegar slíkt er notað á fatnað, – ef hraði nikkellosunar frá þeim hlutum varanna, sem eru í beinni og langvarandi snertingu við hörund, er meiri en 0,5 µg/cm^2/viku,
		c) í vörum á borð við þær sem eru tilgreindar í b-lið ef þær eru með nikkelfrírri húð, nema húðin nægi til að tryggja það að hraði nikkellosunar frá þeim hlutum varanna, sem eru í beinni og langvarandi snertingu við hörund, sé ekki meiri en 0,5 µg/cm²/viku á tveggja ára tímabili, við eðlilega notkun varanna. 2. Þær vörur, sem falla undir 1. mgr., má því aðeins setja á markað að þær uppfylli kröfurnar í þessum liðum. 3. Prófunaraðferðirnar í stöðlunum, sem Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt, skulu notaðar til að staðfesta að vörurnar uppfylli kröfurnar í 1. og 2. mgr.
28.	Efni sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og flokkuð sem krabbameinsvaldur í 1. flokki eða krabbameinsvaldur í 2. flokki og merkt a.m.k. sem „eitruð (T)“ með hættusetningu H45: „getur valdið krabbameini“ eða hættusetningu H49: „getur valdið krabbameini við innöndun“ og tilgreind sem hér segir: Krabbameinsvaldur í 1. flokki, tilgreindur í 1. viðbæti. Krabbameinsvaldur í 2. flokki, tilgreindur í 2. viðbæti.	Með fyrirvara um aðra hluta þessa viðauka gildir eftirfarandi um færslur 28 til 30: 1. Ekki leyft til notkunar í efni og efnablöndur sem eru settar á markað til sölu fyrir almenning í styrkleika sem er jafn eða meiri en: – sá styrkleiki sem er tilgreindur í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða – sá styrkleiki sem er tilgreindur í tilskipun 1999/45/EB.
29.	Efni sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og flokkuð sem stökkbreytivaldar í 1. flokki eða stökkbreytivaldar í 2. flokki og merkt með hættusetningu H46: „getur valdið arfgengum skaða“ og tilgreind sem hér segir: Stökkbreytivaldur í 1. flokki, tilgreindur í 3. viðbæti. Stökkbreytivaldur í 2. flokki, tilgreindur í 4. viðbæti.	
30.	Efni sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og flokkuð sem efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun í 1. eða 2. flokki og merkt með hættusetningu H60: „getur dregið úr frjósemi“ og/eða H61: „getur skaðað barn í móðurkviði“ og tilgreind sem hér segir: Efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun, 1. flokkur, tilgreind í 5. viðbæti. Efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun, 2. flokkur, tilgreind í 6. viðbæti.	Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal standa á umbúðum slíkra efna og efnablandna með læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til faglegra nota“. 2. Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki um: a) lyf fyrir menn eða dýr eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2001/82/EB og tilskipun 2001/83/EB, b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 76/768/EBE, c) – eldsneyti á vélar sem fellur undir tilskipun 98/70/EB, – afurðir jarðolíu sem eru ætlaðar til notkunar sem eldsneyti í færanlegum eða föstum brennsluverum, – eldsneyti sem er selt í lokuðum einingum (t.d. kútum með fljótandi gasi), d) listmálaraliti sem falla undir tilskipun 1999/45/EB.

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
31. a) Kreósót, ísogsolía CAS-nr. 8001-58-9 EINECS-nr. 232-287-5 b) Kreósótolía, ísogsolía CAS-nr. 61789-28-4 EINECS-nr. 263-047-8 c) eimað eldsneyti (koltjara), naftalínolíur; naftalínolía CAS-nr. 84650-04-4 EINECS-nr. 283-484-8 d) kreósótolía, asenaftenhluti, ísogsolía CAS-nr. 90640-84-9 EINECS-nr. 292-605-3 e) eimað eldsneyti (koltjara), efri hluti; þung antrasenolía CAS-nr. 65996-91-0 EINECS-nr. 266-026-1 f) antrasenolía CAS-nr. 90640-80-5 EINECS-nr. 292-602-7 g) tjörusýrur úr óunnum kolum, hráfenól CAS-nr. 65996-85-2 EINECS-nr. 266-019-3 h) kreósót, viður CAS-nr. 8021-39-4 EINECS-nr. 232-419-1 i) lághitatjöruolía, basísk, útdráttarleifar (úr kolum), lághitakoltjara, basísk CAS-nr. 122384-78-5 EINECS-nr. 310-191-5	1. Ekki leyfð sem efni eða efnablöndur við meðhöndlun viðar. Ekki má heldur setja á markað timbur sem hefur verið meðhöndlað á þennan hátt. 2. Undanþágur: a) að því er varðar efnin og efnablöndurnar: því aðeins má nota þessi efni og efnablöndur til að meðhöndla við í iðjuverum, sem falla undir löggjöf Bandalagsins um starfsmannavernd, eða til að endurmeðhöndla við á staðnum af fagmönnum, að þau innihaldi: i) bensó[a]pýren í styrk sem er undir 0,005% miðað við massa, ii) og fenól sem eru dregin út með vatni í styrk sem er undir 3% miðað við massa. Slík efni og efnasambönd, sem eru notuð til að meðhöndla við í iðjuverum eða af fagmönnum: – má aðeins setja á markað í umbúðum sem eru 20 lítrar eða meira að rúmmáli, – má ekki selja neytendum. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal standa á umbúðum slíkra efnablandna með læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til nota í iðjuverum eða til faglegrar meðhöndlunar“. b) að því er varðar timbur, sem hefur verið meðhöndlað í iðjuverum eða af fagmönnum í samræmi við a-lið og er sett á markað í fyrsta sinn eða endurmeðhöndlað á staðnum: þetta er eingöngu leyft til faglegrar notkunar eða til notkunar í iðnaði, t.d. fyrir járnbrautir eða raflínur eða í tengslum við fjarskipti, til girðinga, til notkunar í landbúnaði (t.d. sem stoðir fyrir tré) og í höfnum og á vatnaleiðum. c) Bannið í 1. mgr. við setningu á markað gildir ekki um timbur sem hefur verið meðhöndlað með efnum, sem eru tilgreind í a- til i-liðum 31. færslu, fyrir 31. desember 2002 og eru sett á markað með notaðar vörur til endurnýtingar. 3. Þó skal ekki nota meðhöndlaðan við sem um getur í b- og c-lið 2. mgr.: – inni í byggingum, hvaða hlutverki sem þær gegna, – í leikföng,

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
	– á leiksvæðum, – í skemmtigörðum, skrúðgörðum eða á útivista- og tómstundasvæðum þar sem hætta er á tíðri snertingu við hörund, – við framleiðslu garðhúsgagna, s.s. nestisborða, – við framleiðslu, notkun og alla endurmeðhöndlun: – íláta til notkunar við ræktun, – umbúða sem geta komist í snertingu við óunnar vörur, millistigsvörur eða fullunnar vörur sem ætlaðar eru mönnum og/eða dýrum til neyslu, – annarra efna sem kunna að menga vörurnar sem um getur hér að framan.
32. Klóróform CAS-nr. 67-66-3 EINECS-nr. 200-663-8 33. Kolefnistetraklóríðtetraklórmetan CAS-nr. 56-23-5 EINECS-nr. 200-262-8 34. 1,1,2-tríklóretan CAS-nr. 79-00-5 EINECS-nr. 201-166-9 35. 1,1,2,2-tetraklóretan CAS-nr. 79-34-5 EINECS-nr. 201-197-8 36. 1,1,1,2-tetraklóretan CAS-nr. 630-20-6 37. Pentaklóretan CAS-nr. 76-01-7 EINECS-nr. 200-925-1 38. 1,1-díklóretýlen CAS-nr. 75-35-4 EINECS-nr. 200-864-0 39. 1,1,1-tríklóretan, metýlklóróform CAS-nr. 71-55-6 EINECS-nr. 200-756-3	1. Ekki leyft til notkunar í styrkleika sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við massa í efni og efnablöndur sem eru sett á markað til sölu til almennings og/eða við notkun sem hefur í för með sér váhrif, s.s. við yfirborðshreinsun eða hreinsun vefnaðar. 2. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal standa á umbúðum slíkra efna og efnablandna, sem innihalda þau, í styrkleika sem er jafn eða meiri en 0,1%, með læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til notkunar í iðjuverum.“ Þetta ákvæði gildir þó ekki um: a) lyf fyrir menn eða dýr eins og þau eru skilgreind í tilskipunum 2001/82/EB og 2001/83/EB, b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun ráðsins 76/768/EBE.
40. Efni sem uppfylla viðmiðanirnar um eldfimi í tilskipun 67/548/EBE og eru flokkuð sem eldfim, mjög eldfim eða afar eldfim án tillits til þess hvort þau eru tilgreind í I. viðauka þeirrar tilskipunar eða ekki.	1. Ekki leyfð ein og sér eða í formi efnablandna í úðabrúsum sem eru settir á markað til almennrar sölu og notaðir til skemmtunar og skreytingar, s.s. eftirfarandi: – málmglimmer, einkum ætlað til skreytingar, – gervisnjór og -hrím, – fretpúðar, – reimaúði,

	Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
		– gervisaur, – samkvæmislúðrar, – skrautflögur og -froða, – gerviköngulóarvefur, – fýlubombur, – o.s.frv. 2. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skulu eftirfarandi orð standa á úðabrúsunum, sem um getur hér að framan, með læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til notkunar fyrir fagfólk.“ 3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda hins vegar ekki um úðabrúsana sem um getur í 9. gr. a í tilskipun ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa ([4]). 4. Vörurnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu ekki settar á markað nema þær uppfylli tilgreindar kröfur.
41.	Hexaklóretan CAS-nr. 67-72-1 EINECS-nr. 200-6664	Ekki leyft til notkunar við framleiðslu eða vinnslu málma, annarra en járns.
42.	Alkön, C_{10}–C_{13}, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffín) (SCCP) EINECS-nr. 287-476-5	Ekki leyft að setja á markað til notkunar sem efni eða efnisþættir annarra efna eða efnablandna í styrk yfir 1%: – í málmvinnslu,
43.	Asólitarefni	– til að fitubera leður. 1. Við afoxandi klofnun eins eða fleiri asóhópa geta eitt eða fleiri þeirra rokgjörnu amína, sem tilgreind eru í 8. viðbæti, losnað frá asólitum í greinanlegum styrk, þ.e. í styrk yfir 30 milljónarhlutum í fullunnum vörum eða í lituðum hlutum þeirra samkvæmt prófunaraðferðunum sem tilgreindar eru í 10. viðbæti og er óheimilt að nota þá asóliti í textíl- og leðurvörur sem hætt er við að komist í beina og langvarandi snertingu við hörund manna eða munnhol, s.s.: – klæði, rúmföt, handklæði, lausa hártoppa, hárkollur, hatta, bleyjur og aðrar hreinlætisvörur og svefnpoka, – skófatnað, hanska, ólar á armbandsúr, handtöskur, pyngjur og veski, skjalatöskur, áklæði á stóla og pyngjur sem eru bornar um hálsinn, – leikföng úr textíl eða leðri og leikföng sem eru að hluta úr textíl eða leðri,

	Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
		– garn og vefnaður sem er ætlaður neytendum. 2. Ekki er heldur leyft að setja á markað textíl- og leðurvörur, sem um getur í 1. lið að framan, ef þær fullnægja ekki þeim kröfum sem settar eru fram í þeim lið. 3. Ekki er leyft að setja á markað þá asóliti sem eru í skránni yfir asóliti í 9. viðbæti eða nota þá til að lita textíl- og leðurvörur sem efni eða efnisþátt í efnablöndum í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við massa. 4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða ákvæðin um asólitarefni í ljósi nýrrar vísindaþekkingar.
44.	Pentabrómafleiða af difenýleter $C_{12}H_5Br_5O$	1. Ekki leyft að setja á markað eða nota eitt sér eða sem efnisþátt í efnablöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við massa. 2. Vörur má ekki setja á markað ef þær eða logavarðir hlutar þeirra innihalda þetta efni í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við massa.
45.	Oktabrómafleiða af difenýleter, $C_{12}H_2Br_8O$	1. Ekki leyft að setja á markað eða nota eitt sér eða sem efnisþátt í öðrum efnum eða efnablöndum í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við massa. 2. Vörur má ekki setja á markað ef þær eða logavarðir hlutar þeirra innihalda þetta efni í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við massa.
46.	a) Nónýlfenól $C_6H_4(OH)C_9H_{19}$ b) Nónýlfenóletoxýlat $(C_2H_4O)_nC_{15}H_{24}O$	Ekki leyft að setja á markað eða nota eitt sér eða sem efnisþátt í efnablöndur í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við massa í eftirfarandi tilgangi: 1) við þrif hjá iðnfyrirtækjum og stofnunum nema þegar um er að ræða: – stýrð, lokuð þurrhreinsikerfi þar sem hreinsiefnið er endurunnið eða brennt, – hreinsikerfi þar sem hreinsiefnið er endurunnið eða brennt í sérstöku ferli, 2) við þrif á heimilum, 3) við textíl- og leðurvinnslu, nema þegar um er að ræða: – vinnslu þegar hreinsiefnið er ekki losað út í skólpið, kerfi, þar sem vinnsluvatnið fær sérstaka formeðhöndlun til að fjarlægja alveg lífræna hlutann áður en lífræn meðhöndlun skólps á sér stað (fituhreinsun gæruskinna), 4) í ýruefni í spenadýfur í landbúnaði, 5) við málmsmíði nema þegar um er að ræða: – notkun í stýrðu, lokuðu kerfi þar sem hreinsiefnið er endurunnið eða brennt, 6) við framleiðslu á pappírsdeigi og pappír, 7) í snyrtivörur, 8) í aðrar hreinlætisvörur nema: – sæðiseyða, 9) í hjálparefni í varnarefni og sæfiefni.

	Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
47.	Sement	1. Ekki er leyft að nota eða setja á markað sement eða efnablöndur sem innihalda sement ef í þeim er, í vötnuðu formi, meira en 0,0002% af leysanlegu, sexgildu krómi miðað við heildarþurrvigt sementsins. 2. Ef afoxunarefni eru notuð skulu, með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna, vera á umbúðum sements eða efnablandna, sem innihalda sement, læsilegar og óafmáanlegar upplýsingar um pökkunardag, geymsluaðstæður og geymslutímabil, sem við á, þannig að virkni afoxunarefnisins haldist og til að halda magni leysanlegs, sexgilds króms undir þeim mörkum sem eru tilgreind í 1. mgr. 3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda hins vegar ekki um setningu á markað fyrir algerlega sjálfvirk og lokuð vinnslukerfi þar sem sement og efnablöndur, sem innihalda sement, eru meðhöndluð eingöngu með vélum og enginn möguleiki er á því að efnið komist í snertingu við hörund, svo og um slíka notkun.
48.	Tólúen CAS-nr. 108-88-3	Má hvorki setja á markað né nota sem efni eða efnisþátt í efnablöndur í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við massa í límí og sprautumálningu sem ætluð eru til sölu til almennings. Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 15. júní 2007.
49.	Tríklórbensen CAS-nr. 120-82-1	Má hvorki setja á markað né nota sem efni eða efnisþátt í efnablöndum í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við massa, né á neinn hátt til annarrar notkunar, nema: — sem milliefni í efnasmíði eða — sem leysiefni í lokuðum, efnafræðilegum klórunarferlum eða — við framleiðslu á 1,3,5-trínítró-2,4,6-tríamínóbenseni (TATB). Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 15. júní 2007.
50.	Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH) 1. Bensó(a)pýren (BaP) CAS-nr. 50-32-8 2. Bensó(e)pýren (BeP) CAS-nr. 192-97-2 3. Bensó(a)antrasen (BaA) CAS-nr. 56-55-3 4. Krýsen (CHR) CAS-nr. 218-01-9 5. Bensó(b)flúoranten (BbFA) CAS-nr. 205-99-2 6. Bensó(j)flúoranten (BjFA) CAS-nr. 205-82-3 7. Bensó(k)flúoranten (BkFA) CAS-nr. 207-08-9 8. Díbensó(a, h)antrasen (DBAhA) CAS-nr. 53-70-3	1. Ekki má setja mýkingarolíur (extender oils) á markað eða nota þær við framleiðslu hjólbarða eða hluta til hjólbarða ef þær innihalda: — meira en 1 mg/kg af bensó(a)pýreni eða — meira en 10 mg/kg samtals fyrir öll skráð fjölhringa, arómatísk vetniskolefni. Þessi viðmiðunarmörk teljast virt ef útdráttur fjölhringa, arómatískra efna (PCA) er minni en 3% miðað við massa, mælt með aðferðinni í IP346, staðli Jarðolíustofnunarinnar (Institute of Petroleum): 1998 (Determination of PCA in unused lubricating base oils and asphaltene free petroleum fractions — Dimethyl sulphoxide extraction refractive index method), að því tilskildu að framleiðendur eða innflytjendur gangi úr skugga um það á sex mánaða fresti eða í kjölfar hverrar meiri háttar breytingar á rekstri, eftir því hvort ber fyrr að, að virt séu viðmiðunargildi fyrir bensó(a)pýren og fyrir skráð fjölhringa, arómatísk vetniskolefni, svo og að farið sé að öllum mældum gildum fyrir PCA-útdrátt.

	Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
		2. Ekki má heldur setja á markað hjólbarða eða sóla til hjólbarðasólunar, sem eru framleiddir eftir 1. janúar 2010, innihaldi þeir mýkingarolíur umfram þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. Þessi mörk teljast virt ef súlfuðu gúmmísamböndin fara ekki yfir mörkin 0,35% fyrir Bay-róteindir, mælt og reiknað með aðferð samkvæmt staðlinum ISO 21461 (Rubber vulcanised — Determination of aromaticity of oil in vulcanised rubber compounds). 3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um sólaða hjólbarða ef sólinn á þeim inniheldur ekki mýkingarolíur yfir þeim mörkum sem um getur í 1. mgr. 4. Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. janúar 2010.
51.	Eftirfarandi þalöt (eða önnur CAS- og EINECS-númer sem ná yfir efnin): bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) CAS-nr. 117-81-7 EINECS-nr. 204-211-0 díbútýlþalat (DBP) CAS-nr. 84-74-2 EINECS-nr. 201-557-4 bensýlbútýlþalat (BBP) CAS-nr. 85-68-7 EINECS-nr. 201-622-7	Ekki leyfð til notkunar ein sér eða sem efnisþættir í efnablöndum í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við massa í mýkta efninu í leikföngum eða hlutum sem eru notaðir við umönnun ungbarna ([5]). Hvorki má setja á markað leikföng né hluti, sem innihalda þessi þalöt og notaðir eru við umönnun ungbarna, sem innihalda meira en 0,1% miðað við massa af mýkta efninu. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 16. janúar 2010, endurmeta þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í tengslum við þennan lið, með hliðsjón af nýjum, vísindalegum upplýsingum um slík efni og staðgönguefni þeirra og þessum ráðstöfunum má breyta til samræmis við það, enda séu rök færð fyrir þeim breytingum.
52.	Eftirfarandi þalöt (eða önnur CAS- og EINECS-númer sem ná yfir efnin): dí-„ísónónýl“-þalat (DINP) CAS-nr. 28553-12-0 og 68515-48-0 EINECS-nr. 249-079-5 og 271-090-9 dí-„ísódekýl“-þalat (DIDP) CAS-nr. 26761-40-0 og 68515-49-1 EINECS-nr. 247-977-1 og 271-091-4 dí-n-oktýlþalat (DNOP) CAS-nr. 117-84-0 EINECS-nr. 204-214-7	Ekki leyfð til notkunar ein sér eða sem efnisþættir í efnablöndum í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við massa í mýkta efninu í leikföngum eða hlutum sem eru notaðir við umönnun ungbarna ([5]) og þau geta sett upp í sig. Hvorki má setja á markað leikföng né hluti, sem innihalda þessi þalöt og notaðir eru við umönnun ungbarna, sem innihalda meira en 0,1% miðað við massa af mýkta efninu. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 16. janúar 2010, endurmeta þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í tengslum við þennan lið, með hliðsjón af nýjum, vísindalegum upplýsingum um slík efni og staðgönguefni þeirra og þessum ráðstöfunum má breyta til samræmis við það, enda séu rök færð fyrir þeim breytingum.

([1]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

([2]) Krýsótíl hefur tvö CAS-nr. sem Efnastofnun Evrópu (ECB) hefur staðfest.

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 426/2006 (Stjtíð. ESB L 79, 16.3.2006, bls. 1).

([4]) Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

([5]) Í þessum lið merkir „hlutir sem eru notaðir við umönnun ungbarna“ allar þær vörur, sem ætlaðar eru til að auðvelda svefn eða slökun barna, stuðla að hreinlæti eða eru notaðar við mötun, eða hlutir sem börn geta sogið.

1. til 6. viðbætir

FORMÁLSORÐ

Skýringar á fyrirsögnum dálkanna

Efni:

Heitið er hið sama og notað er fyrir efnið í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Eftir því sem við verður komið eru hin hættulegu efni auðkennd með heiti sínu í EINECS (European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances – Evrópuskrá yfir íðefni á markaði) eða ELINCS (European List of Notified Chemical Substances – Evrópuskrá yfir tilkynnt efni). Þessi heiti eru táknuð í töflunni sem EB-númer. Ef efni eru ekki skráð í EINECS eða ELINCS eru þau auðkennd með efnaheiti sem hlotið hefur alþjóðlega viðurkenningu (t.d. ISO, IUPAC). Í sumum tilvikum er bætt við almennu heiti efnisins.

Skrárnúmer:

Skrárnúmerið er auðkenniskóði efnisins í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Efnunum er raðað eftir þessu skrárnúmeri í viðbætinum.

EINECS-númer:

Hvert efni, sem er tilgreint í EINECS, fær auðkenniskóða. Kóðinn hefst á 200-001-8.

ELINCS-númer:

Öll efni, sem tilkynnt hafa verið í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, hafa fengið auðkenniskóða sem birtist í Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (ELINCS). Kóðinn hefst á 400-010-9.

CAS-númer:

Efnin hafa fengið númer í CAS-kerfinu (Upplýsingaþjónusta um íðefni (Chemical Abstracts Service)) til að auðvelda sanngreiningu þeirra.

Athugasemdir:

Orðréttan texta athugasemdanna er að finna í inngangi að I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.

Athugasemdirnar í þessari reglugerð hafa eftirfarandi merkingu:

Athugasemd A:

Heiti efnisins verður að koma fram á merkimiðanum og skal nota eitt þeirra heita sem tilgreind eru í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE (sbr. a-lið 2. mgr. 23. gr. í þeirri tilskipun).

Í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eru stundum notaðar almennar lýsingar á borð við „-sambönd“ eða „-sölt“. Í þeim tilvikum er framleiðanda eða hverjum þeim, sem setur slíkt efni á markað, skylt að skrá rétt efnaheiti á merkimiðann þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til kaflans sem ber yfirskriftina „Nafnakerfi“ í inngangi að þeim viðauka.

Í tilskipun 67/548/EBE er þess einnig krafist að tákn, hættuábendingar og hættu- og varnaðarsetningar, sem eru notuð fyrir hvert þessara efna, séu þau sem eru tilgreind í I. viðauka við þá tilskipun (c-, d- og e-liður 2. mgr. 23. gr. í þeirri tilskipun).

Þegar efni tilheyra einum tilteknum efnaflokki í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE skulu tákn, hættuábendingar og hættu- og varnaðarsetningar, sem eru notuð fyrir hvert þessara efna, vera þau sem eru tilgreind í viðeigandi færslu í téðum viðauka.

Ef efni tilheyra fleiri en einum efnaflokki í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE skulu tákn, hættuábendingar og hættu- og varnaðarsetningar, sem eru notuð fyrir hvert þessara efna, vera þau sem eru tilgreind í viðeigandi færslum í téðum viðauka. Ef flokkunin er mismunandi fyrir færslurnar tvær skal styðjast við flokkunina sem endurspeglar ströngustu hættuflokkunina.

Athugasemd C:

Sum lífræn efni má setja á markað annaðhvort sem tiltekið myndbrigði eða sem blöndu nokkurra myndbrigða.

Athugasemd D:

Tiltekin efni, sem hafa tilhneigingu til sjálfkrafa fjölliðunar eða niðurbrots, eru yfirleitt sett á markað í stöðguðu formi. Þau eru skráð í slíku formi í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.

Slík efni eru þó stundum sett á markað á óstöðguðu formi. Þá verður framleiðandi, eða hver sá sem setur efnið á markað, að tiltaka á merkimiðanum heiti efnisins ásamt orðinu „óstöðgaður“.

Athugasemd E:

Efni, sem hafa sérstök áhrif á heilbrigði manna (sbr. 4. kafli VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE) og eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og/eða efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun, 1. eða 2. flokkur, fá athugasemd E ef þau eru einnig flokkuð sem mjög eitruð (T+), eitruð (T) eða hættuleg heilsu (Xn). Fyrir þessi efni skal orðið „einnig“ standa á undan hættusetningunum H20, H21, H22, H23, H24, H25, H26, H27, H28, H39, H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni), H48 og H65 og öllum samsetningum þessara hættusetninga.

Athugasemd H:

Flokkun og merkimiði fyrir þetta efni gildir um þann hættulega eiginleika eða þá hættulegu eiginleika, sem tilgreindir eru í hættusetningunni eða -setningunum, ásamt þeim hættuflokki eða -flokkum sem tilgreindir eru. Kröfurnar í 6. gr. tilskipunar 67/548/EBE um framleiðendur, dreifendur og innflytjendur þessa efnis gilda um alla aðra þætti flokkunar og merkingar. Endanlegi merkimiðinn skal vera í samræmi við kröfurnar í 7. lið VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.

Þessi athugasemd gildir aðeins um tiltekin efni sem eru unnin úr kolum og olíu og tiltekna flokka efna í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.

Athugasemd J:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af benseni (EINECS-nr. 200-753-7), miðað við þyngd.

Athugasemd K:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald eða stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af 1,3-bútadíeni (EINECS-nr. 203-450-8), miðað við þyngd. Ef efnið er ekki flokkað sem krabbameinsvaldur eða stökkbreytivaldur skal nota a.m.k. varnaðarsetningar (2-)9-16. Þessi athugasemd á við um tiltekin, flókin efni í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE sem unnin eru úr olíu.

Athugasemd L:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 3% af dímetýlsúlfoxíðútdrætti, þegar mælt er með aðferðinni IP 346.

Athugasemd M:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,005% af bensó[a]pýreni (EINECS-nr. 200-028-5), miðað við þyngd.

Athugasemd N:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef allt hreinsunarferlið er þekkt og unnt er að sýna fram á að efnið, sem það er unnið úr, sé ekki krabbameinsvaldur.

Athugasemd P:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af benseni (EINECS-nr. 200-753-7), miðað við þyngd.

Athugasemd R:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef lengdarvegið faldmeðaltal þvermáls trefjanna, að frádreginni tvöfaldri staðalskekkju, er meira en 6 μm.

Athugasemd S:

Ekki er endilega þörf á að merkja þetta efni skv. 23. gr. tilskipunar 67/548/EBE (sbr. 8. lið í VI. viðauka þeirrar tilskipunar).

1. viðbætir

28. liður — Krabbameinsvaldar: 2. flokkur

Efni	Skrárnúmer	EB-númer	CAS-númer	Athugasemdir
Króm(VI)tríoxíð	024-001-00-0	215-607-8	1333-82-0	E
Sinkkrómöt, þ.m.t. sinkkalíumkrómat	024-007-00-3			
Nikkelmónoxíð	028-003-00-2	215-215-7	1313-99-1	
Nikkeldíoxíð	028-004-00-8	234-823-3	12035-36-8	
Dínikkeltríoxíð	028-005-00-3	215-217-8	1314-06-3	
Nikkelsúlfíð	028-006-00-9	240-841-2	16812-54-7	
Trínikkeldísúlfíð	028-007-00-4	234-829-6	12035-72-2	
Díarsentríoxíð, arsentríoxíð	033-003-00-0	215-481-4	1327-53-3	
Arsenpentoxíð, arsenoxíð	033-004-00-6	215-116-9	1303-28-2	
Arsensýra og sölt af henni	033-005-00-1			
Blývetnisarsenat	082-011-00-0	232-064-2	7784-40-9	
Bútan [sem inniheldur ≥ 0,1% bútadíen (203-450-8)] [1]	601-004-01-8	203-448-7 [1]	106-97-8 [1]	C, S
Ísóbútan [sem inniheldur ≥ 0,1% bútadíen (203-450-8)] [2]		200-857-2 [2]	75-28-5 [2]	
1,3-bútadíen, búta-1,3-díen	601-013-00-X	203-450-8	106-99-0	D
Bensen	601-020-00-8	200-753-7	71-43-2	E
Tríetýlarsenat	601-067-00-4	427-700-2	15606-95-8	
Vinýlklóríð, klóretýlen	602-023-00-7	200-831-0	75-01-4	
Bis(klórmetýl)eter	603-046-00-5	208-832-8	542-88-1	
Klórmetýlmetýleter, klórdímetýleter	603-075-00-3	203-480-1	107-30-2	
2-naftýlamín, ß-naftýlamín	612-022-00-3	202-080-4	91-59-8	E
Bensidín, 4,4′-díamínóbífenýl, bífenýl-4,4′-ýlendíamín	612-042-00-2	202-199-1	92-87-5	E
Sölt af bensidíni	612-070-00-5			
Sölt af 2-naftýlamíni	612-071-00-0	209-030-0[1] 210-313-6[2]	553-00-4[1] 612-52-2[2]	
Bífenýl-4-ýlamín, xenýlamín, 4-amínóbífenýl	612-072-00-6	202-177-1	92-67-1	
Sölt af bífenýl-4-ýlamíni, sölt af xenýlamíni, sölt af 4-amínóbífenýli	612-073-00-1			
Tjara, úr kolum; koltjara	648-081-00-7	232-361-7	8007-45-2	
(Aukaafurð úr þurreimingu á kolum. Nær svart, hálffast efni. Flókin blanda arómatískra vetniskolefna, fenólsambanda, köfnunarefnisbasa og þíófens.)				

Efni	Skrárnúmer	EB-númer	CAS-númer	Athugasemdir
Háhitatjara, úr kolum; koltjara (Þéttingarafurð sem verður til þegar gasið, sem myndast við þurreimingu kola við mikinn hita (meiri en 700 °C), er kælt hér um bil niður í umhverfishita. Svartur, seigfljótandi vökvi sem er þyngri en vatn. Að mestu úr flókinni blöndu arómatískra vetniskolefna með samrunnum hringum. Getur innihaldið fenólsambönd og arómatíska köfnunarefnisbasa í litlu magni.)	648-082-00-2	266-024-0	65996-89-6	
Lághitatjara, úr kolum; kolaolía (Þéttingarafurð sem verður til þegar gasið, sem myndast við þurreimingu kola við lítinn hita (minni en 700 °C), er kælt hér um bil niður í umhverfishita. Svartur, seigfljótandi vökvi sem er þyngri en vatn. Að mestu úr arómatískum vetniskolefnum með samrunnum hringum, fenólsamböndum, arómatískum köfnunarefnisbösum og alkýlafleiðum þeirra.)	648-083-00-8	266-025-6	65996-90-9	
Tjara, úr brúnkolum (Olía sem er eimuð úr brúnkolatjöru. Að mestu úr alifatískum, naftenskum og eins til þriggja hringa arómatískum vetniskolefnum, alkýlafleiðum þeirra, heturarómötum (heteroaromatics) og eins og tveggja hringa fenólum, með suðumarki u.þ.b. á bilinu 150 til 360 °C.)	648-145-00-4	309-885-0	101316-83-0	
Lághitatjara, úr brúnkolum (Tjara sem er unnin með kolun og gösun brúnkola við lítinn hita. Að mestu úr alifatískum, naftenskum og hringuðum, arómatískum vetniskolefnum, heturarómatískum vetniskolefnum og hringuðum fenólum.)	648-146-00-X	309-886-6	101316-84-1	
Eimi (úr jarðolíu), létt, paraffínsk; óhreinsuð eða lítið hreinsuð grunnolía (Flókin blanda vetniskolefna sem er framleidd með undirþrýstieimingu á leif úr eimingu á jarðolíu við venjulegan loftþrýsting. Hún er úr vetniskolefnum, aðallega á bilinu C_{15} til C_{30}, og myndar fullunna olíu með minni seigju en $19 \cdot 10^{-6}$ $m^2 \cdot s^{-1}$ við 40 °C. Inniheldur tiltölulega hátt hlutfall af mettuðum, alifatískum vetniskolefnum sem venjulega eru í jarðolíu á þessu eimingarbili.)	649-050-00-0	265-051-5	64741-50-0	
Eimi (úr jarðolíu), þung, paraffínsk; óhreinsuð eða lítið hreinsuð grunnolía (Flókin blanda vetniskolefna sem er framleidd með undirþrýstieimingu á leif úr eimingu á jarðolíu við venjulegan loftþrýsting. Hún er úr vetniskolefnum, aðallega á bilinu C_{20} til C_{50}, og myndar fullunna olíu með eigi minni seigju en $19 \cdot 10^{-6}$ $m^2 \cdot s^{-1}$ við 40 °C. Inniheldur tiltölulega hátt hlutfall af mettuðum, alifatískum vetniskolefnum.)	649-051-00-6	265-052-0	64741-51-1	
Eimi (úr jarðolíu), létt, naftensk;. óhreinsuð eða lítið hreinsuð grunnolía (Flókin blanda vetniskolefna sem er framleidd með undirþrýstieimingu á leif úr eimingu á jarðolíu við venjulegan loftþrýsting. Hún er úr vetniskolefnum, aðallega á bilinu C_{15} til C_{30}, og myndar fullunna olíu með minni seigju en $19 \cdot 10^{-6}$ $m^2 \cdot s^{-1}$ við 40 °C. Inniheldur tiltölulega lítið af ógreinóttum paraffínum.)	649-052-00-1	265-053-6	64741-52-2	

Efni	Skrárnúmer	EB-númer	CAS-númer	Athugasemdir
Eimi (úr jarðolíu), þung, naftensk; óhreinsuð eða lítið hreinsuð grunnolía (Flókin blanda vetniskolefna sem er framleidd með undirþrýstieimingu á leif úr eimingu á jarðolíu við venjulegan loftþrýsting. Hún er úr vetniskolefnum, aðallega á bilinu C_{20} til C_{50}, og myndar fullunna olíu með eigi minni seigju en $19 \cdot 10^{-6}$ $m^2 \cdot s^{-1}$ við 40 °C. Inniheldur tiltölulega lítið af ógreinóttum paraffínum.)	649-053-00-7	265-054-1	64741-53-3	
Eimi (úr jarðolíu), sýrumeðhöndluð, þung, naftensk; óhreinsuð eða lítið hreinsuð grunnolía (Flókin blanda vetniskolefna sem verður til sem hreinsunarafurð við meðhöndlun með brennisteinssýru. Hún er úr vetniskolefnum, aðallega á bilinu C_{20} til C_{50}, og myndar fullunna olíu með eigi minni seigju en $19 \cdot 10^{-6}$ $m^2 \cdot s^{-1}$ við 40 °C. Inniheldur tiltölulega lítið af ógreinóttum paraffínum.)	649-054-00-2	265-117-3	64742-18-3	
Eimi (úr jarðolíu), sýrumeðhöndluð, létt, naftensk; óhreinsuð eða lítið hreinsuð grunnolía (Flókin blanda vetniskolefna sem verður til sem hreinsunarafurð við meðhöndlun með brennisteinssýru. Hún er úr vetniskolefnum, aðallega á bilinu C_{15} til C_{30}, og myndar fullunna olíu með minni seigju en $19 \cdot 10^{-6}$ $m^2 \cdot s^{-1}$ við 40 °C. Inniheldur tiltölulega lítið af ógreinóttum paraffínum.)	649-055-00-8	265-118-9	64742-19-4	
Eimi (úr jarðolíu), sýrumeðhöndluð, þung, paraffínsk; óhreinsuð eða lítið hreinsuð grunnolía (Flókin blanda vetniskolefna sem verður til sem hreinsunarafurð við meðhöndlun með brennisteinssýru. Hún er að mestu úr mettuðum vetniskolefnum, aðallega á bilinu C_{20} til C_{50}, og myndar fullunna olíu með eigi minni seigju en $19 \cdot 10^{-6}$ $m^2 \cdot s^{-1}$ við 40 °C.)	649-056-00-3	265-119-4	64742-20-7	
Eimi (úr jarðolíu), sýrumeðhöndluð, létt, paraffínsk; óhreinsuð eða lítið hreinsuð grunnolía (Flókin blanda vetniskolefna sem verður til sem hreinsunarafurð við meðhöndlun með brennisteinssýru. Hún er að mestu úr mettuðum vetniskolefnum, aðallega á bilinu C_{15} til C_{30}, og myndar fullunna olíu með minni seigju en $19 \cdot 10^{-6}$ $m^2 \cdot s^{-1}$ við 40 °C.)	649-057-00-9	265-121-5	64742-21-8	
